ALÞINGISTÍÐINDI

2009

HUNDRAÐ ÞRÍTUGASTA OG SJÖUNDA
LÖGGJAFARÞING

B

UMRÆÐUR

Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna á vef.

ÞINGSETNINGARFUNDUR

föstudaginn 15. maí

Árið 2009, föstudaginn 15. maí, var hundrað þrítugasta og sjöunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugasta og sjötta aukaþing í röðinni en hundrað fimmtugasta og önnur samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu, anddyri Skálans, kl. 1.10 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Helga Soffía Konráðsdóttur predikaði og þjónaði fyrir altari ásamt biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni. Séra Helga Soffía lagði út af Mattheusarguðspjalli.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Atli Gíslason, 4. þm. Suðurk.
2. Álfheiður Ingadóttir, 10. þm. Reykv. n .
3. Árni Páll Árnason, 1. þm. Suðvest.
4. Árni Johnsen, 9. þm. Suðurk.
5. Árni Þór Sigurðsson, 5. þm. Reykv. n.
6. Ásbjörn Óttarsson, 1. þm. Norðvest.
7. Ásmundur Einar Daðason, 9. þm. Norðvest.
8. Ásta R. Jóhannesdóttir, 10. þm. Reykv. s.
9. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
10. Birgitta Jónsdóttir, 9. þm. Reykv. s.
11. Birkir Jón Jónsson, 2. þm. Norðaust.
12. Bjarni Benediktsson, 2. þm. Suðvest.
13. Björgvin G. Sigurðsson, 1. þm. Suðurk.
14. Björn Valur Gíslason, 8. þm. Norðaust.
15. Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
16. Eygló Harðardóttir, 7. þm. Suðurk.
17. Guðbjartur Hannesson, 3. þm. Norðvest.
18. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
19. Guðlaugur Þór Þórðarson, 5. þm. Reykv. s.
20. Guðmundur Steingrímsson, 8. þm. Norðvest.
21. Gunnar Bragi Sveinsson, 4. þm. Norðvest.
22. Helgi Hjörvar, 4. þm. Reykv. n.
23. Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Norðaust.
24. Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. n.
25. Jóhanna Sigurðardóttir, 1. þm. Reykv. n.
26. Jón Bjarnason, 2. þm. Norðvest.
27. Jón Gunnarsson, 12. þm. Suðvest.
28. Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.
29. Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Reykv. n.
30. Katrín Júlíusdóttir, 4. þm. Suðvest.
31. Kristján Þór Júlíusson, 4. þm. Norðaust.
32. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
33. Lilja Rafney Magnúsdóttir, 6. þm. Norðvest.
34. Lilja Mósesdóttir, 6. þm. Reykv. s.
35. Magnús Orri Schram, 11. þm. Suðvest.
36. Margrét Tryggvadóttir, 10. þm. Suðurk.
37. Oddný G. Harðardóttir, 5. þm. Suðurk.
38. Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.
39. Ólöf Nordal, 2. þm. Reykv. s.
40. Pétur H. Blöndal, 7. þm. Reykv. n.
41. Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Suðurk.
42. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Suðvest.
43. Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.
44. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 8. þm. Reykv. n.
45. Sigmundur Ernir Rúnarsson, 7. þm. Norðaust.
46. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, 4. þm. Reykv. s.
47. Sigurður Ingi Jóhannsson, 3. þm. Suðurk.
48. Siv Friðleifsdóttir, 6. þm. Suðvest.
49. Skúli Helgason, 7. þm. Reykv. s.
50. Steingrímur J. Sigfússon, 1. þm. Norðaust.
51. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 11. þm. Reykv. n.
52. Svandís Svavarsdóttir, 3. þm. Reykv. s.
53. Tryggvi Þór Herbertsson, 9. þm. Norðaust.
54. Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. þm. Suðurk.
55. Valgerður Bjarnadóttir, 6. þm. Reykv. n.
56. Vigdís Hauksdóttir, 8. þm. Reykv. s.
57. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Suðvest.
58. Þór Saari, 9. þm. Suðvest.
59. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
60. Þráinn Bertelsson, 9. þm. Reykv. n.
61. Þuríður Backman, 5. þm. Norðaust.
62. Ögmundur Jónasson, 10. þm. Suðvest.
63. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. s.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:17]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 10. maí 2009 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 15. maí 2009.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni er hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman föstudaginn 15. maí 2009.“

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég því yfir að Alþingi Íslendinga er sett.

Það kemur nú saman í fyrsta sinn eftir að þjóðin hefur kveðið upp sinn dóm, vegið og metið stefnur og strauma, málflutning og fyrirheit. Kosningarnar fela í sér að umboð er veitt; alþingismönnum falinn æðsti trúnaður sem hugsjónin um lýðræðið hefur helgað: að fara um sinn með valdið sem íslensk stjórnskipun kveður þó á um að hvíli áfram hjá þjóðinni sjálfri.

Í kjölfar bankahrunsins og áfalla í efnahagslífi, tíðra mótmæla á Austurvelli og átaka hér við Alþingishúsið var í byrjun febrúar mynduð ríkisstjórn til bráðabirgða og um leið ákveðið að leita til þjóðarinnar, treysta því að dómstóllinn sem hin lýðræðislega stjórnskipun Íslendinga byggir á, fólkið í landinu, mundi vísa veginn.

Aldrei fyrr hefur alþingiskosningar borið að með slíkum hætti og mikilvægt að geta nú fagnað því að þjóðin tók af öryggi og festu valdið sem henni bar í sínar hendur. Það sýnir styrk lýðræðisins meðal okkar og rætur þess í hugum fólksins, hefðum og siðum sem allir virða.

Þótt eðlilega sýnist sitt hverjum um úrslitin hlýtur sérhver Íslendingur, og þá jafnframt þingheimur í þessum sal, að þakka fyrir þá forsjá fyrri kynslóða að hafa mótað hér stjórnskipun og lýðræðislegt samfélag sem stóðst hina miklu þolraun, liðaðist ekki í sundur vegna átaka og erfiðleika sem sagan sýnir að lamað hafa ýmis ríki.

Alþingi er elsta stofnun Íslendinga, eldri en kirkjan, hin kristna trú í landi okkar, fylgdi þjóðinni um aldir áþjánar og konungdæmis, varð helsti vettvangur baráttunnar fyrir sjálfstæði og síðar ákvarðana sem skiluðu þjóðinni úr fátækt til framfara, festu í sessi velferðarskipan, réttindi til menntunar og umönnunar sem nú eru burðarásar í samfélagslegum vörnum okkar.

Þingræði er í senn samgróið lýðræðisskilningi Íslendinga og sú stjórnskipun sem þjóðir Evrópu hafa kosið sér, bæði þær sem lengi hafa stjórnað eigin málum og eins hinar sem nýlega fögnuðu fullu frelsi.

Alþingi ber í sér samhengið í íslenskri sögu, frá þjóðveldistíð til okkar daga, og vitnisburð um að á síðari öldum hefur þjóðin talið vænlegast að fylgja þeirri stjórnskipun sem er helsta framlag Evrópu til lýðræðis í heimsbyggðinni.

Því er í senn heiður og ábyrgð að taka hér sæti.

Í umræðum um breytingar á stjórnskipun ber að huga vel að sögu Íslendinga, ekki bara nýliðinni heldur einnig aldanna rás, og líka að hinum evrópsku þingræðishefðum, meta hvers vegna álfan sem við tilheyrum hefur kosið sér slíkt lýðræðisform.

Þá er einnig gagnlegt að ræða niðurstöður víðtækra rannsókna í ýmsum fræðigreinum sem á undanförnum áratugum hafa sýnt að siðir og venjur, skipulag og starfshættir stjórnmálaflokka, félagasamtaka og fjölmiðla skipta sköpum fyrir virkni og trúverðugleika lýðræðis. Það sem stundum er nefnt hin stjórnmálalega siðmenning getur ekki síður en einstök ákvæði stjórnarskrár ráðið úrslitum um farsælt og árangursríkt stjórnarfar.

Allt þetta verðum við að hafa í huga þegar svarað er kalli um nýja tíma, þegar glíman við efnahagslega erfiðleika er tengd umræðum um stjórnarskrá.

Þótt margt megi sannarlega bæta í stjórnskipun landsins blasir engu að síður við sú staðreynd að stjórnarskráin sem þjóðin samþykkti við lýðveldisstofnun dugði vel þegar mest á reyndi. Þjóðinni var fært það vald sem hún kallaði eftir, alþingiskosningar fóru fram, ríkisstjórn með meiri hluta að baki sér kemur til hins nýja þings og víðtækari breytingar hafa orðið á löggjafarstofnuninni en nokkru sinni á lýðveldistíma.

Alþingis bíða síðan erfiðari verkefni en oftast áður, endurreisn fjármálakerfis, atvinnulífs og heimilanna, að tryggja velferð þúsundanna sem glíma nú við atvinnuleysi, tekjutap og eignamissi, að efla umsvifin í byggðum landsins, allt sem til heilbrigðra framfara horfir.

Þótt margir búi við erfiðleika setur baráttuandi svipmót á hundruð vinnustaða til sjávar og sveita, bæði í nýjum og hefðbundnum greinum. Viðspyrnu er sem betur fer víða að finna, tækifærin ærið mörg til öflugrar sóknar.

Með þjóðinni býr mikill kraftur og því áríðandi að Alþingi veiti þá forustu sem kallað er eftir, láti ekki ágreining koma í veg fyrir að við náum að virkja þjóðarvilja og sækja saman fram til betri tíma.

Á komandi árum þurfum við Íslendingar ríkulega á samstöðu að halda og ég heiti á nýkjörna alþingismenn að hafa þjóðarheill í huga, einkum nú þegar saman fara glíman við kreppu efnahagslífsins, krafan um endurskoðun stjórnskipunar og áformin um að leita samninga um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Hvert þessara verkefna er ærin þraut en þegar þau koma öll saman getur vandinn orðið meiri en Alþingi hefur áður kynnst.

Því er brýnt að sérhver þingmaður hafi í krafti trúnaðarins, umboðsins sem þjóðin veitti, ávallt hugfast að á hinum nýju tímum þarf að efla samstöðu Íslendinga, varðveita þá einingu sem er forsenda árangurs.

Slíkum vegvísi er á engan hátt auðvelt að fylgja en við höfum heldur aldrei fyrr verið í þessum sporum.

Enn eru hér alþingismenn sem kynntust því á yngri árum hvernig ágreiningur um tengslin við önnur ríki klauf þjóðina í herðar niður, sundraði samstöðu á örlagastundum.

Allir vita að umræðan um aðild Íslands að Evrópusambandinu getur orðið, ef illa tekst til, efniviður í slíkan klofning og því þarf öll meðferð málsins að vera með þeim hætti að sem flestir verði sáttir.

Rökin bæði með og á móti eru svo efnisrík að sérhverjum ber að virða málflutning hinna, gæta hófs, viðurkenna að málið snertir svo sögu, sjálfsvitund og framtíðarsýn Íslendinga að strengir röksemda og heitra kennda munu ætíð hljóma í senn.

Við þurfum öll að hafa í huga, hvaða stöðu sem við gegnum eða hver sem afstaðan er til aðildar, að í þessum efnum er það þjóðin sem ræður. Okkar skylda er fyrst og fremst að búa málið vel í hennar dóm, að forðast eftir fremsta megni að úrslitin skilji eftir djúpstæða gjá.

Á þessum sögulegu tímamótum hvílir einstæð ábyrgð á herðum alþingismanna. Ég óska þingheimi öllum farsældar í vandasömum ákvörðunum, heilla í sérhverju verki, býð þingmenn sem kjörnir hafa verið í fyrsta sinn velkomna hér til starfa og flyt um leið þeim sem hurfu af þingi þakkir fyrir framlag þeirra.

Með þessum orðum bið ég þingheim að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og forsætisráðherra, **Jóhanna Sigurðardóttir,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem

lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Jóhönnu Sigurðardóttur, 1. þm. Reykv. n., að ganga til forsetastóls.

[Strengjakvartett flutti lagið *Hver á sér fegra föðurland* .]

Ávarp aldursforseta.

[14:33]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég býð alla hv. alþingismenn, sem kjörnir voru í alþingiskosningunum 25. apríl 2009, velkomna til starfa á Alþingi. Sérstaklega býð ég velkomna nýkjörna alþingismenn sem ekki áttu hér fast sæti þegar Alþingi lauk störfum í aprílmánuði síðastliðnum. Ég vil láta í ljós þá von að störf þessa nýkjörna þings verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

Kosning kjörbréfanefndar.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Helgi Hjörvar (A),
Birgir Ármannsson (B),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (A),
Vigdís Hauksdóttir (B),
Álfheiður Ingadóttir (A),
Ólöf Nordal (B),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (A),
Margrét Tryggvadóttir (A).

Fundi slitið kl. 14:33.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

föstudaginn 15. maí,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
3. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna.
   b. Efnahags- og skattanefnd, 9 manna.
   c. Félags- og tryggingamálanefnd, 9 manna.
   d. Fjárlaganefnd, 11 manna.
   e. Heilbrigðisnefnd, 9 manna.
   f. Iðnaðarnefnd, 9 manna.
   g. Menntamálanefnd, 9 manna.
   h. Samgöngunefnd, 9 manna.
   i. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, 9 manna.
   j. Umhverfisnefnd, 9 manna.
   k. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
   l. Viðskiptanefnd, 9 manna.
4. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.
   a. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   b. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   c. Íslandsdeild EFTA, 5 manna og 5 varamanna.
   d. Íslandsdeild NATO-þingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   e. Íslandsdeild Norðurlandaráðs, 7 manna og 7 varamanna.
   f. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, 6 manna og 6 varamanna.
   g. Íslandsdeild Vestur-Evrópuþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   h. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, 3 manna og 3 varamanna.
   i. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál, 3 manna og 3 varamanna.
5. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Rannsókn kjörbréfa.

Kjörbréfanefnd athugaði kjörbréf þau sem landskjörstjórn gaf út 4. maí 2009 í samræmi við úrslit alþingiskosninga sem fram fóru 25. apríl sl. Nefndinni barst bréf frá dómsmálaráðuneytinu, dags. 7. maí sl. Bréfinu fylgdu í lokuðu umslagi sjö ágreiningsseðlar ásamt endurriti úr gerðabók yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður. Bréfi dómsmálaráðuneytisins fylgdi einnig í innsigluðu umslagi eitt utankjörfundaratkvæði sem yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis úrskurðaði ógilt við talningu á kjördegi ásamt endurriti úr gerðabók yfirkjörstjórnar.

Nefndin lagði til í samræmi við 46. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 1. gr., samanber 5. gr. laga um þingsköp Alþingis, að kjörbréf aðalmanna og varamanna yrðu samþykkt.

Kjörbréf eftirfarandi aðalmanna og varamanna voru þar með samþykkt:

Aðalmenn:
Ásbjörn Óttarsson, 1. þm. Nv.
Jón Bjarnason, 2. þm. Nv.
Guðbjartur Hannesson, 3. þm. Nv.
Gunnar Bragi Sveinsson, 4. þm. Nv.
Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Nv.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, 6. þm. Nv.
Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Nv.
Guðmundur Steingrímsson, 8. þm. Nv.
Ásmundur Einar Daðason, 9. þm. Nv.

Steingrímur J. Sigfússon, 1. þm. Na.
Birkir Jón Jónsson, 2. þm. Na.
Kristján L. Möller, 3. þm. Na.
Kristján Þór Júlíusson, 4. þm. Na.
Þuríður Backman, 5. þm. Na.
Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Na.
Sigmundur Ernir Rúnarsson, 7. þm. Na.
Björn Valur Gíslason, 8. þm. Na.
Tryggvi Þór Herbertsson, 9. þm. Na.
Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Na.

Björgvin G. Sigurðsson, 1. þm. Su.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Su.
Sigurður Ingi Jóhannsson, 3. þm. Su.
Atli Gíslason, 4. þm. Su.
Oddný G. Harðardóttir, 5. þm. Su.
Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. þm. Su.
Eygló Harðardóttir, 7. þm. Su.
Róbert Marshall, 8. þm. Su.
Árni Johnsen, 9. þm. Su.
Margrét Tryggvadóttir, 10. þm. Su.

Árni Páll Árnason, 1. þm. Sv.
Bjarni Benediktsson, 2. þm. Sv.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Sv.
Katrín Júlíusdóttir, 4. þm. Sv.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Sv.
Siv Friðleifsdóttir, 6. þm. Sv.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Sv.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Sv.
Þór Saari, 9. þm. Sv.
Ögmundur Jónasson, 10. þm. Sv.
Magnús Orri Schram, 11. þm. Sv.
Jón Gunnarsson, 12. þm. Sv.

Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Rs.
Ólöf Nordal, 2. þm. Rs.
Svandís Svavarsdóttir, 3. þm. Rs.
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, 4. þm. Rs.
Guðlaugur Þór Þórðarson, 5. þm. Rs.
Lilja Mósesdóttir, 6. þm. Rs.
Skúli Helgason, 7. þm. Rs.
Vigdís Hauksdóttir, 8. þm. Rs.
Birgitta Jónsdóttir, 9. þm. Rs.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 10. þm. Rs.
Birgir Ármannsson, 11. þm. Rs.

Jóhanna Sigurðardóttir, 1. þm. Rn.
Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Rn.
Illugi Gunnarsson, 3. þm. Rn.
Helgi Hjörvar, 4. þm. Rn.
Árni Þór Sigurðsson, 5. þm. Rn.
Valgerður Bjarnadóttir, 6. þm. Rn.
Pétur H. Blöndal, 7. þm. Rn.
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 8. þm. Rn.
Þráinn Bertelsson, 9. þm. Rn.
Álfheiður Ingadóttir, 10. þm. Rn.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 11. þm. Rn.

Varamenn:
Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, 1. vþm. Framsfl. í Nv.
Elín R. Líndal, 2. vþm. Framsfl. í Nv.
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Nv.
Birna Lárusdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Nv.
Arna Lára Jónsdóttir, 1. vþm. Samf. í Nv.
Þórður Már Jónsson, 2. vþm. Samf. í Nv.
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Nv.
Telma Magnúsdóttir, 2. vþm. Vinstri gr. í Nv.
Grímur Atlason, 3. vþm. Vinstri gr. í Nv.

Huld Aðalbjarnardóttir, 1. vþm. Framsfl. í Na.
Sigfús Karlsson, 2. vþm. Framsfl. í Na.
Arnbjörg Sveinsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Na.
Björn Ingimarsson, 2. vþm. Sjálfstfl. í Na.
Logi Már Einarsson, 1. vþm. Samf. í Na.
Helena Þ. Karlsdóttir, 2. vþm. Samf. í Na.
Örlygur Hnefill Jónsson, 3. vþm. Samf. í Na.
Bjarkey Gunnarsdóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Na.
Þorsteinn Bergsson, 2. vþm. Vinstri gr. í Na.
Dýrleif Skjóldal, 3. vþm. Vinstri gr. í Na.

Birgir Þórarinsson, 1. vþm. Framsfl. í Su.
Bryndís Gunnlaugsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Su.
Íris Róbertsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Su.
Kjartan Ólafsson, 2. vþm. Sjálfstfl. í Su.
Vilhjálmur Árnason, 3. vþm. Sjálfstfl. í Su.
Jón Kr. Arnarson, 1. vþm. Bhr. í Su.
Anna Margrét Guðjónsdóttir, 1. vþm. Samf. í Su.
Guðrún Erlingsdóttir, 2. vþm. Samf. í Su.
Þóra Þórarinsdóttir, 3. vþm. Samf. í Su.
Arndís Soffía Sigurðardóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Su.

Helga Sigrún Harðardóttir, 1. vþm. Framsfl. í Sv.
Óli Björn Kárason, 1. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Rósa Guðbjartsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Víðir Smári Petersen, 3. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Eva Magnúsdóttir, 4. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Valgeir Skagfjörð, 1. vþm. Bhr. í Sv.
Lúðvík Geirsson, 1. vþm. Samf. í Sv.
Magnús M. Norðdahl, 2. vþm. Samf. í Sv.
Amal Tamimi, 3. vþm. Samf. í Sv.
Sara Dögg Jónsdóttir, 4. vþm. Samf. í Sv.
Ólafur Þór Gunnarsson, 1. vþm. Vinstri gr. í Sv.
Margrét Pétursdóttir, 2. vþm. Vinstri gr. í Sv.

Einar Skúlason, 1. vþm. Framsfl. í Rs.
Erla Ósk Ásgeirsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Rs.
Sigríður Ásthildur Andersen, 2. vþm. Sjálfstfl. í Rs.
Gréta Ingþórsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Rs.
Baldvin Jónsson, 1. vþm. Bhr. í Rs.
Anna Pála Sverrisdóttir, 1. vþm. Samf. í Rs.
Dofri Hermannsson, 2. vþm. Samf. í Rs.
Margrét Kristmannsdóttir, 3. vþm. Samf. í Rs.

Margrét Sverrisdóttir, 4. vþm. Samf. í Rs.
Kolbrún Halldórsdóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Rs.
Ari Matthíasson, 2. vþm. Vinstri gr. í Rs.

Ásta Rut Jónasdóttir, 1. vþm. Framsfl. í Rn.
Sigurður Kári Kristjánsson, 1. vþm. Sjálfstfl. í Rn.
Ásta Möller, 2. vþm. Sjálfstfl. í Rn.
Katrín Snæhólm Baldursdóttir, 1. vþm. Bhr. í Rn.
Mörður Árnason, 1. vþm. Samf. í Rn.
Baldur Þórhallsson, 2. vþm. Samf. í Rn.
Sigríður Arnardóttir, 3. vþm. Samf. í Rn.
Pétur Georg Markan, 4. vþm. Samf. í Rn.
Auður Lilja Erlingsdóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Rn.
Davíð Stefánsson, 2. vþm. Vinstri gr. í Rn.
Anna Ólafsdóttir Björnsson, 3. vþm. Vinstri gr. í Rn.

[16:00]

Frsm. kjörbn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd fundaði á meðan hléi stóð og álit nefndarinnar og tillögum hefur verið dreift á fundinum.

Nefndin fór yfir kjörbréf þau sem landskjörstjórn gaf út hinn 4. maí sl. í framhaldi af alþingiskosningum þeim sem fram fóru hinn 25. apríl sl.

Enn fremur tók nefndin til umfjöllunar bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 7. maí sl., en því fylgdu ágreiningsseðlar úr tveimur kjördæmum, Reykjavíkurkjördæmi suður og úr Suðurkjördæmi í lokuðu umslagi. Var þar um að ræða 7 ágreiningsseðla úr Reykv. s. og höfðu tveir þeirra verið úrskurðaðir ógildir en fimm gildir. Þeir seðlar sem úrskurðaðir höfðu verið ógildir voru með líkum hætti. Á öðrum þeirra hafi fyrst verið krossað við tiltekinn framboðslista en það síðan að mestu strokað út og merkt við annan skýrlega. Í hinu tilfellinu hafði verið reynt að strika yfir fyrri krossinn og krossa síðan skýrlega við annan listabókstaf.

Þrír seðlar merktir listanum S voru þannig að á tveimur þeirra var gerður hringur um nöfn tiltekinna frambjóðenda en vilji kjósenda að öðru leyti skýr og höfðu þau verið úrskurðuð gild. Á öðrum þeirra var krossað við nöfn allra frambjóðenda á S-listanum utan eins en ekki við listabókstafinn sjálfan.

Þá voru tvö atkvæði, annars vegar þar sem eins og af gömlum vana hafði utankjörfundaratkvæði verið skrifaður listabókstafurinn G en síðan strikað skýrlega yfir hann og skrifað skýrt og greinilega V. Þá var annað utankjörfundaratkvæði þar sem var stimplaður á listabókstafur Framsóknarflokksins og nafn efsta manns í kjördæminu síðan skrifað á seðilinn og jafnframt strikað yfir það.

Þessum seðlum fylgdi endurrit úr gerðabók yfirkjörstjórnar og sömuleiðis þeim eina seðli sem kom úr Suðurkjördæmi en það var utankjörfundarseðill sem dæmdur hafði verið ógildur og háttaði þannig til að þar var skrifaður listabókstafurinn U sem, eins og þingmenn vita, var áður bókstafur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Því miður hefur við framkvæmd kosninga, einkum utankjörfundarkosninga nokkrum sinnum borið á því að upplýsingar með þeim staf sé enn þá að finna á kjörstöðum og því er um kunnugleg mistök að ræða.

Það varð niðurstaða kjörbréfanefndar að öll þessi átta atkvæði skyldu úrskurðast gild á grundvelli 100. gr. laga um kosningu til Alþingis, samanber 101. gr. enda vilji kjósenda skýr í samræmi við ákvæði þessara laga, nr. 24/2000.

Nefndin hefur gengið úr skugga um að atkvæði munu ekki hafa áhrif á úrslit kosninganna en það leiðir til þess að Sjálfstæðisflokkurinn, D-listinn í Reykv. s. fær tveimur atkvæðum meira en listi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, V-listinn í Suðurkjördæmi einu atkvæði.

Þá tók nefndin fyrir kæru vegna kosninganna samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 1. maí sl., grundvallaður 118.–120. gr. laga nr. 24/2000. Í kæru þeirra er krafist ógildingar á kosningu allra frambjóðenda á öllum framboðslistum í öllum kjördæmum í alþingiskosningunum 25. apríl sl. sem kosningu hlutu og er hún reist á því sjónarmiði að í 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem jafnræði manna er tryggt að gengið sé gegn henni eftir misvægi atkvæða eftir kjördæmum og því eigi að úrskurða kosningarnar í heild sinni ólögmætar.

Í 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að verði misvægi meira en svo að nemi meira en helmingi skuli landskjörstjórn breyta þingmannafjölda kjördæma þannig að ekki sé farið yfir þau mörk. Í ljósi þess lítur nefndin svo á að stjórnarskrárgjafinn sjálfur hafi heimilað ákveðið misvægi og sérákvæði þetta gangi því framar 65. gr. Því séu ekki rök eða lagalegar forsendur til þess að úrskurða kosningarnar ólögmætar en nefndarmenn voru einróma um mikilvægi þess að jafna atkvæðisrétt í landinu.

Hv. þm. Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Borgarahreyfingarinnar, ritar á álitið með fyrirvara og lýsir þar sig sammála í meginatriðum efni nefndrar kæru og sé það mannréttindabrot, það misvægi sem hún sem kjósandi í Suðvesturkjördæmi megi við núverandi skipan þola.

Á grundvelli 46. gr. stjórnarskrárinnar, í samræmi við hana og í samræmi við 5. mgr. 1. gr. og jafnframt 5. gr. laga um þingsköp Alþingis leggur því kjörbréfanefnd til að kjörbréf þau sem til umfjöllunar voru verði samþykkt og kosningarnar gildar. Fyrir þá aðalmenn og varamenn á Alþingi sem á eftir koma og sjá menn af álitinu þann lista yfir kjörna alþingismenn og varaþingmenn sem þar fylgir en sá sem hér stendur treystir sér ekki til að leggja á minnið allan þann fjölda nafna en biður hv. þingmenn um að líta yfir listann sjálfir. Álit þetta og tillögur eru gerðar á fundi nefndarinnar í Reykjavík 15. maí 2009.

[16:08]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Það er tillaga kjörbréfanefndar að kosningin sé talin gild svo og kjörgengi þingmanna og kjörbréf allra alþingismanna, svo og kjörbréf jafnmargra varamanna sem landskjörstjórn gaf út að loknum alþingiskosningum 25. apríl sl. sé samþykkt. Ég ber því í einu lagi upp kjörbréfin öll, þ.e. kjörbréf aðalmanna og varamanna sem fram koma í áliti kjörbréfanefndar og skoðast þau samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Drengskaparheit unnin.

[16:08]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Samkvæmt 2. gr. þingskapa ber þeim alþingismönnum sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Af hinum 27 nýkjörnu alþingismönnum hafa 7 áður setið á Alþingi sem varaþingmenn. 20 nýir þingmenn undirrita drengskaparheit á þessum fundi en þeir eru: Ásbjörn Óttarsson, Ásmundur Einar Daðason, Birgitta Jónsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Oddný G. Harðardóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Skúli Helgason, Svandís Svavarsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þór Saari og Þráinn Bertelsson.

Ég vil biðja skrifstofustjóra að færa þingmönnum heitstafinn til undirritunar.

[20 þingmenn undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[16:16]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Þeir hv. alþingismenn sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn hafa undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég vil bjóða þá alla sérstaklega velkomna til starfa á Alþingi.

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[16:17]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Mér hefur borist ein tilnefning, um 10. þm. Reykv. s., Ástu R. Jóhannesdóttur. Eru aðrar tilnefningar?

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Ásta R. Jóhannesdóttir er því ein í kjöri.

Þar sem aðeins einn er í kjöri er það ætlun forseta að láta kosninguna fara fram með atkvæðagreiðslukerfinu ef ekki eru athugasemdir við þann hátt á kosningunni. Kerfið er þannig stillt að jafna má við leynilega kosningu. Töflurnar á veggjum munu aðeins sýna hverjir hafa neytt atkvæðisréttar síns en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um geymsluminni tölvunnar. Þeir sem kjósa Ástu R. Jóhannesdóttur ýti á já-hnappinn en þeir sem skila vilja auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt, sama á hvorn hnappinn er ýtt, og eins kviknar aðeins gult ljós á veggtöflunni. Hefst nú kosningin.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Ásta R. Jóhannesdóttir** , 10. þm. Reykv. s., hlaut 59 atkvæði, 3 þingmenn greiddu ekki atkvæði og einn var fjarverandi.]

[16:18]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Samkvæmt þessu er Ásta R. Jóhannesdóttir, hv. 10. þm. Reykv. s., rétt kjörin forseti Alþingis. Ég óska henni til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hana að taka við fundarstjórn.

Ávarp forseta.

[16:19]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Háttvirtir alþingismenn. Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, árnaðaróskir í minn garð og alþingismönnum það traust sem þeir sýna mér með því að kjósa mig forseta Alþingis. Þetta traust met ég mjög mikils og mun leggja mig fram um að eiga gott samstarf við alla alþingismenn. Ég vænti einnig góðs samstarfs við hið ágæta starfsfólk Alþingis.

Ég býð alla alþingismenn velkomna til starfa á 137. löggjafarþing. Sérstakar hamingjuóskir færi ég þeim alþingismönnum sem nú setjast á þing í fyrsta sinn og bið þeim velfarnaðar í störfum. Að þessu sinni eru nýir alþingismenn fleiri en nokkru sinni áður, alls 27. Þegar við lítum svo til þess að 15 þeirra þingmanna, sem kjörnir voru í fyrsta sinn til Alþingis vorið 2007, voru endurkjörnir nú er ljóst að góður meiri hluti þingmanna hefur tveggja ára þingreynslu eða skemmri. Þetta skapar sérstakar aðstæður. Í slíkri endurnýjun felast mörg tækifæri til breytinga, en mestu skiptir þó í því sambandi að þær breytingar séu til bóta.

Þetta þing er sérstakt fyrir fleira en mikla endurnýjun. Við fögnum því nú að konur hafa aldrei verið fleiri á Alþingi. Þær eru 27, um 43% þingmanna. Konur hafa rofið 35% múrinn og brotist gegnum glerþakið á Alþingi. Þetta er stór áfangi fyrir íslenskar konur og óska ég þeim og okkur öllum til hamingju með þennan mikla árangur. Ég vil þó minna á að áfangi sem þessi er ekki sjálfgefinn og ekki má sofna á verðinum í jafnréttisbaráttunni til að halda honum. Það hefur reynslan kennt okkur. Alþingi Íslendinga skipar sér nú í sveit með þeim þjóðþingum þar sem hlutur kvenna er hvað bestur, Alþingi er þar í 4. sæti.

Ég vil einnig óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar í störfum, enda bíða hennar og reyndar okkar allra sem hér störfum erfið verkefni. Sérstaklega óska ég þeim þingmönnum sem stíga nú sín fyrstu spor í ráðherraembætti allra heilla.

Þegar áföll verða af þeirri stærðargráðu sem samfélag okkar hefur mátt þola þarf engan að undra þótt traust á helstu stofnunum samfélagsins bíði hnekki og er Alþingi þar ekki undanskilið. Ég lít því svo á að eitt af mikilvægustu verkefnum okkar verði að endurvinna traust landsmanna til Alþingis sem stofnunar og til okkar sem fulltrúa þeirra. Þar þurfum við öll að leggjast á eitt.

Sem þingforseti mun ég gera mér far um að ýtrustu hagkvæmni verði gætt í öllum rekstri þingsins, enda hefur þrengt að honum.

Við þessar erfiðu aðstæður er jafnframt mikilvægt að við alþingismenn hefjum okkur yfir flokkadrætti og náum víðtækri samstöðu um þær nauðsynlegu ráðstafanir sem verður að gera til að endurreisa samfélag okkar og tryggja

að við getum búið við þá velferð sem við viljum skapa landsmönnum.

Í því mikla umróti sem orðið hefur í þjóðfélagi okkar í kjölfar bankahrunsins hefur verið sterk krafa um aukið gegnsæi á öllum sviðum. Slíkt er eðlilegt og hefur Alþingi m.a. brugðist við þessu með því að samþykkja reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum þeirra utan þings.

Sérfræðinganefnd starfar á vegum forsætisnefndar Alþingis að því að gera úttekt á öllum þeim þáttum er varða eftirlit Alþingis með stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins. Ég vænti þess að sú nefnd skili okkur skýrslu síðar í sumar. Áþreifanlegt vitni um aukna áherslu á eftirlitsþátt þingsins eru opnir nefndafundir sem hófust í fyrrahaust. Ég hef mikinn áhuga á því að efla þennan þátt í störfum Alþingis, enda geta slíkir fundir stuðlað að því að styrkja eftirlitshlutverk þess.

Á undanförnum árum hafa ýmsar breytingar verið gerðar á starfsháttum Alþingis í því skyni að gera þingið að fjölskylduvænni vinnustað, vinnustað þar sem ætlast er til sams konar vinnulags og almennt tíðkast í þjóðfélaginu. Ég tel mikilvægt að vinna áfram á þessari braut og hyggst beita mér fyrir því að þingflokkarnir skipi nú þegar vinnuhóp til að endurskoða vinnuskipulag og fundartíma Alþingis. Hópurinn skili tillögum til mín og forsætisnefndar Alþingis síðar í sumar, þ.e. fyrir haustþing.

Ég endurtek að lokum þakkir til þingheims fyrir að fela mér embætti forseta Alþingis. Það er von mín að ég megi eiga gott samstarf við alla hv. þingmenn.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Ragnheiður Ríkharðsdóttir (B),
2. varaforseti: Þuríður Backman (A),
3. varaforseti: Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
4. varaforseti: Siv Friðleifsdóttir (B),
5. varaforseti: Álfheiður Ingadóttir (A),
6. varaforseti: Unnur Brá Konráðsdóttir (B).

[16:25]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundarstörfin og önnur verkefni forsætisnefndar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu fastanefnda komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Allsherjarnefnd:
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Birgir Ármannsson (B),
Atli Gíslason (A),
Valgerður Bjarnadóttir (A),
Vigdís Hauksdóttir (B),
Ásmundur Einar Daðason (A),
Ólöf Nordal (B),
Róbert Marshall (A),
Þráinn Bertelsson (A).

Efnahags- og skattanefnd:
Helgi Hjörvar (A),
Tryggvi Þór Herbertsson (B),
Lilja Mósesdóttir (A),
Magnús Orri Schram (A),
Birkir Jón Jónsson (B),
Álfheiður Ingadóttir (A),
Pétur H. Blöndal (B),
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (A),
Þór Saari (A).

Félags- og tryggingamálanefnd:
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (A),
Pétur H. Blöndal (B),
Lilja Mósesdóttir (A),
Guðbjartur Hannesson (A),
Guðmundur Steingrímsson (B),
Lilja Rafney Magnúsdóttir (A),
Jón Gunnarsson (B),
Ólína Þorvarðardóttir (A),
Þuríður Backman (A).

Fjárlaganefnd:
Guðbjartur Hannesson (A),
Kristján Þór Júlíusson (B),
Björn Valur Gíslason (A),
Ásmundur Einar Daðason (A),
Höskuldur Þórhallsson (B),
Sigmundur Ernir Rúnarsson (A),
Ásbjörn Óttarsson (B),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Skúli Helgason (A),
Ólöf Nordal (B),
Þór Saari (A).

Heilbrigðisnefnd:
Sigmundur Ernir Rúnarsson (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (B),
Þuríður Backman (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (A),
Siv Friðleifsdóttir (B),
Lilja Rafney Magnúsdóttir (A),
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (B),
Valgerður Bjarnadóttir (A),
Oddný G. Harðardóttir (A).

Iðnaðarnefnd:
Skúli Helgason (A),
Unnur Brá Konráðsdóttir (B),
Álfheiður Ingadóttir (A),

Jónína Rós Guðmundsdóttir (A),
Gunnar Bragi Sveinsson (B),
Lilja Rafney Magnúsdóttir (A),
Tryggvi Þór Herbertsson (B),
Sigmundur Ernir Rúnarsson (A),
Margrét Tryggvadóttir (A).

Menntamálanefnd:
Oddný G. Harðardóttir (A),
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (B),
Ásmundur Einar Daðason (A),
Jónína Rós Guðmundsdóttir (A),
Eygló Harðardóttir (B),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Unnur Brá Konráðsdóttir (B),
Skúli Helgason (A),
Margrét Tryggvadóttir (A).

Samgöngunefnd:
Róbert Marshall (A),
Árni Johnsen (B),
Björn Valur Gíslason (A),
Ólína Þorvarðardóttir (A),
Guðmundur Steingrímsson (B),
Lilja Rafney Magnúsdóttir (A),
Ásbjörn Óttarsson (B),
Oddný G. Harðardóttir (A),
Magnús Orri Schram (A).

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd:
Ólína Þorvarðardóttir (A),
Einar K. Guðfinnsson (B),
Atli Gíslason (A),
Helgi Hjörvar (A),
Sigurður Ingi Jóhannsson (B),
Björn Valur Gíslason (A),
Jón Gunnarsson (B),
Róbert Marshall (A),
Ásmundur Einar Daðason (A).

Umhverfisnefnd:
Þórunn Sveinbjarnardóttir (A),
Birgir Ármannsson (B),
Atli Gíslason (A),
Magnús Orri Schram (A),
Vigdís Hauksdóttir (B),
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (A),
Kristján Þór Júlíusson (B),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Birgitta Jónsdóttir (A).

Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Valgerður Bjarnadóttir (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Helgi Hjörvar (A),
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (B),
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (A),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (B),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (A),
Birgitta Jónsdóttir (A).

Varamenn:
Björgvin G. Sigurðsson (A),
Ragnheiður E. Árnadóttir (B),
Álfheiður Ingadóttir (A),
Sigmundur Ernir Rúnarsson (A),
Gunnar Bragi Sveinsson (B),
Atli Gíslason (A),
Illugi Gunnarsson (B),
Skúli Helgason (A),
Margrét Tryggvadóttir (A).

Viðskiptanefnd:
Magnús Orri Schram (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (B),
Álfheiður Ingadóttir (A),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Eygló Harðardóttir (B),
Lilja Mósesdóttir (A),
Ragnheiður E. Árnadóttir (B),
Jónína Rós Guðmundsdóttir (A),
Margrét Tryggvadóttir (A).

Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.

Forseti lagði til að kosningu í Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins yrði frestað.

Við kosningu annarra alþjóðanefnda komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:
Aðalmenn:
Guðbjartur Hannesson (A),
Einar K. Guðfinnsson (B),
Þuríður Backman (A).

Varamenn:
Þórunn Sveinbjarnardóttir (A),
Ólöf Nordal (B),
Atli Gíslason (A).

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:
Aðalmenn:
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Birkir Jón Jónsson (B),
Lilja Mósesdóttir (A).

Varamenn:
Magnús Orri Schram (A),
Eygló Harðardóttir (B),
Þuríður Backman (A).

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:
Aðalmenn:
Valgerður Bjarnadóttir (A),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (B),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Jónína Rós Guðmundsdóttir (A),
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (B).

Varamenn:
Skúli Helgason (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (B),
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (A),
Björgvin G. Sigurðsson (A),
Vigdís Hauksdóttir (B).

Íslandsdeild NATO-þingsins:
Aðalmenn:
Björgvin G. Sigurðsson (A),
Ragnheiður E. Árnadóttir (B),
Birgitta Jónsdóttir (A).

Varamenn:
Skúli Helgason (A),
Birgir Ármannsson (B),
Ólína Þorvarðardóttir (A).

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:
Aðalmenn:
Helgi Hjörvar (A),
Illugi Gunnarsson (B),
Álfheiður Ingadóttir (A),
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (A),
Siv Friðleifsdóttir (B),
Ásmundur Einar Daðason (A),
Bjarni Benediktsson (B).

Varamenn:
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (B),
Árni Þór Sigurðsson (A),
Margrét Tryggvadóttir (A),
Guðmundur Steingrímsson (B),
Lilja Rafney Magnúsdóttir (A),
Jón Gunnarsson (B).

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:
Aðalmenn:
Ólína Þorvarðardóttir (A),
Árni Johnsen (B),
Atli Gíslason (A),
Lilja Rafney Magnúsdóttir (A),
Sigurður Ingi Jóhannsson (B),
Þráinn Bertelsson (A).

Varamenn:
Sigmundur Ernir Rúnarsson (A),
Ásbjörn Óttarsson (B),
Björn Valur Gíslason (A),
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (A),
Höskuldur Þórhallsson (B),
Ásmundur Einar Daðason (A).

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:
Aðalmenn:
Róbert Marshall (A),
Pétur H. Blöndal (B),
Björn Valur Gíslason (A).

Varamenn:
Magnús Orri Schram (A),
Tryggvi Þór Herbertsson (B),
Þór Saari (A).

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál:
Aðalmenn:
Þórunn Sveinbjarnardóttir (A),
Kristján Þór Júlíusson (B),
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (A).

Varamenn:
Sigmundur Ernir Rúnarsson (A),
Unnur Brá Konráðsdóttir (B),
Margrét Tryggvadóttir (A).

[16:39]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að nefndir verða boðaðar til fyrstu funda á mánudag til að kjósa formenn og varaformenn nefndanna.

Tilkynning um stefnuræðu forsætisráðherra.

[16:39]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana, samkvæmt 37. gr. þingskapa, verða á mánudagskvöldið kemur. Umræðurnar hefjast kl. 7.50, 10 mínútum fyrir kl. átta.

Það er tillaga forseta að umræðan verði með sama fyrirkomulagi og verið hefur undanfarin ár, þ.e. umferðirnar verði þrjár, 12 mínútur, 6 mínútur og 5 mínútur. Forsætisráðherra hafi 20 mínútur til framsögu. Ef ekki eru gerðar athugasemdir við þetta skoðast það samþykkt.

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
3. sæti hlaut Jónína Rós Guðmundsdóttir.
4. sæti hlaut Eygló Harðardóttir.
5. sæti hlaut Magnús Orri Schram.
6. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir.
7. sæti hlaut Kristján Þór Júlíusson.
8. sæti hlaut Birgitta Jónsdóttir.

9. sæti hlaut Róbert Marshall.
10. sæti hlaut Sigurður Ingi Jóhannsson.
11. sæti hlaut Guðmundur Steingrímsson.
12. sæti hlaut Birkir Jón Jónsson.
13. sæti hlaut Ragnheiður E. Árnadóttir.
14. sæti hlaut Sigmundur Ernir Rúnarsson.
15. sæti hlaut Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
16. sæti hlaut Valgerður Bjarnadóttir.
17. sæti hlaut Lilja Mósesdóttir.
18. sæti hlaut Oddný G. Harðardóttir.
19. sæti hlaut Lilja Rafney Magnúsdóttir.
20. sæti hlaut Bjarni Benediktsson.
21. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
22. sæti hlaut Björgvin G. Sigurðsson.
23. sæti hlaut Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.
24. sæti hlaut Tryggvi Þór Herbertsson.
25. sæti hlaut Þuríður Backman.
26. sæti hlaut Vigdís Hauksdóttir.
27. sæti hlaut Ólöf Nordal.
28. sæti hlaut Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
29. sæti hlaut Höskuldur Þórhallsson.
30. sæti hlaut Skúli Helgason.
31. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
32. sæti hlaut Helgi Hjörvar.
33. sæti hlaut Atli Gíslason.
34. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
35. sæti hlaut Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
36. sæti hlaut Árni Þór Sigurðsson.
37. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
38. sæti er sæti varamanns.
39. sæti hlaut Jón Gunnarsson.
40. sæti hlaut Margrét Tryggvadóttir.
41. sæti hlaut Unnur Brá Konráðsdóttir.
42. sæti hlaut Þór Saari.
43. sæti hlaut Guðbjartur Hannesson.
44. sæti hlaut Illugi Gunnarsson.
45. sæti hlaut Gunnar Bragi Sveinsson.
46. sæti hlaut Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
47. sæti hlaut Björn Valur Gíslason.
48. sæti hlaut Þráinn Bertelsson.
49. sæti hlaut Árni Johnsen.
50. sæti hlaut Ásbjörn Óttarsson.
51. sæti er sæti varamanns.
52. sæti hlaut Álfheiður Ingadóttir.
53. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
54. sæti hlaut Guðlaugur Þór Þórðarson.
55. sæti hlaut Ólína Þorvarðardóttir.
56. sæti hlaut Ásmundur Einar Daðason.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
59. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
60. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
61. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti samgönguráðherra.
66. sæti er sæti menntamálaráðherra.
67. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
68. sæti er sæti iðnaðarráðherra.
69. sæti er sæti umhverfisráðherra.

[16:39]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Leita þarf afbrigða frá þingsköpum, þ.e. lokamálsgrein 3. gr. þingskapa um hvernig hluta skal um sæti þingmanna. Annars vegar að hv. þm. Helgi Hjörvar hafi sæti nr. 32, hins vegar að formenn þingflokka hafi sæti næst inngangi í salnum. Þeir dragi innbyrðis um þau sæti. Skoðast þau afbrigði samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

[16:53]

Útbýting:

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.

Fundi slitið kl. 16:54.

---

2. FUNDUR

mánudaginn 18. maí,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

Fjarvistarleyfi:

Atli Gíslason, 4. þm. Suðurk.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 2. þm. Reykv. n.
Össur Skarphéðinsson utanrrh., 1. þm. Reykv. s.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

[19:50]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Tekið er fyrir eina dagskrármálið, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana. Þeim verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr Alþingishúsinu. Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 20 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsætisráðherra hafa 12 mínútur í fyrstu umferð, í annarri umferð hafa þingflokkarnir sex mínútur en í þeirri þriðju fimm mínútur hver þingflokkur.

Röð flokkanna í öllum umferðum er þessi: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Borgarahreyfingin.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra í annarri og Sigmundur Ernir Rúnarsson, 7. þm. Norðaust., í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Sjálfstæðisflokk verða Bjarni Benediktsson, 2. þm. Suðvest., í fyrstu umferð, Ólöf Nordal, 2. þm. Reykv. s., í annarri umferð og Ásbjörn Óttarsson, 1. þm. Norðvest., í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í fyrstu umferð, í annarri Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest., og í þriðju umferð Ásmundur Einar Daðason, 9. þm. Norðvest.

Fyrir Framsóknarflokk tala Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 8. þm. Reykv. n., í fyrstu umferð, í annarri Vigdís Hauksdóttir, 8. þm. Reykv. s., og í þriðju umferð Guðmundur Steingrímsson, 8. þm. Norðvest.

Fyrir Borgarahreyfinguna tala í fyrstu umferð Þór Saari, 9. þm. Suðvest., Birgitta Jónsdóttir, 9. þm. Reykv. suður, í annarri umferð og í þriðju umferð Margrét Tryggvadóttir, 10. þm. Suðurk.

[19:52]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Við Íslendingar viljum og eigum að vera stolt af landinu okkar, náttúru þess og menningu og þeim kostum sem búa í landi og þjóð. Þessar sterku kenndir gera okkur að þjóð og í þær sækjum við styrk okkar, kjark og þor og síðast en ekki síst ríka samkennd.

Við komum hér saman á Alþingi í kjölfar sögulegra kosninga og vetrar sem hefur að ýmsu leyti verið einstakur í þjóðarsögunni, vetrar sem hefur verið þungur í skauti og skilur eftir sig sár og úrlausnarefni sem eru viðameiri en nokkur stjórnvöld hafa áður staðið frammi fyrir, verkefni sem bíða nú sameiginlegrar úrlausnar ríkisstjórnar, Alþingis og þjóðarinnar allrar.

Fyrir um 200 dögum féll íslenska fjármálakerfið á nokkrum dögum og á augabragði breyttist allt. Afleiðingar þessa hafa verið að koma í ljós ein af annarri og allir Íslendingar hafa fundið fyrir högginu. Atvinnuleysi þúsunda manna, gjaldþrot fjölda fyrirtækja, stórfelld skuldaaukning ríkissjóðs og minnkandi tekjur eru staðreyndir sem við blasa, eignatap, versnandi kjör, ótti og óvissa.

Margir sem bjuggu áður við ágæt kjör kvíða nú framtíðinni og kvíða komandi sumri. Margir spyrja sig hvernig þeir geti greitt reikningana um næstu mánaðamót, hvort þeir hafi efni á að fara í sumarfrí, hvort þeir geti leyft börnunum að fara í sumarbúðir og jafnvel hvað þeir geti keypt í matinn um næstu helgi.

Við sem nú höfum verið kjörin til setu á Alþingi og verið treyst til að takast á við risavaxin viðfangsefni hljótum að nálgast þau verkefni sem fram undan eru af auðmýkt. Við hljótum að leggja alla okkar krafta í að þjóna fólkinu og vinna saman að endurreisn samfélagsins. Við megum ekki láta hagsmuni fárra víkja fyrir hagsmunum margra. [Leiðr. ræðumanns: Við megum ekki láta hagsmuni margra víkja fyrir hagsmunum fárra.] Ég trúi því að á tímum sem þessum lánist okkur að taka höndum saman um breytta forgangsröðun og breytt grundvallargildi.

Þjóðin hefur talað í lýðræðislegum kosningum, þjóðin hefur valið og þjóðin hefur kosið umtalsverðar breytingar. Á Alþingi eiga nú sæti 27 nýir þingmenn og hefur endurnýjun þingmanna aldrei verið jafnmikil og nú. Á þessum tímum hlýtur það að vera krafa þjóðarinnar að við reynum að vinna saman sem ein heild og virða skoðanir hvers annars.

Í fyrsta sinn í sögu Íslands eru jafnaðarmenn stærsti flokkur landsins, líkt og jafnaðarmannaflokkar hafa verið annars staðar á Norðurlöndum í áratugi og jafnvel aldir. Í fyrsta sinn í Íslandssögunni eru jafnaðarmenn og félagshyggjufólk með meiri hluta á Alþingi.

Þjóðin hefur forgangsraðað, og það val meiri hluta þjóðarinnar á að endurspeglast í þeim störfum sem fram undan eru, hvernig við nálgumst viðfangsefnin og hvernig við tökum afstöðu til þeirra. Ég er sannfærð um að þessi breytta forgangsröðun mun hafa áhrif á stefnu og störf allra stjórnmálaflokka á næstu árum. Hún hlýtur að hafa slík áhrif. Gamaldags skotgrafarhernaður sem of lengi hefur einkennt íslensk stjórnmál á ekki við á einum örlagaríkustu tímum í sögu þjóðarinnar.

Það er kallað eftir þjóðarsamstöðu og það er kallað eftir nýjum vinnubrögðum. Það er kallað eftir gagnsæi, aukinni aðkomu almennings að ákvarðanatöku og lýðræðislegum vinnubrögðum í hvívetna.

Eftir áratugareynslu af störfum Alþingis er það von mín að okkur takist nú, á þessu kjörtímabili, að móta ný vinnubrögð og nýjar hefðir þar sem hvert mál fær málefnalega og efnislega umræðu og lýðræðisleg málalok. Það er von mín að við náum að þróa breytt verklag í stað þess að mynda gamaldagsblokkir sem þjóna kjósendum að litlu leyti þegar upp er staðið.

Samfélag jafnvægis þar sem allir njóta virðingar og sannmælis, og hjálparhönd er rétt fram til þeirra sem þurfi eru, þjónar okkur öllum í reynd. Heilbrigt samfélag byggist ekki á tveimur heimum, hinna ríku og hinna fátæku, hinna sterku og hinna veiku. Nei, heilbrigt og sterkt samfélag byggist á jafnræði meðal fólksins og jöfnum tækifærum fyrir alla.

Þannig samfélög hafa verið byggð upp á Norðurlöndum og til þeirra hefur verið litið sem fyrirmynda í alþjóðasamfélaginu. Þannig samfélag telur ný ríkisstjórn að geti leitt okkur í gegnum erfiðleikana og tryggt okkur varanlega velferð.

Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarinnar byggist á þessum sjónarmiðum. Hún byggir m.a. á reynslu ríkisstjórnar sem fyrir um 100 dögum tók við stjórninni í samfélagi sem logaði í deilum og sundrungu. Á einstaklega stuttu starfstímabili tókst ríkisstjórninni að lægja öldurnar og snúa vörn í sókn. Markviss og djörf skref voru stigin til að endurvekja traust og mæta réttmætri gagnrýni almennings.

Mál voru sett í fastari farveg og fjölbreytt úrræði mótuð, úrræði sem almenningur er þegar farinn að nýta sér og tugþúsundir manna munu njóta í þrengingum næstu missira. Endurreisnin er hafin og árangur er þegar farinn að skila sér á mörgum sviðum. Verðbólgan hefur lækkað mikið og spár Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins gera ráð fyrir hóflegum verðhækkunum það sem eftir er ársins. Á næsta ári verður því verðbólgan komin vel niður fyrir verðbólgu-

markmið Seðlabankans samkvæmt fyrirliggjandi spám.

Um vextina vil ég segja að þeir hafa nú þegar lækkað umtalsvert enda þótt ég vilji sjá meiri vaxtalækkun verða að veruleika þegar á næstu vikum og mánuðum. Sveiflur í gengi krónunnar eru enn til staðar, en þær eru minni en áður og því eru neikvæð áhrif gengisbreytinga á verðbólguna nú mun minni en á undanförnum mánuðum.

Ég hef þegar falið Seðlabankanum að leggja mat á kosti og galla þess að breyta umgjörð peningastefnunnar hér á landi. Seðlabankinn mun skila áfangaskýrslu um þetta efni í júní nk. Seðlabankinn mun einnig gefa út á næstunni ítarlega skýrslu um fyrirkomulag peningamála með hliðsjón af hugsanlegri aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu.

Enginn vafi leikur á því að slæm skilyrði í hagkerfi heimsins munu að einhverju leyti dýpka þann samdrátt sem verður hér á landi, en gert er ráð fyrir um 10% samdrætti landsframleiðslunnar á þessu ári og að hún standi að mestu leyti í stað á því næsta. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að þegar á næsta ári glæðist hagvöxtur á nýjan leik og samdráttarskeiðið verði því styttra en við mátti búast, m.a. vegna þess mikla sveigjanleika sem íslenskur þjóðarbúskapur býr yfir.

Virðulegi forseti. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er m.a. sett fram áætlun þar sem kveðið er á um 50 mikilvæg atriði sem ríkisstjórnin ætlar sér að hrinda í framkvæmd á næstu 100 dögum. Þessi verkefni varða einkum ríkisfjármálin, endurreisn bankakerfisins, sem nú er að ljúka, endurmat á aðgerðum vegna skuldavanda heimilanna, aðgerðir til að efla atvinnu, endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu og fjölmargar lýðræðisumbætur sem lengi hefur verið kallað eftir.

Ríkisstjórnin vill leita víðtæks samráðs um sem flest mál, bæði innan þings og utan. Við lýsum okkur reiðubúin til þess að móta stöðugleikasáttmála með aðilum vinnumarkaðarins.

Við þurfum að ná sátt um nýtt fiskveiðistjórnarkerfi og við köllum eftir breiðri samstöðu um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Við viljum samráð og samvinnu um sparnað í stjórnkerfinu, með þátttöku stjórnenda, starfsfólks og notendum þjónustunnar. Fram undan er gríðarlega vandasamt verkefni, jafnvel það erfiðasta sem við höfum nokkru sinni staðið frammi fyrir. Við þurfum að ná niður halla ríkissjóðs um u.þ.b. 170 milljarða króna á næstu þremur árum. Við þær aðstæður verða allir að vera tilbúnir til þess að taka á sig byrðar. Allir munu því miður finna fyrir hinum mikla samdrætti, á það vil ég ekki draga dul. En, góðir landsmenn, við munum sjá árangur aðhaldsins í hraðari uppbyggingu atvinnulífsins og minna atvinnuleysi en ella, lægri vöxtum, minni verðbólgu og þar með stöðugleika sem er besta tryggingin fyrir bættum hag heimilanna, velferð barna okkar og öryggi þeirra til framtíðar.

Ríkisstjórnin mun standa vörð um lægstu launin við þessar aðstæður og tryggja velferð þeirra sem lakast standa. Á því byggist forgangsröðun okkar og ég er sannfærð um að þeir sem eru aflögufærir og standa sterkt eru sammála henni. Ríkið á að ganga á undan með góðu fordæmi, hagræða og einfalda stjórnkerfið þar sem það er hægt og lækka laun sem eru óhóflega há þegar við blasir atvinnuleysi sem hefur lækkað ráðstöfunartekjur tugþúsunda manna umtalsvert.

Það er grundvallaratriði að leggja nú grunn að nýrri sókn í íslensku atvinnulífi og betra samfélagi, samfélagi sem mun skipa sér í fremstu röð í verðmætasköpun, velmegun, velferð og raunverulegum lífsgæðum.

Hæstv. forseti. Fyrri ríkisstjórn og sú sem nú er að hefja störf á grundvelli nýs umboðs taka í arf atvinnuleysi í sögulegu hámarki og atvinnulífi í miklum þrengingum í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Auka þarf traust og trú á íslenskt efnahagslíf, örva innlendar fjárfestingar í atvinnulífinu, stuðla að beinum erlendum fjárfestingum og koma á eðlilegum lánaviðskiptum við erlenda banka. Atvinnulífið er og verður megingrundvöllur velferðar hér á landi. Ríkisstjórnin mun því með markvissum aðgerðum draga úr atvinnuleysi, útrýma langtímaatvinnuleysi og skapa traustari grundvöll fyrir íslenskt atvinnulíf til framtíðar.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að mótuð verði heildstæð atvinnustefna fyrir Ísland þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt atvinnulíf, jafnan en stöðugan hagvöxt, nýsköpun og sjálfbæra nýtingu til lands og sjávar. Íslenskir framleiðendur, nýsköpunarfyrirtæki og þeir sem starfa í ferðaþjónustu hafa þegar sýnt mikið frumkvæði og nýtt sér þau sóknarfæri sem nú gefast. Þessa aðila þarf að hvetja enn frekar til dáða og styðja þannig að hér megi skapa sem flest störf.

Jafnframt er mikilvægt að huga að samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs í alþjóðlegum samanburði. Afar mikilvægt er að byggt verði á þeim grundvallarmarkmiðum að ríkið losi sig svo fljótt sem kostur er út úr hvers kyns samkeppnisrekstri og opni fyrir erlenda eignaraðild.

Góðir landsmenn. Öll venjuleg íslensk heimili finna fyrir þeim hremmingum sem þjóðin gengur nú í gegnum. Mjög margir hafa tapað sparifé eða fjárfestingum, höfuðstóll lánanna hefur hækkað, hvort sem um er að ræða bílalán, húsnæðislán eða önnur gengis- eða vísitölubundin lán, en eignaverðið jafnvel lækkað á móti hjá mörgum.

Enn aðrir hafa nú lægri tekjur eða hafa jafnvel misst vinnuna og öll finnum við fyrir hækkandi verðlagi á matvöru, fatnaði og öðrum nauðsynjavörum. Öll íslensk heimili finna fyrir þeim gríðarlegu umskiptum sem orðið hafa í íslensku efnahagslífi á aðeins örfáum mánuðum. Á einu ári hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna lækkað um rúm 11% og allar líkur eru á því að ástandið eigi eftir að versna áður en það batnar á ný.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa fyrst og fremst beinst að því að verja kjör hinna verst settu annars vegar og húsnæðisöryggi fólks hins vegar. Þær fjölmörgu aðgerðir sem gripið hefur verið til í þessum efnum lúta fyrst og fremst að því að gera heimilum landsins kleift að halda í húseignir sínar á meðan á dýpstu efnahagslægðinni stendur og laga skuldirnar að greiðslugetunni.

Það er staðfastur ásetningur ríkisstjórnarinnar að fylgjast vel með þróun þessara mála hjá heimilum landsins og bregðast við í samræmi við þau markmið sem ég hef hér lýst. Þurfi að grípa til frekari aðgerða til að tryggja húsnæðisöryggi fjölskyldna þessa lands munum við grípa til slíkra aðgerða. Við tökumst á við kjaraskerðinguna og eignarýrnunina með því að efla atvinnulífið og auka þannig hagvöxt

og kaupmátt á ný. Á sama tíma verðum við að standa vörð um þá sem lökust hafa kjörin, fyrir þá þarf öryggisnetið að virka best á tímum sem þessum.

Góðir landsmenn. Sæki Íslendingar um aðild að Evrópusambandinu og hefji formlegar aðildarviðræður skapast traustari forsendur fyrir stöðugra gengi íslensku krónunnar og lækkun vaxtastigs. Þannig mundu jákvæð áhrif koma fram strax þegar ósk um aðildarviðræður lægi fyrir og búast má við að þau jákvæðu áhrif fari vaxandi eftir því sem umsóknarferlið gengur lengra. Aðildarumsóknin ein og sér er því hluti af lausn á þeim bráðavanda sem við glímum við um leið og hún leggur grunninn að traustri framtíð og er leiðarljós stöðugleika inn í framtíðina. Á því þarf atvinnulífið nú að halda og slík umsókn mun jafnframt endurvekja traust alþjóðasamfélagsins og erlendra fjárfesta á Íslandi.

Við skulum hafa í huga að á hverjum degi greiða íslenskar fjölskyldur kostnaðinn af því að standa utan Evrópusambandsins í formi vaxtagreiðslna sem eru margfalt hærri hér en í Evrópusambandinu og í formi hærra verðs á matvælum og öðrum nauðsynjum sem mundu lækka mikið við Evrópusambandsaðild. Verðtryggingin er líka þungur baggi sem er fórnarkostnaður sem fylgir íslensku krónunni. Fyrirtækin í landinu greiða kostnaðinn í formi einnar mestu vaxtabyrði í heimi, gríðarlegs óstöðugleika í gengi og mikillar verðbólgu.

Það er skylda okkar að búa íslensku atvinnulífi jafngóð eða betri rekstrarskilyrði en í helstu samkeppnislöndunum. Á því veltur framtíðaruppbygging atvinnuveganna sem er um leið einn megingrundvöllur velferðar heimila og fjölskyldna í landinu.

Ég legg samt sem áður ríka áherslu á að Evrópusambandsaðild ein og sér er engin töfralausn. Það eru engar töfralausnir til við þeim bráðavanda sem við stöndum frammi fyrir en við þurfum engu að síður vegvísi að stöðugleika inn í framtíðina.

Í þeirri þingsályktunartillögu sem utanríkisráðherra mun leggja fram verða gerðir fyrirvarar um grundvallarhagsmuni Íslands um forræði yfir vatns- og orkuauðlindum og ráðstöfun þeirra, um forræði þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni, um öflugan landbúnað, almannaþjónustu og réttindi launafólks og vinnurétt.

Hæstv. forseti. Evrópusambandsaðild merkir ekki afsal auðlinda, hvorki í sjávarútvegi, orkumálum né landbúnaði. Evrópusambandið hefur sameiginlegar reglur um nýtingu sameiginlegra auðlinda, svo sem sameiginlegra fiskstofna, en eignarhald á auðlindunum er hjá viðkomandi aðildarríkjum. Þess vegna mun Evrópusambandsaðild ekki hafa áhrif á eignarhald á fiski í sjó, á endurnýtanlegum orkuauðlindum eða olíu á landgrunninu.

Það þarf samkomulag og sátt á meðal aðildarríkjanna um nýtingu fiskstofna sem færast á milli lögsögu aðildarríkjanna, rétt eins og Ísland hefur hingað til gert samkomulag við nágrannaríki um nýtingu deilistofna. Sú sátt byggir á sögulegri veiðireynslu þar sem tryggt er að hvert og eitt aðildarríki njóti óbreyttrar hlutdeildar í fiskstofnum.

Reglur Evrópusambandsins um hlutfallslegan stöðugleika munu tryggja að Ísland muni sem áður sitja eitt að öllum kvóta í staðbundnum stofnum í íslenskri lögsögu eftir aðild að Evrópusambandinu.

Umræðan um aðild Íslands að Evrópusambandinu og sjávarútveg má því ekki aðeins snúast um vörn og varnarhagsmuni. Íslenskir sjómenn búa yfir gríðarlegri þekkingu og hér eru sjávarútvegsfyrirtæki sem hafa burði til þess að keppa á frjálsum markaði hvar sem er í heiminum. Við getum sótt fram og byggt upp innan Evrópusambandsins.

Góðir landsmenn. Hvorki ég né aðrir á Alþingi geta sagt til um hver verður niðurstaða samningaviðræðna við Evrópusambandið um sjávarútveg en ég fullyrði að samningsstaða Íslands er sterk. Hún er m.a. sterk vegna þeirrar framsýni og þess hugrekkis sem íslenska þjóðin sýndi þegar landhelgin var færð út í áföngum í 200 mílur. Mín framtíðarsýn er að Ísland verði leiðandi í mótun og stjórn sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og leiðandi í sjávarútvegi í Evrópu. Ég hef fulla trú á að það takist.

Evrópusambandið hefur sýnt sérstakan sveigjanleika vegna landbúnaðar á harðbýlum, norðlægum svæðum. Það er því ekkert sem bendir til annars en að sjónarmið Íslands muni njóta skilnings og að hægt verði að tryggja traust rekstrarskilyrði fyrir íslenska bændur til framtíðar. Óumdeilt er að íslenskur landbúnaður mundi eiga aðgang að umfangsmiklu styrkjakerfi Evrópusambandsins og fyrir liggur að íslensk stjórnvöld mundu leggja landbúnaðinum til fjármuni á móti slíkum styrkjum.

Fyrirsjáanlegt er að Ísland þurfi innan fárra ára að aðlaga styrkjakerfi fyrir íslenskan landbúnað, vegna breyttra reglna á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, óháð því hvort Ísland gengur í Evrópusambandið eða ekki.

Færa má rök fyrir því að Evrópusambandið geti veitt íslenskum landbúnaði ákveðið skjól, ekki síst vegna þess að Evrópusambandið er leiðandi í mótun reglna um landbúnað í Alþjóðaviðskiptastofnuninni og annars staðar á alþjóðlegum vettvangi.

Virðulegi forseti. Það er kallað eftir nýjum vinnubrögðum, nýjum tækifærum og auknu trausti og tengslum milli þingheims og þjóðar. Þjóðin og við þingmenn höfum árum saman hlýtt á raddir og röksemdir hagsmunahópa sem eru fyrir fram með eða á móti Evrópusambandinu. Það hefur gert umræðuna ómarkvissa. Ég vil að þjóðin fái í eitt skipti fyrir öll að heyra sannleikann í þessu máli sem við höfum rætt allt of lengi án skýrrar niðurstöðu.

Góðir Íslendingar. Óvíða eru einkenni árstíða jafnsterk og hér á landi og vera kann að það móti okkur sem einstaklinga og sem þjóð. Alþingi kemur saman hér í kvöld, þegar við finnum hvað sterkast fyrir gróanda vorsins, á árstíma sem felur í sér væntingar og vonir um betri tíð. Þrengingarnar eru sannarlega ekki að baki, en við sem þjóð höfum fullt tilefni til að líta björtum augum til framtíðar og taka sumrinu fagnandi. Það er undir okkur sjálfum komið hvernig við vinnum okkur út úr erfiðum málum, og bjartsýni og áræðni þurfa sem aldrei fyrr að vera ríkjandi. Jóhanna Guðrún og fylgdarlið hennar í söngvakeppninni — stolt íslensku þjóðarinnar — eru okkur sannarlega þar til eftirbreytni.

Ég heiti ykkur því, góðir landsmenn, að mín ríkisstjórn mun nýta sumarið vel. Hún mun vinna af krafti og festu til að bæta stöðu fólksins í landinu og efla atvinnulífið til dáða. Ég hvet ykkur öll til að gera slíkt hið sama, bretta upp ermar og hefjast handa við þá uppbyggingu sem fram und-

an er. Þannig munum við snúa vörn í sókn.

Við alþingismenn og ríkisstjórn tökumst nú á við verkefni okkar af einurð og full auðmýktar. Við búum við þá gæfu að eiga sterka og vel gerða þjóð og ég er sannfærð um að við munum sýna alþjóðasamfélaginu hvað í okkur býr með því að vinna okkur fyrst allra þjóða út úr þeim efnahagsþrengingum sem við göngum nú í gegnum. — Góðar stundir.

[20:13]

Bjarni Benediktsson (S):

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Nýafstaðnar kosningar fóru fram í kjölfar mikilla umbrota í íslensku efnahagslífi og nú hefur dómur kjósenda fallið. Minnihlutastjórnin sem reiða þurfti sig á stuðning framsóknarmanna stendur nú á eigin fótum eftir kosningarnar og ég óska henni velfarnaðar. Það er svo sem ekkert tilefni til bjartsýni. Ríkisstjórnin hefur lagt fram stjórnarsáttmála upp á 18 blaðsíður en hann svarar því miður ekki þeim spurningum sem helst brenna á íslensku þjóðinni. Svörin koma heldur ekki fram í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra.

Og enda þótt fram undan séu bjartir og fallegir sumardagar og vorinu fylgi bjartsýni og nýr kraftur, fylgir því líka óþreyja. Vinnusöm, ung og kraftmikil þjóð kallar á markvissar aðgerðir til bjargar störfunum í landinu. Hún kallar á skýr svör um aðgerðir vegna greiðsluvanda heimilanna og hún krefst þess að nú verði lagður grunnur að nýrri lífskjarasókn.

Virðulegi forseti. Um þessar mundir er oft rætt um mikilvægi gagnsæis í öllum málum. Hæstv. forsætisráðherra nefndi það í sínu máli. Ég er sammála því að nú er sérstaklega brýnt að aðgerðir stjórnvalda séu gagnsæjar og öll umræða opin og lýðræðisleg. Í gagnsæi fellst m.a. að tala um hlutina eins og þeir eru. Þegar boðaðar eru fyrningar á aflaheimildum er það ekki sjálfsögð og eðlileg kerfisbreyting sem útgerðin í landinu getur vel lagað sig að án vandkvæða. Nei. Þegar betur er að gáð stendur eftir lítið annað en að hér er um þjóðnýtingu að ræða. Það er stefna sem setur útgerðina í landinu í algjöra óvissu, setur starfsgreinina í uppnám og allt tal um samráð og samstöðu með þeim sem í hlut eiga eru orðin tóm þegar þessi stefnumarkandi ákvörðun hefur þegar verið tekin.

Nú þegar er orðinn skaði af þessari stefnu því að um leið og málið kom á dagskrá voru öll langtímaplön lögð til hliðar hjá útgerðaraðilum og við tók skammtímahugsun. Það sem ríkisstjórnin býður útgerðinni er sem sagt þetta: Óvissa, einmitt nú þegar kallað eftir aðgerðum sem veita öryggi og skjól. Í öðru orðinu er talað um þjóðarsátt, í hinu er talað um þjóðnýtingu.

Hæstv. forsætisráðherra vill hefja stjórnmálin yfir gamaldags skotgrafarhernað. Að gefnu tilefni vil ég taka fram að við sjálfstæðismenn mætum ekki til þings til að rífa allar hugmyndir ríkisstjórnarinnar niður með bölmóð og svartsýni að leiðarljósi. Nei. Sannarlega hefur sjaldan verið meiri þörf fyrir uppbyggilega, yfirvegaða umræðu hér á þinginu. Hér þurfa að eiga sér stað markviss skoðanaskipti um lausnir og viðbrögð í erfiðri stöðu.

Krafan um uppbyggilega umræðu er gagnkvæm. Það þýðir að ráðherrar og stjórnarliðar allir verða að hætta að stimpla alla þá sem hafa uppi gagnrýni á fyrningarleiðina sem varðhunda sægreifanna í landinu. Það er ekki málefnaleg nálgun við þetta mikilvæga mál. Það er rétt að leita leiða til að þróa fiskveiðistjórnarkerfið, þróa það áfram og bæta úr þeim ágöllum sem þar finnast. En við munum sannarlega bregðast við af krafti þegar teflt er fram hugmyndum sem varða grunnatvinnuveginn í landinu og setja allt í loft upp. Helstu rökin fyrir fyrirhugaðri kerfisbreytingu eru þeir gallar á kerfinu sem að langmestu leyti eru nú hluti af fortíðinni, þ.e. að ýmsir aðilar seldu sig út úr greininni. Það er því eins og vinstri stjórnin sé föst í fortíðinni í þessu máli sem og í öðrum.

Réttast væri að spyrja: Er þessi fyrirhugaða kerfisbreyting leið til betri nýtingar framleiðsluþáttanna? Skapar hún meiri verðmæti úr sjó? Verður umgengni um stofnana betri og kerfið réttlátara? Svarið við þessu er nei.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin sem nú situr hefur haft tíma frá því í byrjun febrúarmánaðar til að skýra frá nauðsynlegum aðgerðum í ríkisfjármálum. Það er því afdráttarlaus krafa að ríkisstjórnin leggi fram án tafar boðaða skýrslu um áætlun í ríkisfjármálum til ársins 2013. Stóra verkefnið okkar hér á þinginu næstu missirin er að koma að nýju á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Til þess mun þurfa að taka erfiðar ákvarðanir og það er engum til gagns að slá því í sífellu á frest. Við sjálfstæðismenn munum styðja allar skynsamlegar tillögur og munum sýna fulla ábyrgð þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir á þessu sviði.

Eins og sakir standa er sá trúverðugleiki sem áður var stefnt að með samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í vissu uppnámi. Sjóðurinn dregur svo mánuðum skiptir afgreiðslu á láninu sem um var samið. Þessi staðreynd virðist til vitnis um að stjórnvöld hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu við sjóðinn. Nú dugar ekki lengur fyrir hæstv. fjármálaráðherra að vísa til ríkisstjórnarinnar þarsíðustu eins og hann hefur jafnan gert þegar þessi mál ber á góma í þinginu.

Eigum við ekki að vera sammála því í þessu máli eins og hinum að hér sé gagnsæið best? Hvað er að í samskiptum ríkisvaldsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn? Er það skortur á trúverðugri stefnu í ríkisfjármálum sem er vandamálið eða er það vandinn við endurreisn bankakerfisins sem hefur tafist? Nú skora ég á ríkisstjórnina að koma með það gagnsæi sem henni er svo tamt að tala um um þessar mundir.

Vinstri stjórnin hefur frá upphafi haft mikil fyrirheit um aðgerðir fyrir heimilin í landinu. Lítið hefur orðið um efndir og krafa heimilanna um markvissar aðgerðir vex með hverri vikunni. Ríkisstjórnin hefur reyndar viðurkennt að hafa gert ákveðin mistök, einkum að hafa ekki kynnt nægilega vel þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið. En hér er ríkisstjórninni vissulega vorkunn því að það er erfitt að miðla því til almennings sem ekkert er. Að öllu óbreyttu verður vísitölufjölskylda ríkisstjórnarinnar sú sem skopmyndateiknari dró upp í blöðunum um daginn. Þar eru hjón með tvö börn og tilsjónarmann.

Það sem þarf eru einfaldar lausnir, almenn úrræði sem allir sem þörf hafa fyrir geta gripið til án þess að fara fyrir héraðsdóm eða aðrar langdregnar eða jafnvel niðurlægjandi leiðir í kerfinu. Það er hægt að slá greiðslubyrði heimilanna

niður um helming vegna húsnæðislána tímabundið án þess að senda alla í ranghala kerfisins eins og stjórnvöld vilja helst gera. Stjórnvöld eiga jafnframt að taka til skoðunar niðurfærslu höfuðstóls lána þar sem aðrar aðgerðir duga ekki og það þarf að gerast án tafar.

Landsfundur sjálfstæðismanna ályktaði um Evrópumálin á þann veg að hagsmunum okkar væri betur borgið utan Evrópusambandsins en innan. Sú afstaða byggir á því að þótt semja megi um einstök útfærsluatriði og tímabundnar undanþágur standi engir sérsamningar til boða sem koma nægilega til móts við mikilvægustu hagsmuni okkar. Má þar einkum vísa til sjávarútvegs og landbúnaðar. Í ályktun landsfundarins kom jafnframt fram að ef fara ætti í aðildarviðræður skyldi það gert að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég hef í nokkurn tíma verið þeirrar skoðunar að fyrr en síðar þurfi þjóðin að skera úr um mögulega aðild okkar að Evrópusambandinu. Eftir hrun bankakerfisins og fall krónunnar vegna gjaldeyrishaftanna og þrenginga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem gera stærri íslenskum fyrirtækjum mjög erfitt fyrir er það skylda okkar að gaumgæfa alla þá valkosti sem við stöndum frammi fyrir. En ég vil þó sérstaklega vara við því að stjórnmálamenn spili stöðugt upp meiri væntingar með þjóðinni um þann mögulega aðildarsamning sem okkur stendur til boða.

Hæstv. forsætisráðherra leikur þann leik hér í kvöld, lofar lægri vöxtum strax og aðildarumsókn liggur frammi. Segir samningsstöðu okkar á sviði sjávarútvegs sterka og engan geta sagt til um niðurstöðu samninga um sjávarútveg. Á hvaða forsendum segir hæstv. forsætisráðherra að samningsstaða okkar sé sterk á sviði sjávarútvegs? Jú, vegna þess að við höfum 200 sjómílna landhelgi. Hvað er hér eiginlega átt við? Hvað er það sem gerir stöðu okkar svona sérstaklega sterka af þessari ástæðu einni? Það er óábyrgt að gefa í skyn að í grunninn bíði okkar eitthvað annað í aðildarviðræðum en sú stefna sem Evrópuþjóðirnar hafa nú þegar komið sér saman um.

Hæstv. forsætisráðherra sagði hér áðan að hún væri óviss um það af þessum ástæðum hvað í boði væri í aðildarviðræðum. Ef einhver velkist í vafa skal ég segja það hér: Það er Evrópusambandið sem er í boði. Það er það sem er í boði ef maður sækir um aðild að Evrópusambandinu. Og hvað segir hæstv. utanríkisráðherra? Jú. Hann óskar umboðs frá þinginu til þess að ganga til viðræðna við Evrópusambandið. Það gerir hann þó með margvíslegum fyrirvörum og áskilur sér rétt til þess að berjast gegn þeim mögulega samningi sem hann sjálfur ætlar að leiða til lykta. Hvað er hér eiginlega átt við? Hvers konar samningur er það sem hæstv. utanríkisráðherra vill alls ekki? Er það kannski samningur um að við göngum inn í Evrópusambandið bara eins og Evrópusambandið er? Væri það hræðilegur samningur fyrir hæstv. utanríkisráðherra? Mundi hann berjast gegn samningi við Evrópusambandið ef við þyrftum að ganga inn í það og gangast undir stefnu þess bara eins og hún er? Hvað er verið að gefa í skyn hér? Og hvar er sannfæringin að baki allri þessari baráttu hjá Samfylkingunni fyrir því að við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu og ganga þar inn? Hana er sannarlega ekki að finna í þeim drögum að þingsályktunartillögu sem mér hafa verið kynnt en þó átti ég enga sérstaka von á því að finna sannfæringuna í þingskjali frá Vinstri grænum.

En nú liggur fyrir ákvörðun um að leggja málið fyrir þingið og sú tillaga verður einfaldlega að fá sína þinglegu meðferð. Ég tel að nær hefði verið að leita breiðrar samstöðu um þetta mikilvæga mál áður en yfirlýsingar eru gefnar af ríkisstjórninni um að umsókn verði að fara héðan í júní eða júlí. Nú er sagt að samráð sé haft við aðra flokka. Hvers konar samráð er það að ákveða fyrst hvernig og hvenær málið verður afgreitt og kalla síðan aðra aðila að borðinu?

Góðir Íslendingar. Það er vorhugur í Íslendingum. Það eru jafnan mörg verkefni sem bíða og öll erum við full óþreyju að takast á við þau og það má ekki dragast lengur. Við höfum alla möguleika til að ná okkur fljótt upp úr þessari efnahagslægð, sú unga og vel menntaða þjóð sem býr í þessu landi. Nú er tími til breiðrar þjóðarsáttar. Leggjum áherslu á málin sem sameina þjóðina, ekki þau sem sundra henni. En umfram allt, setjum þau verkefni á oddinn sem varða brýnustu hagsmuni heimila og fyrirtækja, fyrr hefst viðreisnin ekki í íslensku hagkerfi.

[20:26]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti, góðir landsmenn. Það eru mikil tímamót þegar nú hefur tekið til starfa fyrsta hreina meirihlutastjórnin á vinstri væng íslenskra stjórnmála. Ég vil nota þetta tækifæri til að færa öllum þeim sem lögðu drög að kosningasigri okkar Vinstri grænna innilegar þakkir.

Á 10 árum er Vinstri hreyfingin – grænt framboð orðið að sterku afli sem leikur nú lykilhlutverk í stjórnmálum landsins og það er sigur okkar, umfram allt annað, og nánast fordæmalaus fylgisaukning í tvennum síðustu alþingiskosningum á innan við tveimur árum sem leggur grunn að þeirri vígstöðu íslenskra vinstri manna og umhverfisverndarsinna sem sér m.a. stað í ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna.

Það er líka sögulegt að mynduð skuli sterk meirihlutaríkisstjórn þar sem hvorki Sjálfstæðisflokkurinn né Framsóknarflokkurinn eiga aðild. Stjórnarsáttmálinn ber þess glöggt vitni. Inntak hans og pólitísk meginstefna hefði verið óhugsandi nema í samstarfi þeirra tveggja flokka sem mynda þessa ríkisstjórn og án hinna sem sitja hjá.

Sú sterka áhersla á norrænt samábyrgt velferðarkerfi sem þar er að finna, sú skýra leiðsögn um það hvert við viljum að íslenskt samfélag þróist er hrein og klár vinstri græn stefna. Áherslur á sviði umhverfismála, félagsmála, kvenfrelsismála, utanríkis- og friðarmála, áherslur á fjölbreytt atvinnulíf og sjálfbæra þróun samfélagsins, einnig í atvinnulegu tilliti, eru allt nýir tónar. Sá andi markaðsvæðingar, nýfrjálshyggju og græðgisdýrkunar sem hér sveif yfir vötnunum er á burt.

Formaður Sjálfstæðisflokksins er að vísu við gamalkunnugt heygarðshorn. Samúð hans heil og óskipt er hjá kvótaeigendum. Nú heitir það þjóðnýting ef endurráðstafa á aðgangi manna að auðlindinni. Er hægt að þjóðnýta það sem þjóðin á eða er formaður Sjálfstæðisflokksins þeirrar skoðunar að einhverjir aðrir eigi fiskimiðin en þjóðin?

Hvað liggur að baki tali eins og því sem hér var uppi haft áðan?

Það góða er að þjóðin hefur fellt sinn dóm. Það gerði hún við kosningarnar 25. apríl sl. Þjóðin stóð frammi fyrir skýru vali, það var óvenjuskýrt til hvers konar samstarfs flokkarnir horfðu. Í okkar tilviki var það sagt afdráttarlaust: Við stefnum á áframhaldandi stjórnarsamstarf til vinstri og Sjálfstæðisflokkurinn er ekki valkostur í okkar huga í þessari umferð. Þjóðin kaus og gerði minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar að meirihlutastjórn, skýrari geta kosningaúrslit tæpast orðið. Nú hefur þessi stjórn verið mynduð og það er mikilvægt.

Þessi stjórnarmyndun var vissulega ekki án fórna og málamiðlana af okkar hálfu og yfir það reynum við ekkert að breiða, t.d. þegar kemur að þeirri niðurstöðu stjórnarsamstarfsins að setja Evrópumálin í hendur Alþingis, en um leið er þar tryggður þingræðislegur og lýðræðislegur farvegur fyrir þetta afdrifaríka mál. Þau varnaðarorð ein vil ég að öðru leyti segja í þessum efnum að við Íslendingar skulum varast það að eyða öllum okkar kröftum og öllum okkar tíma í þetta mál. Við skulum ekki trúa á það sem einhverja einfalda, sársaukalausa lausn á öllum okkar vanda. Vandi Íslendinga verður aðeins leystur á Íslandi, verkefnið er hér heima. Það er hér sem við þurfum að takast á við hlutina, við þurfum að vinna verkin sjálf, enginn mun gera það fyrir okkur og enginn mun gefa okkur neitt.

Samhliða þessu ríkisstjórnarsamstarfi er mikilvæg sú skýra pólitíska og hugmyndafræðilega niðurstaða sem þjóðin hefur nú valið. Þjóðin hefur valið sér leið, hún hefur valið að hafna nýfrjálshyggjunni og ákveðið að snúa aftur heim í áttina að hinum norrænu samábyrgu velferðarsamfélögum. Það skiptir líka miklu máli, góðir landsmenn, að stjórnmálalegri óvissu hefur nú verið eytt. Nú situr ríkisstjórn með traustan þingmeirihluta og skýrt og ótvírætt umboð þjóðarinnar að baki sér, því getur enginn á móti mælt. Þar af leiðandi eru aðstæður nú betri en þær voru í vetur leið til að einhenda sér í þau erfiðu verkefni sem fram undan eru. Það síðasta sem Ísland hefði þurft á að halda í vetur og aftur nú eftir kosningar var stjórnarkreppa, upplausn, óvissa. Af þeim ástæðum var einnig mikið á sig leggjandi til að stjórnarmyndun gæti gengið hratt og vel. Söm voru líka rökin þegar við vinstri græn tókum þá áhættu sem því var samfara að ganga inn í ríkisstjórn 1. febrúar sl. og því höldum við ótrauð áfram þrátt fyrir einhverjar erfiðustu aðstæður og erfiðustu verkefni sem nokkur ríkisstjórn, a.m.k. á lýðveldistímanum, hefur hafið feril sinn á að þurfa að glíma við.

Þá að þeim verkefnum sem fram undan eru og eru ærin og blasa við. Það er rétt sem sagt hefur verið að margt af því sem ætlunin var að gera í kjölfar neyðarlaganna 6. október sl. og í vetur hefur reynst torsóttara og tímafrekara en ætlunin var, enda er það að endurreisa úr hruni nánast heilt fjármálakerfi í einu landi ekki neitt áhlaupsverk, eins og rækilega hefur komið á daginn. Eðlilega sáu menn ekki fyrir allar þær hindranir sem reynst hafa á vegi þess að endurskipuleggja og koma á fót fullþroskuðu nýju bankakerfi. Í þeim efnum sér þó sem betur fer til lands og á næsta einum til einum og hálfa mánuði eða svo ætti því verkefni í aðalatriðum að verða lokið.

Í þessari viku kemur sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til viðræðna við nýmyndaða ríkisstjórn og aðra aðila að eigin ósk og ætlunin er að endurskoðun samstarfsáætlunarinnar fari svo fram í framhaldi af þeirri heimsókn. Það gleður örugglega formann Sjálfstæðisflokksins að heyra þetta.

Samningar við norrænar ríkisstjórnir og seðlabanka um gjaldeyrislán eru nú á lokastigi og lánaskilmálar því sem næst frágengnir. Í byrjun júní eru fyrirhugaðir næstu samningafundir um Icesave-reikningana og þannig mætti áfram telja. Verkefnin eru ærin sem vinna þarf að, og samtímis.

Banka- og fjármálastofnana bíða síðan í samstarfi við stjórnvöld þau gríðarlegu verkefni að greiða úr skuldavanda atvinnulífs og heimila, stuðla að því eins og nokkur kostur er að frekari verðmæti fari ekki forgörðum, að hjól atvinnulífsins snúist og að fólki sé gert kleift að ráða við sín skuldamál og vinna úr þeim. Þar þurfa að spila saman þær aðgerðir sem Íbúðalánasjóður og fjármálastofnanir bjóða upp á annars vegar og fjölþættar ráðstafanir stjórnvalda hins vegar, en að sjálfsögðu er glímunni ekki lokið og vandinn ekki leystur. Þetta mun verða viðvarandi barátta næstu missirin og það mun reyna á allar máttarstoðir samfélagsins, ekki síst í baráttunni gegn atvinnuleysinu sem hlýtur að hafa algjöran forgang.

Samstarf aðila vinnumarkaðarins og annarra heildarsamtaka í landinu og stjórnvalda er mikilvægur kjarni í stefnu núverandi ríkisstjórnar. Við bæði viljum og verðum að vinna hlutina saman, án þess mun þetta ekki takast. Verkefni stjórnvalda á sviði ríkisfjármála eru þekkt og einhver þau mest krefjandi sem tekist hefur verið á við um fjölmargra áratuga skeið, að ná 170 milljarða halla á ríkissjóði sem allt stefnir í að verði á þessu ári niður á ásættanlegum tíma og yfir í afgang er ekki bara spurning um pólitískt markmið, þetta er ekki bara spurning um áætlun, þetta er ekki bara spurning um verklag sem menn kjósa sér. Þetta er óumflýjanlegt. Þvílíkur hallarekstur á ríkissjóði og nú er mun að óbreyttu á örfáum árum kæfa hið opinbera í vaxtakostnaði. Áætlanir í þessum efnum verða kynntar á vorþinginu um leið og þær eru frágengnar og afgreiddar í ríkisstjórn.

Það sem þarf að gera verður að gera við aðstæður sem eru mjög erfiðar, bæði gagnvart atvinnulífi og einstaklingum. Þetta þurfum við að gera á tímum þegar fáir eru ofhaldnir af því sem þeir telja sig hafa og telja sig síst þurfa á að halda auknum álögum í formi hærri skatta eða tilkostnaðar. Þetta verður líka að gera á tímum þegar velferðarkerfið er mikilvægara en nokkru sinni til að halda utan um þá sem erfiðastar hafa aðstæður. Svigrúmið takmarkast af okkar erfiðu efnahagslegu aðstæðum og af stað og stund, en engu að síður verður að takast á við þennan vanda og það verður að hefjast handa strax. Sé það ekki gert er það aðeins ávísun á tvennt, að vandinn verður enn þá erfiðari úrlausnar síðar og það sem alvarlegra er, það þýðir líka að við sendum reikninginn á börnin okkar og barnabörnin. Við erum kynslóðin sem héldum veisluna, við berum ábyrgð á klúðrinu, við skulum ekki reyna að koma okkur undan því að axla byrðarnar.

Að lokum, góðir áheyrendur, segi ég þetta: Nú þurfum við Íslendingar sem aldrei fyrr að sameina kraftana. Að

sjálfsögðu verða uppi pólitísk ágreiningsmál og ekkert nema gott um það að segja að stjórnarandstaðan á Alþingi sem og aðilar úti í samfélaginu veiti aðhald og gagnrýni það sem er gagnrýnivert, en við höfum meiri þörf nú en lengi fyrir að stilla saman strengi og krafta. Það mun gera alla okkar baráttu auðveldari ef við náum að skapa í landinu andrúmsloft samstöðu og baráttuvilja því að við ætlum í gegnum þetta saman.

Það stefnir í margfalt fleiri ferðalög landsmanna um eigið land í sumar en á undanförnum árum. Það er gott. Við kaupum meiri innlendar vörur en undanfarin ár. Það er gott. Við gerum við hluti sem við hentum áður og keyptum nýja. Það er gott. Þeir sem geta gert við húsin sín og skapað iðnaðarmönnum störf eru að leggja sitt af mörkum. Þannig þurfum við nú að hugsa þessa hluti alla saman.

Góðir landsmenn. Dómur sögunnar mun brátt falla um það sem orðið er, það sem hér hefur gerst og gerðist á undanförnum árum. Munum þó eftir því að dómur sögunnar mun líka falla um okkur, nýkjörið þing og nýja ríkisstjórn, og það hvernig okkur tekst til í glímunni við erfiðleikana og í endurreisn samfélagsins. Þeim dómi til grundvallar verður lögð sú krafa að allir hafi gert sitt besta, allir hafi skynjað ábyrgð sína og skyldur gagnvart þjóðinni á erfiðum tímum. Lánist okkur þetta og ef við náum að bægja sundurlyndisfjandanum frá okkar ströndum mun okkur vel farnast. Þá á Ísland glæsta framtíð og um það efast ég reyndar ekki eitt andartak.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir, og við skulum njóta vorsins og sumarsins saman.

[20:39]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Alþingi kemur nú saman á mikilli ögurstundu. Sumir mundu reyndar segja að sú ögurstund hafi verið á kjördag og skaðinn sé þegar skeður. Framsóknarflokkurinn mun gera sem best úr þeirri stöðu sem upp kemur hverju sinni og berjast fyrir framfaramálum hvort heldur sem er í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Í þeim miklu erfiðleikum sem þjóðin stendur frammi fyrir er gott að hafa í huga að íslenska þjóðin hefur áður gengið í gegnum mikla erfiðleika og unnið mikil afrek. Þessi þjóð varð raunar til með miklum afrekum sem unnin voru til að leysa vandamál, ekki hvað síst efnahagsvanda. Alla tíð síðan hefur þjóðin þurft að takast á við erfið verkefni en ávallt leyst þau. Aðstæður um aldir hafa gert það að verkum að það var hugsað í lausnum og „að bjarga sér“ er orðið þjóðareinkenni og stór hluti af menningu okkar.

Ekki löngu eftir að forfeður okkar námu hér land komu þeir á fót þessari stofnun, Alþingi. Með því sýndu þeir mikið frumkvæði og nýja hugsun við úrlausn vandamála. Umfram allt sýndu þeir vilja til að leysa málin saman með því að skiptast á ráðum og hugmyndum. Með þessari nýju hugsun tókst fámennri þjóð að byggja upp stórkostlegt samfélag við erfiðar aðstæður. Við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja hefðu stjórnmálamenn átt að vinna saman að lausn vandans, leyfa lýðræðislegri umræðu að njóta sín og ræða tillögur, sama hvaðan þær kæmu.

Þegar síðasta ríkisstjórn sigldi í strand hefði verið langæskilegast að mynda þjóðstjórn. Það var ekki hægt vegna þess að valdsækni Samfylkingarinnar kom í veg fyrir það. Samfylkingin vildi ekki ræða þjóðstjórn nema forsætisráðuneytið kæmi í hennar hlut. Eina lausnin var bráðabirgðaminnihlutastjórn sem þó tók strax að haga sér eins og ráðrík meirihlutastjórn. Ekki var litið við tillögum frá öðrum flokkum, ekki einu sinni tillögum sem stjórnin hafði áður falast eftir. Í stað þess að vinna verkefnin sem voru skilyrði fyrir myndun minnihlutastjórnarinnar var tíminn notaður í kosningaáróður.

Nú, þegar ríkisstjórnin er búin að tryggja sér meiri hluta, eru stjórnarliðar allt í einu farnir að tala um samvinnu og lýðræðisvæðingu. Það væri góður boðskapur ef hugur fylgdi máli en tilefnið er fyrst og fremst vandræðagangur stjórnarinnar með Evrópumálin sem hún hafði þó lofað kjósendum að leysa innbyrðis. Ekki gekk það á eitt hundrað dögum. Þrautalendingin var að ræsa spunavélina og halda því fram að það að láta stærsta ágreiningsmál ríkisstjórnarinnar óafgreitt bæri vott um lýðræðisást, vilja til að fela þinginu meira vald og gefa þingmönnum kost á því að greiða atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni óáreittir.

Við skulum rifja upp hvað gerðist fyrir fáeinum vikum þegar tveir þingmenn Framsóknarflokksins, sem voru sammála um eitt af frumvörpum ríkisstjórnarinnar, lögðu ólíkt mat á það hvort það væri þess virði að bíða í tvo daga eftir nýjum upplýsingum. Báðir höfðu mikið til síns máls og ekkert því til fyrirstöðu að þeir greiddu atkvæði í samræmi við ólíkt mat. Við það að þessir þingmenn greiddu atkvæði um aukaatriði máls samkvæmt sannfæringu sinni og að Framsóknarflokkurinn léti slíkt viðgangast fór Samfylkingin gjörsamlega af límingunum. Í fjölmiðlum létu samfylkingarmenn öllum illum látum og hér í þinginu boðaði stjórnin til fleiri neyðarfunda en hægt var að henda reiður á.

Rætt var um að stjórnin væri fallin vegna þess að þingmenn í flokki utan stjórnarinnar lögðu ólíkt mat á aukaatriði í einu stjórnarfrumvarpi — og vel að merkja, það var alltaf talað um afstöðu flokksins. Þingfundum var frestað aftur og aftur og loks var því hótað að þingfundur yrði ekki haldinn fyrr en Framsóknarflokkurinn skilaði málinu úr nefnd. Samfylkingin var tilbúin að taka löggjafarþingið í gíslingu af því að þingmenn fylgdu sannfæringu sinni. Þetta er viðhorf annars stjórnarflokkanna sem nú talar um að virkja vilja þingsins.

Hvað með hinn stjórnarflokkinn? Það eru ekki nema 18 mánuðir síðan formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hæstv. fjármálaráðherra, flutti mikla og skörulega ræðu, eins og honum var svo tamt í sínu fyrra lífi, um mikilvægi þess að treysta stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og þó sérstaklega minni hlutans gagnvart meiri hlutanum. Hann rifjaði upp gömlu góðu dagana þegar reynt var að draga úr ágreiningi meiri hluta og minni hluta með ýmsum ráðum, einkum með því að stjórnarandstaðan tæki forustu í hluta þingnefnda. Hæstv. fjármálaráðherra þóttu hlutir síðan hafa þróast mjög á verri veg og staða þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu hafa veikst á ný. Hann útskýrði að staða Alþingis væri fyrst og fremst mæld út frá réttindum minni hlutans á hverjum tíma. Ráðherrann talaði kröftuglega um mikilvægi þess að stjórnarandstaða kæmi að ákvarðanatöku og jafnvel að forseti kæmi úr röðum stjórnarandstöðunnar. Svo benti hann á þá gríðarlegu

lýðræðislegu afturför að í stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks væri í fyrsta skipti nokkru sinni engin einasta trúnaðarstaða í höndum stjórnarandstöðunnar. Ráðherrann bætti svo við:

„Það er dapurlegt að ekki vottar fyrir breytingu þó að Samfylkingin hafi nú tekið sæti í ríkisstjórn, flokkur sem stundum hefur talið sig umfram aðra flokka eiga eignarrétt á hugtakinu lýðræði og viljað ástunda samræðustjórnmál og guð má nú vita hvað.“

Þetta væri öll lýðræðisástin, sagði hæstv. fjármálaráðherra. En ekki virðist aðkoma Vinstri grænna hafa breytt miklu.

Enn er Samfylkingin í stjórn og nú með Vinstri grænum og hvert er viðhorfið til þingsins, samstöðu, dreifingar valds og alls þess sem hæstv. núverandi fjármálaráðherra talaði svo skörulega fyrir? Hafi stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks sett met í að einangra hjá sér vald slær ríkisstjórnin sem nú situr það met. Markvisst er unnið að því að svipta stjórnarandstöðuna sem flestum stöðum. Formennska í nefndum? Ekki að ræða það. Nýja valdstjórnin gengur meira að segja svo langt að kaupa nýjasta flokkinn á þingi til lags við sig til að ná enn fleiri nefndarsætum af stjórnarandstöðunni. Þetta er öll lýðræðisástin.

Sami ráðherra talaði, eins og félagar hans samfylkingarfólkið, mikið um að hjá hinni nýju stjórn yrði almenningi haldið upplýstum um raunverulega stöðu mála, allt ætti að vera uppi á borði. Hann gleymdi bara að nefna að borðið væri í læstu dulkóðuðu leyniherbergi í fjármálaráðuneytinu. Bilið milli orða og gjörða stjórnarinnar birtist þó hvergi jafnglögglega og í viðbrögðum við tillögum frá fólki sem ekki er innvígt, svo ekki sé minnst á það sem kemur frá öðrum flokkum.

Þegar minnihlutastjórnin var mynduð, án þess að hafa sýnt fram á hvernig hún ætlaði að uppfylla skilyrðin um að koma til móts við skuldsett heimili og atvinnulífið, sögðust forsvarsmenn stjórnarinnar ætla að þiggja tillögur frá Framsókn ef okkur þætti ekki nóg að gert. Þegar stjórnin sinnti ekki hlutverki sínu lagði Framsókn fram ígrundaðar tillögur í efnahagsmálum. Þrátt fyrir fyrirheitin hafði stjórnin ekki einu sinni fyrir því að kynna sér tillögurnar og hefur eflaust ekki gert enn.

Ein tillaga var hins vegar valin úr og óhemjukröftum eytt í að snúa út úr henni og reyna að kveða hana niður. Hefði hæstv. forsætisráðherra gefið sér jafnmikinn tíma til að kynna sér tillöguna og hann eyddi í illa ígrundaðar athugasemdir um það sem hann hélt að tillagan gengi út á hefði mátt vinna mikið gagn. Á meðan komu engar lausnir frá stjórninni og hafa ekki komið enn. Sífellt fleiri gera sér grein fyrir því að skuldaleiðrétting er óhjákvæmileg en ríkisstjórnin heldur áfram að berja höfðinu við steininn. Það má ekki ræða tillögur utanstjórnarflokka.

Í staðinn halda stjórnarflokkarnir áfram að tala fyrir stórundarlegri og raunar stórhættulegri stefnu í efnahagsmálum. Rétt eftir kosningar voru stjórnarflokkarnir truflaðir við samræðustjórnmálin í Norræna húsinu og minntir á gríðarlegan vanda íslenskra heimila. Viðbrögðin voru ekki þau að ræða vandann eða leggja fram nýjar hugmyndir heldur að undrast yfir að fólk þekkti ekki allar þær lausnir sem væru í boði. Undrunin virtist einlæg. Ríkisstjórn Íslands virðist svo úr tengslum við ástandið að hún telur sig hafa lagt til ráð sem raunverulega dugi við vandanum en almenningur geri sér bara ekki grein fyrir því. Eða svo málið sé sett í sögulegt samhengi: Ríkisstjórninni var sagt að í landinu væri fólk sem ætti ekki fyrir brauði og hún spurði af hverju það borðaði ekki bara köku.

Nei, vandinn er ekki sá að fólk þekki ekki lausnirnar sem eru í boði. Það vita líklega flestir nema ríkisstjórnin sem enn er svo upptekin af því að fagna sögulegri valdatöku vinstri manna að hún man ekki til hvers hún var kosin. Reyndar upplýsti stjórnin það þegar hún var mynduð að hún ætlaði að láta kanna stöðu heimilanna og bregðast við eftir því sem þörf væri á. Ætli þjóðin ætti ekki að gleðjast yfir því að stjórnin ætli loksins að kynna sér málið? En hún virðist ein um að vita ekki að þörfin fyrir aðgerðir er nú þegar til staðar. Reyndar var þörfin orðin aðkallandi fyrir 100 dögum því að stjórnin var mynduð til bregðast við þeim vanda sem hún ætlar núna að kanna hvort sé raunverulega til.

Stjórnin ætlar að láta kanna ýmislegt, rannsaka, gera áætlanir og skrifa skýrslur. Áætlanagerð virðist vera eitt helsta atvinnumál ríkisstjórnarinnar. Svo stendur til að nefndir og ráð flokksmanna samþætti áætlanirnar. Hættan er hins vegar sú að ráðstjórnin ráðalausa fylgi áfram þeirri frestunarstefnu sem hún virðist vera föst í. Öll hin svokölluðu ráð snúast um að fresta vandanum, þreyja þorrann þar til allt verður svo gott af sjálfu sér eftir nokkur ár að hægt verður að borga upp tapið með vöxtum. Slíkar aðferðir hafa oft verið reyndar og aldrei haft annað í för með sér en að auka enn á vandann. Leiðir ríkisstjórnarinnar miða allar að því að taka við fjölskyldum og fyrirtækjum eftir að þau komast í þrot. Það er stórhættuleg leið. Ef ekki er gripið til róttækra fyrirbyggjandi aðgerða munu sífellt fleiri heimili og fyrirtæki komast í þrot. Atvinnuleysi eykst, neysla dregst enn saman og enn fleiri fara í þrot og svo koll af kolli. Þessi þróun verður hvorki stöðvuð með aukinni skattlagningu né niðurskurði. Hún verður aðeins stöðvuð með fjárfestingu og aukinni verðmætasköpun og með því að nýta það stórkostlega tækifæri sem við höfum til að ráðast í skuldaleiðréttingu.

Íslendingar hafa meiri þörf en nokkur önnur þjóð til að bregðast við vandanum með afgerandi hætti. Svo vill til að við höfum líka betri tækifæri en nokkur önnur þjóð til að gera það. Ef við gerum það kemst Ísland fyrst út úr heimskreppunni og við höfum þá allt sem þarf til að byggja upp fyrirmyndarsamfélag þessarar litlu þjóðar eða stóru fjölskyldu. Til þess þarf samvinnu og aðgerðir. Fólk sem talar fyrir slíku og hefur valdið verður að sýna í verki að því sé alvara.

Var ríkisstjórninni alvara með að innleiða ný vinnubrögð, að upplýsa almenning um stöðu mála, að jafna hlut stjórnar og stjórnarandstöðu, að koma atvinnulífinu af stað? Var ríkisstjórninni alvara með að slá skjaldborg um heimilin? Var ríkisstjórninni alvara um nokkurn skapaðan hlut annan en að halda völdum? Á meðan ríkisstjórnin heldur völdum mun Framsóknarflokkurinn halda sínu striki. Hann mun halda áfram að leggja til lausnir og veita fyrstu meirihlutastjórn vinstri flokkanna á Íslandi uppbyggilegt aðhald. Ekki veitir af.

[20:51]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Ágætu landsmenn. Hér í kvöld höfum við nú heyrt stefnuræðu forsætisráðherra og fyrstu viðbrögð við henni. Ríkisstjórnin hefur talað. Fjórflokkurinn hefur talað. Það hefur fátt breyst í íslenskum stjórnmálum. Ef svo fer sem horfir má landsmönnum verða ljóst að heimilum landsins mun blæða út. Athafnamönnum má verða ljóst að fyrirtækjunum mun blæða út. Foreldrum má verða ljóst að skólaganga barna þeirra muni skerðast. Vinnandi fólki má verða ljóst að kaupmáttur tekna þeirra muni skerðast enn meir.

Góðir landsmenn. Í apríl voru kosningar og í þeim kosningum kom Borgarahreyfingin – þjóðin á þing, fjórum þingmönnum að á Alþingi Íslendinga. Við erum fimmti flokkurinn á þessu þingi. Hér er á ferðinni heiðarleg tilraun fólks í þverpólitískri hreyfingu. Fólks sem hefur það að markmiði að koma á raunverulegum lýðræðisumbótum á Íslandi, að grípa til aðgerða sem raunverulega gagnast heimilum og fyrirtækjum í landinu og að rannsaka hvað raunverulega gerðist og varð til þess að nú upplifum við mestu efnahagsþrengingar sögunnar. Sú tilhugsun að eftir allt sem á undan var gengið yrði enginn valkostur í boði í verðandi kosningum annar en fjórflokkurinn var óbærileg. Því tókum við þátt. Og nú höfum við heyrt, að loknum einum kosningunum enn, hvað þeir hafa fram að færa.

Í október síðastliðnum varð hér algert efnahagshrun, algjört pólitískt hrun og algjört siðferðishrun ráðandi afla. Hér var við völd pólitísk yfirstétt sem hafði tapað öllum raunveruleikatengslum og hvers úrræði á vondum degi var að ákalla guð. Guð blessi Ísland, sagði þáverandi forsætisráðherra, hagfræðingurinn og einn af arkitektum þeirrar spilaborgar sem þá hrundi til grunna. Amen, sagði samstarfsflokkurinn sem þótt að mestu væri saklaus af byggingu spilaborgarinnar hafði ákafur tekið að sér verktöku við lokafráganginn. Amen, sögðu líka flokkssystkin ráðamanna, sem og stjórnsýslan sem flokkarnir höfðu ráðið sér og áttu ekki síður stóran þátt í hruninu. Síðan átti að halda áfram eins og ekkert hefði í skorist.

Þeir valdhafar sem í upphafi árs 2008 vissu nákvæmlega hvert stefndi blekktu þjóðina. Þeir blekktu þjóðina fram á síðasta dag og þeir gerðu sitt besta til að blekkja umheiminn líka. Nágrannaþjóðir okkar mótmæltu og Ísland glataði trúverðugleika sínum með slíkum glæsibrag að efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar var tekið af henni og fært undir yfirþjóðlega stofnun. Þjóðin mótmælti líka, fyrst með semingi en á endanum svo kröftuglega að svikastjórnin hrökklaðist frá. Í allan vetur sem leið kom fólk saman fyrir utan þinghúsið og lýsti óánægju sinni með stefnu þáverandi forsætisráðherra og þáverandi ríkisstjórnar. Kallað var eftir breytingum en þingheimur fór bara í frí.

Virðulegi forseti. 20. janúar síðastliðinn er nú skráður á spjöld Íslandssögunnar. Þann dag var hádegisverðarhlé þúsunda Íslendinga að mestu mótmælum í sögu þjóðarinnar. Alþingi var umkringt af þeim „skríl? og þeirri „ekki-þjóð“ sem valdhafar höfðu hrakyrt mánuðum saman og í hroka sínum reiknað með að léti hvað sem væri yfir sig ganga. Valdhafarnir sem höfðu kollsteypt þjóðarskútunni ætluðu sér að fara sínu fram þegjandi og hljóðalaust án þess að almenningur skipti sér af. Hvað gerðu þeir síðan, valdhafarnir á þeim degi, þingmennirnir sem voru hér innan dyra? Þeir ræddu fram og aftur sprúttsalafrumvarp Sjálfstæðisflokksins. Af því það var á dagskrá eins og sagt er. Hafi einhver efast um fjarlægð þingsins frá fólkinu og firringu þingmanna þá var þeim efa eytt þann dag.

Það vorum við sem tókum sprúttsalafrumvarpið af dagskrá þennan dag og settum almenning á dagskrá. Í framhaldi af hótunum þáverandi dómsmálaráðherra um nánast stríð við almenning tókst svo kjarkmiklum félögum annars stjórnarflokksins að knýja fram stjórnarslit. Við mótmæltum og við unnum. Til hamingju með það.

Ríkisstjórnin féll, boðið var upp á kosningar og til varð Borgarahreyfingin. Við áttum á brattann að sækja allan tímann og ráðandi öfl reyndu með lagaflækjum að koma í veg fyrir framboðið. En við komumst alla leið og rödd okkar heyrist hér í kvöld — sem betur fer. Sem betur fer segi ég því stefnuræðan sem hæstv. forsætisráðherra flutti okkur er því miður stefnulaus. Þau úrræði sem almenningi er boðið upp á eru því miður gagnslaus og hæstv. ríkisstjórn eins og hún leggur sig virðist því miður ráðalaus.

Ágætu landsmenn. Hvað er hér í boði? Förum yfir það. Í kjölfar mesta efnahagshruns sögunnar þar sem nærri 20.000 manns eru atvinnulaus og þúsundir heimila eru á barmi gjaldþrots er heimilunum boðið upp á svokölluð úrræði eins og það heitir í dag. Eitt þessara úrræða er greiðslujöfnun. Á mannamáli heitir greiðslujöfnun einfaldlega teygjulán með árangurslausum afborgunum, takið eftir, teygjulán með árangurslausum afborgunum þar sem skuldugum fjölskyldum býðst að greiða af lánum fram á elliárin og nota til þess eftirlaunin eða réttara sagt ellilífeyrinn því eftirlaunasjóðirnir eru víst að stórum hluta til fallnir líka.

Annað úrræði er svokölluð greiðsluaðlögun. Þar fær skuldug fjölskyldan tilsjónarmann inn á heimilið sem fylgist með heimilisbókhaldinu í nokkur ár. Í kjölfarið og að loknum afskriftum skulda er fjölskyldunni svo boðið að lenda á vanskilaskrá í jafnvel áratugi. Skuldirnar mega hins vegar aldrei fara undir 110% að matsvirði fasteigna fjölskyldunnar. Ja-há.

Svo eru það vaxtabæturnar. Hinar stórauknu vaxtabætur verða að meðaltali um 25 þús. kr. á ári á hvert heimili. Það er ríflega 2 þús. kr. á mánuði. Ja-há. Þetta er einfaldlega gagnslaust. Hér þarf að koma meira til. Hér þarf róttæka skynsemi sem viðurkennir það að vísitölu- og gengishækkanir á íbúðalánum fólks eru óréttlátar og ósanngjarnar. Þessar hækkanir þarf að leiðrétta og færa aftur til ársbyrjunar 2008 en þá var stjórnvöldum ljóst hvert stefndi og hefðu átt að láta almenning vita. Þessar leiðréttingar mundu lækka höfuðstól íbúðalána um 20% sem er þó í raun og veru ekki annað en leiðrétting á hækkun sem hefði hvort eð er ekki komið til ef stjórnvöld hefðu ekki brugðist algerlega við efnahagsstjórninni.

Í þessum málum mun Borgarahreyfingin leita eftir samstarfi við alla flokka á þingi um frumvarp sem leiðréttir þetta mál og sem að auki afnemur endanlega verðtryggingu fjárskuldbindinga. Ekkert hefur farið verr með íslensk heimili og launafólk en verðtryggingin og allur pempíuháttur í kringum afnám hennar er fyrir löngu óþarfur. Hér þarf einfaldlega að reyna að ná samningum við skuldareigendur

um málið og ef það er ekki hægt verður að afnema þennan gallagrip einhliða.

Virðulegi forseti. Annað meginmál efnahagsstjórnarinnar sem ekki er tekið á með almannahag í huga er halli ríkissjóðs. Hér ræður ferðinni stefna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hvers aðkoma að málum fjölmargra landa hefur ekki verið farsæl svo vægt sé til orða tekið. Aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi byggist á því að nágrannalöndin neituðu að lána íslenskum stjórnvöldum fé. Þau stjórnvöld eru sem betur fer ekki lengur til staðar nema að litlu leyti þó að enn sé að vísu eftir að taka til í stjórnsýslunni. Því er tímabært að leita aftur til nágrannaþjóða um aðstoð með því loforði að hér verði gerð ærleg bót og betrun á öllum sviðum.

Þar ber í fyrsta lagi að rannsaka bankahrunið sem þá svikamyllu sem bankastarfsemin sannarlega sýnist hafa verið. Sækja þarf til saka eigendur og stjórnendur fjármálastofnana og frysta eigur þeirra. Rannsaka verður hvert allir þessir peningar fóru og fá þar til aðstoðar þar til bærar eftirlitsstofnanir í nágrannalöndum með því fororði að þeim peningum sem nást til baka verði skilað til réttmætra eigenda. Það sem upp á vantar verði svo sótt til þeirra sem sök eiga á. Um er að ræða hundruð milljarða sem m.a. runnu út úr Seðlabanka Íslands skömmu fyrir hrunið og hvers tap lendir beint á skattgreiðendum landsins. Ætla stjórnvöld virkilega ekki að reyna að sækja þetta fé?

Ef haldið er rétt á spilunum má afþakka svokallaða aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og færa hagstjórnina aftur til íslenskra stjórnvalda. Þar má sannarlega gera betur því sú ætlan ríkisstjórnarinnar sem stefnir að 170 milljarða niðurskurði á þremur árum gengur einfaldlega ekki upp. Almenningur mun sligast undan lána- og skattbyrðinni, mennta- og heilbrigðiskerfið mun leggjast á hliðina og hér verður alvarlegur landflótti. Í fáum orðum sagt, þetta er einfaldlega ekki hægt.

Virðulegi forseti. Hvað varðar önnur mál í stefnuskrá og stefnuræðu þessarar ríkisstjórnar ber að sjálfsögðu að fagna því að ríkisstjórnin brýtur blað með framlagningu þingsályktunartillögu fyrir Alþingi um aðildarviðræður að Evrópusambandinu án þess að til staðar sé eindreginn stuðningur allra stjórnarþingmanna við málið. Hér er sannarlega verið að færa mál til betri vegar og efla bæði þingræðið og lýðræðið með þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu sem mun fara fram um samninginn. Þrjú skilyrði Borgarahreyfingarinnar fyrir stuðningi eru öll í anda lýðræðis og upplýsingar og í anda þeirrar sannfæringar okkar að almenningi sé að sjálfsögðu fyllilega treystandi til að leggja mat á hvort ganga eigi í Evrópusambandið.

Sú staðreynd að Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki líka ekki þessi vinnubrögð og vilja því ekki vinna að framgangi málsins er fyrst og fremst til merkis um þeirra eigin skilningsleysi, sem og langvarandi vantrú þeirra á almenningi í landinu. Hér eru hinir einu og sönnu forsjárhyggjuflokkar á ferð.

Eins eru í skrá um fyrirhuguð þingmál afar brýnar lýðræðisumbætur sem við í Borgarahreyfingunni fögnum mjög. Þó verðum við að setja fyrirvara við frumvarp um stjórnlagaþing sem samkvæmt þessu á að vera ráðgefandi. Það er mál sem er brýnt að þjóðin fái sjálf að ráða ferðinni og semji sína eigin stjórnarskrá. Borgarahreyfingin á sínar sterkustu rætur í kröfunni um nýja stjórnarskrá sem samin er af fólkinu og fyrir fólkið en ekki sem samin er af Alþingi og fyrir Alþingi.

Sérstakt fagnaðarefni er þingmál um afnám ábyrgðarmanna fyrir lánum frá LÍN, sem og þingmálum um frjálsar handfæraveiðar. Einnig eru nokkur nauðsynleg mál eins og fyrirhuguð frumvörp fjármálaráðherra.

Önnur þingmál á dagskrá sýnast okkur hins vegar mega bíða, ekki síst þar sem við teljum brýnast að takast á við vanda heimilanna, fyrirtækjanna og skuldir ríkissjóðs. Í þau verkefni ber að nota vinnutíma sumarþingsins. Ég vil ítreka að í þessum þremur verkefnum duga hvorki vettlingatök né hefðbundnar aðferðir heldur verður að grípa til kjörorða Borgarahreyfingarinnar sem eru róttæk skynsemi.

Virðulegi forseti. Vonir fólks um réttlæti, sanngirni og virðingu mega ekki hverfa. Núverandi ríkisstjórn og þetta þing ber ábyrgð á því. Við þingmenn Borgarahreyfingarinnar erum ekki mjög mörg en við erum hér í umboði 13.519 manna og kvenna sem sum hver stóðu með okkur á Austurvelli mánuðum saman. Við munum tala máli þeirra úr þessum stól. Ætíð. Svo einfalt er það.

Við fórum út í októbernæðinginn og við gerðum byltingu utan dyra í íslenskum vetri. Nú er komið vor og við erum komin inn á þing. Hver hefði nokkurn tímann trúað því að þetta væri hægt? — Góðar stundir.

[21:03]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Hæstv. forsætisráðherra fjallaði í ræðu sinni um hið heilbrigða, réttláta og sterka velferðarsamfélag sem við jafnaðarmenn ætlum að treysta í sessi á næstu árum. Í slíku samfélagi á atvinnuleysi eins og við erum að glíma við núna ekki heima. Atvinnuleysi er mesta meinsemd í hverju velferðarsamfélagi og þess vegna þurfum við að berjast gegn því af öllu afli.

Fyrri ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hóf þegar aðgerðir gegn atvinnuleysinu í febrúar sl. sem eiga að skila sex þúsund störfum á næstu mánuðum og missirum. Um er að ræða fjölþættar aðgerðir, stórar og smáar, og erum við nú þegar farin að sjá árangur þessara aðgerða. Fimm ný frumkvöðlasetur í samstarfi við opinbera aðila og fyrirtæki hafa verið opnuð af Nýsköpunarmiðstöð til að stuðla að atvinnusköpun. Þá er hægt að sækja endurgjaldslausa handleiðslu til Impru eða Nýsköpunarmiðstöðvar við þróun viðskipta- og vöruhugmynda. 56 verkefni hafa fengið fjárstuðning úr styrktaráætluninni *átak til atvinnusköpunar* á þessu ári. Hönnunarmiðstöðin hefur tekið flugið og margþætt verkefni á sviði ferðaþjónustu hafa verið sett í gang. Öflugri Tækniþróunarsjóður, öflugri Rannsóknarsjóður ásamt öðrum þáttum í stuðningsneti atvinnulífsins hafa einnig skilað sínu.

Í sumar er jafnframt búist við erfiðu atvinnuástandi meðal ungs fólks og ekki síst námsmanna. Þess vegna hefur iðnaðarráðuneytið nú ákveðið ásamt menntamálaráðuneytinu að bregðast skjótt við þeirri stöðu með því að setja aukið fjármagn inn í Nýsköpunarsjóð námsmanna samhliða öðrum aðgerðum.

Verkefnið *starfsorka* sem félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun hrintu af stað í vetur með tilstuðlan iðn-

aðarráðuneytisins og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands gerir fyrirtækjum kleift að fá meðgjöf Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að bjóða atvinnuleitendum verkefni sem tengjast nýsköpun og þróun. Nú þegar hafa um 50 fyrirtæki nýtt sér þennan stuðning og ríflega helmingi fleiri atvinnuleitendur nýtt sér þetta tækifæri.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum eru ríflega 4.700, eða tæplega þriðjungur þeirra sem skráðir eru atvinnulausir, í störfum ýmist í gegnum starfsorkuverkefnið eða í átaksverkefnum, starfsþjálfun og námssamningum eða í hlutastörfum og fá á móti greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta er lítið ljós í myrkrinu og vonandi fyrstu merki um að aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu farnar að skila árangri.

Gerðar hafa verið margvíslegar breytingar á lögum til að örva ýmsa þætti atvinnulífsins. Þannig hafa endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar verið hækkaðar úr 14% í 20%, sem gerir okkur samkeppnishæf við okkar helstu samkeppnisaðila á þessu sviði eins og t.d. Íra. Þegar erum við farin að heyra af áhuga stórra erlendra aðila á að koma hingað með framleiðslu sína. Það getur því skapað fjölda starfa ásamt því að færa okkur mikilvægar gjaldeyristekjur. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað hefur verið hækkuð í 100% ásamt því að ná nú til sumarbústaða og bygginga sveitarfélaga. Sú aðgerð hefur afar jákvæð áhrif á störf í byggingariðnaði.

Næst á dagskrá er að gera breytingar á skattaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja til samræmis við helstu samkeppnislöndin. Um er að ræða tvenns konar breytingar, annars vegar ívilnanir til fyrirtækja sem stunda rannsóknir og þróun og hins vegar tímabundinn frádrátt vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Vonast ég til að slíkar breytingar nái fram að ganga á næstu mánuðum.

Góðir landsmenn. Í dag komst olíuleit í lögsögu Íslands á nýtt stig þegar opnuð voru tilboð í fyrsta útboðið vegna veitinga á rannsóknar- og vinnsluleyfum á Drekasvæðinu. Bárust tvö tilboð frá öflugum fyrirtækjum á þessu sviði. Það gefur okkur góð fyriheit um að þarna sé olíu að finna sem við Íslendingar getum nýtt til að byggja undir fjölbreytt atvinnulíf. Mikilvægt er að fylgt sé skýrum umhverfisramma í þessari starfsemi og ekki má gleyma að olía er nýtt til annarra hluta en brennslu. Gífurlegir fjármunir fara í rannsóknir á svæðinu og þjónustu tengdri henni og því munu fjölmörg tækifæri felast í þessum nýja iðnaði hér á landi. Byggir þetta m.a. á því að með breytingum Alþingis á lögum nú í vetur var tryggt að starfsemi af þessu tagi yrði rekin frá stöð á Íslandi og hér munu því skapast þó nokkur störf í þjónustu við starfsemina. Jafnframt verður stofnaður sérstakur menntunar- og rannsóknarsjóður sem leyfishafar greiða í árlega. Markmið sjóðsins er að byggja upp þekkingu á þessum iðnaði hér á landi.

Góðir landsmenn. Þrátt fyrir efnahagskreppuna hafa aldrei fleiri verkefni á sviði orkufreks iðnaðar verið til umfjöllunar í iðnaðarráðuneytinu. Fátt skiptir meira máli við aðstæður eins og hér eru en að örva erlenda fjárfestingu. Til þess að ná árangri á þessu sviði þurfum við að geta boðið samkeppnishæf rekstrarskilyrði og tryggja fjárfestum stöðugleika. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega kveðið á um þá ætlan að efla græna atvinnustarfsemi þar sem endurnýjanleg orka er nýtt á sjálfbæran hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar. Lögð verður áhersla á að kortleggja sóknarfæri Íslands í umhverfisvænum iðnaði og ýta undir fjárfestingar með tímabundnum ívilnunum.

Það er skylda okkar stjórnmálamanna að nýta öll þau tæki sem við höfum til að efla íslenskt atvinnulíf, skapa störf og styðja við það sem fyrir er. Því hefur ríkisstjórnin nú þegar hafið undirbúning að mótun heildstæðrar atvinnustefnu fyrir landið allt sem útfærð verður í formlegu samráði stjórnvalda, sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og háskólasamfélagsins. Við Íslendingar búum vel að sterkum innviðum og erum rík að endurnýjanlegri orku sem við getum byggt á til framtíðar. Í endurreisninni munum við byggja öflugt atvinnulíf á skynsamlegri nýtingu auðlinda okkar en ekki síður hugvitinu og mannauðnum sem við búum að.

Ég hef farið hér yfir nokkrar beinar aðgerðir stjórnvalda til stuðnings við atvinnulífið, jafnt bráðaaðgerðir sem framtíðarfyrirætlanir. Þá hefur hæstv. forsætisráðherra farið yfir aðgerðir til endurreisnar bankanna. En, góðir landsmenn, ef þessar aðgerðir eiga að halda til lengri tíma verðum við að tryggja stöðugan gjaldmiðil og lágt vaxtastig hér á landi. Það eru undirstöður atvinnulífsins, það er súrefni atvinnulífsins. Atvinnulífið þarf fast land undir fótum og því náum við ekki fram nema með gjaldmiðilsbreytingum. Því verðum við að leiða þau mál til lykta, semja við Evrópusambandið og leggja samninginn í atkvæði þjóðarinnar. Með því að samþykkja að ganga til viðræðna við Evrópusambandið sendum við skýr skilaboð til umheimsins um það hvert við stefnum. Við erum þar með að hefja gönguna inn í framtíðina. — Góðar stundir.

[21:10]

Ólöf Nordal (S):

Góðir Íslendingar. Á dögunum kom út vorskýrsla fjármálaráðuneytisins um þjóðarbúskapinn. Óhætt er að segja að skýrslan endurspegli þá miklu óvissu sem nú er í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í raun má segja að allir helstu áhrifaþættir í íslensku efnahagslífi séu mjög viðkvæmir núna hvort sem litið er til endurreisnar bankakerfisins, gengismála, heimila, fyrirtækja eða framkvæmda. Við höfum engan raunverulegan vegvísi inn í framtíðina enn og því miður kom afar fátt fram í aðdraganda kosninga til að varpa ljósi á þetta viðkvæma ástand.

Aðalverkefnið núna er að gera sér almennilega grein fyrir stöðu þjóðarinnar og setja fram raunhæf markmið til þess að mæta þeim bráðavanda sem fjölskyldur og fyrirtæki standa frammi fyrir. Á sama tíma er nauðsynlegt að við Íslendingar setjum okkur skýr markmið inn í framtíðina.

Þótt vandinn í íslensku efnahagskerfi sé mikill má ekki gleyma því að heimurinn allur stendur frammi fyrir miklum erfiðleikum. Víða í Evrópu er kreppan enn að dýpka og t.d. á Bretlandi sjá menn fram á mjög alvarlegt ástand. Ísland er hluti af þessum alþjóðlegu mörkuðum, við erum ekki einangruð hér norður í hafi og eigum ekki að líta svo á. Þvert á móti erum við, rétt eins og önnur ríki, tannhjól í hagkerfi heimsins þótt smátt sé. Okkar útflutningsgreinar hafa hlutverki að gegna á alþjóðlegum mörkuðum, við seljum ekki fisk nema aðrir kaupi.

Ný ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tekur nú við stjórnartaumunum eftir að hafa aukið styrk sinn í liðnum kosningum. Þessarar ríkisstjórnar bíður afar vandasamt verk. Ég vil óska forsætisráðherra og ríkisstjórn hennar alls góðs við það að leysa úr erfiðum verkefnum fyrir heill lands og þjóðar. Við sjálfstæðismenn munum styðja ríkisstjórnina í öllum þeim verkum hennar sem til framfara horfa fyrir þjóðina en við munum jafnframt veita ríkisstjórninni málefnalegt og kröftugt aðhald.

Ég vil hvetja þessa ríkisstjórn til þess að missa aldrei sjónar á því meginverkefni sínu og okkar hinna sem byggja landið. Við verðum að koma þjóðinni aftur á lygnan sjó, við verðum að skapa hér blómlegt samfélag þar sem hver og einn fær notið sín. Það má ekki varpa þeim vanda sem núlifandi kynslóðir standa frammi fyrir á komandi kynslóðir Íslendinga. Við verðum sjálf að takast á við erfiðleika dagsins. Við skulum ekki láta börnin okkar fá þá í arf.

Hæstv. forsætisráðherra talaði því miður mjög almennt í ræðu sinni hér í kvöld og er það nokkurt áhyggjuefni, ekki síst vegna þess að sú ríkisstjórn sem nú situr byggir á grunni þeirrar minnihlutastjórnar sem sat hér í aðdraganda kosninga. Þess vegna ætti hæstv. forsætisráðherra að hafa haft gott tækifæri til að undirbúa næstu skref. Málefnasamningur ríkisstjórnarinnar og stefnuræða hæstv. forsætisráðherra kallar fram mun fleiri spurningar en svör. Hæstv. fjármálaráðherra og formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bætti því miður afar fáu við. Við þetta mæta fólk vil ég segja: Höfum náið samstarf við þá sem geta hjálpað okkur. Við skulum horfa til útlanda og læra af þeim sem lent hafa í sambærilegri stöðu og vita hvernig þau ætla að bregðast við núna.

Hér er mikið talað um norræna módelið. Gott og vel. En þar eru líka vandamál og við verðum að hlusta eftir því hvað nágrannaþjóðir okkar hefðu viljað vera án. Við viljum ekki lenda hér í viðvarandi atvinnuleysi sem er einmitt það sem margar þessara þjóða berjast við.

Frú forseti. Það er ekki nóg að tala um gagnsæi og að leggja spilin á borðið þegar það er bara í orði en ekki á borði. Það er rétt hjá hæstv. forsætisráðherra að við verðum öll að leggjast á árarnar, við þingmenn og þjóðin öll, en þá verða menn að tala hreint út. Ætlum við að nýta okkur krafta þjóðarinnar á breiðum grunni eða ætlum við að horfa á málið frá þröngum sjónarhóli ríkisrekstrarins? Ætlum við að láta þá þróun halda áfram að hvert fyrirtækið á fætur öðru verði í forsjá ríkisbanka, nú síðast Icelandair? Það má ekki verða. Ég skora á ríkisstjórnina að leita allra leiða til þess að koma í veg fyrir að hvert fyrirtækið á fætur öðru lendi í bókhaldi ríkisbanka. Slíkt er einungis til þess fallið að draga kraft úr atvinnulífinu, frumkvæði þess og elju.

Góðir landsmenn. Við höfum alla burði til þess að komast sæmilega hratt út úr þeim vanda sem við blasir. Grunngerð samfélagsins stendur traustum fótum. En á sama tíma verðum við að horfa til næstu kynslóða og leggja nú þegar grunn að aukinni hagsæld þjóðarinnar. Það gerum við með því að leiða saman ólíka hópa í þjóðfélaginu. Við eigum að nýta háskólasamfélagið markvisst og tefla því fram með atvinnulífinu og hagsmunaaðilum til að auka bæði nýsköpun og þróun.

Fram undan er þungbær niðurskurður og vafalaust verður þar engu eirt eða nánast ekki. Við skulum ekki blekkja okkur með því að halda öðru fram. Í þeirri vinnu má ekki gleyma að vel menntuð og víðsýn þjóð er jafnframt þróttmikil og hugmyndarík þjóð. Þar er fjöregg okkar Íslendinga. — Góðar stundir.

[21:16]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Góðir Íslendingar. Í nótt var sólarupprásin fögur út um gluggann. Esjan skartaði sínu fegursta og smábátahöfnin dormaði. Það var kyrrð yfir Faxaflóa og sumarið var komið. Það verður að segjast eins og er að í kreppu er einkar gott að sjá til sólar og finna fyrir þakklæti.

Ég er þakklát fyrir að búa í landi stórbrotinnar náttúru, landi þar sem er hreint vatn og ferskt loft og hiti og rafmagn og sundlaugar og haf. Ég er þakklát fyrir tónlist í túnfætinum heima. Það er uppselt á tónleika Víkings Heiðars og EES-ríkin unnu Evróvisjón.

Ég er þakklát að búa í landi þar sem nýfæddum syni er bjargað af framúrskarandi heilbrigðisstarfsfólki, landi þar sem hann fær að eiga tvær mömmur og alast upp við rótgrónar kvenfrelsis- og jafnréttisraddir sem krefjast gjörða en ekki bara orða. En ég er líka óþolinmóð því að það er ótal margt sem við þurfum enn að gera, köllin berast alls staðar að. Það eru köll heimila og fjölskyldna og fyrirtækja, hróp á meiri hjálp, skýrari aðgerðir, hraðari vinnu og betri upplýsingar. Margt gott hefur verið gert á stuttum tíma af fólki sem hér vinnur dag og nótt en skriðan er þung og margslungin og Ísland þarf á okkur öllum að halda.

Hæstv. forsætisráðherra nefndi þá framsýni sem sýnd var þegar landhelgin var færð út í 4, 12, 50 og 200 sjómílur. Það er við hæfi að rifja þá sögu upp. Þótt varðskipið Þór sé ekki hér að klippa á víra geisar nefnilega eiturhörð barátta um lífsafkomu íslensks samfélags til framtíðar. Baráttan nú er alþjóðleg og snýst m.a. um það hvort þorri almennings víða um heim nær að verjast áframhaldandi spilavítiskapítalisma og arðráni. Það er ekki bara á Íslandi sem auðlindir þjappast saman á hendur fárra og gufa svo upp, ó nei, þetta er ekki bara einhverjum 30 einstaklingum að kenna. Þetta er lögskipað heimskerfi sem færir gríðarleg auðæfi frá suðri til norðurs, frá samfélögum til auðhringja, frá frumbyggjum til miðstýrðs valds, frá fólki til fjármagnseigenda, kerfi sem skilur eftir sig sviðna jörð í lífríki jarðar. Einmitt nú hefur þessi barátta náð til Íslands af fullum þunga. Hvernig ætlum við að verjast, hver bjargar verðmætum þjóðar af hugrekki?

Fyrrum sjávarútvegsráðherra, Lúðvík Jósepsson, skýrði frá því hvernig sumir pólitískir andstæðingar gátu ekki stutt útfærslu landhelginnar þar eð slíkt gengi gegn hagsmunum Breta og mundi hugsanlega styggja Atlantshafsbandalagið. Ég spyr: Hvar værum við nú ef við hefðum ekki haft kjark til að verja rétt smárra samfélaga og ganga gegn kröfum Atlantshafsbandalags og Efnahagsbandalags Evrópu þess tíma, eða svo við heimfærum þetta upp á nútímann: Alþjóðagjaldeyrissjóðs og Evrópusambands?

Nú ríður á að sagan endurtaki sig ekki, að fólk kikni ekki í hnjánum og gefist ekki upp þótt Evrópusambandið hnerri eða Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fyrirskipi. Það eitt skiptir máli að bjarga heimilunum í landinu, að koma hið fyrsta upp gagnsæju, viðráðanlegu og skilvirku bankakerfi

og uppræta alla spillingu og leynimakk og snarlækka vexti. Hver sú stofnun sem kemur í veg fyrir að slíkt megi verða verður einfaldlega að fá hnefann í borðið.

Bandarískur vinur minn, sem er doktor í hagfræði frá Harvard, spurði mig spurningar í gærkvöldi. Hann spurði: Hvort þurfti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn meira á Íslandi að halda eða Ísland á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Svar hans var skýrt: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þurfti meira á Íslandi að halda. Kreppan var himnasending fyrir stofnun sem var rúin trúverðugleika og hafði æ minna hlutverki að gegna á alþjóðlegum vettvangi. Glórulaus hávaxtastefna og blæðandi samfélög, stoppað upp í fjárlagagöt með ógnvænlegum hraða, skuldir greiddar í topp með vöxtum og vaxtavöxtum, velferðarkerfið holað að innan. Við verðum að læra af sögunni, það er um framtíð Íslands að tefla.

Ein sterkasta kreddan sem nú gengur ljósum logum hér á landi er að aðild að ESB bjargi Íslandi. Það er ekki svo. Eða eigum við kannski að horfa í kringum okkur? Eigum við t.d. að nefna langvarandi atvinnuleysi á Spáni sem nú nálgast 20%, hrunið í evruríkinu Írlandi, vini okkar í Eystrasaltsríkjunum? Ég skora á hæstv. forsætisráðherra að tala einungis fyrir hennar flokk en ekki okkur hin þegar hún talar fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu, þann stóra dóm mun einungis þing og þjóð kveða upp.

Nú skiptir öllu að sameinast um það sem við getum sameinast um, láta hitt vera. Getum við t.d. sameinast um að láta kreppuna skila börnunum okkar betri tannheilsu en góðærinu tókst að gera, svo fátt eitt sé nefnt? Er leið í kreppu til að byggja barnvænna samfélag, samfélag þar sem besti vinur barnanna, tíminn og samveran eru höfð í fyrir rúmi. Eru heilbrigðisstofnanir okkar, leikskólar og grunnskólar e.t.v. betur mannaðir núna en í góðærinu þar sem stöðug mannekla háði öllu starfi? Sóknarfærin eru til staðar þrátt fyrir niðurskurð, blóðugan niðurskurð, hagræðingu og erfiðleika næstu missirin. Langtum fátækari kynslóðir byggðu hér grunn að velferðarsamfélagi jafnaðar og menningar. Án þrjósku forfeðra okkar og formæðra værum við ekki hér en hér erum við og nú er það upp á okkur komið að sýna sömu þrjóskuna og sama baráttuandann. Nú duga bara skýrar aðgerðir en þær duga einungis ef við ráðumst í þær af sameiningu, samstillt, áköf og gagnrýnin á okkur sjálf en bjartsýn þrátt fyrir allt í sólinni á okkar fagra landi. — Lifið heil.

[21:23]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ágætu Íslendingar. Undanfarna daga hef ég verið nokkuð hugsi yfir stjórnskipulegri stöðu Íslands og hvaða augum æðstu ráðamenn þjóðarinnar líta hana. Ráðherrar í ríkisstjórninni eru ósamstiga í afstöðu sinni um hlutverks Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi. Svo virðist sem ríkisstjórnin hafi ekki fulla stjórn á málum, eins og lög segja til um, því að hið alþjóðlega vald sem fylgir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum virðist ganga framar sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar. Samkvæmt lögum á peningastefnunefnd að ákvarða stýrivexti Seðlabankans. Ákvarðanir nefndarinnar skulu grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika. Ráðherrar í ríkisstjórninni hafa sagt að hér geti vextir lækkað mjög hratt.

Einhverra hluta vegna er hún ákaflega hol rödd hæstv. efnahagsmálaráðherra er hann telur að svigrúm sé til vaxtalækkana þvert á skoðun fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Einhver hluti ríkisstjórnarinnar — fulltrúar Vinstri grænna — er ósáttur við veru sjóðsins hér á landi og hafa ráðherrar flokksins látið ýmislegt flakka í umræðunni, svo sem að það sé „beinlínis þjóðhættuleg stefna að halda vöxtum uppi“ og að „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn andi köldu ofan í hálsmálið á mönnum í Seðlabankanum sem eigi að taka sjálfstæða afstöðu til vaxtastigsins“. Afstaða sjóðsins hræðir mig, sér í lagi er litið er til jöklabréfanna.

Ég tel að með svo háum stýrivöxtum sé verið að vernda hagsmuni aðila sem eru óæskilegir í íslensku fjármálalífi, það verður að hefja rannsókn á því hverjir eru raunverulegir eigendur jöklabréfanna. Þeir sem hafa keypt jöklabréf njóta þess að fá greidda háa vexti, vexti sem fyrirtækin og heimilin í landinu borga og blæða fyrir. Á móti bera þeir hins vegar gengisáhættu. Falli krónan verður tap en ef krónan styrkist verður hagnaður.

Á þessum forsendum er það varla tilviljun að mínu mati að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn neitar Seðlabankanum um að lækka stýrivexti þar til krónan styrkist. Ríkisstjórnin hefur slegið myndarlega skjaldborg um fjármagnseigendur og lánardrottna, erlenda sem innlenda.

Ríkisstjórninni virðist vera sama um fjölskyldurnar og fyrirtækin í landinu. Skuldaniðurfelling er sögð kosta ríkissjóð svo og svo mikið en þegar 200 milljörðum var dælt í peningamarkaðssjóði bankanna heyrðist ekki múkk. Þetta er mismunun á sparnaðarleiðum og mismunun skal það heita.

Einu aðgerðir vinstri stjórnarinnar sem hefur harða frjálshyggjustefnu í efnahagsmálum er að koma með aðgerðir þegar fólk og fyrirtæki hafa misst allt sitt. Að lengja í lánum þeirra sem sýnt geta fram á sem lélegastar framtíðarhorfur fyrir fjölskylduna og börnin sín er hættulegt fordæmi. Þá erum við ekki lengur að tala um lán til 40 ára, við erum að tala um lán til 50 ára, 60 ára og jafnvel 70 ára, lánin lifa því kynslóð eftir kynslóð ef tillögur ríkisstjórnarinnar um þessa lengingu verða algengar og ná fram að ganga.

Ég kalla eftir mannlegri reisn til handa fólki sem komið er í öngstræti. Ríkisstjórnin heldur niðurrifsstarfseminni áfram og af þrjósku virðast ráðherrar hennar ekki taka tillit til 20% leiðréttingarleiðar Framsóknarflokksins, sennilega af því að ríkisstjórnin átti ekki hugmyndina sjálf, fyrir utan það að margir þeirra sem hafa tjáð sig um tillöguna virðast ekki hafa skilið út á hvað hún gengur. Þetta er forkastanleg framkoma gagnvart almenningi og fyrirtækjum í landinu.

Þegar áherslur þeirra flokka sem mynda núverandi ríkisstjórn eru skoðaðar verður tæpast séð að þeir geti starfað lengi saman. Það er eins og flestir séu búnir að gleyma því að Samfylkingin hafði verið í ríkisstjórn í tæp tvö ár þegar bankarnir féllu. Hæstv. ráðherrar Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson voru ráðherrar í ríkisstjórn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Geirs H. Haarde. Einhverjir mundu segja að það tæki skemmri tíma en 18 mánuði að komast til fullrar vitundar og muna eftir því að hafa verið í þeirri ríkisstjórn. Þetta kallast afneitun á íslensku.

Það var áfellisdómur yfir ríkisstjórninni að grípa ekki til

harkalegri viðbragða þegar allt fór hér í þrot. Heil þjóð fór á hausinn og ríkisstjórnin gerði ekki neitt.

Nú hefur komið í ljós að Seðlabankinn var með neyðaráætlun — vissi ríkisstjórnin ekki af þeirri neyðaráætlun sem síðar varð uppspretta hinna umdeildu neyðarlaga? Látum vera að fyrrverandi bankamálaráðherra hafi ekki vitað af henni, hann sagði hróðugur frá því úr þessum ræðustóli að hann hefði ekki verið í miklu sambandi við seðlabankastjórann á þessum tíma — sjálfur viðskiptaráðherrann.

Við höfum enn sama utanríkisráðherrann, hví brást hann ekki við strax eftir hrunið og mótmælti meðferðinni á okkur? Hví skrifar hann nú 1.400 kurteisisbréf á vordögum til breskra þingmanna? Hvað er verið að undirbúa? Jú, það er verið að undirbúa aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Nú ætlast ríkisstjórnin til þess að Alþingi samþykki einhliða þingmannaþingsályktunartillögu um að senda þennan sama mann, þennan utanríkisráðherra — sem lyppaðist niður eins og bráðið smjör við hörku Bretanna gagnvart okkur í hruninu — til Brussel að semja um málefni þjóðarinnar.

Samfylkingin hefur ekki burði til þess að koma málefninu á dagskrá ríkisstjórnarinnar eins og hún lofaði þó fyrir kosningar og Vinstri grænir vilja ekki til Brussel. Svo stórt mál eins og afsal þjóðarinnar á fullveldisrétti sínum verður að vera ríkisstjórnarmál. Ísland er lýðræðisríki þar sem Alþingi og forseti fara saman með löggjafarvald og forseti og önnur stjórnvöld fara samkvæmt stjórnarskránni og landslögum með framkvæmdarvaldið.

Ágætu Íslendingar. Við framsóknarmenn höfum talað í lausnum. Við viljum koma heimilum og fyrirtækjum til hjálpar. Við viljum að allir vinnufærir einstaklingar hafi atvinnu. Við höfum talað kjark í þjóðina. Ég skora á ríkisstjórnina að taka upp efnahagstillögur Framsóknarflokksins til heilla fyrir íslenska þjóð.

[21:29]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Kæru landsmenn. Þessi ríkisstjórn hefði lagt fram frábæra stefnuskrá ef hún hefði verið sett saman fyrir árið 2006. Stjórnarsáttmálinn hefði án efa komið þjóðinni að verulegu gagni í góðærinu, en ríkisstjórnin virðist ekki vera meðvituð um að við erum tæknilega séð gjaldþrota þjóð. Þessi stjórn hefur um margt góðan vilja og margt í þeirri stefnu sem Borgarahreyfingin getur stutt varðandi lýðræðisumbætur. Stjórnin hefur sett frábært fordæmi fyrir ný vinnubrögð á þinginu með því að leggja ESB-málið í dóm samvisku sérhvers þingmanns óháð flokkslínum. Þarna er kominn vísir að vinnubrögðum sem við viljum upplifa á þinginu.

Þegar ég las verkefnalista sumarþingsins varð ég satt best að segja reið, öskureið, vegna þess að sá listi endurspeglar ekki brýna þörf á neyðaraðgerðum til að hjálpa fjölskyldum í landinu, reið því að ég upplifi eins og svo margir aðrir að ráðamenn hafa ekki fullan skilning á því hörmulega óréttlæti sem við höfum orðið fyrir og virðast ekki skynja umfang neyðarinnar. Það þýðir ekkert að vera með bómullaraðgerðir eða málamiðlanir til að þóknast öllum hagsmunasamtökum á meðan þjóðinni er að blæða út. Nú þurfa stjórnvöld að sýna okkur að þau hafi þor og vilja til að forgangsraða rétt, sýna að þau setji fjölskyldurnar í fyrsta sæti en ekki fjármagnseigendur.

Samkvæmt því sem komið hefur fram telur ríkisstjórnin að þær aðgerðir sem hún hefur boðað séu nægilega góðar til að hjálpa nauðstöddum. Því mun ekkert verða gert á þessu sumarþingi til að bregðast við neyðarópum almennings um hjálp. Við verðum einfaldlega að hugsa út fyrir rammann, taka af hugrekki ákvarðanir sem litast ekki af flokkadráttum og valdapólitík. Það er ekkert réttlæti í því að veðsetja vinnu Íslendinga til næstu 70 ára til að borga skuldir sem þjóðin efndi aldrei til.

Það verður engin þjóðarsátt fyrr en forgangsröðunin verður rétt hjá núverandi ríkisstjórn. Það verður engin þjóðarsátt nema skuldastaða heimilanna verði leiðrétt með stórum heildrænum aðgerðum sem koma heimilunum strax til bjargar áður en fólk gefst hreinlega upp.

Kæru landsmenn. Þjóðin hefur verið beitt miklu óréttlæti. Það verður að draga einhverja til ábyrgðar á því hruni sem við sjáum enn ekki fyrir endann á. Það er mikil reiði í samfélaginu. Ef enginn verður sóttur til saka og eigur þeirra sem enn svíkja og pretta fyrir opnum tjöldum frystar á meðan rannsókn stendur mun skella á önnur bylting, bylting fólks sem hefur engu að tapa. Það er einfaldlega ekkert réttlæti í því að þeir aðilar sem hafa hneppt komandi kynslóðir í rammgert skuldafangelsi gangi enn lausir á meðan aðrir eru fangelsaðir og sektaðir fyrir að stela sér í matinn. Ósjálfrátt eru hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar grunaðir um hagsmunatengsl.

Endurreisnin verður að fela í sér von, von um réttlátt samfélag sem er ekki gróðrastía svika og pretta. Vonin kviknar þegar ljóst er að hér verður tekið föstum tökum á spillingu og að tilgangur sé með því að fórna sér enn og aftur fyrir samfélagið sem við búum í. Ef hér verða ekki gerðar nauðsynlegar stjórnsýslubreytingar og lýðræðishallinn réttur af mun fólk eiga það á hættu að lenda í sömu stöðu áður en langt um líður.

Það er því miður staðreynd að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stjórnar fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar. Við megum ekki láta þau fjölmörgu varnaðarorð sem við höfum fengið um þá vá sem við stöndum frammi fyrir sem vind um eyru þjóta. Auðlindir okkar og sjálfstæði eru í bráðri hættu. Lærum af reynslunni í þetta sinn. Við vorum ítrekað vöruð við vegna ofþenslu í bankakerfinu okkar en hlustuðum ekki, gerðum lítið úr þeim sem varnaðarorðin sögðu og uppskárum algjört hrun fyrir vikið. Yfir okkur vofir skriðþungi jöklabréfa sem geta hæglega veitt því sem næst gjaldþrota hagkerfi okkar náðarhöggið.

Við krefjumst þess að leyndinni yfir þeim verði aflétt nú þegar sem og bankaleyndinni og leyndinni yfir raforkuverðinu til stóriðjufyrirtækjanna. Þjóðin krefst þess og við erum hér á þessu þingi til að þjóna henni. Því megum við aldrei gleyma. — Takk fyrir.

[21:35]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Kæru landsmenn. Hvað á þjóðin skilið af okkur, nýju þingi og nýjum þingmönnum? Aldrei í langri þingsögu Íslendinga hefur orðið viðlíka endurnýjun þingheims og nú á þessu vori og því skal enn spurt: Hvað á þjóðin skilið af okkur? Ég nefni ný vinnubrögð. Ég hampa þingræðinu á

kostnað ráðherraræðis, ég bendi á hollustu við almenning í stað flokksklafa og síðast en ekki síst nefni ég virðingu hvers þingmanns fyrir skoðunum annarra. Já, hvað á þjóðin skilið af okkur? Við skulum spyrja okkur þessarar spurningar í hvert einasta sinn sem við göngum hingað í hús. Það gengur ekki að lunginn úr ræðutíma þingmanna fari í það að fjargviðrast hverjir við aðra. Hér í þingsölum hefur allt of mikill tími farið í að lítillækka fólk og svo sem til hvers? Pólitísk hávaðarifrildi hafa sjaldnast komið miklu í verk sakir þess að þau ala á óheilindum. Nú er lag að spara stóru orðin og veita fremur kröftunum í stóru verkin. Þjóðin á heimtingu á því, hún væntir þess að við gerum hvort tveggja í senn, tölum og vinnum af viti.

Til að svo megi verða þarf líka að laga Alþingi. Hér í þingsölum þarf kraftur þjóðarinnar að heyrast og hann má ekki kæfa með krumlum framkvæmdarvaldsins. Hér á þingið að tala, ekki embættismannakerfið. Andi íslenskra laga verður að vera manneskjulegur og þess þá heldur að fulltrúar þjóðarinnar vinni lögin almennilega í nefndum sínum í stað þess að samþykkja þau óséð af kontór kerfisins.

Góðir landsmenn. Þau þáttaskil sem nú eru í efnahags- og stjórnmálasögu þjóðarinnar verða að kenna okkur margt. Aldrei aftur skulum við glata jöfnuðinum í íslensku samfélagi. Því er brýnna en áður að við stöndum vörð um varanleg gildi en látum ekki blekkjast af stundargróða óbeislaðrar markaðshyggju. Íslenskt velferðarsamfélag má aldrei aftur verða tilraunastofa fyrir sjálfumglaða sérhagsmunagæslu. Pólitískar lausnir á ekki að sníða að þörfum útvalinna. Þær eiga undanbragðalaust að þjóna almannahagsmunum.

Verkefni dagsins er að laga samfélagið. Við þurfum að laga það að þeirri samfélagsgerð sem best hefur dugað á Íslandi, samfélagi jöfnuðar og réttlætis og frelsis með gott betur en snefil af ábyrgðartilfinningu. Eitt meginverkefni nýs þings á að vera að jafna lífsgæði fólks óháð fjárhag en einnig óháð búsetu. Að því gefnu að við séum öll sammála um að ein og sama þjóðin búi í landinu verðum við að jafna rétt fólks til samgangna, heilsugæslu og mennta. Með öðrum orðum: Gerum ráð fyrir einu samfélagi í þessu landi.

Það þýðir ekki síst að jafna verður starfsskilyrðin og starfstækifærin í landinu. Eða finnst okkur það enn þá sjálfgefið að atvinnulíf úti á landi sé einsleitt en fjölbreytnin ráði ríkjum suðvestanlands? Ég segi nei. Stærsta byggðaaðgerð Íslandssögunnar var að velja stjórnsýslunni stað á einu horni landsins. Það á að hafa afleiðingar. Jöfnun flutningskostnaðar er viljayfirlýsing um að samkeppnisrekstur verði stundaður um allt land. Ójöfnuður í þessu efni er ávísun á aðstöðumun. Ætlum við áfram að verja hann? Ég segi nei. Hér verða menn að tala skýrt og taka af öll pólitísk tvímæli. Vilja menn jafna aðstöðu atvinnufyrirtækja í landinu eða ekki? Vilja menn eitt og sama samfélagið eða ekki?

Kæru landsmenn. Hvað á þjóðin skilið af okkur, nýjum þingmönnum? Hún á það skilið núna þegar samdráttur einkennir efnahag okkar að við stöndum vörð um velferðina og sköpum þjóðarsátt um grunngildin. Í því efni verðum við að hafa eitt í huga framar öllu: Gerum ráð fyrir öllum í samfélaginu, gerum nákvæmlega ráð fyrir öllum í samfélaginu.

Núna, þegar við erum að súpa seyðið af því að hafa einkum gert ráð fyrir útvöldum á undraverðum sérkjörum gömlu stjórnmálanna, skulum við sérstaklega hugsa til þeirra sem fengu minnstu tækifærin í sjálfu góðærinu. Þeim skal hlíft. Það skal vera hluti af nýrri þjóðarsátt, þeim skal hlíft.

Góðir Íslendingar. Nú byggjum við upp og nú vinnum við eins og menn, þingmenn og þjóðin sjálf. Við höfum ekki lengur efni á gallsúrri og gamalli pólitík. Búum til samfélag í stað sundrungar, þjóðin á það skilið. — Gleðilegt sumar.

[21:40]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Í dag erum við í öldudal og nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að allir standi saman. Þegar þrengir að þarf hver og einn að líta í eigin barm og skoða hvað má gera betur og með hvaða hætti.

Margir urðu fyrir vonbrigðum með stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar er öll áherslan á langlokur í stað lausna, þar kemur lítið fram um það hvernig koma á fyrirtækjunum í landinu til hjálpar. Ríkisstjórnin verður að koma með frekari útfærslur á því hvernig fyrirtækjum og heimilum verður gert kleift að vinna sig út úr þeim erfiðleikum sem þau nú eru í.

Boðuð fyrningarleið ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegi um að innkalla aflaheimildir sem útgerðarfyrirtæki landsins hafa keypt mun setja mörg byggðarlög í mikinn vanda en víða á landsbyggðinni er sjávarútvegurinn undirstaða alls samfélagsins. Ekki nóg með það heldur mun þetta setja þau fyrirtæki sem í greininni starfa í þrot. Öllum hlýtur að vera ljóst að það gengur ekki að skilja þessi fyrirtæki eftir með skuldirnar og á sama tíma hirða af þeim tækifærin til að skapa tekjur til að standa í skilum. Mér finnst það afar furðuleg ráðstöfun hjá ríkisstjórninni á þessum erfiðu tímum og viðbrögð ýmissa sveitarfélaga víða um land sýna að þessi áform ríkisstjórnarinnar valda óvissu og draga þrótt úr mönnum.

Eru núverandi verkefni ekki nægjanleg? Er skynsamlegt að fara í það að setja allan sjávarútveg á Íslandi í uppnám? Það er kaldhæðnislegt að á sama tíma og ríkisstjórnin boðar þessa aðför gegn sjávarútvegi í landinu er skrifað í stjórnarsáttmálann að skapa þurfi íslenskum sjávarútvegi bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og að sjávarútvegur gegni lykilhlutverki í endurreisninni.

Virðulegur forseti. Aðstæðurnar núna eru þannig að við verðum að hætta að tala í frösum og fara að tala um hlutina eins og þeir eru. Mig langar að nefna eitt dæmi. Fyrir tveimur árum ákvað einn útgerðarmaður í Ólafsvík að selja frá sér kvótann. Tveir útgerðarmenn á Rifi fjárfestu í þessum kvóta til að treysta rekstrargrundvöll útgerða sinna og til að halda kvótunum í byggðinni. Kaupverðið var 78 millj. kr. Í dag standa lánin í 173 milljónum. Jafnframt hefur kvótinn verið skertur um 15% frá því að þeir keyptu hann. Ljóst er að hvorugt þessara fyrirtækja mun lifa af ef fyrningarleiðin verður farin. Á sama tíma hefur hins vegar sá sem seldi kvótann getað ávaxtað sölutekjur sínar á háum vöxtum. Jafnframt hélt hann eftir bátnum og mun, ef boðaðar strandveiðar verða að veruleika, koma aftur inn í

greinina endurgjaldslaust. Er þetta sáttin sem þarf að nást við þjóðina?

Þetta er ekki einsdæmi því að víða um land eru bátar í tugatali nú kvótalausir eftir að eigendur þeirra seldu aflaheimildir sínar og bíða nú eftir að verða hleypt aftur inn í kerfið og sumir hverjir í annað, þriðja eða fjórða sinn. Að mínu mati er þetta siðlaust, það á ekkert skylt við réttlæti og því síður sátt. Áform ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum sýna vel hve holur hljómur er í yfirlýsingum hennar um að byggja upp atvinnulífið.

Yfirlýsingar fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, um að endurskoða hvalveiðar eftir þessa vertíð og hugsanlega stöðvun þeirra hefur kippt stoðunum undan áformum um uppsetningu vinnslustöðvar á Akranesi. Hér er um mikið áfall fyrir atvinnulífið á Akranesi að ræða enda vissu menn að vinnslan mundi skapa fjölda starfa. Það er afar óskynsamlegt að nýta ekki þessa auðlind okkar því að ekki veitir okkur af störfunum og ekki síður höfum við nú þörf á að auka útflutningstekjur okkar. Hér er tækifæri sem vert er að nýta öllum Íslendingum til góðs.

Ég vil því nota þetta tækifæri til að skora á hæstv. sjávarútvegsráðherra Jón Bjarnason að boða til fundar á Akranesi með forsvarsmönnum bæjarfélagsins, verkalýðsfélagsins og hagsmunaaðilum í greininni þannig að finna megi leiðir til að hægt verði að fara á fullt í uppbyggingu vegna hvalveiða og vinnslu.

Góðir landsmenn. Tala þarf kjark í þjóðina og eyða óvissu og ótta. Ég vona að okkur hér á þingi takist að gera það. Ríkisstjórninni óska ég velfarnaðar í sínum vandasömu störfum landi og þjóð til heilla. — Góðar stundir.

[21:45]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Virðulegur forseti. Góðir landsmenn. Við íslensku þjóðinni blasir stórt og umfangsmikið verkefni sem er endurreisn íslensks efnahagslífs. Hið nýja Ísland þarf að byggja á öðrum grunni með aukinn jöfnuð að leiðarljósi. Þegar tekið verður á þeim erfiðleikum sem fram undan eru þarf að leggja sérstaka áherslu á að hlífa félags-, velferðar- og menntakerfinu.

Þegar rætt er um jöfnuð er einnig mikilvægt að hafa í huga að stór hluti fólks og heilu byggðarlögin tóku aldrei þátt í þessu svokallaða góðæri sem talað hefur verið um. Mörg þessara svæða hafa mátt þola fólksfækkun og neikvæðan hagvöxt svo árum skiptir. Þetta eru einkum samfélög þar sem atvinnulíf er sérhæft, t.d. öflug landbúnaðar- og sjávarútvegshéruð. Þarna er um að ræða atvinnugreinar sem eru gjaldeyrisskapandi og eiga mikla vaxtarmöguleika ef rétt er á málum haldið.

Landbúnaður og sjávarútvegur eru grunnatvinnugreinar margra byggðarlaga og ný ríkisstjórn setur fram öfluga framtíðarsýn hvað þetta snertir. Þegar kemur að landbúnaði er það vilji núverandi ríkisstjórnar að standa vörð um innlendan landbúnað, tryggja fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar og jafnframt að standa vörð um störf í matvælaiðnaði. Í sjávarútvegi má nefna endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu þar sem áhersla verður lögð á að tryggja atvinnuöryggi og réttindi einstakra byggðarlaga. Auk þessa má nefna aðgerðir til eflingar ferðaþjónustu og innlendrar framleiðslu um land allt.

Góðir Íslendingar. Innan skamms verður lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga er varðar umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Það er sameiginlegur skilningur stjórnarflokkanna að við afgreiðslu á þessari tillögu muni hver og einn alþingismaður fylgja eigin sannfæringu og málið fái þannig lýðræðislega meðferð hér í þinginu. Á næstu árum þurfa Íslendingar að takast á við mjög stórt og umfangsmikið verkefni. Það gerir kröfu til þess að þjóðin standi þétt saman og að þjóðarsátt náist um þau verkefni sem fram undan eru. Það er miður ef nægur þingstyrkur er fyrir máli af þessu tagi sem felur í sér gríðarlegan kostnað, mikla vinnu og sundrung í íslensku samfélagi á sama tíma og heimili og fyrirtæki landsins þarfnast allra þeirra krafta sem við eigum. Mín skoðun er sú að hag Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins og að nú sé ekki rétti tíminn til að takast á við þessi mál. Þeirri skoðun mun ég fylgja bæði innan og utan veggja Alþingis. Sjálfstæðið er sívirk auðlind og það er sjálfstæði Íslendinga ásamt jöfnuði, krafti og samstöðu sem mun byggja upp hið nýja Ísland.

Góðir Íslendingar. Sem nýr og jafnframt sem yngsti þingmaður Alþingis vil ég að endingu segja að ég hlakka til að takast á við þetta krefjandi verkefni. Ég mun starfa af fullum heilindum og leggja mig allan fram í þágu íslensks samfélags. — Lifið heil.

[21:49]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Það er full ástæða til að byrja á því að óska ríkisstjórninni velfarnaðar og nýjum ráðherrum til hamingju með störfin. Ég held að allar velfarnaðaróskir ættu að vera vel þegnar af ríkisstjórninni vegna þess að verkefnin eru ærin. Og í ljósi þess að ríkisstjórnarflokkarnir virðast ekki tala einu máli held ég að það sé full ástæða til að óska þeim af heilum hug velfarnaðar í komandi verkefnum. Þjóðin á það vissulega skilið að einhverri ríkisstjórn fari að takast einhver ætlunarverk vegna þess að það hefur gengið ansi brösulega á síðustu missirum.

Ég fagna líka ákalli margra hérna um málefnaleg vinnubrögð og vissulega er það rétt að nú þegar 27 nýir þingmenn taka sæti á Alþingi ætti að vera ærið tilefni og grundvöllur til þess að hefja Alþingi til vegs og virðingar og hefja ný vinnubrögð. Ég vona að okkur takist það og ég fagna því að menn ætli að gera það. Við skulum líka hafa í huga að það þýðir ekki að við ætlum öll að vera sammála, við tökum ekki pólitíkina úr pólitíkinni, við erum fulltrúar ólíkra skoðana hér á þingi. Það snýst um að við berum gæfu til og kunnum að takast á hvert við annað á þeim forsendum og ná að ræða málin til lykta. Það snýst líka um að ríkisstjórnarflokkarnir kunni að taka gagnrýni vegna þess að hún verður mikil, eins og ég mun síðar koma að í þessari ræðu.

Ég er sammála ýmsum áformum ríkisstjórnarinnar og Framsóknarflokkurinn fagnar ýmsu. Framsóknarflokkurinn hefur haft frumkvæði að því að fara í ýmsar stjórnsýslubreytingar í lýðræðisátt. Stjórnalagaþingið er t.d. að frumkvæði Framsóknarflokksins og baráttumál hans. Framsóknarflokkurinn mun fagna því að það verði rætt í þingsal og

sett á oddinn. Það verður áhugavert að sjá hverjar verða nýju áherslurnar í umhverfisvernd og nýsköpun og hverju þær skila. Það er bara eitt æpandi gap í stjórnarsáttmálanum — held ég örugglega að hann heiti, ég er þó ekki alveg viss — og í stefnuræðu forsætisráðherra, þar er eiginlega ekkert um efnahagsmál. Það vantar allar áætlanir um efnahagsmál, hvernig koma á neyslunni af stað, hvernig koma á fjárfestingum af stað, hvernig á að koma framkvæmdum af stað. Í því liggur vandinn.

Framsóknarflokkurinn sagði fyrir kosningarnar 2007 og uppskar dálitla gagnrýni fyrir: Árangur áfram, ekkert stopp. Nú er enginn árangur og allt er stopp. Það er staðan sem blasir við. Það er ögurstund í íslensku samfélagi. Fjölskyldur horfa upp á hækkandi höfuðstól upp á 20–100% og spurt er: Á þessi höfuðstóll að vera svona? Þetta er fólk sem getur kannski greitt þetta með því að leggja mikið á sig en það gerir ekki mikið annað á meðan. Á ekki að koma til móts við þær streðandi stéttir Íslendinga sem búa við þessi skilyrði sem þeim voru sköpuð án þess að þær lyftu litla fingri? Eina sem fólkið gerði var að kaupa sér íbúð og kannski bíl, kannski ekki einu sinni flatskjá. Á ekkert að gera til að koma til móts við hina stóru millistétt í landinu? Ef við gerum það ekki mun allt staðna.

Hver er stefnan? Rannsökum þetta aðeins. Þetta er ríkisstjórn hinna ósvöruðu spurninga. Það á að gera áætlun um stefnu í ríkisfjármálum. Ég hef aldrei heyrt þennan frasa áður. Það á að gera áætlun um stefnu. Ég hélt að menn gerðu áætlun eða stefnu en það á að gera áætlun um stefnu. Það á að beita sér fyrir því að mótuð verði atvinnustefna. Af hverju á ekki bara að móta atvinnustefnu? Af hverju þarf að beita sér fyrir því eitthvað sérstaklega?

Það er allt hrunið á Íslandi. Fyrirtæki verða gjaldþrota á hverjum einasta degi og það virðist vera sem ríkisstjórnarflokkarnir sem mynduðu minnihlutastjórnina séu enn þá í þeim fasa að þeir eru einhvern veginn að leggja drög að áætlunum um að reisa hér hluti við.

Hver er stefnan út frá gjörðunum? Boðaðar eru áætlaðar stefnur um að auka álögur á fólk sem þegar þarf að berjast í bökkum til greiða skuldir sínar. Það á bara að afskrifa einhvern veginn hjá þeim sem bera sig nógu illa, sem felur í sér gríðarlega neikvæðan hvata í hagkerfinu. Það á að ríkisvæða fyrirtæki, það á að setja þau undir opinbert eignarhaldsfélag á vegum fjármálaráðuneytisins, sem í mínum huga þýðir spilling. Það býður spillingu heim.

Það á að innkalla veiðiheimildirnar á mjög óljósum forsendum. Einhvern veginn eru forsendurnar þær að þeir sem veiða núna séu allir vondir og síðan á að dreifa heimildunum einhvern veginn út aftur. Því hefur alls ekki verið svarað hvernig úthlutunin á að fara fram eftir að allt hefur verið innkallað. Þetta eru skilaboðin til atvinnulífsins, til grunnatvinnuvegar þjóðarinnar.

Það er ekki verið að slá skjaldborg um heimilin, það er verið að slá skjaldborg um skuldirnar í landinu, um kröfuhafana, og það er alvarlegt. Það er líka skortur á gagnsæi. Þó að ég vilji vera bjartsýnn og að ég vonist til að okkur gangi vel á Alþingi að vinna úr þessum málum öllum saman get ég ekki sagt annað en að gjörðir ríkisstjórnarinnar benda greinilega til þess að stefnan sé þó skýrari en orðin gefa til kynna vegna þess að orðin eru býsna óskýr. Hin skýra stefna samkvæmt gjörðunum og þegar allt er saman tekið, virðist vera norður og svo niður, því miður.

[21:55]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Góðir Íslendingar. Við lifum á sögulegum tímum. Við upplifðum hrun efnahagskerfis sem var af mörgum talin forsenda lífsgæða og margir byggðu afkomu sína á. Það hrun hefur haft keðjuverkandi áhrif, áhrif sem sér ekki fyrir endann á og hefur bitnað á þeim sem síst skyldi, fólki sem unnið hefur störf sín af heilindum og áreiðanleika en situr nú eftir skuldum hlaðið, jafnvel atvinnu- og eignalaust.

Í janúar sl. stóð ég fyrir utan þetta hús daginn sem þingið kom saman, með hjartað fullt af sorg og lömuð af skelfingu vegna þeirra atburða sem voru í uppsiglingu. Ég gat ekki hrópað „vanhæf ríkisstjórn“ né barið búsáhöld. Það fylgdi því engin gleði að upplifa mælinn fyllast hjá þjóðinni, verða vitni að skemmdarverkum og ofbeldi og finna að þingið og ríkisstjórnin voru sem í eigin heimi og úr tengslum við raunveruleika okkar sem stóðum hér fyrir utan. En svo fór takturinn að hljóma, þjóðin fann hjartslátt sinn og samstöðu og þeim takti megum við aldrei gleyma.

Í vetur fann ég svo sterkt að Ísland er eyja. Við vorum ein og yfirgefin úti í ballarhafi, úr alfaraleið, úr tengslum við aðrar þjóðir. Við vorum ekki lengur „stórasta“ land í heimi, en hér var stærsta klúður í heimi.

Við erum öll í sama bátnum og nú þarf að róa. Nú skiptir öllu að við sem hér störfum vinnum saman og lærum að treysta hvert öðru á nýjan leik og að við hlustum þegar þjóðin knýr dyra. Hér hrundi heilt samfélag. Langflestir sem hér búa bera enga ábyrgð á því hruni en ætlast er til þess að við berum öll byrðarnar, greiðum samviskusamlega af lánaskrímslum sem stækka og lengjast út í hið óendanlega og afsölum okkur hluta þeirra lífsgæða sem við áttum að venjast. Sátt mun ekki skapast í samfélaginu fyrr en víðtæk rannsókn á bankahruninu hefur farið fram og þeir ábyrgu dregnir fyrir dómstóla. Hér var ekki um eðlilega bankastarfsemi að ræða og svo virðist að hvarvetna sem borið er niður sé maðkur í mysunni. Sárin á þjóðarsálinni munu ekki gróa fyrr en bankahrunið hefur verið gert upp, við vitum hvað gerðist, hvers vegna það gerðist og hvernig við getum komið í veg fyrir að það gerist aftur.

Kæra þjóð. Við eigum vonandi aldrei eftir að upplifa annað eins efnahagslegt fárviðri og geisaði hér síðasta haust en staðan er ekki alslæm. Í hruninu felst frelsi frá úreltum hefðum og tækifæri sem við munum ef til vill aldrei fá aftur. Nú þarf að byggja upp á nýtt og við ráðum hvernig við byggjum. Undanfarna mánuði hefur samfélagið verið í biðstöðu. Nú skiptir öllu að fólkið í landinu upplifi sig ekki sem fórnarlömb, heldur gerendur. Ríkisstjórnin getur ekki ein og sér skapað þúsundir nýrra starfa en henni ber að tryggja frjósaman jarðveg fyrir frábærar hugmyndir, frumkvæði og þann kraft sem ég veit að býr í brjóstum okkar, kraft nýsköpunar og framkvæmdagleði.

Við erum öll í sama bátnum og nú þarf að róa. Við getum byggt upp fyrirmyndarþjóðfélag ef við hjálpumst öll að, þjóðfélag frelsis og jafnréttis, menningar, sköpunar, áræðni og góðra hugmynda, samfélag þar sem ríkir jöfnuður og friður, samfélag þar sem hjartað slær taktinn. Við megum

ekki gleyma því að við erum rík þjóð, menntuð þjóð, við eigum hugvit, auðlindir og menningarverðmæti, náttúru sem fólk vill upplifa, tónlist sem fólk vill heyra, bækur sem fólk vill lesa.

Við getum skapað þjóðfélag sem metur fólk út frá verðleikum en ekki bankabókinni, út frá manngildi en ekki kyni, trú, kynþætti, kynhneigð, hægri eða vinstri. Við getum búið til réttlátt Ísland. Til þess þurfum við að þora að hugsa út fyrir rammann, leita óhefðbundinna lausna, vera róttæk, losa okkur úr viðjum vanans og þora að breyta rétt.

Við í Borgarahreyfingunni erum ekki komin hingað inn í hlýjuna til að standa í argaþrasi heldur til að leggjast á árarnar og róa í þeim takti sem við heyrðum og tókum þátt í að skapa hér fyrir utan. Við viljum vinna að öllum góðum málum en munum gagnrýna ef svo ber undir hvort heldur sem er ríkisstjórnarflokkana eða stjórnarandstöðuna. — Ég þakka áheyrnina.

Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar, maí 2009:

Í eftirfarandi skrá er getið um þau lagafrumvörp, sem unnið er að í einstökum ráðuneytum og áformað er að flytja á 137. löggjafarþingi. Flutt kunna að verða fleiri frumvörp en getið er og atvik geta einnig hindrað flutning einstakra frumvarpa. Jafnframt eru taldar upp tillögur til þingsályktunar sem ætlunin er að flytja.

Forsætisráðherra:

1. Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur.
2. Frumvarp til laga um ráðgefandi stjórnlagaþing.
3. Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna milli ráðuneyta.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000.
2. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5 6. maí 1998.

Félags- og tryggingamálaráðherra:

1. Frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna hlutafélaga yfir landamæri.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundna ráðningu starfsmanna.
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfsmenn í hlutastörfum.
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar.

Fjármálaráðherra:

1. Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.
2. Frumvarp til lokafjárlaga 2007.
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð.
4. Frumvarp til laga um heimild til að veita ríkisábyrgð á lánum til að styrkja gjaldeyrisforðann o.fl.
5. Skýrsla um áætlun í ríkisfjármálum 2009 til 2013.
6. Frumvarp til breytinga á ýmsum skattalögum o.fl. vegna tekjuöflunar ríkissjóðs.
7. Frumvarp til breytinga á ýmsum lögum til lækkunar á ríkisútgjöldum 2009.

Heilbrigðisráðherra:

1. Frumvarp til laga um heilbrigðisstéttir.

Mennta- og menningarmálaráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náms- og starfsráðgjafa.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.
2. Frumvarp til laga um hvali.
3. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á nýrri matvælalöggjöf Evrópusambandsins.
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993.

Umhverfisráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.
5. Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013.

Utanríkisráðherra:

1. Frumvarp til laga um eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hafa hernaðarlega þýðingu.
2. Tillaga til þingsályktunar um aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Viðskiptaráðherra:

1. Frumvörp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.
2. Frumvörp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki.
3. Frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi.
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.
5. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti.

[22:01]

Útbýting:

Eiturefni og hættuleg efni, 3. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 3.

Erfðabreyttar lífverur, 2. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 2.

Hlutafélög með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi, 5. mál, þáltill. PHB og REÁ, þskj. 5.

Meðhöndlun úrgangs, 4. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 4.

Undirbúningur að innköllun veiðiheimilda, 6. mál, fsp. RM, þskj. 6.

Fundi slitið kl. 22:01.

---

3. FUNDUR

þriðjudaginn 19. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir forsrh., 1. þm. Reykv. n.
Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 2. þm. Reykv. n.
Oddný G. Harðardóttir, 5. þm. Suðurk.
Þuríður Backman, 5. þm. Norðaust.
Össur Skarphéðinsson utanrrh., 1. þm. Reykv. s.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá bæjarráði Akureyrar.
Erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Tilkynning um stjórnir þingflokka.

[13:30]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Borist eftirfarandi tilkynningar um stjórnir þingflokka á þessu þingi:

Þingflokkur Borgarahreyfingarinnar: Birgitta Jónsdóttir formaður, Þór Saari varaformaður og Margrét Tryggvadóttir ritari.

Þingflokkur framsóknarmanna: Gunnar Bragi Sveinsson formaður, Sigurður Ingi Jóhannsson varaformaður og Vigdís Hauksdóttir ritari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar: Björgvin G. Sigurðsson formaður, Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður og Skúli Helgason ritari.

Þingflokkur sjálfstæðismanna: Illugi Gunnarsson formaður, Ragnheiður E. Árnadóttir varaformaður og Einar K. Guðfinnsson ritari.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir formaður, Álfheiður Ingadóttir varaformaður og Björn Valur Gíslason ritari.

Tilkynning um embættismenn fastanefnda.

[13:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Allsherjarnefnd: Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður og Atli Gíslason varaformaður.

Efnahags- og skattanefnd: Helgi Hjörvar formaður og Lilja Mósesdóttir varaformaður.

Félags- og tryggingamálanefnd: Lilja Mósesdóttir formaður og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir varaformaður.

Fjárlaganefnd: Guðbjartur Hannesson formaður og Björn Valur Gíslason varaformaður.

Heilbrigðisnefnd: Þuríður Backman formaður og Sigmundur Ernir Rúnarsson varaformaður.

Iðnaðarnefnd: Skúli Helgason formaður og Lilja Rafney Magnúsdóttir varaformaður.

Menntamálanefnd: Oddný G. Harðardóttir formaður og Ásmundur Einar Daðason varaformaður.

Samgöngunefnd: Björn Valur Gíslason formaður og Róbert Marshall varaformaður.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd: Atli Gíslason formaður og Ólína Þorvarðardóttir varaformaður.

Umhverfisnefnd: Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður og Atli Gíslason varaformaður.

Utanríkismálanefnd: Árni Þór Sigurðsson formaður og Valgerður Bjarnadóttir varaformaður.

Viðskiptanefnd: Álfheiður Ingadóttir formaður og Magnús Orri Schram varaformaður.

Tilkynning um embættismenn alþjóðanefnda.

[13:33]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kjör embættismanna alþjóðanefnda:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Þuríður Backman formaður og Guðbjartur Hannesson varaformaður.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Lilja Mósesdóttir formaður og Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Árni Þór Sigurðsson formaður og Valgerður Bjarnadóttir varaformaður.

Íslandsdeild NATO-þingsins: Björgvin G. Sigurðsson formaður og Ragnheiður E. Árnadóttir varaformaður.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Helgi Hjörvar formaður og Álfheiður Ingadóttir varaformaður.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Ólína Þorvarðardóttir formaður og Lilja Rafney Magnúsdóttir varaformaður.

Íslandsdeild Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: Róbert Marshall formaður og Björn Valur Gíslason varaformaður.

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir formaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir varaformaður.

Mannabreytingar í nefndum.

[13:34]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Borist hefur bréf frá varaformanni þingflokks Samfylkingarinnar, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, dagsett í dag 19. maí, með ósk um mannabreytingar í nefndum, svohljóðandi:

„Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur ákveðið í samræmi við 16. gr. þingskapa að Skúli Helgason hverfi úr fjárlaganefnd og taki sæti í heilbrigðisnefnd. Þá fer Oddný Harðardóttir úr heilbrigðisnefnd og tekur sæti í fjárlaganefnd.“

Ef engar athugasemdir eru verða þessar breytingar á skipan fjárlaganefndar og heilbrigðisnefndar.

[13:34]

Útbýting:

Staða minni hluthafa, 7. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 7.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Skýrsla um stöðu íslensku bankanna.

[13:35]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Nú liggur fyrir skýrsla endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte og matsfyrirtækisins Wyman um stöðu íslensku bankanna. Í þessum skýrslum er farið yfir stöðu hvers einasta fyrirtækis, eða það hefur verið metið, sem bankarnir hafa lánað peninga og þetta er þar af leiðandi miklu ítarlegra mat en áður hefur verið unnið á stöðu íslenskra efnahagsmála og hvað er í vændum. Ríkisstjórnin hefur enda ítrekað vísað í þetta plagg, eða gerði það, að þetta væru upplýsingar sem þyrftu að liggja fyrir áður en næstu skref yrðu stigin.

Ég spyr fjármálaráðherra: Hyggst hann upplýsa þjóðina um það sem þarna birtist? Hefur hann fengið dulkóðann að herberginu í ráðuneytinu sínu þar sem þessi skýrsla er geymd og ef hann er ekki tilbúinn til að treysta þjóðinni fyrir þeim upplýsingum sem þar er að finna þó ekki væri nema að litlum hluta, ef hann getur ekki birt meginniðurstöður mun hann þá upplýsa þingið um hvað þarna er að finna því að nú hefur verið lögð fram fyrirspurn, bæði í efnahags- og skattanefnd og viðskiptanefnd, um þessa skýrslu? Telur ráðherrann ekki rétt þó ekki væri nema í ljósi orða þessarar ríkisstjórnar, um mikilvægi opinnar og gagnsærrar stjórnsýslu, og þess að upplýsa eigi þjóð og þing um stöðu mála, að hann upplýsi a.m.k. þingið og helst þjóðina um hver raunveruleg staða efnahagsmála í landinu er.

[13:36]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hv. þingmaður er kunnur áhugamaður um þetta mál og talaði þannig fyrir kosningar eins og hann hefði allar þessar upplýsingar undir höndum, ég segi ekki áður en þær voru komnar fram en alla vega áður en þær voru komnar í hendur á þeim sem hann var að ræða málið við.

Staða málsins er einfaldlega sú að nú standa yfir samningaviðræður milli kröfuhafanna og skilanefndanna fyrir þeirra hönd í gömlu bönkunum og nýju bankanna og þeirra ráðgjafa á vegum stjórnvalda sem gæta hagsmuna ríkisins í þessum samningum. Hér er um mikla fjárhagslega hagsmuni að tefla og það sem mestu máli skiptir er auðvitað að reyna að ná samkomulagi um uppgjörið, að það takist samkomulag um þá skilmála sem þarna eru í uppgjöri á milli nýju og gömlu bankanna þannig að komist verði hjá tafsömum deilum eða málaferlum sem mundu augljóslega tefja endanlegt uppgjör þarna á milli og tefja fyrir því að endanlegur efnahagsreikningur nýju bankanna liggi fyrir og þar með að hægt verði að endurfjármagna þá eða fjármagna þá að fullu.

Það var gengið frá því fyrir fram hvernig farið yrði með þessar upplýsingar til að gæta jafnræðis milli aðila. Það var gert á grunni ráðgjafar frá bæði endurskoðunarfyrirtækjunum sjálfum og ráðgjafa stjórnvalda sem er breska ráðgjafa- og lögfræðifyrirtækið Hawkpoint og þessu vinnuferli hefur síðan veri fylgt. Það er að sjálfsögðu mögulegt að veita tilteknar almennar upplýsingar út úr þessu ferli á einhverjum tímapunkti en aðgang að sjálfum grunngögnunum, sem eru andlag samninga um þessa miklu hagsmuni milli aðila, er ekki hægt að veita fyrr en niðurstaða hefur náðst. Ég sé ekki aðrar leiðir færar svo gjarnan sem maður vildi auðvitað að þessir hlutir væru allir uppi á borðum en að fylgja því verklagsferli og þeirri ráðgjöf sem við höfum fengið til að unnið sé að þessum málum á besta mögulegan hátt í þágu hagsmuna þjóðarbúsins.

[13:39]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Hvað veldur þessari breytingu á stefnu ríkisstjórnarinnar? Það var tilkynnt á sínum tíma að a.m.k. yrði upplýst um meginniðurstöðurnar í þessari skýrslu og raunar margoft vísað í það að ekki væri hægt að stíga næstu skref fyrr en búið væri að upplýsa um þetta. Hvers vegna er nú ekki einu sinni hægt að upplýsa um meginniðurstöðurnar? Megum við vænta þess í framtíðinni þegar upp koma mál sem ríkisstjórninni þykir af einhverjum ástæðum betra að bíða með þá eigi ekki við þau orð sem hér hafa verið höfð uppi um opna stjórnsýslu og að allt eigi að vera uppi á borðinu? Getur hæstv. fjármálaráðherra upplýst okkur um það hvers vegna hann getur ekki heimilað það skýrt hér og nú að þingið a.m.k. fái aðgang að þessum upplýsingum?

[13:40]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Þetta snýst ekki um að ríkisstjórnin hafi mótað einhverja stefnu eða breytt um stefnu í þessu. Ég hef reynt að gera skilmerkilega grein fyrir því hvernig verklag-

ið var ákveðið í þessu tilviki. Ég geri ráð fyrir því að hv. þingmaður og þingheimur allur sé mér sammála um að hér sé um mikilvæga hagsmuni að tefla. Aðkoma mín sem fjármálaráðherra að þessu er fyrst og fremst sú að ég hef sett málin í farveg hvað það varðar að gæta hagsmuna ríkisins sem eiganda nýju bankanna og að sjálfsögðu er það okkar keppikefli að uppgjörið gagnvart okkur verði eins hagstætt og gagnaðili getur fallist á. Það mun skipta miklu máli að það takist vel og að niðurstaðan verði samkomulagsatriði en það finnist þá farvegur fyrir það að útkljá málin á einhvern skilvirkan hátt sem taki ekki allt of langan tíma.

Varðandi það að reiða fram upplýsingar, t.d. fyrir þingnefndir, þá er sjálfsagt mál að taka það til skoðunar. Fjármálaeftirlitið hefur stjórnað þeim þætti málsins, gaf út fréttatilkynninguna um niðurstöðu yfirmatsins og hefur svarað fyrir það hvernig með málið er farið að öðru leyti.

Landbúnaðarháskólarnir.

[13:41]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur alla tíð verið mikill áhugamaður um landbúnaðarháskólana okkar, bæði á Hvanneyri og Hólaskóla, og er það vel. Nú liggur fyrir í stjórnarsáttmálanum að eftir öran vöxt í háskólasamfélaginu á umliðnum árum, eins og það er réttilega orðað, eigi m.a. að endurmeta skipulag og rekstur háskólanna. Ég tel rétt að það verði upplýst af hálfu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra hver afstaða hans er varðandi hugsanlega sameiningu landbúnaðarháskólanna við aðra háskóla, hvort sem það er Háskólinn á Akureyri eða Háskóli Íslands, hver hans afstaða er og hvort hann muni fylgja eftir þeirri skoðun sinni og því hugðarefni að landbúnaðarháskólarnir hverfi aftur undir landbúnaðarráðuneytið. Eins og við vitum voru bæði samstarfsflokkur hans, Samfylkingin, og Sjálfstæðisflokkurinn þeirrar skoðunar að háskólakerfið ætti allt að vera undir menntamálaráðuneytinu. Ég vil gjarnan fá afstöðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í þessu máli.

[13:43]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur, fyrrverandi menntamálaráðherra, fyrir spurninguna. Það er alveg hárrétt, sem hv. þingmaður segir, að ég var andvígur því að skólarnir, Hólaskóli og Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri, væru fluttir frá landbúnaðarráðuneytinu til menntamálaráðuneytisins. Ég minnist umræðunnar við fjárlagagerðina fyrir síðustu jól sem við áttum þá, ég og hæstv. þáverandi menntamálaráðherra, um fjárhagsstöðuna þar sem var ljóst að skólarnir voru skildir eftir í uppnámi hvað fjárhagsfyrirgreiðslu varðaði.

Ég er enn þeirrar skoðunar að þessum skólum væri best borgið undir landbúnaðarráðuneytinu og sjávarútvegsráðuneytinu og ég tala nú ekki um eftir að ég er kominn þangað. Ég tek vel hvatningarorðum hv. þingmanns í þessum efnum. En hvort sem þeir verða fluttir til míns ágæta ráðuneytis eða ekki er ljóst að ég mun beita þeim áhrifum sem ég get til að standa vörð um þessa skóla og einnig sjálfstæði og sjálfsforræði þeirra.

[13:44]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Við erum sameiginlegir baráttumenn, ég og hæstv. ráðherra, í því að efla skólakerfið og forræði háskólanna á málefnum sínum. En ég verð að segja eins og er, og þetta fylgir í kjölfar fyrirspurna hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar áðan, að ég er engu nær eftir þetta svar hæstv. ráðherra. Nú liggur fyrir að flokkssystir hæstv. ráðherra er í menntamálaráðuneytinu þannig að hæg eru heimatökin. Mun ráðherra beita sér fyrir því að breyting verði á skipulagi háskólanna? Mun hann beita sér fyrir því að landbúnaðarháskólinn hverfi aftur yfir til landbúnaðarráðuneytisins? Mun hann standa í vegi fyrir því að þessir háskólar verði hugsanlega sameinaðir öðrum háskólum í landinu?

[13:45]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég treysti núverandi menntamálaráðherra til að fara með ábyrgðina á þeim skólum sem hv. þingmaður nefndi. Ég tel reyndar að við þær aðstæður sem nú eru eigi að fara mjög varlega í eitthvert stjórnsýslulegt rót á stofnunum ríkisins og þar á meðal skólanna. Það er sjálfsagt að vera sífellt með það í skoðun hvernig megi efla stöðu þeirra og styrkja starf þeirra. En eitthvert ómarkvisst rót í þeim efnum eins og var gert í tíð fyrrverandi menntamálaráðherra, hv. þm. Þorgerðar K. Gunnarsdóttur, varðandi stofnanirnar — ég mun ekki beita mér fyrir því. Við skulum reyna að róa stöðuna og standa sem best saman um verkefnið.

Jöklabréf.

[13:47]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Hluti af þeim mikla vanda sem Íslendingar standa frammi fyrir er af völdum þeirra fjármálagerninga sem nefnast jöklabréf og halda þau bréf íslensku fjármála- og efnahagslífi í einhvers konar gíslingu að því er virðist. Hér er um að ræða skuldabréf sem gefin eru út á Íslandi af erlendum fjárfestum að því að talið er. Talið er, segi ég, því að þeir eru með heimilisfesti erlendis og flokkast því sem slíkir samkvæmt stöðlum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hins vegar hefur alveg frá upphafi verið í gangi sterkur orðrómur um að hér væri einfaldlega um íslenskar fjármálastofnanir og íslenska fjárfesta að ræða. Spurningin er því: Hvenær verður upplýst um hverjir eru hinir raunverulegu eigendur þessara jöklabréfa?

[13:47]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er alveg rétt að hið mikla innstreymi erlends fjár hér inn í hagkerfið sem varð á hávaxtatímanum og menn voru mjög andvaralausir gagnvart hefur nú skapað verulegan vanda og verulegan óstöðugleika. Og sú hætta að

þetta fé streymi skyndilega til baka hefði augljós og mjög neikvæð áhrif á gengi krónunnar og aðstæður í efnahagslífi okkar.

Hér er þó margt sett saman undir einn hatt og oft kallað almennu nafni jöklabréf. Veruleikinn er sá að það er um alls konar stöður erlendra aðila í íslenskum krónum inni í hagkerfinu að ræða. Þær eru á mismunandi formum, í mismunandi pappírum og til mismunandi langs tíma. Aðeins hluti þess erlenda fjármagns eða þeirrar heildar erlendu stöðu sem er í hagkerfinu eru þessi svokölluðu hreinu jöklabréf sem voru fjárfesting erlendra aðila til að gera út á vaxtamuninn aðallega á tímabilinu 2005–2008.

Útgefendurnir að þessum bréfum, að svo miklu leyti sem þetta eru slíkir pappírar, eru þekktir. Þetta eru stórir þýskir, austurrískir og japanskir aðilar og traustir greiðendur. Það liggur því nokkuð fyrir hverjir eru stærstir sem útgefendur bréfanna en hverjir eru handhafar þeirra í dag er hins vegar ekki jafnljóst, m.a. vegna þess að þau hafa skipt um hendur, skipt um eigendur og færst á milli skuldabréfaflokka.

Varðandi orðróm um að stór hluti þessa fjár kunni að vera í eigu innlendra aðila sem hafi fjárfest í þeim utan lands frá eða flaggað þeim út eins og má orða það, þá er það samkvæmt mínum upplýsingum, sem fyrst og fremst byggja á samtölum við Seðlabankann, ekki svo nema þá í einhverjum mjög óverulegu mæli og sá orðrómur ekki réttur. En ég hef ekki þessi bréf í mínum höndum eða upplýsingar um það nákvæmlega hverjir þeir eru eða hverjir eru handhafar þeirra í augnablikinu. Sá aðili sem hefur best yfirlit yfir það er Seðlabankinn og hann verður að svara fyrir það og upplýsa það (Forseti hringir.) eftir því sem hann getur það á viðskiptalegum forsendum.

[13:50]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Ég þakka svarið. Það var kannski rýrara en ég vænti en þetta er hluti af stærra máli því að vitað er m.a. að stór hluti bréfa Íbúðalánasjóðs er skráður í eigu erlendra fjárfesta sem og stór hluti skuldabréfa íslenska ríkisins. Það er talsvert mikilvægt að það verði upplýst um þetta nákvæmlega sem hluta af því uppgjöri sem þarf að fara fram varðandi fjármálahrunið, hverjir raunverulegir eigendur þessara fjármuna eru og hvaða stöðu þeir hafa tekið gegn íslensku efnahagskerfi í gegnum árin.

[13:50]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi nefnir hér annan anga þessa máls, sem er alveg hárrétt, að íslensk skuldabréf eru í höndum erlendra aðila vegna þess að lánasamningar eða lánavöndlar voru settir til tryggingar í viðskiptum í dótturfélögum íslenskra banka erlendis. Það er unnið í því eftir því sem hægt er að ná þeim bréfum heim, t.d. í tilviki Íbúðalánasjóðs í gegnum Lúxemborg, en það er tafsöm vinna og þarf að sorterast út í samráði við þarlend stjórnvöld og þá sem fara með málefni viðkomandi banka eða þrotabúa í hverju tilviki fyrir sig. Sama gildir um lán nokkurra íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem illu heilli lentu í höndum erlendra banka þvert á það sem viðkomandi fyrirtækjum hafði reyndar verið lofað að gert yrði.

Þau eru mörg óleyst flækjumálin af þessu tagi sem utan endis mætti telja hérna upp. Og ég tek undir með hv. málshefjanda að því fyrr sem þessir hlutir skýrast og upplýsingarnar koma upp á borðið því betra. Það rekur auðvitað (Forseti hringir.) að því og sumt af þessu er núna undir í þeim rannsóknum sem annars vegar Alþingi og hins vegar sérskipaður saksóknari hafa nú með höndum.

Heimahjúkrun.

[13:52]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um ákvæði í stjórnarsáttmálanum. En í þessum langa sáttmála segir, með leyfi forseta:

„Heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti verða óbreytt að öðru leyti en því að stefnt er að því að auka samvinnu milli ráðuneytanna um verkefni sem heyra undir bæði ráðuneyti.“ — Og síðan kemur, virðulegi forseti: „Heimahjúkrun og öll þjónusta við aldraða á hjúkrunarheimilum færist til félags- og tryggingamálaráðuneytis.“

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvað þetta felur í sér. Þegar maður les þetta hljómar það eins og verið sé að setja allt sem snýr að hjúkrunarheimilunum frá heilbrigðisráðuneytinu yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis og sömuleiðis allt sem snýr að heimahjúkrun. Ég vildi bara spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta sé réttur skilningur og sömuleiðis hvenær þetta muni verða.

[13:53]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Í þessum tilvitnuðu orðum í stjórnarsáttmála er vikið að þeirri sýn ríkisstjórnarflokkanna að fella beri þjónustu við aldraða á eina hendi og færa hana í lok kjörtímabils í hendur sveitarfélaga.

Það er augljóslega ekki þannig að félags- og tryggingamálaráðuneytið eigi yfir að ráða stofnunum sem farið geti með þessi verkefni eins og staðan er núna heldur sjáum við það fyrir okkur að sett verði á fót verkefnisstjórn sem hafi með höndum samþættingu þessara verkefna og að undirbúa með skilvirkum hætti samþættingu verkefnanna og síðan yfirfærslu þeirra til sveitarfélaga. Að því verður unnið í skrefum á kjörtímabilinu. Þegar er hafið samráð við heilbrigðisráðuneytið um þessa yfirfærslu og ég á von á að þessi samvinna verði í góðu samstarfi á milli ráðuneytanna.

Markmiðið er auðvitað að tryggja góða og samfellda þjónustu við aldraða þannig að sú þjónusta sem í dag er í höndum annars vegar sveitarfélaga og hins vegar ríkisins og svo jafnframt í höndum aðila sem vinna fyrir ólík ráðuneyti færist öll á eina hendi. Í því eru augljós samlegðaráhrif og það er líka mjög mikilvægt fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda að skipulag hennar og veiting hennar sé á einni hendi. Þannig er mest hagræði af veitingu þjónustunnar og við auðveldum sem kostur er þeim sem þurfa á henni að halda að njóta hennar.

[13:55]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á þessu svari. Mér fannst í byrjun svarsins eins og hæstv. ráðherra væri að segja að þetta væri ekki rétt, þ.e. að heimahjúkrun og öll þjónusta við aldraða á hjúkrunarheimilum færist til félags- og tryggingamálaráðuneytisins. En eftir því sem leið á svar ráðherrans varð ég eiginlega sannfærður um að þetta væri rétt, að þetta væri að færast til félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Ég vildi bara fá það skýrt hvort það sé þannig að færa eigi alla þjónustu við aldraða á hjúkrunarheimilum — það eru að vísu fleiri en aldraðir á hjúkrunarheimilum en þó er langstærsti hlutinn aldraðir — er verið að færa þá þjónustu og heimahjúkrunina til félags- og tryggingamálaráðuneytisins? Ef svo er, hvenær?

[13:56]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Orð stjórnarsáttmálans standa auðvitað fyrir sínu. Það verkefni sem okkur er falið, heilbrigðisráðherra og þeim sem hér stendur, er að finna leið til að hrinda þessu í framkvæmd. Það munum við gera.

Markmiðið er augljóst og kemur líka fram í þessum tilvitnuðu orðum, þ.e. að samþætta þjónustuna og fella hana í einn farveg í lok kjörtímabilsins í hendur sveitarfélaga. Á þeirri vegferð stikum við auðvitað fram hjá mörgum leiðarvörðum. Við munum fara í þetta verk núna og setja á fót væntanlega verkefnisstjórn á næstu dögum eða vikum og hefja þessa vegferð. Markmiðið er að þessi þjónusta verði samþætt og í því er auðvitað mikill hagræðingarmöguleiki að hafa á einni hendi jafnt heimaþjónustu og heimahjúkrun svo dæmi sé tekið. Í því að ein og sama yfirstjórnin sé yfir hvoru tveggju felast miklir hagræðingarmöguleikar og (Forseti hringir.) hægt er að bæta til muna þjónustu við þá sem þurfa á henni að halda.

Málefni garðyrkjubænda.

[13:58]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um málefni garðyrkjunnar, um leiðréttingu á flutningskostnaði raforku og um aðgerðir í þágu garðyrkjunnar sem geri henni kleift að vera hin græna stóriðja, fjölga störfum, framleiða gjaldeyrissparandi, heilnæma og holla matvöru. Sérstaklega finnst mér áhugavert, frú forseti, að heyra álit hæstv. landbúnaðarráðherra í ljósi umræðna sem orðið hafa á liðnum árum og m.a. eftirfarandi ummæla sem höfð eru eftir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Gróðurhúsaframleiðslan ætti mikla möguleika hér á landi ef hún nyti jafnréttis við erlenda stóriðju.“

Þessi orð féllu í nóvember 2006 vegna fyrirspurnar um sama málefni.

Nú fer garðyrkjan ekki fram á að kaupa raforkuna á sama verði og stóriðja heldur að hún sé skilgreind sem stórnotandi og þess sjái stað í gjaldskrá sem m.a. þarf sambærilegt hæstv. iðnaðarráðherra. Í iðnaðarráðuneytinu er sagt að málefni garðyrkjunnar séu á hendi landbúnaðarráðuneytisins. Vandamálið virðist vera reglugerðarbreyting þar sem m.a. þarf að skilgreina mun á dreifbýli og þéttbýli og ef garðyrkjustöð er innan þéttbýlis þar sem búa innan við 200 íbúar eða fleiri kaupir garðyrkjubóndinn raforkuna á flutningsgjaldi sem er lægra en ef hann byggi í dreifbýli. Þessi mismunun er þeim mun óskiljanlegri þar sem ein garðyrkjustöð, t.d. ylræktarstöð á Flúðum, notar meira rafmagn en Eyrarbakki og Stokkseyri til samans. Það liggur í hlutarins eðli að það er ódýrara að afhenda rafmagn á einum stað en til nokkur hundruð staða.

Í áðurnefndri fyrirspurn var fyrirspyrjandi hv. 1. þm. Suðurkjördæmis og deilum við áhyggjum af stöðu garðyrkjunnar.

Í ljósi þess er áhugavert að rifja upp orð hæstv. núverandi iðnaðarráðherra, flokkssystur fyrrum fyrirspyrjanda, við sama tilefni þar sem segir, með leyfi frú forseta:

„Ég tel að það eigi að koma til móts við garðyrkjuframleiðendur í landinu og lækka raforkuverð til þeirra vegna þess, eins og ég kom inn á í upphafi, að það er mjög stórt hagsmunamál fyrir íslenska neytendur að þeir fái hér íslenskt grænmeti á sanngjörnu og góðu verði.“

[14:00]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurði Inga Jóhannssyni fyrir spurningu um garðyrkjuna. Mikið hefði ég viljað að hv. þingmaður hefði verið hér á þingi þegar Framsóknarflokkurinn var í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum (Gripið fram í.) og innleiddi raforkutilskipunina og samkeppnisumhverfi í raforkumálum frá Evrópusambandinu sem átti ekkert erindi hingað. Þar hófust þessi uppskipti í samkeppnisþætti, (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Ætlarðu að svara?) þ.e. að skapa samkeppnisumhverfi, og þar voru einmitt atvinnuvegir dreifbýlisins eins og garðyrkjan sem býr núna við skertan hlut.

Ég tel að á þessu eigi að taka. Ég hef óskað eftir því að hitta forsvarsmenn garðyrkjubænda í næstu viku þar sem ég mun heyra sjónarmið þeirra og hvað þeir leggja til. Eins og hv. þingmaður kom inn á heyrir þetta mál undir fleiri ráðherra, bæði iðnaðarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Ég minni á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að mótuð verði heildstæð atvinnustefna fyrir Ísland, byggð á jafnræði atvinnugreina, …“

Ég tek heils hugar undir þær áherslur hv. þingmanns að það er engin meining að álfyrirtækin eigi að njóta algerra sérkjara hvað varðar raforkuverð og að aðrar atvinnugreinar eins og garðyrkjan eigi þar ekki líka möguleika og reyndar annað atvinnulíf í dreifbýlinu. Ég tek alveg heils hugar undir áskorun hv. þingmanns og lofa því að ég mun kanna þetta mál.

[14:02]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Frú forseti. Varðandi tilskipun Evrópusambandsins er áhugavert í ljósi umræðna hér í gærkvöldi að velta því fyrir sér hvort við ættum e.t.v. að sækja um undanþágu frá þessari tilskipun eða hvort við ættum að ganga í Evrópusambandið og taka upp allar tilskipanir þar að lútandi.

Ég vil líka minna á að það voru iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra Framsóknarflokksins sem komu í veg fyrir að þessi hækkun gengi yfir til garðyrkjunnar en hún skall síðan á í vetur og það er í höndum hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra að gera eitthvað í málinu.

Varðandi þau orð sem féllu í ræðu minni fyrr finnst mér, virðulegur forseti, að það hljóti að teljast góðar líkur til þess að hæstv. landbúnaðarráðherra geti komið einhverjum þeim breytingum í gegnum ríkisstjórnina sem gagnast þessari stóru grein í stóriðju að byggja hér upp störf. Ég get heitið stuðningi framsóknarmanna til þess að standa (Forseti hringir.) duglega að baki ríkisstjórninni til þeirra áforma.

[14:03]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Það er alveg hárrétt að mál garðyrkjubænda og garðyrkjunnar voru einmitt til skoðunar þegar verið var að endurskoða búvörusamninginn sem er núna til meðferðar og atkvæðagreiðslu meðal bænda úti um land og gert var ráð fyrir því að garðyrkjan fylgdi þar með en því miður varð svo ekki. Ég þakka orð hv. þingmanns í þessum efnum, ég veit að við deilum saman áhuga á að koma til móts við garðyrkjuna í þessum málum og við reynum bara að finna leiðir til þess. Þetta snýst oft á tíðum um fjárframlög og það þarf líka að vinna þeim brautargengi á þeim vettvangi. En ég tek undir orð hv. þingmanns að við þurfum að gera allt sem við getum til að koma til móts við garðyrkjuna (Forseti hringir.) hvað þetta varðar og þau störf sem líka eru þar í húfi.

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál (stofnun hlutafélags, heildarlög). — Þskj. 1.

[14:05]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um stofnun opinbers hlutafélags sem hefur það að markmiði að aðstoða fjármálafyrirtæki við endurskipulagningu skuldsettra atvinnufyrirtækja. Nægi slík aðstoð og ráðgjöf ekki er með frumvarpinu lagt til að félagið fái heimildir til að kaupa, eiga, endurskipuleggja og selja þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki í samræmi við tilgang þessara laga. Frumvarpið byggist á tillögum í fyrstu starfsáætlun samræmingarnefndar um endurreisn fjármálakerfisins frá 5. febrúar sl. og er 1. mál þessa þings, á þskj. 1, virðulegi forseti.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, á útmánuðum, en varð ekki að lögum fyrir þinglok. Frumvarpið er í öllum meginatriðum óbreytt nema að tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem fram komu í nefndarálitum efnahags- og skattanefndar auk þess sem gert er ráð fyrir því nú að félagið geti veitt fjármálafyrirtækjum sérhæfða ráðgjöf við þá fjárhagslegu endurskipulagningu sem unnið er að á þeim vettvangi. Það má því segja að frumvarpið sé orðið opnara og valkvæðara hvað það snertir að eignaumsýslufélagið getur eftir atvikum verið bönkum og fjármálastofnunum til aðstoðar og ráðgjafar um slíka endurskipulagningarvinnu eða yfirtekið þau verkefni og annast um þau sjálft.

Það er ekki er um það að deila að ótvíræði margra atvinnufyrirtækja fyrir íslenskt samfélag sem nú eiga í erfiðleikum liggur fyrir og það er nauðsynlegt að tryggja eins og kostur er að starfsemi slíkra aðila raskist ekki þrátt fyrir yfirstandandi erfiðleika.

Í frumvarpinu er lagt til að Alþingi veiti fjármálaráðherra heimild til þess að stofna sérstakt opinbert hlutafélag um eignaumsýslu þar sem byggð verði upp heildstæð þekking til endurskipulagningar á fjárhags- og rekstrargrundvelli skuldsettra fyrirtækja. Í félaginu verður þannig unnið að fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu atvinnufyrirtækja með það að markmiði að gera þau sem fyrst rekstrarhæf á nýjan leik og selja þau síðan með gagnsæjum hætti þegar aðstæður verða hagfelldari og þá gjarnan í dreifðri eignaraðild. Ekki er gert ráð fyrir að eignaumsýslufélag þetta taki í sína umsjá mjög mörg fyrirtæki heldur einungis tiltekin þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að slík fyrirtæki, sem yfirtekin væru, sinni svo mikilvægum almanna- eða öryggishagsmunum að stöðvun þeirra um lengri eða skemmri tíma mundi valda verulegri röskun í þjóðfélaginu öllu. Meðal almannahagsmuna í þessu sambandi er átt við þá starfsemi atvinnufyrirtækja sem snúa að nauðsynlegum grunnþörfum samfélagsins eða eru mikilvægir hlekkir í innviðum þess. Með öryggishagsmunum er t.d. átt við starfsemi sem snýr að fæðuöryggi þjóðarinnar, fjarskiptum, flutningi fólks eða farms milli landa eða innan lands o.s.frv. Þessar skilgreiningar eru þó að sjálfsögðu ekki tæmandi og æskilegt að félagið hafi frekari viðmið til að starfa eftir. Sú leið er því farin í frumvarpinu að lagt er til að stjórn félagsins að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og aðila vinnumarkaðarins geri tillögu til fjármálaráðherra um frekari almenn viðmið sem leggja skal til grundvallar því að fyrirtæki gætu fallið í þennan flokk atvinnufyrirtækja.

Þegar þessar tillögur liggja fyrir skal fjármálaráðherra leita umsagnar viðkomandi þingnefnda um efni þeirra og gefa viðmiðin út í formi reglugerðar. Stjórn félagsins tekur sjálf ákvörðun um það á grundvelli hinna almennu viðmiða reglugerðarinnar hvaða atvinnufyrirtæki falli undir skilgreininguna. Félagið gengur síðan til samninga við fjármálastofnanir eftir atvikum um kaupin enda rúmist þau innan fjárhags félagsins. Miklu skiptir að félag sem þetta verði eins sjálfstætt í störfum sínum og unnt er.

Í dag liggur umfang þessa eignaumsýslufélags að sjálfsögðu ekki að fullu fyrir og því er gert ráð fyrir að þriggja manna nefnd leggi mat á heildarupphæð stofnfjár eða þörf fyrir aukningu þess miðað við áætlað umfang starfseminnar

og árlega þörf þess fyrir rekstrarfé. Til þess að hægt verði að hefjast handa um það sem fyrst að stofnsetja félagið, kjósa því stjórn, ráða framkvæmdastjóra og hefja annan undirbúning, þar á meðal að greina umfang vandans og skilgreina viðmið um þjóðhagslega mikilvæga starfsemi, er í frumvarpinu gert ráð fyrir 20 millj. kr. stofnfjárframlagi sem greiðist úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir því að þegar félagið hefur hafið starfsemi verði rekstrarkostnaðurinn að einhverju eða jafnvel að öllu leyti borinn af þeim félögum sem tekin verða inn í félagið. Varðandi kaup á eignarhlutum af fjármálastofnunum inn í félagið er gert ráð fyrir að um það verði samið hverju sinni og eftir fremsta megni reynt að tryggja hagsmuni skattgreiðenda og kröfuhafa til framtíðar með því að fá sem mest virði fyrir eignarhlutina í framtíðinni og leitast við að vernda og efla virka samkeppni í íslensku atvinnulífi um leið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að félagið skuli hafa lokið störfum eigi síðar en fimm árum frá stofnun þess og verður því þá slitið. Er þetta gert til þess að undirstrika að um tímabundna ráðstöfun er að ræða og ekki er ætlunin að slíkt félag reki rekstrarhæf atvinnufyrirtæki lengur en brýna nauðsyn ber til. Fjármálaráðherra mun í reglugerð mæla fyrir um hvaða áherslur og viðmið verða höfð til grundvallar við sölu fyrirtækja sem eignaumsýslufélagið kemur til með að hafa í sinni umsjá.

Við vinnslu þessa frumvarps hefur verið horft til erlendra fyrirmynda sem eru vel þekktar, m.a. sænskra, en þekkt er að félög af þessu tagi hafi verið stofnuð með ágætum árangri til þess að létta á bankastofnunum vegna umfangsmikilla endurskipulagningarverkefna þannig að þær geti betur sinnt hefðbundinni bankastarfsemi við fyrirtæki og almenning. Aðferðafræðin er þannig kunn og alþjóðlega viðurkennd. Við samningu frumvarpsins var þó horft til þess að aðstæður hér á landi eru um margt ólíkar því sem var t.d. í Svíþjóð. Stærsti munurinn felst án efa í þeirri aðferðafræði sem beitt var hérlendis með setningu laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., þ.e. neyðarlögin svonefndu. Vegna þeirrar ráðstöfunar á eignum og skuldum bankanna í nýja og gamla banka, sem gert er ráð fyrir í þeim lögum, eiga nýju bankarnir betri möguleika á að koma stærri hluta þeirra fyrirtækja sem eiga í vanda til aðstoðar en ella hefði verið án meiri háttar aðgerða. Þessi er helsti munurinn á aðstæðum hér og þeim sem voru t.d. í Svíþjóð þar sem eignaumsýslufélagið leysti til sín ýmis stór og erfið viðfangsefni frá bönkum sem að sönnu höfðu ekki komist í þrot eða voru til skipta heldur voru á sama tíma endurfjármagnaðir að verulegu leyti eða jafnvel að öllu leyti af því hinu sama ríki, þ.e. sænska ríkinu.

Af sömu ástæðum má gera ráð fyrir að megináherslan hjá eignaumsýslufélaginu hér verði að aðstoða bankana við endurskipulagningu eða að færa eignarhluti í atvinnufyrirtækjum frá þeim inn í félagið, ef nauðsynlegt er talið, en síður að færa lán eða kröfur yfir í slíkt félag. Með öðrum orðum, hér er ekki verið að stofna banka. Með því næst fram aðskilnaður á eignarhaldi og bankastarfsemi þannig að félagið mun þurfa að semja við kröfuhafa á viðskiptalegum forsendum í samráði við aðra eigendur, ef einhverjir eru, og sú hlið málsins sem snýr að almennri bankastarfsemi verður áfram hjá hlutaðeigandi fjármálastofnunum. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir þeim möguleika að félagið geti keypt tilteknar kröfur eða veðskuldir ef þannig aðstæður skapast að slíkt sé metið nauðsynlegt.

Vegna umfangs þess vanda sem blasir við íslenskum fyrirtækjum telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að stofna félag sem þetta sem vinni í sátt við bankana og í samstarfi við þá og aðila vinnumarkaðarins að endurreisn íslensks atvinnulífs. Með því er eindregið mælt af þeim ráðgjöfum bæði innlendum og erlendum sem íslensk stjórnvöld eiga samráð og samstarf við um þessar mundir.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari.

[14:14]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við lifum á miklum ólgutímum, tímum þar sem forustumenn ríkisstjórnarinnar tala fyrir víðtæku samráði, m.a. við aðila vinnumarkaðarins, til að koma á svokallaðri þjóðarsátt til þess að við getum unnið okkur út úr því erfiða ástandi sem blasir við okkur öllum. Ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra, í ljósi þess að aðilar vinnumarkaðarins gagnrýndu harðlega það frumvarp sem minnihlutaríkisstjórnin lagði fram á síðasta kjörtímabili, hvort núverandi ríkisstjórn hafi með einhverjum hætti haft samráð við Alþýðusamband Íslands eða Samtök atvinnulífsins, þeirra samtaka sem lögðust eindregið gegn þeirri hugmyndafræði sem vinstri stjórnin hefur lagt hér fram. Og þess vegna spyr ég í anda þess sem ríkisstjórnin hefur boðað: Var eitthvert samráð haft við aðila vinnumarkaðarins áður en þetta frumvarp var lagt hér fram öðru sinni?

[14:15]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að við leggjum mikið upp úr samráði og samstarfi við aðila í samfélaginu við þessar erfiðu aðstæður og það á við um þetta mál eins og annað. Það er t.d. yfirstandandi fundur núna í Karphúsi sem ég væri á ef ég væri ekki hér, þar sem forustumenn ríkisstjórnarinnar eru að ræða við aðila vinnumarkaðarins um hvernig þessu nána samstarfi verður hagað á næstu dögum og vikum.

Frumvarp þetta hefur borið á góma endurtekið á fundum okkar með aðilum vinnumarkaðarins, gerði það áður en það var lagt fram og við vissum um mismunandi sjónarmið í þeim efnum. Málið gekk síðan til þingnefndar og þar var aflað umsagna um það og við höfum tekið mið af þeim umsögnum við endurvinnslu frumvarpsins sem og ábendingum frá utanaðkomandi ráðgjöfum. Frumvarpið hefur breyst m.a. í þá átt að það er núna opnara og valkvæðara eins og ég fór yfir í framsöguræðu minni. Ég tel því að komið hafi verið til móts við mismunandi sjónarmið sem uppi voru í þessum efnum eftir því sem kostur var. Málið fer síðan væntanlega til nefndar (Forseti hringir.) og þingnefndin getur kallað eftir nýjum viðbrögðum við því.

[14:16]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ekki verið að koma til móts við þær ábendingar sem aðilar vinnumarkaðarins komu með gagnvart því að hleypa fleiri aðilum að þessu félagi. Ég vitna í umsögn Alþýðusambands Íslands, með leyfi frú forseta, þar sem það vill sjá ákveðnar breytingar á frumvarpinu:

„... og stefnt verði að því að bjóða innlendum og erlendum fjárfestum aðkomu að fyrirtækinu. Þar með mun draga verulega úr þörf ríkisins til að skuldsetja sig til kaupa á hlutafé í þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum.“

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort að ríkisstjórnin telji það ekki koma til greina að hleypa einhverjum öðrum að þessu fyrirtæki, öðru en ríkinu þannig að aðkoma sem flestra verði tryggð svo við þurfum ekki að horfa upp á að það verði á vettvangi stjórnmálanna sem menn geri upp hluti í íslensku efnahagslífi. Ætlum við í alvörunni að setja íslenskt samfélag áratugi aftur í tímann? Eigum við ekki að hleypa (Forseti hringir.) fleirum að en eingöngu fulltrúum ríkisstjórnarinnar hvað þessi mál áhrærir?

[14:18]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef það liggur í orðum hv. þingmanns að einhver óski sér þess að málin hafi farið í þann farveg á Íslandi sem raun ber vitni þá er það misskilningur. Ég er ekki að mæla fyrir þessu frumvarpi af neinni sérstakri ánægju heldur af brýnni þörf vegna aðstæðna sem upp eru komnar í samfélaginu og við verðum að horfast í augu við. Mikill fjöldi fyrirtækja á í erfiðleikum, bæði stór og smá, þar á meðal mjög mörg þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Bankarnir hafa verið að yfirtaka þau hvert á fætur öðru á undanförnum dögum.

Þetta er bara spurning um fyrirkomulag og hvers konar tæki eru árangursríkust í þeirri glímu við þá erfiðleika sem við þurfum að vinna okkur út úr, og hvernig svona atvinnustarfsemi verður best komið á fætur á nýjan leik og hún sett út í lífið. Það er ekki markmiðið að ríkið eigi þetta lengur en óumflýjanlegt er og það er bitamunur en ekki fjár hvort eignarhaldið er tímabundið í höndum banka í eigu ríkisins eða sérhæfðs fyrirtækis sem sérhæfir sig í því að endurskipuleggja fyrirtækin og koma þeim aftur út á (Forseti hringir.) markaðinn. Þar kemur að þátttöku utanaðkomandi aðila, fjárfesta, lífeyrissjóða, Kauphallarinnar og fleiri slíkra aðila sem að sjálfsögðu þarf að eiga síðan samstarf við um endurfjármögnun (Forseti hringir.) og endurskipulagningu þessara fyrirtækja þegar þau eru komin út í lífið.

[14:19]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra og mun fjalla um málið í ræðu á eftir. En ég vildi spyrja hann út í það sem lýtur að 6. og 8. gr. frumvarpsins. Þar er verið að mæta þeim sjónarmiðum úr efnahagsnefnd að leita eigi umsagnar viðeigandi þingnefnda. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um tvennt. Annars vegar hvort ætlunin sé að senda eigi aðeins a-lið 8. gr. til umsagnar hlutaðeigandi þingnefndar, þ.e. afmörkunin á félögunum eða nýta reglur um sölu félaganna síðar, og liði b og c.

Hins vegar, vegna þess að hæstv. ráðherra er hokinn af þingreynslu, hvort hann minnist þess að þessi háttur hafi verið áður eða almennt verið hafður á að þingnefndir veiti umsögn um reglugerðir. Og hvort það sé ekki nokkuð sérstakt fyrirkomulag þó augljóslega sé verið að reyna að fara eftir (Forseti hringir.) ábendingum efnahags- og skattanefndar fyrir kosningar.

[14:20]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Ég held að svarið, frú forseti, sé já og nei. Í mínum huga er sjálfsagt mál að reglugerðarákvæðin í heild sinni verði send viðkomandi þingnefnd til umsagnar, enda er nærtækara held ég að túlka það svo. „Fjármálaráðherra skal áður en reglugerð skv. 1. mgr. 8. gr. er sett leita umsagnar viðeigandi þingnefnda um efni hennar.“ Og síðan í næstu málsgrein koma stafliðirnir, ég tel því að eðlilegt sé að það séu þeir allir.

Í seinna tilvikinu þá held ég að megi segja að afar fá dæmi ef eiginlega nokkur séu um það að reglugerðarvaldið sem ráðherra er falið í lögum, að það sé skilyrt eða bundið við það að ráðherra skuli senda það til umsagnar eða fá álit viðeigandi þingnefndar, sem er hins vegar ágætisfyrirkomulag. Ég sé ekkert að því að framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið hafi þannig samráð um mikilvæga hluti. Markmiðið í þessu tilviki hefur verið að reyna að ná sem breiðastri sátt um framgang þessa máls. Aðstæður eins og þær hafa þróast í (Forseti hringir.) viðskiptalífi okkar undanfarnar vikur hafa fært mér heim sanninn um að það væri óráðlegt annað en að eiga þetta tæki til og vonandi þarf sem minnst eða aldrei að nota það.

[14:21]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör. Ég held að nauðsynlegt sé að taka af öll tvímæli um hvaða reglugerðir hér er vísað til. Ég tel að þetta sé nokkurt umhugsunarefni því reglugerðarvald hefur verið rýmkað talsvert á undanförnum árum og afhent framkvæmdarvaldinu. Hér er af hálfu hæstv. ráðherra verið að koma til móts við þau sjónarmið að þingið þurfi að eiga beina aðkomu að mörgum mikilvægum ákvæðum sem ætlað er samkvæmt frumvarpinu að festa í reglugerð.

Ég held að athyglisvert verði að sjá hvort staða þingsins og nefnda þess verði með þeim hætti styrkt í samskiptum þess við framkvæmdarvaldið og hvort menn muni bregða á þetta ráð í fleiri málum að þingnefndirnar komi beinlínis að reglugerðarsetningunni. Ég held að slík ný vinnubrögð hér í þinginu kalli á umtalsverða umræðu (Forseti hringir.) í kringum þetta.

[14:23]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að fylgja því eftir sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefndi áðan um samráðið. Í svari hæstv. fjármálaráðherra segir hann að það hafi borið á góma við aðila vinnumarkaðarins og mismunandi sjónarmið hafi ver-

ið reifuð. En við lestur frumvarpsins kannast ég ekki við að tekið hafi verið mikið mark á þeim harðorðu athugasemdum sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu í efnahags- og skattanefnd á fyrra þingi. Umsagnir þeirra voru þannig að þær vöruðu beinlínis við því að þetta fyrirkomulag mundi eða gæti tafið fyrir endurreisn Íslands. Þetta væri spurning um aðferðarfræði og hugmyndafræði. Aðilar vinnumarkaðarins beggja vegna borðsins voru með hugmyndir um endurreisnarsjóð og annars konar aðferðarfræði til að koma þessum fyrirtækjum í gagnið sem við öll erum sammála um að þarf að gera.

Í ljósi þess spyr ég hæstv. fjármálaráðherra: Hefði ekki verið betri bragur á því að hafa samráð við (Forseti hringir.) aðila vinnumarkaðarins á meðan samningu frumvarpsins stóð í staðinn fyrir að verið sé að ræða það núna á öðrum stað í bænum þegar frumvarpið er komið fram? Er það allt samráðið?

[14:24]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fór yfir þetta áðan. Samráð um hluti felur ekki endilega í sér að einn tiltekinn aðili eigi að ráða algerlega niðurstöðunni. Ríkisstjórn hlýtur að hafa eitthvað um það að segja hvernig hún leggur málið fyrir Alþingi og það að eiga samráð við aðila vinnumarkaðarins þýðir ekki að það megi t.d. ekki leggja mál fyrir Alþingi og það sé þá í höndum Alþingis að útkljá það hvort menn vilji að farin sé þessi leið eða einhver önnur. Alþingi kallar að sjálfsögðu eftir sjónarmiðum úr samfélaginu og aðilum vinnumarkaðarins eins og öðrum.

Ég held að það eigi alls ekki að stilla þessum hlutum þannig upp að þetta sé annaðhvort eða. Það sé annaðhvort þessi aðgerð og þetta tiltekna tæki verði búið út eða að stofna endurreisnarsjóð í samstarfi við lífeyrissjóði eða að laða að aðra fjárfesta eða að skrá þessi fyrirtæki inn í Kauphöllina um leið og fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra er lokið. Allt þetta kemur að sjálfsögðu til greina og á að gerast eftir atvikum eftir því hvað hentar hverju sinni. (Forseti hringir.) Og þetta tæki sem hér á að búa til er einungis einn lítill þáttur í því viðamikla starfi sem hér þarf að vinna og snýr að endurreisn atvinnulífsins.

[14:25]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er sammála því að aðili úti í bæ eigi ekki að ráða niðurstöðunni. En þegar ítrekað er talað um að samráð sé lykilorðið í þessu samhengi og verið sé að taka — hæstv. ráðherra sagði það í ræðu sinni — tillit til athugasemda sem fram komu, þá vil ég bara leyfa mér að halda því fram að það sé ekki rétt vegna þess að ekkert tillit er tekið til grundvallarathugasemda sem gerðar voru á fyrri stigum málsins. Það er eiginlega öll hugsunin á bak við frumvarpið sem kemur hér nær óbreytt þrátt fyrir að athugasemdirnar hafa allar lotið að því.

Annað sem ég get nefnt er t.d. skilgreiningin á hugtakinu þjóðhagslega mikilvægt, sem við í nefndinni reyndum oft og ítrekað að fá fram nánari skilgreiningar á. Og atriði eins og það að þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki eru venjulegast þau sem fyrst er bjargað einmitt út af því. (Forseti hringir.) Þau ganga kaupum og sölum einmitt út af því að þau eru þjóðhagslega hagkvæm. Öll hugsunin í frumvarpinu kemur hérna eins og gamall kunningi en ekki er búið að taka tillit til grundvallarathugasemda.

[14:27]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Búið er að taka tillit til athugasemda sem komu fram af hálfu þingnefnda og einnig utan úr þjóðfélaginu, en það er ekki búið að henda frumvarpinu. Ekki var hætt við að flytja það heldur er það ásetningur okkar að þetta tæki verði til.

Mér finnst vera ýkt upp mikil tortryggni í þessu máli sem engin ástæða er til. Það er ekki þannig að skuldaúrvinnsla í flóknum stórum verkefnum í bankakerfinu sé án vandkvæða eða einföld viðureignar. Menn þekkja þá gagnrýni sem upp hefur komið á ýmis tilvik í þeim efnum undanfarna mánuði.

Að sjálfsögðu óskum við þess að bankarnir reynist færir um að leysa úr sem flestum og helst öllum þessum verkefnum. Þá reynir ekkert á þetta tæki, en að það sé til staðar ef niðurstaðan verður sú í samstarfi banka og stjórnvalda að einhver tiltekin erfið úrlausnarefni séu (Forseti hringir.) betur komin þar þá finnst mér það mikil tortryggni að mega ekki einu sinni leyfa því að verða til.

[14:28]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þegar maður les í gegnum frumvarpið koma orð eins og ríkisbákn, áætlanabúskapur og þjóðnýting upp í hugann sem minnir óneitanlega á Sovétríkin sálugu. Það er því kannski viðeigandi að það sé hæstv. fjármálaráðherra sem flytur þetta mál.

En það er ýmislegt sem maður hefur áhyggjur af og greinilegt að þeir sem sendu inn umsagnir tóku undir áhyggjur hvað varðar hin almennu viðmið um hvað þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki eru. Manni finnst óneitanlega eins og verið sé að flýta sér allt of mikið við að leggja þetta frumvarp fram og að ekki skuli vera hægt að vinna það betur og setja inn í lögin hver þessi viðmið eru í staðinn fyrir að ætla að koma með reglugerðir seinna sem verða lagðar fyrir þingið. Hvernig ætlum við að skilgreina hvað eru þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki og setja inn í lögin hvernig ætlum við að standa að söluferlinu? (Forseti hringir.) Ég spyr því hvort hæstv. ráðherra hafi engan veginn getað séð það fyrir sér að hægja kannski á vinnunni við að leggja frumvarpið fram og vinna þetta aðeins betur og setja það inn í lögin í staðinn fyrir reglugerð einhvern tímann seinna.

[14:29]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að ég megi fullyrða að orðin sem hv. þingmaður taldi sig sjá í frumvarpinu, þ.e. orðin ríkisbákn, áætlanabúskapur og þjóðnýting koma þar hvergi fyrir, bara alls ekki, enda er þetta mál ekkert um það. Þetta er

hugarburður hjá hv. þingmanni enda ekkert slíkt hér á ferð.

Ríkisbákn og þjóðnýting á fyrirtækjum sem eru komin í vanda og eru komin úr höndum eigenda sinna og í hendur banka sem ríkið á vegna efnahagsáfalla á Íslandi sem er á annarra ábyrgð en þess sem þetta frumvarp flytur, það finnst mér ekki rétt nálgun hjá hv. þingmanni. Sá veldur miklu sem upphafinu veldur og Framsóknarflokkurinn ætti kannski að spá í sinn hlut í því máli. (Gripið fram í.) Aðeins að spá í sinn hlut í því máli. Má ekki tala saman hérna á íslensku? (Gripið fram í.) Má ekki tala saman á íslensku?

Við erum að reyna að greiða úr vandamálum, miklum vandamálum. Aðstæðurnar eru þær sem þær eru. Menn hafa væntanlega fylgst með fréttum síðast í gær og undanfarnar vikur og mánuði og vita hvar hér er í húfi. (Forseti hringir.) Að við náum að gera það besta í þessum erfiðu aðstæðum, greiða úr vanda fyrirtækja og endurskipuleggja þau og koma þeim út í lífið. Það er hinn heili tilgangur þessa máls en ekki að safna þeim til ríkisins af því að einhver vilji það eða halda þeim þar. Það er bara ekki svo, ef hv. þingmanni verður rórra við að það sé sagt hér í tíunda skiptið.

[14:31]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að ég verð ekkert sérstaklega róleg við þetta vegna þess að talað er um í ræðustóli að maður eigi ekki að hlusta á einhverja aðila úti í bæ. Ég veit ekki betur en þessir aðilar muni hugsanlega geta komið að þessum fyrirtækjum. Sagt er að vinnumarkaðurinn í heild og lífeyrissjóðirnir hafi komið með miklar athugasemdir við þetta frumvarp á síðasta þingi og nefnt að þeir væru tilbúnir að koma að stofnun endurreisnarsjóðs atvinnulífsins. Væntanlega er þá talað um að koma með fjármagn til að setja inn í þessi fyrirtæki en núverandi ríkisstjórn virðist hugnast svo vel hugtakið þjóðnýting að hún er ekki tilbúin til að hægja aðeins á sér og sjá að hægt er að fara þá leið sem aðilar vinnumarkaðarins leggja til og hafa sagt að þeir séu tilbúnir að gera. Þeir hafa sett ákveðin skilyrði eins og það að rætt væri við þá og leitað lausna varðandi uppgjör við bankana um (Forseti hringir.) gjaldeyrisskiptasamninga. Ég ítreka að mér finnst mikið áhyggjuefni (Forseti hringir.) að ekki skuli hlustað á svo mikilvæga menn eins og ýmsa í okkar samfélagi og aðila vinnumarkaðarins.

[14:32]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er spurning um fyrirkomulag og leið sem valin er. Að aðrir aðilar eða meðeigendur með ríkinu kæmu að eignarhaldi sjálfs eignarumsýslufélagsins er að mínu mati ekki sérstaklega skynsamleg ráðstöfun. Það er markmið þessa félags að halda þessar eignir eins stutt og mögulegt er og koma þeim síðan aftur í hendur annarra aðila. Þá kemur að fjárfestum, lífeyrissjóðum, skráningu í kauphöllina o.s.frv. með alveg sama hætti og ég held að það mundi ekki einfalda ferlið inni í bönkunum ef bankarnir færu að taka utanaðkomandi meðeigendur inn í eignaumsýslufélögin sem þeir stofna. Þeir hafa að vísu tekið, það ég best veit, við fáum verkefnum enn þá, en það er nákvæmlega sama aðferðafræðin þar á ferðinni. Þetta er AMC eins og það er kallað á enskunni og er þekkt fyrirbæri. Ég hvet menn til að kynna sér það að nánast í öllum tilvikum þar sem lönd hafa lent í sambærilegum hremmingum og við hafa menn m.a. gripið til þessa ráðs, (Forseti hringir.) að byggja sérhæfa fagþekkingu á einum stað, í einhverju fyrirtæki, á vegum ríkisins eða banka sem annast þessa fjárhagslegu endurskipulagningu.

[14:34]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Forseti. Ef ég fer aðeins yfir tilurð þessa frumvarps var það þannig að í október komu upp hugmyndir um hvort rétt væri að setja á stofn eignaumsýslufélög til að taka við vandamálum sem upp kæmu í bankakerfinu vegna kreppunnar. Sænski bankasérfræðingurinn tók undir það og upp úr því komu fyrstu drög að frumvarpinu sem kynnt voru á Alþingi fyrir kosningar.

Unnið hefur verið þó nokkuð í því síðan og hefur það tekið nokkrum breytingum. En það er kannski rétt að fara aðeins yfir reynslu annarra þjóða af þessu fyrirkomulagi. Tíðkað hefur verið frá því í byrjun 10. áratugarins að eignaumsýslufélög séu stofnuð til að auðvelda endurskipulagningu í fjármálakreppu og í meginatriðum er um tvær tegundir félaga að ræða: Annars vegar eru það félög sem taka yfir lánasöfn banka og sérhæfa sig í að hámarka virði þeirra í endursölu á markaði. Hins vegar eru það félög sem einbeita sér að endurskipulagningu fyrirtækja sem hafa lent á borði fjármálastofnana. Hér er raunar um þess konar félag að ræða.

Til er nýleg úttekt sem gerð var af einum starfsmanna Alþjóðabankans á því hversu vel þetta fyrirkomulag hefur reynst og sú lesning er dapurleg. Í miklum meiri hluta tilfella hafa upphafleg markmið alls ekki náðst sem bendir til að þetta sé ekki vænleg leið til árangurs. Í löndum eins og Gana, Mexíkó og Filippseyjum hefur þetta t.d. gengið hörmulega en þar var reyndar valið gert á mjög pólitískum grunni. Þar voru notuð orð eins og „þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki“ eða þá að grunur lék á að um sviksamlegt athæfi við myndun eignanna hafi verið að ræða í þeim fyrirtækjum eða lánasöfnum sem tekin voru yfir þar sem þau voru færð tímabundið inn í eignaumsýslufélög eða AMC, eins og hæstv. fjármálaráðherra benti á áðan og það er kallað upp á enska tungu.

Jafnframt stofnuðu Finnar í sinni kreppu félag sem hét Arsenal og var ekki góð reynsla af því. Það vannst ekki vel úr eignunum þá. Allir formælendur eignaumsýslufélaga af þessu tagi benda á reynslu Svía, að þar hafi tekist sérstaklega vel upp. Þá er sjónum beint að tveimur eignaumsýslufélögum Svía, Securum og Retriva, sem stofnuð voru en árangur Svía er ekki hægt að endurtaka hérna, hæstv. fjármálaráðherra. Hvers vegna ekki? Það er í fyrsta lagi vegna þess að yfir 80% af eignum sem fluttar voru úr Gotebank og Nordea Bank voru fasteignalánasöfn. 20% sem þá standa eftir voru að mestu byggingarfélög upp á sænska vísu.

Í öðru lagi var ekki alheimsfjármálakreppa þá heldur var þetta staðbundin kreppa á Norðurlöndunum sem gerði verð-

mat mjög eða tiltölulega auðvelt og eignasala var ekki erfið.

Í þriðja lagi — og það er einn af mikilvægu punktunum hérna — eignasöfn bankanna tveggja sem voru yfirtekin voru það lítil að það gerði félögunum kleift að starfa sjálfstætt og án pólitískra afskipta sem aftur gerði sölu eigna mun auðveldari þar sem ekki þurfti að taka tillit til sjónarmiða á vettvangi stjórnmálanna. Aftur á móti er um mun stærri hluta af eignasafni bankanna að ræða á Íslandi. Eignaumsýslufélög á Spáni og í Bandaríkjunum hafa verið notuð í afmörkuðum verkefnum og með þokkalegum árangri og þá sérstaklega þegar tekin hafa verið yfir lánasöfn. Það höfum við t.d. heyrt núna í umræðunum í fjármálakreppunni þar sem þeir kalla þetta „Good bank, bad bank“ þar sem eru keypt útlánasöfn.

Í þeim tilfellum er um lánasöfn að ræða, eins og ég segi, sem er einfalt að endurskipuleggja og selja aftur þegar markaðir leyfa. Það hefur aftur á móti ekki gengið vel þegar um endurskipulagningu fyrirtækja er að ræða. En til að gæta sanngirni er reynt að telja upp kostina við eignaumsýslufélögin. Í fyrsta lagi er það stærðarhagkvæmni. Sérfræðiþekking á endurskipulagningu er af skornum skammti á Íslandi og getur verið ábati af því að hún sé á einum stað. Það á sérstaklega við eftir langvarandi uppgang eins og verið hefur á Íslandi, lítið hefur verið um endurskipulagningu fyrirtækja eins og verið er að gera hér. Það er mögulegt að þar sem um fjölda eigna er að ræða í hverjum einstökum banka sé hægt að búa til seljanlegri pakka en ella. Það á einkum við þegar um er að ræða lánasöfn. Miðlæg eign á lánasöfnum gerir líka samningsstöðu lánardrottna betri þannig að það er kostur. Það rýfur tengsl á milli lántakenda og banka sem gerir innheimtu ef til vill auðveldari. Það auðveldar bönkum að einbeita sér að hefðbundinni starfsemi. Það eykur líkurnar á skipulegri endurreisn. Það setur alla við sama borð þar sem verklagsreglur verða einsleitar og hægt er að gefa eignaumsýslufélögum sérstök völd sem eykur líkur á endurheimt lána og endurskipulagningu fyrirtækja. Þetta á allt saman við þegar rétt er staðið að hlutunum.

En það eru líka gallar. Gallarnir eru í fyrsta lagi þeir að bankar standa mun betur að vígi en eignaumsýslufélög þar sem þeir hafa safnað skipulegum upplýsingum um skuldunauta sína og þekkja mun betur reksturinn. Í öðru lagi: Ef lánin eða eignarhaldið eru staðsett í bönkunum skapar það mun meiri hvata til að endurheimta lán og losna við fyrirtæki úr gjörgæslu en kemur í veg fyrir tap í framtíðinni.

Í þriðja lagi geta bankar útvegað fjármögnun sem þarf alltaf við endurskipulagningu fyrirtækja vegna þess að þeir eru bankar. Ef eignir eru færðar til eignarhaldsfélaga er ekki lengur um virka stýringu að ræða sem getur skaðað greiðsluviljann í fyrirtækjunum og leitt til áframhaldandi eignabruna. Það er nær óframkvæmanlegt að tryggja sjálfstæð félög eins og eignaumsýslufélögin frá stjórnmálunum þegar um svona stóran hluta af eignum eins hagkerfis er að ræða og er á Íslandi. Reynsla af þessu samanteknu, kostir og gallar, reynsla annarra þjóða, lesið saman við þetta frumvarp gefur ekki sérstaklega tilefni til mikillar bjartsýni varðandi þessa hugmynd.

Hvað varðar frumvarpið sjálft er ekki augljóst hvaða vandamál félaginu er ætlað að leysa. Við fórum þá sérstöku leið að kljúfa bankana og gömlu bankarnir starfa eins og nokkurs konar eignaumsýslufyrirtæki í dag. Það er með öllu óljóst hvernig frumvarpið mun leiða til bættra starfshátta og hvernig fyrirtækið sem stungið er upp á muni flýta fyrir uppbyggingu raunhagkerfisins. Bankarnir hafa þegar komið sér upp eignaumsýslufélögum. Hvað kemur mönnum til að halda að ríkið sé betra í að endurskipuleggja fyrirtæki en eigendur, starfsmenn og bankar þrátt fyrir að bankarnir séu tímabundið í ríkiseigu?

Þá er ekki ljóst hvað við er átt með þjóðhagslega mikilvægu fyrirtæki. Loðnar skilgreiningar, eins og þó er gerð tilraun til að koma með, gefa færi á pólitískri íhlutun og spillingu og við þurfum ekki á því að halda ofan í allt annað að hér grasseri pólitískri spilling. Síðan er spurning hvort Seðlabankinn sé rétti aðilinn til að ákveða, ef þessi leið yrði farin, hvaða fyrirtæki er þjóðhagslega mikilvægt og hvaða fyrirtæki er það ekki. Ég held að hann hafi engar forsendur til þess. Ég veit ekki betur en að seðlabankamenn séu sérfræðingar í peningastefnunni og hafi ekkert vit á rekstri fyrirtækja, enda eiga þeir ekki að gera það.

Bent var á áðan að ekki sé nánar tilgreint hvernig standa eigi að fjárhagslegri endurskipulagningu heldur eigi það að koma fram í reglugerðum sem er nokkurs konar opinber tékki hvað raunverulega á að fara fram. Ákvörðun um það verður hjá framkvæmdarvaldinu fyrir utan þingið og við höfum þá ekki lengur neitt um það að segja. Mér sýnist að frumvarpið muni festa varanlega í sessi ríkisvæðingu atvinnufyrirtækja á Íslandi þrátt fyrir að það sé sólarlagsákvæði hér. Það vantar alla hvata fyrir þá sem starfa að þessu að losna við fyrirtækið út úr eignaumsýslufélaginu. Bankarnir hafa þann hvata vegna þess að þeir glíma við það nótt og nýtan dag að vera með sem bestan efnahagsreikning og það er þeirra hvati. Hérna er enginn hvati fyrir hendi.

[14:45]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var margt athyglisvert í ræðu hv. þingmanns og ég er sammála ýmsu í greiningu hans á þessu. Það er alveg hárrétt að þær tvær meginaðferðir sem hér eru uppi — annars vegar að stofna banka til að taka við erfiðustu verkefnunum, það er ekki sú leið sem hér er farin. Það helgast augljóslega mikið af þeirri leið sem valin var í október í uppgjörinu milli gömlu og nýju bankanna. Menn sjá ekki ástæðu til að stofna sjöunda bankann í eigu ríkisins. Við getum sagt að við séum með þrjá vandamálabanka og þrjá nýja banka nú þegar og ég tel ekki ástæðu til að bæta þeim sjöunda við.

Hér er eingöngu um það að ræða að þetta tæki gæti reynst gagnlegt í tilvikum sem eru bönkunum sem slíkum erfið úrlausnar. Við getum tekið þar dæmi um fyrirtæki sem eru í viðskiptum og eiga hagsmuna að gæta hjá öllum bönkunum þremur eða jafnvel bæði í gömlu og nýju bönkunum og hverra úrlausnarefni geta reynst mjög flókin og jafnvel hverjum einum banka um sig, ofviða. Það er líka það sjónarmið að ekki sé heppilegt að bankarnir séu til lengdar eigendur að fyrirtækjum í samkeppnisrekstri. Það skapar mikil vandamál. Endurskipulagningarleiðin í gegnum banka er

heldur ekki án vandkvæða eins og við erum m.a. minnt á þessa daga. Það er alveg hárrétt að menn velta því fyrir sér að erfitt sé að tryggja þessa armslengd frá hinu pólitíska valdi. Það má segja um mjög margt sem við gerum. Hvernig göngum við frá því? Með því að kosin er stjórn og það sé tryggt í lögum að fyrirtækið starfi síðan sjálfstætt á grundvelli laga og reglna sem því eru settar af Alþingi og eftir atvikum framkvæmdarvaldi í reglugerð.

Hv. þingmaður óttast pólitíska spillingu eða pólitíska íhlutun. Það má kannski segja að sporin hræði. Það er ekki allt fallegt sem kemur upp úr pokunum þessa dagana, þessar vikurnar og þessa mánuðina úr því fyrirkomulagi sem var. Það má kannski leyfa einhverjum að njóta vafans og spyrja: Menn gerðu mistök í Mexíkó eða Gana en stóðu sig sæmilega vel í Svíþjóð, gætum við þá ekki trúað því að við yrðum þeim megin í tilverunni og gerðum þetta vel?

[14:47]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Segjum sem svo að sú skilgreining liggi fyrir hvað sé þjóðhagslega mikilvægt fyrirtæki og að nauðsynlegt sé að halda því gangandi. Það er þá ljóst að það er ekki í samkeppni, er það ekki? Vegna þess að ef annað fyrirtæki gæti gert það sama væri það ekki þjóðhagslega mikilvægt.

Ég ætla að endurtaka það sem ég sagði áðan með það sem gerðist í Svíþjóð. Þetta voru lánasöfn sem voru flutt yfir í eignaumsýslufélögin í Svíþjóð, þetta voru ekki fyrirtæki eins og verið er að tala um hérna. Svo væri kannski fróðlegt að heyra ef hæstv. fjármálaráðherra gæti endursagt aðeins af því sem sænski ráðgjafinn sagði um þetta frumvarp, hvað hann hefur sagt um það. Við getum hlegið saman að því. Það væri mjög fróðlegt. Því miður eru það ekki opinber gögn en þú gætir kannski talað aðeins um hvaða álit hann hefur á þessu.

[14:49]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill beina þeim tilmælum til hv. þingmanna að beina fyrirspurnum sínum til forseta og máli sínu til forseta en ekki einstakra þingmanna eða ráðherra.

[14:49]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Hvað hinn ágæti ráðgjafi Mats Josefsson kann að hafa sagt um þetta þekki ég ekki í einstökum atriðum en ég hef séð sjónarmið hans og hann fór m.a. yfir frumvarpið áður en það var lagt fram að nýju. (Gripið fram í.) Það gerði hann víst, hv. þingmaður. Það voru teknar til greina ýmsar athugasemdir hans og sú opnun sem núna er komin inn í 1. gr. frumvarpsins er m.a. á grundvelli ábendinga frá þessum ágæta ráðgjafa. Ég vona að hv. þingmaður sé ekki að reyna að halda því fram að ég fari með rangt mál. Ég hef að þessu mörg vitni í fjármálaráðuneytinu ef hv. þingmaður vill fá aðgang að þeim. Þá þarf ekki að eyða meira púðri í það.

Ég tel mjög líklegt að slík þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki sem hér gætu komið til greina væru fyrirtæki annaðhvort í hreinu fákeppnis- eða einokunarumhverfi, það er mjög líklegt að eðli málsins samkvæmt væri það þannig. (**TÞH:** Þá er það ekki samkeppni.) Þá eru þau bara í þeirri stöðu og það gerir hana auðvitað á margan hátt enn viðkvæmari og vandasamari úr að vinna. Eðli starfseminnar skiptir líka miklu máli. Sum starfsemi er þess eðlis og hún er ákaflega viðkvæm og eitthvert opið ferli er erfitt við endurskipulagningu og úrvinnslu þeirra mála einfaldlega vegna eðlis starfseminnar sem á bak við liggur. Þetta þurfa menn að hafa í huga.

Ég tel eðlilegt að menn skoði þetta í þinginu og í þingnefnd og eins og ég hef áður sagt er sjálfsagt að taka öll sjónarmið inn í myndina. En ég á erfitt með að átta mig á að það geti verið svo hættulegt sem hér á að fara að gera að alþjóðlegri og þekkti fyrirmynd, jafnvel þótt hún hafi gefist mismunandi og við mismunandi aðstæður. Ef við reynum að aðlaga það að okkar veruleika og okkar þörfum eins vel og við mögulega getum og það hefur verið reynt að gera hér, með því t.d. að gera greinarmun á stöðunni í Svíþjóð og hér, en hafa það samt sem fyrirmynd að breyttu breytanda eftir því sem það getur orðið, held ég að það hljóti að vera í lagi að þetta tæki sé til staðar ef og þegar á það reynir. Það er niðurstaða í samstarfi banka og stjórnvalda að málum væri betur komið fyrir þar en í úrlausn bankanna sjálfra.

[14:51]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Það frumvarp sem við ræðum hér er ákveðinn prófsteinn á þá ríkisstjórn sem nýlega hefur tekið við völdum í landinu. Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hafði, eins og öllum er kunnugt, ekki meiri hluta á Alþingi og var það Framsóknarflokkurinn sem veitti þeirri stjórn hlutleysi sitt og varði hana vantrausti á sínum tíma. Nú hefur þessi stjórn góðan meiri hluta á vettvangi þingsins en þetta er jafnframt stjórn sem í orði kveðnu, í aðdraganda síðustu kosninga, boðaði ný og breytt vinnubrögð, samráð og þjóðarsátt í íslensku samfélagi á einum erfiðustu tímum sem við höfum upplifað í lýðveldissögunni.

Þegar við horfum á afstöðu aðila í samfélaginu eins og aðila vinnumarkaðarins, sem vara mjög alvarlega við því að sú leið sé farin sem ríkisstjórnin leggur til, er það ekki glæsileg byrjun hjá nýrri ríkisstjórn að hunsa gersamlega þau aðvörunarorð sem koma bæði frá atvinnurekendum og launafólki. Það ber ekki mikinn vott um samráð eða samræðustjórnmál að ný ríkisstjórn skuli byrja á því að leggja fram frumvarp, sem sitt fyrsta mál á vettvangi Alþingis, algerlega í andstöðu við aðila vinnumarkaðarins. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Er þetta það samráð sem ráðherrann boðaði í aðdraganda síðustu kosninga? Hefði ekki verið einnar messu virði hjá ríkisstjórninni að setjast niður með aðilum vinnumarkaðarins og reyna að finna einhverja lausn á því máli sem við ræðum?

Aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt í gríðarlega mikla vinnu við það að koma með tillögur um það hvernig við getum sem þjóð unnið okkur út úr þeim efnahagsvandræðum sem blasa við okkur. Aðilarnir hafa í sameiningu lagt í

miklu vinnu, eins og ég sagði áðan, til að koma með tillögur. Mig langar að vitna í umsögn Alþýðusambands Íslands sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð settu í gang vinnu við að stofna sérstakan fjárfestingarsjóð til að vinna að endurskipulagningu atvinnulífsins. Niðurstaðan af þessari vinnu var að stofna sérstakan fjárfestingarsjóð þar sem lífeyrissjóðum, innlendum og erlendum kröfuhöfum gömlu bankanna, nýjum fjárfestum og ríkinu yrði boðin þátttaka í þessu endurreisnarstarfi. Áhersla var lögð á dreifða og opna eignaraðild og að skilgreindum siðferðislegum og samfélagslegum viðmiðunarreglum yrði beitt við val á fjárfestingarkostum. Óskað var eftir því við stjórnvöld og Alþingi að veittar yrðu heimildir til að útvíkka fjárfestingarheimildir til lífeyrissjóðanna þannig að þeir gætu tekið þátt í þessu mikilvæga endurreisnarstarfi og var orðið við því.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar er ástæða til þess að beinlínis vara við því formi sem hér er lagt til, þ.e. að ríkið stofni opinbert hlutafélag sem eignaumsýslufyrirtæki. Ljóst má vera að afar erfitt verður að ákveða hvaða fyrirtækjum eigi að bjarga og hvaða fyrirtækjum eigi ekki að bjarga.“

Við horfum upp á það, frú forseti, að íslenskt samfélag er að fara marga áratugi aftur í tímann og þetta eru stór orð. En þegar Alþingi Íslendinga ætlar að veita fjármálaráðherra heimild til að skipa fimm fulltrúa sína í stjórn þessa fyrirtækis, sem hefur mjög loðnar skilgreiningar um það hvað eru þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki og hver ekki, vil ég spyrja hæstv. ráðherra, mér finnst mikilvægt að það komi fram í umræðunni: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að skipa þessa stjórn? Á hér að vera um flokksbundna aðila í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Samfylkingunni að ræða? Ég hélt að við hefðum, í aðdraganda þessara kosninga, talað fyrir nýjum vinnubrögðum, nýjum þjóðarsáttmála um það hvernig íslenskir stjórnmálamenn eigi að vinna. Það er því mikilvægt að fá svar hæstv. ráðherra um hvernig standa eigi að skipan í stjórn þessa fyrirtækis. (**Fjmrh.:** Framsókn hefur aldrei skipað flokksmenn í nokkurt fyrirtæki.) Nú heyri ég að hæstv. ráðherra er mjög umhugað um fortíðina og Framsóknarflokkinn.

Við gætum rætt um ýmsa hluti hér þar sem hæstv. ráðherra er eldri en tvævetur. Eigum við að ræða um það hvaða ráðherrar á ríkisstjórnarbekkjunum komu að því að setja frjálsa framsalið á í fiskveiðistjórnarkerfinu? Eigum við að ræða það, hæstv. fjármálaráðherra? Það er einfaldlega þannig að flestir eiga sér einhverja fortíð í stjórnmálum. En með fullri virðingu er meðalaldur í þingflokki Framsóknarflokksins innan við 40 ár. Ein mesta nýliðun á vettvangi þingsins varð í þingflokki Framsóknarflokksins og þingflokkur Framsóknarflokksins hefur tekið þá ákvörðun að horfa fram veginn, hvernig samfélag við ætlum að skapa, en ekki að líta alltaf í baksýnisspegilinn eins og gömlum stjórnmálamönnum er tamt. Við erum að tala um það hvernig samfélag við viljum byggja til framtíðar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því og það er mikilvægt að það komi fram í þessari umræðu: Hversu mikið getur þetta félag skuldbundið ríkissjóð? Er ekki um algerlega opinn víxil að ræða? Ný stjórn í þessu fyrirtæki getur skuldbundið íslenskan ríkissjóð og íslenskan almenning, er ekki vert að reyna að takmarka það með einhverjum hætti? Eða er það svo að við alþingismenn, gamlir jafnt sem þeir sem eru að setjast á þing í fyrsta skipti, ætlum með samþykkt á þessu frumvarpi að samþykkja opinn víxil til einhverra stjórnarmanna í opinberum hlutafélögum úti í bæ sem geta tekið ákvörðun um að skuldbinda íslenskan ríkissjóð og skattborgara um tugi milljarða kr. án þess að þingmenn komi þar nokkuð að, þingmenn sem eiga að fara með fjárveitingavaldið. Hér er að öllu óbreyttu um afsal þingsins að ræða í hendur framkvæmdarvaldsins og aðila úti í bæ sem eiga að skilgreina eftir eigin hentugleika hvað eru þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að setja þurfi einhver bönd á það hvað aðilar geta gert til að skuldbinda ríkissjóð með því að yfirtaka stór og mikil fyrirtæki í samfélaginu.

Hæstv. ráðherra talar um að menn hafi leitað að sænskri fyrirmynd í þessum efnum en ég vil minna hann á að í því tilviki var höfuðáhersla lögð á að skilja á milli atvinnulífsins annars vegar og stjórnmálanna hins vegar. Ef fulltrúar ríkisstjórnarinnar ætla að setja „sitt fólk“ í stjórn þessa félags er ég hræddur um að við horfum upp á sams konar þróun og var fyrir mörgum áratugum, þar sem fólk fékk jafnvel húsnæðislán út á flokksskírteinið, þar sem aðilar flokkanna sátu í stjórn gömlu Húsnæðisstofnunarinnar og það voru kvótar á flokkana. Sjálfstæðismenn áttu viss mörg lán, kratar áttu viss mörg lán, framsóknarmenn viss mörg lán og halda mætti áfram eftir því. Er þetta samfélag sem við viljum skapa á grunni þeirra efnahagslegu rústa sem blasa við okkur? Ég segi nei. Ég spyr ráðherrann að því hvort hann telji ekki að það sé eðlilegt að í stjórn þessa félags, ef af því yrði, mundu skipast aðilar sem til að mynda yrðu tilnefndir af aðilum vinnumarkaðarins, frá Seðlabankanum, jafnvel úr háskólanum, aðilar sem eru ekki merktir með einhverjum flokkspólitískum stimplum. Það er alveg ljóst að fram undan eru mjög margar erfiðar ákvarðanir á vettvangi viðskiptalífsins. Þar þurfa aðilar að ákveða hverjir lifa og hverjir deyja og á það þá orðið að skipta máli hvaða flokki viðkomandi aðili tilheyrir eða ekki? Í guðanna bænum, við skulum forðast það að fara að tengja stjórnmálin og íslenskt viðskiptalíf á ný órjúfanlegum böndum.

Frú forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er það ljóst að aðilar vinnumarkaðarins, Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins, hafa eindregið lagst gegn því að þetta frumvarp verði samþykkt. Við hljótum því að velta því fyrir okkur hvernig samskiptum aðila vinnumarkaðarins og þessarar nýju ríkisstjórnar verður háttað í framhaldinu. Þegar atvinnurekendur í landinu og talsmenn launamanna segja að við skulum ekki ráðast í þessar aðgerðir og ekki er á þá hlustað hvert verður framhaldið í þjóðarsáttinni hér á landi? Við eigum eftir að lenda mjög mörgum erfiðum málum á þessum tímum sem við lifum og hvert á samráðið að vera? Þetta er ekki samráð, frú forseti, heldur er hér um einræði að ræða, einræði tveggja flokka sem ætla að koma þessu frumvarpi í gegn með góðu eða illu alveg sama þó að tveir af stjórnarandstöðuflokkunum hafi lýst yfir andstöðu sinni við málið, alveg sama þó að Alþýðusamband Íslands eða Samtök atvinnulífsins hafi lagst gegn því. Nei, þetta mál skal í gegn. Eru þetta þessi nýju stjórnmál sem þessir tveir flokkar hafa talað fyrir? Ég segi nei.

Mér finnst með ólíkindum og ríkisstjórninni til vansa að hún skuli ekki hafa gert heiðarlega tilraun til að koma til móts við þá sem hafa gert mjög alvarlegar athugasemdir við þetta. Hvað er að því að hafa opna heimild um það að aðrir aðilar en ríkið geti komið að eign á þessu félagi? Lífeyrissjóðirnir, erlendir kröfuhafar, innlendir kröfuhafar — hvað er að því að hafa þetta opið og gegnsætt? Hvað er að því að fleiri en ríkið komi að svona félagi? Ég vil að hæstv. ráðherra rökstyðji það af hverju ekki má veita lífeyrissjóðunum aðgang að þessu og öðrum aðilum vinnumarkaðarins. Í annars ágætri ræðu, þar sem ég var ósammála honum um margt, rökstuddi hann það ekki af hverju þetta eigi einungis að vera ríkisins í stað þess að hleypa fleiri aðilum að, hafa ferlið gagnsætt, losa um þær efasemdarraddir sem eru í kringum þetta mál hjá öllum aðilum á vinnumarkaðinum, reyna að koma til móts við þá með einhverjum breytingum, einhverri opnun. Nei, það kemur ekki til greina. Við hljótum að krefjast svara við því af hverju slík opnun er ekki í frumvarpinu.

Ég óska ríkisstjórninni að sjálfsögðu — þar sem þetta er fyrsta ræða mín eftir að nýkjörið þing kom saman — velgengni. En mér finnst þetta start hjá þessari ríkisstjórn, að koma fram með mál af þessu tagi í algerri andstöðu við stóran hluta af stjórnarandstöðunni og aðila vinnumarkaðarins, án þess að gera heiðarlega tilraun til að ræða málin á þeim vettvangi — mér finnst þessi fyrstu spor ríkisstjórnarinnar því miður ekki lofa góðu. Þetta er algerlega í andstöðu við það sem forustumenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, og allir frambjóðendur þeirra í aðdraganda síðustu kosninga, boðuðu. Opin vinnubrögð, lýðræðisleg umræða, samráð skyldi haft. Síðan er fyrsta mál ríkisstjórnarinnar lagt fram í þingsölum í algerri andstöðu við aðila vinnumarkaðarins og fleiri í samfélaginu.

Þetta byrjar ekki vel, frú forseti. Ég vona að þetta muni ganga betur en fyrsta mál sem hæstv. fjármálaráðherra hefur lagt fram gefur til kynna. Við framsóknarmenn segjum það af fullum heilindum að við erum tilbúnir að koma að því að styðja öll góð mál. En við viljum leiða mál til lykta í samvinnu og í samráði við mikilvæga aðila í samfélaginu, lykilaðila eins og aðila vinnumarkaðarins sem munu gegna því hlutverki, með kjörnum fulltrúum á þingi, að skapa alvöruþjóðarsátt til að við getum komið okkur út úr þeim erfiðleikum sem blasa við okkur. En það er alveg ljóst að ef við vinnum ekki saman að því að leysa hlutina, ef við tölum ekki saman, þá verður þessi ganga mun erfiðari en ella hefði þurft. Ég vil fyrir hönd okkar framsóknarmanna hvetja til meira samráðs og meiri samræðu um þau viðfangsefni sem blasa við okkur en að við þurfum ekki að horfa upp á það að ríkisstjórnin leggi fram mál án þess að reyna að ná einhverri niðurstöðu um það áður.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla fyrst að svara spurningu hv. þingmanns um stjórnarskipunina. Það er útskýrt í frumvarpinu og umsögn um 5. gr. hvernig hún er hugsuð. Það er einfalt, fyrst og fremst er gert ráð fyrir faglegri skipan þessarar stjórnar á grundvelli skilgreindra hæfniskrafna, menn skulu hafa haldgóða menntun og sérþekkingu á fjármálum og rekstri fyrirtækja og uppfylla allar kröfur, vera lögráða, hafa ekki verið úrskurðaðir gjaldþrota, hlotið dóm i tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum og lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot. Þetta eiga að vera valinkunnir sómamenn með staðgóða þekkingu og menntun á viðkomandi sviði, sá er útgangspunkturinn.

Má ég aftur leggja áherslu á að við þetta frumvarp þurfti að skoða ýmis mismunandi sjónarmið í þessum efnum, bæði þá ráðgjöf sem stjórnvöld höfðu fengið og sjónarmið bankanna sem eðli málsins samkvæmt verður að vinna þetta í samstarfi við ef það á að ná tilgangi sínum. Ég held að það hafi í aðalatriðum tekist vel þó að það sé rétt sem hv. þingmaður hefur nefnt, að ýmis sjónarmið frá aðilum vinnumarkaðarins, sérstaklega frá atvinnurekendum, voru önnur en þau sem birtast í frumvarpinu. Í frumvarpinu er fyrst og fremst gert ráð fyrir því að ef það reynist hagkvæmara fyrirkomulag og vænlegra til árangurs að slíkt sérhæft faglegt eignaumsýslufélag annist verkefnin í stað banka sem eru komnir með þau á sínar hendur, ekki vegna þess að neinn hafi óskað sér þess heldur vegna þess að aðstæður urðu slíkar, eru það nokkurn veginn örugglega bankar í eigu hins sama ríkis. Hvernig er þeim stjórnað? Fjármálaráðherra setur þeim stjórn og þar sitja nú bankaráð sem voru skipuð samkvæmt tilnefningum frá þingflokkunum sem eiga fulltrúa á Alþingi. Pólitíkin er þar ekki langt undan. Ætli það geti ekki verið ýmis hagsmunatengsl og ýmsir erfiðleikar sem líka þarf að hafa í huga í þeim efnum?

Mér finnst að menn ættu kannski að skoða þetta bara yfirvegað og velta fyrir sér (Forseti hringir.) hvort þetta sé endilega varhugaverðara fyrirkomulag en hin leiðin sem þá verður þó farin í aðalatriðum, að bankarnir annist um þessa (Forseti hringir.) skuldaúrvinnslu og endurskipulagningu fyrirtækjanna.

[15:08]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það stendur mjög skýrt í frumvarpinu hverjar hæfniskröfur til stjórnarmanna eiga að vera, en fyrirspurn mín var: Hvaðan eiga þeir að koma? Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann teldi það koma til greina að aðilar úti í samfélaginu, aðilar á vinnumarkaði, mundu tilnefna í stjórn þessa félags úr Seðlabankanum, svo dæmi sé tekið, hvort til greina komi að einhverjir aðrir en sjálfur hæstv. ráðherrann skipi fulltrúa í stjórn þessa fyrirtækis ef af stofnun þess verður.

Ég ítreka líka spurningu mína varðandi skuldbindingar sem þessi stjórn mun geta skuldbundið íslenskan ríkissjóð fari hlutirnir illa. Ætlum við þingmenn að afgreiða héðan frumvarp sem veitir fimm manna stjórn úti í bæ opinn tékka á það með hvaða hætti íslenskur ríkissjóður, íslenskir skattborgarar, verður skuldbundinn? Það er mikilvægt að við fáum svör við því hvort þetta félag eigi að hafa algjörlega frjálsar hendur með hvernig það gengur í ábyrgðir fyrir hönd íslenskra skattgreiðenda.

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvernig hann rök-

styður að ríkið eigi eitt að koma að stofnun þessa félags þegar það er ljóst að aðilar vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðirnir vilja koma að því til þess að gera allt gegnsærra í ferlinu, eyða einhverri tortryggni sem er í samfélaginu. Hvaða rök eru fyrir því að ríkið eigi eitt að koma að þessu fyrirtæki? Ég vil bara heyra þann rökstuðning. Hæstv. ráðherra hefur einfaldlega ekki getað rökstutt sannfærandi að fimm fulltrúar í hans umboði eigi að „víla og díla“ um alla þessa hluti.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir: Sporin hræða. Þau hræða hjá öllum stjórnmálaflokkum sem hafa verið við lýði á undangengnum áratugum, öllum. Við viljum upphefja ný vinnubrögð á vettvangi þingsins. Það er þess vegna dapurlegt að það skuli vera fyrsta málið, forgangsmálið, hjá nýrri ríkisstjórn, að ríkisvæða atvinnulífið upp á nýtt og að pólitískir fulltrúar (Forseti hringir.) eigi að skipa og ráða og „víla og díla“ um hverjir eigi að lifa á markaðnum og hverjir deyja.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það þjónar kannski takmörkuðum tilgangi að ræða þetta á þessum nótum. Er það ekki ríkisvæðing í augum hv. þingmanns sem gerðist í fyrrahaust þegar ríkisbankar voru stofnaðir upp úr hruni gömlu bankanna? Það voru aðrir sem stóðu fyrir því, var það ekki? Það var ekki af því að einhver óskaði sér þess eða vildi það, það var bara svo komið að ekki var annað hægt til að tryggja ákveðna starfsemi í landinu.

Ég held að það sé heldur ekki þannig að þessir nýju bankar í eigu ríkisins yfirtaki fyrirtæki vegna þess að þá langi til þess að ráðskast með þessi félög, heldur vegna þess að aðstæður eru bara þannig orðnar að það er óumflýjanlegt til að reyna að bjarga verðmætum og tryggja tiltekna starfsemi. Það gerir það enginn að gamni sínu, að ég held. Eigum við ekki að tala um veruleikann eins og hann er? Það er ágætt að fara í pólitískar skylmingar en við skulum ekki gera það í einhverjum tilbúnum sýndarheimi sem er einhvern veginn allt öðruvísi en veruleikinn. (Gripið fram í.) Það gerir þetta enginn að gamni sínu, hv. þingmaður, þetta eru ekki aðstæður sem neinn hefur óskað sér að vera í, allra síst sá fjármálaráðherra sem hér stendur. Það er ekki af einhverri löngun vegna þess að mig langi til að skipa einhverja fulltrúa í stjórn til að ráðskast með atvinnulífið sem þetta er gert. Þetta eru ekki aðstæður sem voru búnar til af einhverri lævísi til þess að geta svo gert þetta, eins og mér finnst hv. þingmaður næstum því vera að skálda upp. Það er ekki þannig.

Það er ekki gert ráð fyrir því að skuldbindingarnar verði neinar umfram það sem orðið er þegar bankar í eigu ríkisins neyðast til að leysa til sín eign í fyrirtækjum vegna þess að fyrirtækin eru komin í þrot. Af jafnræðisástæðum er það ekki bundið við ríkisbankana, heldur er sagt að þeir eða önnur fjármálafyrirtæki kynnu að óska þess að afhenda þessu félagi verkefni. Það væri hæpið að banna það og binda þetta eingöngu við þau verkefni sem eru til úrlausnar hjá bönkum í eigu ríkisins. Það er ástæðan fyrir því að það er þannig orðað.

Í þriðja lagi er það (Forseti hringir.) bara fyrirkomulagsatriði ef einhver áhugi væri á því að hafa einhverja meðeigendur ríkisins að þessu eignaumsýslufélagi. Ég held að aðalatriðið sé að fá lífeyrissjóði og fjárfesta til samstarfs (Forseti hringir.) um úrlausn málanna, um hið nýja eignarhald fyrirtækjanna, um að koma þá að þeim (Forseti hringir.) þegar þau hafa verið endurreist.

[15:12]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og svo því sé til haga haldið var ekki meining mín að gefa í skyn að hæstv. ráðherra væri illviljaður maður. Þvert á móti tel ég að ráðherrann hljóti að vera að gera sitt besta til að stuðla að framförum hér á landi svo að það sé á hreinu hvað mér finnst.

Það sem ég gerði hins vegar var að spyrja hæstv. ráðherra spurninga og mér finnst ákveðin tímamót í þeim svörum sem komu fram. Hæstv. ráðherra sagði efnislega að það væri ekkert keppikefli af hans hálfu að skipa einhverja sérstaka fulltrúa í stjórn þessa félags. Hæstv. ráðherra hlýtur þá að vera að opna á það að einhverjir aðrir aðilar utan úr samfélaginu geti tilnefnt í stjórn þessa félags. Það er framfaraefni að mínu viti. Það er líka mikil opnun á málið af hálfu hæstv. ráðherra að aðrir aðilar megi koma að stofnun þessa félags og koma að því. Það er einmitt það sem aðilar vinnumarkaðarins hafa reynt að ræða við ríkisstjórnina á undanförnum vikum þannig að ég á von á því að þegar þetta mál kemur á borð efnahags- og skattanefndar skoðum við þær breytingar, hvort hægt sé að bæta málið með þeim hætti að hleypa fleiri aðilum að. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi opnað á breytingar á frumvarpinu og reyndar er það svo að málið er núna formlega komið til þingsins. Hver og einn þingmaður mun á grundvelli sannfæringar sinnar greiða atkvæði um breytingartillögur á þessu frumvarpi þannig að ég hef trú á því að þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu séu einungis bundnir af sannfæringu sinni í þessu máli eins og öllum öðrum málum.

Ég á von á því að öllu óbreyttu að þetta mál hljóti að taka einhverjum breytingum í þingnefnd ef við ætlum á annað borð að taka mið af því sem sagt er úti í samfélaginu, sérstaklega aðilum vinnumarkaðarins, og reyna að taka eitthvert mark á þeim ábendingum sem samfélagið kemur með til okkar þingmanna til að gera það mál sem við ræðum hér miklu betra en það er vegna þess að þetta er ekki gott mál.

[15:15]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Við hljótum öll að hafa nokkurn skilning á því að Framsóknarflokkurinn sé hættur að líta í baksýnisspegilinn enda hætt við því að hann sæi þar einmitt Framsóknarflokkinn. En ég verð að segja að sá málflutningur að hæstv. fjármálaráðherra sé með einhverjum hætti að flytja frumvarp um Sovét-Ísland, óskalandið, eða eitthvað í þá veruna er satt að segja fráleitt boðlegur því að menn verða auðvitað að gangast við því sem orðið er og því umhverfi sem við störfum í.

Hér hrundi allt hinn 6. október síðastliðinn og þegar hv. þm. Birkir Jón Jónsson vísar til þess að við séum að temja

okkur önnur vinnubrögð þá er það einmitt að fara ekki í þrætubókarlist eins og þá og tala hér um ríkisvæðingu og ganga með brigslum á menn. Það er einfaldlega þannig að hér hafa lykilfyrirtæki á fjármálamarkaði komist í eigu ríkisins. Í þeim fyrirtækjum eru í viðskiptum fjölmörg fyrirtæki sem eru í verulegum vandræðum og menn þurfa ekki að leggjast í viðameiri rannsóknir en svo að líta á forsíður dagblaðanna í morgun til að sjá umræður og umfjöllun um það þegar fyrirtæki ríkisins hefur, síðast í gær, þurft að leysa til sín umtalsverðan eignarhlut. Auðvitað eru í því álitaefni, ólík sjónarmið og skiptar skoðanir en það sem hér er um að ræða er fyrst og fremst fyrirkomulag á þeirri yfirtöku ríkisins, fyrirkomulag á því að taka tímabundið yfir starfsemi sem komin er í blindgötu, vinna úr því, endurskipuleggja það og koma því aftur út. Fyrirkomulag á því sem þegar er verið að gera. Því miður er það svo að fjölmörg fyrirtæki hafa átt í mjög miklum erfiðleikum og þurft hefur að hlutast til um rekstur þeirra og eignarhald vegna gríðarlegrar skuldsetningar. Auðvitað stundum vegna þess að þeir eigendur sem þar hafa verið hafa ekki séð fyrir frekar en flestir aðrir það sem hér hefur gerst en jafnvel líka ekið býsna greitt eftir brautinni. Við skulum ekkert horfa fram hjá því að menn eru auðvitað um leið ábyrgir fyrir þeim ákvörðunum sem þeir taka í sínum rekstri.

Það frumvarp sem hér er lagt fram hefur hæstv. fjármálaráðherra rakið ágætlega að er ekki flutt vegna þess að menn hafi sérstakan áhuga á því. Hér er auðvitað um tímabundna ráðstöfun að ræða. Hér er skýrt kveðið á um það að þau fyrirtæki sem í þennan farveg kynnu að fara, og kannski þarf aldrei að grípa til þess, skuli selja aftur.

Ég held hins vegar að hér hafi ýmsar ágætar ábendingar komið fram í umræðunni um atriði sem ræða þarf betur í útfærslunni á þessu eignarhaldsfélagi. Hluti eins og hv. þm. Birkir J. Jónsson nefndi um skuldbindingar félagsins, hvaða takmarkanir kunni að vera á þeim skuldbindingum sem þar eru. Ræða þarf með hvaða hætti við getum sem best tryggt að þetta sé armslengd frá pólitíkinni. Að þarna séu í stjórn og fyrirsvari og forsvari þeir valinkunnu sómamenn og konur sem hæstv. fjármálaráðherra vísaði hér til sem hafa faglega og óumdeilt þekkingu og reynslu sem best getur nýst við þessi vandasömu og erfiðu verkefni. Við þurfum líka að ræða, eins og gert var í umfjöllun í efnahags- og skattanefnd fyrir kosningar, um þessa afmörkun. Hvaða fyrirtæki það eru eða hvernig skilgreina skuli þau fyrirtæki sem geti fallið undir lögin. Ég held að það sé ótvírætt til framfara í málinu eins og það nú liggur fyrir að þar er gert ráð fyrir að þingið komi að þeirri afmörkun, að það sé ekki eftirlátið framkvæmdarvaldinu eða reglugerðarvaldi með einföldum hætti heldur komi þingið að því með umsögn eins og gert er ráð fyrir.

Sá þáttur sem ég held þó að mesta umræðu hljóti að þurfa er hvernig standa eigi að því að selja þessi fyrirtæki aftur. Hneykslið við sölu ríkisbankanna má ekki endurtaka sig. Við þurfum á vettvangi Alþingis að hafa algerlega skýrar og ljósar reglur um það hvernig standa eigi að sölu fyrirtækja sem komast í hendur ríkisins á þessum tímum og þurfa að komast aftur út á markað. Vegna þess að það hvernig það var gert hér á árum áður þegar ríkisbankarnir voru seldir í hendur einkaaðila var sannarlega mikið ófarnaðarskref og ég hygg að þeir sem fylgdust með rannsókn fjárlaganefndar á kjörtímabilinu 2003–2007 á því hvernig að þeirri sölu var staðið séu ekki í nokkrum vafa um að þar hafi margar ákvarðanir leikið lykilhlutverk í því sem á eftir kom. Ég held að það sé sérstaklega mikilvægt að við förum vel yfir þann þátt málsins og ræðum hann í umfjöllun nefndarinnar. En ég vek athygli á því að hæstv. fjármálaráðherra tók fram hér við umræðuna að aðkoma þingsins eigi líka að tryggja að þeim þáttum sem að því lúta og ég held að sömuleiðis megi ræða með hvaða hætti nákvæmlega það sé réttast og hentugast.

Ýmsum ábendingum fyrri efnahags- og skattanefndar hefur verið mætt að hluta eða í heild þegar málið er lagt fram nú og ég hlýt að þakka fyrir það og hef gert ráðstafanir til þess að hægt sé að kalla efnahags- og skattanefnd saman fljótt og vel til að fara að vinna í málinu. Það er gríðarlega mikilvægt við þær aðstæður sem núna eru að stjórnvöld hafi þau tæki sem á þarf að halda til að takast á við þau flóknu og vandasömu verkefni sem nú eru. En ég legg áherslu á að eftir þeirri ráðgjöf sem menn hafa fengið og að bestu manna yfirsýn er hér um að ræða tæki sem geta skipt máli t.d. varðandi stór fyrirtæki sem eiga í viðskiptum við alla banka. Út frá samkeppnissjónarmiðum geta líka sannarlega verið kostir því samfara að hafa eignarhaldið fremur í félagi af þessu tagi en í eignarhaldsfélögum á vegum ríkisbankanna, með fullri virðingu fyrir þeim, því að ríkisbankarnir, eins og bankar almennt, eiga í viðskiptum við fyrirtæki í öllum greinum og nú þegar hafa komið upp ásakanir og deilur um það að bankarnir séu að nota stöðu sína gagnvart einstökum fyrirtækjum til að hvetja til viðskipta þeirra á milli. Það að afmarka með þessum hætti eignarhaldið í sérstöku félagi kemur náttúrlega í veg fyrir slíka tortryggni og slíkar ásakanir.

Sömuleiðis vil ég segja um það álitaefni hvort ríkið eigi eitt að eiga þetta félag að ég er almennt þeirrar skoðunar að farsælast sé að annaðhvort eigi ríkið starfsemi eða það eigi hana ekki og það sé almennt helst til ófarnaðar í eignarhaldi hins opinbera á félögum þegar verið er að blanda saman einkaeignarhaldi og opinberu eignarhaldi því að þetta ólíka eignarhald á að þjóna ólíkum markmiðum. Eignarhald fjárfesta, sjóða eða lífeyrissjóða eða annarra slíkra aðila á að lúta markmiðum um ávöxtun en eignarhald hins opinbera á að lúta sjónarmiðum um almannahagsmuni. Það að blanda þessu tvennu saman í einhvers konar samkrulli í hlutafélögum þar sem hið opinbera á hluta og einkaaðilar eða sjóðir með ávöxtunarkröfu annan hluta getur einfaldlega valdið árekstrum og því að inni í einu og sama félaginu séu sjónarmið sem ekki er hægt að brúa vegna þess að þau eru einfaldlega eðlisólík. Það geta komið upp tilvik þar sem ekki verður þjónað í senn markmiðum um ávöxtun og sjónarmiðum um almannahagsmuni og þess vegna fari best á því að fyrirtæki séu annaðhvort ohf., þ.e. í opinberri eigu, eða ehf. eða hf., þ.e. í einkaeign. Með því að hleypa fleiri eignaraðilum að þessu félagi mundi líka skapast hætta á að það dragist á langinn að leysa starfsemi þess upp. Markmið ríkisins er að koma þeirri starfsemi sem þarna verður hugsanlega tekin yfir sem fyrst aftur í rekstur, auðvitað við sanngjörnu verði en ávöxtunarkrafan er ekki aðalatriðið eins og hún yrði fyrir þá sjóði sem kynnu að verða meðfjárfestar ef

opnað væri fyrir slíkt.

Þennan almenna fyrirvara vil ég hafa um það atriði að ríkið eigi þetta eitt og að við hljótum öll að vera tilbúin til að hlýða á röksemdir með og móti þessu atriði eins og öðru í þeirri umfjöllun sem fram undan er í efnahags- og skattanefnd.

[15:26]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að enginn efist um vandamálið sem við stöndum frammi fyrir með þessi fyrirtæki í landinu sem eru komin flest niður á hnén í kjölfar hrunsins í október. Þessi umræða snýst alls ekki um það, heldur hvort sú leið sem menn eru að tala um þjóni þeim tilgangi sem flutningsmenn eða ríkisstjórnin telur.

Ég hef talið hér upp nokkur dæmi um það þar sem þessi leið með eignaumsýslufélag var farin sem mistókust hrapallega. Ég nefndi líka dæmi um tvö félög í Svíþjóð sem tókust mjög vel en þau voru einfaldlega annars eðlis vegna þess að þau tóku yfir lánasöfn, 80% af eignunum sem þau tóku yfir voru lánasöfn. Það er því ekki hægt að bera það saman.

Punkturinn sem ég er að reyna að koma til skila er sá að sporin hræða. Það er ekki góð reynsla af slíkum félögum og sérstaklega ekki þegar búið er að sjóða saman einhvern séríslenskan leiðarvísi. Þetta verður að vera miklu betur ígrundað og taka miklu meira mið af þeirri reynslu sem aðrar þjóðir hafa af þessu. En það er rétt að ítreka að enginn efast um vandamálið og það er alls ekki verið að gera lítið úr því.

[15:28]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni andsvarið og fyrir að vísa í empirískar rannsóknir á því sem áður hefur verið gert á þessu sviði. Ég held að þar hljótum við að vera sammála um að nærtækara sé fyrir okkur að líta til reynslunnar í Svíþjóð og Finnlandi en kannski í ýmsum öðrum ríkjum sem vísað var til. Um leið held ég að það sé óhjákvæmilegt að hafa í huga hversu gríðarlega umfangsmikill vandi okkar er. Sá fjöldi fyrirtækja sem glímir við mikla erfiðleika og fjöldi stórra lykilfyrirtækja er mjög verulegur og kallar auðvitað á það að við grípum til sérstakra ráðstafana.

Ég held hins vegar þegar við lítum til þess að á vegum ríkisbankanna eru eignarhaldsfélög — hér hafa áður í sögunni verið eignarhaldsfélög eins og Hömlur forðum tíð — þá ætti það að ríkið setji upp sérstakt eignarhaldsfélag til að leysa í raun og veru sams konar vandamál á sams konar grundvallarsjónarmiðum en þó með því að skilja það út úr bankakerfinu að geta haft þá kosti að auka gagnsæi og tryggja betur m.a. samkeppnissjónarmið og þær áhyggjur sem einkafyrirtæki og menn á markaði hafa í þeirri stöðu sem upp kemur þegar ríkisbanki verður eignaraðili að fyrirtæki á samkeppnismarkaði.

[15:30]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tók það einmitt fram í ræðu minni hér áðan að reynsla Finna af eignaumsýslufélagi eins og þessu væri ekki góð. Ég benti einnig á það að ef um fyrirtæki í samkeppnisrekstri er að ræða þá getur það ekki verið þjóðhagslega mikilvægt fyrirtæki. Rétt?

Ég vil því enn og aftur ítreka: Reynsla annarra þjóða af þessu er ekki góð. Það þýðir ekki að benda til Svíþjóðar vegna þess að þar voru tekin yfir lánasöfn, ekki fyrirtæki.

[15:31]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það voru ekki einvörðungu lánasöfn sem tekin voru yfir í Svíþjóð, ég held að það hafi verið í 80% tilvika. Þau 20% sem eftir standa, sem voru fyrirtækin, voru auðvitað gríðarlega mikil umfangs. Ég held að það verði athyglisvert fyrir okkur að bera saman umfangið af þeirri yfirtöku við það sem hér kynni að verða, sem vonandi verður þó sem minnst, og einnig að kynna okkur reynsluna af Arsenal, finnska eignarhaldsfélaginu, og heyra þau sjónarmið sem fram eru færð með eða á móti. En ég bara undirstrika að ég held að það sé algerlega ótvírætt og það hafi að minnsta kosti komið í ljós þegar bankarnir voru í einkaeigu að ýmis vandkvæði hafi verið við það að viðskiptabankar væru beint í eignarhaldi á fyrirtækjum á markaði.

Ég held að með alveg sama hætti geti verið á því alvarlegir annmarkar að eignarhald á stórum lykilfyrirtækjum í samfélaginu sé í gegnum ríkisbankana þó að þeir séu í eigu ríkisins. Þar geta auðvitað verið árekstrar sem betra væri að fara fram hjá og tryggja gagnsæi og aðskilnað og þessa armslengd sem er þó sannarlega auðveldara um að tala en í að komast. Það verður verkefni okkar í efnahags- og skattanefnd að liggja yfir hvernig tryggja megi hana.

[15:33]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að lykilatriði í þessu efni sé að vanda sig afskaplega vel, sporin hræða vissulega. Ég tek undir margt það sem ráðherra hefur sagt hér, hann er ekki í neinni óskastöðu að takast á við þennan vanda.

En ég held að það sé líka mjög brýnt fyrir nýtt þing að menn hlusti vel hver á annan og taki vel ábendingum hvaðan sem þær koma, jafnt frá þeim sem hér hafa talað og öðrum sem kunna að tala hér á eftir. Við þurfum á öllum góðum ráðum að halda og við megum ekki í krafti flokkspólitíkur útiloka skoðanir hvaðan sem þær koma.

Hér þarf fyrst og fremst að vanda mjög til verka, hlusta á sjónarmið hver annars og í reynd er ekki hér um flokkspólitískt mál að ræða. Ég held að hér sé um þverpólitískt mál að ræða. Við viljum koma þessum fyrirtækjum aftur út á markað þar sem þau eiga heima. Hér eru fyrirtæki, mörg hver mikilvæg og mörg hver algerlega lífsnauðsynleg fyrir hjarta samfélagsins, sem þurfa að komast á legg aftur með öllum ráðum. Í því efni ber okkur að vanda okkur og tala okkur að niðurstöðu að fenginni hjálp allra sem hér eru innan dyra og utan húss. Þar hefur flokkspólitíkin ekkert með lausnirnar í sjálfu sér að gera.

Við erum einfaldlega að tala um mál sem við þurfum öll að taka á með þeim rökum sem duga og með þeim ráðum sem helst eru uppi á borðum. Þess vegna fagna ég því að

menn komi hér og geri athugasemdir við þetta vegna þess að ég held að við eigum ekki að vera í þeirri pólitík að hleypa svona máli sjálfkrafa í gegn.

[15:35]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir andsvarið. Einmitt þess vegna held ég að það sé mikilvægt að við missum ekki umræðu um þetta mál, sem varðar brýna hagsmuni þjóðarinnar, og hugsanlega lykilfyrirtæki í landinu, þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki, í gamaldags skotgrafir um ríkisvæðingu, pólitísk afskipti o.s.frv. Við ættum frekar að leitast við að kynna okkur þá reynslu sem aðrir hafa af þessu og meta þá þekkingu sem við höfum hér í þinginu.

Ég er býsna ánægður með það sem nýr formaður efnahags- og skattanefndar að ég held að ég hafi ekki fengið færri en fjóra hagfræðinga í nefndina. Við ættum því að hafa nokkuð af sérfræðiálitinu og það mun eflaust auðvelda okkur starfið þó að ég sé ekki viss um að það muni stytta fundina.

[15:36]

Útbýting:

Aflaheimildir utan höfuðborgarsvæðisins, 10. mál, fsp. EKG, þskj. 10.

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, 13. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 13.

Framtíðarskipan Hólaskóla, 9. mál, fsp. EKG, þskj. 9.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 14. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 14.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 15. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 15.

Landspítalinn, 17. mál, fsp. SF, þskj. 17.

Skipting byggðakvóta, 12. mál, fsp. EKG, þskj. 12.

Útflutningsskylda dilkakjöts, 8. mál, fsp. EKG, þskj. 8.

Úthlutun byggðakvóta, 11. mál, fsp. EKG, þskj. 11.

Vörumerki, 16. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 16.

[15:37]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér aftur frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

Hæstv. fjármálaráðherra flutti ágæta ræðu um þetta. Ég vil þakka honum fyrir hana og óska honum til hamingju með starfið. Ég vona að hann standi sig vel í starfi fyrir land og þjóð. Einnig vil ég þakka hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni, sem fór yfir kosti og galla slíkra félaga víða um heim, og gat þess sérstaklega að í Svíþjóð hefði tekist vel til, enda var þar um að ræða fasteignafélög eða veðskuldabréf sem voru með veði þar sem var þá ákveðinn „substans“, ef nota má það orð á íslensku, á bak við eignina. Hér á Íslandi erum við hins vegar oft og tíðum með fjárfestingarfélög sem fengu lán til að kaupa hlutabréf. Þegar hlutabréfin lækka í verði og lánið jafnvel hækkar þá er enginn „substans“ í þessum fyrirtækjum. Þess vegna verður afskriftarhlutfallið svona óskaplega hátt eins og menn sjá.

En ég vil endilega vera jákvæður gagnvart þessu frumvarpi, ég ætla að reyna það alla vega. Ég vil geta þess að skaðinn er skeður, fyrirtækin eru komin í ríkisvæðingu, þau eru í eigu ríkisins. Ég hef bent á það nokkrum sinnum í gegnum tíðina að við settum lög fyrir nokkru um svokölluð ohf.-félög eða opinber hlutafélög. Þau lög eru afskaplega afdráttarlaus og gefa ekkert svigrúm. Það stendur bara að félög sem eru í eigu opinberra aðila skuli heita ohf., engrar undankomu er auðið.

Bankarnir eru allir saman ohf., samkvæmt þeim lögum. Ég get ómögulega skilið neitt annað. Samkvæmt því á að vera kynjajafnrétti í stjórnum. Blaðamenn, fréttamenn og kjörnir fulltrúar eiga rétt á að mæta á aðalfundum o.s.frv. Ég hef jafnvel varpað þeirri spurningu fram hvað gerist ef ekki reynist hafa verið staðið rétt að aðalfundum. Eru þá stjórnirnar ekki rétt kjörnar? Eru allar aðgerðir þeirra óréttmætar? Ég ætla því að biðja menn að fara mjög nákvæmlega, hæstv. ráðherra, í gegnum þetta enn einu sinni. Hvort það sé ekki alveg kristaltært að þetta séu ohf.-fyrirtæki allt saman. Og ekki bara bankarnir heldur líka þau fyrirtæki sem þeir eignast. Öll hlutafélög sem bankarnir eignast með því að taka þau yfir eru þá orðin ohf.

Vandamálið í nefndinni síðast var um fyrirbærið „þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki“. Það fékkst aldrei neinn botn í það. Það er reyndar búið að skerpa dálítið á því núna hvað þetta fyrirbæri þýðir. Eru skipaflutningar t.d. þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki? Mér skilst að hægt sé að panta skip eftir hádegi til að sigla til Íslands, það er ekki meira þjóðhagslegt mikilvægi í því ef eitthvert skipafélag fer á hausinn, ekki geta þau verið þjóðhagslega mikilvæg.

Það eina sem ég sé fyrir mér eru kannski fjarskiptafyrirtæki. Þau gætu hugsanlega verið þjóðhagslega mikilvæg ef maður túlkar þetta þröngt. Sumir hafa bent á það — það er kannski meira djók, frú forseti — að kók sé vissum aldurshópi á Íslandi afskaplega mikilvægt. Sá aldurshópur gæti lent í miklum vandræðum ef hann fengi ekki kókið sitt. Þetta sýnir hvað það er erfitt að túlka hvað eru þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Ef maður túlkar þetta þröngt þá er þetta nánast ekkert, ef maður túlkar þetta vítt þá er þetta nánast allt. Sá er eiginlega vandinn við frumvarpið.

Við ræddum þetta mikið í vetur í nefndinni. Minni hlutinn, sem ég myndaði ásamt hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur, fór í gegnum umsagnirnar, sem eru allar meira og minna neikvæðar. Þeir aðilar sem gáfu umsögn, bæði ASÍ og fleiri, benda á að menn hafi ætlað að setja á fót endurreisnarsjóð á vegum lífeyrissjóðanna sem ætlað var sama hlutverk og hér er ætlað ríkinu. Það var reyndar dálítið víðtækara, ekki af þjóðhagslegum mikilvægum fyrirtækjum heldur fyrirtækjum almennt. Við ræddum það líka, og ég vil gjarnan að ráðherrar hlusti á það — mér finnst að það eigi að leyfa almenningi að koma að þessu líka og kem ég betur inn á það á eftir.

Hvað gerist við gjaldþrot fyrirtækis? Hvað skyldi gerast? Er fyrirtækið verðlaust? Alls ekki. Fyrirtækið er nefnilega alls ekki verðlaust. Yfirleitt ekki. Stjórnendurnir hafa ákveðna stjórnunarþekkingu í fyrirtækinu og við hefðbundið gjaldþrot fer sú stjórnunarþekking forgörðum. Það er mjög miður. Starfsmennirnir hafa ákveðna reynslu af störfum hjá fyrirtækinu, mjög verðmæta. Það má segja að þröngt séð sé fyrirtækið ekkert annað en starfsmennirnir.

Við gjaldþrot flosnar sú eign öll upp, oft og tíðum. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir kröfuhafa að halda rekstrinum gangandi og reyna að finna út þau verðmæti sem eru í fyrirtækinu, þ.e. stjórnunarþekkingin, öll tengslin, tengslin við birgja í útlöndum, einkaumboð og annað slíkt. Þessum verðmætum þarf að viðhalda, það er mjög mikilvægt.

Ef menn ganga þvert á hag eigendanna og segja: Þið bara farið, burt með ykkur, eins og er hefðbundið þá sjá þeir sér leik á borði og stofna bara nýtt fyrirtæki, hringja í vini sína úti í Þýskalandi eða í Evrópu, sem þeir eru með umboð fyrir, og öll umboðin skipta um hendur. Bestu starfsmennirnir eru ráðnir í nýja fyrirtækið og eftir stendur tóm og gersamlega verðlaus skel. Þetta er það sem við verðum að reyna að hindra og þess vegna þurfa menn að búa til reglu, einhverjar almennar reglu, sem metur þessi verðmæti og eftirlætur eigendunum einhvern möguleika á því að vinna fyrirtækið sitt til baka. Ef þeir leggja hart að sér, ef þeir borga nægilega mikið fyrir það seinna meir, borga upp í kröfuna jafnvel — ef þeir hafa hvata til þess, ef þeir eru látnir hafa hvata til þess, getur verðmæti fyrirtækisins orðið miklu meira en við einfalt gjaldþrot þar sem allt fer í vaskinn.

Það má kannski segja að gjaldþrotalögin núna taki ekkert mið af þessu. Þau skella þessu bara öllu í gjaldþrot, stjórnin burt, starfsmennirnir burt og allt ónýtt. Af því að það er svo mikið af gjaldþrotum og þetta er orðið svo víðtækt verða menn að fara að finna leiðir til að viðhalda þeim verðmætum sem felast í stjórnun, tengslum, starfsmönnum o.s.frv. Ég skora á hv. nefnd, sem fær þetta til umsagnar, og sem ég á sæti í, að ræða hvernig hægt er að koma inn í þetta fyrirtæki eða önnur, sem eru að vinna svipað, eða í bönkunum, einhvers konar leið til þess að viðhalda þeim verðmætum sem eru í fyrirtækjunum.

Það hefur líka töluvert verið rætt um skuldbindingu samkvæmt 7. gr. — 20 millj. kr. eru nú ekki mikið. Ég mundi segja að það væri ekki mikið ef menn ætla að bjarga einhverju almennilegu fyrirtæki. Það er greinilegt af frumvarpinu að það er miklu meira á bak við þetta. Menn hljóta að ætla sér að setja í þetta umtalsverðar upphæðir, ekki einhverjar 20 millj. kr. Þannig að það væri skemmtilegt og eiginlega nauðsynlegt fyrir Alþingi sem fjárveitingavald að vita hvað er meiningin að setja mikið fé inn í þetta. Eru einhver efri mörk fyrir það? En það er ekki í frumvarpinu, það eru bara 20 millj. kr. sem er mjög lítið.

Eins og ég gat um áðan eru umsagnirnar allar meira og minna neikvæðar. Reyndar er ein og ein jákvæð en flestar voru neikvæðar og þá vegna þess að menn sáu að möguleikar á því að lífeyrissjóðirnir og aðrir aðilar kæmu að þessari endurreisn eru fyrir bí. Alla vega hvað varðar þessi þjóðhagslega mikilvægu fyrirtæki sem enginn veit hversu vítt verður túlkað. Það finnst mér að þurfi að ræða betur. Ég mundi gjarnan vilja að nefndin ræddi líka hvort aðrir aðilar ættu ekki að geta komið að þessu máli líka.

Það hefur farið hljótt og ekki hefur mikið verið rætt um það, frú forseti, að innlán á Íslandi hafa aukist alveg gífurlega, sem er afskaplega jákvætt. Venjulegur launamaður gerir ekki nema tvennt við launin sín. Annaðhvort eyðir hann þeim í ferðalög eða mat, fer út að borða eða kaupir sér bíl eða eitthvað svoleiðis, eða hann sparar þau. Hann gerir ekki nema tvennt við launin sín. Þegar hann sparar gerir hann það annaðhvort með því að borga niður skuldir eða með því að leggja inn í banka.

Það sem gerðist í haust er að Íslendingurinn breytti hegðun sinni gersamlega og hætti að eyða. Það þýðir að hann fór að spara. Af því að hjá lunganum úr þjóðinni hafa tekjurnar haldið áfram að koma inn. Þó að fjórðungur þjóðarinnar hafi því miður lent í miklum áföllum með atvinnumissi, fá skertar tekjur o.s.frv. og auknum byrðum af gengistryggðum lánum, þá er lunginn af þjóðinni með tekjurnar áfram og þær fara inn á sparisjóðsinnstæður. Enda kom það fram í fundargerð peningastefnunefndar, þeirri fyrstu sem birtist, að innlánsaukningin frá því í ágúst til þess tíma, sem var í mars, væri 250 milljarðar. Gífurlega háar tölur. Reyndar er hluti af því millifærsla frá peningamarkaðssjóðum, mig minnir að það hafi verið 113 en eftir standa um 100–120 milljarðar í innlánsreikningum sem er um 400 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu, litlu börnin meðtalin. Þannig að það er gífurleg innlánsaukning í landinu.

Hvar skyldi það fé nú vera? Það er lokað inni í bönkunum. Það er lokað inni í bönkunum vegna allt of hárra stýrivaxta, það fer ekki út, vegna þess að bankarnir hafa ekki efnahag og vegna þess að bankarnir treysta ekki einu einasta fyrirtæki í landinu til að taka við lánum. Þetta er kannski of mikil alhæfing en traustið er mjög lítið í útlánum. Þetta er eitthvað sem við þurfum að vinda bráðan bug að, bráðan bug að því að leysa. Bæði að koma að efnahag bankanna, það er sko vandamál númer eitt, tvö og þrjú, og að koma stýrivöxtunum niður því þeir þýða gífurlega raunvexti í dag.

Þessu ættum við að standa í að leysa en því miður er þingið að gera eitthvað allt annað. Það er alltaf að gera eitthvað allt annað. Fyrst var það að koma ákveðnum manni út úr Seðlabankanum, það var mikið mál. Svo þurfi að koma á stjórnlagaþingi, það var mikið mál. Og svo, ég ætla nú ekki að vera neikvæður, á að ganga í Evrópusambandið sem leysir akkúrat ekkert af þessum vandamálum. En menn eru alltaf að gera eitthvað. Þetta er einhver verkfælni. Þetta er eins og menn séu verkfælnir og grípa alltaf eitthvað og gera eitthvað annað en það sem virkilega þarf að gera. (Gripið fram í.) Það þarf virkilega að koma bönkunum í gang þannig að þeir geti farið að lána út t.d. hér. Ég mundi leggja til að hv. nefnd fari nú vel í gegnum þetta og sjái til hvort hún gæti ekki breytt frumvarpinu þannig að einstaklinginn geti komið að þessu líka eða sameignarfélög einstaklinga. Þannig að þessi mikli sparnaður sem hefur myndast fari nú að virka. Og einnig að lífeyrissjóðirnar geti komið að þessu batteríi og hugsanlega að batteríið yrði víkkað út þannig að það séu ekki bara þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Þá erum við eiginlega komin í sömu stöðu og lífeyrissjóðirnir ætluðu sér að gera fyrir áramót, og kannski þarf ríkið ekkert að koma að því.

En til þess að það sé hægt þarf að auka traust á hlutaféð og hlutafélög. Á þskj. 5, sem dreift var frá mér í gær, og hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur, er einmitt tekið á þeim vandamálum sem menn hafa séð, sem er gagnkvæmt eignarhald og krosseignarhald, lán til hluthafa og allt það sem hefur verið að koma upp að undanförnu — ég tel að það eigi mjög stóran þátt í hruninu og þá sérstaklega hve hrunið

varð hratt. Það var vegna þess að fyrirtækin voru öll meira og minna háð hvert öðru. Ég tel að það frumvarp sem ég hef lagt fram, og ég vona að hv. viðskiptanefnd taki það til gaumgæfilegrar athugunar eftir að það hefur verið rætt, leysi alla þá galla sem menn hafa fundið á hlutafélagaforminu, í rauninni hefur hlutafélagaformið verið eyðilagt og traustið á því.

Ég hugsa að ef menn tækju þessu jákvætt og reyndu að finna veilurnar í kerfinu, sem eru krosseignarhald og annað slíkt, og kæmu í veg fyrir það, gæti byggst upp aftur traust á hlutafélagaforminu þannig að þessir miklu peningar sem eru lokaðir inni í bönkunum — þeir eru lokaðir inni af því að stýrivextir eru háir og líka vegna þess að það vantar traust. Ef það tekst að skapa aftur traust á hlutafélagaforminu og sníða af því þá vankanta sem virkilega ollu hruninu hygg ég að það sé ekki vandamál með fjármögnunina í þessu dæmi því að þjóðin á miklar innstæður í bönkunum og lífeyrissjóðirnir eiga miklar innstæður sem þeir geta ráðstafað til þess að kaupa hlutafé. Ég hugsa að þá sé búið að leysa það sem menn hafa verið að tala um og með réttu, þ.e. að við séum að hverfa aftur til þess tíma sem enginn okkar vill þekkja, þegar flokkarnir tilnefndu bankaráðsmenn í bankana og lánveitingar voru meira og minna pólitískar. Það varð t.d. að þekkja einhvern til þess að fá lán. Það er tími sem ég vil ekki sjá.

[15:52]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir athyglisverða ræðu, það gerist nefnilega undarlega oft að ég og hv. þm. Pétur Blöndal erum merkilega sammála og það erum við held ég í þessu tilviki. Ég tek undir mjög margt af því sem hann sagði og sérstaklega það að við eigum bara að ræða þetta út frá þeirri bitru staðreynd að skaðinn er skeður, áfallið er orðið, og nú er spurningin um að greiða úr þeim hlutum.

Einnig er athyglisvert að hv. þingmaður kom hér að hlut sem er hárréttur, að innlán hafa aukist verulega. Þar sýna sig hinir háu vextir, sem eru allt of háir reyndar og til vandræða í bankakerfinu, en það er líka jákvætt í þeim skilningi að það er þó laust fé til ráðstöfunar ef það fer að vinna úti í samfélaginu. Reyndar hef ég grun um að hluti innlánsaukningarinnar sé einfaldlega vegna þess að lífeyrissjóðir hafi talið það vænlegan ávöxtunarkost að leggja fé inn á bankabók, tímabundið, fé sem væri auðvitað mjög vel þegið í endurreisn í atvinnulífinu.

Þá kemur að spurningunni um fyrirkomulag í þessum efnum. Ég hafði skilið og hef skilið hugmyndir um endurreisnarsjóð, sem t.d. lífeyrissjóðir legðu til fjármagn, þannig að þar væri hugsunin að koma með hið nýja fé sem tryggði endurreistum fyrirtækjum eða nýstofnuðum fyrirtækjum fjármagn til að leggja af stað í nýja vegferð. Það hvort slíkir aðilar, lífeyrissjóðir eða almenningur, koma með sem meðeigendur á móti ríkinu eða tækju alveg að sér það verkefni að eiga eignaumsýslufélag sem aðeins á að starfa í mjög skamman tíma og markmiðið að eiga fyrirtækin eins stutt og hægt er, er annað mál. Aðalatriðið er að það séu einhverjir til þess að taka við þeim og þar þurfum við samstarf við lífeyrissjóði og aðra slíka aðila sem geta lagt sitt af mörkum til uppbyggingarinnar og endurreisnarinnar.

Ég held að hér sé enginn stórkostlegur ágreiningur í raun og veru ef menn setjast yfir málið og ég fagna vilja hv. þingmanna og ekki síst þess sem síðast talaði til að gera það í viðkomandi nefnd. Ekki mun standa á mér að skoða allar breytingar á frumvarpinu ef þær verða til góðs og auka um það samstöðu. Það er síður en svo að mér sé einhver höfundarréttur á því heilagur (Forseti hringir.) enda í rauninni ekki samið af mér heldur sérfræðingum og ég er eingöngu sendisveinninn fyrir það hingað inn í Alþingi.

[15:55]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var eiginlega ekki andsvar, þetta var meðsvar, en ég ætla að svara því samt. Ég held að mjög mikilvægt sé að nefndin fari mjög ítarlega í gegnum allar hugmyndir sem bæði þingmenn og umsagnaraðilar hafa til lausnar á þeim vanda að ríkið er að eignast öll fyrirtæki í landinu meira og minna. Við þurfum að vinna að þessu sameiginlega og þvert á flokkslínur. Ég tek því undir og fagna því að hæstv. fjármálaráðherra er tilbúinn til að vinna að þessu. Ég mundi gjarnan vilja að hlustað sé á allar raddir og reynt að finna eins góða lausn á málinu og hægt er vegna þess að ég held að flestir sé á þeirri skoðun að það sé ekki gott að ríkið eigi allt atvinnulíf í landinu.

[15:55]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að það hafi bara ekki nokkur maður áhuga á því að ríkið eigi allt atvinnulíf í landinu og ekki einu sinni helminginn af því eða ¼ af því. Ég held að enginn pólitískur ágreiningur sé uppi um það lengur að þegar kemur að almennum atvinnufyrirtækjum í samkeppnisumhverfi er það ekki markmiðið að ríkið eða opinberir aðilar eigi þau. En veruleikinn er eins og hann er og við þurfum að vinna út frá honum.

Ég vil gera eina athugasemd við það sem hv. þingmaður nefndi réttilega, að vísu um fjárfestingarfélögin, að í fæstum tilvikum erum við að tala um þau lengur. Flest þeirra eða mörg þeirra eru komin í þrot og eru í gömlu bönkunum. Við erum að tala um hin raunverulegu rekstrarfélög. Það eru þau að sjálfsögðu sem skipta mestu máli. Afskriftirnar eru þegar að verða gríðarlegar í eignarhaldsfélögunum, „The Groups“ sem hétu svo, það var orðið ófínt að láta þau heita venjulegum íslenskum nöfnum hérna um tíma og þau hétu öll Group eitthvað eða hitt. Þau eru mjög komin að fótum fram flest hver. Það er reksturinn sem á bak við stendur, hin eiginlegu rekstrarfélög sem skipta okkur öllu máli, og að sú starfsemi fari ekki niður og verðmætasköpunin og störfin sem þar eru á ferðinni haldist.

Það er fátt nýtt undir sólinni og ekki heldur okkar vandi. Aðrar þjóðir hafa lent í þessu því miður tímabundið og við líka. Færeyingar máttu yfirtaka stóran hluta síns atvinnulífs og koma því síðan aftur út í lífið á ákveðnu árabili. Færeyska landsstjórnin átti svo til allan sjávarútveg í Færeyjum tímabundið en tókst síðan að koma honum á nýjan leik í dreifða eignaraðild og við Íslendingar eignuðumst stóran

hluta okkar sjávarútvegs- og útflutningsfyrirtækja á árunum 1989–1991 í gegnum Hlutafjársjóð og Atvinnutryggingasjóð. Sú endurskipulagning tókst mjög vel og ríkið seldi síðan niður hlut sinn sem nam allt að 49% í fjölmörgum stórum sjávarútvegs- og iðnfyrirtækjum á ákveðnu árabili, trappaði niður eign sína og seldi burt hlut sinn, oft til heimaaðila ef þeir réðu við að kaupa, og yfirleitt með hagnaði þegar upp var staðið.

[15:58]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem ég kem í ræðustól Alþingis langar mig að segja þetta: Það er í auðmýkt sem ég nálgast það verkefni að vera alþingismaður, enda eru það forréttindi að starfa hér við löggjafarsamkunduna. Ég vona að mér og okkur öllum takist að vinna af heilindum í þágu lands og þjóðar, sérstaklega í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í samfélaginu.

Mig langar að hnykkja á nokkrum atriðum sem tengjast frumvarpinu. Í fyrsta lagi held ég að mikilvægt sé fyrir okkur öll að hafa í huga að við erum að horfa á nauðsynleg opinber afskipti en alls ekki pólitísk afskipti. Ég hlakka til að skoða það sérstaklega í meðförum nefndarinnar, enda er um að ræða nýja efnahags- og skattanefnd og að stórum hluta til nýtt fólk sem þar er sem tekur afstöðu til þessa máls.

Hitt sem mig langar að velta upp er gagnsæi í vinnubrögðum eignaumsýslufélagsins þegar þar að kemur. Ég held að mikilvægt sé að við skoðum það sérstaklega í meðförum nefndarinnar að við reynum að tryggja að þetta félag starfi fyrir eins opnum tjöldum og mögulegt er, hvort sem ráðist er í endurskipulagningu rekstrar, sameiningu fyrirtækja eða sölu á óhagkvæmum rekstrareiningum. Ég held að mikilvægt sé að við reynum að byggja upp traust á því eignaumsýslufélagi þegar þar að kemur.

Ég held að við ættum líka að skoða í ljósi eignarhalds á eignaumsýslufélaginu að það sé jafnvel betra að ríkið eigi þessa hluti algjörlega vegna þess að ég held að það auki líkurnar á því að við náum að hafa þetta eignarhald sem allra styst. Við bíðum eftir því að lífeyrissjóðir eða aðrir — eins og þingmenn hafa komið hér inn á — geti komið að þessu verkefni þá um leið, því að ég held að við horfum ekki til þess til langrar framtíðar að ríkið eigi einhvern hlut í þessum fyrirtækjum eða eignaumsýslufélaginu.

Í þriðja lagi held ég að við ættum að skoða sérstaklega í meðförum nefndarinnar að Alþingi fái með einhverjum hætti að koma að því ferli sem hefst þegar kemur að sölu á eignarhlutunum. Ég held að mikilvægt sé að við, löggjafarsamkundan, fái að skoða það með einhverjum hætti hvernig það gerist, og við fáum þá að móta reglur um það hvernig hlutir ríkisins verði seldir og þannig fáum við að sinna eftirlitshlutverki okkar.

Að endingu vil ég segja: Ég hlakka til að fá þetta mál til efnahags- og skattanefndar og ég er viss um að nefndin mun skoða með opnum huga allar þær hugmyndir sem hér hafa komið fram.

[16:01]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Ég hef á margan hátt skilning á því lagafrumvarpi sem hér hefur verið lagt fram. Allir eru sammála um að mjög óvenjulegar aðstæður ríki í íslensku samfélagi eins og mikið hefur verið rætt hér í dag. Fyrirtæki sem eru á margan hátt ákaflega mikilvæg eru að fara á höfuðið, í rauninni ekki bara fyrirtæki heldur líka heimili í landinu og síðan líka önnur fyrirtæki en þau sem við skilgreinum endilega mikilvæg. Sú skilgreining er auðvitað mjög óljós.

Þetta frumvarp vekur hins vegar miklu fleiri spurningar en er svarað í því. Það er ákaflega óljóst og þá vaknar auðvitað spurningin í upphafi: Hvaða kröfur eigum við að gera til frumvarpa? Nú eru óvenjulegir tímar og við höfum á margan hátt sett óvenjuleg lög, en við megum samt ekki víkja frá þeim grunnkröfum sem við hljótum að gera til frumvarpa. Þau verða að vera skýr og einhvern veginn þannig úr garði gerð að ekki sé hægt að misnota þau. Þau verða líka að vera skynsamleg og skiljanleg. Mér sýnist að þetta frumvarp falli ekki að öllum þessum kríteríum. Hvað er t.d. óskýrt í þessu? Það lýtur að skilgreiningu á þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum eins og hér hefur verið rætt. Það er afskaplega erfitt að samþykkja einhvers konar opna heimild til að yfirtaka fyrirtæki í opinbert eignaumsýslufélag á grundvelli þess að menn segi að það verði sett einhver reglugerð undir umsjón fjármálaráðherra um hvað teljist þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Við hljótum að þurfa að skilgreina það betur við þinglega meðferð.

Fjölmargar aðrar spurningar vakna, t.d. mætti halda því fram að hin þjóðhagslega mikilvægu fyrirtæki í landinu séu þegar í ríkisrekstri, t.d. orkufyrirtækin, spítalarnir, vínbúðirnar meira að segja — einhverjir mundu kannski ekki endilega telja þær þjóðhagslega mikilvægar en þær eru þó þegar í opinberum rekstri. Við höfum útvarp í opinberum rekstri sem er þjóðhagslega mikilvægt út frá ákveðnum öryggisatriðum. Einhverjir mundu segja að það væri algjörlega ónauðsynlegt að gera svona opinbert eignaumsýslufélag vegna þess að fyrirtækin sem eru þjóðhagslega mikilvæg eru þegar í opinberri eigu.

Það er minnst á fæðuöryggi í þessu. Fæðuöryggi er í sterku samhengi við landbúnaðinn. Eru öll kúabú, sem mörg hver horfa fram á mjög erfiða stöðu um þessar mundir, þjóðhagslega mikilvæg? Á þá að yfirtaka þau öll þannig að þetta opinbera eignaumsýslufélag verði komið með velflest kúabú í landinu í sína umsýslu? (**Gripið fram í:** Mjólkin er holl.) Já, á grunni afstöðu sinnar til mjólkur, hvort hún er holl eða óholl, geta menn þá væntanlega tekið afstöðu til þess hvort kúabú séu þjóðhagslega mikilvæg eða ekki. Það er minnst á fæðuöryggi og því vakna þessar spurningar.

Hvernig verða fyrirtækin seld? Þetta er nokkuð sem menn verða að skýra betur og það er ekki boðlegt að í frumvarpinu sé sagt að þau verði seld gagnsætt, að gagnsæi eigi að ráða ferðinni í því hvernig þau verða seld og síðan verði það skýrt einhvern veginn aðeins betur, þá í reglugerð á vegum ráðuneytisins eða eitthvað slíkt. Orðið gagnsæi hefur ekki beinlínis lagalegan skýringarmátt eða grundvöll, sérstaklega ættum við að hafa lært af því í ljósi atburðarásarinnar á undanförnum mánuðum að gagnsæi er ansi óljóst hugtak. Það má halda því fram að þetta sé tískuorð í bransanum, pólitíkinni, það er talað mikið um gagnsæi en hins vegar virðist gagnsæinu oft frekar ábótavant, t.d. vitum við

ekkert núna um stöðu bankanna eða stöðu þjóðarbúsins þó að menn segi að þar eigi gagnsæi að ráða för. Að ætla sér að selja þessi fyrirtæki aftur með gagnsæjum vinnubrögðum segir okkur ekki neitt. Kannski verður gagnsæið skilgreint þannig að þeir sem selja fyrirtækin aftur telji mikilvægt að segja mjög skýrt frá því hverjum þau voru seld, það er svona minnsta tegund af gagnsæi sem við gætum ímyndað okkar. Á hvaða hátt á ferlið að vera gagnsætt, af hverju er ekki skilgreint betur í frumvarpinu með hvaða hætti fyrirtækin verði þá seld aftur? Hver er ferillinn, hverjir eiga að koma að því? Hvers ráðgjafar eigum við að leita?

Síðan er ákaflega óskýrt hverjir eigi að sitja í stjórn þessa eignaumsýslufélags. Það er gengið út frá því að viðkomandi eigi að hafa menntun, gott og vel, og þeir eiga ekki að hafa orðið sekir um einhvers konar fjármunalegt misferli — þó það nú væri — á undanförnum fimm árum eða eitthvað svoleiðis, mega ekki hafa orðið gjaldþrota. Þetta eru ákaflega miklar lágmarkskröfur og það er ekkert sem kemur í veg fyrir að þetta verði einhvers konar einkavinafélag eins og við höfum séð (Gripið fram í.) í mjög mörgum öðrum löndum, og ásakanir hafa verið uppi um að það hafi gerst á Íslandi. Hæstv. fjármálaráðherra segir sporin hræða — látum þá sporin hræða, endurtökum ekki mistök, höfum þetta skýrt.

Hér er verið að búa til einhvers konar opinbert eignaumsýslufélag sem býður upp á spillingu af þessu tagi. Af hverju ættum við að bjóða upp á hana, af hverju, og sérstaklega ef sporin hræða á einhvern hátt? Ég skil ekki alveg þessa umræðu. Ef sporin hræða að þessu leyti til, er þá ekki enn þá meiri ástæða til að gera þetta vel og hafa ekki einhvers konar opna heimild fyrir hæstv. fjármálaráðherra sem er pólitískur? Hann hefur pólitískt umboð og engar hömlur eru á hann settar, hvorki í reglugerðarvaldinu sem hann hefur til að skilgreina söluferlið og heldur ekki þegar ákveða þarf hverjir sitji í stjórninni. Þó að ég hafi ágætisálit á hæstv. fjármálaráðherra og telji hann ekki spilltan verðum við að gera ráð fyrir því að einhver annar verri maður tæki við stöðu hans. Lögin sem við setjum í landinu mega ekki byggja á því hvaða álit við höfum mögulega á viðkomandi ráðherrum. Þetta er allt saman afskaplega óljóst og lykilatriðið er að þetta fellur á þessum mælikvörðum, þetta býður upp á spillingu og við eigum ekki að setja lög sem gera það.

Svo er spurningin hvort þetta sé skynsamlegt. Í frumvarpinu er farið nokkrum orðum um að þekkingin á því hvernig á að fara með eignaumsýslu af þessu tagi er mjög mikil í bönkunum. Það vitum við. Það má halda fram með góðum rökum að þessi umsýsla á Íslandi eigi þess vegna að fara fram í bönkunum, hún eigi að vera þar vegna þess að þar er þekkingin á viðskiptum viðkomandi fyrirtækja, þar er þekkingin á þessum fyrirtækjum til staðar. Þar er líka til staðar hæfileg fjarlægð frá pólitíkinni sem við hljótum að vilja í þessu máli. Þetta er ekki nógu vel rökstutt og þess vegna vaknar spurningin: Af hverju ætti fimm manna stjórn sem er skipuð einhvern veginn á vegum hæstv. fjármálaráðherra að búa yfir meiri þekkingu á hagsmunum þessara fyrirtækja en er til staðar í bönkunum núna? Er skynsamlegt að gera þetta svona?

Síðan er afskaplega óljóst hvaða fjármunir eiga að fylgja. Er þetta endurreisnarsjóður, er þetta einhvers konar endurreisnarstarf? Á að endurreisa fyrirtækin í gegnum þetta og með hvaða peningum þá, með hvaða hætti á það að fara fram? Er þetta þá þannig að við látum hæstv. fjármálaráðherra fá algjörlega óútfylltan tékka sem hann gæti jafnvel notað til að fara í algjörlega óljóst söluferli á þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum á Íslandi og umsýsluferli með vinum sínum? Ég bið hæstv. fjármálaráðherra að taka þetta ekki persónulega. Ég segi bara að ef lögin munu líta svona út bjóða þau upp á þetta. (**Fjmrh.:** Ég þekki nú ekki mikið af … Kannski einhverjir aðrir …)

Nú ætla ég að koma að því sem ég tel ákaflega mikilvægt að við ræðum í tilefni þessarar lagasetningar. Hæstv. fjármálaráðherra virðist ekki hafa fullkominn skilning á því að lög verða auðvitað að vera hafin yfir persónu hans og hafin yfir það hvað við teljum mannkosti hæstv. fjármálaráðherra á hverjum tíma. Honum verður mjög tíðrætt um það á einhvern hátt — og það er ákveðið leiðarþema í tali hans — að honum leyfist að setja þessi lög vegna þess að hann sé ekki framsóknarmaður. Mér finnst hann svara réttmætum aðfinnslum við þetta frumvarp á þann hátt að hann sé ekki spilltur, en hins vegar séu framsóknarmenn það á einhvern hátt. Hann hefur kannski ekki sagt þetta beint en það liggur í orðunum.

Þetta finnst mér verulega umhugsunarvert. Ég get tekið undir að mér virðast líka oft kröfur á framsóknarmenn um að þeir axli siðferðislega ábyrgð — og mér finnst stundum umræðan vera þannig að framsóknarmenn eigi beinlínis að axla syndir heimsins — fela í sér ákveðin viðmið, kannski ættu allir flokkar að ímynda sér að þeir væru Framsóknarflokkurinn og reyna að axla sömu byrðar og mæta sömu kröfum.

Ég er mjög stoltur af verkum Framsóknarflokksins í gegnum tíðina. Þau eru ekki oft nefnd í umræðunni. Framsóknarflokkurinn stóð að því að stofna umhverfisráðuneytið, stóð að því að gjörbylta upplýsingalögum á Íslandi á sínum tíma sem jók mjög mikið umrætt gagnsæi, svo dæmi sé tekið, og stóð dyggan vörð um Íbúðalánasjóð. Hann hefur stuðlað að auknum mannréttindum ýmissa minnihlutahópa á Íslandi í gegnum mjög framsækna löggjöf á því sviði. Hann hefur stundað fagleg vinnubrögð, sama hvað hver segir, og verið stoltur af því.

Ég var líka mjög stoltur af því þegar Framsóknarflokkurinn braut blað í sögu þjóðarinnar og studdi minnihlutastjórn, sama hvað mönnum finnst síðan um árangurinn af því verki. Það var að frumkvæði Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn hefur talað fyrir sjórnsýsluumbótum, m.a. stjórnlagaþingi. Þó að Framsóknarflokkurinn þurfi líka að horfast í augu við það að hann hafi staðið að ýmsu í íslensku samfélagi, eins og einkavæðingu bankanna sem menn setja núna ýmis spurningarmerki við, ætlar Framsóknarflokkurinn auðvitað ekki að sitja undir því að hann sé á einhvern hátt ábyrgur fyrir öllu sem hefur gerst. Framsóknarflokkurinn kom t.d. ekki nálægt þjóðnýtingu Glitnis í október, sem má halda fram að séu einhver afdrifaríkustu mistök Íslandssögunnar. Framsóknarflokkurinn kom ekki nálægt skuldbindingum út af Icesave-reikningunum á sínum tíma.

Það verða mjög margir að horfast í augu við sjálfa sig

og axla ábyrgð á því sem hefur gerst. Þess vegna er málflutningur af þessu tagi alls ekki boðlegur en kannski felur hann samt í sér smávísbendingu um það hvernig við eigum að taka á svona hlutum.

Fyrst hæstv. fjármálaráðherra verður svona tíðrætt um Framsóknarflokkinn í þessu bið ég hann að ímynda sér — (**Gripið fram í:** Ímynda sér? …) já, ég bið hann að ímynda sér að ef þetta frumvarp væri lagt fram af framsóknarráðherra og ef hann væri sjálfur í stjórnarandstöðu hérna og ætti að standa að því að fela framsóknarráðherra — og ég tel mig hafa fundið vísbendingar um að honum finnist ekki mikið til framsóknarráðherra koma — mundi hann ekki flytja hérna dálítið magnaðar ræður og gasalegar ef það stæði upp á hann að samþykkja að framsóknarráðherra fengi að skipa fimm manna stjórn, algjörlega óskilgreinda, um eignaumsýslu á þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum og að framsóknarráðherra fengi síðan algjört reglugerðarvald um það, sem hann hefði náttúrlega sem ráðherra, hvernig ætti að skilgreina söluferli og hvaða krítería lægi því til grundvallar? Segjum að honum væri algjörlega falið að skilgreina hvað væri þjóðhagslega mikilvægt og það væri algjörlega óskilgreint hversu lengi þessi fyrirtæki ættu að vera rekin af ríkinu, hinu opinbera, hinni fimm manna stjórn — mundi hæstv. fjármálaráðherra ekki flytja ansi magnaðar og gasalegar ræður gegn slíku frumvarpi ef það væri flutt af framsóknarráðherra?

Þá er náttúrlega lokaspurningin: Eigum við að samþykkja þetta frumvarp vegna þess að Steingrímur er ekki framsóknarráðherra eða vegna þess að Steingrímur stendur að því, vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra er þeim kostum búinn að hann mun aldrei gera neitt (Forseti hringir.) sem er spillt? Við getum auðvitað ekki samið frumvarp sem er reist (Forseti hringir.) á einhverjum svona skoðunum á mannkostum einstakra ráðherra.

[16:16]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að þegar þeir ávarpa ráðherra að nota orðið hæstvirtur og eins þegar þingmenn eru ávarpaðir að nota orðið háttvirtur.

[16:16]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég var sammála síðasta ræðumanni, hv. þm. Norðvest. Guðmundi Steingrímssyni, um nauðsyn gegnsæis og ég hlakka til að skilgreina það nánar á vettvangi nefndarinnar hvernig við tryggjum að rekstur og sala eignaumsýslufélaganna verði með sem gagnsæjustum hætti, annars vegar gagnvart þjóð og hins vegar gagnvart Alþingi.

Ég held að við ættum líka að skoða hvernig við getum nýtt þá þekkingu sem er í bankakerfinu í dag. Það er stór hópur millistjórnenda sem hefur unnið með þessum fyrirtækjum sem við ættum að skoða hvernig við getum nýtt.

En ég held að við ættum hins vegar ekki að setja þetta mál í flokkspólitískt hlutverk. Það er miklu stærra mál en svo. Ég held að við ættum að fá það í nefnd sem allra fyrst og ýta því áfram.

[16:18]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel nú einmitt að það hafi verið megininntak ræðu minnar að við ættum ekki að draga þetta inn í flokkspólitísk viðhorf. Ég bað um að svona lagafrumvarp væri rætt óháð skoðunum fólks á einstaka hæstv. ráðherrum eða einstaka flokkum. Ef frumvarpið er sett þannig fram að við eigum algjörlega að treysta því að það sem þarna hangir á spýtunni verði skilgreint rétt eða að allt verði gagnsætt án þess að það sé á nokkurn hátt skilgreint hvað gagnsæi er — ef við eigum að samþykkja frumvarpið svona algjörlega opið býður það heim spillingu.

Við verðum að hugsa um hvað gerist ef frumvarpið mundi lenda í höndunum á einhverjum sem við viljum ekki að það lendi í höndunum á. Við verðum að hugsa um þá spurningu og ef við gerum það held ég að okkur sé öllum ljóst að þetta frumvarp þarf að bæta verulegra.

[16:19]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að hafa þetta stutt andsvar. Ég held að við séum hjartanlega sammála.

[16:19]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil nú byrja á að upplýsa það og taka það fram svo það misskiljist ekki að ég ber mikla virðingu fyrir fjölmörgum góðum framsóknarmönnum, þar á meðal t.d. föður þess sem hér var að flytja sitt mál áðan. Framsóknarmenn hafa lagt margt gott til málanna gegnum tíðina. Þeir bera auðvitað líka sína pólitísku ábyrgð á ýmsu sem sætt hefur gagnrýni og þannig er það í pólitíkinni. Aðalatriðið er að menn séu dæmdir af verkum sínum og með sanngjörnum og málefnalegum hætti. Menn geta ekki kveinkað sér undan því að axla pólitíska ábyrgð á því sem þeir gera og þeir taka að sér sem kjörnir fulltrúar eða ráðherrar og handhafar framkvæmdarvalds um tíma.

Ef ég man rétt nefndi ég Framsóknarflokkinn aðeins einu sinni í öllum í umræðunum fram að þessu og það var í andsvari við hv. þm. Birki Jón Jónsson. En ég hafði að vísu kallað stríðnislega fram í fyrir honum á meðan hann var flutti mál sitt.

Ég skal bara passa mig betur á þessu eftirleiðis og vera ekki að nefna Framsóknarflokkinn mikið ef það leiðir til þess að það er lesið svona gríðarlega í það eins og mér finnst gert hér í þessari ræðu. Þarna var margt lesið inn í þetta sakleysislega frammíkall mitt eða það litla sem ég sagði sem ég kannast nú bara alls ekkert við að standa fyrir um hlut Framsóknarflokksins. Hins vegar er aðkoma hans að einkavæðingu bankanna og ýmsu sem þar gerðist á spjöldum sögunnar, það er á sínum stað.

Varðandi hvernig best er að skipa í stjórnir af þessu tagi eru auðvitað ýmsar leiðir farnar í þeim efnum. Ég hallast að því í svona tilvikum þar sem um sérhæft viðfangsefni er að ræða og þar sem ætlunin er að byggja upp fagþekkingu og sérþekkingu á viðkomandi sviði sé fagleg tilnefning með vel skilgreindum faglegum hæfniskröfum kannski vænlegasta leiðin.

Það er að sjálfsögðu líka mögulegt að Alþingi kjósi slíka stjórn og það var oft gert hér áður. En þróunin undanfarin ár hefur öll verið í átt frá því, m.a. á þeim langa tíma sem flokkur hv. þingmanns sat í ríkisstjórninni. Þá voru aflagðar hér fjölmargar þingkjörnar stjórnir og tilnefningarvaldið fært alfarið í hendur ráðherra. (Forseti hringir.) Hægt er að leita (Forseti hringir.) eftir tilnefningu utan úr bæ o.s.frv. Það eru bæði kostir og gallar við allar þessar aðferðir sem sjálfsagt er að skoða. Eitt er þó til staðar, (Forseti hringir.) ef ráðherrann tilnefnir ber hann þar með óskoraða pólitíska (Forseti hringir.) ábyrgð á því sem hann hefur gert.

[16:22]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er nú ánægjulegt að ég og hæstv. fjármálaráðherra séum sammála um að framsóknarmenn hafa gert margt gott í gegnum tíðina þannig að því sé haldið til haga en um það snýst umræðan auðvitað ekki.

Spurningin var í efnisatriðum þessi: Mundi hæstv. fjármálaráðherra, ef hann væri nú óbreyttur þingmaður eins og hann var lengi vel, geta staðið að því að fela einhverjum öðrum hæstv. ráðherra — ég tók dæmi og taldi mig gera það af góðri ástæðu, um að slíkur áhrifamaður væri t.d. framsóknarmaður. Gott og vel. Við tökum það til hliðar.

Segjum bara að í ráðherrasæti væri einstaklingur sem hæstv. fjármálaráðherra hefði ekki svo mikið álit á. Gæti hann þá staðið að því að fela honum slíkt magnað, opið, óskilgreint umboð í svo mikilvægu máli eins og verið er að gera í þessu frumvarpi? Ef svarið er nei, hann gæti það ekki — nú bið ég hann um að setja sig í þau spor sem hann var í hér í fjöldamörg ár — hlýtur það að vera vísbending um að það eru verulegir gallar á þessu frumvarpi. Það verður að reyna að sníða það betur að þeim möguleika vegna þess að lög eiga að vera sniðin að þeim möguleika að einhverjir kunni að vilja af einhverjum orsökum misnota þau. Þau eiga á sem bestan hátt að reyna að fyrirbyggja slíka misnotkun. (Forseti hringir.) Það er ekki gert í þessum lögum.

[16:24]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Að sjálfsögðu verða lög alltaf að standa í eigin ágæti. Ég held að fyrsta spurningin sem alltaf kemur upp sé: Eru menn sáttir við fyrirkomulagið og inntak laganna? Hvert er verkefnið sem á að leysa? Hvað er á bak við? Er sá lagaumbúnaður og sú lagaumgjörð sem þar er verið að ganga frá á vegum Alþingis sú sem menn telja heppilegasta og réttasta? Það er fyrsta spurningin og henni eiga menn að svara.

Og síðan er það spurningin um það hvort menn hagi lagasetningunni eftir því hvort þeir telja að þá sé í ráðuneyti maður sem þeir treysta eða treysta ekki. Það held ég að sé erfið nálgun. Að sjálfsögðu er ekki hægt að halda því fram að það geti ekki haft áhrif á afstöðu manna þegar þeir veita endanlega samþykki sitt eða leggjast gegn einhverjum lagabreytingum að þeir séu ekki sáttir við í hvaða höndum það lendir.

Það er þá væntanlega tvennt sem þar kemur til. Það er annars vegar að menn kunni að vantreysta viðkomandi einstaklingi og telja að hann sé ekki vanda sínum vaxinn eða að hann kunni að misnota það vald sem honum er fært með lögunum sem handhafi framkvæmdarvaldsins í einhvern tíma.

Hin ástæðan gæti verið sú, og hún er miklu efnislegri, að það sé yfirlýst stefna. Það sé pólitík á bak við málið sem gangi í einhverja átt sem menn séu ósáttir við. Menn geta velt hvoru tveggja fyrir sér í þessum efnum. Það sem ég hef reynt að fullvissa menn um að af minni hálfu og af hálfu þessarar ríkisstjórnar er enginn ásetningur á bak við í þessu máli, sem margir virðast þó reyna að lesa í hér, að ríkið hafi áhuga á því að taka til sín fyrirtæki ef hjá því verður komist og þaðan af síður að eiga þau um einhvern langan tíma í þessu félagi.

Málið er alveg skýrt hvað það varðar. Megintilgangur félagsins er gagnstæður, að koma þessum fyrirtækjum strax út í lífið aftur í hendur annarra eigenda. Það er skýrt. Löggjöfin á aðeins að gilda í fimm ár og þá á verkefninu að vera lokið og búið að slíta félaginu. Er hægt að hafa það einhvern veginn skýrara? Ég kannast ekki (Forseti hringir.) við það. Menn hljóta þá að reyna að lesa það út úr frumvarpinu að ætlunin sé að gera þetta eitthvað öðruvísi en frumvarpið gerir ráð fyrir og (Forseti hringir.) megintilgangur þess er.

[16:26]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. fjármálaráðherra svaraði ekki spurningunni. Kannski vildi hann það ekki. Honum líkaði ágætlega við föður minn eins og komið hefur fram og mér líkar ágætlega við hæstv. fjármálaráðherra. Við klifum einu sinni saman Esjuna og fór vel á með okkur og það var ansi skemmtileg kvöldstund.

Það sem ég er að reyna að vekja athygli á hérna er að þingheimi er nú uppálagt að samþykkja þetta frumvarp með þeim orðum að það sé ekki ætlun hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórnar að gera nokkuð slæmt. Það sé ekki ætlunin að gera neitt annað nema kannski eitthvað smásakleysislegt, hugsanlega að taka yfir fyrirtæki í eignaumsýslufélag. Það er orðað í þessa átt.

En það er bara ekki nógu gott. Það er ekki hægt að samþykkja lagasetningu á grundvelli svona fyrirheita. Ég get vel séð fyrir mér atburðarás, kannski gerist eitthvað eða hæstv. fjármálaráðherra fær einhverjar aðrar hugmyndir á morgun og fer að ganga í einkennisbúningi og fær þær hugmyndir að hann eigi að stjórna þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum á Íslandi. Annað eins hefur gerst í öðrum löndum. Þetta er öfgafullt dæmi, sett fram til að útskýra af hverju við getum ekki samþykkt svona frumvarp. Það færir of mikið vald í hendur á einstökum hæstv. ráðherrum. Ég get vel séð fyrir mér að t.d. yrðu hér fyrirtæki í langvarandi opinberum rekstri (Forseti hringir.) og væri algjörlega óljóst hvernig þau yrðu seld eða hvort þau yrðu það nokkurn tímann. Það hefur gerst áður á Íslandi. (Forseti hringir.) En það er ekkert í lagasetningunni sem kemur í veg fyrir að það verði gert aftur.

[16:29]

Útbýting:

Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, 18. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 18.

Starfsemi banka og vátryggingafélaga, 19. mál, fsp. ÁÞS, þskj. 19.

[16:29]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Í því ágæta frumvarpi sem fjármálaráðherra mælti fyrir og við ræðum hér og veltum fyrir okkur eru nokkur atriði sem hafa vakið athygli mína. Það eru fyrst og fremst spurningar varðandi einstakar greinar, spurningar um innihald frumvarpsins, spurningar um túlkun og spurningar um það hvernig menn ætla að klára þau mál sem þarna eru sett fram.

Ég vil byrja á því að ræða aðeins það sem margsinnis hefur komið fram hér um gagnsæi og sátt. Eins og málið liggur fyrir mér og miðað við þær umsagnir sem ég hef náð að kynna mér er það ekki svo að algjör sátt ríki um þetta ágæta frumvarp. Mig langar m.a. vitna hér í og lesa upp úr umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Hins vegar er ástæða til þess að beinlínis vara við því formi sem hér er lagt til, þ.e. að ríkið stofni opinbert hlutafélag sem eignaumsýslutæki. Ljóst má vera að afar erfitt verður að ákveða hvaða fyrirtækjum eigi að bjarga og hverjum ekki. Að sama skapi kann að skapast samkeppni milli þeirra sem áhuga hafa á því að koma að endurreisninni og því vandasamt fyrir ríkið að standa í slíkri samkeppni sem eigandi bankanna. Að sama skapi verður það vafalaust tilefni mikilla deilna þegar stjórn þessa félags fer að beita sér fyrir endurskipulagningu á innviðum þeirra fyrirtækja sem fjárfest verður í.“

Gjarnan er rætt um aðila vinnumarkaðarins sem einhvers konar kröfugerðaraðila á hendur ríkinu eða eitthvað slíkt. Í þessu tilfelli eru aðilar vinnumarkaðarins — og ég ætla ekki að fara að lesa upp það sem Samtök atvinnulífsins sendu frá sér heldur eingöngu að vitna í það sem kom frá Alþýðusambandinu — sammála um að þetta sé varasöm aðferð sem hér er verið að fara af stað með, þetta sé varasöm vegferð sem verið er að leggja upp í.

Margar spurningar vakna, eins og ég sagði áðan. Mig langar, með leyfi forseta, að renna aðeins yfir nokkrar greinar í þessu ágæta frumvarpi. Í 1. gr. frumvarpsins er talað um þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki en eins og hefur komið fram hér hjá öðrum ræðumönnum er það algjörlega óskilgreint hvaða fyrirtæki það eru. Það kom fram hjá ræðumanni áðan að flest þau fyrirtæki sem væntanlega geta talist þjóðhagslega mikilvæg eru þegar í eigu ríkisins og það er alveg hárrétt. Ég veit ekki hvort hægt er að túlka eignarhald ríkisins á ritfangaverslunum sem þjóðhagslega mikilvægt en ef ég veit rétt er það ríkisbanki sem í dag á ritfangaverslanir. Við verðum líka að muna eftir því að ríkisbankarnir eru framlenging af ríkinu í dag í fjármálaheiminum, ríkið á þessa banka.

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins er rætt um að aðstoða fjármálafyrirtæki við fjárhagslega endurskipulagningu. Ég velti því fyrir mér hvort ekki séu þegar til aðilar á Íslandi sem vinna við þetta í dag og eru að þessu í dag.

Í b-lið 2. gr. er rætt um fyrirtæki sem þarfnast endurskipulagningar og eru í eigu bankanna eða annarra fjármálafyrirtækja. Ég velti því aðeins fyrir mér: Eru bankarnir ekki að endurskipuleggja þessi fyrirtæki?

Í c-lið segir að tilgangur félagsins sé „að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu umræddra atvinnufyrirtækja í samráði við aðra eigendur og kröfuhafa …“ Ég velti því fyrir mér hver staða þessara annarra eigenda og kröfuhafa verði þegar ríkið er hugsanlega orðið stór, ekki allsráðandi en stór eignaraðili og komið með svona ríkiseignarhaldsfélag, orðið eignaraðili í fyrirtæki, og þetta fyrirtæki er hugsanlega í viðskiptum við ríkisbanka sem ríkið á svo hinum megin frá. Í hvaða stöðu eru hinir eignaraðilarnir ef ríkinu sýnist svo að þetta sé mjög þjóðhagslega mikilvægt fyrirtæki og vill að það fari í eigu ríkisins?

Síðan segir í e-lið „að selja eignarhluti samkvæmt þessari grein með gagnsæjum hætti og í samræmi við gildandi lög og dreifða eignaraðild verði henni við komið“. Hvað þýðir það, hæstv. ráðherra? Hvað þýðir „verði dreifðri eignaraðild við komið“? Hvenær er henni ekki við komið?

Loks er í f-lið er talað um að byggja upp heildstæða þekkingu innan félagsins, byggja upp heildstæða þekkingu innan félags sem starfar í fimm ár. Ég velti því fyrir mér hvenær þessi heildstæða þekking verði orðin til í félaginu ef það á að byggja hana upp. Verður hún til, verður þetta félag orðið fullfært um að starfa samkvæmt þessum lögum eftir tvö ár eða þrjú ár? Hvenær verður þessi þekking til ef slíta á félaginu eftir fimm ár? Í hvað á svo að nýta þessa mikilvægu þekkingu með öllum þeim kostnaði sem því fylgir?

Í 3. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að:

„Við verkefni sín skal félagið leitast við að vernda og efla virka samkeppni í íslensku atvinnulífi.“

Ef þetta frumvarp verður að lögum þarf að tryggja þetta, það er ekki nóg að „leitast við“.

Í 5. gr. segir, og mjög margir ræðumenn hafa komið inn á það hér:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara.“

Því hefur ekki verið svarað af hálfu ráðherra hvernig á að skipa í þessa stjórn. Mér finnst mjög eðlilegt, frú forseti, að alþingismenn og þingið fái skýr svör um það hvernig ráðherrann hyggst leggja til að skipað verði í stjórnina. Mun hann leggja það til eða mun það koma fram í efnahags- og viðskiptanefnd að nefndin geri tillögu um þetta, mun Alþingi gera tillögu um þetta, mun ráðherrann sjálfur gera tillögu um hverjir verði skipaðir í stjórn? Hver ætlar að gera það? Mér þætti vænt um ef ráðherra svaraði því þegar hann sér sér fært um að vera hér aftur í þingsalnum, það væri ágætt ef hann gæti svarað því þá hvernig á að skipa í þessa stjórn.

Síðan kemur fram í 8. gr., svo ég fari í hana, það er svo sem margt hægt að segja um 6. gr. líka en ég ætla að geyma hana aðeins, en í 8. gr. segir:

„Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð. “

Það er einmitt þetta sem svo margir hafa bent á að fjármálaráðherra, hvaða nafni sem hann nefnist, embætti fjár-

málaráðherra er veitt mjög mikið vald. Því er veitt það vald að setja reglugerð og þá reglugerð þarf einungis að kynna eins og það er orðað í frumvarpinu. Það er í rauninni sagt hér, í 6. gr. er vitnað í 8. gr., í greininni er mælt fyrir um það að áður en reglugerðin er formlega sett verði hún borin undir viðeigandi þingnefndir. Hvað þýðir það? Hvað þýðir það að hún sé borin undir þingnefnd? Á þingnefndin að fjalla um hana eða verður bara leitað álits á fallegum nefndarfundi: Hvað finnst ykkur? Hvað meina menn með þessari grein?

Í athugasemdum við frumvarpið er ýmislegt að finna sem annaðhvort stenst ekki eða er í miklu ósamræmi við þau orð sem ráðherra hefur haft hér uppi. Það kom m.a. fram í ágætri ræðu hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar áðan varðandi hina svokölluðu sænsku leið eða þá leið sem Svíarnir fóru að þar voru allt aðrar aðstæður og þar var farin allt önnur leið. Það er eitt sem kom ekki fram og það er að Svíarnir settu mjög mikla fjármuni inn í það félag sem þeir voru með en í þessu frumvarpi virðist ekki vera gert ráð fyrir að setja fjármuni að neinu marki a.m.k. inn í þetta ágæta félag.

Þetta er stórt mál og það á, eins og kom fram áðan og er alveg hárrétt, að vera hafið yfir skothríð út af flokkadráttum eða einhverju slíku en það var því miður þannig að í umræðunni um stefnuræðu forsætisráðherra í gær byrjaði þessi skotgrafahernaður í ræðu 1. flutningsmanns Vinstri grænna í þeirri umræðu.

Ég vil líka velta hér upp setningu sem kemur fram til skýringar í þessu frumvarpi sem mér finnst í raun ekki skýra neitt. Þar stendur, (Gripið fram í.) það er verið að skýra hvað átt er við með orðunum þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki eða reyna að skýra það, það tekst ekki:

„Með öryggishagsmunum er hér t.d. átt við starfsemi sem snýr að fæðuöryggi, fjarskiptum, flutningi fólks eða farms milli landa eða innan lands.“

Hvað er hér nákvæmlega átt við? Er átt við félag sem ríkið eignaðist nýlega að ég held meiri hluta í eða ríkisbanki, sem er Teymi og er símafélag? Er verið að tala um flugfélagið Icelandair? Hvað er verið að tala um í þessu máli? Því verður að svara, fjármálaráðherra verður að svara því hvort hann er að undanskilja fyrirtæki sem eru í samkeppnisrekstri eða hvort hann er að tala um fyrirtæki sem eru með einokun á markaði. Það skiptir verulegu máli þegar svona frumvarp er lagt fram.

Ég sagði áðan að mörgum spurningum væri ósvarað í þessu frumvarpi og þar eru svona fjórar hvað stærstar að mínu viti sem þjóðin þarf að fá svar við, sem þarf að hafa á hreinu áður en farið er í þessa vegferð. Það er m.a. spurningin hvaða fyrirtæki þetta eru sem falla undir skilgreiningu fjármálaráðherra. Eru þetta fyrirtæki í samkeppnisrekstri eða eru þetta einokunarfyrirtæki og hvaða fyrirtæki getur hann þá nefnt? Hvernig er stjórnin skipuð og hver ætlar að skipa í hana? Það skiptir líka máli. Það skiptir ekki máli út af flokkspólitík, það skiptir máli út frá því trausti sem slík stjórn þarf að búa yfir. Síðast ekki síst: Hvernig verður staðið að sölu þeirra fyrirtækja sem í dag fara inn í þetta fyrirtæki?

Ég tel mjög mikilvægt að menn gefi sér góðan tíma í að ræða um frumvarpið, þetta er mikilvægt frumvarp. Það er alveg ljóst að það eru skiptar skoðanir um þetta mál. Við verðum að forðast það að ríkisvæða atvinnulífið enn frekar en orðið er. Við sjáum fram á að jafnvel heimilin verða ríkisvædd miðað við þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur komið fram með. Við ættum að vera að ræða lausn á vanda heimilanna, við eigum ekki að vera að ræða frumvarp sem hefur kannski eitthvert gildi ef eitthvað er að marka orð hæstv. fjármálaráðherra áðan. Ef frumvarpið hefur ekkert sérstakt gildi eins og lesa mátti úr orðum hans, til hvers er þá verið að leggja það fram? Af hverju byrjum við ekki á að ræða stóru málin?

[16:41]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Ágætu þingmenn — þeir sem eftir eru í salnum. Hér er ég að taka þátt í mínum fyrsta hefðbundna starfsdegi á Alþingi Íslendinga og það er depurð í hjarta mínu að fylgjast með því sem fram hefur farið í dag og það er dapurlegt yfir þennan sal að horfa. Hér eru eiginlega engir þingmenn inni nema örfáir nýliðar sem annaðhvort vita ekki að þeir mega fara heim eða þeir eru svona einstaklega áhugasamir í nýju vinnunni sinni.

Ég hef ekki lagt mig fram um að horfa mikið á þingstörfin í sjónvarpi vegna þess að mér hefur leiðst það en nú get ég ekki annað en verið með af því að ég fæ borgað fyrir það, en þetta er kannski ekki það sem ég bjóst við. Ég bjóst ekkert endilega við neinu góðu. Ég stóð hér fyrir utan í allan vetur og mótmælti starfsháttum þingsins og hneykslaðist á þeim. Sú hneykslan er enn til staðar.

Hér er verið að ræða mjög stórt og mjög mikilvægt mál. Hér er verið að ræða eignaumsýslufélag ríkisins sem þarf að taka yfir fjöldamörg íslensk fyrirtæki sem eru í rúst vegna þess að efnahagslífið er í rúst og menn fara bara út í vorið á meðan. Menn hafa talað eins og þeir kæmu úr öðru sólkerfi. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði eins og hann kæmi frá sólkerfinu „Friedmaníu“ sem hér hefur rústað öllu. Framsóknarmenn eru greinilega í mikilli fýlu út í ríkisstjórnina. Það er vont að vera ekki við völd. Það er jafnvel vont að vera ekki hækja við minnihlutastjórn. Sá málefnalegasti hefur kannski verið kollegi minn, hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson, sem tæpir þó á staðreyndum varðandi málið. Hér hef ég heyrt orðhengilshátt og útúrsnúninga og menn hafa verið að spauga eitthvað að mér heyrist, sem er dapurlegt.

Vandinn sem blasir við fjármálaráðherra, ríkisstjórninni og þinginu minnir á þann vanda hvorki meira né minna sem blasti við fjölmörgum löndum í Evrópu eftir síðari heimsstyrjöldina. Við skulum gera okkur grein fyrir því að hér er efnahagslífið í rúst, það er ein rjúkandi rúst. Halda þarf vel utan um þetta eignaumsýslufélag og það þarf að vanda til verka. Sporin hræða þegar stjórnmálamenn koma að slíkum verkum. Sem betur fer er það þó Steingrímur J. Sigfússon sem er fjármálaráðherra í dag en ekki einhver framsóknarmaðurinn eða sjálfstæðismaðurinn því að eins menn hafa sagt áður: Sporin hræða.

Þetta er ekki glæsilegt ástand. Endurreisn og endurskipulagning allra þeirra fyrirtækja sem fram undan er sýnist mér vera nánast óvinnandi verk. Grundvallaratriðin í þessu máli eru náttúrlega þau að hér þurfa allar tiltækar

upplýsingar að vera uppi á borðinu, það þarf að vera upplýst um eignarhald og eignatengsl og vensl eigenda og stjórnenda, vensl stjórnenda og eigenda og stjórnmálamanna til dæmis. Allar hugsanlegar upplýsingar sem skipt geta máli þurfa að vera uppi á borðinu.

Ég tæpti á þessu fyrr í dag í fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra um upplýsingar um eignarhald á svokölluðum jöklabréfum. Þær fást ekki. Hér þarf að gera bragarbót á og til þess er Borgarahreyfingin á þingi. Það er algerlega óviðunandi ástand að áfram skuli eiga að halda með gamla, góða friedmaníuhagkerfið og svo leggja menn til að það sé sérfræðiþekking í bönkunum til að endurskipuleggja þessi fyrirtæki. Við erum hér í dag vegna þeirrar sérfræðiþekkingar sem var til í bönkunum. Það er vegna þeirrar sérfræðiþekkingar sem íslenska hagkerfið hrundi, ég bara bið ykkur að minnast þess. Hér þarf eitthvað allt annað koma til, hér þarf að hugsa hlutina upp á nýtt, hér þarf að gera hlutina öðruvísi. Vissulega getur verið þörf á eignaumsýslufélagi, og ég held að svo sé, en það þarf að leita annarra leiða til að rétta við þessi fyrirtæki. Hér mætti t.d. huga að nýjum hugmyndum eins og einfaldlega að afhenda þau starfsfólkinu til reksturs. Það er ekki endilega starfsfólkið sem setti þau á hausinn, það eru eigendurnir og stjórnendurnir, þekkingin er hjá starfsfólkinu. Hví ekki að leyfa starfsfólkinu að taka yfir reksturinn, leigja því reksturinn í svona fimm ár til að sjá hvernig það gengur? Það gæti leyst hluta af vandanum.

Það þarf að skoða ýmislegt í þessu máli en það sem er kannski grundvallarhugmyndin og grundvallaratriðið á bak við er að það þarf að vera gegnsæi. Menn hafa viljað draga aðila vinnumarkaðarins inn í þetta eignaumsýslufélag. Hverjir eru aðilar vinnumarkaðarins? Það er launþegahreyfingin, sem hefur átt sæti í stjórnum þeirra lífeyrissjóða sem hafa tapað núna nánast helmingi af eigum sínum. Það eru Samtök atvinnulífsins sem börðust fyrir því kerfi sem nú er hrunið. Það er Viðskiptaráð sem er arkitektinn að því kerfi sem nú er hrunið. Vilja menn fá þetta fólk inn í þetta eignaumsýslufélag, er það góð hugmynd? Vilja menn fá lífeyrissjóðina inn í þetta félag? Lífeyrissjóðirnir eiga að ávaxta m.a. lífeyrissparnaðinn minn sem þeim hefur ekki tekist sérlega vel til með. Ég held að það sé einfaldlega komið að leiðarlokum hvað varðar þá uppsöfnunarsjóði sem heita lífeyrissjóðir á Íslandi og það verði að skipta um það kerfi líka. Hér er einfaldlega allt í einni rjúkandi rúst og það verður að taka á því af einhverju viti.

Hlutverk fjármálaráðherra er ekki öfundsvert og hlutverk ríkisstjórnarinnar í þessu máli er ekki öfundsvert. Í efnahags- og viðskiptanefnd eru held ég fjórir hagfræðingar, eins og einhver talaði um. Það er mikil sérfræðiþekking á þessu sviði í þinginu vegna þess að hér er núna ný tegund af hagfræðingum sem koma ekki úr sólkerfinu „Friedmaníu“ heldur eru raunveruleikatengdir. Það er því mikið verk fyrir höndum og ég óska fjármálaráðherra og ríkistjórninni velfarnaðar með þetta eignaumsýslufélag ef það fer vel af stað. Það verður erfitt að byrja en hvernig borðar maður fíl? eins og þeir segja í Afríku. Jú, það er bara að byrja og svo tekur maður einn bita í einu.

[16:49]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Við lestur þessa frumvarps vakna ýmsar spurningar. Hér hafa menn komið upp hver á fætur öðrum og spurt spurninga. Reyndar er búið að spyrja nú þegar flestra þeirra spurninga sem ég hafði hugsað mér að bera fram, en enn hafa ekki komið svör við þeim. Ég ætla því að reyna að hafa þetta tiltölulega stutt og einfalt og bera fram sem fæstar spurningar svo hæstv. fjármálaráðherra ruglist vonandi ekki í ríminu og geti þá einbeitt sér að fáum og skýrum spurningum.

Í fyrsta lagi spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að ekki er hægt að vinna þessa vinnu í bönkunum? Jú, menn hafa haft einhverjar efasemdir um að það fólk sem þar starfar sé til þess hæft. Hv. þm. Þór Saari talaði ekki fallega um starfsmenn bankanna, virtist hins vegar telja að starfsmenn annarra fyrirtækja væru mjög vel til þess fallnir að taka við þeim fyrirtækjum. Það virðist því vera mikill eðlismunur á þeim sem starfa í bönkum og þeim sem starfa fyrir önnur fyrirtæki. Hvaða viðhorfi lýsir líka þetta frumvarp hjá fjármálaráðherra til starfsmanna íslensku bankanna? Til hvers eru þeir eiginlega í bönkunum á launum áfram ef ekki á að nýta þekkingu þeirra sem ekki hvað síst er á því sviði sem þetta eignaumsýslufélag á einmitt að starfa? Hugsar hæstv. fjármálaráðherra bankana sem einhvers konar sóttkví fyrir óæskilegt fólk og ætlar þó að hafa áfram þar á launum en sem allra fæst hlutverk að vinna? Bankarnir starfa einmitt á því sviði sem þessu félagi er ætlað að leysa og hafa reyndar sjálfir, eins og getið er um í frumvarpinu, stofnað eigin eignaumsýslufélög. Hvers vegna geta þau félög ekki sinnt þessu hlutverki? Hvernig stendur á því að ríkið ætlar að fara út í sérstaka rekstrarráðgjöf og þá væntanlega að veita öðru ríkisfyrirtæki rekstrarráðgjöf um hvernig eigi að koma þriðja ríkisfyrirtækinu aftur á lappirnar? Svo malda menn í móinn og halda því fram að hér sé ekki um óþarfa ríkisvæðingu að ræða. Með þessu er verið að ríkisvæða allt sem hægt er að ríkisvæða og setja þetta á sem allra fæstar hendur og þá hendur sem tengjast fjármálaráðuneytinu beint. Eins mikið og vitnað er í Svíþjóð þá gleyma menn því iðulega að þar var það, eins og nokkrir af félögum mínum hafa þegar bent á, grundvallaratriði að þetta snerist um aðskilnað viðskipta og stjórnmála. Hér snýst þetta um að tengja viðskiptin og þessi félög nánari böndum við fjármálaráðuneytið sem stýrt er af hæstv. fjármálaráðherra, Steingrími J. Sigfússyni. Ég tek undir það sem menn hafa sagt um þann ágæta mann, ég treysti honum ágætlega til að sinna mörgum af þeim hlutverkum sem þarf að sinna í ráðuneyti hans. En ég ítreka það sem hv. þm. Guðmundur Steingrímsson benti á, við setjum ekki lög fyrir tiltekna menn eða út frá mannkostum ákveðinna manna. Við setjum almenn lög sem eiga að geta átt jafn vel við, sama hver sér um að framfylgja þeim.

Ég mundi gjarnan vilja að hæstv. fjármálaráðherra svaraði því hvers vegna ekki er hægt að vinna þetta í bönkunum og svo ítreka ég spurninguna sem kom fram áðan: Hvernig stendur á því að það skiptir máli að hans mati hver er í ráðuneytinu þegar lögin eru sett?

[16:53]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka fyrir hana. Hér hafa orðið lífleg skoðanaskipti og ýmsir æft sig sem eru nýsestir á þing og gaman hefur verið að fylgjast með því. Ég fagna líflegri þátttöku frá fjölmörgum þingmönnum. Það er ánægjulegt og til marks um að hér verður líflegt þinghald og öflug þátttaka þingmanna sem er alltaf gott og ánægjulegt.

Ég vil svara spurningum hv. síðasta ræðumanns þannig þegar spurt er af hverju ekki er hægt að vinna þessa vinnu í bönkunum. Hv. þingmaður hefur ef til vill ekki verið kominn þegar ég flutti framsöguræðu mína eða svaraði skömmu eftir upphaf hennar í andsvari og sagði það alveg skýrt að langbest væri náttúrlega að öll verkefni leystust þar. Það var langbest ef aldrei þyrfti á þetta eignaumsýslufélög að reyna en það væri stofnað, það væri til staðar ef niðurstaðan yrði í einhverjum, helst sem allra fæstum, tilvikum að það væri vænlegri leið til að greiða úr vandanum heldur en að bankarnir glímdu við þau í þeim tilvikum t.d. að þau væru mjög stór, hverjum banka um sig nánast ofviða. Þau væru mjög flókin eða þau væru þess eðlis að þau tengdust mörgum bönkum og áhöld gætu verið um það hver ætti að taka forustu í endurskipulagningarverkefninu. Það er þannig í mörgum tilvikum vegna ýmiss konar tengsla að lán og skuldbindingar geta legið á mörgum stöðum og það getur orðið dálítið flókið úrlausnarefni að finna hver á þá að taka forustuna í slíkum tilvikum. Eða ef menn eru sammála um að um væri að ræða svo stórt og viðamikið, þjóðhagslega mikilvægt fyrirtæki að þetta væri betri leið til að tryggja að ekki yrði röskun á starfsemi þess og engum hagsmunum væri teflt í tvísýnu. Það er alveg rétt að bankarnir eru að vinna að þessu hörðum höndum. Það verður ákaflega mikilvægur hluti af starfsemi bankanna að greiða úr málum, ekki bara stærstu og erfiðustu verkefnanna sem ekki taka þó því miður mestan tímann og mesta orkuna, heldur á vanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ég hef ekki síður áhyggjur af því að setja þurfi í forgang þá vinnu að greiða úr málefnum ýmissa minni aðila sem kannski hafa verið látnir bíða svolítið vegna þess að menn hafa verið uppteknir af stóru dæmunum og stóru hagsmununum. En það mun að sjálfsögðu nákvæmlega hér eins og annars staðar skipta ekki síður miklu hvernig tekst til í úrvinnslu mála hins almenna atvinnurekstrar, lítilla og meðalstórra fyrirtækja, nýrra fyrirtækja, að þau komist af stað og eigi sér lífsvon. Uppspretta starfa og nýsköpunar er þegar upp er staðið yfirleitt í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og sprotafyrirtækjum en ekki endilega í rekstri stórra fyrirtækja sem gjarnan vaxa frekar þannig að þau kaupa upp minni fyrirtæki sem eru með áhugaverða starfsemi innan sinna vébanda.

Kannski duga engar yfirlýsingar í þessum efnum. Ég er margbúinn að segja þetta í dag og líka um daginn þegar þetta var rætt í vetur. Frumvarpið hefur verið sniðið að því að þetta væru undantekningartilvik, stór, afdrifarík, þjóðhagslega mikilvæg. Fyrstu hugmyndir voru reyndar um að ganga miklu lengra og umræða var um að þetta ættu kannski að vera 15 stærstu fyrirtækin í hverjum banka fyrir sig, og ég sagði nei. Það er ekki nálgun sem mér líst gæfulega á. Við skulum ekki vera að tala um fjölda hér, við skulum ekki að tala um stærðarmörk heldur reyna að skilgreina þau afmörkuðu fáu viðfangsefni sem kannski er betra í samstarfi bankanna, og þá þessa aðila ef hann kemur til, að ákveða að verði meðhöndluð svona. Ég endurtek það að yfirgnæfandi líkur eru á því að hér kæmu eingöngu við sögu fyrirtæki sem hvort eð er væru komin í hendur ríkisins vegna þess að eins og hv. þm. Pétur Blöndal sagði, skaðinn er skeður, vandinn er þarna. Ef það er eitthvað sem ég sakna kannski pínulítið úr umræðunni — sem hefur verið mikið um formið og mikið um það hvort þetta sé rétti umbúnaðurinn og jafnvel það hvort ráðherra sé rétti maðurinn til að fara með þessi verkefni, en þeir koma og fara eins og kunnugt er en lögin blífa vonandi eitthvað — þá er það það að ekki skuli hafa verið rætt meira um vandann sjálfan sem er gríðarlegur og bankar upp á á hverjum einasta degi. Við þurfum ekki annað en fletta blöðum til að sjá að við erum í gríðarlegum vanda vegna þess að atvinnulífið er allt of skuldsett. Það var reyndar orðið það fyrir bankahrunið og vandi okkar Íslendinga er ekki bara frá 6. október, það er því miður mikill misskilningur. Íslenskt atvinnulíf og íslensk heimili voru orðin ískyggilega skuldsett á árunum áður en hrunið varð. Það var undarlega lítið áhyggjuefni þeirra sem voru að skoða þjóðhagslegar stærðir, þegar t.d. hreinar erlendar skuldir Íslands fóru yfir 100% af landsframleiðslu fyrir nokkrum árum og allir ypptu öxlum, þegar fyrst íslenskt atvinnulíf og síðan íslensk heimili toppuðu lista OECD-ríkjanna í skuldum og menn sögðu: Góðæri. Svo var siglt áfram. Þessi vandi er uppsafnaður, hann er umfangsmikill og við erum með allt of mikla skuldsetningu í samfélaginu á máttarstoðum okkar og nú, því miður, er ríkissjóður að bætast í hópinn sem var eina ljósið í myrkrinu á meðan hann var að borga niður skuldir og var um tíma um það bil skuldlaus. En aðrar máttarstoðir samfélagsins, heimilin, atvinnulífið og sveitarfélögin voru því miður allt of skuldug. Þess vegna er staðan eins og hún er. Það er svona sem í þessu máli liggur, hvort ekki sé hyggilegt að þetta tæki verði til staðar þegar eða ef á það kann að reyna. Þannig hefur þetta verið unnið í viðræðum við bankana og ég hygg að ég geti sagt að þeir eru miklu sáttari við nálgunina núna en þeir voru í byrjun. Það ber alls ekki að taka þetta sem vantraust á bankana. Þeir eru að vinna hörðum höndum og reyna sitt besta, held ég að megi fullyrða, við erfiðar aðstæður til að greiða úr vanda skuldugra fyrirtækja og heimila.

En það er heldur ekki einföld og gallalaus nálgun að það sé í höndum banka. Við höfum ekki góða reynslu af því, t.d. frá fyrri árum þegar bankar áttu og ráku um árabil fyrirtæki af tiltekinni starfsemi. Það er hérna ónefndur banki sem rak stóran hluta svínaræktar í landinu í nokkur ár í samkeppni við önnur svínabú sem einkaaðilar voru að berjast við að halda á floti. Það er heldur ekki gott fyrirkomulag. Sambúð banka við fyrirtæki sem hann yfirtekur tímabundið og neyðist til að eiga þá um einhvern tíma er heldur ekki vandalaus, jafnvel ekki þó það sé sett í eignaumsýslufélag og búin til armslengd frá bankanum sjálfum sem viðskiptabanka og skuldaúrvinnslunni eða endurskipulagningunni. Það er heldur ekki vandalaust.

Varðandi ríkisvæðingartal þá verð ég að segja að það mun ekki eiga við og á ekki við fyrr en þá að hugsanlega

reyndi á þau ákvæði laganna að fjármálastofnun sem ekki er í eigu ríkisins óskaði eftir samstarfi við eignaumsýslufélagið um úrvinnslu einhverra mála. Af jafnréttisástæðum er ekki lokað á það í frumvarpinu, enda hefði verið hæpið að neita slíkri ósk ef hún hefði komið frá sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki en ekki frá einum af ríkisbönkunum.

Sú leið var ekki farin sem sumir ráðgjafanna mæltu með að stofna hérna sjöunda bankann, eins og ég fór yfir í ræðu minni. Það er að mínu mati búið að reyna að þrengja og skilgreina þetta miðað við aðstæður okkar, taka mið af mismuninum sem er hér og því sem var í Svíþjóð og átta sig á því hvað gæti verið í húfi hjá okkur og hvernig væri þá vænlegast að leysa málið.

Þetta, virðulegur forseti, vildi ég fá að segja í lokin. Ég fagna því að hv. þingnefnd taki þetta til rækilegrar skoðunar og það er náttúrlega yfirleitt alltaf til bóta að þingnefndir leggist vel yfir mál. Engu að síður verð ég að segja að það væri æskilegt nú, ef málið næði afgreiðslu á þessu þingi því það mun síðan taka nokkurn tíma að undirbúa stofnun félagsins. Um það á að eiga samstarf í fyrsta lagi viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, í öðru lagi ráðherra og aðilar vinnumarkaðarins, í þriðja lagi ráðherra og Seðlabankinn og í fjórða lagi ráðherra og viðkomandi þingnefndir. Reynt er að fara nokkuð vandaða leið í þeim efnum að sjónarmið komi víða að í þeirri vinnu áður en endanlegar reglur verða mótaðar, viðmiðunarreglur fyrir stjórn og framkvæmdastjóra þessa fyrirtækis.

Um fagþekkinguna sem spurt var um er það kannski einmitt ein hugsun þessa máls og eitt af því sem hefur verið lögð áhersla á hjá bæði innlendum og erlendum ráðgjöfum, að mjög mikilvægt sé að menn safni saman með ráðningu hæfra starfsmanna og slíkri uppbyggingu fagþekkingar á þessu sviði sem er ekki sjálfgefið að sé til staðar. Og eins og hér var nefnt áður á uppgangstímum í atvinnulífinu, þar sem ekki reyndi mikið á hluti af þessu tagi, voru menn kannski ekkert að sérhæfa sig í því hvernig tekur ákaflega illa statt fyrirtæki á sem er komið af fótum fram og hverra eigendur eru þrotnir að kröftum og geta ekki sett inn í það meira fé — og hvernig endurskipuleggurðu það? Ekki við þær aðstæður að auðvelt sé að hóa í næsta aðila og hann komi með full vasa fjár. Nei, það eru almennt erfiðar aðstæður í öllu samfélaginu og ekki bara fá heldur mikill fjöldi fyrirtækja er í erfiðleikum. Við erum að tala um úrlausn mála við slíkar kreppuaðstæður og það er við þær aðstæður sem aðrar þjóðir hafa yfirleitt reynt að fara einhverjar svona leiðir. Þetta er ekkert vandamál ef bara eitt og eitt fyrirtæki lendir í erfiðleikum og nógir aðrir eru tilbúnir til að fylla í skörðin, annaðhvort með því að kaupa og endurskipuleggja viðkomandi fyrirtæki eða bara einfaldlega hefja rekstur við hliðina á því. En núna erum við ekki í slíkum aðstæðum. Við verðum að horfast raunsætt í augu við það og glíma við þessa erfiðleika með það að markmiði að gera okkar besta, að lágmarka alls staðar skaða þar sem hann er annars að verða og tryggja að ekki komi rof í starfsemi. Því það er nefnilega hárrétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði að mikil verðmæti geta verið í fyrirtæki þótt það sé þrotið að kröftum hvað varðar fé. Þau eru fólgin í þekkingunni, í viðskiptasamböndunum, í starfsfólkinu og í ýmsum slíkum hlutum en þau verðmæti brenna mjög hratt ef starfsemin stöðvast og allt fer á versta veg. Þess vegna er það mjög mikilvæg gæsla hagsmuna, oft við slíkar aðstæður, að tryggja að endurskipulagningin geti gengið hratt og skilvirkt fyrir sig. Þannig verður að reyna að nálgast þessa hluti og vonandi í sæmilegu samstarfi og samkomulagsandrúmslofti.

Frú forseti. Að lokum þakka ég fyrir umræðuna og óska hv. þingnefnd góðs í sínum mikilvægu störfum við að skoða þetta mál og örugglega fleiri sem hún fær frá mér á næstunni.

[17:04]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki enn á skýringum hæstv. fjármálaráðherra um hvers vegna ekki sé hægt að vinna þetta í bönkunum. Hann nefnir að um geti verið að ræða mál sem eru svo stór að bankarnir geti ekki leyst þau. Í bönkunum vinna mörg hundruð manna, þúsundir jafnvel, með reynslu af því að leysa slík mál. Svo segir hæstv. fjármálaráðherra að það sé allt í startholunum varðandi að koma á fót þessu eignaumsýslufélagi ef ske kynni að einhver mál yrðu of stór fyrir bankana. Hvað stendur þá til? Hvers lags rosalegt batterí ætla menn að setja af stað ef þetta stóra mál sem bankarnir ráða ekki við kemur upp? Á þá að ráða hundruð manna og leigja fyrir þá skrifstofu til að þeir geti leyst þetta stóra mál sem er of stórt fyrir bankana? Það hefur ekki verið útskýrt hvers vegna þarf að stofna þetta fyrirtæki, þetta eignaumsýslufélag, hvers vegna ekki sé hægt að leysa þetta í bönkunum. Þar af leiðandi er ekki nema von að menn spyrji og velti vöngum: Er ekki verið að þessu til að færa þetta nær stjórnmálunum? Vissulega verður þetta mjög nálægt ráðuneyti hæstv. fjármálaráðherra.

Fyrst það kemur í minn hlut að rifja upp spurningar sem ekki hefur verið svarað enn vil ég ítreka spurninguna um hvort hæstv. fjármálaráðherra geti nefnt fyrirtæki sem hann skilgreinir sem þjóðhagslega mikilvægt.

[17:06]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þegar ég tala um stór eða erfið eða flókin viðfangsefni á ég ekki endilega við stór í þeim skilningi að það þurfi einhvern óskaplegan mannafla til að vinna úr þeim, heldur vegna þess að verkefnið er þannig vaxið eða þess eðlis. Við verðum að hafa í huga að bankarnir sem stofnaðir hafa verið og verið er að stofna og endurfjármagna eru ekkert óskaplega stórir. Þeir verða væntanlega öllu minni en ráð var fyrir gert í upphafi í haust, einfaldlega vegna þess að efnahagsreikningur þeirra verður eitthvað minni að vöxtum. Það hafa þegar komið upp tilvik sem hafa verið þess eðlis að bankarnir þrír hafa allir þurft að leggja saman kraftana til að ráða við úrlausn þeirra, einfaldlega vegna þess að þeir komast upp að ákveðnum stærðarmörkum. Þeir mega ekki eiga meira hjá hverjum einstökum lántakanda en tiltekin viðmiðunarmörk af eigin fé sínu. Það er líka visst áhyggjuefni til framtíðar litið að umfang þessa bankakerfis sem nú stefnir í, ef ekki verða sameiningar á bönkum eða einhverjir þeirra stækka, verður væntanlega

það smátt í sniðum að það mun ekki ráða að fullu við að vera aðalviðskiptabanki t.d. allmargra stærstu útflutningsfyrirtækja landsins. Við erum ekki að tala um banka af stærðargráðunni sem var. Við erum að tala um tiltölulega litla banka, jafnvel á íslenskan mælikvarða sem glímir auk þess við öll þessi risavöxnu og erfiðu verkefni.

Ég ætla að endurtaka, ég giska á í fimmtánda sinn, að langæskilegast væri að bankarnir gætu unnið úr öllum þessum málum og að aldrei þyrfti að reyna á eignaumsýslufélagið. En ég sé ekki skaðann í því nema menn telji að það verði svo hryllilegt mál ef þetta tæki verður til að það megi alls ekki gerast, þá er eðlilegt að menn séu á móti þessu en þá taka menn áhættuna. Komi upp vandamál sem verða erfið úrlausnar með þeim tækjum sem til staðar eru í bankakerfinu er ekki upp á neitt að hlaupa, þá er hvergi að neinu að hverfa af þessu tagi. En ég tel að það sé öruggari nálgun að við treystum okkur sjálfum, að þetta tæki verði búið til, og svo vonum við hið besta og verðum sammála um að (Forseti hringir.) best væri ef aldrei þyrfti á tilvist þess að reyna.

[17:09]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég skil svar hæstv. fjármálaráðherra þannig að bankarnir séu að skreppa svo mikið saman að þeir verði orðnir það litlir að hugsanlega komi upp mál sem verði of stór fyrir þá og þar af leiðandi þurfi menn að vera tilbúnir til að setja af stað eitthvað sem er nógu stórt til að taka við þeim málum. Það væri mjög áhugavert að fá að heyra hvað hæstv. fjármálaráðherra gerir ráð fyrir að slíkt geti kostað ef þetta stóra mál kemur upp sem bankarnir verða orðnir of litlir fyrir. Það þarf þá að ráða gríðarlegan fjölda starfsfólks, sem verður væntanlega fleira en í bönkunum, og finna því aðstöðu.

Maður veltir líka fyrir sér varðandi kostnaðinn, þær 20 millj. sem gert er ráð fyrir á ári hverju, hvernig hann er reiknaður. Væntanlega eru það laun, kaffi og leigukostnaður fyrir húsnæði og sitthvað fleira, en hvað með þá peninga sem þyrfti að setja inn í fyrirtækin? Ég geri ráð fyrir því að mörg þessara fyrirtækja verði í verulegum vandræðum, annars færu þau varla inn í þetta „apparat“, en hvernig ætlar þetta eignaumsýslufélag að vera í stakk búið til að halda þeim í rekstri? Það verður væntanlega miklu meiri kostnaður en 20 millj. Hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér að við fjármögnum það?

Af því að hann kvartar yfir því að hann sé búinn að svara spurningum 15 sinnum ætla ég að bera fram spurningu, líklega er það í fimmtánda skipti sem hún er borin fram eða þar um bil: Getur ráðherrann nefnt dæmi um fyrirtæki sem hann telur þeirrar gerðar að það þurfi að fara inn í þetta félag?

[17:10]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Svarið við seinni spurningunni er nei. Hv. þingmaður veiðir mig ekki svona auðveldlega í gildru. Ég fer ekki að nafngreina hér einstök fyrirtæki. (**SDG:** Ekki þessi.) Ég held að hv. þingmaður hljóti að skilja af hverju. Það er varla gild spurning upp að bera og hv. þingmaður ætlar mig meiri einfeldning en ég er ef hann heldur að ég gangi í þessa gildru. Að sjálfsögðu fer ég ekki að nafngreina aðila sem gætu komið til greina. (Gripið fram í.) Ég geri það yfirleitt ekki.

Varðandi sérþekkingu og fagfólk held ég að við Íslendingar eigum aðeins að horfast í augu við að við erum ekki endilega snillingar á öllum sviðum. Við reyndumst ekki jafnmiklir snillingar í bankarekstri og við héldum, í alþjóðlegum bankarekstri eða útrásarfjárfestingaræintýrum. Og það er ekkert að því að horfast í augu við að á sumum sviðum getum við vel notað okkur sérfræðilega ráðgjöf víðar að en frá okkur sjálfum. Ég tel vel koma til greina að svona fyrirtæki leiti sér eftir atvikum ráðgjafar hjá sérfræðingnum sem eru fagfólk nákvæmlega í þessu fagi, fái ráðgjöf frá slíkum aðilum, ráði jafnvel slíka aðila til sín og þá byggist upp á einum stað slík sérþekking. Það er fullt af fólki í bönkunum og það er líka fullt af atvinnulausum bankastarfsmönnum núna sem búa yfir mikilli þekkingu og færni á þessu sviði. Þá krafta gætum við eftir atvikum nýtt í þessu verkefni eftir því sem á þyrfti að halda. Það er ekki gert ráð fyrir því að það hafi kostnaðaráhrif fyrir ríkið eða feli í sér meiri ábyrgð eða áhættu fyrir ríkið en orðið er með þeirri staðreynd að fyrirtækið er komið í hendur ríkisins. Það er í höndum banka sem ríkið á, með þeirri ábyrgð og áhættu sem því fylgir. Það er verið að reyna að varna tjóni og skaða. Það er verið að reyna að hámarka verðmæti. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir bruna. Auðvitað kostar það en þá telja menn sig vera að verja meiri hagsmuni fyrir minni og það sé hinn þjóðhagslegi ávinningur sem við erum á höttunum eftir, að starfsemin rofni ekki, fólk missi ekki vinnuna, verðmæti glatist ekki, þekkingin fari ekki forgörðum. (Forseti hringir.) Það er eftir miklu að slægjast í slíkum efnum þannig að menn mega ekki alveg gleyma ávinningnum og einblína bara á kostnaðinn.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Fundi slitið kl. 17:13.

---

4. FUNDUR

miðvikudaginn 20. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 15. mál, þskj.

15. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

4. Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, stjfrv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

5. Vörumerki, stjfrv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

6. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 2. mál, þskj. 2. — 1. umr.

7. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.

8. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Álfheiður Ingadóttir, 10. þm. Reykv. n.
Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 2. þm. Reykv. n.
Katrín Júlíusdóttir iðnrh., 4. þm. Suðvest.
Kristján Þór Júlíusson, 4. þm. Norðaust.
Oddný G. Harðardóttir, 5. þm. Suðurk.
Steingrímur J. Sigfússon fjmrh., 1. þm. Norðaust.
Þuríður Backman, 5. þm. Norðaust.
Ögmundur Jónasson heilbrrh., 10. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Um klukkan tvö í dag, að loknum dagskrárliðnum Störf þingsins, fer fram utandagskrárumræða um áform ríkisstjórnarinnar um fyrningu aflaheimilda. Málshefjandi er hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Sjávarútvegsráðherra Jón Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 3. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í tæpa klukkustund.

[13:31]

Útbýting:

Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 20. mál, frv. SF o.fl., þskj. 20.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2.–5. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, EyH, GuðbH, GLG, GStein, HHj, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, ÓÞ, ÓN, PHB, RR, RM, SER, SII, SIJ, SF, SkH, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSa, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (ÞrB) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, OH, REÁ, SDG, SJS, SVÓ, SSv, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Störf þingsins.

Samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn – Tónlistarhús – nýtt sjúkrahús.

[13:33]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra kom fram í máli hæstv. fjármálaráðherra að von væri á sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í heimsókn til landsins. Tilgreindi hann sérstaklega að þessi heimsókn væri að þeirra ósk til viðræðna við nýmyndaða ríkisstjórn og aðra aðila. Ætlunin er svo að endurskoða samstarfsáætlunina við sjóðinn í framhaldi af heimsókninni eða eins og hann sagði, með leyfi forseta:

„Í þessari viku kemur sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til viðræðna við nýmyndaða ríkisstjórn og aðra aðila að eigin ósk og ætlunin er að endurskoðun samstarfsáætlunarinnar fari svo fram í framhaldi af þeirri heimsókn.“

Ráðherra taldi síðan sérstaka ástæðu til að hnýta aðeins í formann Sjálfstæðisflokksins um að hann hlyti að fagna þessu sérstaklega.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að ýmsar spurningar vöknuðu hjá mér í framhaldi af þessari yfirlýsingu fjármálaráðherra. Svo virðist sem heimsóknin hafi ekki verið að frumkvæði ríkisstjórnarinnar heldur sjóðsins. Því vil ég spyrja formann efnahags- og skattanefndar Alþingis: Hvers vegna er það svo? Hvers vegna óskar sjóðurinn sérstaklega eftir því að koma í heimsókn? Hvers vegna hefur sjóðurinn ekki enn afgreitt aðra útborgun af láni sjóðsins? Hvers vegna hefur einnig dregist að ganga frá samningum um lán frá vinaþjóðum okkar?

Nú eru liðnir sex mánuðir frá því að við samþykktum samningsskilmálana við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og enn er verið að leggja lokahönd á lánaskilmálana samkvæmt orðum hæstv. fjármálaráðherra. Hvers vegna lætur ríkisstjórnin eins og það sé eðlilegasta mál í heimi að sjóðurinn óski eftir því að koma í heimsókn við þessar aðstæður?

[13:34]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Hv. þingmanni ætti ekki að koma heimsókn sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sérstaklega á óvart því hún er í framhaldi af umsaminni heimsókn sjóðsins um mánaðamótin febrúar/mars. Í fréttatilkynningu sem sjóðurinn gaf út í framhaldi af þeirri heimsókn og hv. þingmaður getur fundið á vefnum island.is greinir sjóðurinn frá því að í grófum dráttum gangi samstarfsáætlunin ágætlega eftir og í öllum meginatriðum sé hún í samræmi við þær áætlanir sem gerðar voru en eftir séu nokkur tæknileg úrlausnarefni.

Þá greinir hann jafnframt frá því að breytingar séu að verða bæði á peningamálastefnunni og á stefnunni í ríkisfjármálum. Eins og hv. þingmaður man eflaust var Alþingi einmitt á meðan á þessari heimsókn stóð að samþykkja ný lög um Seðlabanka Íslands og meðan sendinefndin var hér stödd var verið að skipa nýjan seðlabankastjóra og setja peningamálastefnunefnd fyrir Seðlabankann. Þá var aðeins mánuður liðinn frá því að ný ríkisstjórn hafði tekið hér við í kjölfar búsáhaldabyltingar og búið að boða til alþingiskosninga sex vikum síðar þannig að hingað er sendinefnd komin

til að fara í gegnum þessi tæknilegu úrlausnarefni sem lúta aðallega að heildarstöðu þjóðarbúsins, ekki ríkissjóðs sjálfs heldur fyrirtækja ríkisins og þó einkum hvað varðar einkageirann sjálfan og þá sömuleiðis væntanlega að fara yfir stöðuna í peningamálastefnunni og í þeim breytingum sem fram undan eru í ríkisfjármálum. Nefndin er þegar komin til landsins og fundar þessa viku og fram á mánudag með ýmsum aðilum í íslensku samfélagi og mun síðan, að ég hygg, á fimmtudag í næstu viku halda blaðamannafund og kynna niðurstöðu heimsóknar sinnar. Þá getur stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í framhaldi af því væntanlega fjallað um skýrslu nefndarinnar (Forseti hringir.) og afgreitt áfangalán til Íslands samkvæmt áætlun.

[13:37]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Því ber að fagna að á leiðinni sé sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að ræða hér við stjórnvöld vegna þess að ýmis brýn mál þarf að ræða við sjóðinn, meðal annars breytilega vexti á láni ríkisins en um þessar mundir eru þeir hærri en gerist almennt á fjármálamörkuðum. Það þýðir að ríkið greiðir núna um 5 millj. kr. á dag með fyrstu greiðslunni sem við fengum í nóvember síðastliðinn. En þessi greiðsla er geymd á reikningi í Bandaríkjunum á umtalsvert lægri vöxtum.

Annað sem ég tel mjög brýnt að ræða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er stýrivaxtalækkun, en í efnahagsstefnu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins stendur að þeir muni ekki lækka fyrr en gengisstöðugleika hafi verið náð. Við innleiddum hérna gjaldeyrishöft einmitt til þess að ná þessum gengisstöðugleika og því er óskiljanlegt að hér á landi séu raunvextir um tíu prósentustigum hærri en í nágrannalöndunum, sérstaklega þegar litið er til þess að flest útflutningsfyrirtæki eru of skuldsett til að hátt innlánavaxtastig hér á landi virki sem mikilvægur hvati fyrir þau til að flytja gjaldeyri til landsins.

Virðulegi forseti. Ef takast á að reisa efnahagslífið við eftir bankahrunið og gengisfall krónunnar þurfa stýrivextir að taka mið af stöðu efnahagslífsins, þróun á fasteignamarkaði og verðbólguþróun eins og hún hefur verið síðustu þrjá mánuði en samkvæmt henni ætti verðbólga á ársgrundvelli aðeins að vera 1,4%. Það er með öðrum orðum mikilvægt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn geri sér grein fyrir þeirri stöðu sem íslenskt efnahagslíf er í.

[13:39]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Þegar sjóðurinn óskaði eftir því að koma í heimsókn til Úkraínu í apríl núna fyrir kosningar og voru aðstæður mjög svipaðar þar eins og hér. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði ekki greitt út útborgun á láninu vegna þess að ríkisstjórn landsins hafði ekki staðið við samningsskilmála við sjóðinn, ekki dregið nægilega mikið saman í ríkisfjármálum og var ekki tilbúin að afhenda sjóðnum yfirstjórn orku- og lífeyrismála í landinu. Það urðu svo mikil átök í úkraínska þinginu að mér skilst að þingmenn þar hafi nánast slegist.

Þegar sjóðurinn síðan heimsótti Lettland einnig í apríl að eigin ósk voru aðstæður þar einnig svipaðar og hér á landi. (**Gripið fram í:** Manstu hvernig var hér ...?) Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði ekki greitt útborgun á láninu vegna þess að útgjöld og halli ríkisins reyndust vera meiri en samningurinn sagði til um og þrátt fyrir að hafa lækkað laun ríkisstarfsmanna þá um 10% var hallinn enn of mikill og stjórnvöld voru bókstaflega á hnjánum grátbiðjandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að fá að reka ríkissjóð með örlítið meiri halla.

Hvað skyldi sjóðurinn ætla að fara núna fram á við ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna? Ríkisstjórnin hefur frestað öllum aðgerðum fram yfir kosningar og virðist enn ekki tilbúin til að ræða neinar aðgerðir í ríkisfjármálum. Hún talar og talar. Það virðist vera mest talað um Evrópusambandið en lítið um það sem þarf að gera hérna innan lands.

Hv. þm. Helgi Hjörvar nefndi ný lög Seðlabankans og að þau væru ástæða komu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég efast stórlega um að meginástæða komu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé að ræða ráðningar í Seðlabankann. Ég hef hins vegar mun meiri trú á að hann sé að koma hérna til að ræða um stöðu ríkisfjármála og þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur ekki gert neitt í því sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun væntanlega fara fram á til þess að við fáum þetta lán. (Forseti hringir.)

Mér fannst líka mjög einkennilegt að hlusta síðan á hv. þm. Lilju Mósesdóttur þar sem hún var einmitt að tala um ýmsar ástæður fyrir því að ríkisstjórnin (Forseti hringir.) hefði átt að óska sjálf eftir því að sjóðurinn kæmi hingað en gerði ekki.

[13:41]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegi forseti. Ég á ekki gott með að átta mig á því hvað hv. þingmanni gengur til með að reyna að gefa í skyn að hér búi eitthvað óeðlilegt undir eða að maðkur sé í mysunni. Ég held að það sé einmitt þvert á móti mjög mikilvægt á þessum tímum að ekki sé að ósekju verið að reyna að grafa undan trúverðugleika á íslenskum efnahagsmálum og stöðu þeirra. (**EyH:** hvað kallar þú ...?) Það hefur legið fyrir frá 13. mars síðastliðnum að ólokið væri ákveðnum verkefnum úr heimsókn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þá sem nú er verið að ljúka og þarf engum að koma á óvart nema hv. þingmanni. Sömuleiðis liggja fyrir yfirlýsingar af opinberum blaðamannafundum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að í öllum aðalatriðum gangi samstarfsáætlun Íslands og sjóðsins eftir og að hér miði í rétta átt, hér séu vextir að lækka, hér sé útlit fyrir að dragi úr verðbólgu og að ýmis annar árangur náist. Það eru mikilvæg jákvæð skilaboð um þróun efnahagsmála á Íslandi á ögurstundu í lífi þjóðarinnar. Þess vegna er mikilvægt að halda því til haga sem jákvætt er og uppbyggilegt hefur verið á síðustu mánuðum í efnahagsþróun hér en ekki algerlega að tilefnislausu, að því er virðist, að reyna að vefengja að opinberar yfirlýsingar alþjóðlegra stofnana séu á rökum reistar og eftir efni máls ósannar, enda veit hv. þingmaður og þeir þingmenn sem hafa kynnt sér þróun efnahagsmála hér á síðustu vikum og mánuðum að þetta er auðvitað með þessum hætti. En það er jafnframt rétt að á málalista ríkisstjórnarinnar eru ákveðin verkefni sem eiga eftir að koma fyrir þetta sumarþing með-

al annars í tengslum við ríkisfjármálin og þingið á eftir að vinna úr því. En ég kvíði því ekki að við munum ljúka því verki hér vel og skilmerkilega (Forseti hringir.) eins og í ýmsum öðrum.

[13:44]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að óska hv. þm. Guðbjarti Hannessyni til hamingju með að vera formaður fjárlaganefndar. Það er mjög veigamikið verkefni núna í þessum erfiðleikum þjóðarinnar og það mun reyna mikið á fjárlaganefnd á næstunni við að ná fjárlögum ríkisins aftur á núll.

Borist hafa fréttir um að hæstv. menntamálaráðherra hafi ákveðið að halda áfram að byggja tónlistarhús. Mig langar til að spyrja hv. þm. Guðbjart Hannesson eins og forvera hans — ég hef spurt nokkrum sinni að því: Hvar kemur þessi fjárhæð fram í fjárlögum? Það er nefnilega þannig að í fjárlögum 2003 kemur fram í grein 7.7, Ýmsar heimildir, með leyfi frú forseta:

„Að stofna félag um rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg og greiða nauðsynlegan kostnað vegna þess.“

Og viti menn, þessi örstutta, litla grein kostaði þjóðina 25 milljarða og það er ekki orð um það í fjárlögum. Það er ekki nein tala neins staðar. Ég spyr: Hefur komið fram hvað þessi ákvörðun hæstv. menntamálaráðherra kostar ríkissjóð mikið? Hvaða upphæð er þetta og munum við eiga von á því að sjá það annaðhvort í fjárlögum eða lánsfjárlögum? Samkvæmt 41. gr. stjórnarskrárinnar er bannað að greiða fé úr ríkissjóði nema með fjárlögum eða fjáraukalögum. Mig langar til að vita hvað þetta muni kosta mikið til viðbótar á sama tíma og menn eru að skera niður almannaþjónustu og svo framvegis. Ég þarf ekki að nefna það. Þá eru menn að fara út í gífurlegan mikinn kostnað sem að mínu viti er að töluverðu leyti borgaður með gjaldeyri og það er heldur ekki mikið til af honum í landinu.

[13:46]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hamingjuóskir sem snerta embætti mitt sem formaður fjárlaganefndar. Ég óska eftir góðu samstarfi við hv. þingmann og aðra varðandi þá vinnu sem þar er fram undan. Hv. þingmaður spyr hvar sé hægt að sjá í fjárlögum eða fjáraukalögum upphæðir varðandi skuldbindingar um tónlistarhús. Um þetta var fjallað ítarlega, yfirlýsing sem hv. þingmaður er að vitna í er frá 19. febrúar 2009, það var viljayfirlýsing menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar að halda áfram byggingu hússins. Það var síðan fjallað um þetta í fjárlaganefnd í marsmánuði og erindi voru send til menntamálaráðuneytisins og til Ríkisendurskoðunar varðandi það hvernig fara ætti með þetta mál. Þar kom fram að þetta mál hefur verið bókað í fjárlögum, það var bókað strax 2006 undir 6. gr. heimildum, allir þeir samningar sem þar eru. Þarna er um að ræða hlutafélag sem er undir E-hluta ríkisfjárlaga og þarf þar af leiðandi ekki að bókast sérstaklega í fjárlögunum að mati bæði menntamálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar.

Það skal þó segjast hér að það er ekki eðlilegt að ekki sé þá gerð grein sérstaklega fyrir þeim fjárskuldbindingum sem um er að ræða. Ég mun beita mér fyrir því að þær verði lagðar fram hér í þinginu, annaðhvort í gegnum fjáraukalög, eins og lagt er til í bréfi Ríkisendurskoðunar, eða í fjárlögum árið 2010. Endanlegir samningar hafa ekki verið lagðir fram og hafa ekki komið fram, hvorki til þingsins né opinberlega, að ég best veit, og nefndin hefur ekki fjallað um þetta enn þá. En það liggja fyrir bréf frá marsmánuði, bæði frá menntamálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun, um allar upphæðir í málinu. Hv. þingmaður nefndi 24 milljarða sem er heildarkostnaðurinn, það þýðir að skuldbinding sem eftir er að fullnusta miðað við októberverðlag er um 14 milljaðar, þar af er ríkishlutinn 54%, ef ég man rétt. Það má segja að þarna sé ríkið að skuldbinda sig til að greiða (Forseti hringir.) um 436 millj. kr. á ári næstu 35 árin og auðvitað á að fjalla um það hér í þinginu. Það var einmitt gerð lagabreyting rétt fyrir þinglok (Forseti hringir.) um það að fjárlaganefnd fái heimild til að fjalla um E-hluta fyrirtækin.

[13:48]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að taka þetta mál upp hér undir Störfum þingsins. 436 milljónir á ári í 35 ár eru gríðarháar upphæðir, enginn velkist í vafa um það. Ég hef sjálf leyft mér að spyrja þeirrar spurningar, í ljósi stöðu ríkissjóðs og þeirra ákvarðana sem fram undan eru við fjárlagagerð og fjáraukalagagerð, hvort við höfum efni á því að byggja upp tónlistar- og ráðstefnuhúsið með þeim hætti sem gert hefur verið ráð fyrir hingað til. Ég dreg enga dul á að það er nauðsynlegt að byggja gott tónlistarhús yfir Sinfóníuhljómsveit Íslands en það verður að vera rekstrargrundvöllur fyrir slíku húsi og það verða að vera til peningar, væntanlega bæði í ríkissjóði og borgarsjóði, til þess að greiða þann gríðarháa kostnað sem felst í því að byggja stórhýsið hér úti á höfn. Þá erum við ekki byrjuð að tala um kostnaðinn sem hlýst af rekstri í slíku húsi, hvers konar rekstur sem það yrði.

Ég held að við þurfum einfaldlega, frú forseti, þingheimur og borgin og kannski þjóðin öll, að velta því fyrir okkur hvort nú sé ekki rétt að staldra við og endurmeta og endurskoða þessar áætlanir, jafnvel fresta þeim um einhvern tíma. Auðvitað er það ekki auðveld ákvörðun og langt frá því að vera sársaukalaus en það hlýtur að vera hægt að meta þetta eins og annað í ljósi þeirrar erfiðu stöðu sem við erum í og í ljósi þeirra erfiðu ákvarðana um niðurskurð sem þarf að taka hér á næstu vikum og mánuðum.

[13:50]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér að taka undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur. Ég held að við þurfum í komandi aðgerðum að hugsa fyrst og fremst um fólk fremur en fasteignir. Sem nefndarmaður í fjárlaganefnd vil ég skoða það með mjög opnum huga að málefni er varða tónlistarhús við höfnina í Reykjavík verði endurskoðuð. Ég held að við þurfum að hafa allt uppi á borðinu í þeim efnum. Ég fagna því sem fram kom hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að það þurfi að skoða alla þessa hluti með opnum huga. Ég endurtek að við verðum og hljótum að hafa það í for-

grunni við komandi fjárlagagerð að fólk verði í fyrirrúmi fremur en fasteignir.

[13:51]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að taka þetta stóra mál upp hér á Alþingi. Þetta er mál sem hefur margoft verið til umræðu hér í þingsölum. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að ég er ósammála þeim hv. þingmönnum sem hafa talað og sagt að slá eigi þessum framkvæmdum á frest. Ákvörðun mín byggist fyrst og fremst á því að þarna er um mjög stóra framkvæmd að ræða sem búið er að setja mikla fjármuni í í gegnum tíðina. Menn þurfa að hugsa það til enda hvað það þýðir að slá þessari ákvörðun á frest, loka því sem búið er að gera niðri við höfn, hvað það mun kosta til framtíðar. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli fyrir atvinnustigið í landinu.

Við sjáum nú þegar atvinnuleysið fara stigvaxandi og það kemur fyrst og fremst niður í þeim greinum sem m.a. byggja afkomu sína á byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss, á verkafólki, á arkitektum, á tæknifræðingum, á verkfræðingum, á fólki sem vinnur í byggingargeiranum. Þarna sjáum við fram á að hægt sé að skapa atvinnu á næstu árum, hugsanlega hundruð atvinnutækifæra. Ég byggi afstöðu mína á því að þarna eru atvinnutækifæri sem við eigum að hlúa að. Ég tel það algjört glapræði við þessar aðstæður að slá þessari framkvæmd á frest út frá atvinnustiginu og ekki síst vegna þess að nú þegar er gríðarlegur kostnaður til fallinn vegna þessa verkefnis. Ég fullyrði, ég hef komið að þessu verkefni í mörg ár, að það muni verða miklu dýrara fyrir þjóðarbúið að slá þessari framkvæmd á frest en að halda henni áfram.

[13:53]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Þessi umræða er að þróast út í tal á milli samfylkingarþingmanna. Hér hafa komið upp hv. þingmenn Þórunn Sveinbjarnardóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson og talað fyrir því að fresta eigi tónlistarhúsinu. Hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson segir að það eigi að hugsa um fólk frekar en fasteignir. Svo kemur hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir og segir að það sé glapræði að fresta þessari byggingu, (Gripið fram í.) þannig að hér fer nú fram skemmtileg umræða á milli samfylkingarþingmanna. (Gripið fram í.)

Ég tel að það eigi einmitt að hugsa um fólk fremur en fasteignir, og það er ágætt að hæstv. samgönguráðherra, Kristján L. Möller, hlustar nú á. Ég tel að það eigi að hugsa um fólk frekar en fasteignir og vil því draga hér inn í umræðuna aðra framkvæmd sem er nýbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það er líka dýr bygging og ég tel að það eigi að fara í hana af því að ég vil hugsa um fólk. Í því að hugsa um fólk felst líka að hugsa um fasteignir. Það var því ágætt að fá fram afstöðu samfylkingarþingmanna sem hér rífast opinberlega um það hvort fresta eigi tónlistarhúsinu eða ekki. Það gæti verið áhugavert að heyra hvað hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson segir um Landspítala – háskólasjúkrahús. Á að fara í þá framkvæmd eða ekki? Ég segi já.

[13:55]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég vil þakka formanni fjárlaganefndar, hv. þm. Guðbjarti Hannessyni, fyrir það að hann ætlar að breyta vinnulaginu í nefndinni eftir því sem mér skildist. Það er nefnilega að færast í aukana að menn byggi svona hús og fasteignir fram hjá fjárlögum og þar með fram hjá stjórnarskránni, það er ekki út í bláinn að stjórnarskráin er með þetta ákvæði. Þetta er til þess að við séum ekki að skuldbinda komandi kynslóðir án þess að vita af því. Ég nefni fyrirbæri eins og Egilshöll, sem er í miklum vandræðum. Ég nefni heilmikið af framkvæmdum opinberra aðila, sveitarfélaga líka, þó að það séu mjög ströng ákvæði í sveitarfélagalögum um að þau megi ekki skuldbinda komandi kynslóðir hafa menn verið að gera þetta engu að síður. Ég hef spurt að því aftur og aftur: Er skuldbinding fólgin í þessu? Ef það er skuldbinding á það að koma fram í fjárlögum eða hjá viðkomandi sveitarstjórn í hvað hún er búin að skuldbinda útsvarspeninga til næstu ára.

Varðandi það að veita atvinnu. Mér skilst að aðalhópur verkamanna verði Kínverjar sem þarf að flytja til landsins vegna þess að það sé mjög sérhæft verk að setja upp glerhjúpinn og svo er það eitthvert óskaplega mikið hljóðkerfi sem er ekki framleitt á Íslandi, alveg örugglega ekki. Meginkostnaðurinn felst í því að nota þann litla gjaldeyri sem við fáum að láni hjá gjaldeyrisvarasjóðnum í þetta. Ég er því eindregið á móti þessu og ég vil endilega að menn skoði það að stöðva framkvæmdir og geyma þetta hús til minningar um bruðl og óráðsíu opinberra aðila og hafa til minnis fyrir þjóðina. Ég vil nefna það að fjöldi einstaklinga hefur þurft að hætta við framkvæmdir á íbúðarhúsum sínum, fjöldi fyrirtækja hefur þurft að hætta við framkvæmdir á húsnæði sínu, skrifstofuhúsnæði og öðru. Við sjáum merki um þetta út um allan bæ. Af hverju í ósköpunum skyldi ríkið halda áfram með sína framkvæmd eins og ekkert hafi gerst?

[13:58]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Það gleður mig að hv. þm. Pétur Blöndal skuli tala gegn útvistun, einkavæðingu og þeirri útleigustarfsemi sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, fasteignafélög sem yfirtóku eignir og slíkt. Ég held að það sé alveg rétt að við eigum einmitt að varast þetta vegna þess að í raunveruleikanum voru menn oft bara að færa út úr bókhaldinu skuldbindingar og færðu einungis leigugreiðslur innan hvers árs. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn færi skuldbindingarnar inn í rekstrarreikninga fyrirtækja og það alveg eins hjá ríkinu þegar um er að ræða langtímaskuldbindingar.

Það hefur komið fram hér í umræðunni, einmitt hjá fyrrverandi ríkisstjórn, að breyta þurfi reglunum um ohf.-félögin okkar og þau félög sem hafa verið undir Ehlutanum sem þingið hefur ekki haft neitt af að segja. Þá erum við jafnvel að tala um fyrirtæki eins og Landsvirkjun og aðra slíka aðila sem við höfum ekkert forræði yfir. Þessu var breytt og nú getur fjárlaganefnd kallað eftir upplýsingum og fengið að fylgjast með hvaða ákvarðanir eru teknar og hvernig málum er háttað. Ég held að það sé mjög mikil-

vægt fyrir þingið að koma þannig að málunum.

Varðandi tónlistarhúsið og hvort um er að ræða framkvæmd sem eigi að ljúka eða ekki held ég að það sé rétt að þingheimur ræði það mál og skoði. Þarna er um að ræða framkvæmd sem var áætluð upp á 24 milljarða kr. Þegar er búið að ráðstafa 10 milljörðum og að hluta til er búið að kaupa inn efni. Menn hafa rætt þetta í samhengi við atvinnumálin og ég held að menn eigi að gera það áfram vegna þess að auðvitað fellur til kostnaður ef menn hætta byggingunni. Það liggja fyrir ágætar greinargerðir, bæði frá menntamálaráðuneytinu og frá Ríkisendurskoðun, sem voru lagðar fram í fjárlaganefnd og eru opinber skjöl sem allir þingmenn hafa aðgang að. Þar er bæði fjallað um með hvaða hætti á að færa þetta í ríkisreikningi og fjárlögum eða fjáraukalögum. Þar er líka fjallað um áætlanir sem liggja að baki bæði varðandi byggingarkostnað og áætlaða leigu. Að auki er ástæða til að vekja athygli á því að þessi samningur liggur ekki endanlega fyrir á milli aðila, að ég best veit, en ég vænti þess að hann komi til okkar áður en hann verður staðfestur af menntamálaráðuneytinu. (Forseti hringir.) Umræðan er fín og mikilvæg og ég vona að við vinnum áfram að málinu af heilindum eins og hingað til.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Mál á dagskrá.

[14:00]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Það vekur furðu mína að á dagskrá þingsins skuli ekki vera eitt einasta mál sem varðar brýna hagsmuni íslenskra heimila og fyrirtækja. Til hvers erum við hér saman komin í sumar nema til að ræða þau mál?

Ég spyr, frú forseti: Er það virkilega svo að ríkisstjórnin hafi ekki óskað eftir því að kynna þingmönnum skýrslu um stöðu efnahagsmála? Ég vísa þar m.a. í ágætisábendingar vinstri grænna þegar næstsíðasta ríkisstjórn kallaði þing saman og vinstri grænir bentu vel og rækilega, og réttilega, á það að þá voru sett á dagskrá mál sem höfðu ekkert með ástandið að gera.

Hvaða mál eru hér á dagskrá? Það eru ýmis tæknileg mál um hlutafélög og einkahlutafélög. Það hljómar ágætlega, það á að spá eitthvað í kynjahlutföll. En hvað er það? Það á að birta í ársskýrslum fyrirtækja upplýsingar um fjölda kvenna og karla í stjórnum fyrirtækja. Í ársskýrslum fyrirtækja eru þegar birtar upplýsingar um það hverjir sitja í stjórn. Þetta er væntanlega fyrir þá sem geta ekki greint á milli kven- og karlmannsnafna.

Hvað er svo fleira? Erfðabreyttar lífverur. Eiturefni og hættuleg efni. Meðhöndlun úrgangs. Eflaust eru þetta allt góð mál, eins og þingmál eiga alltaf að vera, en (Forseti hringir.) vorum við ekki hingað saman komin til að að ræða eitthvað allt annað?

[14:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti geta þess að hæstv. forsætisráðherra mun ræða stöðu efnahagsmála strax eftir helgina.

Hv. 2. þm. Norðaust., Birkir Jón Jónsson, vill hér ræða fundarstjórn forseta. Forseti vill geta þess að hann telur ekki neitt athugavert við þá fundarstjórn sem hér er viðhöfð.

[14:02]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér, þrátt fyrir orð hæstv. forseta, að gera athugasemd við það hvernig þetta þing fer af stað, hvernig hæstv. nýkjörinn forseti stýrir þessum fundum og þá sérstaklega um hvaða mál við ætlum að ræða á fyrstu dögum þingsins.

Eins og formaður Framsóknarflokksins benti réttilega á varð bylting í samfélaginu eftir síðustu áramót og Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerði mjög alvarlegar athugasemdir við það hvernig þáverandi ríkisstjórn setti fram mál sín á fyrstu dögum þess vorþings.

Ég vil upplýsa hæstv. forseta um það að staða heimilanna og fyrirtækjanna er helmingi verri í dag en hún var við upphaf ársins. Að ríkisstjórnin skuli setja fram sem forgangsmál sín frumvörp um vörumerki, erfðabreyttar lífverur, eiturefni og hættuleg efni, meðhöndlun úrgangs og fleira er þjóðinni ekki bjóðandi.

Við hljótum að kalla eftir því að ríkisstjórnin geri grein fyrir því hvað hún ætlar sér í efnahagsmálum, hvað hún ætlar sér að gera í grafalvarlegri stöðu heimila og fyrirtækja (Forseti hringir.) og ég tel fullboðlegt, frú forseti, að stjórnarandstaðan á þingi geri athugasemd við það hvernig ný stjórn þingsins setur upp dagskrána.

[14:03]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég geri einnig athugasemdir við dagskrá fundar á Alþingi. Mér finnst í hæsta máta óeðlilegt að þau mál sem eru lögð fram hérna, eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn, og svo EES-reglur þegar við erum að horfa upp á, hálfu ári síðar, enn á ný að ekkert er verið að gera fyrir íslensk heimili og íslenskan almenning.

Manni hefði kannski dottið í hug að hæstv. viðskiptaráðherra hefði áhuga á að flytja mál sem varðar t.d. afnám verðtryggingar, lækkun dráttarvaxta, bann við gengistryggingu lána, einföldun á starfsumhverfi fyrirtækja og lækkun kostnaðar eða hugsanlega — það má náttúrlega láta sig dreyma — leiðréttingu skulda heimila og fyrirtækja landsins.

Nei, við ætlum að fara að tala hérna um erfðabreyttar lífverur, eiturefni og hættuleg efni og að sjálfsögðu mjög mikilvægt mál sem er meðhöndlun úrgangs. (Forseti hringir.) Þetta er sá úrgangur sem við eigum að fara að meðhöndla.

Umræður utan dagskrár.

Áform ríkisstjórnarinnar um fyrningu aflaheimilda.

[14:05]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til hamingju með nýtt og veigamikið starf.

Hæstv. ráðherra hefur verið óþreytandi við að segja okkur þá sjálfgefnu hluti að sjávarútvegur og landbúnaður muni á næstunni standa undir stærri hluta þjóðarframleiðslu en áður og gegna lykilhlutverki í atvinnulífi næstu ára. Þetta er allt gott og blessað. En hvernig munu þá stjórnvöld bregðast við? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja að möguleikar atvinnulífsins verði sem mestir til að standa undir hagvexti og góðum lífskjörum? Það mætti ætla að sjálfgefið svar við þessum spurningum væri að það yrði gert best með því að létta byrðum af atvinnulífinu, draga úr óvissu, gera stjórnendum betur kleift að skipuleggja sig á næstunni.

En er það svo? Öðru nær.

Ríkisstjórnin hefur helst lagt það til í sjávarútvegsmálum sem hefur sett sjávarútveginn í hreint uppnám og þegar valdið ómældu tjóni í greininni og þeim atvinnurekstri sem er beintengdur sjávarútveginum. Hver sveitarstjórnin á fætur annarri hefur sent frá sér ákall til ríkisstjórnarinnar um að falla frá áformum sínum, draga úr óvissunni og tryggja stöðugleika í grundvallaratvinnuvegi okkar á þeim tímum þegar þörfin kallar mest á slíkt.

Tilgangur þessarar umræðu hér og nú er einmitt að kalla eftir viðbrögðum hæstv. ríkisstjórnar við þessum óskum og kröfum fólks úti um allt land. Ríkisstjórnin hefur boðað að innkalla eigi allar aflaheimildir á næstu 20 árum og hefjast skuli handa strax á næsta ári. Hér er talað býsna skýrt. Það virðist liggja fyrir að fara svokallaða fyrningarleið þvert ofan í ráð þeirra sem gleggst þekkja til í sjávarútvegi, þvert ofan í vilja sjávarbyggðanna og þó að fyrir liggi að slíkt muni setja sjávarútveginn í algjört uppnám. Það er því hraustlega mælt þegar ríkisstjórnin býður síðan hagsmunaaðilum til samráðs um leið sem þeir hafa sjálfir dæmt algjörlega óhæfa og fært rök fyrir að muni kalla gjaldþrot og hrun yfir greinina.

Það er eins og að aldrei sé vikið að því að sjávarútvegurinn er atvinnugrein sem lýtur lögmálum atvinnulífsins en verður ella undir. Ætla menn ekki að gæta þess að sjávarútvegurinn njóti stöðugs og áreiðanlegs rekstrarumhverfis? Á öll langtímahugsun að hverfa út úr greininni? Gleyma menn því kannski að kaup á nýjum skipum er langtímafjárfesting sem ekki þýðir að ráðast í nema menn viti hvað framtíðin ber í skauti sér og menn ná ekki góðu markaðsverði nema með stöðugleika í vinnslu og afhendingaröryggi á afurðunum? Þess vegna má spyrja: Er líklegt að fyrningarleiðin geri stöðu okkar á erlendum mörkuðum sterkari í ljósi þess að fyrning veiðiréttar mun augljóslega auka óvissuna og gera mönnum þar með erfiðara fyrir að skipuleggja markaðsstarf sitt?

Þegar menn boða fyrningarleið er eins og að þessi einföldu sannindi séu alltaf látin lönd og leið. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra sem hlýtur að vera grundvallarspurningin: Telur hann líklegt að 5% árleg fyrning aflaheimilda muni styrkja stöðu sjávarútvegsins? Hvað í þessari aðferðafræði gerir það að verkum að sjávarútvegurinn eflist frá núverandi ástandi? Ætli fyrningarleiðin sé líkleg til þess að sjávarútvegurinn verði hagkvæmari atvinnugrein en ella?

Það er að vísu þekkt röksemd frá fyrri árum þegar menn töluðu máli veiðigjalds og fyrningar, þá var vísað til þess að flotinn væri of stór miðað við afrakstur fiskstofna, skipunum þyrfti þess vegna að fækka og útgerðir að stækka og sameinast. Með fyrningu eða hálfu veiðigjaldi mætti knýja sjávarútveginn til þess að draga meira úr tilkostnaði, fækka skipum hraðar og meira, hagræða, sameinast og stækka. Er það þetta sem vakir fyrir stjórnvöldum, að spila á frekari samþjöppun aflaheimilda til að draga úr tilkostnaði?

Fyrningarleiðin mun í rauninni í sinni einföldustu mynd leiða til þess að geta útgerðarinnar til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum mun stórskaðast. Framleiðnin mun hverfa af því að tekjumöguleikarnir eru settir í uppnám. En fastur kostnaður, svo sem fjárhagslegar skuldbindingar, verður áfram til staðar — eða hvað? Fyrirtæki munu gefast upp. Lánardrottnar verða fyrir skaða. Það er augljóst að þetta mun stuðla að tilfærslu veiðiréttar á milli byggðarlaga, langlíklegast frá minni byggðarlögum til hinna stærri nema inn í kerfið verði byggt fyrirkomulag aukinna tilfærslna. Er það ætlunin?

Sá sem fyrstur verður fyrir atlögu fyrningarinnar er auðvitað nýliðinn, einyrkinn sem menn hafa svo gjarnan talað um, ekki síst á hátíðarstundum, að þurfi að efla í sjávarútveginum. Hann er fjárhagslega veikastur fyrir í flestum tilvikum og fyrningin verður honum því strax dýrkeypt. Með öðrum orðum verða fyrstu fórnarlömb fyrningarleiðarinnar þeir sem eru nýjastir í atvinnugreininni, fulltrúar nýliðunarinnar sem er mjög rómuð, þeir sem fyrir eru fjárhagslega veikastir og minni byggðarlögin í landinu.

Þess vegna er ekki að undra að harðorð mótmæli hafi komið frá slíkum stöðum. Hreppsnefnd Grímseyjar segir t.d. um fyrningarleið ríkisstjórnarinnar, með leyfi virðulegs forseta:

„Þetta er sú alversta hugmynd sem komið hefur fram í sjávarútvegsstefnu okkar Íslendinga.“ Og viljum við bæta við: Og hafa þær þó margar vitlausar komið fram.

Í afar athyglisverðri grein í *Morgunblaðinu* á sunnudaginn skrifa eigendur vel rekins og öflugs fjölskyldufyrirtækis á Rifi á Snæfellsnesi afskaplega athyglisverða grein sem ég ætla að biðja hæstv. ráðherra að lesa vel og kynna sér. Hér er um að ræða samhenta fjölskyldu sem vinnur af alefli að rekstri sínum og hefur gert um áratugaskeið. Þau lýsa vel áhrifunum af fyrningarleiðinni með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Núverandi stjórnvöld hafa boðað þá leið að innkalla veiðiheimildir frá og með kvótaárinu 2010/2011. Verði það gert án þess að fyrir komi bætur mun þessi aðgerð bitna harðast á þeim sem keypt hafa veiðiheimildir sl. 5–6 ár, nýliðunum í greininni sem hafa ekkert annað gert en fylgja leikreglunum til að byggja upp sinn rekstur. Samt eru þessar breytingar m.a. sagðar gerðar til auðvelda nýliðun í greininni. Fyrir okkur eru það algjör öfugmæli. Við teljum að hægt sé að gera breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og ná meiri sátt um það án þess að fara í slíkar harkalegar breytingar.“

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að þessi mál skýrist. Hið alvarlega er að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og að því er virðist staðfastur ásetningur um að fara fyrningarleiðina er þegar búinn að valda skaða. Stjórnendur halda að sér höndum. Áhugi manna á að fjárfesta í sjávarútvegi hefur þornað upp. Þjónustuaðilar verða varir við minni vörukaup og það er reynt að slá fjárfestingum á frest svo

sem kostur er. Það er ástæða til að óttast áhrif á lánamöguleika sjávarútvegsins vegna þeirrar óvissu sem umlykur greinina um þessar mundir.

Þetta ástand dýpkar því enn frekar þá efnahagskreppu sem við búum við og var þó ekki á hana bætandi. Sú óvissa sem ríkisstjórnin hefur kallað yfir sjávarútveginn er í hróplegu ósamræmi við tal hæstv. sjávarútvegsráðherra um þýðingu sjávarútvegsins á komandi árum.

Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri málin og greini okkur frá þeim útreikningum sem hljóta núna að liggja fyrir um áhrif fyrningarleiðarinnar á einstakar byggðir, á stöðu sjávarútvegsins í heild sinni, á einyrkjana og þá sem nýlega hafa haslað sér völl í sjávarútvegi. Því verður ekki trúað að ríkisstjórn skrifi það inn í stefnuyfirlýsingu sína að fara fyrningarleið nákvæmlega eins og þar er tilgreint öðruvísi en að fyrir liggi mat sem byggi á vönduðum útreikningum óvilhallra aðila sem hafa kynnt sér þessi mál. Það er algjörlega óhugsandi að yfirlýsing af þessu taginu sé bara pólitísk yfirlýsing án þess að á bak við liggi vandaður fræðilegur útbúnaður.

Það er líka eðlilegt að spyrja: Liggur fyrir hvernig staðið verður að fyrningu aflaheimildanna? Hvaða prósentur á að nota og hvernig verður þetta unnið? Hvenær er ætlunin að fyrningin hefjist? Um það hafa komið fram mjög misvísandi svör frá hæstv. ríkisstjórn. Er ætlunin að sama fyrningarprósenta gildi um allar útgerðir í landinu eða verður þetta notað til einhvers konar mismununar í pólitískum (Forseti hringir.) tilgangi?

[14:13]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir það tækifæri sem gefst til að ræða fiskveiðistjórnina og ýmis atriði hennar. Ég þakka hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni fyrir að hefja þessa umræðu á hinu hv. Alþingi.

Í umræðum undanfarið hefur mestur þróttur manna farið í að ræða eina hlið málsins sem er innköllun aflaheimilda og endurráðstöfun þeirra. Að mínu mati er ekki hægt að skoða breytingu á einum hluta kerfisins einangrað. Þess í stað verður að horfa á heildina í ljósi þeirra markmiða sem sjávarútveginum sem grunnatvinnugrein þjóðarinnar eru sett.

Í þessu skyni er rétt í upphafi að renna yfir nokkur atriði í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar á þessu sviði en óhjákvæmilegt er að horfa einnig til stefnumótunar hennar almennt.

Fram kemur í stefnuyfirlýsingunni að ríkisstjórnin vill beita sér fyrir breiðri sátt sem geti orðið grunnur að nýjum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika á Íslandi. Í því felst m.a. að ná samstöðu um hagstæð rekstrarskilyrði fyrir fyrirtæki þannig að störf verði varin og aðstæður skapaðar fyrir fjölgun þeirra á ný.

Ljóst er að ofangreint markmið næst ekki nema með samstilltu átaki, takist að ná góðum og jöfnum hagvexti. Að mínu mati er framangreint grunnur þess sem síðan kemur og verður að hafa það í huga þegar fjallað er um einstaka málaflokka.

Við þurfum að hugsa þetta heildstætt. Þetta á ekki síst við um einn af grunnatvinnuvegum okkar, sjávarútveginn, eins þýðingarmikill og hann er fyrir þjóðina. Og áfram segir í stefnuyfirlýsingunni um fiskveiðar og sjávarútveg, með leyfi forseta:

„Markmið sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fiskveiðar umhverfis landið séu hagkvæmar og skapi verðmæti og störf en séu jafnframt sjálfbærar og vistvænar og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um verndun vistkerfa, lífríkis og hafsbotns. Veiðiheimildir skulu ákvarðast af nýtingarstefnu sem byggist á aflareglu hverju sinni. Íslenskur sjávarútvegur mun gegna lykilhlutverki við þá endurreisn atvinnulífsins sem fram undan er. Það er því afar mikilvægt að skapa greininni bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og treysta þannig rekstrargrundvöllinn til langs tíma, en jafnframt verði leitað sátta um stjórn fiskveiða.“

Framangreint er í beinu og góðu samræmi einnig við stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs svo ég mun vinna að þessum markmiðum af heilum hug sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áfram segir í stefnuyfirlýsingunni með leyfi forseta:

„Með sérstöku ákvæði í stjórnarskrá verði undirstrikað að fiskstofnarnir umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar. Úthlutun aflaheimilda er tímabundinn afnotaréttur og myndar ekki undir neinum kringumstæðum eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir heimildunum. Bregðast þarf frekar við áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, m.a. með því að gæta atvinnufrelsis og að tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun afnotaréttarins og aðgengi að hinni sameiginlegu auðlind.“

Ég get nefnt það hér að ég fékk samþykkt á ríkisstjórnarfundi í gær frumvarp til breytinga á lögum um fiskveiðar sem fela m.a. í sér möguleika á frjálsum handfæraveiðum við ströndina. Þótt ekki sé hér um mikið magn að ræða og því séu settar ákveðnar skorður tel ég það engu að síður mikilvæga opnun á kerfinu sem hægt verði að vinna áfram að.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur einnig fram yfirlit um brýnar aðgerðir í sjávarútvegsmálum. Þar vil ég einkum nefna til eftirfarandi: Að stefnt skuli að frekari fullvinnslu afla hérlendis og að óunninn afli verði settur á innlendan markað. Skoðaðir verði möguleikar sem takmarka framsal á aflaheimildum og auka veiðiskyldu og að endurskoða tilfærslur á heimildum milli ára. Grunnslóð verði vernduð. Kannaðir verði möguleikar þess að veiðar afkastamikilla skipa á grunnslóð og inni á fjörðum verði takmarkaðar frá því sem nú er með það að markmiði að treysta grunnslóðina sem veiðislóð fyrir smærri báta og umhverfisvænni veiði.

Í stefnuyfirlýsingunni er sérstakur kafli um endurskoðun laga um fiskveiðar. Þar er kveðið á um að lög um stjórn fiskveiðar verði endurskoðuð í heild með það að markmiði:

Í fyrsta lagi að stuðla að vernd fiskstofna. Í öðru lagi að stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda sjávar. Í þriðja lagi treysta atvinnu. Í fjórða lagi að efla byggð vítt og breitt um landið. Í fimmta lagi að skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar og í sjötta lagi að leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á 20 ára tímabili í samræmi við stefnu flokkanna.

Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Endurskoðunin mun verða unnin í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og miðað við að áætlun um innköllun og endurráðstöfun taki gildi í upphafi fiskveiðiárs 1. september 2010.“

Hér er fyrst og fremst verið að tala um að áætlunin muni þá liggja fyrir.

„Skipaður verði starfshópur er vinni að endurskoðuninni og kalli til samráðs hagsmunaaðila og sérfræðinga.“

Jafnframt segir í yfirlýsingunni:

„Ríkisstjórnin telur brýnt að treysta í sessi siðræn viðhorf í umgengni við hafið og auðlindir sjávar í ljósi þess að maðurinn er hluti af náttúrunni og verður að umgangast hana af ábyrgð. Nýta þarf krafta sjómanna og útgerðarmanna í hafrannsóknum til að efla gagnasöfnun og rannsóknarverkefni sem þeir eru þátttakendur í. Kortleggja vel menntun og fræðslu í sjávarútvegi með það að markmiði að auka menntunarstig í greininni.“

Það liggur fyrir að engin sátt er hjá þjóðinni um núverandi fiskveiðistjórnarstefnu. Lítum á fjögur markmið sem fiskveiðistjórnarkerfinu voru m.a. sett. Þau eru: Að skapa atvinnu, stuðla að hagkvæmum veiðum, efla byggðir og efla fiskstofna.

Ef við lítum á það sem við höfum farið yfir nú er áberandi að mörgum finnst aðgangur að auðlindinni ekki hafa verið réttlátur. Má í því sambandi vísa til athugasemda mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt þekkjum við öll þann óheyrilega félagslega kostnað sem núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hefur skapað. Kvótinn hefur verið seldur burt, eignir fólks í mörgum byggðarlögum hafa fallið stórlega í verði og atvinnuöryggi íbúanna er lítið. Það er ef til vill meginástæðan fyrir því að ekki er sátt um fiskveiðistjórnarkerfið eins og það er í dag en kveðið er á um í stefnuyfirlýsingunni að ráðast eigi í endurskoðun á því.

Að hrinda slíku verkefni af stað er forgangsmál hjá mér sem ráðherra sjávarútvegsmála. Ég get ekki séð að það sé neitt sérstakt að óttast. Það á að taka upp nýtt fiskveiðistjórnarkerfi en flestir eru sammála um að núverandi kerfi þarfnist endurbóta. Til þess leiks verður öllum hagsmunaaðilum boðið og tryggt að þeir komi sjónarmiðum sínum að. Það getur ekki verið ásættanlegt, hvorki fyrir útgerðina né aðra, að búa til lengdar við fiskveiðistjórnarkerfi sem stór hluti þjóðarinnar er ósáttur við.

Mönnum hefur undanfarið verið tíðrætt um svokallaða fyrningarleið og gert hana að aðalatriði þessa máls þannig að hún er aðalumtalsefni í utandagskrárumræðum. Víst er að fyrningarleiðin er nefnd í stefnuyfirlýsingunni og ástæðan fyrir því er að hún er ein leið til þess að auka réttlæti í greininni.

En ég vil minna á álit okkar vinstri grænna þar sem stendur:

„Þótt innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda eins og að ofan greinir sé megintillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er flokkurinn engu að síður reiðubúinn til að skoða aðrar leiðir til réttlátrar skiptingar, geti það orðið til þess að flýta fyrir breytingum í rétta átt og útilokar enga þeirra fyrir fram.“

Frú forseti. Ég skora á alla þá aðila sem tengjast sjávarútveginum, (Forseti hringir.) útgerð og fiskvinnslu að koma hér að borði og ræða þessi mál af einlægni.

[14:21]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Eftir að hafa hlýtt á hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verð ég að segja að ég er ekki alveg viss um hvort ríkisstjórnin ætlar í fyrningarleiðina eða ekki. Það getur vel verið að hér sé einungis á ferðinni enn ein áætlunin um að hugsanlega skuli stefna að fyrningarleið. Satt að segja er það ekki alveg ljóst og hæstv. sjávarútvegsráðherra mun væntanlega skýra það. En ég ætla að ganga út frá því í þessari stuttu ræðu minni að fara eigi fyrningarleiðina, og ræða kosti hennar og galla.

Í fyrsta lagi: Í umræðu um þetta vandasama málefni, sjávarútvegsmál, held ég að mikilvægt sé að viðurkenna að margir eru reiðir út af sjávarútvegsmálum. Það er skiljanlegt. Þurft hefur að grípa til margra sársaukafullra aðgerða í greininni. Fyrir það fyrsta þurfti að horfast í augu við að um takmarkaða auðlind er að ræða. Takmarka þurfti aðgengi að fiskinum í sjónum. Það var sársaukafull aðgerð fyrir margar byggðir í landinu. Síðan þurfti að horfast í augu við að nauðsynlegt var að hleypa öðrum að þannig að menn þurftu að geta keypt sig inn í greinina eða leigt sig inn í hana. Það hafði í för með sér að aðrir seldu eða leigðu. Í kerfi sem ekki er hægt að framselja heimildirnar er væntanlega ekki heldur hægt að kaupa sig inn í kerfið þannig að þetta var líka gert og það olli miklum sársauka.

Við þurfum líka að viðurkenna að það þarf að skýra að þjóðin á auðlindina og það þarf að setja það inn í stjórnarskrá og hefur Framsóknarflokkurinn barist fyrir því. Ég held raunar að þessi umræða öll sýni að við lítum öll svo á að þjóðin eigi þessa auðlind vegna þess að ef við þurfum að innkalla veiðiheimildirnar gerum við það í krafti þess að þjóðin á þessa auðlind.

En spurningin er hins vegar þessi: Þó svo að þjóðin eigi auðlindina og hið opinbera hafi þar með rétt til þess að kalla inn heimildirnar, á hún þá að gera það? Eigum við að gera það bara vegna þess að við höfum réttinn til þess? Við verðum að ræða þetta mál af skynsemi og anda með nefinu. Að hafa þennan innköllunarrétt, að þjóðin eigi fiskinn í sjónum, þýðir ekkert endilega að fara eigi fyrningarleiðina. Það er ekki rökrétt framhald af þessari niðurstöðu að það eigi endilega að innkalla kvótann.

Af hverju ættum við ekki að innkalla kvótann núna? Í fyrsta lagi yrði það óréttlátt. 90% þeirra sem veiða fisk núna — þetta er harðduglegt fólk og í flestum tilvikum er um að ræða vel skipulögð og vel rekin fyrirtæki — hafa keypt sig inn í þessa grein á þeim forsendum sem þeim voru lagðar, samkvæmt þeim leikreglum sem þeim var uppálagt að spila eftir. Með því að fyrna veiðiheimildir þessa fólks skiljum við eftir útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem síst skyldi, í sárum og upplausn. Athugið að við erum að tala um störf. Við erum að tala um að innkalla störf. Við sköpum þar af leiðandi óvissu í byggðunum. Við erum ekki bara að tala um einhverja einstaka útgerðarmenn hér og þar. Við erum að tala um útgerðarfélög. Við erum að tala um fólk sem starfar í þessum fyrirtækjum.

Síðan er algjörlega óljóst hvaða kerfi tekur við og það er hluti af óvissunni. Ég sagði áðan að um takmarkaða auðlind

væri að ræða. Það þýðir að það verður alltaf vandasamt að deila þeim út aftur.

Ég hef aldrei heyrt neina útfærslu eða hvernig stefna skuli að áætlunum um útdeilingu á þessum veiðiheimildum aftur. Ef það verður gert með uppboði eða leigumarkaði er vísast að varanleikinn í greininni sem er grundvöllur fjárfestinga í greininni, fari út úr henni. Það er ekki gott fyrir byggðirnar (Forseti hringir.) og er vísast að við fáum mun verra kerfi og óréttlátara þegar upp er staðið. Leiðarminni þessa brölts alls saman verði þá í orðum Nóbelsskáldsins: „Vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti.“

[14:26]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu er eitt veigamesta réttlætismál í íslensku samfélagi um langa hríð. Það varðar ekki einungis eignarrétt þjóðarinnar á auðlind okkar í hafinu heldur einnig afkomu þeirra byggðarlaga sem frá upphafi Íslandsbyggðar hafa nýtt sér fiskimiðin við landið.

Innköllun aflaheimilda í áföngum á 20 árum í samráði við þá sem eiga hagsmuna að gæta er ekki umbylting á þessu kerfi og mun ekki leiða hrun yfir sjávarútveginn. Þvert á móti er hún sanngjörn og hófsöm leiðrétting á þessu óréttláta kerfi.

Já, málið snýst um löngu tímabæra leiðréttingu á ranglátu framsalskerfi fiskveiðiheimilda, kerfi sem hefur í sér innbyggða meinsemd og mismunun. Við erum hér að tala um kerfi sem samkvæmt úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna brýtur mannréttindi og hindrar eðlilega nýliðun þar sem menn eru tilneyddir að gerast leiguliðar hjá handhöfum aflaheimildanna. (Gripið fram í.) Kerfi sem upphaflega var þannig smíðað að heimildir til nýtingar á fiskimiðum landsins voru færðar í hendur útgerðunum endurgjaldslaust. Þessar fiskveiðiheimildir eru nú meðhöndlaðar sem hvert annað erfða- og skiptagóss sem gengur kaupum, leigum og sölum sem skilið hafa eftir blæðandi byggðarlög í sárum.

Þetta óréttláta kerfi felur í sér sams konar meinsemd skuldasöfnunar og yfirveðsetningar og þá sem olli efnahagshruninu í haust. Framsal kerfis fiskveiðiheimildanna, kvótakerfið, er eins og hver önnur mannasetning. Það var illa ígrundað í upphafi og leiddi af sér alvarlega röskun og atvinnubrest í heilum byggðarlögum, atvinnubrest sem risti mun dýpra en það atvinnuleysi sem nú ógnar almenningi hér á suðvesturhorninu.

Nú loksins stendur til að leiðrétta þetta óréttlæti og stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar er algjörlega skýr í því efni. Ríkisstjórnin hefur vilja til þess að gera nauðsynlegar og löngu tímabærar breytingar á þessu kvótakerfi. Nú er lag og nú er nauðsyn því að að óbreyttu eigum við það á hættu að fiskveiðiauðlindir þjóðarinnar verði einfaldlega teknar upp í erlendar skuldir og hverfi þar með úr höndum okkar Íslendinga.

Svo vel hefur útgerðinni tekist til, eða hitt þó heldur, við að höndla þá miklu gjöf sem henni var færð á kostnað byggðarlaganna fyrir um aldarfjórðungi síðan. Og nú er gamli grátkórinn, sem svo var kallaður hér á árum áður, aftur tekinn að hljóma í háveru harmakveini. Nú hrópa menn um yfirvofandi hrun, tala eins og hér eigi að umbylta kerfinu á einni nóttu.

Frú forseti. Málflutningur þeirra sem harðast hafa talað að undanförnu gegn hinni svokölluðu fyrningarleið er í raun ekki í fullu samræmi við tilefnið heldur meira í ætt við sérhagsmunagæslu undir yfirskini stjórnmála. Og eins og fram kom í máli hæstv. sjávarútvegsráðherra, Jóns Bjarnasonar, er það yfirlýstur ásetningur stjórnvalda að hafa samráð við útgerðina um fyrirhugaðar breytingar á þessu kerfi. Það er ætlun stjórnvalda að gefa hagsmunaaðilum kost á að vera hluti af þeirri sátt sem þarf að ná við sjálfa þjóðina en ekki bara útgerðina um þetta mál.

[14:30]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er staðreynd að íslenska fiskveiðistjórnarkerfið hefur leitt til einhvers arðbærasta reksturs sem um getur í sjávarútvegi. Á sama tíma og íslenskur sjávarútvegur skilar miklum verðmætum í formi atvinnusköpunar, útflutnings og skatttekna þurfa aðrar þjóðir eins og t.d. Evrópusambandsþjóðirnar að veita milljarða króna í styrkveitingar til útgerðarfyrirtækja árlega.

Ágreiningur um íslenska fiskveiðistjórnarkerfið á sér ekki rætur í úthlutun á veiðirétti á sínum tíma eins og hv. þingmaður sem var á undan mér í ræðustól talaði um. Segja má að sú úthlutun hafi í raun aldrei átt sér stað. Það sem gerðist var að veiðiréttur smábátasjómanna og útvegsmanna var minnkaður frá því sem áður var og takmarkaður við ákveðið hlutfall úr hverjum stofni. Þeir sem hagsmuna höfðu að gæta á þeim tíma litu á skerðinguna sem ranglæti og voru allir sammála um að það sem eftir stóð af veiðiheimildum þeirra væri réttlæti.

Deilurnar hafa snúist um heimild til framsals sem sett var í lög árið 1990 þegar í ríkisstjórn sátu m.a. hæstv. ráðherrar Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Þegar ráðherrarnir knúðu samflokksmenn sína, þá í Alþýðubandalaginu og Alþýðuflokknum sálugu, til að samþykkja frumvarpið um fiskveiðistjórnina og frjálsa framsalið nefndu þau hvorugt hugtakið ranglæti sem þeim verður nú tíðrætt um. Einhver útfærsla á framsali var reyndar nauðsynleg til að ná fram aukinni hagræðingu í greininni. Það sem deilunum veldur er mikill söluhagnaður þeirra sem kusu að selja sig út á sínum tíma og öll hefðum við viljað sjá aðrar leiðir farnar í því en farnar voru en við breytum því ekki í dag, virðulegi forseti.

Það er eðlilega takmarkaður almennur skilningur á kvótakerfinu enda um nokkuð flókið fyrirbæri að ræða sem á sér orðið meira en 25 ára sögu. Almenningur skynjar óréttlæti tengt kerfinu og það óréttlæti birtist fyrst og fremst í gagnrýni á afleiðingar þess framsals sem vinstri flokkarnir komu hér upp árið 1990. Vinna þarf að því að sætta skoðanir í þessu mikilvæga máli. Það verður að gerast af einhverri skynsemi en sú leið sem núverandi stjórnarflokkar hafa boðað getur vart talist það. Hún virkar helst sem ódýrt lýðskrum.

Fjöldi sveitarfélaga hefur ályktað gegn hugmyndum ríkisstjórnarinnar. Skoðun þeirra er að hin boðaða fyrningarleið stjórnvalda og hugmyndir um upptöku strandveiða á kostnað úthlutunar byggðakvóta séu reiðarslag fyrir útgerð-

ar- og fiskvinnslufyrirtæki um allt land og þar af leiðandi fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild.

Virðulegi forseti. Hvers eiga þeir t.d. að gjalda sem hafa eflt atvinnulífið með löndun til vinnslu í heimabyggð á undanförnum árum? Margir þessara aðila hafa treyst á úthlutun byggðakvóta til eflingar atvinnustarfsemi sinni, atvinnustarfsemi sem er grundvölluð á því að fá og útvega hráefni allt árið. Þetta fyrirkomulag sem þróað hefur verið á undanförnum árum var sett í uppnám þegar hæstv. þáverandi sjávarútvegsráðherra fékk þá flugu í höfuðið að boða til strandveiða. Hann boðaði breytingar á leikreglum í miðjum leik.

Hið sama á við um fyrirhugaðar hvalveiðar okkar. Ekki verður annað lesið úr skilaboðum hæstv. ríkisstjórnar en að unnið verði að því að hætta þeim aftur. Það er uppnám í sjávarútvegi með tilheyrandi afleiðingum. Vandræðaástand er að skapast í sjávarþorpum um allt land, alvarlegt vandræðaástand. Fyrirtæki sem byggja afkomu sína á viðskiptum við sjávarútveginn benda á minnkandi umsvif vegna mikillar óvissu. Hæstv. ráðherrar Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon hafa boðað réttlæti í sjávarútvegi, eins og þau kjósa að kalla þær aðgerðir sem þau hafa boðað gagnvart smábátasjómönnum og útgerðarmönnum um land allt. Í flestum tilfellum er um að ræða einstaklinga og fyrirtæki sem eingöngu hafa gerst sek um að spila eftir þeim leikreglum sem þessir sömu ráðherrar áttu stærstan þátt í að móta. Sú leið sem þau boða, fyrningarleiðin, er ófær og hún verður aldrei farin. Spurning er bara hversu miklum skaða þessar hugmyndir og sú óvissa sem ríkisstjórnin býður upp á verða búnar að valda áður en yfir lýkur.

[14:35]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur um tveggja ára skeið unnið að ítarlegri endurskoðun á sjávarútvegsstefnu flokksins og afraksturinn leit dagsins ljós um mánaðamótin mars/apríl sl. Þetta er afrakstur starfshóps sem hefur unnið og haldið fjölda funda, kallað til sín sérfræðinga og aflað ótrúlega viðamikilla gagna.

Við höfum lengi kallað eftir heildarendurskoðun á sjávarútvegsstefnunni. Í þessari stefnumörkun VG sem ég er ákaflega stoltur af er fjallað heildstætt um sjávarútvegsmál. Það er fjallað um Ísland og svæðasamvinnu, sjálfbæra nýtingu og vistvænar veiðar, eflingu hafrannsókna, samvinnu við sjómenn, vistkerfisstjórnun og lagaumhverfi, hagrænar rannsóknir og fiskvernd, aðgerðir gegn brottkasti, orkusparnað í sjávarútvegi og siðræn viðhorf. Það er líka fjallað um menntun sjómanna og fiskverkafólks, sem því miður er í dag í skötulíki í íslensku þjóðfélagi. Þar erum við að fjalla líka um stjórn fiskveiða, réttláta skiptingu, jafnræði og þjóðareign, innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda, neyðarrétt gagnvart framsali ef sjávarbyggðir fara í þrot vegna eins pennastriks.

Við höfum aðrar leiðir líka til skoðunar í þessum efnum. Við erum að tala um atvinnuréttindi sjómanna og byggða og úthlutun aflaheimilda á hendi ríkisins. Það er vitað að nokkur fyrirtæki kunna að fara í þrot á næstu dögum, mánuðum eða missirum og verður að tryggja að þær aflaheimildir sem þá ganga til baka til ríkisins eða til viðkomandi þrotabúa fari ekki út úr byggðarlögunum. Það er alvarlegt mál sem menn verða að huga að.

Við tölum líka um sóknarfæri í íslenskum sjávarútvegi og þau eru ótrúlega mörg. Ég hygg að enginn annar stjórnmálaflokkur hafi lagt fram jafnfaglega og -metnaðarfulla sjávarútvegsstefnu og Vinstri hreyfingin – grænt framboð og ég hvet að gefnu tilefni þingmenn og útvegsmenn til að kynna sér þessa stefnu til hlítar.

Ég vil, frú forseti, minna á að hér er eingöngu til umræðu einn þáttur í markmiðum heildarendurskoðunar sem byggir að miklu leyti á þessari stefnumörkun Vinstri grænna. Það er svonefnd innköllun samkvæmt 6. lið markmiðanna. Þessi innköllun má aldrei og getur aldrei farið í bága við önnur markmið heildarendurskoðunarinnar, þ.e. stuðla að vernd fiskstofna. Hún má ekki fara í andstöðu við að stuðla að hagkvæmri nýtingu. Hún verður að treysta byggð í landinu en ekki öfugt og hún verður að efla byggð í landinu. Rauði kjarninn í stefnumótun okkar vinstri grænna er sátt, að leitað sé sátta, að við komum upp úr skotgröfunum sem við höfum verið í um áratugaskeið í þessu máli.

Ég ætla að segja að lokum, frú forseti, að vandamál sjávarútvegsins í dag liggja ekki í hugsanlegri áætlun um innköllun eftir samráð sem verður farið í að undangenginni hagrænni og þjóðfélagslegri skoðun á málinu, heldur líka vandamál sjávarútvegsins í ofurskuldsetningu aflaheimilda. Það vita allir sem vilja vita að það er mesta vandamálið. Í öðru lagi ótakmarkað framsal, það verður að setja einhverjar takmarkanir þar svo aflaheimildir í stórum og öflugum sjávarbyggðum fari ekki í burtu með einni undirskrift. Við getum ekki þolað það lengur.

Í þriðja lagi stafar sjávarútveginum að mínu mati ógn af hugsanlegri aðild að ESB, það er sannfæring mín. Þetta verðum við allt að skoða. Þetta verður sjávarútvegurinn að skoða og setjast við borð með öðrum, með stjórnmálamönnum, og finna leiðir til sátta því að það er enginn vafi um það að sjávarútvegurinn er okkar öflugasta atvinnugrein og á hana munum við reiða okkur mjög sterklega við endurreisn þjóðfélags okkar.

[14:39]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Það er sífellt áhugaverðara að hlusta á ríkisstjórnarflokkana skýra stefnu ríkisstjórnarinnar og áætlanir um það hvernig þau stefna í ýmsum málum og tala bæði út og suður.

Ég ætla aðeins að fara yfir stefnu Framsóknarflokksins í mjög stuttu máli. Í fyrsta lagi, og við höfum lagt á það ríka áherslu, er mjög mikilvægt að koma ákvæði um eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni í stjórnarskrá. Síðan höfum við einnig lagt mikla áherslu á að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækjanna, tryggja rekstrargrundvöll greinarinnar nú á erfiðum tímum og einnig til framtíðar. Það þýðir í raun og veru að láta atvinnugreinina í friði.

Í þriðja lagi vil ég þó nefna það að öll mannanna verk eru umdeilanleg. Frá því að þau lög sem við erum að fjalla um, um stjórn fiskveiða, voru sett árið 1990 hefur þeim verið breytt meira en 40 sinnum, á þessum tæplega 20 árum. Því þarf að gefa sér tíma og setjast að nýju yfir lögin, atvinnuumhverfið og finna í raunverulegu samráði við alla þá

aðila lausn sem meiri þjóðarsátt gæti hugsanlega ríkt um. Þessari vinnu þarf að gefa meiri tíma.

Eigum við kannski að rifja upp lögin, hvað í þeim stendur og til hvers þau voru sett? Í 1. gr. laganna þar sem gjarnan kemur fram markmið laga segir, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Tvær málsgreinar, sú fyrsta og sú þriðja, styðja það ákvæði um eignarrétt þjóðarinnar sem á að fara í stjórnarskrána og styður þar með stefnu okkar framsóknarmanna. Annar málsliður fjallar um það markmið að vernda, stuðla að hagkvæmni, hagkvæmri nýtingu og treysta atvinnu og byggð í landinu. Veltum fyrir okkur og reynum að rifja upp við hvaða aðstæður þessi lög voru sett og af hverju. Jú, frú forseti, þá var búin að vera ofveiði með mikilli offjárfestingu um land allt, stefna sem setti auðlindina í uppnám, stefndi atvinnu fólks í voða og byggðum sömuleiðis. Kvótakerfið hefur einmitt náð tilgangi sínum, náð utan um vernd fiskistofna þrátt fyrir að við vildum gjarnan hafa náð betri árangri. Það hefur jafnvel gengið svo langt að alþjóðlegir aðilar hafa talið það til fyrirmyndar og nú berast þær raddir að ströndum landsins að jafnvel Evrópusambandið hafi hug á því að taka þetta kerfi upp, a.m.k. skoða það.

Hinn hlutinn, um að gera atvinnugreinina hagkvæma, skila arðsemi svo hægt sé að byggja upp fleiri störf, er smátt og smátt að koma fram. Ef ekki hefði verið fyrir ranga peningastefnu og ranga stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar hefði sá árangur komið mun fyrr í ljós. Í 20 ár hefur atvinnugreinin verið að hagræða, fækka skipum, efla þekkingu og auka tækjakost. Núna þarf atvinnugreinin og bæði vill og getur dafnað við hagfelldara gengisstig. Aðstæðurnar í þjóðfélaginu gera greininni kleift að verða aftur sú atvinnugrein sem við sem þjóð þurfum einna mest á að halda.

Nú bregður svo við að hæstv. ríkisstjórn er með áætlanir, nema hvað, um að rugga þessum bát, koma með óábyrgar tillögur um fyrningarleið sem enginn veit hvernig á að leysa. Afleiðingin er þekkt og hefur komið vel fram í ræðum í dag. Það er óöryggi allra þeirra sem starfa í greininni, ekki einungis þeirra útgerða sem fara með nýtingarréttinn, heldur alls fólks (Forseti hringir.) sem býr og starfar í sjávarbyggðum um land allt. Hvaða réttlæti er fólgið í því?

[14:43]

Róbert Marshall (Sf):

Frú forseti. Fulltrúi Framsóknarflokksins, hv. þm. Sigurður Ingi Jóhannsson, kynnti hér stefnu Framsóknarflokksins um að gera áætlun um að móta stefnu í sjávarútvegsmálum sem er nákvæmlega það sem Framsóknarflokkurinn hefur gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að gera. Fulltrúi Framsóknarflokksins sagði nýverið á fundi á Ísafirði að stofna ætti nefnd til að endurskoða hvort breyta þyrfti kerfinu. Formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarni Benediktsson, sagði í ræðu sinni á mánudagskvöld að krafan um uppbyggilega umræðu væri gagnkvæm. Orðrétt sagði í ræðu hv. þingmanns, með leyfi forseta:

„Það þýðir að ráðherrar og stjórnarliðar allir verða að hætta að stimpla alla þá sem hafa uppi gagnrýni á fyrningarleiðina sem varðhunda sægreifanna í landinu.“

Það er athyglisvert að formaður Sjálfstæðisflokksins skuli nota þetta hugtak sem mér er ekki kunnugt um að hafi verið í umræðunni um allnokkurn tíma. Sægreifar er niðrandi uppnefni á stétt manna sem hefur í sjálfu sér ekki gert neitt annað en að stunda atvinnustarfsemi sína í takt við þau lög og þær reglur sem gilda. Orðið endurspeglar engu að síður ákveðið sjónarmið almennings í landinu, og greinilega formanns Sjálfstæðisflokksins, til laganna um stjórn fiskveiða. Það endurspeglar þá útbreiddu skoðun að handhafar ókeypis framseljanlegra veiðiheimilda séu forréttindastétt.

Til eru útgerðarmenn sem verðskulda ekki þennan stimpil og til eru þeir sem hafa fjárfest í bönkum, tryggingafélögum, bílaumboðum og þyrlum og súpa nú seyðið af því. Þeir hrópa hæst að nú ætli Reykjavík að færa kvótann frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. En hvar hafa þeir sjálfir fjárfest? Til eru þeir útgerðarmenn sem hafa kosið að lifa bara af tekjum sínum af því að veiða fisk og verðskulda ekki stimpilinn sægreifi sem formaður Sjálfstæðisflokksins rifjar nú upp í opinberri umræðu.

Það er rétt að krafan um uppbyggilega umræðu er gagnkvæm. Þeir sem vilja innkalla kvótann og endurúthluta honum eru ekki að taka eignir af neinum, þjóðin á kvótann. Það var kallað þjóðnýting þegar kommúnistar tóku fyrirtæki af eigendum sínum og færðu undir stjórn Sovétríkjanna. Nú kallar formaður Sjálfstæðisflokksins það þjóðnýtingu þegar þjóðin vill endurúthluta því sem hún hefur alltaf átt, afnotarétturinn er ekki eignarréttur, en formaður Sjálfstæðisflokksins lítur á þetta sem eignir útgerðarmanna. Sjálfstæðismenn spyrja: Skapar þessi fyrirhugaða kerfisbreyting meiri verðmæti úr sjó, leiðir hún til betri nýtingar framleiðsluþáttanna, verður umgengni um stofnana betri og kerfið réttlátara? Þeir svara þessum spurningum neitandi. Hefur núverandi kerfi leitt til betri nýtingar? Hefur það skapað meiri verðmæti, betri umgengni og er kerfið réttlátara? Nei.

Fyrningarleiðin er árás á landsbyggðina, segja þeir, en núverandi kvótakerfi hefur skilið ótal byggðir eftir án veiðiheimilda, leitt af sér fólksflótta á höfuðborgarsvæðið, gert eignir þúsunda verðlausar. (**Gripið fram í:** Rangt.)

Kvótakerfið er besta eða hagkvæmasta leiðin til að nýta auðlindina, segja talsmenn óbreytts ástands. Samt er útgerðin svo skuldug að hún þolir ekki fyrningu. Þetta er rökleysa.

Útgerðin fer á hausinn á sjö árum ef fyrnt verður um 5%, segja talsmennirnir, en gat þolað 30% samdrátt á þarsíðasta ári. Það er rökleysa.

Kvótakerfið er besta leiðin til að vernda fiskstofnana og tryggja uppbyggingu þeirra. Það stenst ekki skoðun.

Óvissan um framtíðina veldur lömun í greininni, en hvað um óvissuna sem fiskvinnslufólk, netagerðarmenn og sjómenn hafa búið við þegar þau spyrja sig: Fara útgerðarmenn með kvótann úr bænum?

Krafa fólksins er krafa um réttlæti. Við fólkið sem gerðum við netin, unnum fiskinn og sóttum sjóinn horfum til hæstv. sjávarútvegsráðherra með von í hjarta um réttlæti.

Við fólkið sem eigum kvótann viljum endurúthluta honum, hann er eign þjóðarinnar. Við minnum hæstv. sjávarútvegsráðherra á að sýna útgerðinni samráð, (Forseti hringir.) ekki auðsveipni; virðingu, ekki undirgefni; sjálfstæði en ekki þrælsótta.

[14:48]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það má kannski segja að þessi umræða hafi ekki leitt mjög margt nýtt fram nema þó það að nú liggur fyrir að það er bara einn stjórnmálaflokkur á Alþingi sem er áhugasamur um fyrningarleiðina. Það er gamla góða Samfylkingin sem er föst við þetta heygarðshorn sitt og kemst ekki út úr því, búin að tala sig inn í vitleysuna, kemst ekki út úr henni og heldur áfram að tala með þeim hætti sem hún gerði hér í þessari umræðu. Hún hefur algjörlega einangrað sig í sjávarútvegsumræðunni sem er mjög athyglisvert.

Umræðan hefur þó í sjálfu sér leitt það fram að aðrir stjórnmálaflokkar annaðhvort gjalda mjög varhuga við fyrningarleiðinni eða eru um hana gjörsamlega áhugalausir. Samfylkingin er með öðrum orðum einangruð í umræðunni og hefur ekki lagt á borð með sér neitt annað en gömlu frasana sem hafa alltaf fylgt umræðunni.

Ég kallaði eftir svörum við tilteknum spurningum, svo sem þeirri hvort ekki lægi fyrir ítarleg athugun á afleiðingum fyrningarleiðarinnar fyrir einstakar sjávarbyggðir, fyrir sjávarútveginn, fyrir einyrkjana o.s.frv. Þessu var svarað með þögninni. Hið eina sem var sagt var að það yrði gert, það yrði farið í einhvers konar athugun á þessu áður en málunum yrði hrundið í framkvæmd. Það liggur þá fyrir að þessi þáttur stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar er algjörlega faglega óundirbúinn.

Það er mikill ábyrgðarhluti þegar máli af þessu tagi er kastað inn í umræðuna í gegnum stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem veldur síðan óvissu og er farið að valda beinum skaða í sjávarútveginum og tengdum atvinnugreinum. Það fer ekki á milli mála að þetta er þegar farið að hafa alvarlegar afleiðingar og það sjáum við og heyrum víða um landið.

Hér hefur áður verið talað um það að þeir sem hafa varað við fyrningarleiðinni væru talsmenn sérhagsmuna. Þessu vísa ég á bug. Eða eru það sérhagsmunir þegar sveitarfélögin álykta vítt og breitt um landið gegn fyrningarleiðinni? Eru þessi sveitarfélög að verja sérhagsmuni? Eru þau ekki að verja almannahagsmuni? Eða hvað á t.d. að segja um vel rökstudda ályktun sem kemur frá Fjarðabyggð? Í henni segir, með leyfi forseta:

„Sátt verður ekki náð með umbyltingu eins og þeirri sem boðuð er með fyrningarleið. Áform stjórnvalda um fyrningarleið valda óvissu um starfsgrundvöll sjávarútvegsins til framtíðar og leggst bæjarráð Fjarðabyggðar því eindregið gegn þeim.“

Eru hér einhverjir sérhagsmunaaðilar að tala? Eru hér ekki fulltrúar fólksins að tala, fulltrúar sem hafa farið ofan í þessi mál og skoðað þau út frá sjónarhóli sveitarfélags sem byggir mjög mikið á sjávarútvegi og komast að þessari niðurstöðu? (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Vonbrigðin við þessa umræðu eru þau að hæstv. sjávarútvegsráðherra svaraði ekki þeim spurningum sem ég beindi til hans. Ég get út af fyrir sig gefið honum háa einkunn fyrir upplestur úr stjórnarsáttmálanum, fyrstu ágætiseinkunn bæði fyrir lestur og framsögn. (Gripið fram í.) Það var út af fyrir sig þó ekki það sem ég var að fiska eftir, lestrarkunnátta hæstv. ráðherra. Ég vissi að hún væri góð. Ég óskaði hins vegar eftir því að hæstv. ráðherra svaraði grundvallarspurningum sem skiptir okkur miklu máli að við fáum svör við. Ég óskaði svara við því hvaða áhrif þetta hefur, hvort þetta hafi verið eðlilega undirbúið og svo við grundvallarspurningunni um það sem hvorugur þeirra sem talaði fyrir fyrningarleiðinni svaraði hér, virðulegi forseti. Spurningin var: Hver eru áhrifin fyrir sjávarútveginn? Er líklegt að við munum verða með öflugri sjávarútveg eða veikari?

Þegar hótað er innköllun og fyrningu aflaheimilda, eins og hæstv. ríkisstjórn hefur gert, hefur það þegar neikvæð áhrif, það hefur haft það og mun hafa frekari neikvæð áhrif. Þegar á annan bóginn er vegið að tekjugrundvelli fyrirtækjanna og á hinn bóginn blasir við að fyrirtækin verða að standa undir föstum og breytilegum kostnaði sem ekki breytist hefur það auðvitað þau áhrif að fyrirtækin veikjast.

Það er alveg ljóst, eins og ég færði rök fyrir áðan, að sjávarútvegurinn þarf við þessar aðstæður fyrst og fremst á vissu að halda og að geta skipulagt sig fram í tímann. Sjávarútvegurinn er ekkert síður en margar aðrar atvinnugreinar atvinnugrein sem kallar á langtímahugsun vegna mikillar fjárfestingar og vegna þess að menn eru að berjast um á erfiðum markaði erlendis.

Ég verð líka að vekja athygli á því að hv. þingmenn sem töluðu fyrir fyrningarleiðinni töluðu mikið um byggðirnar í þessum efnum. Eru þeir þá að tala um að það eigi að dreifa þessum fyrndu aflaheimildum með einhverjum þeim pólitíska hætti sem í raun og veru var gefið til kynna? Það er ekkert slíkt sem maður fær út úr málflutningnum en ýmislegt er gefið til kynna til þess að tala upp í eyrun á fólki. Það er alveg ljóst af þessari umræðu að hugmyndir ríkisstjórnarinnar eru algjörlega óútfærðar. (Forseti hringir.) Það liggur engin samstaða fyrir um það hvernig staðið verður að þessu og Samfylkingin er algjörlega einangruð í þessu máli.

[14:53]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er ljóst að þingmenn vilja fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum sem best á framfæri. Ég legg áherslu á mikilvægi þess að menn átti sig á því að það verður að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið. Það er engin sátt um það kerfi eins og það er í dag. Þeir þingmenn sem vilja halda gjörsamlega öllu óbreyttu (Gripið fram í.) eru veruleikafirrtir. (Gripið fram í.) Þess vegna tel ég að við eigum frekar að sameinast um að fara út í þá vinnu sem ríkisstjórnin hefur boðað að verði unnin og unnið í nánu samráði við alla hagsmunaaðila. Það verður ekkert gert fyrr en gögnum hefur verið safnað, ekki fyrr en upplýsingar hafa komið inn.

Það væri fróðlegt að vita hvað fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson gerði við þá áætlun að

kanna áhrif kvótans og kvótatilfærslnanna á byggðir í landinu. Hann gæti kannað hvað Flateyringar segðu. Hann gæti líka kannað hvað þeir segja í Breiðdalsvík. Ég er með ályktun frá Páli Baldurssyni, sveitarstjóra í Breiðdalshreppi, þar sem hann segir að kerfið sé löngu hrunið og hvetur stjórnvöld til að hvika hvergi frá áformum sínum um að endurskoða kvótakerfið. Þetta er alvörumál um allt land. Menn skulu ekki vera að tala eins og svo sé ekki.

Það sem ég vil segja hér er að ég mun ótrauður standa áfram fyrir því að fiskveiðistjórnarkerfið verði endurskoðað í því skyni að skapa sátt meðal þjóðarinnar. Ég mun kalla til samráðs flesta eða alla hagsmunaaðila í samfélaginu, þar með talið sjómenn, útgerð, fiskvinnslu, verkafólk og sveitarfélög, til að fara yfir þetta mál og að gögnum verði safnað til að hægt verði að taka síðan vel rökstudda ákvörðun. Það verður að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið. Við skulum hafa kjark til að takast á við umræðuna, virða önnur sjónarmið og standa saman að því að leita sameiginlegrar lausnar. Hreint út sagt finnst mér enginn geta vikist undan því að koma inn í þessa umræðu og leita þar góðrar lausnar.

Ég segi fyrir mig, og ég tala þar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að vitaskuld verður ekki farið í neinar einstakar aðgerðir sem menn munu reikna út að muni rústa sjávarútveginn, detti einhverjum það í hug. Nei, markmiðin eru skýr. Við ætlum að treysta stöðu sjávarútvegsins. Við ætlum að treysta uppbyggingu fiskstofnanna í hafinu. Við ætlum líka að treysta byggðir landsins, efla atvinnu um allt land og standa vörð um hana. Þessi sjónarmið öll höfum við að leiðarljósi og ég kalla eftir því að við komum hér öll saman af einlægni og leitum farsællar lausnar sem þjóðin getur orðið líka sátt við. (**TÞH:** Þetta er lýðskrum, ekkert annað.)

Hlutafélög og einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 14. mál (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn). — Þskj. 14.

[14:57]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög sem fjalla um eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn. Það er þskj. 14, 14. mál. Mun ég nú lýsa nánar einstökum efnisatriðum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Snerta tillögurnar eignarhald, kynjahlutföll í stjórnum og meðal starfsfólks og framkvæmdastjóra og loks starfandi stjórnarformenn. Frumvarpið er endurflutt miðað við stöðu þess eftir 2. umr. á 136. löggjafarþingi, samanber breytingartillögur á þskj. 844.

Tilgangurinn með eignarhaldsákvæðunum er að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum með aukinni skyldu á stjórnir varðandi upplýsingar um hluthafa, hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt, svo og samstæðutengsl sem félag er í. Með hugtakinu samstæðutengsl er átt við tengsl milli hlutafélags og annars hlutafélags eða einkahlutafélags sem nægja til að fyrrnefnda félagið teljist móðurfélag og hið síðara dótturfélag, samanber 2. gr. laganna um hlutafélög. Þykir rétt að styrkja þessi ákvæði í lögum um hlutafélög með því að leggja berum orðum þá skyldu á stjórnina að sjá til þess að hlutaskráin geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa, hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt. Upplýsingar um hluthafa í hlutafélögum, hlutafjáreign hvers þeirra og atkvæðisrétt nægja þó ekki einar sér til að tryggja gagnsæi með viðunandi hætti. Þess vegna er lagt til í frumvarpinu að auk þessara upplýsinga skuli geta allra þeirra samstæðutengsla sem félagið er í.

Skyldur stjórnarinnar snúa ekki einungis að upplýsingum í hlutaskrá heldur einnig að stuttri samantekt vegna aðalfunda. Geta hluthafarnir á grundvelli þessa öðlast meiri rétt til upplýsinga frá stjórn. Jafnframt er ákvæðunum ætlað að auðvelda aðgang stjórnvalda að viðkomandi upplýsingum. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðuneytið leggi einnig til breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, varðandi meiri upplýsingar um eignarhald en þar er að finna nú, einkum hvað snertir stærri einkahlutafélög en einnig hlutafélög.

Hvað kynjahlutföll snertir er lagt til að í ákvæðum laganna um hlutafélög og einkahlutafélög varðandi stjórnir verði tekið fram að gætt skuli að kynjahlutföllum. Þá er lagt til að í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins. Þá er lagt til að í ákvæðum laganna um framkvæmdastjóra verði tekið fram að sömuleiðis skuli gætt að kynjahlutföllum við ráðningu þeirra og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra. Er lögð ríkari upplýsingaskylda á félögin um kynjahlutföll í stjórnum og meðal framkvæmdastjóra, svo og starfsmanna og stjórnenda félagsins, en gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, gera ráð fyrir. Markmiðið er að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum í félögunum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum.

Um kynjahlutföll vil ég bæta við að í 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög komu árið 2006 inn ákvæði þess efnis að við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Með núverandi ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir að einnig skuli gæta að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga en opinberra hlutafélaga, sem eru mjög fá, svo og í einkahlutafélögum. Sviðið er því víðtækara og nánari ákvæði sett svo sem ég hef rakið. Með upplýsingum um skipan stjórna má segja að upplýsingagjöf um kynjahlutföll sé þegar lögbundin með vissum hætti en nýjungin sem felst í frumvarpinu er sú að framvegis verði félögum skylt að upplýsa um kynjahlutföllin sérstaklega, þ.e. tölulega. Auk þess er gert ráð fyrir að í hlutafélögum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

Gert er ráð fyrir nýjum ákvæðum um starfandi stjórnarformenn í hlutafélögum á grundvelli álits nefndar um

stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis frá september 2004. Lagt er til að stjórnarformanni hlutafélags sé ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns. Þó er lagt til að stjórn félagsins gæti falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina.

Þess skal getið að á þessum tíma var sá sem hér stendur dósent formaður viðskiptalífsnefndar, en aðrir í nefndinni sem stóðu að tillögugerð um starfandi stjórnarformenn voru Guðrún Helga Brynleifsdóttir, héraðsdómslögmaður og rekstrarhagfræðingur, Illugi Gunnarsson, nú hv. þingmaður, þá aðstoðarmaður forsætisráðherra, Orri Hauksson framkvæmdastjóri, Páll Magnússon, þá aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi. Þórdís Sigurðardóttir, þá framkvæmdastjóri stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík, skilaði sératkvæði og taldi ekki rétt að festa slíkt ákvæði í lög. Ég tel þó rétt að taka nú upp ákvæði um starfandi stjórnarformenn. Þau rök eru ekki talin fullnægjandi að slík ákvæði yrðu til þess að sífelld gagnrýni væri uppi um að stjórnarformenn ákveðinna félaga störfuðu á gráu svæði eða brytu lög og að slíkt gæti spillt fyrir félögunum. Það getur allt eins spillt fyrir félögum að störf starfandi stjórnarformanna líkjast oft í reynd mjög störfum framkvæmdastjóra en sem kunnugt er er bann er í lögum um hlutafélög við því að framkvæmdastjóra megi kjósa sem stjórnarformann.

Stjórnarformenn félaga gegna mikilvægu hlutverki innan stjórna, enda sjá þeir m.a. um að boða til stjórnarfunda og stýra þeim, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Í 1. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög er lagt bann við því að framkvæmdastjóri félags verði kosinn stjórnarformaður í því eins og áður sagði. Nokkuð er hins vegar um það hérlendis að stjórnarformenn séu jafnframt meðal æðstu stjórnenda hjá viðkomandi félagi og sinni daglegum störfum fyrir það. Í slíkum tilvikum eru þeir ekki titlaðir sem framkvæmdastjórar, heldur hefur sú venja myndast að tala um þá sem starfandi stjórnarformenn. Störf starfandi stjórnarformanna líkjast oft í reynd mjög störfum framkvæmdastjóra og hlýtur fyrirkomulagið því að orka nokkuð tvímælis í ljósi fyrrnefnds ákvæðis um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra sem stjórnarformann.

Í þeim félögum sem hafa starfandi stjórnarformann er oft nokkuð skýr verkaskipting milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, t.d. þannig að sá síðarnefndi sér um málefni sem lúta að daglegum rekstri en stjórnarformaðurinn sinnir öðrum verkefnum, t.d. stefnumótun, meiri háttar samningum o.s.frv. Álitamál getur verið hvort slík verk falli undir eðlilegt verksvið stjórnarformanns, enda hefur félagsstjórnin sem heild nokkurt hlutverk við stefnumótun og þarf að gefa framkvæmdastjóra heimild til ráðstafana sem teljast óvenjulegar eða mikils háttar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að ná fram sambærilegri verkaskiptingu án starfandi stjórnarformanns með því t.d. að hafa tvo eða fleiri framkvæmdastjóra og skipta með þeim verkum. Með slíku fyrirkomulagi ætti félagsstjórn að vera í eðlilegri stöðu til að hafa eftirlit með framkvæmdastjórn.

Það er almennt ekki talið æskilegt að stjórnarformenn séu í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags, enda er eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti félagsstjórnar með félaginu. Það er því hætta á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er jafnframt starfsmaður félagsins þar sem hann er þá í raun að stjórna eftirliti með sjálfum sér. Miðar ákvæðið að því að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum.

Nefna má að svipað ákvæði hefur verið að finna í 51. gr. danskra hlutafélagalaga en þar á ákvæðið aðeins við um stjórnarformenn í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. markaðsskráðum félögum. Þá er tillagan í samræmi við það viðhorf sem er ríkjandi víða um lönd, að ekki sé talið æskilegt að æðstu stjórnendur félaga séu jafnframt stjórnarformenn þeirra.

Með fyrirhugaðri breytingu samkvæmt 6. gr. frumvarpsins á 91. gr. laga um hlutafélög er miðað að því að styrkja rétt hluthafa til að kynna sér málefni félagsins með því að skylda stjórn til að veita upplýsingar um hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra, en í 91. gr. er nú þegar vikið að upplýsingaskyldu um samband félagsins við önnur félög innan sömu samstæðu.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir aðlögunartíma þannig að ákvæðin um starfandi stjórnarformenn gætu komið til framkvæmda án erfiðleika fyrir hlutafélög sem þegar hafa haldið aðalfund eða gera það skömmu eftir gildistöku laganna.

Að mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins verður ekki séð að frumvarpið muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til viðskiptanefndar.

[15:07]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra mælir fyrir frumvarpi sem ber í sér breytingar til batnaðar, en ég vil þó gera veigamikla athugasemd við eitt ákvæði þess. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gætt skuli að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga. Þessa breytingu tel ég lítilfjörlega og eingöngu gerða til málamynda. Ef litið er til lagaákvæðis um refsingar í lögunum kemur m.a. fram að ef stofnendur og stjórnendur vanrækja skyldur sínar samkvæmt lögunum geti hlutafélagaskrá boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi.

Frú forseti. Mér leikur forvitni á að heyra sjónarmið hæstv. viðskiptaráðherra um það hvernig hann telji að hægt verði að beita refsingum við broti á þessu nýja ákvæði. Hvaða mælistiku mun hlutafélagaskrá notast við (Forseti hringir.) til að meta hvort gætt hafi verið að kynjahlutföllum í stjórn viðkomandi hlutafélags? Því miður tel ég ekki hægt að beita refsingum (Forseti hringir.) vegna þessa nýja ákvæðis og því verður að telja það marklaust.

[15:09]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni athugasemdina. Því er til að svara að vissulega er álitamál hversu langt á að ganga í þessu máli. Til að mynda mætti hugsa sér að ganga lengra og setja beinlínis í lög ákvæði um kynjakvóta, en hér

er það ekki gert. Það má líta svo á að hér sé tekið eitt skref í einu og þá megi skoða síðar hvort það dugi. Ef það dugar ekki mætti skoða ákvæði um kynjakvóta.

Varðandi eftirfylgni eða refsingu við broti á lögunum er vissulega rétt að ef lögin eru svona orðuð er væntanlega erfitt að koma við refsingu á brotum á þeim annarri en þeirri skömm sem hlýtur að fylgja því að brjóta vísvitandi lög sem getur varla verið til fyrirmyndar fyrir hlutafélög.

[15:10]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra greinargott svar. Ég tel að við þurfum ekki enn eina klausuna þar sem lýst er yfir vilja til að stuðla að jafnrétti einhvern tímann í framtíðinni.

Ég legg til að viðskiptanefnd athugi þetta atriði gaumgæfilega og breyti því þannig að tryggt skuli að a.m.k. 40% stjórnarmanna hlutafélaga séu konur. Þessi skoðun mín grundvallast á tvennu. Í fyrsta lagi væri ákvæðið í samræmi við markmið gildandi jafnréttislaga og í öðru lagi kynni það að leiða til betri rekstrar fyrirtækja á Íslandi. Rannsóknir benda til að konur séu ekki jafnáhættusæknar og karlar og hugi ekki síður að langtímahagsmunum en skammtímahagsmunum, öfugt við karla.

Einnig hafa erlendar rannsóknir á hlutafélögum sem eru skráð á markað sýnt að félög sem stjórnað er af konum eru að jafnaði með betri arðsemi. Niðurstaða mín er sú að atvinnulífið bráðvanti konur til forustu en reynslan kennir okkur að ríkisvaldið gæti þurft að vera ákveðnara í reglusetningu gagnvart atvinnulífinu til að forða okkur frá enn frekara tjóni.

[15:11]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þingmanns um ágæti þess að rödd kvenna nái að heyrast í stjórnum fyrirtækja sem og annars staðar í viðskiptalífinu. Ég hef ekkert á móti því að hv. viðskiptanefnd taki þetta til skoðunar en vil þá benda á að í ljósi þess hvernig kosningarreglur eru í hlutafélögum, þ.e. margfeldis- eða hlutfallskosning en ekki meirihlutakosning, þyrfti væntanlega að huga að því hvernig svona kynjakvóta yrði framfylgt, eða þá breyta þessum kosningarreglum sem er vitaskuld mjög róttæk aðgerð.

[15:12]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. viðskiptaráðherra varðandi það sem hann nefnir sérstaklega í framsögu sinni um að ekki sé um auknar álögur fyrir ríkið að ræða með þessu frumvarpi hvort eitthvað hafi verið kannað hvort þetta muni leiða til aukinna álaga á fyrirtæki. Eins og við heyrum sífellt í fréttunum er staða fyrirtækja á Íslandi frekar erfið þannig að maður mundi telja að það væri ástæða fyrir ríkisvaldið að íhuga hvort það leggur auknar álögur á fyrirtækin eða ekki.

Þegar þetta frumvarp var lagt fyrst fram kom fram spurning um hvort hæstv. viðskiptaráðherra hefði kynnt sér hvort gætt væri að kynjahlutföllum hjá opinberum hlutafélögum, eins og t.d. í stjórnum bankanna. Það kom einmitt fram í ræðu hæstv. ráðherra að hann hafði þá ekki kynnt sér það þannig að spurning er hvort hann sé búinn að kynna sér hvort lögum væri fylgt um kynjahlutföll opinberra hlutafélaga, eins og nú er ætlast til að verði gert með hlutafélög og einkahlutafélög.

[15:13]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var vissulega skoðað á sínum tíma hvort þessi ákvæði væru mjög íþyngjandi fyrir fyrirtæki og þá sérstaklega hvort það væri kostnaðarsamt að standa í þeirri skýrslugjöf sem farið er fram á. Niðurstaðan var ótvírætt að svo væri ekki. Það er t.d. óverulegur kostnaður sem fylgir því að upplýsa um kynjahlutföll í stjórnum eða meðal æðstu starfsmanna og ég held að önnur ákvæði frumvarpsins kalli heldur ekki á neinn kostnað sem heitið getur fyrir fyrirtæki.

Varðandi opinber hlutafélög gilda lög um þau. Síðan eru því miður einnig hlutafélög sem ekki hafa titilinn opinber hlutafélög en hafa komist í hendur ríkisins vegna þeirra hremminga sem fjármálakerfið hefur gengið í gegnum og ég hef ekki tiltækar tölulegar upplýsingar um kynjaskiptingu í stjórnum þeirra fyrirtækja.

[15:14]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hefði líka mikinn áhuga á að heyra frá hæstv. ráðherra um forgangsröðun ráðuneytisins í sambandi við þau mál sem koma á dagskrá. Það má segja að það sé ýmislegt gott í því máli sem lagt er hérna fram, en spurningin er hvort þetta sé endilega það sem við teljum brýnast í núverandi ástandi, sérstaklega ef þessi mál taka tíma frá hæstv. ráðherra þannig að hann geti ekki sinnt málum sem ég mundi telja mun mikilvægari, eins og að ljúka uppskiptingu bankanna sem kom nýlega fram í fréttum að enn á ný er verið að fresta, og hvort ráðherra telji þetta skipta mestu máli hjá okkur núna, að tryggja að örugglega hugsanlega einhvern tímann verði rétt kynjahlutföll í stjórnum félaga.

[15:15]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það má auðvitað deila endalaust um forgangsröð en ég skammast mín ekkert fyrir það að leggja fram eitt af mörgum frumvörpum sem eiga að stuðla að heilbrigðara viðskiptaumhverfi hér í framtíðinni. Ég tel reyndar, eins og kom fram hjá hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur áðan, að það sé einn liður í því að búa til eðlilegt viðskiptaumhverfi að leyfa rödd kvenna að njóta sín í stjórnun fyrirtækja eins og annars staðar. Ég skammast mín ekkert fyrir þessa forgangsröð og ég fullvissa þingmanninn um það að þetta mun ekki tefja uppskiptingu bankanna um eina mínútu.

[15:16]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra um 1. gr. Af hverju er í raun ekki kveðið þarna fastar að orði en „stjórnin skal gæta þess“? Af hverju kemur ekki jafnframt fram að stjórnin eigi að bera ábyrgð á að þessar

upplýsingar séu réttar þar sem jafnframt er í greinargerðinni vísað til refsilaga ef þessi skylda er brotin?

Í öðru lagi langaði mig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra um samstæðutengsl, hvort þau muni líka eiga við einstaka hluthafa sem sitja í stjórn og samstæðutengsl þeirra við önnur fyrirtæki, og hvort í kjölfar þessa frumvarps fylgi hugsanlega frumvarp sem banni samstæðutengsl með einum eða öðrum hætti eins og við urðum svo berlega vör við í hruninu hér á haustdögum.

Í þriðja lagi langaði mig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann telji að Alþingi sé þess umkomið að setja lög sem kalli á kynjakvóta þegar Alþingi er ekki til þess bært að sjá til þess að í nefndum og ráðum þingsins (Forseti hringir.) sitji jafn hluti kvenna og karla.

[15:17]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel sjálfur að orðalagið „stjórnin skal gæta þess“ sé nokkuð afdráttarlaust en ef þingmaðurinn eða aðrir þingmenn telja að hér þurfi að kveða fastar að orði er mér það alveg að meinalausu að fram komi aðrar tillögur og þær verði skoðaðar. Sjálfur tel ég að þetta sé nokkuð afdráttarlaust.

Varðandi samstæðutengsl þá er ekki fjallað beinlínis í frumvarpinu um það sem kalla mætti samstæðutengsl vegna þess að einstakir hluthafar tengist öðrum fyrirtækjum. En ég tel að það sé alveg rétt hjá þingmanninum að slík tengsl voru ein af þeim meinsemdum sem urðu þess valdandi að íslenskt viðskiptalíf stóð jafntæpt og raun bar vitni síðastliðið haust og má vel skoða það að reyna að koma einhverjum böndum á slíkt. Það mætti t.d. gera með breytingum á skattalögum sem heyra ekki undir mitt ráðuneyti.

Um kynjakvóta verð ég því miður að upplýsa að ég hef ekki átt neinn hlut að máli í kosningum í nefndir þingsins frekar en öðrum kosningum þannig að ég get ekki svarað fyrir hvernig til tókst þar.

[15:19]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra svörin. Ég leyfi mér að beina því til hv. viðskiptanefndar að hún taki til skoðunar þetta orðalag í 1. gr. „stjórnin skal gæta þess“ vegna þess að í 3. gr. stendur einnig „gætt skal að kynjahlutföllum“, en ég tel ekki að þetta orðalag þýði eða feli í sér ábyrgð á einu eða neinu. Ég æski þess að hv. viðskiptanefnd taki til greina að skoða orðalag.

Hvað varðar kynjahlutföllin spurði ég hæstv. ráðherra að því hvort hann teldi að Alþingi væri til þess bært að setja lög fyrir samfélagið þegar það getur ekki sjálft framfylgt því innan þings hvernig kosið er í nefndir og ráð. Ekki hvort hann hefði komið að vali heldur hvort hann teldi að löggjafinn væri til þess bær að setja öðrum skilyrði sem hann getur ekki uppfyllt sjálfur.

[15:20]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um að Alþingi er bært til þess að setja lög en ég get tekið undir þá pillu, sem augljóslega felst í orðum þingmannsins, um að ekki hafi vel tekist til við kynjaskiptingu í hinar ýmsu nefndir þingsins.

[15:20]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sem varaformaður viðskiptanefndar vil ég þakka fyrir þá góðu umræðu sem hér hefur farið fram. Ég held að frumvarpið sé hið besta mál. Hér er verið að leggja til ríkari upplýsingaskyldu til hluthafa, lögð er áhersla á jafnréttissjónarmið og fleira gott. Nefndin mun að sjálfsögðu taka hugmyndir sem hér hafa komið fram til vandlegrar skoðunar.

Hvað varðar kynjaskiptingu í nefndir, án þess að ég ætli að svara efnislega fyrir það, held ég að í átta af tólf fastanefndum þingsins skipi konur meiri hluta, sem er vel. Engu að síður tel ég að við ættum ætíð að gæta þess að hafa jöfn kynjahlutföll í öllum nefndum.

[15:21]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn). Hér hefur verið ágætlega athyglisverð umræða í andsvörum einkum hvað varðar jafnréttishliðina en ég verð að segja í ljósi orða hv. þm. Magnúsar Orra Schram að mér þykir ekkert sérstaklega mikið jafnrétti fólgið í því að í átta nefndum Alþingis séu konur í meiri hluta. Ef við horfum til jafnréttis hlýtur sjónarmiðið að vera jafnt hlutfall kynja í nefndum en ekki að ójafnrétti sé komið á hina hliðina. Ég leyfi mér að halda því fram að ef hv. forsætisnefnd þingsins hefði verið skipuð sjö karlmönnum hefði heyrst hljóð úr horni en ég hef ekki heyrt neinar athugasemdir gerðar við það að hv. forsætisnefnd sé skipuð sjö konum. Ég leyfi mér að vekja athygli á þessu hér vegna þess að jafnréttishugtakið snýst einmitt um jafnan rétt en ekki aukinn rétt á hvorn veginn sem er. Þetta var nú útúrdúr.

Það frumvarp sem hér er lagt fram er endurflutt frá fyrra þingi en það stöðvaðist eftir 2. umr. og náði ekki fram að ganga þá. Talsverð vinna hafði farið fram í nefndinni og fyrir lágu bæði meirihluta- og minnihlutaálit um málið. Ég átti sjálf ekki sæti í hv. viðskiptanefnd þá og kem því ný að málinu núna og mun að sjálfsögðu taka þátt í þeirri vinnu sem fram fer í nefndinni en ég vildi aðeins koma og greina stuttlega frá fyrstu viðbrögðum mínum við frumvarpinu.

Ég tel almennt séð að þetta frumvarp sé frekar meinlaust og að flestu leyti til bóta þannig að það ætti að geta náðst um það góð samstaða í nefndinni. Þó verð ég að taka undir í upphafi með hv. þm. Eygló Harðardóttur að ég hefði frekar viljað sjá hæstv. viðskiptaráðherra leggja fram í þinginu mál sem hefðu eitthvað með endurreisn íslensks samfélags að gera. Þó svo að bættir starfshættir í hlutafélögum séu ágætir til síns brúks hefði ég viljað sjá frumvarp í þinginu um endurreisn Íslands, hag heimilanna og fyrirtækjanna í landinu sem þolir ekki neina bið. Ég hvet hæstv. viðskiptaráðherra til að setja á sig skautana og koma fram með þau mál sem varða þjóðarhag. Með fullri virðingu fyrir þessu ágæta máli held ég að það hefði að ósekju getað beðið haustsins.

Þetta mál snýr að þremur atriðum. Í fyrsta lagi að breytingum sem lúta að því að auka gagnsæi í starfsemi hlutafélaga. Í öðru lagi að upplýsingaskyldu um kynjahlutföll eins

og hér hefur verið rætt, bæði varðandi stjórn og starfslið fyrirtækja. Og í þriðja lagi að stöðu hinna svokölluðu starfandi stjórnarformanna.

Í starfi nefndarinnar á síðasta þingi kom fram einhugur má segja, það var frekar áherslumunur en efnislegur ágreiningur, um það sem ég nefndi hér fyrst, breytingar er lúta að því að auka gagnsæi. Það var ekki mikill efnislegur ágreiningur um það, það voru kannski áhöld um hversu langt ætti að ganga. En til að gera langa sögu stutta held ég að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu eðlilegar og til þess fallnar að bæta starfsumhverfi og má segja að þetta ákvæði hefði hugsanlega átt að vera fyrir hendi og hefði kannski getað komið í veg fyrir eitthvað af því sem við upplifðum í haust. Ég tel því að þetta sé til bóta.

Varðandi kynjahlutföllin vil ég segja að ég er sammála því meginmarkmiði að við eigum að hafa hlut karla og kvenna í stjórnum hlutafélaga sem jafnastan hvort sem það eru einkahlutafélög eða önnur félög. Ég tel og tek undir með hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur að það sé góður bragur á því og það hefur komið í ljós í rannsóknum að fyrirtæki sem stjórnað er af konum virðast standa sig betur en fyrirtæki þar sem kraftar kvenna fá ekki notið sín. Hins vegar er ég alltaf smeyk við það að beita þvingunaraðgerðum í þessar áttir með þessi markmið í huga og ég er algjörlega ósammála hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur sem lagði til að við skoðuðum í nefndinni að koma á einhvers konar kynjakvóta í þessum efnum. Ég tel að það sé ekki rétta leiðina að þessu vegna þess að það sem íslensk fyrirtæki þurfa ekki á að halda akkúrat um þessar mundir er aukin skriffinnska og aukið skrifræði. Þau þurfa að fá sveigjanleika og svigrúm til að geta starfað og ég tel nóg gert með jafnréttislögunum sem sett voru fyrir tæpum tveimur árum þar sem Jafnréttisstofa fékk auknar heimildir til að fara inn í fyrirtæki og gera athugasemdir og hvetja fyrirtæki til að sinna þessu. Ég tel ekki útséð með að sú lagasetning sé farin að skila árangri. Ég velti þess vegna fyrir mér hvort þessi lagaákvæði varðandi kynjahlutföllin séu í raun óþarfi þegar þau er skoðuð með hliðsjón af jafnréttislöggjöfinni sem hér var sett.

Ég sé að í greinargerð með frumvarpinu á bls. 3 er vísað til þeirrar lagasetningar og, með leyfi forseta, vil ég lesa hér aðeins upp úr því sem þar stendur undir fyrirsögninni Kynjahlutföll:

„Samkvæmt gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, skulu atvinnurekendur vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna í starfsemi sinni og á vinnumarkaði almennt. Fyrirtækjum og stofnunum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, er auk þess skylt að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, …“

Mér finnst þetta vera talsvert og mér finnst þetta alveg ágætt. Í framhaldinu segir að Jafnréttisstofa geti framfylgt þessari skyldu og hún hefur ýmsar heimildir og getur lagt á fyrirtæki og stofnanir dagsektir ef þau framfylgja ekki þessu ákvæði. Mér finnst ekki alveg fullreynt að þessi lagasetning sé farin að bera árangur þannig að ég vildi leyfa mér að draga úr slíku valdboði hér. Að minnsta kosti til að byrja með ætti þetta aðeins við um stærri fyrirtæki en ekki smærri fyrirtæki sem hafa kannski ekki aukastarfslið og starfslið í utanumhald til að þessar upplýsingar verði tiltækar nema pappírsvinna og skriffinnska verði aukin á litlu fyrirtækin sem mega kannski ekki við því og allra síst um þessar mundir. En þetta er eitthvað sem við skoðum í nefndinni.

Um þriðja þátt frumvarpsins, stöðu hinna svokölluðu starfandi stjórnarformanna og þá nálgun að láta þetta taka til starfandi stjórnarformanna í fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum, má segja að þar eigi við það sama og ég var að fara yfir varðandi kynjahlutföllin, að þetta eru kannski of strangar kröfur hvað varðar lítil fyrirtæki, t.d. fjölskyldufyrirtæki þar sem fólk skiptir með sér verkum. Ég tel að við ættum að skoða það í nefndinni hvort þetta ætti, a.m.k. í upphafi, einungis við um stærri fyrirtæki og að við setjum ekki á smærri fyrirtæki óþarfa kröfur sem þau eiga í erfiðleikum með að uppfylla einmitt um þessar mundir.

Þetta eru þær athugasemdir sem ég vildi nefna í fyrstu yfirferð. Við tökum svo málið til frekari vinnslu í hv. viðskiptanefnd þar sem ég treysti á að leitað verði umsagna og farið vel yfir málið eins og nefndarinnar er von og vísa.

[15:31]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur fyrir ræðu sína. Ég hefði mikinn áhuga á að spyrja út í það sem hún sagði hér um það að hún sé ekki fylgjandi því að sett séu ákvæði um ákveðið hlutfall kynja í stjórnum. Nú er það svo að þingið setur ýmis ákvæði í lög eins og það að verið er leggja til að banna að það séu starfandi stjórnarformenn í stjórn fyrirtækja. Það hefur líka verið farið út í svo drastískar aðgerðir t.d. að skylda fólk til að nota bílbelti af því að talið er að þar sé verið að koma á ákveðinni réttri hegðun. En það kemur fram í rannsóknum á Íslandi að þær aðgerðir sem hingað til hefur verið farið í til að jafna hlut kynjanna í atvinnulífinu hafa greinilega ekki dugað til. Það kemur einmitt fram í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Nýlegar niðurstöður rannsókna sýna að hlutfall kvenna í stjórnum og æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja á Íslandi er enn mun lægra en karla.“

Það virðist vera að ákvæðið sem er í lögum núna dugi alls ekki til. Ég mundi því gjarnan vilja fá að heyra frá hv. þingmanni hvernig hún sér fyrir sér að við getum rétt hlut kynjanna í atvinnulífinu ef við erum ekki tilbúin til að setja hreinlega lög um þetta. Við höfum ansi lengi reynt að biðja fólk um að taka þetta til greina og það hefur ekki dugað til.

[15:33]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi einmitt hitt naglann á höfuðið þegar hún segir að við séum alltaf að setja lög og reglur sem ná svo ekki fram að ganga. Það er vandinn í þessu. Það er eitthvað sem veldur því að ekki er farið eftir þessum lögum og reglum. Við setjum öll á okkur bílbeltin, ég held að það sé ekki endilega út af því að það eru lög og reglur heldur að við vitum að við erum öruggari þannig. Ég segi fyrir sjálfa mig að ég set frekar á mig belti til að koma í veg fyrir slys.

Ég mundi frekar í ljósi þess einmitt að þessar aðferðir

virðast ekki virka og að við vitum hvað gerst hefur t.d. í Noregi þar sem kynjakvóti hefur verið viðhafður en þaðan berast fregnir af því að ákvarðanirnar eru ekki teknar við stjórnarborðið lengur, þær eru teknar annars staðar. Ég held að það sé ekki til bóta og ekki í rekstri fyrirtækjanna. Það sem ég vil sjá, og þar deili ég markmiðinu, eru fleiri konur í stjórnum fyrirtækja, ekki misskilja mig, það er bara spurningin um aðferðina, hvernig eigum við að ná þeim að borðinu, hvernig eigum við að hleypa þeim að borðinu? Ég mundi miklu frekar vilja sjá einhvers konar hvatningarákvæði, að fyrirtæki séu hvött, að í staðinn fyrir að fyrirtæki séu skikkuð til að gera þetta verði þau hvött til þess með einhverjum hætti á jákvæðan hátt. Ég held, nákvæmlega eins og í barnauppeldinu, að þær aðferðir mundu ganga betur.

[15:35]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel að ýmislegt hafi verið gert til þess einmitt að hvetja fyrirtæki til að taka tillit til kynjanna varðandi skipan í stjórnunarstöður og almenn störf og svo núna þar sem við erum að ræða þessar stjórnunarstöður.

Ég verð að segja fyrir mína parta að ég hef verið þeirrar skoðunar að ef við erum ekki tilbúin til að fylgja þessu ákvæði eftir með einhvers konar viðurlögum ef fyrirtæki eru ekki tilbúin til að taka tillit til kynjanna þegar þau skipa í æðstu stjórnunarstöður, þá getum við alveg eins sleppt þessu, þá getum við alveg eins kippt þessari grein út úr lögunum því að það verða að vera einhver viðurlög. Í jafnréttislögunum, það er þegar til löggjöf þar sem eru ákveðin tilmæli um jafnréttisáætlun og annað. Ég sé ekki hver tilgangurinn er með því að bæta þessu inn í þessa löggjöf ef við erum ekki tilbúin til að fylgja því eftir öðruvísi en að hlutafélagaskráin geti hugsanlega skrifað eitthvert bréf eða minnt fólk á að það eigi að skila þessum upplýsingum inn og þetta sé kannski ekki alveg í lagi hjá því.

Ég mundi því gjarnan vilja heyra frá hv. þingmanni hvort hún taki ekki undir það að þetta sé eitthvað sem viðskiptanefnd þurfi að skoða, að hreinlega kippa þessu ákvæði út ef ekki er meiri hluti innan nefndarinnar fyrir því að setja strangari tilmæli í lögin.

[15:36]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Jú, ég væri alveg tilbúin að skoða það vegna þess að mér finnst ekkert vit í því að setja inn ákvæði sem virka ekki. Það var kannski það sem ég var að benda á áðan að við megum ekki setja ákvæði sem eru einungis til þess fallin að valda óþarfa skriffinnsku, auka pappírsvinnu og vesen þeirra sem stjórna fyrirtækjunum ef ekkert er svo gert með þau. (Gripið fram í.) Nei, ég er sammála því að þau ákvæði sem verið er að tala um að setja hérna og hnykkja á og setja viðurlög við — ég vil ekki setja viðurlög vegna þess að ég sé ekkert fengið með því. Við erum t.d. ekki búin að sjá hvort það dagsektarákvæði sem sett var inn í jafnréttislögin, að Jafnréttisstofa geti sektað fyrirtæki ef þau skila ekki jafnréttisáætlunum, hún getur sektað fyrirtæki fyrir hitt og þetta, ég hef ekki séð og ég er ekki sannfærð um — og var reyndar ekki sannfærð um það þegar þetta var sett — hvort þetta virkar. Áður en við förum að setja einhverjar frekari hömlur á þetta, áður en við förum að setja viðurlög og kynjakvóta og allt þetta vil ég einmitt fá sannfæringu fyrir því að þetta virki.

Ég skal standa með hv. þingmanni í því að kippa þessu bara út. Við getum í sameiningu í nefndinni fundið upp einhvers konar hvatningaraðferðir til að reyna að koma á þeim markmiðum sem við erum sammála um. Ég er ekki endilega sammála því að það þurfi að vera 50% hlutfall karla og kvenna alls staðar hvar sem er og hvenær sem er vegna þess að ég tel að það sé ekki endilega samfélaginu til bóta. Ég vil að rödd kvenna heyrist og ég vil heyra raddir karla. Þannig held ég að við byggjum upp gott og skynsamlegt samfélag en ekki með því að troða, hvort sem það eru karlar eða konur, óviljugum inn í stjórnir einhvers staðar þar sem þeirra er ekki óskað. Ég sé ekki að það muni bæta samfélagið.

[15:38]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að lengi vel notaði ég orðið hissa eða að ég furðaði mig á því hverjar málefnaáherslur ríkisstjórnarinnar væru, en ég verð að segja að ég er eiginlega komin yfir það og er farin að lýsa yfir verulegum vonbrigðum. Ég hef þegar gert athugasemdir við forseta við það hvaða mál hafa verið sett á dagskrá og ég ítreka að ég er mjög ósátt við að við stöndum á hv. Alþingi og ræðum þetta. Í staðinn fyrir að ræða um starfandi stjórnarformenn og kynjahlutföll í stjórnum og æðstu stjórnunarstöðum, þó að þetta séu mikilsverð mál, hefði ég miklu frekar viljað sjá umræðu um það hvort við ættum ekki að fara að vinna í því að afnema verðtrygginguna, hvort við ættum ekki að einfalda starfsumhverfi fyrirtækja frekar en að flækja það og hvort við gætum ekki skoðað það að setja hreint og klárt bann við gengistryggingu lána. Það virðist ekki hafa verið nógu skýrt í lögum um vexti og verðtryggingu hvort gengistryggð lán séu lögleg eða ekki. Fjöldi einstaklinga hyggur á málssókn til að fá það á hreint hvort það hafi verið leyfilegt að lána peninga í erlendri mynt. Hvað með að lækka dráttarvexti? Það er áhugavert mál og síðast en náttúrlega ekki síst leiðrétting skulda heimila og fyrirtækja. Ef fyrrverandi viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, og núverandi hv. þingflokksformaður Samfylkingarinnar, hefði ekki verið svo önnum kafinn að klappa fyrir útrásarvíkingunum hefði hann væntanlega haft tíma til að leggja fram þetta einfalda mál sem við erum að ræða hér og nú.

Ég nefndi áðan í andsvörum við ráðherra að ég hef mjög miklar áhyggjur af því að við fáum sífellt fréttir af því að alltaf sé verið að seinka dagsetningum á því hvenær ljúka eigi við að stofna bankana. Eins og kom fram í svörum hæstv. ráðherra gerir þetta það að verkum að staða nýju bankanna er mjög óljós, hvort þeir eru raunverulega í eigu ríkisins eða ekki og hvort þau lög sem eiga að gilda um opinber hlutafélög gilda um þá eða ekki. Þegar þetta mál var lagt fyrst fram á þinginu gerði ráðherrann sjálfur sér ekki fyllilega grein fyrir því hver staða bankanna væri gagnvart lagaumhverfinu.

Ríkisstjórnin sem situr núna, og sú sem var áður minnihlutastjórn, talaði um að hún ætlaði strax að láta verkin tala. Maður hefur vissulega heyrt alveg ægilega mikið blaður og mal, en bara um ekki neitt. Það sem ég hef mestar áhyggjur

af er það að ríkisstjórnin virðist algjörlega vera búin að loka sig af í einhvers konar fílabeinsturni og hún heyrir hreinlega ekki neyðaróp í íslenskum fjölskyldum og frá fyrirtækjunum. Þetta er það sem hæstv. viðskiptaráðherra kemur með inn á borð þingsins.

Í þessu frumvarpi erum við að fara að leggja til þrenns konar breytingar á lögum um hlutafélög, þar á meðal á einum lögum sem taka til einkahlutafélaga. Það er verið að skylda stjórnir hlutafélaga til að geyma á hverjum tíma réttar upplýsingar. Það er talað um kynjahlutföll í stjórnum og við ráðningu framkvæmdastjóra og það kemur inn ákvæði um starfandi stjórnarformenn, að formaður félagsstjórnar skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig. Við getum hlakkað til að við erum að fara að ræða önnur mjög mikilvæg mál að mati hæstv. viðskiptaráðherra, breytingu á lögum um samruna og skiptingu félaga og breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti. Ég hugsaði: Vúbbí, þarna er kannski eitthvað áhugavert fyrir okkur, við förum að taka á óréttmætum viðskiptaháttum. Þegar ég las hins vegar lagafrumvarpið kom í ljós að þetta er ákvæði um reglugerð, þetta er ein stutt setning sem tengist að vísu neytendavernd en það var ekki mikið kjöt á beinunum. Svo er að sjálfsögðu hið mjög mikilvæga lagafrumvarp um vörumerki.

Við höfum aðeins rætt, fyrri ræðumenn og hæstv. ráðherra, um kynjahlutföllin. Hérna er sagt í 2. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 63. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Einnig skal gætt að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.“

Einnig segir í 3. gr.:

„Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.“

Síðan bætast við sams konar málsgreinar um einkahlutafélög.

Eins og við flest þekkjum bera íslensk nöfn yfirleitt með sér hvers kyns viðkomandi er. Ítrekað hefur komið fram að hið lögbundna vald segir til um hvort nöfn séu í lagi eða ekki og að auki hafa oft komið athugasemdir frá því um að það telur að ákveðin nöfn séu í lagi ef það eru stúlkur sem eiga að bera þau en ekki ef það eru drengir. Hv. Alþingi ætlar ekki að treysta starfsmönnum hlutafélagaskrár til að greina þarna á milli. Eins og við öll þekkjum búum við við þá sérstöku hefð að við tökum upp föðurnafn okkar, eða móðurnafn, og bætum -dóttir eða -son fyrir aftan. Það tengist kyni einstaklingsins sem ber nafnið. Það ætti að vera almennt tiltölulega auðvelt fyrir hlutafélagaskrá að greina þessar upplýsingar. Það gæti verið hluti af nýrri atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar að fjölga störfum hjá hinu opinbera svo hlutafélagaskrá gæti sinnt þessu og tekið þá þennan kostnað á sig í staðinn fyrir að leggja hann á fyrirtækin eða aumingja endurskoðendaskrifstofurnar sem þurfa að bæta þessari klausu í ársreikningana hjá sér.

Það komu m.a. athugasemdir við þetta og það kom sérstaklega fram í nefndarálitinu hjá annaðhvort 1. eða 2. minni hluta. Sá minni hluti benti á að ýmsir sem sendu inn umsagnir töluðu um að gerð væri krafa um of víðfeðma upplýsingagjöf, og aukið skrifræði eins og ég benti á. Ég er þeirrar skoðunar að ef það á að vera einhver alvara hjá löggjafanum að tryggja hlutföll kynjanna í stjórnum og hjá starfsmönnum fyrirtækja þurfum við að vera tilbúin til að ganga lengra. Annars getum við bara sleppt því að setja þetta inn og auka kostnað og vesen hjá fyrirtækjunum. Annaðhvort gerum við þetta almennilega eða við sleppum því.

Það kom fram í nefndaráliti minni hluta viðskiptanefndar á síðasta löggjafarþingi, með leyfi forseta:

„Um það var rætt í nefndinni hvort ákvæði frumvarpsins þyrfti ekki að vera afdráttarlausara en svo að mæla fyrir um að gætt skuli að kynjahlutföllum. Töldu sumir gesta nefndarinnar að ganga ætti lengra, t.d. í þá veru að mæla fyrir um 40/60 kynjakvóta og var m.a. vísað til norskra laga um það efni en í þeim er tilgreindur lágmarksfjöldi af hvoru kyni í stjórnum hlutafélaga í hlutfalli við fjölda stjórnarmanna. Við setningu norsku laganna var félögum veittur rúmur tími til aðlögunar.“

Ég get upplýst það hér, og við framsóknarmenn, að við höfum búið við 40/60 kynjakvóta í töluverðan tíma. Ég kom m.a. að því að það var sett inn í lög Framsóknarflokksins að vera með 40/60 regluna. Ég veit að þetta var eitt af því sem hæstv. forseti hafði forgöngu um innan okkar flokks. Þegar við völdum fólk á lista fyrir alþingiskosningarnar síðast má segja að fyrst þá hafi þessu ákvæði verið beitt að einhverju ráði við val á lista. Eiginlega vildi svo óskemmtilega til að mati sumra að þessu var beitt á konur, konur urðu í efstu 5–6 sætunum í prófkjöri í Suðvesturkjördæmi hjá okkur og það voru nokkrar konur þar sem buðu sig fram sem höfðu barist hvað harðast fyrir því að setja inn þessa reglu. Þessu var beitt og fólk sætti sig við það. Þetta er það sem við viljum sjá, raunverulegt jafnrétti og þá þarf það að gilda í báðar áttir, hvort sem það eru konur eða karlar.

Ég hef líka talað um að þó að ekki sé um umtalsverða fjármuni að ræða eru samt lagðar auknar álögur á íslensk félög. Í því ástandi sem við erum núna í ætti ríkisstjórnin að marka þá stefnu að reyna að draga úr álögum á fyrirtæki. Fyrirtæki eiga í dag í miklum erfiðleikum og eru á fullu að borga ofurháa vexti og ofurháa dráttarvexti, a.m.k. af þeim lánum sem þau fá ef þau eru svo heppin að fá einhverja fjármögnun.

Ríkisstjórn Svía hefur sett sér þau markmið að draga úr kostnaði fyrirtækja um 25% á þessu kjörtímabili. Svíar hafa horft til þess hvernig hægt sé að einfalda hjá sér t.d. hlutafélagalögin og bókhaldslöggjöfina og mér skilst að þeir hafi jafnvel líka skoðað hvernig hægt væri að einfalda skattalöggjöfina. Þetta er náttúrlega allt kostnaður fyrir fyrirtækin.

Ég starfaði hjá tölvufyrirtæki sem seldi bókhaldsforrit fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Okkur þótti alltaf mjög

áhugavert að sjá hvaða löggjöf kom frá þinginu í lok hvers árs, hvort við gætum ekki örugglega sent nýja uppfærslu á fyrirtækin okkar og þá rukkað þau náttúrlega fyrir uppfærsluna. Þetta er nokkuð sem ég tel skipta mjög miklu máli, þegar verið er að koma með ný mál inn í þingið, hvort um sé að ræða aukið skrifræði eða auknar álögur að einhverju leyti á fyrirtækin. Ég hef líka verið mjög ósátt við þá umsögn sem fylgir frumvörpunum þar sem bara er tekið á því hvort um sé að ræða aukin útgjöld fyrir ríkissjóð en ekkert rætt um hvort um sé að ræða aukið álag fyrir þá sem þurfa að gegna þessum lögum. Ég veit að þetta er eitt af því sem sveitarfélög hafa verið mjög ósátt við, að endalaust komi ný lög frá þinginu sem auki kostnað. Það kemur fram í umsögninni að ekki er um aukin útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða en geta orðið mjög mikil útgjöld fyrir sveitarfélögin.

Ég hef engar athugasemdir við það að bætt verði inn þessu ákvæði um starfandi stjórnarformenn, ég get algjörlega tekið undir að af fenginni reynslu vitum við að það er óæskilegt að stjórnarformenn séu í reynd hluti af framkvæmdastjórn eða gegni jafnvel nánast framkvæmdastjórastarfi félaganna, enda á hlutverk þeirra að vera að stýra eftirliti með félaginu og tryggja að það uppfylli þau lagaskilyrði sem við setjum. Þetta ákvæði byggir á grein í dönsku lögunum um hlutafélög en það á aðeins við um félög sem eru skráð á markað. Félögum sem eru skráð á markað á Íslandi hefur fækkað ansi mikið á undanförnum mánuðum og missirum. Við umfjöllun málsins í nefndinni á fyrra löggjafarþingi var bent á að danska ákvæðið er umdeilt þannig að einnig þætti óljóst hvað teldist eðlilegur hluti starfa stjórnarformanns. Þá er það spurning um að reyna að skýra það aðeins betur í starfi nefndarinnar.

Þetta eru mínar helstu athugasemdir. Ég styð það gjarnan ef það er hægt að gera strangari kröfur um kynjakvóta, en ég hef fært rök fyrir því að ef við ætlum að leggja auknar álögur á (Forseti hringir.) félög þurfum við að gera það af einhverri alvöru og það þarf þá að vera einhver raunverulegur hugsun á bak við, að við teljum að við séum að bæta samfélagið (Forseti hringir.) en ekki að gera þetta bara „af því bara“.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 15. mál (einföldun reglna við samruna og skiptingu, EES-reglur). — Þskj. 15.

[15:54]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, máli nr. 15 á þskj. 15.

Með lagafrumvarpi þessu sem samið hefur verið í viðskiptaráðuneytinu og er endurflutt nú efnislega óbreytt er stefnt að því að einfalda reglur í lögum um hlutafélög og jafnframt í lögum um einkahlutafélög við samruna og skiptingu án þess þó að slíkt dragi úr vernd hluthafa og lánardrottna. Gert er ráð fyrir að sleppa megi skýrslugjöf utanaðkomandi aðila um samrunaáætlun ef allir hluthafar í samrunafélögunum samþykkja. Er talið að ákvæðin dragi helst úr kostnaði hjá litlum félögum, t.d. við samruna innan samstæðu. Má þá nefna tvö systurfélög sem einn og sami hluthafi á. Slíkur samruni getur alloft átt sér stað. Ákvæðin eiga rætur að rekja til áætlunar Evrópusambandsins um að draga úr stjórnsýslubyrðum. Tekið hefur verið tillit til breytinga við meðferð málsins á síðasta þingi, m.a. vegna umsagna.

Um er að ræða innleiðingu á ákvæðum varðandi hlutafélög í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB frá 13. nóvember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/855/EBE og 82/891/EBE að því er varðar kröfu um skýrslu óháðs sérfræðings í tengslum við samruna eða skiptingu hlutafélaga. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

Tilskipunin tekur til hlutafélaga en gert er ráð fyrir samsvarandi breytingum til einföldunar í lögum um einkahlutafélög, enda ákvæði um samruna og skiptingu svipuð í hvorum tveggja lögunum. Breytingarnar á almennum ákvæðum um samruna og skiptingu leiða síðan til þess að gera þarf samtímis smávægilegar breytingar á ákvæðum framangreindra laga um millilandasamruna og millilandaskiptingu þar sem reglur eru einfaldari fyrir.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Að öðru leyti vísa ég til athugasemda með frumvarpi þessu.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til viðskiptanefndar og verði afgreitt hið fyrsta.

Umræðu frestað.

[15:57]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingasjóður, 27. mál, fsp. BJJ, þskj. 27.

Flutningskostnaður á landsbyggðinni, 22. mál, fsp. BJJ, þskj. 22.

Niðurgreiðsla á rafmagni til húshitunar, 25. mál, fsp. BJJ, þskj. 25.

Niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar 2004–2009, 29. mál, fsp. BJJ, þskj. 29.

Nýsköpunarsjóður námsmanna, 23. mál, fsp. BJJ, þskj. 23.

Samráð við hagsmunaaðila um fyrningarleið, 26. mál, fsp. BJJ, þskj. 26.

Séreignarlífeyrissparnaður, 28. mál, fsp. BJJ, þskj. 28.

Sumarnám í háskólum landsins, 24. mál, fsp. BJJ, þskj. 24.

Viðbrögð við hættu á heimsfaraldri inflúensu A, 21. mál, fsp. RM, þskj. 21.

Út af dagskrá voru tekin 4.–8. mál.

Fundi slitið kl. 15:58.

5. FUNDUR

mánudaginn 25. maí,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Efnahagshorfur, munnleg skýrsla forsætisráðherra.
3. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 15. mál, þskj. 15. — Frh. 1. umr.
4. Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, stjfrv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.
5. Vörumerki, stjfrv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr.
6. Hlutafélög með gegnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.
7. Staða minni hluthafa, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Suðurk.
Svandís Svavarsdóttir umhvrh., 3. þm. Reykv. s.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:00]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Borist hefur bréf frá hv. 8. þm. Norðausturkjördæmis, Birni Vali Gíslasyni, þar sem hann tilkynnir forföll frá þingstörfum af persónulegum ástæðum. 1. varamaður flokksins í kjördæminu, Bjarkey Gunnarsdóttir kennari, tekur sæti hans á Alþingi í dag. Kjörbréf hennar hefur þegar verið samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[15:01]

Útbýting:

Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 37. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 37.

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 38. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 38.

Fjármálafyrirtæki, 33. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 33.

Fjármálafyrirtæki, 36. mál, frv. EyH o.fl., þskj. 36.

Gjaldþrotaskipti o.fl., 31. mál, frv. HHj o.fl., þskj. 31.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 30. mál, frv. HHj o.fl., þskj. 30.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Mats Josefsson og vinna fyrir ríkisstjórnina.

[15:02]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Það liggur fyrir og er margrætt í sölum Alþingis og víðar að til að koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað þarf tvennt. Annars vegar þarf vaxtalækkunarferlið að verða hraðara en raun ber vitni og stefna í ríkisfjármálum að vera skýr — vægast sagt er sú stefna óljós, hún er óviss og hún er algerlega órædd. Hins vegar skiptir endurreisn bankakerfisins miklu máli.

Í fréttum í dag, á forsíðu *Morgunblaðsins* , segir m.a. að sænski bankasérfræðingurinn, Mats Josefsson — sem var einn helsti sérfræðingur Svía við að koma þeim út úr bankakreppunni og starfsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til 13 ára — hafi hótað því að segja upp, hætta störfum. Ég vil gjarnan fá að vita það hjá hæstv. forsætisráðherra hvort það sé rétt. Ef það er rétt, af hverju heldur hann áfram? Setti hann einhver skilyrði fyrir veru sinni og um hvaða skilyrði er þá að ræða?

Það er vægast sagt afar óheppilegt að þetta skuli koma fram núna þegar við þurfum að tala skýrt. Nú er tími verkanna, hæstv. forsætisráðherra. Þess vegna þurfum við að fá svör við því hvaða skilyrði Mats Josefsson setti fyrir því að halda áfram.

[15:04]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þingmanni að áform voru uppi hjá Mats Josefsson að hætta störfum en slík áform eru ekki uppi á borðum lengur. Menn hafa talað saman og farið yfir stöðuna. Það er ljóst að meiningarmunur var um áherslur og vinnubrögð en ég hef fulla trú á að eftir að menn hafa farið yfir stöðuna og talað saman muni menn samræma sjónarmið. Mats Josefsson er áfram að störfum og mun vinna áfram með okkur að þeirri brýnu endurskipulagningu sem fram undan er.

Mats Josefsson taldi t.d. að vinna hefði átt hraðar í endurskipulagningu á bankakerfinu en margvíslegar ástæður eru fyrir því að ekki hefur tekist að vinna hraðar en raun ber vitni. Mat á bönkunum varð miklu flóknara en menn gerðu ráð fyrir og þar af leiðandi samningaviðræður við kröfuhafana einnig. Það er líka staðreynd að ágreiningur var í þinginu, t.d. um afgreiðslu á eignaumsýslufélagi sem Mats Josefsson lagði mikla áherslu á. Það var ekki afgreitt á síðasta þingi, m.a. vegna andstöðu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna.

Vonir standa til að úr þessu máli leysist og þetta eignaumsýslufélag verði m.a. afgreitt á þessu þingi. Við munum líka á næstu dögum afgreiða það sem Mats Josefsson hefur lagt áherslu á, þ.e. eigendastefnu vegna ríkisbankanna. Þetta eru allt liðir í því að ná því fram að endurskipulagning á bankanum geti legið fyrir í síðasta lagi í byrjun júlímánaðar. Sá ágreiningur sem uppi var milli aðila er vonandi leystur.

[15:06]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Svo að því sé haldið til haga þá kom það fram hjá Josefsson fyrir efnahags- og skattanefnd að frumvarpið eins og það leit út væri ekki eins og hann hefði kosið að leggja það fram. Það hefur líka komið fram, vegna hins hugsanlega brotthvarfs hans, að hann gaf engar málefnalegar ástæður fyrir því að hann ætlaði að hætta nema þá að

hlutirnir gengju of hægt fyrir sig og að stefnan varðandi endurreisn bankakerfisins væri mjög óljós. Ég spyr því enn og aftur í krafti þess að hér eigi að ríkja gegnsæi og menn eigi að veita upplýsingar: Setti Mats Josefsson ríkisstjórninni einhver skilyrði fyrir því að vera áfram? Setti Mats Josefsson einhver skilyrði? Sá ríkisstjórnin að sér til þess að halda í þennan sérfræðing hér á landi?

[15:07]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Mats Josefsson lagði áherslu á að allri vinnu við endurskipulagningu á bönkunum yrði hraðað. Honum fannst hún ganga of hægt og ég geti að mörgu leyti tekið undir það. En ég hef lýst ástæðunum fyrir því að vinnubrögðin gengu ekki hraðar en raun ber vitni. Það komu upp margvísleg vandamál sem menn vissu ekki um þegar þeir lögðu af stað í þennan leiðangur, vandamál sem við höfum smám saman verið að leysa úr. Viðræður við kröfuhafana sem nú eru í gangi, t.d. við endurskoðunarfyrirtækin, hafa tekið lengri tíma og verið flóknari en menn gerðu ráð fyrir.

Síðan er það eitt meginatriðið sem hann leggur áherslu á og við erum að vinna að, þ.e. að efnahagsmálin eru vistuð í þremur ráðuneytum a.m.k. Það er ekki skynsamlegt út frá efnahagslegu sjónarmiði. Við erum að vinna að því máli og á allra næstu dögum verður lagt fram frumvarp til laga um ýmsar breytingar á stjórnkerfinu, m.a. að komið verði á einu efnahagsráðuneyti. Það mun örugglega gera vinnubrögðin skilvirkari en verið hefur á undanförnum árum að því er efnahagsmálin varðar.

Icesave-reikningarnir.

[15:08]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Hæstv. forseti. Ég óska eftir að fá upplýsingar um skilmála og uppreiknaða stöðu láns sem Bretar veittu íslensku ríkisstjórninni vegna Icesave-lánsins. Hvaða skilmálar eru í lánasamningum Landsvirkjunar varðandi greiðslufall lána? Geta lánardrottnar gengið að félaginu ef til greiðslufalls kemur?

Mig langar líka að vita hvort það sé rétt að búið sé að semja um það að þjóðin beri Icesave-skuldirnar og að aðildarviðræður ESB og annar áfangi AGS-lánsins standi og falli með því hvort þjóðin axli ábyrgð á skuldum einkaaðila.

[15:09]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þingmaður kannski ekki alveg nægilega skýr að því er varðar það lán og þá skilmála sem hún er að tala um. Ef hv. þingmaður er að tala um það lán sem Bretar veittu — (Gripið fram í.) já, það voru 100 milljónir punda, það hefur verið endurgreitt þannig að það er þá ekki um það lán að ræða.

Mikill kraftur hefur verið settur í að fá niðurstöðu varðandi Icesave-reikningana og samninga um þau kjör. Til stóð að halda fund 21. maí en því miður gat ekki af honum orðið. Bretar báðu um frest á þeim fundi, höfðu lögmæt forföll, en sá fundur verður væntanlega 2.–4. júní. Við erum að vonast til að við fáum niðurstöðu að því er varðar það mikilvæga mál þá. Það skiptir verulegu máli fyrir okkur að lánakjörin verði okkur ekki ofviða.

Það er ánægjulegt að viðræður um lánasamninga á Norðurlöndunum, vegna lána þar, virðast vera í höfn. Niðurstaðan virðist vera ásættanleg og verður vonandi kynnt fljótlega.

[15:11]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég fékk ekki svar við því hvort rétt sé að það að þjóðin taki Icesave-skuldirnar á sig sé skilyrði fyrir því að við fáum annan áfanga lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og að við getum hafið aðildarviðræður við Evrópubandalagið. Ég bað einnig um að fá upplýsingar um hvaða skilmálar væru í lánasamningum Landsvirkjunar varðandi greiðslufall lána, þ.e. hvort lánadrottnar geti gengið að félaginu ef til greiðslufalls kemur. Það er mjög mikilvægt að fá að vita þetta.

[15:11]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get því miður ekki svarað síðustu spurningunni hjá hv. þingmanni. Ég skal afla mér upplýsinga og koma þeim til hv. þingmanns. Varðandi það að sett séu skilyrði í tengslum við áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að við höfum samið um Icesave og gengið að því sem þeir óska eftir, þá er það ekki rétt. Við göngum ekki að einhverju sem Icesave leggur fram. Um er að ræða samninga milli tveggja aðila og báðir þurfa að komast að ásættanlegri niðurstöðu. Það er ekki ásættanlegt fyrir íslenska ríkið að taka á sig lánakjör sem eru því ofviða. Um það erum við að semja, þ.e. að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir íslenska ríkið. Ég hef góðar vonir um að það geti tekist.

Það er ekki skilyrði fyrir áætluninni með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en áhersla er lögð á það að sú niðurstaða liggi fyrir og ég hef aldrei heyrt að það sé skilyrði varðandi aðild okkar að Evrópusambandinu.

Atvinnuúrræði fyrir háskólanema.

[15:13]

Skúli Helgason (Sf):

Virðulegi forseti. Eitt mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnvalda um þessar mundir er að koma í veg fyrir að það mikla atvinnuleysi sem geisað hefur í kjölfar bankahrunsins skjóti rótum til framtíðar. Ég dreg enga dul á að þar skiptir mestu að skapa almennar forsendur fyrir því að störf geti orðið til á hinum almenna vinnumarkaði. Þar skiptir mestu að lækka vexti, afnema gjaldeyrishöftin svo fljótt sem aðstæður leyfa, endurfjármagna bankana og sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Jafnframt þarf að huga að bráðaaðgerðum og þar hefur ríkisstjórnin þegar stigið mikilvæg skref með úrræðum sem samþykkt voru í byrjun mars og eiga að skapa allt að 6.000 ársverk á næstu mánuðum og missirum. Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um frekari aðgerðir í þessa veru og það verður að vera forgangsmál hjá ríkisstjórninni að grípa til

aðgerða til að hrinda þeim í framkvæmd.

Í aprílmánuði var hlutfall atvinnulausra 9,1% á landinu öllu og þar var fimmtungur ungt fólk á aldrinum 16–24 ára. Á næstu dögum og vikum munu námsmenn bætast í þann hóp, háskólastúdentar og framhaldsskólanemar. Ekki er óvarlegt að ætla að fólki á atvinnuleysisskrá fjölgi um allt að 15 þúsund ef ekkert verður að gert. Í síðustu viku samþykktu hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. menntamálaráðherra aukafjárveitingu til Nýsköpunarsjóðs námsmanna að fjárhæð 15 millj. kr. sem talið er að geti tryggt 60–90 nemendum, til viðbótar við það sem áður hefur verið samþykkt, sumarstörf við hagnýt rannsóknarverkefni í sumar. Áður hafa verið samþykktar fjárveitingar til að taka upp sumarnámskeið við háskólann. Hvort tveggja er mikilvægt og ber að þakka.

Eftir stendur að stór hluti framhaldsskólanema er án atvinnu í sumar og ég vil spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvaða aðgerðir séu áformaðar í ráðuneyti hennar til að mæta þessum vanda og hvenær megi ætla að þær komi til framkvæmda.

[15:15]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Skúla Helgasyni fyrirspurnina. Þessi mál eru ekki hér til umræðu í fyrsta sinn enda hafa verið tveir hópar starfandi í ráðuneyti mínu annars vegar um sumarstörf háskólanema og hins vegar um sumarstörf framhaldsskólanema allt frá því í marsmánuði.

Meginþunginn hjá okkur hefur verið kannski fyrst og fremst á að leita úrræða fyrir háskólanema til að létta ákveðinni pressu af vinnumarkaðnum og því var ráðist í þá umfangsmiklu aðgerð að styrkja háskólann til sumarnáms. Samkvæmt nýjustu upplýsingum mínum hafa á þriðja þúsund nema sótt um að stunda sumarnám í háskólum hér á landi. Það er vísbending um að nemendur nýti sér þetta og sæki þá um lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sér til framfærslu. Enn fremur var ráðist í, eins og þingmaðurinn kom inn á, aukaframlag til Nýsköpunarsjóðs og munar þar auðvitað um 15 millj. þar sem heildarfjárveiting sjóðsins hefur verið 40 millj. og hefur reyndar verið óbreytt í mörg ár þannig að þar munar talsvert um.

Hvað varðar framhaldsskólanema höfum við unnið með sveitarfélögunum að atvinnuframboði fyrir þá og sveitarfélögin hafa langflest lýst því yfir að þau muni ráða sama fjölda framhaldsskólanema í vinnu þ.e. ungmenni á þessum aldri, og verið hefur undanfarin ár. Svo virðist vera að vandinn verði mestur í Reykjavík þar sem ekki næst að veita öllum sem sækja um á þessum aldri störf. Við höfum unnið að því með framhaldsskólanemum að leita úrræða í framhaldsskólunum fyrir nemendur, þ.e. ekki beinlínis atvinnuúrræða, og það hefur verið í samráði menntamálaráðuneytis, framhaldsskólanema og Hugmyndaráðuneytisins að standa að sérstöku verkefni fyrir framhaldsskólanema. Síðan hefur verið ákveðin vinna í gangi hjá iðnaðarráðuneytinu um átaksverkefni fyrir nemendur á þessum aldri og ég get kannski komið að því í seinna svari mínu.

[15:17]

Skúli Helgason (Sf):

Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svarið. Mig langar að hnykkja á því með því að spyrja hvort þær hugmyndir sem Samband íslenskra framhaldsskólanema hefur reifað um t.d. sumarskóla þar sem atvinnulausir stúdentar eru fengnir til að kenna námskeið undir handleiðslu kennara og sömuleiðis hugmyndir sem þeir hafa lagt fram um svokölluð örnámskeið í ýmsum greinum, þar á meðal list- og verkgreinum, hafi verið kynntar fyrir ráðuneytinu og hvort slíkar hugmyndir komi til greina í sambandi við þau úrræði sem í bígerð eru í ráðuneytinu.

[15:18]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi í fyrra svari mínu höfum við verið að vinna með Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, og Hugmyndaráðuneytinu og ÍTR að úrræðum fyrir framhaldsskólanema innan framhaldsskólanna. Það verkefni hefur hlotið nafnið Frumkvæði og byggist eiginlega fyrst og fremst á hugmyndum framhaldsskólanemanna sjálfra og gengur að stórum hluta út á það að fulltrúar framhaldsskólanema lýstu strax í febrúar/mars yfir áhyggjum sínum á því að ekki yrði næg vinna fyrir alla og þeir vildu ekki að framhaldsskólanemar ættu ekki annarra kosta völ en mæla göturnar. Verkefnið miðast að því og þar er m.a. unnið með skólameisturum líka að því að hugsanlega verði hægt að meta þetta eitthvað til eininga og að standa fyrir einhverju starfi í skólunum.

Síðan er ljóst að ráðist verður í einhver verkefni sem tengjast kannski fyrst og fremst umhverfismálum. Þar munu vonandi einhverjir framhaldsskólanemar líka geta sótt um og þar þyrfti hæstv. iðnaðarráðherra líklega að vera til svara. Ég bind miklar vonir við að þetta frumkvæðisverkefni (Forseti hringir.) verði til þess að framhaldsskólanemar geti sótt í uppbyggilegt starf í sumar þótt ekki verði það endilega launað.

Lækkun stýrivaxta.

[15:19]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Eins og landsmenn vita er yfirstjórn Seðlabankans í höndum forsætisráðherra og samkvæmt lögum á peningastefnunefnd að ákveða stýrivexti. Ákvarðanir nefndarinnar skulu grundvallast af markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleikanum í landinu.

Hæstv. forsætisráðherra og aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni hafa talað um að stýrivextir geti lækkað mjög hratt og það gekk að meira segja svo langt að þegar samstarfsyfirlýsingin var undirrituð og kynnt var talað um að stýrivextir gætu verið komnir niður í 2–3% í árslok.

Nú eru engin sýnileg lækkun á stýrivöxtunum í augsýn. Íslendingar búa eins og allir vita við himinhátt vaxtastig og fyrirtækjunum og heimilunum blæðir út vegna þessa. Ríkisstjórnin lítur í hina áttina eins og venjulega, hún hefur, virðist vera, gert sitt til að leggja lóð á vogarskálarnar. Þrátt fyrir fögur fyrirheit virðist ríkisstjórnin ekki hafa þá stjórn á peningamálum sem æskilegt væri því að hið alþjóðlega vald sem fylgir veru Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi virðist ganga framar sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar.

Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Hver stjórnar peninga- og stýrivaxtastefnunni hér á landi? Er það hinn norski seðlabankastjóri, peningastefnunefnd eða Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn?

[15:21]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er peningastefnunefnd og Seðlabankinn sem ákveða stýrivexti.

[15:21]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Það er mjög athyglisvert að hæstv. forsætisráðherra segi þessa setningu hér úr ræðustól því svo virðist vera að ríkisstjórnin hafi ekki fullan ákvörðunarrétt á vaxtastigi Seðlabankans og þar af leiðandi peningamálum þjóðarinnar.

Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra aftur: Er það ekki rétt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé að setja einhverjar hömlur varðandi vaxtastigið og að það sé svo hátt t.d. af því að það tengist jafnvel veru erlendra fjárfesta hér á landi í gegnum jöklabréfin? Neitar hæstv. forsætisráðherra því alfarið að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi þar einhver áhrif?

[15:22]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er ríkisstjórnarinnar að skapa þær forsendur sem hér eiga að vera fyrir hendi til að hægt sé að lækka vexti og stýrivexti og auðvitað vinnur ríkisstjórnin hörðum höndum að því að gera það. Ákvörðun um stýrivexti er í höndum peningastefnunefndar og Seðlabankans, það er alveg skýrt samkvæmt lögum. Við erum með áætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem við vinnum eftir og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur skoðanir á þessu eins og mörgu öðru að því er varðar vexti og gengið í landinu o.s.frv. En það er peningastefnunefndin sem ákveður stýrivexti. Það er alveg klárt og kvitt.

Samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

[15:23]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra varðandi samskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og hvers vegna það hafi tafist jafnmikið og raun ber vitni að fá afgreiddan annan hluta af láni sjóðsins. Hér er ekki um að ræða einangrað mál sem snertir eingöngu þetta lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins heldur er hér um að ræða þátt í því efnahagssamstarfi sem við eigum við sjóðinn og mun auðvitað hafa heilmikil áhrif á ýmsa aðra þætti. Þetta er spurning um trúverðugleika okkar út á við. Þetta er spurning um þann þrýsting sem greinilega hefur skapast á íslensku krónuna og við höfum fylgst með síðustu dægrin. Þetta hlýtur líka að spila inn í það sem hér var verið að ræða um, ákvarðanir um stýrivexti sem verða teknar eftir hálfan mánuð eða svo.

Þessi mál hafa alloft verið tekið upp í ræðustóli Alþingis og það hefur verið að gefnu tilefni vegna þess að svörin sem hafa borist eru þess eðlis að þau kalla einfaldlega á að þessu máli sé fylgt eftir. Svör hæstv. ríkisstjórnar hafa verið mjög losaraleg og óljós. Fyrir rúmum tveimur mánuðum sagði t.d. hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon þegar hann ræddi um þessi mál, með leyfi forseta:

„Það eru tæknileg, og má segja að hluta til efnisleg atriði af þessu tagi sem ætlunin er að skoða betur og ganga endanlega frá orðalagi á á næstu dögum, viku eða 10 dögum, og þá verður skýrslan endanlega tilbúin …“

Það eru sem sagt rúmir tveir mánuðir síðan þetta voru tæknileg mál sem átti að ganga frá á allra næstu dögum. Hv. þm. Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar, var spurður um þessi mál líka í síðustu viku og þá vísaði hann enn til þessa hugtaks að „hin tæknilegu úrlausnarefni“ væru eitthvað að vefjast fyrir mönnum til að komast til botns í þessum efnum.

Í ljósi þessara yfirlýsinga vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra í fyrsta lagi: Hvaða atriði eru það nákvæmlega sem upp á vantar til að hægt sé að afgreiða þetta mál? Getur hæstv. forsætisráðherra útskýrt fyrir okkur, listað upp þessi atriði þannig að okkur sé ljóst (Forseti hringir.) hvað hér er um að ræða? Og í öðru lagi: Hefur verið gripið til allra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að koma til móts við það sem sjóðurinn telur að vanti hér upp á?

[15:25]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Benda má á ýmislegt sem hefur tafið það að hægt sé að ganga frá áætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, endurskoðaðri áætlun. Ég held að það sé alveg ljóst að kosningar og stjórnarskiptin hafa tafið það nokkuð að hægt sé að ganga frá þessari áætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og það er töf sem fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins viðurkenna.

Það er líka alveg ljóst að við þurfum að ná fram endurskipulagningu á bankanum eins og kostur er áður en gengið er frá þeirri áætlun og við vonum að það geti orðið í byrjun júlímánaðar. Stefnt er að fundi hjá stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir því sem ég best veit í byrjun júlímánaðar og þá vona ég að frá því sé gengið.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur líka áherslu á að búið verði eins og kostur er að ganga frá lánaskilmálum bæði vegna Icesave-reikninganna og eins vegna Norðurlandanna, Póllands og Rússlands og ég greindi frá því áðan á hvaða stigi það er. Ég er full bjartsýni á að það geti gengið eftir að áður en við göngum frá hinni endurskoðuðu áætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn geti þetta legið fyrir.

Lögð er áhersla á það af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að fyrir liggi áætlun um ríkisfjármál. Það er alveg ljóst að við þurfum að taka á í því efni vegna þess að við erum að tala þar um 170 milljarða kr. halla og sennilega nálægt 20 milljörðum sem brúa þarf á þessu ári, m.a. vegna minna tekjustreymis. Að því er nú unnið hörðum höndum.

Það liggur fyrir og kom fram í 100 daga áætlun sem ríkisstjórnin lagði fram að lögð er áhersla á að áætlun varðandi ríkisfjármálin sem er til langs tíma, næstu 3–4 árin, liggi fyrir í þessum mánuði. Hún mun liggja fyrir í þessum mánuði og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veit það. Við munum vonandi geta kynnt hér á næstu dögum áætlanir um það sem við þurfum að taka á í ríkisfjármálunum að því (Forseti

hringir.) er varðar þetta ár. Allt þetta tel ég að muni liggja fyrir þegar stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fjallar um okkar endurskoðuðu áætlun.

[15:27]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Þá liggur það fyrir hver þessi tæknilegu úrlausnarnefni voru. Það voru smáatriði eins og það að ganga til kosninga. Það voru minni háttar framkvæmdaratriði eins og það að mynda nýja ríkisstjórn. Það voru svona minni háttar mál eins og það að endurskipuleggja heilt bankakerfi. Það var atriði eins og það að ganga frá samningunum um Icesave og lánasamningum við önnur ríki, sem hæstv. fjármálaráðherra talaði um 16. mars að væru tæknileg úrlausnarefni. Nú liggur það fyrir að þetta það sem þar hefur búið að baki.

Því vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra af því að hæstv. ráðherra vísaði til þess að farið yrði yfir þessi mál í byrjun júlímánaðar, þ.e. eftir einn og hálfan mánuð eða þar um bil, af hálfu stjórnar sjóðsins þar sem það yrði væntanlega tékkað af hvort búið væri að kjósa og hvort búið væri að mynda ríkisstjórn og ganga frá samningunum við Icesave og það allt saman: Telur hæstv. forsætisráðherra að á þeim fundi verði gengið frá lánaafgreiðslunni á öðrum hluta lánsins? Og telur hæstv. forsætisráðherra, með skírskotun til þess sem hún sagði áðan, (Forseti hringir.) að fyrir þann fund verði búið að afgreiða með fullnægjandi hætti þau úrlausnarefni og ágreiningsefni sem eru greinilega uppi milli ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

[15:29]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Ég held, virðulegi forseti, að það hafi í raunverulega engin áhrif t.d. að því hvað varðar gjaldeyrisforðann hvort það lán sem við fáum þegar þessi endurskoðaða áætlun liggur fyrir er greitt út í apríl, maí, júní eða júlí. Sumir hafa talað um að það hafi áhrif á gengið. En það skiptir ekki máli í hverjum þessara mánaða lánið er greitt út þar sem núverandi gjaldeyrisforði landsins er nægjanlega öflugur til að standa við bakið á krónunni með gjaldeyrishöftunum svo lengi sem höftin eru til staðar. Og það er vafasamt t.d. að halda því fram að þetta hafi áhrif á gengið. Ég held að það breyti ekki miklu hefðum við fengið þetta fyrr. Við höfum ekki nýtt þá peninga sem við höfum hingað til fengið t.d. frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða Norðurlöndunum. Það er bara geymt á bók. Ef við hefðum fengið þetta lán fyrr hefðum við þurft að byrja að greiða vexti af því fyrr o.s.frv. (Gripið fram í.) Og skilyrðin sem ég nefndi áðan, það er stefnt að því að þetta liggi allt fyrir þannig að hægt sé (Forseti hringir.) að afgreiða annan hluta lánsins í júlímánuði.

Um fundarstjórn.

Fundir í viðskiptanefnd.

[15:31]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég var að hlusta á morgunútvarpið á Bylgjunni í morgun og þar kom fram, í orðum hv. þm. Magnúsar Orra Schrams, að við hefðum verið upp fyrir haus í viðskiptanefnd alla síðustu viku og það væri fullt að gerast. Ég varð eiginlega svolítið hvumsa. Ég sit í viðskiptanefnd og fundi sem boðaður hafði verið í síðustu viku var aflýst. Ég óska því eftir upplýsingum um hvort þetta séu nýju vinnubrögðin, þ.e. að ekki eigi að boða fulltrúa stjórnarandstöðunnar á fundi í viðskiptanefnd. Er það nýja samráðið og hið svokallaða gagnsæi sem stjórnarflokkarnir hafa verið að boða að ekki er einu sinni talað við stjórnarandstöðuna þegar verið er að funda í viðskiptanefnd?

Ég verð að segja að mér brá í brún að heyra frá varaformanni viðskiptanefndar að verið væri að funda í viðskiptanefnd og ræða málin, væntanlega mikilvæg mál, án þess að boða stjórnarandstöðuna á fund. Ég hefði t.d. talið nauðsynlegt að við hefðum fundað um það að starfsmenn (Forseti hringir.) banka fá ekki greidd laun vegna þess að ákveðin mistök urðu á vegum ríkisstjórnarinnar í apríl og þess vegna hefði einmitt verið ástæða til að funda í viðskiptanefnd (Forseti hringir.) í síðustu viku með fulltrúum stjórnarandstöðunnar.

[15:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram kemur hjá hv. þm. Eygló Harðardóttur. Ég er í viðskiptanefnd og það kom mér mjög á óvart að heyra hve mikið hefði verið fundað í síðustu viku.

Stjórnarandstaðan fór fram á það á fyrsta fundi viðskiptanefndar að strax yrði gengið í það að funda um þau mikilvægu mál sem eru í gangi. Hér hefur verið upplýst af forsætisráðherra að helsti sérfræðingurinn um endurskipulagningu bankanna vildi hætta. Honum fannst allt of hægt ganga í allri vinnu og algjört stjórnleysi vera þegar kemur að þessum málum. Stjórnarandstaðan fór fram á að strax yrði fundað í viðskiptanefnd. Hvað er gert? Eini fundurinn sem átti að halda er felldur niður og síðan kemur varaformaður nefndarinnar fram í fjölmiðlum og upplýsir okkur um að allt sé á fleygiferð og verið sé að vinna á fullu í nefndinni.

Annaðhvort er verið að vinna í nefndinni án stjórnarandstöðunnar eða varaformaður nefndarinnar segir ekki satt og rétt frá, (Forseti hringir.) ég held að það sé rétt að upplýsa það. En þetta fer að verða nokkuð sérstakt. Hjá ríkisstjórn sem átti að vera gagnsæisríkisstjórn er allt unnið bak við luktar dyr og þetta er enn eitt dæmið um það.

[15:34]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Það er athyglisvert að sjá hvernig pólitíkin virkar. Það má vera að ég hafi ekki verið nákvæmur í orðum mínum í beinni útsendingu í útvarpsþætti í morgun, gott og vel. En svona ætlum við sem sagt að láta þetta þing virka.

Ég hef verið á fullu sem varaformaður viðskiptanefndar að undirbúa mig, lesa mér til um þau mál sem eiga að koma fram á vettvangi þingsins. Það eru mál frá fyrra þingi, það eru stór og mikil mál sem eru fram undan. Ég hef verið á fullu að búa mig undir þau fjölmörgu mál sem bíða viðskiptanefndar og þessa þings á næstu vikum.

[15:35]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Þetta er nokkuð kyndug umræða. Það er rétt að fundarfall varð í hv. viðskiptanefnd í síðustu viku enda hafði þá engum málum verið vísað til nefndarinnar og þeir tveir aðilar sem óskað hafði verið eftir að kæmu fyrir nefndina höfðu ekki tóm til þess með þeim fyrirvara sem þar var gefinn.

Hv. viðskiptanefnd fundar á miðvikudögum klukkan korter yfir tíu. Það eru fastir fundartímar þannig að fyrsti reglulegi fundurinn verður í þessari viku. Á þann fund mun nýskipaður forstjóri Fjármálaeftirlitsins mæta. Þar munum við líka taka fyrir þau mál sem þá liggja fyrir nefndinni, nú þegar er það eitt.

Ég fagna því að hv. varaformaður viðskiptanefndar leggur mikla vinnu á sig til þess að kynna sér þau mál sem liggja fyrir. Þegar hafa verið kynnt ein átta mál sem koma eiga til afgreiðslu í viðskiptanefnd á þessu stutta sumarþingi. Ég skora því á aðra hv. þingmenn í viðskiptanefnd að fylgja fordæmi varaformannsins og leggja sig eftir því að kynna sér málin fyrir fram.

[15:36]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég ber mikla virðingu fyrir hreinskilni í svari hv. þm. Magnúsar Orra Schrams en mér finnst mikilvægt á þessum fyrstu dögum þingsins að við áttum okkur á því á hvaða vegferð við erum, hvort við ætlum að gera þetta saman hér og vinna á vettvangi þingnefnda sem einn maður þannig að stjórn og stjórnarandstaða geti sameinast í verkum á þessu mikilvæga þingi. Á það að vera þannig að stjórnarliðar séu á einhverjum fundum úti í bæ — ég hef á tilfinningunni að þeir séu í gangi uppi í einhverjum ráðuneytum — og stjórnarandstöðunni sé haldið fyrir utan mjög mikilvæga vinnu? (Gripið fram í.)

Við þurfum að koma okkur upp úr þessu fari. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sagði að engin verkefni væru á borði viðskiptanefndar en ég vil minna hv. þingmann á það að við báðum um skýrslu frá viðskiptaráðherra um hvað hefði gerst hér í aðdraganda bankahrunsins. Hún var lögð fram rétt í aðdraganda (Forseti hringir.) síðustu kosninga og mjög lítil svör komu þar fram. Ég held að hv. formaður viðskiptanefndar hefði átt að taka þá skýrslu fyrir á fundi (Forseti hringir.) nefndarinnar til þess að fara yfir það hversu (Forseti hringir.) rýr svör við þingmenn fáum við þeim spurningum sem við beinum (Forseti hringir.) að framkvæmdarvaldinu.

[15:37]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Orra Schram fyrir heiðarleika í svörum. Ég efast ekki um að hann leggi á sig mikla vinnu eins og flestir þingmenn gera.

Það breytir því hins vegar ekki að boðuð voru ný vinnubrögð, þ.e. aukið samráð og aukin samvinna við stjórnarandstöðuna. Mér finnst þetta ekki boða gott fyrir hið nýja samráð og hina nýju samvinnu sem við erum að tala um. Við nefndum það strax í upphafi að ekki var einu sinni rætt um að bjóða stjórnarandstöðunni formennsku eða varaformennsku í nefndum, það var ekki einu sinni rætt, (Gripið fram í.) ekki einu sinni til málamynda. (Gripið fram í.) Jú, Framsóknarflokkurinn gerði það einmitt. Ég hefði talið að í anda hinna nýju vinnubragða sem verið er að tala um, verið var að óska — (Gripið fram í.) fyrirgefið, ég hef orðið. (Forseti hringir.) Ég hefði talið að ræða hefði þurft um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. (Forseti hringir.) Ég hefði talið að þetta væri dæmi um það sem viðskiptanefnd, bæði stjórnarandstaðan og stjórnarmeirihlutinn, hefði getað tekið höndum saman um, þ.e. að leiðrétta mistök (Forseti hringir.) sem gerð voru á fyrra þingi af ríkisstjórninni. Nei, (Forseti hringir.) það þurfti að vinna þetta í einhverjum bakherbergjum utan þings.

[15:39]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að virða ræðutíma.

[15:39]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Orri Schram hefur gert heiðarlega grein fyrir sínum málum. Það er mjög skiljanlegt og eðlilegt að þessir hlutir komi upp eins og hann lýsti hér og ekkert við því að segja.

Það er hins vegar rétt sem hér kemur fram að það vekur athygli, miðað við allar þessar stóru yfirlýsingar um gagnsæi, um samráð, um alla þessa hluti, að vinnubrögðin eru þvert á þær yfirlýsingar. Það er algjörlega fráleitt að halda því fram að ekki hafi verið efni til að halda fund í síðustu viku. Ef einhvern tíma hefur verið þörf á að funda í viðskiptanefnd — og ætti nú frekar að fjölga tímunum en að leggja niður fundi — væri það nú.

Hér var upplýst af forsætisráðherra að helsti sérfræðingur Svía, sem við fengum til að fara í bankamálin, hefði hótað (Forseti hringir.) að hætta vegna óljósrar stefnu og vegna þess hve hægt var unnið. Ef við viljum gera hlut þingsins meiri, er það þá ekki þess virði að þingnefndir sem fjalla um þessi mál fari yfir það?

[15:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil lýsa því yfir að að sjálfsögðu munum við í hv. viðskiptanefnd vinna saman við yfirferð á þeim málum sem þangað verður vísað. Við munum einnig taka þar fyrir þau mál sem hv. nefndarmenn óska eftir að komist á dagskrá nefndarinnar. (Gripið fram í.) Það kunna að vera ný vinnubrögð í augum hv. þm. Eyglóar Harðardóttur en ég heiti því að þingmaðurinn þarf ekki að bíða lengi eftir fundi í viðskiptanefnd úr því sem komið er. Ég held að við hv. þingmenn ættum að sameinast um að flýta þeim málum í gegn sem liggja fyrir þinginu þannig að þau geti farið í nefnd þar sem hið eiginlega samráð og samvinna fer fram.

Átta mál hafa verið kynnt inn í nefndina, (Forseti hringir.) nokkur eru þegar fram komin, mörg eru á dagskrá í dag. Við ættum að geta komið þeim til nefndarinnar þannig að við munum hafa nóg að gera.

Efnahagshorfur, munnleg skýrsla forsætisráðherra.

[15:42]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar. Röð flokkanna er þessi: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Borgarahreyfing.

Umferðir verða þrjár og skiptist ræðutími sem hér segir: Forsætisráðherra hefur 15 mínútur til framsögu en aðrir flokkar hafa 10 mínútur fyrir talsmenn í fyrstu umferð en síðan 5 mínútur í annarri og þriðju umferð. Forsætisráðherra hefur 5 mínútur í lok umræðunnar.

[15:42]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Frá því að bankahrunið skók þjóðina fyrir aðeins rúmu hálfu ári síðan hafa miklar breytingar orðið á stöðu íslenskra efnahagsmála. Í stað þenslu og mikils hagvaxtar sem reyndist því miður innstæðulaus hefur tekið við tímabil samdráttar með miklum áhrifum á allt okkar samfélag og efnahagslíf. Endurreisn hagkerfisins mun kosta mikla vinnu og afturhvarf til samhjálpar og samheldni sem einkenndi íslensku þjóðina áður en hún varð um stundarsakir fórnarlamb hugmyndafræði peningaauðgi sem ekki gekk upp.

Hagspár Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins gera ráð fyrir rúmlega 10% samdrætti landsframleiðslu í ár og líklega mun efnahagslífið ekki taka að vaxa á nýjan leik fyrr en í lok árs 2010. Gangi þessar spár eftir verður landsframleiðslan á mann árið 2011 álíka mikil og á árunum 2004–2005. Hagkerfið ætti frá þeim tímapunkti að geta vaxið á nýjan leik og gefið viðspyrnu inn í framtíðina en til þess að svo geti orðið verða allir að leggja sitt af mörkum. Tryggja þarf að heimilin og fyrirtækin geti staðið af sér áföllin og varast ber að grípa til vanhugsaðra einfaldra skyndilausna sem eru fjármálakerfi okkar, lífeyrissjóðum eða Íbúðalánasjóði ofviða og gætu leitt til annarrar kollsteypu.

Atvinnuleysið er vafalítið ein versta birtingarmynd niðursveiflu í hagkerfinu. Atvinnuleysið var orðið 9,1% í apríl og hafði þá náð sögulegu hámarki. Það samsvarar því að ríflega 14.800 manns hafa verið á atvinnuleysisskrá að meðaltali í apríl. Hér ber þó að undirstrika að verulega hefur hægt á aukningu atvinnuleysis sl. vikur og atvinnulausir voru í lok apríl færri en í lok mánaðarins á undan. Rétt er líka að undirstrika að tæplega þriðjungur þessa hóps, um 4.700 einstaklingar, njóta nú þegar góðs af stóreflum úrræðum ríkisstjórnarinnar sem ráðist var í til að bregðast við auknu atvinnuleysi. Úrræði ríkisstjórnarinnar skila því árangri og bæta nú stöðu þúsunda einstaklinga sem lent hafa á atvinnuleysisskrá. Enn eru hins vegar um 12 þúsund einstaklingar á atvinnuleysisskrá sem ekki hafa fengið verkefni við hæfi eða fest sér önnur störf. Baráttuna gegn atvinnuleysinu verður því enn að herða eins og boðað er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Atvinnuleysi fylgir einnig veruleg kaupmáttarrýrnun sem gæti orðið 15–20% á árabilinu frá 2007–2010. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann mun því á nýjan leik verða nærri því sem hann var árið 2004 áður en hann tekur að vaxa á nýjan leik. Flest heimili gætu staðið af sér storminn ef hann færði þau aðeins aftur í tekjum um 4–5 ár. Það er þó ekki raunin því að þungi kreppunnar leggst mjög misþungt á heimili landsins. Við verðum því enn frekar en áður að hjálpa þeim sem eiga á hættu að lenda í erfiðleikum sem þeir ráða ekki við.

Ríkisstjórnin hefur þegar gripið til fjölmargra úrræða sem koma til móts við þá sem lent hafa í greiðsluvanda, t.d. með víðtækum úrræðum lánastofnana, endurgreiðslu séreignarsparnaðar og verulegri aukningu vaxtabóta sem mun skila sér í heimilisbókhaldið nú strax síðsumars. Ég fullvissa landsmenn um það að fylgst verður grannt með því hvaða hópar lenda í erfiðleikum og gripið verður til viðeigandi úrræða til stuðnings eins og kostur er. Við munum t.d. fá frekari greiningu á stöðunni frá Seðlabankanum núna í þessari viku sem ég mun gera Alþingi grein fyrir.

Landsmenn hafa að mörgu leyti brugðist skynsamlega við erfiðri stöðu heimilanna. Þeir hafa dregið mjög úr neyslu, sérstaklega á innfluttum vörum, á sama tíma og áhugi á innlendum vörum og þjónustu hefur vaxið. Þótt allt of mörg heimili eigi í erfiðleikum með að standa í skilum með lán sín tekst þeim það sem betur fer flestum, m.a. vegna víðtækra ráðstafana sem ríkisstjórnin hefur sett fram. Umræðan er stundum eins og meiri hluti heimila sé að drukkna í skuldasúpu og vanskilum við að höfuðstóll skulda hækki. Með þessum orðum vil ég alls ekki gera lítið úr vanda fólks en ég vil að við mætum honum með ábyrgum hætti og horfum á heildarmyndina og skynsamlegar lausnir fyrir samfélagið í heild. Við megum ekki gleyma því hversu samofin staða heimilanna er endurreisn atvinnulífsins. Aðilar vinnumarkaðarins undirbúa nú að ná sáttmála um stöðugleika með aðkomu ríkisstjórnarinnar. Ég fagna því og bind miklar vonir við að okkur takist sameiginlega að ljúka gerð stöðugleikasáttmála. Þau markmið sem ríkisstjórnin hefur sett sér í samstarfsyfirlýsingunni falla vel að markmiðum aðila vinnumarkaðarins, enda á svo að vera. Ég dreg ekki dul á að eitt helsta viðfangsefnið er að ná samkomulagi um hvernig við náum niður halla ríkissjóðs, sem stefnir í 170 milljarða á þessu ári, á sama tíma og við forgangsröðum í þágu þeirra sem verst eru settir. Erfitt verður að ná fram verulegri lækkun stýrivaxta sem er lykilatriði fyrir heimilin og fyrirtækin nema einnig verði á sama tíma gripið til róttækra og sársaukafullra aðgerða í ríkisrekstrinum með niðurskurði útgjalda og skattbreytingum.

170 milljarða kr. halla á rekstri ríkissjóðs verður að eyða fram til ársins 2013. Náist áætlanir okkar um aukinn hagvöxt frá lokum næsta árs mundi sá hagvöxtur skila okkur nærri 70 millj. kr. upp í þann halla. Við þurfum því að ná til halla fram til ársins 2013. Þar stendur valið nánast eingöngu milli margra slæmra kosta og það verður viðfangsefni sem mun taka á hjá öllum og felur án efa í sér erfiðustu ákvarðanir sem ég hef þurft að taka á öllum mínum pólitíska ferli.

En hér er því miður engin undankomuleið. Búið er að koma okkur í þessa skelfilegu stöðu og við viljum bjarga efnahag Íslands og forðast gífurlegar byrðar í framtíðinni á börnin okkar og komandi kynslóðir. Við erum ekki að takast á við halla ríkissjóðs til að þóknast Alþjóðagjaldeyr-

issjóðnum eða erlendum lánardrottnum. Við þurfum að takast á við hallann til að tryggja almannaþjónustu til framtíðar og til að leggja ekki óbærilegar byrðar á komandi kynslóðir. Þetta er áskorun sem enginn stjórnmálaflokkur getur skorast undan og ég heiti á stjórnarandstöðuna að vinna með okkur til að ná þessum markmiðum.

Virðulegi forseti. Ný peningastefnunefnd hefur stigið jákvæð skref undanfarna mánuði með lækkun vaxta úr 18% í 13%. Vöxtunum hefur verið ætlað að halda í við gengi krónunnar ásamt þeim höftum sem komið var á í lok nóvember og studd voru frekar í mars. Forsendur hraðrar stýrivaxtalækkunar eru einnig að okkur takist að koma í veg fyrir frekari veikingu á gengi krónunnar og nauðsynlegt er í því sambandi að styrkja eftirlit með gjaldeyrishöftum og sjá til þess að þau virki eins og ætlast er til. Mikilvægt er einnig að endurreisn bankakerfisins ljúki sem fyrst. Hún hefur því miður tekið lengri tíma og verið flóknari viðfangs en ráðgert var í fyrstu. Eitt helsta viðfangsefnið fram undan er að ganga frá uppgjörum bankanna, endurfjármagna þá og taka á gjaldeyrisójöfnuðinum. Starfhæft bankakerfi er grundvöllur blómlegs atvinnulífs og hagvaxtar og því verðum við að kappkosta að allar áætlanir standist um að endurfjármögnun bankanna geti hafist í júlímánuði næstkomandi. Að því verðum við að vinna að meiri krafti en nokkru sinni. Bankarnir standa frammi fyrir gríðarlega erfiðu verkefni við fjárhagsleg og stjórnunarlega endurreisn atvinnulífsins til að koma í veg fyrir enn frekari atvinnuleysi. Þetta verkefni er svo ólíkt hefðbundinni bankastarfsemi að það verður að njóta sérstaks stuðnings stjórnvalda sem eigenda bankanna. Það er skoðun allra þeirra sem komið hafa að endurreisn fjármálakerfisins hér á landi og annars staðar. Í ljósi mikilvægis þess verkefnis hefur ríkisstjórnin á ný lagt fram frumvarp um eignaumsýslufélag er styðji við bak bankanna við þessa mikilvægu vinnu. Þessu félagi er ekki stillt upp til höfuðs bönkunum heldur til stuðnings við þá í því mikla erfiða og umfram allt sérhæfða starfi sem fram undan er.

Ríkisstjórnin mun á næstu dögum setja fram stefnu sína sem eigandi bankanna. Það er ekki ætlunin að ráðskast til um daglegan rekstur bankanna heldur aðeins að marka þeim stefnu sem tryggir að bankarnir taki af myndugleik á vandræðum heimila og fyrirtækja en verði þrátt fyrir það reknir með hagnaði. Mikilvægar ákvarðanir um framtíðareignarhald nýju bankanna og mögulegt erlent eignarhald þarf að liggja fyrir sem allra fyrst. Markmiðið hlýtur að vera að ríkið verði ekki lengur með eignarhald á bönkunum en nauðsyn krefur. Við verðum líka að finna lausn vegna þess gjaldeyrisójafnaðar sem bankarnir standa frammi fyrir. Við mótun nýju bankanna sl. haust voru fluttar til þeirra mun meira af eignum en skuldbindingum í erlendri mynt.

Þessi gjaldeyrisskekkja leiðir til tvenns konar vandamála fyrir bankana. Annars vegar eru þeir mjög viðkvæmir fyrir hreyfingum í gengi krónunnar. Styrking krónunnar leiðir til þess að uppgjör þeirra sýna taprekstur. Vextir af lánum í erlendri mynt eru lægri en vextir af innlánum bankanna og því eru greiðslur bankanna til sparifjáreigenda meiri en tekjur þeirra af útlánum. Nauðsynlegt er að skoða vel þá leið að lán bankanna séu færð yfir í íslenskar krónur. Með því að færa lán innlendra aðila í krónum bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum minnkar einnig áhætta lántakenda. Það er ekki síður mikilvægt að heimili og fyrirtæki losni við gengisáhættu en bankarnir.

Aukinn stöðugleiki í gengismálum er önnur grundvallarstoð fyrir endurreisn hagkerfisins og því veldur það vitaskuld vonbrigðum að gengi krónunnar er nú svipað og fyrir hálfu ári síðan. Eitt mikilvægasta viðfangsefni fyrir þjóðina er að tryggja heilbrigt umhverfi fyrir erlendar fjárfestingar hér á landi til að byggja upp ný úrræði og öflugt atvinnulíf. Innganga í Evrópusambandið og væntingar um upptöku evru munu aðstoða okkur við að ná auknum stöðugleika gengisins. Fram að því verðum við þó að skjóta styrkari stoðum undir krónuna og tryggja að óstöðugleiki hennar hindri ekki vöxt hagkerfisins. Við ættum öll að geta sammælst um að betra væri ef gjaldeyrishafta væri ekki þörf í þessum tilgangi. Þau eru hins vegar nauðsynleg á meðan við náum betri stöðugleika í hagkerfinu. Þau gefa Seðlabankanum jafnframt vonandi tækifæri til þess að lækka vexti meira og hraðar en ella og tryggja þannig hagvöxt á nýjan leik. Höftin eru því nauðsynleg við núverandi aðstæður þótt markmiðið sé að sjálfsögðu að lyfta þeim eins fljótt og auðið er.

Þrátt fyrir að víða séu vandamál megum við ekki missa sjónir á því að vonarneista er víða að finna. Alþjóðlegir markaðir hafa tekið við sér undanfarnar vikur þrátt fyrir að óvissan þar sé mikil en skjót endurreisn þeirra ætti að geta flýtt fyrir bata okkar eigin hagkerfis. Nokkur jákvæð merki er einnig að finna í okkar eigin hagkerfi. Verðbólgan hefur t.d. lækkað í 11,9% í apríl og 15,2% í mars. Almennt er búist við að árshraði verðbólgunnar lækki enn frekar næstu mánuði og verði kominn í nærri 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands í ársbyrjun 2010.

Utanríkisverslunin gefur einnig von um bætta stöðu hagkerfisins þegar horft er til framtíðar. Afgangur hefur verið af vöruskiptum frá því í september í fyrra og ætti það að öðru leyti að leiða til styrkingar krónunnar. Það hjálpar líka mikið að gengið erlendis er orðið litlu hærra en hérlendis en það virðist muna um það bil 15% sem er mun minna en áður því að krónan hefur styrkst erlendis.

Skuldir ríkissjóðs hafa hækkað hratt og ljóst er að þær munu nema um 100% af landsframleiðslu áður en árið er liðið og nema ríflega 1.400 milljörðum kr. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að á móti þessum skuldum koma eignir sem gefa í mörgum tilfellum tekjur og hægt verður að selja til að grynnka á skuldastöðunni. Einkavæðing bankanna á nýjum forsendum sem tryggja dreifða eignaraðild og ábyrga stjórnun með hag allra hluthafa að leiðarljósi gætu lækkað skuldir ríkissjóðs verulega og fært skuldir hans undir meðaltal aðildarríkja OECD, gangi áætlanir okkar eftir.

Samninganefnd stjórnvalda hefur náð ánægjulegum árangri í viðræðum við önnur Norðurlönd um styrkingu gjaldeyrisforðans og við blasir niðurstaða. Lán Norðurlandanna munu nema um 2,5 milljörðum bandaríkjadala auk þess sem viðræður standa yfir við Pólverja og Rússa um lán. Viðræður við Breta og Hollendinga um lán til greiðslu Icesave-reikninganna munu einnig halda áfram í næstu viku. Ljóst er að þær viðræður eru mun vandasamari en viðræður við nokkur af Norðurlöndunum. Hins vegar er mikilvægt að við stöndum við alþjóðlegar skuldbindingar okkar á sama tíma og við náum ásættanlegri niðurstöðu og

kjörum sem ekki verða okkur ofviða.

Hæstv. forseti. Ég hef í skýrslu þessari gert grein fyrir sýn ríkisstjórnarinnar á helstu viðfangsefni okkar á sviði efnahagsmála vegna þeirra miklu þrenginga sem íslenskt samfélag gengur nú í gegnum. Öllum ætti að vera ljóst að vandinn og verkefni fram undan eru gífurleg og öll íslensk heimili munu finna fyrir aðlöguninni sem óumflýjanlegt er. Í þeirri efnahagsáætlun sem ríkisstjórnin vinnur eftir í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og í þeirri framtíðarsýn sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa lýst í ítarlegum samstarfssáttmála sínum er að finna skýra leiðsögn um hvernig íslenskt samfélag og efnahagslíf verður byggt upp á ný. Ég vil undirstrika það hér að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ræður ekki ferðinni. Það eru íslensk stjórnvöld og íslenski seðlabankinn sem ráða för enda þótt unnið sé af fullum heilindum á grundvelli efnahagsstefnu íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Engin stjórnvöld hafa áður tekist á við viðlíka verkefni og við fáumst nú við. Við höfum engin fordæmi og vonandi munum við ekki þurfa að kljást við aðstæður eins og þessar í framtíðinni.

Undanfarna 100 daga hefur okkur miðað vel á þessari mikilvægu vegferð og ég er sannfærð um að næstu 100 dagar munu skila okkur góðum árangri og marka mikilvæg kaflaskil. Ég óska eftir góðu samstarfi við þingheim allan um þessi mikilvægu verkefni.

[15:57]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir þessa skýrslu en því miður gefur hún okkur ekki mikla von. Hún kemur hingað upp með gamlar fréttir, fréttir af því að taka þurfi erfiðar ákvarðanir, fréttir af því að ástandið sé alvarlegt, að atvinnuleysið sé mikið, að gengið sé veikt, að illa gangi að endurreisa bankana og síðan er mikil áhersla lögð á að það sé ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem ráði för heldur stjórnvöld.

Það lýsir kannski ákveðnu vandamáli hversu mikla áherslu hæstv. forsætisráðherra leggur á það, samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gengur greinilega ekki nógu vel. Við erum ekki á sporinu með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þegar hæstv. forsætisráðherra kemur hér upp, í umræðu undir fyrri dagskrárlið, og lýsir því yfir að það skipti ef til vill ekki öllu máli hvenær við fáum afgreiðslu á lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum lýsir það ekki bara alvarlegu skilningsleysi á samstarfinu við sjóðinn heldur líka ákveðnu skeytingarleysi gagnvart því samstarfi yfir höfuð. Þegar gráu er síðan bætt ofan á svart og sagt að það sé alls ekki sjóðurinn sem ráði för fer maður að hafa alvarlegar áhyggjur af því að enn skuli ekki hafa verið gengið frá annarri greiðslu lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Hvers vegna er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að veita okkur aðstoð? Í fyrsta lagi þurftum við aðstoð hans til að endurreisa bankakerfið, til þess að byggja upp þann sjóð sem nauðsynlegur var, til þess að treysta grunn bankakerfisins á Íslandi og til þess að byggja nægilegar traustar stoðir undir þau verkefni sem biðu okkar en ekkert síður til að skapa þann nauðsynlega trúverðugleika sem okkur skorti eftir hrun fjármálakerfisins á Íslandi. Þegar samstarfið fer síðan að ganga illa og það fer að spyrjast út að helsti sérfræðingurinn sem ráðinn var að beiðni sjóðsins við endurreisn bankakerfisins lýsir megnri óánægju og fram kemur í fjölmiðlum að hann vilji hætta er allur þessi trúverðugleiki í uppnámi.

Það þarf að gera hlutina í réttri röð. Hér er mikið rætt um vexti, mikið rætt um afnám gjaldeyrishafta og um atvinnuleysi. En til þess að við getum tekist á við þessa þætti verðum við fyrst að leggja fram skýra stefnu um það hvernig taka eigi á þessum mikla halla ríkissjóðs. Hvernig ætlum við að vinna okkur út úr þeirri stöðu að á fjárlögum er búið að taka ákvarðanir um að verja mun meira fé til sameiginlegra verkefna en aflað er á hverjum tíma? Hvernig ætlum við að takast á við þá stöðu að tekjur ríkisins eru að dragast stórlega saman á sama tíma og ekki hafa enn komið fram tillögur um hvernig draga eigi úr útgjöldunum?

Ég lýsi yfir mjög mikilli óánægju með að engin svör komi frá hæstv. forsætisráðherra. Hæstv. forsætisráðherra tók við búinu sem nýi verkstjórinn sem ætlaði að bretta upp ermarnar og taka til hendinni, að hennar sögn var verkstjórnin í fyrri ríkisstjórn ekki nægilega kraftmikil og skýr. Verkstjórnin í þessari ríkisstjórn er með þeim hætti að þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi starfað frá 1. febrúar höfum við engin svör fengið. Við erum algjörlega á gati þegar kemur að því hvernig ríkisstjórnin ætlar að loka fjárlagagatinu, hvernig á að ná endum saman í ríkisfjármálunum. Þetta er alvarlegt vegna þess að þetta er forsenda þess að við getum farið að hafa væntingar um að vextir lækki og auk þessa þurfum við að sjálfsögðu að endurreisa bankakerfið. (Gripið fram í.)

Núna þegar gengi krónunnar er í sinni lægstu stöðu, gengisvísitalan í kringum 230, koma fyrst fram hjá hæstv. viðskiptaráðherra og síðan, héðan úr ræðustóli Alþingis í dag, frá hæstv. forsætisráðherra, skilaboð um að verið sé að taka til skoðunar að snúa öllum erlendu lánunum sem eru útistandandi til bankanna yfir í íslenskar krónur, einmitt þegar staða krónunnar er sem veikust. Ég segi fyrir mitt leyti: Það standa engar lagaheimildir til þess að gera þetta. Það er alveg ljóst að á grundvelli þeirra samninga sem eru útistandandi til bankanna er engin heimild til slíkrar almennrar aðgerðar gagnvart öllum þeim sem skulda í íslenska bankakerfinu í erlendum gjaldmiðlum. Maður hlýtur að kalla eftir upplýsingum um það, þegar hæstv. forsætisráðherra stígur fram og tekur undir með viðskiptaráðherra um að þetta kunni að vera lausnin á krísunni sem stjórnvöld eru í við endurreisn bankakerfisins, hvernig þetta eigi að gerast. Hvað á það að þýða að koma fram með hugmyndir af þessum toga sem eru stórkostlega alvarlegar og taka frá fyrirtækjunum og mörgum heimilum vonina um að með sterkari krónu muni skuldabyrðin eitthvað léttast? Hvað á það að þýða að koma fram með slíkar hugmyndir án þess að koma fram með svörin við því hvernig úr þessum vandamálum öllum á að greiða?

Í umræðum um efnahagsmálin hefur verið rætt um að lausn væri í því fólgin, ekki bara til skamms tíma heldur líka til lengri tíma, að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það er alveg skýrt að umsókn um Evrópusambandsaðild gerir ekkert fyrir okkur í samanburði við það að fram komi skýr stefna í ríkisfjármálunum um það hvar eigi að skera niður. Ég nenni ekki lengur að hlusta á það frá hæstv.

ríkisstjórn að þetta verði erfitt og að það muni þurfa að taka erfiðar ákvarðanir. Ég hef margoft tekið það fram fyrir hönd míns flokks að við gerum okkur grein fyrir því og við munum styðja allar skynsamlegar tillögur. Þessar aðgerðir þola enga frekari bið. Það þarf að grípa strax til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru ella vex vandinn. Það er reyndar alveg stórmerkilegt að við skulum hafa háð heila kosningabaráttu án þess að tekist væri á um leiðir í þessum efnum. Öllum hugmyndum sem komu frá Sjálfstæðisflokknum í þessu efni var vísað á bug sem of almennum og að þær mundu lenda of harkalega á velferðarkerfinu. Þetta er ómálefnaleg gagnrýni vegna þess að hana mátti útfæra með ólíkum hætti í einstökum ráðuneytum en alvarlegast af öllu er þó að enn hefur ekkert komið fram.

Varðandi Evrópusambandsumsóknina sem slíka er ágætt að setja þá hluti í samhengi við það þegar við sóttum um lánið til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í ljós kom að með Icesave-deiluna óleysta fór það mál allt saman í hnút. Evrópusambandsríkin þvinguðu íslensk stjórnvöld að samningaborðinu. Ég tel reyndar að það hafi verið skynsamleg leið að byggja á þeim samþykktu viðmiðum sem lágu til grundvallar þeim viðræðum sem settar voru af stað fyrir mörgum mánuðum, en það er greinilega ekkert að gerast. Það er augljóst að Evrópusambandsríkin sem í hlut eiga, sérstaklega Bretar og Hollendingar, virðast ekki ætla að taka nokkurt tillit til þeirra aðstæðna sem upp eru komnar á Íslandi heldur einfaldlega þvinga fram greiðslu á þeim kröfum sem þeir telja sig eiga á íslensk stjórnvöld. Og láta menn sér detta í hug að nú verði hægt að leggja af stað í nýjan leiðangur gagnvart þessum sömu ríkjum með þessa deilu óleysta (Gripið fram í.) og byggja á því að hægt sé að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið? Ég kalla eftir skýrum svörum um það hvort stjórnvöld ætli að láta krefja sig um greiðslu umfram það sem lagt var upp með. Ég minni á að af hálfu utanríkismálanefndar, sem afgreiddi þingsályktunartillöguna, var það alveg skýrt að of stífar kröfur af hálfu Breta og Hollendinga og þeirra sem í hlut eiga gætu vel leitt til þess að enginn yrði samningurinn um niðurstöðuna í þessu efni. Það var alveg skýrt.

Ég kalla eftir því frá hv. ríkisstjórn að hún fari að hætta að tala um vandamálið, fari að koma fram með hugmyndir, skýrar lausnir. Við í stjórnarandstöðunni í Sjálfstæðisflokknum munum sannarlega styðja slíkar hugmyndir séu þær skynsamlegar og til þess fallnar að leysa vandann. En menn verða að hafa tvennt í huga: Fyrst þarf að leysa ríkisfjármálin og svo þarf að endurreisa bankakerfið. Þá þýðir ekki að vera með eitthvert hálfkák og óljósar hugmyndir um það hvernig það eigi að gera. Það er nákvæmlega ekkert gagnsæi eins og lofað var í því ferlinu. Verðmatið sem átti að kynna fyrir almenningi núna í apríl er enn dulkóðað í einhverju herbergi. Þegar þetta tvennt hefur verið leyst geta menn farið að hafa væntingar um það að skilyrði skapist til þess að lækka vexti og í framtíðinni síðan að afnema gjaldeyrishöftin. Ekkert af því er raunhæft fyrr en menn hafa leyst stóru verkefnin. Hættið að tala um hvað það verði erfitt og komið með tillögur um það hvernig þið viljið að það verði leyst. (**Gripið fram í:** Hvar eru þínar?)

[16:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég held að því verði ekki á móti mælt að forsætisráðherra hafi flutt hér málefnalega og ítarlega og ég vil segja heiðarlega skýrslu þar sem ekkert var dregið undan varðandi þær aðstæður sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir.

Formaður Sjálfstæðisflokksins kallar það gamlar fréttir. Hann kallar vanda Íslendinga gamlar fréttir og finnst lítið til koma að menn ræði það. Þetta er mikill misskilningur hjá formanni Sjálfstæðisflokksins. Þessi vandi er líka nýjar fréttir og verður það næstu missirin. Þessi vandi okkar Íslendinga verður ekkert hrópaður niður, hann er til staðar. Það að ræða hér um hann málefnalega og heiðarlega, eins og forsætisráðherra gerði, er nákvæmlega það sem við eigum að gera og þurfum að gera. Það verður því miður þannig að það verður viðfangsefni okkar, eða ætti að vera viðfangsefni okkar sameiginlega, að ræða hlutlægt og málefnalega um þetta, m.a. til þess að þjóðin öll geti verið með í því að takast á við þetta út frá raunverulegum forsendum þess sem við stöndum frammi fyrir.

Það er að mínu mati eitt brýnasta verkefnið í allri þjóðfélagsumræðu og allri umfjöllun fjölmiðla og öllum okkar málflutningi að við leggjum hlutina skýrt og málefnalega fyrir, að menn greini vandann, verði eftir atvikum sammála um hver hann er og hversu mikill hann er og hvað þurfi að takast á við. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara mikið í ræðu formanns Sjálfstæðisflokksins. Þar kom a.m.k. fátt nýtt fram að mínu mati, þar má kannski nota orðið gamlar fréttir.

Vandi íslensks þjóðarbús og samfélags er mikill. Ef við skoðum stærðargráðu þess sem gerst hefur á Íslandi síðasta hálfa árið á það sér fáar hliðstæður í vestrænum þróuðum ríkjum. Þessi vandi er miklum mun meiri en bankakreppan á Norðurlöndunum um 1990. Þetta er meira áfall en Suður-Kórea varð fyrir á sínum tíma. Þetta er stærra áfall en varð í Taílandi. Þetta er meira að segja talsvert stærra áfall en frændur okkar og vinir Færeyingar urðu fyrir og var það þó ekkert smáræði sem þar gekk á. Þetta áfall á sér fáar ef nokkrar hliðstæður í sögu þróaðra hagkerfa á seinni áratugum.

Þær ákvarðanir og aðgerðir ýmsar sem menn ákváðu í haust og settu þessi mál að meira eða minna leyti í farveg — og það er hollt fyrir vini okkar í Sjálfstæðisflokknum að hugleiða það — eru sannarlega umdeilanlegar. Ég verð að viðurkenna að ég hef æ oftar velt því fyrir mér hvort menn hafi að hluta til lent með málin í farveg, t.d. með því sem ákveðið var í neyðarlögunum, sem kann að reynast mjög torsóttur og grýttur og erfitt að komast upp úr. En ég vil líka segja sanngirninnar vegna að mönnum var mikill vandi á höndum. Það varð hér gríðarlegt áfall og menn urðu að taka ákvarðanir og einhverja stefnu varð að taka eins og oft er við slíkar aðstæður, og það er því í sjálfu sér ódýrt að gagnrýna það eftir á. Ég held að það gagnist okkur best að horfast í augu við þá stöðu sem við erum í og vinna samkvæmt því því að leiðin til baka, þegar menn eru vonandi komnir vel yfir miðja ána, er ekki endilega gæfuleg. Er ekki skárra að reyna að klóra sig upp á bakkann hinum megin?

Endurreisn bankakerfisins hefur reynst miklum mun

flóknara og tafsamara verkefni en menn ætluðu. Það er veruleiki, það er staðreynd og ekkert er dregið undan í þeim efnum. Það skiptir ekki öllu máli hvort menn vitna þar í sænskan sérfræðing eða hvort það er einfaldlega sá veruleiki sem við okkur blasir og allir geta sótt sér upplýsingar um með því að ræða við þá sem á vettvangi eru. Varðandi ríkisfjármálin og þá glímu vil ég segja, og þar er ég sammála formanni Sjálfstæðisflokksins, við verðum að hefjast handa strax. Það alversta sem við gætum gert væri að geyma það, væri að fresta því að takast á við vandann. Það er líka siðferðilega og pólitískt óverjandi að gera það vegna þess að afleiðingar þessa yrðu einvörðungu að vandinn yrði enn meiri og erfiðari úrlausnar síðar, og þá værum við vissulega að senda reikninginn á komandi kynslóðir.

Ef við sem héldum veisluna, ef við sem klúðruðum, ætlum að koma okkur undan því að taka byrðarnar á herðar okkar þá er nú ekki hátt risið á því verð ég að segja. Aðlögunarverkefnið í ríkisfjármálunum liggur nokkurn veginn fyrir. Það er að verða staðreynd að það stefnir í a.m.k. 20 milljarða viðbótarhalla á ríkissjóði að óbreyttu á þessu ári. Með öðrum orðum: Ef við ætlum að ná aftur landi nálægt því sem lagt var upp með um áramótin þurfum við aðgerðir í formi tekjuöflunar og sparnaðar á þessu ári og það sem eftir lifir þess af stærðargráðunni 20 milljarðar kr.

Það er líka ljóst að ef við ætlum að ná þessum halla niður í 0 og eiga afgang á fjórum næstu árum þar á eftir verður að stíga mjög stórt skref á næsta ári. Segjum að stærðargráða þess séu 45–55 milljarðar kr. og árin þar á eftir kannski 10–20 milljarðar í viðbót. Glöggir reikningsmenn sjá að þetta eru ekki 170 milljarðar, það er rétt. Þar kemur það okkur vonandi til að með bata á nýjan leik í hagkerfinu og einhverjum hagvexti á síðari hluta tímans þá brúast bilið eins og forsætisráðherra kom inn á áðan.

En hugleiðum aðeins hver staðan verður í lok þessa tímabils ef við gerum ekkert. Og þó við tökum bara 150 milljarða halla á ríkissjóði og segjum: Já, við bara rekum hann þannig næstu fjögur ár. Hvað þýðir það? Það þýðir að uppsafnaður viðbótarhalli, miðað við þá áætlun sem núna liggur fyrir, yrði hátt í 400 milljarðar kr., yrði næstum tekjur ríkissjóðs á heilu ári og vaxtakostnaðurinn uppsafnaður á tímanum í nágrenni við 30 milljarða. Er það ásættanlegt? Getur það gengið? Svarið er nei. Þá væri komin upp í lok þessa tímabils staða sem eiginlega engin leið væri að sjá til lands með. Það er þannig. Það er því úrslitaslagur sem við stöndum frammi fyrir núna og á næsta ári að ná þessu niður þannig að vaxtakostnaðurinn og uppsafnaður halli hlaðist ekki upp.

Það verður erfitt og það er allt í lagi að segja það, hv. þm. Bjarni Benediktsson. Það er bara best að horfast í augu við það að svoleiðis er það. En munurinn er sá að ef við tökumst á við þetta núna og ef þetta ár og það næsta verða okkur drjúg í því að ná til lands í þessum efnum þá fer strax að horfa skár á árunum þar á eftir. En prófi menn að framreikna næstu 10–25 ár ef við gerum ekkert næstu fjögur árin og sjái útkomuna á því, hún er ekki féleg. Valið stendur um það að takast á við þetta núna og skapa betri skilyrði innan fárra ára til að tryggja á nýjan leik sæmileg lífskjör eða að sætta íslenska þjóð við verulega verri skilyrði til langs tíma. (Gripið fram í.) Þannig er það. Já. Það stendur til að gera það, hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson. Þá mun reyna á Sjálfstæðisflokkinn. Þolir Sjálfstæðisflokkurinn skattahækkanir eða er það bannorð áfram? Ætlar hann að ná þessu öllu saman með einum blóðugum niðurskurðinum? Það mun reyna á það innan skamms, hv. þingmaður, og ég mun hlusta grannt og fylgjast með töflunum þegar Sjálfstæðisflokkurinn greiðir atkvæði.

Mikilvægustu verkefnin núna, og þar hef ég númer eitt það sem formaður Sjálfstæðisflokksins nefndi ekki, eru samkomulag og samstaða í samfélaginu um þær aðgerðir á sviði kjaramála, á sviði fjármála ríkis og sveitarfélaga og í sambandi við rekstur velferðarþjónustunnar sem verður að skapa því að öðruvísi munum við ekki komast í gegnum þetta. Ríki og sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins, heildarsamtök og fleiri aðilar, verða að ná höndum saman um þessa hluti. Þar geta menn ekki gert sér vonir um einhverja stöðugleikasátt og verið stikkfrí. Það getur enginn skorast undan því að leggja sitt af mörkum í þeim efnum, ekkert svið samfélagsins, engin starfsstétt.

Í öðru lagi eru ráðstafanirnar í ríkisfjármálum brýnar, aðkallandi, og þar verður að hefjast handa strax á þessu vori og það verður gert og þá reynir á, bæði samstöðuna hér innan þings og úti í þjóðfélaginu. Næst sú samstaða og sú stemmning og sá kjarkur sem til þarf? Eða næst hún ekki?

Í þriðja lagi endurreisn fjármálakerfisins. Ekki bara þess verkefnis vegna heldur vegna þess að bankanna og fjármálastofnana bíður síðan gríðarlega afdrifarík glíma við úrlausn skuldavanda fyrirtækja og heimila. Þeir verða að vera í stakk búnir til þess að ráðast í það verkefni. Að sjálfsögðu þarf síðan að ná þeim samningum sem hér hafa verið nefndir um gjaldeyrislán, um lyktir Icesave-deilunnar og endurskoðun samstarfsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Allt þetta þarf að vinnast samsíðis og er ærinn handleggur hvert og eitt fyrir sig þó að það kæmi ekki allt saman á einum tímapunkti eins og er veruleikinn. (Forseti hringir.) Menn mega auðvitað skammast hér alveg eins og þeir vilja yfir því að þetta hafi gengið seint og því miður er það þannig að sumt af því hefur gert það og það eru vonbrigði. (Forseti hringir.) En menn skulu þá hugsa við hvers konar aðstæður menn hafa glímt hér í okkar fáliðaða stjórnkerfi, reynslulausir með öllu að takast á við hamfarir af því (Forseti hringir.) tagi sem yfir okkur hafa gengið. (Gripið fram í.)

[16:18]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég hélt að við værum hér saman komin til þess að fá nýjar upplýsingar um stöðu efnahagsmála en ég held að við hefðum allt eins getað verið heima á netinu og flett upp á heimasíðu Seðlabankans undir liðnum „gamlar fréttir“ eins og að hlusta á það sem hæstv. forsætisráðherra hafði fram að færa. Hér kemur ekkert nýtt fram um stöðuna, ekki nokkur skapaður hlutur. Þetta er allt búið að birtast í fjölmiðlum og vera í umræðu vikum og mánuðum saman þannig að maður veltir því fyrir sér við þessar aðstæður sem stjórnin viðurkennir þó að séu alveg gríðarlega alvarlegar: Hvers vegna eru ekki fyrir hendi nánari upplýsingar um stöðuna og hvers vegna hefur stjórnin enga lausn á vandanum? Það tengist því kannski að upplýsingarnar

vantar. Það er enn þá sama umræðan. Það er umræðan um að ástandið sé svo erfitt og að hitt og þetta hafi reyndar tekið lengri tíma en ráð var fyrir gert en það hafi jú komið á daginn að staðan hafi verið miklu flóknari en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi.

Það voru allir búnir að gera sér grein fyrir því fyrir löngu síðan hversu alvarleg staðan væri og hversu flókið og erfitt væri við þetta allt saman að eiga. Að koma hér enn og aftur og segja að staðan hafi verið svo erfið að þetta muni taka einhvern tíma til viðbótar hefur afskaplega lítið upp á sig, ég tala nú ekki um þegar vantar algjörlega allar lausnir. Enn og aftur birtist það sérkennilega hugarfar ríkisstjórnarinnar að hún virðist raunverulega telja að hún sé búin að leggja til lausnir sem dugi.

Er ríkisstjórnin búin að kynna hagsmunasamtökum eða heimilunum þessa niðurstöðu, búin að útskýra fyrir þeim að þetta sé líklega allt saman misskilningur hjá þeim að staða heimilanna sé slík að þær lausnir sem ríkisstjórnin hefur boðið upp á nægi ekki? Hefur henni kannski ekki tekist nógu vel að ná til fjölmiðla, eins og hér var til umræðu, til að útskýra að ríkisstjórnin hafi í raun brugðist við ástandinu? Eða getur verið að ríkisstjórnin geri sér ekki grein fyrir því sem nánast allir aðrir í samfélaginu eru búnir að gera sér grein fyrir? Það eru engar lausnir, það er ekki búið að bjóða upp á neinar lausnir sem geta tekið á þeim vanda sem ríkisstjórnin viðurkennir þó annað veifið að sé til staðar.

Hversu mikill er þessi vandi? Í fyrstu skýrslu Olivers Wymans frá því í janúar — sú skýrsla hefur reyndar ekki verið birt enn þá og hvað þá uppfærða útgáfan — segir að núverandi staða Íslands í efnahagsmálum sé alvarlegri en nokkur krísa sem þjóð hefur staðið frammi fyrir frá því í kreppunni miklu — nokkur þjóð nokkurn tíma. Það þarf því ekki fleiri ræður frá ríkisstjórninni um að staðan sé alvarleg, það gera sér allir grein fyrir því. Við erum að bíða eftir upplýsingum um hvaða lausnir þessi ríkisstjórn hefur upp á að bjóða og þær birtast ekki.

Jú, menn finna upp ýmsa skemmtilega auglýsingafrasa eins og „velferðarbrú“. Svo kynnir maður sér hvað þessi velferðarbrú er, allt saman frestunaraðgerðir, aðgerðir til að fresta vandanum þangað til að eftir nokkur ár þegar ástandið verður orðið svo miklu betra er hægt að borga upp öll vandræðin. Raunar talar forsætisráðherra nú í samræmi við þessa stefnu þegar hún segir að gert sé ráð fyrir því að eftir nokkur ár verði hagvöxtur svo og svo mikill. Ekki er útskýrt hvers vegna það gerist, hvers vegna hagvöxtur verður miklu meiri eftir ár en núna. Það eru engar líkur til þess að nokkur hagvöxtur verði ef ekki er gripið inn í vegna þess að hér er farin af stað keðjuverkun sem leiðir til enn aukins atvinnuleysis. Og aukið atvinnuleysi dregur áfram úr neyslu í samfélaginu, fleiri fyrirtæki fara í þrot, skatttekjur minnka og enn fleiri verða atvinnulausir. Hvernig á þetta á endanum að leiða til aukins hagvaxtar?

Verði ekki gripið inn í með róttækum aðgerðum sem snúa þessari þróun við, koma efnahagslífinu í gang, verður ekki aukinn hagvöxtur hér eftir eitt ár eða tvö ár eða þrjú ár. Þá höldum við bara áfram á þessari leið og veruleg hætta er á því að stór hluti þjóðarinnar sjái ekki annan kost en að flytja úr landi. Við höfum reyndar nefnt að atvinnuleysi hefði aðeins dregist saman í maí, hins vegar hefur það ekki dregist saman nærri því jafnhratt og það gerir yfirleitt á þessum árstíma og hvergi nærri nóg til þess að mæta þeim mikla fjölda fólks sem kemur út á atvinnumarkaðinn þegar skólunum lýkur.

Hvað með verðbólguna? Jú, ríkisstjórnin nefnir að verðbólgan sé að minnka og af hverju er það? Það er hætt að blæða vegna þess að blóðið er allt búið. Það er allt að þorna upp í hagkerfi Íslands þannig að það á enginn peninga lengur til þess að halda uppi nokkurri verðbólgu. Það sem þó hefur verið að þróast í rétta átt gerir það vegna þess að það getur ekki orðið verra.

Hér hefur mikið verið fjallað um mikilvægi þess að endurreisa fjármálakerfið. Það hefur þessi ríkisstjórn talað um frá upphafi. Hæstv. forsætisráðherra ræddi það í viðtali við *Morgunblaðið* 18. apríl, minnir mig, og sagði þá að nú sæi fyrir endann á endurreisn fjármálakerfisins, þeirri vinnu væri að ljúka og að búið að fá til þess ágæta menn eins og títtnefndan Mats Josefsson. Hefur eitthvað gerst í þeim efnum, er staðan eitthvað önnur núna? Nú er talað um júlí. Ætli það verði ekki þannig í júlí að okkur verði kynnt sú niðurstaða að þetta hafi reynst ívið flóknara en menn höfðu gert sér grein fyrir og muni taka aðeins lengri tíma?

Er ekki vandinn bara sá að ríkisstjórnin þorir ekki að taka af skarið varðandi nokkurn skapaðan hlut, þorir ekki í þær róttæku aðgerðir sem þarf að fara í? Enda er rétt að hafa í huga hvers vegna Mats Josefsson sá ekki lengur ástæðu til þess að vinna með þessari ríkisstjórn og vildi helst komast heim til sín? Ástæðan var sú að hann taldi vanta áætlanir um það hvernig taka ætti á vandanum. Látum vera með aðgerðirnar sjálfar en Mats Josefsson benti á að þessi ríkisstjórn hefði ekki komið áætlanirnar sem þyrfti. Ríkisstjórnin sem telur sig sérhæfa sig í áætlanagerð var ekki einu sinni komin með áætlanir um hvernig endurreisa ætti bankakerfið, hvað þá að farin væri af stað nauðsynleg vinna við að framkvæma það. Mats Josefsson var því nánast búinn að hrökklast úr landi þegar tókst að halda í hann og eins gott því að ef þessi maður, sem er norrænn maður, sænskur meira að segja, hefur ekki skilning á þessari norrænu velferðarpælingu eða norrænni samræðustjórnmálataktík ríkisstjórnarinnar, hver ætti þá að hafa það? Við skulum vona að ríkisstjórninni takist að halda í Mats og að hann geti aðstoðað hana því að ekki veitir af.

Endurreisn fjármálakerfisins miðar mjög lítið áfram en þó er rétt að taka fram að eitt af því sem forsætisráðherra sagði um þessa mikilvægu endurreisn fjármálakerfisins, sem við getum öll verið sammála um að sé nauðsynleg til þess að hér fái þrifist atvinnulíf, er alveg hárrétt: Við þurfum að vinna af meiri krafti en nokkru sinni að endurreisn fjármálakerfisins, það get ég tekið undir. Ég held að þessi ríkisstjórn þurfi að vinna af meiri krafti en nokkru sinni að öllum þeim málum sem henni hafa verið falin því að við getum ekki haldið áfram á þessari braut, haldið hér fleiri fundi og heyrt sama upplesturinn enn eina ferðina um hvað ástandið sé nú erfitt og að vinnan hafi tekið ívið lengri tíma en gert var ráð fyrir á síðasta fundi. Nú þurfum við að fá að heyra lausnirnar.

[16:25]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti, hv. þingmenn. Við höfum hlustað hér á ræðu hæstv. forsætisráðherra um horfur í efnahagsmálum og þær eru ekki góðar. Það voru í sjálfu sér engar nýjar fréttir. Þjóðin stendur frammi fyrir, eins og komið hefur fram, einhverju stærsta efnahagsvandamáli sem nokkur þjóð hefur staðið frammi fyrir kannski fyrir utan þær þjóðir sem þurftu að rísa úr öskustó síðari heimsstyrjaldar í Evrópu á 5. áratugnum.

Það er ekki auðhlaupið að því að leiðrétta það sem er að hér, en það sem ég saknaði í máli forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra eru einhverjar forsendur fyrir þessum efnahagsbata sem ég tel að standist ekki. Ein af þeim forsendum er einhvers konar stöðugleiki sem á að komast á gjaldmiðilinn og við höfum heyrt það í nokkuð margar vikur og nokkra mánuði að allt lagist þegar stöðugleiki kemst á í gjaldmiðilsmálum. Þeir sem nenna að hugsa um málið hafa lengi vitað að krónan er ónýtur gjaldmiðill og hún verður það þangað til skipt verður um gjaldmiðil í þessu landi. Hún skoppar upp og niður á einhverjum prísum sem enginn ræður við. Hér er komin í gang önnur peningamaskína fjármálamanna sem leika sér með íslenskt hagkerfi og íslensk peningamál eins og þeim sé alveg sama um land og þjóð. Nú selja eigendur svokallaðra jöklabréfa, sem fjármálaráðherra vill ekki upplýsa hverjir eru, vaxtatekjur sínar fyrir evrur sem þeir fara með úr landi, kaupa evrur á 175 kr. stykkið, selja þær á gengi evrópska seðlabankans, á gengi sem íslensk stjórnvöld vilja meina að sé svartamarkaðsgengi, fá þar 220–230 kr. fyrir hverja evru og koma með þá peninga aftur heim til Íslands.

Hvers konar stöðugleiki á eiginlega að skapast í svona umhverfi og hvers konar fyrirbæri eru hér á ferð sem ekki má stöðva? Hvers vegna má ekki stöðva svona hluti? Getur einhver selt mér jöklabréf? Þau eru bara ávísun á auðæfi. Hvers vegna eru ekki settir háir skattar á þessa fjármagnsflutninga úr landi til þess að stöðva þá? Ég átta mig ekki á því hvers vegna ríkisstjórnin bregst ekki við svona málum og hvers vegna hún bregst ekki við vanda heimilanna t.d. með því að lækka höfuðstól lána. Það mundi að vísu koma aðeins við kaunin á fjármagnseigendum en í augum þessarar ríkisstjórnar eru þeir heilagar kýr og má ekki ræða það að færa verðtryggingu húsnæðislána aðeins niður til þess að leiðrétta hækkun sem hvort eð er hefði ekki orðið nema vegna efnahagsóstjórnar íslenskra ríkisstjórna.

Skuldastaða ríkisins hefur ekki verið rædd og það liggur ekki fyrir hver hún er. Verið er að tala um nettóskuldir út og suður og þá eru settar fram einhverjar ævintýralegar pælingar um hvaða eignir gætu hugsanlega komið á móti. Það er aldrei hægt að ræða um skuldir af þessu tagi með þeim hætti sem gert er. Það veit enginn hverjar þær eignir eru, það veit enginn hvað fæst fyrir þær, það veit enginn hvort hægt er að selja þær. Sumar þeirra renna út eftir einhver ár og enginn veit lengur hvort þau fyrirtæki sem gefið hafa út þau bréf verða lengur til staðar. Ef tryggingarnar á bak við hluta af Icesave-dæminu eru svona góðar, hvers vegna taka þá ekki bresk stjórnvöld þær tryggingar gildar?

Hvað er í gangi með Icesave-deiluna? Við vorum á fundi í gær, fólk úr Borgarahreyfingunni, með mönnum sem komið hafa að Icesave-samningaviðræðunum og það voru ekki fagrar lýsingar sem við fengum á þeim fundi. Þar eru í gangi alls konar tengsl úti um allt í endurreisnaráætlun íslenskra stjórnvalda og ESB-aðilarviðræðum íslenskra stjórnvalda, m.a. það sem komið hefur fram áður, að Íslendingar verða að axla allar Icesave-skuldbindingarnar ef þeir eiga að fá aðgang að Evrópusambandinu. Verið er að velta skuldum fjárglæframanna yfir á almenning í stórum stíl og það er ósanngjarnt, það er óréttlátt og það á ekki að gera. Ég hafna því sem venjulegur borgari og skattgreiðandi í þessu landi að þurfa að taka þátt í því að borga þetta niður sjálfur og ég skora á ríkisstjórnina að grípa til aðgerða í þeim málum.

Hér hafa komið fram upplýsingar, sem ég hef líka heyrt annars staðar frá að séu réttar, að annar áfangi lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hangi á þeirri sömu spýtu að Íslendingar axli ábyrgð á öllum Icesave-skuldbindingunum. Það hafa líka komið fram upplýsingar á fundum okkar um að það verði að fara að drífa í þessu og ganga frá Icesave-málinu sem fyrst vegna þess að Landsvirkjun sé að brenna inni með afborganir af lánum sínum en það eru einfaldlega ekki til peningar til þess.

Hér er allt of margt óljóst og það er ekki hægt að bjóða þingheimi upp á efnahagsumræðu þar sem ekki er tekið á þessum málum. Vandi heimilanna er slíkur að með sama áframhaldi verða í lok ársins 2009 28.500 heimili með neikvæða eiginfjárstöðu. Hvaða afgreiðslufólk í hvaða stofnunum ætlar að hjálpa þessu fólki öllu saman? Það er enginn mannskapur til þess, það eru engin úrræði til að hjálpa þessu fólki.

Annað atriði sem er náttúrlega gríðarlega mikilvægt snýr að þinginu sjálfu, hæstv. forseti, en það er forgangsröðun þingsins. Hér stendur yfir sumarþing vegna þess að það eru afbrigðilegar aðstæður uppi í íslensku samfélagi. Það varð hér efnahagshrun, það liggur mikið á að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hér er verið að raða inn stafla af þingmálum sem hafa ekkert með þessi mál að gera í stað þess að leyfa forgangsmálum og nauðsynlegu málum að koma hér inn til afgreiðslu, senda þau til nefnda og leyfa þeim að vinna af viti. Ganga í það að klára þessi mál og senda þingið einfaldlega heim á meðan þannig að nefndirnar fái vinnufrið til að ljúka þessum málum með hraði. Í stað þess er hér dembt inn af hálfu ríkisstjórnarinnar a.m.k. 38 málum og kannski er von á fleirum. Ég hef hlustað á umræðu um hugsanlega ferkantaðar marglyttur og rusl og guð má vita hvað. Mér er einfaldlega misboðið og ég veit að þjóðinni er líka misboðið. Hér ríkir neyðarástand og mér finnst að ríkisstjórnin verði að taka betur á málum.

Það vantar enn rannsókn á þeirri íslensku stjórnsýslu og þeim íslensku stofnunum, m.a. Seðlabanka Íslands sem skrúfaði einfaldlega frá krananum og tapaði 350 milljörðum á nánast einu bretti. Þar er ekki við einn mann að sakast sem heitir Davíð Oddsson, það er alveg á hreinu, og það er ekki hægt að láta sem svo að það sé allt klappað og klárt af því að hann er farinn. Í Seðlabankanum eru starfsmenn og sérfræðingar og heilt svið sem heitir fjármálastöðugleikasvið. Það var sett á stofn þegar ég starfaði í bankanum. Laun þeirra starfsmanna voru það há að það þurfti að hækka laun bankastjóranna til þess að þeir yrðu ekki lág-

launastarfsmenn í samanburði við nýju starfsmenn þessa fjármálastöðugleikasviðs. Hvað gerði fjármálastöðugleikasvið, hvar voru starfsmennirnir? Hvaða ráð gáfu þeir í aðdraganda hrunsins? Ég vil bara fá að vita það og ég tel að það þurfi að upplýsa, hæstv. ráðherra.

Til hvaða aðgerða greip fjármálaráðuneytið í aðdraganda hrunsins? Hvers vegna var almenningur ekki upplýstur um þetta mál? Það er kannski rúsínan í pylsuendanum að farið var með það sem mannsmorð.

Hér er risavaxinn vandi sem stjórnsýslan og stjórnvöld á Íslandi ráða að mínu mati ekki við. Það þarf að stíga nokkur skref aftur á bak og draga andann og hugsa málið upp á nýtt. Og það þarf að fá hingað fleiri menn eins og Mats Josefsson til þess að aðstoða Ísland og Íslendinga við að endurskipuleggja efnahagsstarfsemina og hagkerfið. Ef það verður ekki gert er ég hræddur um að við endum á enn verri stað en við erum á í dag og að mínu mati stefnum við þangað hraðbyri, ekki síst þegar höfð er í huga forgangsröðunin á þessu þingi.

[16:35]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það er að mörgu leyti viðeigandi að við minnumst hér 80 ára afmælis Sjálfstæðisflokksins með því að líta yfir rústirnar í íslensku efnahagslífi. Þó að endurreisnin gangi hægt gengur hún í rétta átt og það er furðulegt að formaður Sjálfstæðisflokksins skuli reyna að slökkva von hjá fólki og grafa undan trúverðugleika samstarfs okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það liggur einfaldlega fyrir af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í fréttatilkynningum frá sendinefnd sjóðsins frá því í marsmánuði að hér gengur allt í grófum dráttum eftir þeirri áætlun sem sett var. Í yfirlýsingum fulltrúans hér á landi í síðasta mánuði kom fram að hér gengi vel að fylgja eftir áætlunum og þess mætti vænta að hjól efnahagslífsins færu að snúast áður en allt of langt um liði. Yfirlýsingar og hræðsluáróður formanns Sjálfstæðisflokksins á þessum fundi eru einfaldlega í mótsögn við fyrri yfirlýsingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. (**Gripið fram í:** … borga fyrir afborgunina?)

Ég gagnrýni það vegna þess að hv. þm. Bjarni Benediktsson og aðrir sjálfstæðismenn átta sig þó á mikilvægi samstarfs okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem ýmsir aðrir stjórnmálaflokkar á Alþingi virðast ekki gera. Sjálfstæðisflokkurinn man eins og ég þann tíma í vetur þegar engin þjóð í heiminum, að undanskildum Færeyingum, var tilbúin til að fjármagna hugmyndir okkar og rekstur öðruvísi en með aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við eigum þess vegna að vita að það samstarf er gríðarlega mikilvægt þó að við förum auðvitað áfram með sjálfsforræði í efnahagslegu tilliti. Sjóðurinn gerir hins vegar auðvitað þá kröfu að hér séu trúverðugar áætlanir í efnahagsmálum og að þeim sé framfylgt. Því miður er enn ýmislegt í efnahagsmálum okkar háð óvissu. Ýmsar stærðir liggja enn ekki fyrir og þarf að vinna úr.

Þeir sem ráðast að sjóðnum og gera honum upp ýmiss konar annarlegar ætlanir og það að ganga beinlínis gegn hagsmunum Íslendinga ættu að hafa í huga að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er ekki staddur á Íslandi að eigin ósk. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vildi fyrst og fremst vera laus við það að þurfa að sinna þeim erfiðu verkefnum sem hér eru og geta einbeitt sér betur að þeim fjölmörgu öðrum erfiðu verkefnum sem hann glímir við á alþjóðavettvangi. Þannig er það hins vegar ekki, ástandið hér er þannig að á því þarf að taka og sjóðurinn vinnur að því að leysa úr þeim gríðarlegu erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir, samkvæmt opinberri áætlun sem menn geta einfaldlega lesið sér til um á vefnum. Að þeirri áætlun vinnur ríkisstjórnin líka og það starf hefur að mörgu leyti gengið mjög vel. Þar er m.a. brýnt að við endurreisum trúverðugleika okkar á alþjóðavettvangi. Hluti af því er þetta farsæla samstarf en líka það að við náum að ljúka viðræðum um Icesave-málin vegna þess að auðvitað er trúverðugleiki okkar á alþjóðavettvangi þar undir um hvort okkur tekst að leiða þau erfiðu deiluefni farsællega til lykta fyrir íslenskt þjóðarbú og fyrir samstarf okkar við aðrar þjóðir.

Hér mun líka mikið álitamál koma fyrir Alþingi, hvort við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Umfjöllun okkar á þessu vorþingi og afgreiðsla á því máli getur haft veruleg áhrif á trúverðugleika okkar á alþjóðavettvangi. Ef meiri hluti næst í þinginu getum við sent heiminum þau skilaboð að hér sé þjóð sem hefur vissulega orðið fyrir miklu áfalli en tekið þá ákvörðun að kanna til hlítar hvaða kostir henni bjóðast í alþjóðlegri samvinnu og um framtíð í efnahagslegu tilliti og hyggist leggja niðurstöður þess í dóm þjóðarinnar. Ég held að það væri eitt af mikilvægustu skrefunum sem við gætum stigið á þessu vorþingi.

Hitt blasir líka við okkur, að hér þarf að taka á ríkisfjármálum. Það sýnir sig að rétt eins og við vanmetum iðulega tekjurnar þegar hagvöxtur er mikill virðist okkur líka hætta til þess að ofmeta þær þegar samdráttur verður. Hér þarf að grípa til verulegs niðurskurðar í ríkisfjármálum. Það er fagnaðarefni að heyra hversu viljug stjórnarandstaðan er til að ganga í það verkefni með ríkisstjórninni. Ég vísa því á bug að það ætti að vera (Forseti hringir.) búið að ráðast í þær aðgerðir því að það verðum við að gera í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins í (Forseti hringir.) þeirri vinnu að efnahagslegum stöðugleika sem fram fer á þeirra vegum (Forseti hringir.) og í samráði þeirra við stjórnvöld og ljúka á núna í júníbyrjun.

[16:40]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla ekki að ræða sérstaklega skýrslu hæstv. forsætisráðherra. Hún var frekar innihaldsrýr. Ég vildi gjarnan koma inn á það sem hæstv. fjármálaráðherra sagði um nauðsyn þess að taka á fjárlagahallanum. Því er ég og minn flokkur algerlega sammála og ég vona að við getum átt gott samstarf við hæstv. fjármálaráðherra um það verkefni og þá með því að einbeita okkur að því að gera velferðarkerfið skilvirkara og líka að huga að öðrum leiðum en endilega skattahækkunum sem ekki er heldur niðurskurður.

Ég ætla þó að byrja á því að ræða um heimilin, stöðu þeirra og hvernig við leysum vandann. Við verðum að byrja á því að minnka atvinnuleysið. Það er stærsti vandi heimilanna og það er það sem við þurfum að einbeita okkur að. Það gerum við með því að nýta orkulindir þjóðarinnar í botn og þótt öllum líki það kannski ekki hjá Vinstri græn-

um eða öðrum þurfum við að byggja álver sem fyrst til að skapa störf. Hafi einhverjir aðrir önnur störf er það allt í lagi. Þá komum við með þau líka. Ekki veitir af. Komið bara með sem flest störf. Við þurfum að skapa betra umhverfi fyrirtækja. Eins og ég segi þurfum við álver við Helguvík, gagnaver og hvalveiðar, nýsköpun og menntun. Öllu þessu þurfum við að taka með opnum huga.

Síðan þurfum við að bæta umhverfi fyrirtækjanna og virkja atvinnulausa sem reyndar hefur verið gert með góðum árangri með hlutaatvinnuleysi sem er mjög merkileg tilraun.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ályktað um skuldavanda heimilanna, að það eigi að gefa öllum kost á því að lækka greiðslubyrðina um 50% í þau þrjú ár sem eru til umræðu þegar vandi heimilanna er sem mestur.

Síðan þurfum við að gera velferðina skilvirkari eins og ég gat um. Ég var í nefnd sem fjallaði um greiðsluþátttöku í heilbrigðiskerfinu. Þar er dæmi um það hvernig hægt er að gera kerfið miklu einfaldara og réttlátara, og um leið skilvirkara fyrir þjóðfélagið.

Við getum ekki talað um fjölskyldurnar án þess að ræða um lífeyrissjóðina. Þeir eru núna að skerða lífeyri og þótt þingmenn hafi valið sér besta lífeyrissjóð landsins til að ganga í fyrir stuttu verðum við að taka á vanda lífeyrissjóðanna. Þeir standa frammi fyrir þeim vanda, til viðbótar þessum, að eiga í deilum við bankakerfið um gjaldmiðilsreikninga. Það þarf að leysa það mál sem allra fyrst og setja í gegn.

Fyrir fyrirtækin, sem eru samofin stöðu heimilanna eins og hér kom fram, þurfum við að lækka stýrivexti. Það hefur margoft verið nefnt. Ég held að við þurfum að sannfæra Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðra um það að háir stýrivextir halda ekki þessum krónubréfum á Íslandi. Stíflan lekur og við verðum að horfast í augu við það og segja við okkur sjálf: Háir stýrivextir hafa ekki hjálpað til. Við skulum lækka þá, a.m.k. svo að við séum ekki með svo óskaplega háa raunvexti eins og eru í dag.

Við þurfum að aflétta gjaldeyrishöftum eins fljótt og mögulegt er. Til þess þarf að uppfylla ákveðnar forsendur eins og hér er nefnt. Þar þarf stjórnarandstaðan að vinna með ríkisstjórninni.

Varðandi atvinnulífið þurfum við að koma á gegnsæi hlutafélaga. Það er reyndar mál nr. 6 á dagskrá í dag, þingsályktunartillaga frá mér um að taka upp nýtt form hlutafélaga sem er gegnsætt eignarhald. Við þurfum helst að skipuleggja fjármálakerfið með lánardrottnum. Ef okkur tekst að ná þeim einstæða möguleika að semja við lánardrottna um endurskipulagningu njótum við strax betri vaxtakjara úti í heimi. Þetta er mjög mikilvægt þó að menn hafi ekki horft mikið á það.

Síðan þurfum við að breyta greiðslustöðvun og gjaldþrotaferli og taka upp svokallaða Lundúnaleið sem viðheldur verðmætum í gjaldþrota fyrirtækjum, þekkingu á stjórnun og þekkingu starfsmanna.

Ég tek undir með hv. þm. Þór Saari, mér líkar ekki hvernig kröftum Alþingis er dreift í þessari stöðu. Við erum í mjög alvarlegri stöðu og þá fara menn að tala um að sækja um aðild að Evrópusambandinu, eyða miklum dýrmætum tíma í það sem breytir engu til skamms tíma fyrir heimilin og fyrirtækin og gerir ekkert annað en að dreifa kröftum.

Ég legg til að hæstv. fjármálaráðherra og öll hæstv. ríkisstjórn leiti til stjórnarandstöðunnar um lausnir á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir og ég er alveg tilbúinn til að vinna með ríkisstjórninni að því að finna lausnir á vandanum.

[16:45]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Eins og hæstv. forsætisráðherra rakti áðan hafa horfur í efnahagsmálum aldrei verið jafndökkar og núna við endalok frjálshyggjunnar á Íslandi. Heilt bankakerfi hefur hrunið og gengi krónunnar fallið meira en fordæmi eru fyrir. Fjármagnsauður landsmanna hefur þurrkast út og gjaldþrot blasir nú við fjölda fyrirtækja og heimila.

Það sorglega við stöðuna í dag er að það hefði mátt koma í veg fyrir banka- og gjaldeyriskreppuna ef aðeins hefði verið vilji til að læra af mistökum annarra þjóða. Frá 1970–2007 lentu 42 lönd í nákvæmlega sömu aðstæðum og við erum í í dag. Í þessum aðstæðum lentu þau lönd eftir að hafa aukið frelsi í bankaviðskiptum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn áætlar að kostnaður skattgreiðenda af fjármálakreppu nemi um 10% af vergri landsframleiðslu. Tilraun íslenskra stjórnvalda til að koma hér á óheftum markaðsbúskap mundi kosta skattgreiðendur um 146 milljarða kr. Það er sú upphæð sem ríkið mun innheimta á þessu ári í virðisaukaskatt og á að duga til að fjármagna útgjöld til félags- og tryggingamála auk menntamála að stórum hluta.

Frú forseti. Endurreisnin sem bíður nýrrar ríkisstjórnar er eitt umfangsmesta og mikilvægasta verkefni stjórnvalda frá því að grunnur var lagður að sjálfstæðu efnahagslífi hér á landi. Í skiptum fyrir lán á bankabók í New York hafa stjórnvöld skuldbundið sig til að fara eftir efnahagsstefnu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem felur m.a. í sér hátt vaxtastig til að ná fram fjármálastöðugleika. Hátt vaxtastig hefur dýpkað fjármálakreppuna á Íslandi og tafið fyrir endurreisn bankakerfisins. Nýju bankarnir geta t.d. ekki birt efnahagsreikninga sína þar sem rekstur þeirra er ekki lífvænlegur á meðan vextir af innlánum hér á landi eru hærri en vextir á eignum þeirra erlendis. Lækki vextir ekki á næstunni verður ríkisstjórnin einfaldlega að afþakka efnahagsráðgjöf Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að forða þjóðinni frá gjaldþroti. Óþarfi er að bíða í mörg ár eftir aðild að Evrópusambandinu til að ná fram vaxtalækkun hér á landi, ríkisbankarnir geta einfaldlega tekið ákvörðun um að lækka vexti niður í 5% eða til samræmis við vaxtastig í öðrum löndum.

Á útrásartímabilinu jókst ójöfnuður meira hér á landi en annars staðar í Evrópu, m.a. vegna skattalækkana og rýrnunar skattleysismarka og vaxtabóta. Það voru því margir sem ekki nutu góðs af góðærinu og reyndu að bæta sér það upp með lántöku. Skuldsett heimili þurfa nú að taka á sig auknar byrðar í réttu hlutfalli við skuldastöðu þeirra. Hins vegar voru fyrstu aðgerðir stjórnvalda eftir bankahrunið þær að vernda fyrst og fremst hagsmuni fjármagnseigenda. Bankainnstæður voru tryggðar að fullu og eignir í peningamarkaðssjóðum ofmetnar. Þessar aðgerðir kostuðu skattgreiðendur mikið fé en urðu til þess að margir héldu ótrauð-

ir áfram að eiga innstæður á bankareikningum. Átta mánuðum eftir hrunið eru engin áform uppi um að jafna betur skuldabyrðar fjármálakreppunnar þrátt fyrir að eftirspurn í hagkerfinu hafi hrunið vegna kjararýrnunar og aukinnar greiðslubyrði. Íslenskt samfélag virðist því enn fast í gildrum útrásarinnar sem birtast m.a. í skoðunum eins og að hver sé sinnar ógæfu smiður. Gremja og reiði fer því vaxandi meðal þeirra sem misst hafa vinnuna, eru gjaldþrota og að kikna undir skuldabyrðinni.

Frú forseti. Ríkisstjórnin verður að grípa til aðgerða sem tryggja efnahagslega og félagslega velferð til að afstýra upplausn í samfélaginu. Efnahagsstöðugleiki tryggir ekki endilega velferð því að honum er hægt að ná með bæði miklu og litlu atvinnuleysi.

Þegar einkabankarnir hrundu var Ísland í hópi 10 ríkustu þjóða heims og atvinnuþátttaka mest hér á landi samanborið við önnur OECD-lönd. Á Íslandi er því meira svigrúm til að jafna vinnu, tekjum og skuldum en í flestum öðrum löndum sem farið hafa (Forseti hringir.) í gegnum fjármálakreppu.

[16:51]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra hefur nú flutt okkur skýrslu um efnahagsmál og enn á ný er ekkert að frétta. Það er hreinlega ekkert að gerast. Aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar er slíkt að samkvæmt fréttum í morgun hótaði formaður nefndar um endurreisn fjármálakerfisins, Sviinn Mats Josefsson, að segja af sér vegna hægagangs stjórnvalda. Hann tók þannig undir málflutning stjórnarandstöðunnar.

Stefnuleysið í málefnum bankanna hefur m.a. kristallast í ótrúlegu kennitöluflakki fyrirtækja á samkeppnismarkaði, niðurfellingu milljarðaskulda til vildarvina og annarra tilviljanakenndra aðgerða sem ekki hafa orðið til þess að auka traust almennings á stjórnvöldum og fjármálakerfinu. Traust sem verður að ríkja eigi að takast að endurreisa fjármálakerfið á Íslandi.

Tugum ef ekki hundruðum milljarða hefur verið varið til að verja innstæður á innlánsreikningum og í peningamarkaðssjóðum á meðan almenningur hefur horft upp á heimili sín fuðra upp á verðtryggingarbáli og í gengishruni. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur þannig slegið skjaldborg um fjármagnseigendur í landinu á meðan heimilin fá ekkert annað en lengra reipi til að hengja sig í.

Ráðherrar og þingmenn ríkisstjórnarinnar hafa gengið svo langt í vörnum fyrir þetta aðgerðaleysi sitt að benda á að ríkisstjórnin sé bara rétt tveggja vikna gömul og það taki tíma að koma á koppinn öllum þeim mikilvægu málum sem hún hefur áform um. Það er eins og þessir þingmenn gleymi því að ríkisstjórnin hefur nú starfað í nærri fjóra mánuði og stór hluti hennar hefur verið við stjórnvölinn í á þriðja ár. Það er ekki eins og þetta fólk hafi verið að setjast í ráðherrastólana í fyrsta sinn í síðustu viku.

Hæstv. forsætisráðherra hefur setið í ríkisstjórn í á þriðja ár, sömuleiðis samgönguráðherra og ekki má gleyma utanríkisráðherra. En stundum er eins og við séum að fást við einhverja umskiptinga í ráðherrastólunum. Minna má á orð Ögmundar Jónassonar, núverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, sem sagði á heimasíðu sinni í janúar síðastliðnum þegar þáverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins taldi óráðlegt að veita almenningi aðgang að upplýsingum endurskoðunarfyrirtækja um málefni bankanna, með leyfi forseta:

„Bíðum við. Almenningur á að borga en fær ekki að vita neitt um svindlið og svínaríið. Var ekki verið að tala um gagnsæi? Auðvitað á að birta þetta allt saman strax og það á netinu. Eru yfirvöld að egna þjóðina til uppreisnar?“

Þessar upplýsingar liggja enn í dulkóðuðu herbergi í ráðuneyti samflokksmanns hæstv. heilbrigðisráðherra og munu væntanlega ekki líta dagsins ljós fyrr en seint og síðan meir, ef nokkurn tímann. Gagnsæið lifði því ekki af umskiptin úr stjórnarandstöðu í ráðherrastól. Og þegar almenningur tekur sig svo aftur til og mótmælir aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar og býðst til að endurvekja búsáhaldabyltinguna uppsker hann ekkert annað en formælingar og fyrirlitningu frá flokksblaði VG á netinu.

Á sama hátt hefur hæstv. forsætisráðherra áratugum saman gengist upp í ímynd sinni sem málsvari almennings gegn auðvaldinu. Því datt manni ekki annað í hug en að í stefnuræðu hennar í síðustu viku hefði læðst meinleg villa er hún sagði, með leyfi forseta: „Við megum ekki láta hagsmuni fárra víkja fyrir hagsmunum margra.“ Kannski var þetta bara það sem kalla má freudískt mismæli. Að minnsta kosti benda aðgerðir ríkisstjórnarinnar ekki til annars. Nær allar hennar aðgerðir miða að því að bjarga fjármagnseigendum og ekki er horft í kostnaðinn þegar þeir eru annars vegar. Þegar kemur að almenningi fá fjölskyldurnar enga aðstoð fyrr en þær eru komnar í þrot og þegar svo er komið bíða svipugöng félagslega kerfisins, tilsjónarmanna, skiptastjóra og nafnabirtingar í Lögbirtingablaðinu.

Nú eru liðnir níu mánuðir frá hruninu mikla og fjórir mánuðir frá því að ríkisstjórn Samfylkingar og VG tók við völdum og hvað hefur ríkisstjórnin gert síðan þá? Harla lítið. Hún stærir sig af miklum fjölda mála sem hún býst til að leggja fram á sumarþingi. Væntanlega brýn mál sem snerta hagsmuni heimilanna í landinu. Þetta eru brýn mál á borð við frumvarp vegna flutnings verkefna á milli ráðuneyta, frumvarp um persónukjör, frumvarp um aðild starfsmanna við samruna hlutafélaga yfir landamæri, frumvarp um heilbrigðisstéttir, frumvarp um hvali, frumvarp um erfðabreyttar lífverur og svo síðast en ekki síst þarf að fjalla um meðhöndlun úrgangs og úrvinnslugjald. Og svo að sjálfsögðu Evrópusambandsaðild, töfralausn Samfylkingarinnar á efnahagsvanda þjóðarinnar.

Það má vel vera að aðildarumsókn að Evrópusambandinu verði hluti þeirra aðgerða sem grípa verður til svo við náum að rétta úr kútnum en sú þráhyggja sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru haldnir í því máli er beinlínis hættuleg þjóðinni. Að sumarþingið eigi að snúast um blauta drauma Samfylkingarinnar um skilyrðislausa innlimun í Evrópusambandið í stað almennra aðgerða til lausna á vanda heimilanna í landinu er einhver sú stærsta smjörklípa sem þjóðin hefur augum (Forseti hringir.) litið og þjóðin mun sjá í gegnum hana.

[16:56]

Þráinn Bertelsson (Bhr):

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra flutti okkur efnahagsskýrslu, nýjustu fréttir frá ríkisstjórninni og

ástandið er mjög dapurlegt að mjög mörgu leyti. Klifað hefur verið á því af hálfu stjórnarinnar að við stöndum frammi fyrir stórkostlegum erfiðleikum, að vandamálin séu mörg og stórkostleg. Þegar kemur að lausnunum dregur úr stórkostlegheitunum. Þær lausnir sem hefur verið minnst á þykja mér fulllitlar og ganga of stutt miðað við hina stórkostlegu erfiðleika sem allir sjá að eru fram undan hjá okkur.

Hæstv. forsætisráðherra sagði eitthvað á þá leið að fylgst verði grannt með þeim hópum sem verst standa. Gott og vel. Ég sperrti eyrun þegar ég heyrði þessa setningu en lagði svo kollhúfur þegar lengra kom í ræðunni og viðbótin kom, að það væri að vísu ekki hægt að hjálpa þeim sem verst standa heldur þurfi að líta á heildarmyndina. Þetta eru fræði sem ég á mjög erfitt með að skilja. Þetta eru fræðin um manninn sem situr með hausinn í ísboxi og lappirnar í heitum hver og hefur að meðaltali nokkuð gott hitastig.

Það er sagt að maður eigi ekki að gagnrýna án þess að koma með svör. Svör liggja á borðinu, svör við því hvernig hægt er með stórmannlegum hætti að koma til móts við þá sem verst standa. Það eru þeir sem verst standa sem við þurfum að hafa áhyggjurnar af því að hinir pluma sig sennilega lifandi í gegnum kreppuna.

Samkvæmt starfshópi frá Seðlabanka Íslands birtist sú niðurstaða í marsmánuði síðastliðnum að 42% íslenskra heimila væru með neikvæða eða afar þrönga eiginfjárstöðu um síðustu áramót. Þetta þykja mér vera umtalsverð vandamál ef 42% íslenskra heimila eru í mjög erfiðum málum fjárhagslega. Mér finnst vandamál af þessari stærðargráðu krefjast meiri aðgerða en svonefndrar greiðslujöfnunar sem á mannamáli eru kölluð teygjulán. Greiðsluaðlögunar sem á mannamáli heitir nauðasamningur eða bómullargjaldþrot. Við þurfum á því að halda að hér séu leiðréttingar umfram það sem úthrópað er með stórkostlegum lofsyrðum frá ríkisstjórninni, að vaxtabætur geti orðið 25 þús. kall á familíu. Þær aðgerðir sem boðaðar eru eru að mínu viti svo hlálegar við svo sorglegar aðstæður að þær mundu kallast grátbroslegar.

Ég spyr á móti: Hvað kostar að gera ekki neitt? Skotið hefur verið á að það að færa vísitöluna aftur til 1. janúar 2008 og færa gjaldeyrislán yfir í krónur miðað við svipaðan tíma séu aðgerðir sem kosti kannski um 250 milljarða. Ég spyr á móti: Hvað kostar ung fjölskylda sem flyst úr landi? Hvað þurfum við margar ungar fjölskyldur? Hvað þurfum við að sjá margar ungar fjölskyldur flytjast úr landi til að telja að við séum komin með ásættanlega upphæð upp í þessa 250 milljarða?

Ég bið ríkisstjórnina áður en hún kynnir mér næstu efnahagslausnir sínar að hugsa til þess að ungur þingmaður úti í sal, þótt gamall sé að árum, situr og vonast til að heyra lausnir sem eru jafnstórkostlegar og vandinn.

[17:02]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Frú forseti. Íslenska efnahagshrunið er það stærsta meðal þróaðra hagkerfa. Hrunið átti sér langan aðdraganda glannaskapar, vanþekkingar og ábyrgðarleysis. Það verða allir að viðurkenna nú. Að sama skapi mun það taka tíma og þolinmæði að vinna okkur út úr vandanum.

Í nýafstaðinni kosningabaráttu lá stefna ríkisstjórnarinnar ljós fyrir. Almenn niðurfelling skulda heimila og fyrirtækja er ekki á dagskrá, heldur skal leita allra leiða til að aðstoða þá verst settu og gera fólki kleift að búa áfram í húsnæði sínu eftir megni. Til að ná þessu markmiði hefur ríkisstjórnin komið mörgum atriðum í framkvæmd, allt frá frystingu lána til hækkunar vaxtabóta.

Fyrir utan Framsóknarflokkinn og Borgarahreyfinguna boðaði enginn flokkur almenna niðurfærslu skulda. Talsmenn þessara flokka geta því ekki komið í þingsal eftir kosningar og kvartað yfir því að ríkisstjórnin sé ekki að framkvæma þeirra stefnu. Sú stefna fékk ekki brautargengi í nýafstöðnum kosningum.

Vissulega lýstu einstaka frambjóðendur og flokksmenn í öllum flokkum yfir áhuga á niðurfærslu í einhverri mynd og sú umræða mun halda áfram. Hún verður að taka mið af þrennu. Í fyrsta lagi þarf niðurfærslan að vera réttlát. Í öðru lagi þarf að ríkja sátt um niðurstöðuna og í þriðja lagi verður þjóðin að hafa efni á slíkri niðurfærslu.

Talsmönnum almennrar niðurfærslu skulda hefur því miður ekki tekist að uppfylla neina af þessum kröfum, hvað sem síðar verður. Ríkisstjórnin mun fylgjast grannt með stöðu heimilanna eins og boðað er í stjórnarsáttmálanum og grípa til viðeigandi úrræða.

Hæstv. forseti. Stjórnmálamenn verða að tala af hreinskilni við þjóðina. Engin efnahagsaðgerð getur komið í veg fyrir eignarýrnun og tekjutap. Verri lífskjör til lengri tíma eru óhjákvæmileg afleiðing hruns bankakerfisins og íslensku krónunnar. Það er hin dapurlega staðreynd.

Við þær aðstæður sem nú ríkja er samstaða þjóðarinnar rík nauðsyn. Atvinnuleysi er meira en þjóðin hefur kynnst um áratugaskeið og okkur ber skylda til að tryggja velferð atvinnulausra. Í þeim niðurskurði á ríkisfjármálum sem fram undan er verðum við að sýna samstöðu til að tryggja grunnþjónustu og réttláta skattheimtu. Síðast en ekki síst hefur ríkisstjórnin hafið samstarf við aðila vinnumarkaðarins um gerð stöðugleikasáttmála.

Endurreisn bankakerfisins er án efa mikilvægasta verkefni stjórnvalda um þessar mundir. Það mál hefur reynst flóknara og erfiðara en gert var ráð fyrir, en vonir standa til að þeirri vinnu ljúki sem fyrst. Til að endurvekja traust á íslensku fjármálakerfi verður að tryggja sjálfbæran rekstur bankanna, hugsanlega með endurskipulagningu, auk þess sem ljóst má vera að lykilstjórnendur bankanna og fulltrúar í skilanefndum verða að vera trúverðugir fulltrúar almannahagsmuna.

Virðulegi forseti. Hruni bankakerfisins fylgdi hrun íslensku krónunnar. Við verðum að búa við íslensku krónuna enn um sinn þó að lág gengisskráning, háir vextir og gjaldeyrishöft segi sitt um hversu lífvænlegt ástand það er til framtíðar. Í þessu ljósi verður að skoða umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Í umsókn felst mikilvæg framtíðarsýn, vegvísir út úr ógöngum efnahags- og peningastefnu síðustu ára. Slík framtíðarsýn mundi án vafa skjóta styrkari stoðum undir íslenskt atvinnulíf og auka traust og trúverðugleika landsins á erlendum vettvangi.

Aðild að Evrópusambandinu er engin allsherjarlausn á vandamálum okkar. Enginn hefur haldið slíku fram nema andstæðingar aðildar. Rómantísk fjallasýn og dásömun á

afrekum forfeðranna mun ekki leysa okkar erfiðu mál. Norska krónan er ekki í boði og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun ekki redda okkur evru. Einhliða upptaka dollars er hættuspil. Flóttanum er lokið, valkostirnir eru áframhaldandi króna eða upptaka evru með aðild að Evrópusambandinu.

[17:06]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Fyrir mér og flestum á Íslandi blasir ástand efnahagsmála einhvern veginn svona við:

Atvinnulausir eru nú orðnir um 19.000 og stöðugt bætist í hópinn. Vanskil heimila og fyrirtækja aukast jafnt og þétt. Fleiri og fleiri fyrirtæki verða gjaldþrota. Gengi íslensku krónunnar veikist stöðugt. Ísland býr við gjaldeyrishöft, eitt fárra ríkja í heiminum. Raunstýrivextir Seðlabanka Íslands eru nú 8% en samt býr landið við verðhjöðnun. Bankar tapa 8–10 milljörðum kr. á mánuði vegna vaxtaójafnvægis sem m.a. er til komið vegna hárra stýrivaxta Seðlabankans. Greiðslur til þýskra innstæðueigenda í Edge-reikningum Kaupþings eru í uppnámi. Breytingar sem gerðar voru á lögum um fjármálafyrirtæki gera það að verkum að ekki er hægt að standa við gerða samninga við Þjóðverja. Stofnefnahagur bankanna er í uppnámi. Nefnd um hvernig leysa skuli vandamálin með gjaldeyrisjöfnuð bankanna hefur verið að störfum síðan í þarsíðustu ríkisstjórn. Ekkert gengur að leysa Icesave-deiluna. Landsbankinn er enn undir hryðjuverkalögum. Greiðslur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tefjast stöðugt.

Sænski bankasérfræðingurinn hótaði að segja starfi sínu lausu fyrir helgi vegna óánægju sinnar með það hversu hægt gengi að koma hlutum í verk. Skuldir ríkissjóðs virðist vera óþekkt stærð og ekki er vitað hvernig afborgunum og vaxtagreiðslum verður háttað í framtíðinni. Algjör óvissa ríkir um hvernig á að taka á ríkisfjármálum. Sjávarútvegurinn hefur verið settur í algjört uppnám með áætlunum um innköllun veiðiheimilda. Fólk er aftur byrjað að safnast saman á Austurvelli.

Annars virðist bara allt ganga þokkalega. (**Utanrrh.:** Eins og þegar þú varst efnahagsráðgjafi?) [Hlátur í þingsal.] Já, efnahagsráðgjafi þinn, Össur. Mundu það. (Forseti hringir.) Við erum að fara að ræða frumvarp um fjölbreytileika lífvera og meðferð úrgangs og embættismenn eru að fara í sumarfrí. Þegar þeir koma aftur úr fríi bíður þeirra það verkefni að hefja samninga við Evrópusambandið sem munu standa næstu 1–2 árin.

Virðulegi forseti. Þetta er hinn rauðgræni veruleiki.

[17:09]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Þegar við ræðum hér efnahagshorfur fram undan skulum við horfa sérstaklega til stöðu landsbyggðarinnar í því samhengi. Þar hefur víða verið neikvæður hagvöxtur í fjölda ára og mikil varnarbarátta háð. Þegar byggingarframkvæmdir stóðu sem hæst á höfuðborgarsvæðinu allt fram á síðasta ár leit út fyrir að verið væri að undirbúa áframhaldandi stórbúferlaflutninga af landsbyggðinni, svo blint var ráðist í byggingu íbúðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæðis langt umfram þörf.

Það verður líka að segja eins og er að bankar og viðkomandi sveitarfélög sýndu litla ábyrgð með aðkomu sinni í því offramboði húsnæðis sem allt stefndi í. Blind græðgi og fyrirhyggjuleysi rak opinbera jafnt sem einkaaðila áfram á þessari vegferð, enda er komið á daginn að fjölda lóða hefur verið skilað, húsnæði stendur autt og ekki hefði þurft fjármálakreppu til að svona færi.

Eftir á að hyggja má það teljast lán í óláni hversu lítil veðhæfni eigna er víða á landsbyggðinni ef horft er til þess hve mikil ásókn bankastofnana var á síðustu árum í að bjóða fólki lán með ýmsum gylliboðum sem helltu þar með olíu á eldinn í einkaneyslunni. Skilja mátti að aldrei kæmi að skuldadögunum en annað átti eftir að koma í ljós. Yfirskuldsetning margra heimila og fyrirtækja er staðreynd sem bætist á aðrar efnahagshremmingar landsmanna.

Við sem byggjum landsbyggðina höfum horft upp á verðlækkun eigna okkar og atvinnuleysi sem hefur verið falið vegna flutninga fólks sem misst hefur vinnuna og flust þangað sem þenslan hefur ríkt. Nú þegar við þjóðinni blasir niðurskurður og aukin skattlagning svo reisa megi efnahag þjóðarinnar við að nýju eftir kaldar krumlur hins kapítalíska markaðskerfis verður að taka mið af því þegar byrðunum verður dreift að hlífa þeim sem minnst mega sín og því fólki sem lægst launin hefur og taka til greina hvaða efnahagsástand landsbyggðin hefur mátt búa við undanfarin ár.

Nú skulum við líta til landsbyggðarinnar sem stórkostlegs tækifæris til sóknar og gjaldeyrissköpunar. Þar höfum við mikla möguleika í sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu, greinum sem verður að skjóta styrkari stoðum undir. Það verður að verja þau mikilvægu störf sem þar eru unnin og skapa þjóðinni mikinn gjaldeyri sem allt snýst um á þessum síðustu og verstu tímum. Íslendingar virðast vera vel meðvitaðir um nauðsyn þess að spara gjaldeyri og hyggjast ferðast mikið innan lands í sumar sem er mjög mikilvægt og ánægjulegt fyrir ferðaþjónustu í landinu. Í öllum þeim erfiðleikum sem þjóðin stendur frammi fyrir verðum við að horfa til þess hve lífvænlegt land Ísland er í raun með allan sinn mannauð, orkulindir og gjöful fiskimið, öfluga matvælaframleiðslu, hátækniiðnað, góða heilbrigðisþjónustu og hátt menntunarstig.

Við höfum alla burði til að koma okkur í gegnum þessa kreppu með þeim dugnaði og elju sem þjóð okkar býr yfir, en það skiptir líka öllu máli að ganga ekki það bratt fram í niðurskurði á innviðum samfélagsins að næsta kynslóð þurfi að endurreisa velferðarkerfið. Þó svo að við viljum ekki láta komandi kynslóðir taka við skuldaklöfum megum við ekki brjóta niður þá velferðar- og grunnþjónustu sem byggst hefur upp á löngum tíma.

Landsbyggðin hefur mikla möguleika á að sækja fram til atvinnusköpunar og verður þar að horfa til styrkingar innviða samfélaganna. Þar skipta bættar samgöngur miklu máli ásamt afhendingaröryggi í raforku og fjarskiptum. Fjölbreyttir menntunarmöguleikar og öflug menningarstarfsemi er landsbyggðinni nauðsynlegt í allri uppbyggingu.

Ég tel landsbyggðina vannýtta auðlind sem við eigum að nýta sem best til sóknar, hvort sem um ræðir auðlindir okkar til lands og sjávar eða hugvit sem virkjað er til nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Þess vegna má það aldrei vera svo að við skerum það mikið niður í grunnþjónustu

samfélagsins og í þeim atvinnugreinum sem við ætlum okkur að nýta sem best til að vinna okkur í gegnum þessa erfiðleika að við étum okkur niður í ekki neitt.

Það má víða skera niður í bruðli og óhófi sem viðgengist hefur jafnt í opinbera geiranum sem einkageiranum. En munum að stór hluti landsmanna og landsbyggðarinnar hefur ekki möguleika á að spara meira. Þar er botninum náð fyrir löngu síðan.

[17:15]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Við þurfum að hefjast handa strax, sagði hæstv. fjármálaráðherra í umræðunni áðan, og það mætti ætla að þar hefði talað ráðherra sem nýlega væri sestur í ríkisstjórn. Staðreyndin er þó sú að ríkisstjórn sem hér situr er orðin 100 daga og það er ákall frá almenningi í landinu að við sjáum róttækar aðgerðir í efnahagsmálum. Að öllu óbreyttu stefnir í að 28.500 heimili verði komin í greiðsluþrot undir árslok. Ef við tökum mið af vísitölufjölskyldunni mun það snerta rúmlega 100.000 Íslendinga. Það þarf að grípa til aðgerða. Við framsóknarmenn sáum það í febrúarmánuði að til slíkra aðgerða þurfti að grípa og lögðum fram tillögu til þingsályktunar í 18 liðum þar sem við báðum ríkisstjórnina að koma í lið með okkur til að koma til móts við skuldug heimili og fyrirtæki í landinu því að ef það yrði ekki gert yrði staðan mögulega svo slæm að við gætum ekki stöðvað mjög skelfilega þróun hér á landi.

Við hljótum að líta til þess, frú forseti, hvað gerðist m.a. hjá frændum okkar Færeyingum í upphafi 10. áratugarins þegar hátt í þriðji hver einstaklingur á aldrinum 25–45 ára fór úr landi. Á Íslandi eru 90.000 einstaklingar á þessu árabili og eiga 90.000 afkomendur. Þetta er sá fjöldi fólks sem mun fyrst setja niður í ferðatöskurnar og leita sér að nýjum atvinnutækifærum verði þau ekki til staðar hér á landi.

Sá sem hér stendur er hluti af skuldugustu kynslóð Íslandssögunnar og okkur á vettvangi Alþingis ber skylda til þess að skapa væntingar hjá þessari kynslóð því að það er jú hún sem mun fyrst og síðast koma að því að greiða þennan stærsta víxil alls lýðveldistímans sem blasir við okkur. Hvað þurfum við að gera til að snúa úr vörn í sókn? Við þurfum að skapa trúverðugleika. Við þurfum að vera með trúverðugleika í ríkisfjármálum og ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort það standi virkilega ekki til hjá þessari ríkisstjórn að leggja fram fjáraukalagafrumvarp á sumarþinginu í ljósi þess að það blasir við okkur öllum að forsendur fjárlaga standast ekki.

Til að mynda var gert ráð fyrir því að innflutningur á bílum drægist saman um 15% vegna fjárlaga ársins 2009. Hver er staðreyndin? Innflutningur á bílum hefur dregist saman um 90% á þessu ári. Það eru 40% tollar á innflutningi á bílum fyrir utan það að 24,5% virðisaukaskattur leggst á við hverja sölu. Það er alveg ljóst að tekjuhlið fjárlaga er gjörsamlega brostin. Við þurfum líka að spyrja okkur hvernig standi á því að stýrivextir sem þessi ríkisstjórn boðaði að yrðu 2–3% við árslok skuli núna, þegar við erum komin fram á mitt ár, vera 13%. Hvaða atvinnulíf og hvaða heimili stendur til lengdar undir því að greiða þessa himinháu vexti? Kannski aðallega sú kynslóð sem er á aldrinum 25–45 ára.

Til hvers er ætlast af okkur núna á sumarþingi? Á laugardaginn komu saman á Austurvelli 800 manns og þar ákölluðu raddir fólksins þessa ríkisstjórn um að hún réðist í einhverjar raunverulegar aðgerðir til að koma í veg fyrir að alvarlegt kerfishrun blasi við okkur öllum.

Okkur til upprifjunar, höfum við ekki upplifað það að raddir fólksins hafi áður komið saman á Austurvelli og beðið um aðgerðir? Jú. Ég segi hér að ætli ríkisstjórnin að fljóta sofandi að feigðarósi með algjöru aðgerðaleysi vegna skuldugustu kynslóðar Íslandssögunnar, sem er unga fólkið í dag, og algjöru aðgerðaleysi gagnvart íslensku atvinnulífi er því miður ekki von á góðu í samfélaginu.

Ríkisstjórnin hefur rétt út hönd, beðið okkur í stjórnarandstöðunni að fara með í þessa vegferð og spurt hvað við getum gert til að breyta þeirri stöðu sem blasir við. Ég vil þá byrja á því að biðja hæstv. ríkisstjórn að horfa til þess sem aðrir en menn úr þeirra eigin flokkum leggja til því að við þurfum að standa saman. Því miður er þó fátt sem þessi ríkisstjórn hefur sýnt á fyrstu dögum þessa þings um að hún ætli að iðka einhver samræðustjórnmál á vettvangi Alþingis.

[17:20]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Ég er enn að læra á þessi þingstörf. Ef ég skil þetta rétt báðu sjálfstæðismenn um skýrslu forsætisráðherra sem hér er til umfjöllunar. Hvar eru þeir? Mér finnst þeir sýna ótrúlega vanvirðingu að láta sig bara hverfa (**Gripið fram í:** … þingforseta?) (**Utanrrh.:** Enginn.) og mér finnst það ekki skipta neinu máli þótt þeir eigi afmæli.

Frú forseti. Ég óska hæstv. ríkisstjórn alls hins besta og ég vona svo sannarlega að henni takist með hjálp okkar og landsmanna allra að koma okkur á þurrt land. Í samfélaginu ríkir ólga og óeining því að fólki finnst það misrétti beitt. Það er satt. Við erum með ónýtan gjaldmiðil, eignir okkar hríðfalla í verði, skuldirnar vaxa og það er ekki útlit fyrir að það breytist neitt á næstunni. Á sama tíma á að minnka gífurlegan fjárlagahalla með því að blóðmjólka fyrirtækin og fjölskyldurnar í landinu.

Hæstv. forsætisráðherra hefur í gegnum tíðina verið málsvari og verndari lítilmagnans í landinu og hef ég oft dáðst að eljusemi hennar, dugnaði og þrautseigju. Nú hef ég hins vegar mestar áhyggjur af því að hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórn hennar ætli að gera okkur öll að litla manninum með aðgerðaleysi og máttleysi og með því að hringsóla eins og köttur í kringum heitan graut og takast ekki á við vandamálin.

Vandamálið er risavaxið. Það er of stórt fyrir tvo flokka og hér þurfum við neyðarstjórn sérfræðinga. Við þurfum að kalla til okkar færasta fólk; fagmenn, sérfræðinga og útlendinga sem eru ekki fastir í neti fjölskyldubanda og vinatengsla. Það þarf mikilmenni til að viðurkenna að verkefnin geti verið fólki ofviða. Ríkisstjórnin getur ekki leyst þennan vanda, sérstaklega ekki með smáskammtalækningum þeirra sem eru úr takti við kröfur fyrirtækjanna í landinu sem eru að sligast undan okurvöxtum og heimilanna sem er að blæða út.

[17:22]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um efnahagsmálin. Ég verð að segja að ég hlustaði mjög grannt eftir því sem stjórnarandstaðan hafði fram að færa vegna þess að ég vil gjarnan að við eigum góða samvinnu við stjórnarandstöðuna í þeim gríðarlegu verkefnum sem fram undan eru. En ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum. Það var helst að það örlaði á lausnum í tali hv. 7. þm. Reykv. n., Péturs H. Blöndals, en upp úr öllum öðrum stóð bara að hér væri ekkert gert, hér væru engar lausnir o.s.frv. (**Gripið fram í:** Við … gagnrýni …)

Ég get tekið undir það sem fram kom hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni að viðfangsefnið er að endurreisa trúverðugleikann fyrir utan það að koma efnahagslífinu í gang og aðstoða heimilin. Til þess að endurreisa trúverðugleikann verðum við umfram allt að eiga góða samvinnu við þá aðila sem þó eru að aðstoða okkur, eiga góða samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og standa við skuldbindingar okkar. Það er það sem við erum að gera. Þess vegna var mjög sérkennilegt hjá einum hv. þingmanni þegar hann talaði eins og við hefðum skuldbundið okkur til að fara að efnahagsstefnu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við erum í samvinnu við sjóðinn og hann hlustar auðvitað á sjónarmið okkar og við á hans og svo komumst við að niðurstöðu í þeim áætlunum sem við vinnum eftir.

Ég tók líka eftir því að formaður Framsóknarflokksins talaði um að hann hefði enga trú á því að við mundum ná hér upp hagvextinum eins og ég talaði um í framsöguræðu minni. Ég hef fulla trúa á að við getum það. (**EyH:** Hvernig?) Við erum með margvíslegar aðgerðir í því skyni og ég hvet þingmenn Framsóknarflokksins til að lesa t.d. 100 daga áætlun þessarar ríkisstjórnar sem við höfum lagt fram þar (Gripið fram í.) sem í mörgum atriðum er farið inn á það hvernig við ætlum að fara í endurreisn á atvinnulífinu. Ég bið hv. þingmenn að vera ekki órólega, bið þá að lesa það sem við höfum hér fram að færa frekar en að tala um að ekki sé hægt að gera hlutina. Fólkið og þjóðin þarf síst á því að halda að það sé enginn vonarneisti um að hægt verði að koma atvinnulífinu í gang. (**BJJ:** Hvar eru þeir?)

Ég minni hv. þingmenn líka á þær 50 aðgerðir sem ríkisstjórnin fór í þegar hún var minnihlutastjórn og starfaði í 100 daga. Þar settum við í gang 6.000 störf sem er verið að vinna að og koma í framkvæmd. Þó að atvinnuleysið sé of hátt og sé um 16.000 manns núna eru þó 5.000 þeirra í hlutastörfum og ýmiss konar átaksverkefnum og þar munum við halda áfram. Stóru aðgerðirnar sem við erum að fara í að því er varðar efnahagsmálin — ég hef ekki tíma til að lesa það allt upp — sem er í þessari 100 daga áætlun okkar. Ég minni í því sambandi á að hverju einasta verkefni sem við ætluðum að hrinda í framkvæmd og fram kom í verkáætlun okkar í minnihlutastjórn var hrundið í framkvæmd. (Gripið fram í.) Það munum við einnig gera að því er varðar þessa 100 daga áætlun og ég bið þingmenn að fylgjast grannt með því.

Þar er t.d. grundvallaratriðið sá stöðugleikasáttmáli sem við viljum fara í með aðilum vinnumarkaðarins. Sú vinna er byrjuð og eftir smástund munum við, ég og formaður Vinstri grænna, hitta forustumenn aðila vinnumarkaðarins til að ræða hvernig við getum gengið í það risavaxna verkefni, m.a. til að aðstoða frekar heimilin og koma atvinnulífinu í gang. (Gripið fram í.)

Ég hef áhyggjur af því viðhorfi sem fram kom hjá formanni Sjálfstæðisflokksins þar sem hann talaði um að það væri alveg ómögulegt að breyta erlendum lánum í bönkunum í innlend lán á versta gengi. Ég bið menn að horfa á það hve brýnt er að taka á þeim óstöðugleika í gengismálum sem við búum við í bönkunum. Við erum ekki að tala um þvingaðar aðgerðir, við erum að vinna í aðgerðum í sátt við fólk. Nákvæmlega með hvaða hætti gengistryggðu lánunum verði breytt í krónur og hversu hratt það verður gert er ekki hægt að segja fyrir um á þessu stigi en að því verður unnið. Ég fullvissa hv. þingmenn um að það er mikilvægt, ekki síst fyrir einstaklingana og fyrirtækin, ekki síður en bankana, að taka á þessum gjaldeyrisójöfnuði sem er í bönkunum. (Gripið fram í.) Að því munum við vinna.

Margir tala um heimilin í landinu og tala eins og þessi ríkisstjórn sé ekkert að gera í þeim efnum og ekki að hugsa um heimilin en ég vil að lokum segja að við erum að því. Ég fullvissa hv. þingmenn um að á hverjum einasta degi förum við yfir stöðuna gagnvart heimilunum (Forseti hringir.) og metum á hvern hátt við getum komið frekar til móts við þau en við höfum gert. (Forseti hringir.) Við munum sjá í þessari viku niðurstöðu frá Seðlabankanum og við munum þá fara yfir það (Forseti hringir.) hvernig við getum gert betur í þeim efnum, eins og við munum gera líka að því er varðar bæði heimilin og atvinnulífið (Forseti hringir.) og að koma efnahagslífinu í gang á nýjan leik.

Umræðu lokið.

[17:28]

Útbýting:

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 35. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 35.

Íslenska undanþáguákvæðið, 41. mál, fsp. VigH, þskj. 41.

Krónubréf, 40. mál, fsp. SER, þskj. 40.

Meðferð einkamála, 32. mál, frv. ÁI o.fl., þskj. 32.

Samningsveð, 39. mál, frv. LMós o.fl., þskj. 39.

Stjórn fiskveiða, 34. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 34.

Hlutafélög og einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 15. mál (einföldun reglna við samruna og skiptingu, EES-reglur). — Þskj. 15.

Enginn tók til máls.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, 1. umr.

Stjfrv., 13. mál (EES-reglur). — Þskj. 13.

[17:30]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum á þskj. 13, 13. mál, vegna innleiðingar á tilskipun 2005/29/EB, um óréttmæta viðskiptahætti. Frumvarpið er endurflutt nú en er efnislega óbreytt frá síðasta þingi. Það felur í sér innleiðingu á 16. gr. tilskipunarinnar og lýkur þannig innleiðingu hennar. Tilskipunin var að mestu leyti innleidd með breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og tóku gildi 7. júní 2008.

Í frumvarpinu eru lagðar til tæknilegar breytingar á tvennum lögum á sviði neytendaréttar. Breytingarnar varða tilvísanir til tilskipana sem þegar hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með viðeigandi lagasetningu. Þær voru teknar upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 92/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á XIX. viðauka við EES-samninginn um neytendavernd. Hér á eftir geri ég stutta grein fyrir þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér.

Með innleiðingu á 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar sem hér um ræðir felst að breyta þarf lítillega 1. gr. laga nr. 56/2007, um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, en með þeim lögum var veitt lagagildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd). Eftir samþykkt breytinga á lögunum mun viðauki við framangreinda reglugerð 2006/2004/EB ekki lengur hafa lagagildi og yrði hann því ekki birtur sem fylgiskjal með framangreindum lögum nr. 56/2007. Viðaukinn geymir upptalningu á ákveðnum EES-gerðum á sviði neytendamála sem þegar hafa verið innleiddar og yrði tilvísun til gerða samkvæmt framansögðu því eftirleiðis á reglugerðarformi.

Til þess að innleiða 1. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar þarf að breyta tilvísun til tilskipunar Evrópusambandsins í 1. tölulið 1. gr. laga nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda. Nú er í 1. gr. 1. töluliðar vísað til tilskipunar ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar. Eftir samþykkt þessa lagafrumvarps verður hins vegar vísað til tilskipunar 2005/29/EB frá 11. maí 2005, um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðinum, þar sem ákvæði um villandi auglýsingar eru innleidd í V. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Nauðsynlegt er að gera þessa breytingu þar sem tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti felur í sér breytingar á ákvæðum tilskipunar 84/450/EB, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar til frekari umfjöllunar.

[17:33]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef mikinn áhuga á að fá að heyra frekar frá hæstv. viðskiptaráðherra af því að þarna er verið að tala um tilskipun frá Evrópusambandinu um óréttmæta viðskiptahætti. Það hefur komið fram hjá talsmanni neytenda að hann telur að þau gengistryggðu lán sem boðið hefur verið upp á á íslenskum fjármálamarkaði hafi hugsanlega verið ólögleg og hef ég velt því fyrir mér hvort þessi löggjöf gæti þá tekið á þessu. Ég hef líka velt því fyrir mér hvort þessi löggjöf, og þá hugsanlega mikilvægu reglugerðarbreytingarnar sem verið er að tala um, gæti líka tekið á þeim hugmyndum sem hæstv. ráðherra ræddi sjálfur í fréttum RÚV. Hann ræddi um það að hann ætlaði að læsa inni gríðarlegt gengistap lántakenda með því að færa lán úr íslenskum krónum yfir í erlenda mynt og leysa þar með rekstrarvanda ríkisbankanna — hvort við getum þá kannski vonast til þess að Evrópusambandið bjargi okkur frá þeim óréttmætu viðskiptaháttum sem verið er að boða frá viðskiptaráðuneytinu.

[17:35]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrirspurnina. Það er rétt að geta þess að ef réttarágreiningur ríkir um lögmæti erlendra lána sem íslenskir bankar hafa veitt er rétt að úr því verði skorið fyrir dómstólum. Ég get sjálfur ekki skorið úr um það.s

Að öðru leyti er það vissulega rétt að fram hefur komið að ákveðinn vandi er hjá íslenskum bönkum vegna þess að þeir eru með meiri erlendar eignir en erlendar kröfur og á móti meiri kröfur í innlendum myntum sem bera háa vexti. Það er eitt af þeim vandamálum sem þarf að leysa áður en bankarnir verða að fullu starfhæfir og hægt er að skilja að fullu milli gömlu og nýju bankanna. Ég hef hins vegar aldrei látið í ljós að það eigi að gera með því að læsa lántakendur inni á óhagstæðu gengi eða með öðrum hætti brjóta á hagsmunum þeirra. Ef lánum verður breytt úr erlendri mynt í krónur þá verður það að vera gert með samningum sem báðir aðilar sjá sér hag í. Annað væri augljóst brot á eignarréttarákvæðum stjórnarskrár.

[17:36]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég velti fyrir mér hvort túlka megi orð hæstv. ráðherra í ræðustóli á þann veg að hann sé að taka undir hugmyndir okkar framsóknarmanna um að fara þurfi í leiðréttingu á gengistryggðum lánum og þá í gegnum samningaviðræður við lántakendur og fjármálastofnunina sjálfa. Mér finnst skipta mjög miklu máli að við þingmenn finnum það eins og þjóðin að þau mál sem við erum að ræða á Alþingi skipti einhverju máli fyrir þá stöðu sem er í íslensku efnahagslífi. Ég ítreka og spyr enn á ný hvort það geti verið að ráðherra sé að taka undir fyrirspurn mína um að hugsanlega geti verið um óréttmæta viðskiptahætti að ræða og ástæða sé til að fara í þá leiðréttingu sem við framsóknarmenn höfum verið að tala fyrir.

[17:37]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sérstaklega að taka afstöðu til hugmynda framsóknarmanna í þessu máli. Ég hef bent á og tel það skynsamlega leið að þegar fyrirtæki sem því miður þurfa allt of mörg að fara í gegnum það sem kallað er fjárhagsleg endurskipulagning þar sem eigendur færa niður allt sitt hlutafé eða annað eigið fé og fyrirtækin eru færð í hendur annarra sem leggja til nýtt eigið fé og fá þau í hendur með skuldum að einhverju leyti færðum niður þá verði það gert þannig að skuldirnar verði í krónum þegar komið er út úr þessu ferli. Það tel ég vera einfalda og eðlilega aðgerð. Með því er ekki á nokkurn hátt verið að þvinga fyrri eigendur eða tilvonandi eigendur til að sætta sig við annað en það að fá fyrirtæki með skuldum sem það getur væntanlega staðið undir að væntingum bæði bankans og nýrra eigenda og þær skuldir séu í íslenskri mynt.

[17:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég ætla örstutt að blanda mér í umræðu um þetta mál sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur mælt fyrir og var reyndar lagt fram á síðasta þingi en var þá ekki útrætt eða afgreitt. Hér er um að ræða mál sem á rætur að rekja til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, tilskipun sem hér er verið að innleiða. Í 3. gr. segir: „Lög þessi fela í sér innleiðingu á 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2005/29 frá 11. maí 2005“ o.s.frv.

Það sem ég vil aðallega velta upp í þessari umræðu og gera að umtalsefni er í sjálfu sér ekki efni þessarar tilskipunar heldur það með hvaða hætti þetta mál ber að Alþingi.

Að undanförnu hefur orðið talsverð umræða um það hvernig standa eigi að innleiðingu á tilskipunum frá Evrópusambandinu. Það gerist alloft að hingað koma lagafrumvörp sem fela í sér innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins og jafnframt í sumum tilvikum að fallið sé frá hinum stjórnskipulega fyrirvara sem gerður er á vissum sviðum við tilskipanir Evrópusambandsins.

Það er alveg ljóst að í þeim vinnureglum sem settar voru á Alþingi 1994, sem því miður hefur ekki verið fylgt nægilega vel eftir, á að taka inn tilskipanir fyrst í formi þingsályktunartillagna sem fara til umfjöllunar í utanríkismálanefnd áður en þær koma í lagafrumvarpi frá tilteknum ráðherra og fara þá til umfjöllunar í viðkomandi fagnefnd. Þannig hagar því til um þetta mál eftir því sem ég fæ best séð, og hæstv. ráðherra leiðréttir það þá ef ég fer rangt með, að það hefur ekki fengið umfjöllun sem tilskipun á vettvangi utanríkismálanefndar. Ég tel að það sé bagalegt vegna þess að það er hin almenna regla sem á að vera höfð í heiðri. Og það er ekki bragur á því að taka á þessum tilskipunum með því að setja þær beint inn í lagatexta þannig að löggjafarvaldið hafi aldrei í raun tekið afstöðu til þess hvort beri að taka viðkomandi mál inn og veita því lagagildi fyrr en málið kemur tilbúið sem lagafrumvarp.

Þessa umræðu höfum við tekið alloft að undanförnu og þessi sjónarmið hafa verið uppi og fyrir liggur hjá forsætisnefnd Alþingis tillaga um sérstakar reglur um þinglega meðferð svokallaðra EES-mála þar sem tekin eru af öll tvímæli um þetta fyrirkomulag.

Í 1. gr. er t.d. sagt, með leyfi forseta: „Viðskiptaráðherra skal í reglugerð kveða á um að viðauki við reglugerð samkvæmt 1. mgr. og breytingar á honum sem innleiða á skuli hafa reglugerðargildi hér á landi.“

Þá vaknar sú spurning hvort með þessu sé verið að veita ráðherra, framkvæmdarvaldinu, heimild til að láta reglugerð í raun og veru hafa lagagildi hér á landi, þ.e. að gera breytingar sem eðli málsins samkvæmt ættu að vera í lagaformi, láta þær öðlast gildi með reglugerð. Það þýðir væntanlega að ef Evrópusambandið gerir breytingar á viðkomandi tilskipun þá koma þær breytingar ekki inn sem breytingar á lögum heldur öðlast lagagildi hér með reglugerð. Þetta tel ég að sé vond latína, standist varla og ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort þetta sé réttur skilningur hjá mér. Í athugasemd við 1. gr. segir síðan, með leyfi forseta:

„Það er því til mikils hægðarauka að breyta lögunum með þessum hætti enda þarf þá ekki að taka upp breytingar í lögin í hvert skipti sem breytingar eru gerðar á viðauka tilskipunarinnar“ — þ.e. það er þægilegt fyrir framkvæmdarvaldið að þurfa ekki að fara með lagabreytingar fyrir Alþingi heldur ákveða þær með reglugerð, þetta er stysta leiðin. Mér sýnist að verið sé að pakka þessu í þann búning að þessi mál geti gengið hratt og örugglega fyrir sig og verið sé að kippa einum millilið út úr lagasetningarferlinu og sá milliliður sé Alþingi sjálft, þ.e. löggjafarvaldið. Þetta finnst mér eiginlega ekki ganga og ég vil þess vegna inna hæstv. viðskiptaráðherra eftir því hvort þetta sé réttur skilningur hjá mér eða hvort ég sé að misskilja málið svona herfilega. Ef svo er væri gott að fá það fram í þessari umræðu. Að öðrum kosti tel ég fullt tilefni til þess fyrir hv. viðskiptanefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, að skoða þennan þátt málsins sérstaklega.

[17:44]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Minn skilningur er ekki sá sami og hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar. Að því er mér skilst felur þessi breyting það í sér að ákveðin upptalning á gerðum verður birt með þeim hætti sem tilgreint er í frumvarpinu en það breytir því ekki að efnisleg umfjöllun um viðkomandi tilskipanir verður áfram með sama hætti og áður þannig að ekki er verið að draga úr aðkomu íslenskra stjórnvalda, þings eða annarra, að því ferli.

[17:45]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir að upplýsa um sinn skilning í þessu máli. Ég vona að hann sé réttur en ég tel a.m.k. mikilvægt að nefndin gangi úr skugga um það með hvaða hætti hugsunin er að þetta gerist. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að lagasetningarvaldið geti ekki farið úr þessum sölum og yfir í reglugerðarform úr ráðuneytum. Eins og ég segi, ef það er misskilningur hjá mér, þessi skilningur sem ég gerði grein fyrir áðan, er ágætt að eyða honum og koma honum út úr heiminum. Ég hef samt fulla ástæðu til að óttast að það sé pínulítið til í því sem ég var að segja og þess vegna mælist ég til að nefndin fjalli um þetta sérstaklega, fái úr því skorið með óyggjandi hætti og láti álit sitt í ljós á þessu álitaefni í nefndaráliti.

[17:46]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Við erum að fjalla um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun 2005/29/EB, um óréttmæta viðskiptahætti. Eins og ég hef skilið það virðist það meira og minna snúast um að fá að setja reglugerð. Ég þakka líka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni kærlega fyrir þá ábendingu sem hann kom með til nefndarinnar varðandi það að nú sé unnið í að samhæfa meðferð tilskipana eða lagafrumvarpa sem varða EES-reglur. Ég held að það sé mjög gott að verið sé að vinna í þessu í upphafi nýs þings. Við erum ansi mörg sem höfum stutta þingreynslu og þá er mjög gott að fá ábendingu frá þeim sem hafa meiri reynslu en við flest. Þetta er nokkuð sem ég get fullyrt að ég mundi hafa miklar áhyggjur af, þ.e. að framkvæmdarvaldið reyndi að vinna í því að þurfa ekki alltaf að vesenast í því að hafa þingið með þegar þessar blessuðu tilskipanir koma frá Evrópusambandinu.

Ég hef gert athugasemdir við það áður að við bætum við setningum um reglugerð, reglugerð að undanskildum viðaukanum, og í c-lið bætist við ný málsgrein, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráðherra skal í reglugerð kveða á um að viðauki við reglugerð skv. 1. mgr. og breytingar á honum, sem innleiða á, skuli hafa reglugerðargildi hér á landi.“

Í II. kafla er talað um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og svo heldur þetta frumvarp svona áfram.

Mér finnst rosalega mikið áhyggjuefni að þegar við erum búin að ræða í tvo klukkutíma um það að við stöndum frammi fyrir verstu kreppu sem nokkurt þjóðríki hefur staðið frammi fyrir séum við að eyða tíma okkar í að ræða um reglugerðir og hvernig hægt sé að komast fram hjá þinginu eins og það hljómaði í ábendingu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, eins og hann bendir á í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Það er því til mikils hægðarauka að breyta lögunum með þessum hætti enda þarf þá ekki að taka upp breytingar í lögin í hvert skipti sem breytingar eru gerðar á viðauka tilskipunarinnar.“

Það er ekki eins og að ekki ættu að vera næg verkefni í viðskiptanefnd, undir þeim málaflokki sem varða viðskiptaráðuneytið, þegar við horfum fram á hrun á öllu fjármálakerfi landsins. Þegar ég sá þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar voru þar heilmörg mál sem ættu að taka á stöðunni sem við erum að horfa á í kringum okkur. Fólk er byrjað að mæta aftur á Austurvöll til að mótmæla að ekkert sé verið að gera en þarna er verið að benda á frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, breytingar á ýmsum hegðunar- og hæfisreglum í ljósi fjármálaáfallsins. Það er talað um heildarendurskoðun á þeim kafla laganna sem fjallar um sparisjóði. Það er enn á ný talað um lagafrumvarp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki — þetta er orðinn óskaplegur lagabálkur, þessi lög um fjármálafyrirtæki — sem varða heimildir skilanefnda og slitastjórna til útgreiðslu. Það var mál sem mikil vinna var lögð í fyrir kosningar. Það virðast hafa verið gerð leið mistök þannig að skilanefndir og sveitarstjórnir hafa í raun og veru ekki heimildir til að greiða út forgangskröfu þrátt fyrir loforð um annað. Ég hefði gjarnan viljað sjá þetta frumvarp koma fram strax í síðustu viku. Þegar fór að líða nær helginni og ég fór að fá neyðartölvupósta og neyðarsímtöl frá starfsmönnum fjármálastofnana og mér skildist að ekkert væri komið inn í þingið virtist þetta vera nokkuð sem viðskiptaráðuneytið var búið að hafa upplýsingar um í einhvern tíma, þ.e. að mistökin hefðu verið gerð. Ég hefði haldið að í því fríi sem var meðan samið var um þessa nýju norrænu velferðarstjórn hefði kannski verið tími í viðskiptaráðuneytinu til að smíða frumvarpið og leggja það fram strax á fyrstu dögum þingsins. Því miður var svo ekki þannig að við stöndum hérna og ræðum um reglugerðir frá EES.

Síðan er frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi. Mér skilst að það sé mikill lagabálkur og að mikil vinna þurfi að fara fram í honum, heildarendurskoðun á lögum um vátryggingastarfsemi. Þar er enn á ný ætlað að gera tillögur um innleiðingu á tilskipun um endurtryggingar í íslenskan rétt en eftir því sem ég kemst næst hefur það enn ekki verið lagt fram. Í staðinn erum við núna að fara að ræða um vörumerki, fleiri EES-reglur, og eins og er erum við að ræða um þessa svokölluðu óréttmætu viðskiptahætti. Ég verð að segja að þetta sýnir enn á ný af hverju við höfum svo miklar áhyggjur af forgangsröðinni hjá ríkisstjórninni, að ríkisstjórn sem er búin að sitja að völdum í 100 daga skuli ekki vera betur undirbúin þegar hún kemur til þings en þetta. Það er virkilega sorglegt.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

[17:52]

Útbýting:

Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri, 42. mál, fsp. EKG, þskj. 42.

Vörumerki, 1. umr.

Stjfrv., 16. mál (EES-reglur). — Þskj. 16.

[17:53]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum, máli nr. 16 á þskj. 16.

Með frumvarpi þessu, sem lagt er fram af viðskiptaráðherra og er nú endurflutt efnislega óbreytt, er lögð til sú breyting á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, að svokölluð tæming réttinda eða réttindaþurrð skv. 2. mgr. 6. gr. laganna verði bundin við Evrópska efnahagssvæðið í stað alþjóðlegrar tæmingar.

Í núgildandi ákvæði er ekki tekið fram með skýrum hætti að um alþjóðlega tæmingu sé að ræða. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna er hins vegar áréttað að tæming réttinda í íslenskum vörumerkjarétti hafi verið talin ná til heimsins alls. Ákvæði vörumerkjalaga um tæmingu réttinda hefur því verið túlkað á þann veg að hér á landi gildi alþjóðleg tæming. Samkvæmt dómi EFTA-dómstólsins 8. júlí 2008, í málum nr. E-9/07 og E-10/07,

L´Oréal Norge AS og L´Oréal SA gegn Per Aarskog AS, Nille AS og Smart Club AS, samræmist sú túlkun hins vegar ekki ákvæði vörumerkjatilskipunar 89/104/EBE eins og dómstóllinn túlkar það en tilskipunin er hluti EES-samningsins. Er því þörf breytinga á lagaákvæðinu.

Tæming vörumerkjaréttar byggir á þeim rétti sem vörumerkjarétthafi fær með skráningu vörumerkis samkvæmt 4. gr. laganna, þ.e. að banna öðrum notkun á vörumerki sínu í atvinnustarfsemi. Afnám alþjóðlegrar tæmingar hefur einkum einkaréttarleg áhrif. Hlutverk vörumerkja er að vera tæki í markaðssetningu og með innleiðingu svæðisbundinnar tæmingar fá rétthafar vörumerkja auknar heimildir til að stjórna markaðssetningu og koma í veg fyrir notkun sem fer í bága við vörumerkjarétt þeirra, t.d. samhliða innflutning. Alþjóðleg tæming réttinda hefur á hinn bóginn verið talin stuðla meira að frjálsri samkeppni og viðskiptafrelsi. Getur því svæðisbundin tæming haft í för með sér neikvæð áhrif fyrir neytendur, t.d. mismunandi verð og aðgengi að vöru á mörkuðum.

Hvað snertir tæmingu vörumerkjaréttar má að öðru leyti vísa til athugasemda með frumvarpi þessu. Í athugasemdunum er jafnframt vísað til ákvæða í 1. mgr. 2. gr. bókunar nr. 28 með EES-samningnum þess efnis að samningsaðilar skuli sjá til þess að tæming hugverkaréttar sé í samræmi við lög Evrópusambandsins að svo miklu leyti sem ráðstafanir þess eða réttarkerfi taki til tæmingar. Um túlkun ákvæðisins fari samkvæmt viðurkenndum skilningi í viðkomandi úrskurðum Evrópudómstólsins sem kveðnir hafa verið upp fyrir undirritun samningsins 1992, þó með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni. Jafnframt er þar vikið að dómaframkvæmd hjá Evrópudómstólnum og EFTA-dómstólnum. Vegna dómaframkvæmdarinnar er nauðsynlegt að setja lög sem snerta innleiðingu á 1. mgr. 7. gr. framangreindrar tilskipunar ráðsins 89/104/EB frá 21. desember 1988, um samræmingu á lögum aðildarríkja um vöru.

Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins telur að frumvarpið muni ekki hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til viðskiptanefndar og verði afgreitt hið fyrsta.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Hlutafélög með gegnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi, fyrri umr.

Þáltill. PHB o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

[17:57]

Flm. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samningu lagafrumvarps um nýja tegund hlutafélaga sem eru með gegnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi slíkra hlutafélaga. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Ragnheiður Elín Árnadóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson. Þingsályktunartillöguna er að finna á þskj. 5. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptanefnd að semja lagafrumvarp um gegnsæ hlutafélög. Markmið lagasetningarinnar verði að búa til tegund hlutafélaga sem eru með gegnsætt eignarhald, bæði gagnvart eigendum beint og óbeint og einnig gagnvart dótturfyrirtækjum beint og óbeint. Slíkum félögum verði bannað að lána til eða eiga í hlutafélögum sem eiga þau beint eða óbeint. Við samningu lagafrumvarps skal nefndin leita fulltingis sérfræðinga á sviðinu, endurskoðenda, lögfræðinga og hagfræðinga. Viðskiptanefnd skal stefna að því að leggja fram tilbúið frumvarp fyrir 1. febrúar nk. sem gæti tekið gildi 1. maí 2010.“

Frú forseti. Ég vil fyrst benda á að tillagan gerir ráð fyrir að fela viðskiptanefnd þingsins að semja frumvarp. Þetta er nýmæli og ég vildi gjarnan að meira yrði um það að þingnefndir þingsins semdu þau frumvörp sem verða að lögum frá Alþingi. Ég vildi jafnvel ganga lengra og segja að þingnefndir ættu að semja öll frumvörp sem Alþingi samþykkir sem lög. Ferlið ætti að vera það að ráðuneyti, einstakir þingmenn, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar gætu snúið sér til þingnefnda með beiðni um breytingar á lögum og þingnefndir tækju svo ákvörðun um það hvort þær vilja flytja um það mál eða ekki. Ef þær ákveða að flytja um það mál mundu þær fela nefndasviði Alþingis að semja frumvarp undir ritstjórn og handleiðslu nefndarmanna, þ.e. þingmanna í viðkomandi nefnd. Þetta yrði sú mesta breyting sem orðið gæti til að rjúfa það mikla ráðherra- og flokksræði sem er á Alþingi. Þessi hugmynd kviknaði eiginlega í kjölfar mótmælafundanna sem voru hér í haust og í vetur og er reyndar gamalt mál frá mér, mjög gamalt, en ég tel að þetta mundi svara því kalli að losa okkur undan ráðherra- og flokksræði. Af hverju flokksræði? Jú, vegna þess að í nefndum þingsins er stjórnarandstaðan líka og hún kæmi þá að því að semja viðkomandi mál.

Til þessa þarf enga lagabreytingu. Til þessa þarf enga stjórnarskrárbreytingu, eingöngu þyrfti að breyta verklagi. Hæstv. viðskiptaráðherra hefði t.d., með þau mál sem við ræddum rétt áðan, getað beint því til viðkomandi þingnefnda að semja þau frumvörp. Þá hefði sú spurning kannski ekki komið upp hvort þetta væri í samræmi við stjórnarskrána o.s.frv. Þá hefði þingnefndin sjálf kannað þau mál til hlítar og ráðuneytið getur þá verið upptekið af því að stjórna landinu í staðinn fyrir að vera að semja frumvörp. Ég held að þetta yrði mjög til bóta. Ég vildi bara benda á þetta, þetta eru ákveðin nýmæli.

Menn hafa bent á að það sé engin skylda nefnda að semja frumvörp. Það er vissulega rétt. En það er heldur ekki skylda ráðherra eða ríkisstjórnar að semja frumvörp eða gera eitt og annað sem Alþingi felur þeim að gera. Ef þeir ekki gera það, ráðherrarnir, þá spyr Alþingi: Af hverju er þessi þingsályktun ekki framkvæmd? Á nákvæmlega sama hátt gæti Alþingi spurt formann viðkomandi nefndar: Af hverju í ósköpunum hafið þið ekki samið frumvarpið sem við báðum ykkur að semja? Ef hann segir: Við nennum því ekki eða við viljum það ekki, kýs Alþingi nýja nefnd á viðkomandi sviði því að Alþingi kýs nefndina.

Þingsályktunartillaga var samin og flutt á síðasta þingi og fór umræðulaust til nefndar og það var gert í þeim tilgangi að ná fram umsögnum. Umsagnir bárust frá átta aðil-

um. Ein kom reyndar seinna eftir að þetta mál var lagt fram og er frá SA en er nokkuð í takt við aðrir umsagnir. Þeir benda á að svona nýtt form kynni að rugla útlendinga sem vildu fjárfesta á Íslandi. En ég hafði alltaf hugsað þetta sem viðbótarákvæði inn í hlutafélagalögin, þ.e. nákvæmlega eins og ohf.-félögin. Það er viðbótarákvæði í hlutafélagalögum, ákvæðið um opinber hlutafélög, og mjög auðvelt er að kynna sér þær breytingar sem eru til viðbótar. Menn vita þá hvaða skilyrði slík félög þyrftu að uppfylla og þegar menn hefðu lesið það og séð hvernig þau virka geri ég ráð fyrir að traust bæði fjárfesta og lánveitenda mundi aukast á þeim félögum sem væru gegnsæ hlutafélög. Það sem hefur brugðist undanfarið er einmitt það að eignarhaldið var ekki gegnsætt og stærstu hluthafarnir voru að lána sjálfum sér gífurlega peninga. Hver skyldi hafa blætt fyrir það aðrir en litli hluthafinn?

Tugir þúsunda Íslendinga eru illa brenndir í kjölfar þessa hruns. Um 43 þús. manns áttu í bönkunum þremur að meðaltali 3 millj. kr. hver. Það er kannski ekki stór upphæð en fyrir venjulegan launamann er þetta töluvert mikil upphæð. Af þessum 43 þús. aðilum eru 11 þús. aldraðir, þ.e. 64 ára og eldri, og þeir aðilar töpuðu líka að meðaltali 3 milljónum. Þetta er þriðjungur aldraðra sem er að tapa þarna 3 milljónum á bankahruninu, bara á einni viku. Þetta er gengið fyrir hrun og gengið eftir hrun sem var núll. Þetta er umtalsvert hrun á eignum og þetta hrun verður vegna þess að búið var að hola bankana að innan. Stærstu hluthafarnir voru búnir að hola þá að innan með lánveitingum til sjálfs sín, krosseignarhaldi og eignarhaldi þvers og kruss. Þetta frumvarp er sett fram til að sníða af þá agnúa og gera þá gersamlega ómögulega.

Einnig barst umsögn frá Félagi löggiltra endurskoðanda sem taldi ekki tilefni til sérstakrar umsagnar. Það finnst mér athyglisvert í ljósi þess að stærsti hluti bankakerfisins á Íslandi hrundi og keðjuverkandi gjaldþrot eru enn að dynja yfir. Maður hefði talið að tilefni væri til umsagnar hjá þeim aðilum sem endurskoðuðu öll þess fyrirtæki og eiga að endurskoða þau. Ég var gáttaður á þessari umsögn þeirra. Þeir hafa hvorki komið með aðrar betri lausnir til að hindra slíkt hrun aftur né aðgerðir til að endurreisa það traust sem farið er forgörðum. Það var aðallega traustið, frú forseti, sem fór forgörðum við þetta hrun. Þess vegna lána bankarnir ekki til fyrirtækja, þess vegna fjárfestir ekki nokkur einasti maður í fyrirtækjum á Íslandi lengur vegna þess að traustið fór og vegna þess að þessi endurskoðuðu fyrirtæki fóru á hausinn. En Félag löggiltra endurskoðenda taldi sem sagt ekki tilefni til sérstakrar umsagnar.

Fjármálaráðuneytið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði tillögunnar. Tillagan var ekki rædd og ekki farið í gegnum það hvort hér væri enn verið að leita leiða til að hindra þau ósköp sem yfir landið hafa dunið undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Þeir sögðu ekkert um þetta, ekki var tilefni til sérstakrar umsagnar. Þetta segir kannski heilmikið um Fjármálaeftirlitið. Þar ætti þó að liggja sú þekking og greining á stöðunni sem helst kynni að koma að gagni við hönnun reglna sem hindrað gætu að slík ósköp dynji yfir aftur eða til að endurvekja það traust sem farið hefur forgörðum við hrunið t.d. vegna þess að eftirlitið brást. Ég átti von á því að fá mjög magnaða og góða yfirferð frá Fjármálaeftirlitinu þar sem þeir færu yfir kosti tillögunnar og galla. Ekki orð. Ekki var tilefni til sérstakrar umsagnar segja þeir, og allt fjármálakerfið hrundi vegna þess að eftirlitið brást.

Síðan kom Ríkisendurskoðun. Hún telur, með vísan til lögboðins hlutverks síns, ekki ástæðu til að taka sérstaka afstöðu til tillögunnar. Þó er vafalítið til þekking á þeim bæ til að greina vandann og gefa álit á kostum og göllum reglna sem hindra megi slíkt hrun sem þjóðin hefur orðið fyrir — hrunið hefur skaðað ríkissjóð, sem Ríkisendurskoðun á að gæta, þannig að þetta skiptir ríkissjóð og Ríkisendurskoðun töluverðu máli. En samt töldu menn ekki ástæðu til að veita umsögn og vísa í lögbundið hlutverk sitt, þ.e. að hún væri væntanlega ekki að endurskoða þessi fyrirtæki.

Neytendasamtökin fagna tillögunni og segja fulla þörf á að auka gegnsæi hvað varðar eignarhald hlutafélaga. Kauphöll Íslands telur að aukið gegnsæi í rekstri hlutafélaga geti stutt við endurreisn íslensks viðskiptalífs og að rétt sé að skilgreina mælikvarða sem hlutafélög geti stuðst við. Þau telja þó álitamál hvort lagasetning sé heppilegasta leiðin. Félögin gætu sett sér sjálf reglur um gegnsæi sem Viðskiptaráð héldi utan um og gæfi gæðastimpil. Þetta tel ég engan veginn fullnægjandi, frú forseti. Þeir sem hafa brugðist geta ekki gefið sjálfum sér gæðastimpil. Það er verið að tala um að endurvekja traust aðila sem standa utan við atvinnulífið, að menn fari að fjárfesta aftur, almenningur verði tilbúinn til að fjárfesta aftur, hinir öldruðu sem töpuð 3 milljónum hver fari að fjárfesta aftur. Það er ekki spurning að lánardrottnar, erlendir sem innlendir, séu tilbúnir til að lána þessum fyrirtækjum. Það er traustið sem vantar. Ég tel ekki nóg að koma með einhverjar siðareglur innan greinarinnar, þetta verður að vera lögbundið.

Í umsögn sinni lýsir ríkisskattstjóri markmiðum með setningu laga um hlutafélög en sleppir því mikilvæga hlutverki slíkra fyrirtækja sem er að takmarka áhættu hluthafanna sem þátttakenda. Það er nefnilega þannig að hlutafélög eru stofnuð til að takmarka áhættu hluthafanna. Þeir bera áhættu upp að hlutafé sínu og ekki umfram það. Í umsögn ríkisskattstjóra segir að svo virðist sem sérfræðingar fjármálafyrirtækja hafi lagt meiri áherslu á að fela eða flækja eignarhald fyrirtækja en ganga úr skugga um raunverulegt verðmæti félaga sem fengu lán. Telur ríkisskattstjóri ljóst að ef brotavilji er einbeittur í að misnota aðstöðu sína verði með lagasetningu aldrei að fullu komið í veg fyrir slíkt. Hann telur þó að allar reglur ættu að vera til bóta en bendir á 104. gr. hlutafélagalaga og 79. gr. einkahlutafélagalaga um bann við lánveitingum til eigenda. Ríkisskattstjóri telur að bæta eigi við núgildandi lög ákvæðum sem um ræðir og til verði eins konar stjörnuflokkur með skammstöfuninni ghf. og hefðbundin hlutafélög hefðu þá á sér vafasamari blæ. Hann tekur sem sagt undir þetta og leggur til að slík félög heiti ghf. Það gæti bætt siðferðið í viðskiptalífinu sem allir hlytu að fagna. Lýsir hann sig reiðubúinn til að leggja lið slíkri lagasetningarvinnu sem tillagan stefnir að. Ríkisskattstjóri bendir á að lagasetning ein og sér komi aldrei í veg fyrir einbeittan brotavilja. Nú er t.d. að koma í ljós að menn hafa verið að lána sjálfum sér umtalsverðar fjárhæðir en í lögunum er reyndar merkilegt nokk undanþáguákvæði sem kannski ætti ekki að vera.

Seðlabanki Íslands tekur undir að mikilvægt sé að upplýsingar um lykilþætti fyrirtækja, t.d. eignarhald, séu ljósar. Hann hafi einnig varað við áhættu af útláni til skuldsettra fjárfestingarfélaga vegna mikilla sveiflna í verði. Þá telur hann ljóst að miklar breytingar muni eiga sér stað í regluverki er varðar fyrirtæki í Evrópu á næstu missirum og mun hann fylgjast vel með þróun þeirra mála. Seðlabankinn ætti því að vera vel til þess fallinn að koma að smíði reglna sem koma eiga í veg fyrir að atburðir síðasta hausts endurtaki sig og unnt verði að byggja upp traust sem er forsenda þess að takist að endurreisa atvinnulífið. — Af þessum umsögnum voru eiginlega tvær sem eitthvert innihald var í, þ.e. frá ríkisskattstjóra og Seðlabankanum.

Ástæður fyrir hruni bankanna eru fjölmargar og eflaust enn ekki allar komnar í ljós. Seinni tíma rannsóknir munu leiða það í ljós. Þó er greinilegt að gagnkvæmt eignarhald, raðeignarhald og óljós dulin eign er ein af þeim ástæðum sem ollu því að efnahagur fyrirtækja bólgnaði út og eigið fé sýndist miklu meira en raunverulega var. Lánveitendur virtust hafa lánað út á þetta eigið fé sem ekki var til staðar og þetta sýndarfé gerði fyrirtækjunum kleift að taka meiri áhættu en ella. Gagnkvæmt eignarhald og raðeignarhald jók einnig völd stjórna hlutafélaga á kostnað hluthafa að minni hlut. Gagnkvæmt eignarhald sýndi einnig meiri hagnað en raunverulega var til staðar. Dulin eign hlutafélaga villir um fyrir minni hluthöfum og hefur skaðað þá mikið. Nefnt er dæmi í greinargerðinni, t.d. áttu Kaupþing og Exista á tímabili 20% hvort í öðru og var markaðsvirði hvors hlutar 40 milljarðar kr.

Ég næ ekki að klára þetta, frú forseti, en ég held aðra ræðu á eftir. Ég er ekki búinn með nema helminginn en þetta stendur allt í þskj. 5 sem ég gat um í upphafi.

[18:12]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Hér er á ferðinni athyglisverð þingsályktunartillaga fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi er þetta dæmi sem ég þekkti ekki fyrr en að því kom fyrr í vetur, að máli væri vísað umræðulaust til nefndar. Eins gott og það kann að vera að fá umsagnir um mál fyrir fram er nokkur skaði að því að málið hafi ekki hlotið neina umræðu í þinginu áður en það er sent út. Það er fyrsta umhugsunarefnið í mínum huga.

Í öðru lagi er stungið upp á verklagi sem er nokkuð annað en það sem tíðkast hefur á Alþingi til þessa. Við höfum nokkur dæmi fyrr í vetur um að nefndirnar í minnihlutastjórninni fluttu í þinginu mál á eigin vegum, fram hjá ráðuneytunum ef svo má segja. Þá var dæmi um að utanaðkomandi aðilar semdu lagafrumvörp og legðu fyrir nefndir, til að mynda hv. allsherjarnefnd þar sem um var að ræða frumvarp til breytinga á lögum um skaðabætur vegna slysa og örkumla, frumvarp sem varð að lögum í vor. Annað var mjög ítarlegt þingmannafrumvarp um takmörkun persónulegra ábyrgða á lánveitingum. Það þurfti allmikillar vinnu við sem fram fór í hv. viðskiptanefnd á þeim tíma.

Þessi mál gerðu mér ljósan vanmátt nefndanna og nefndasviðs til að fást við verkefni eins og hér er rætt um, að nefndirnar sem slíkar, hv. viðskiptanefnd eins og hér er gerð tillaga um, semji lagafrumvörp frá grunni. Það er einfaldlega þannig, með réttu eða röngu, að sérfræðiþekkingin í þessum málaflokkum liggur í ráðuneytunum. (Gripið fram í.) Eins mikilvægt og ég tel það vera að efla nefndasviðið og sérfræðiþekkingu starfsmanna Alþingis er ég ekki viss um að við værum betur komin með alla sérfræðiþekkingu á öllum hlutum á nefndasviði til viðbótar við ráðuneytin. Þetta eru bara mínar hugleiðingar um verklagið.

Eins og ég sagði er þessi tillaga til þingsályktunar líka eftirtektarverð vegna innihaldsins, þ.e. að við séum að ræða nauðsyn þess að stofna nýtt félagsform sem er með gagnsæi hvað varðar eignarhald. Fyrr á fundinum í dag var vísað til hv. viðskiptanefndar máli nr. 15 á þskj. 15, um breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, og fyrsti hluti þess frumvarps fjallar einmitt um að eignarhald í hlutafélögum og einkahlutafélögum skuli vera gegnsætt. Mér er mjög minnisstætt að fyrr í vetur þegar það frumvarp kom til 1. umr. var hlegið í þingsalnum þegar hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra las upp að tilgangur frumvarpsins væri að það væri skráð á hverjum tíma hverjir ættu hlut í hlutafélagi vegna þess að það er einfaldlega ekki þannig í dag. Þetta frumvarp er enn óafgreitt í þinginu, nú í dag var því vísað til hv. viðskiptanefndar, en þar er einmitt fjallað um að stjórnir hlutafélaga og einkahlutafélaga skuli skyldugar til að tryggja að í hlutaskrá séu á hverjum tíma réttar upplýsingar um eignarhald og hvað varðar atkvæðisrétt. Þetta er eitt af þeim mikilvægu málum sem þurfa að fara í gegn og snerta viðskiptalífið og þær umbætur sem þarf að gera á því hvað varðar gegnsæi.

Það er ýmislegt hægt að gera hvað varðar gegnsæi í eignarhaldi annað en að setja á stofn nýtt félagsform eins og hér er gerð tillaga um. Eins og ég segi er það athyglisverð hugmynd í sjálfu sér. Hitt er svo annað mál sem varðar bann við lánveitingum og krosseignarhaldi slíkra hlutafélaga. Ég man ekki um hvaða mál við fjölluðum fyrr í vetur þar sem krosseignarhald komst til tals en þau lög voru sett einhvern tíma fyrr í vetur og vonandi gefst tækifæri til að rifja það upp í meðförum hv. þingnefndar um það mál sem hér liggur fyrir.

Svo ég pakki þessu saman, frú forseti, tel ég þessa tillögu athyglisverða fyrir margra hluta sakir og ég er viss um að þingmenn í hv. viðskiptanefnd vilja gjarnan spreyta sig á því að semja lagafrumvarp eins og hér liggur fyrir. Ég vil ekki lýsa beinum stuðningi við það en það er tilraunarinnar virði.

[18:19]

Flm. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka fyrir jákvæð viðbrögð síðasta hv. ræðumanns. Varðandi vanmátt nefndasviðs er Alþingi með fjárveitingavaldið og Alþingi fjármagnar alla sérfræðingana í ráðuneytunum sem semja frumvörp alla daga, dag og nótt. Sérfræðiþekkinguna um framkvæmd laganna gæti nefndasvið að sjálfsögðu fengið úr ráðuneytunum þegar sú hefð verður komin á að nefndir þingsins semji öll frumvörp. Þá þyrfti væntanlega að styrkja nefndasviðið mjög verulega með fólki sem er vant því og kann að semja frumvörp til viðbótar við þá nefndarmenn sem þegar eru og hafa unnið ágætt starf. Við erum bara allt of fáliðuð fyrir svona stórt verkefni.

Fyrir sérfræðiþekkingu, t.d. varðandi samkeppnislög, er mikill munur hvort fenginn er sérfræðingur frá Samkeppniseftirliti til að aðstoða nefndina við að semja frumvörp eða hvort sérfræðingur hjá Samkeppniseftirliti semur frumvarpið sjálfur. Það er mikill munur á því. Ég hef oft sagt að embættismenn sníða vopn í hendurnar á sjálfum sér til að berja á borgurunum eða til hægðarauka. Skattalög eru með ólíkindum. Ég segi alltaf að 109. gr. skattalaga ætti að vera bönnuð börnum því að hún er svo hræðileg. Það er talað um sektir og refsingar, fangelsi og alls konar sem ég hugsa að þingmenn mundu aldrei setja sjálfvirkt í lög. Ég held að hægt sé að leysa þennan vanda með vanmátt nefndasviðs og sérfræðiþekkinguna mjög auðveldlega.

[18:20]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að fjárveitingavaldið er sannarlega hjá þinginu, en boðvaldið yfir starfsmönnum ráðuneyta er þar ekki. Til að afla þeirrar sérfræðiþekkingar sem hér þyrfti tel ég að annað tveggja þyrfti að koma til, beinar fjárveitingar, vissulega frá Alþingi, til að efla nefndasvið eða sérstakur samningur milli Alþingis og viðkomandi ráðuneyta um samnýtingu starfskrafta. Það væri kannski affarasælast vegna þess að ég er ekki viss um að við eigum svo marga sérfræðinga á hverju sviði. Það væri áreiðanlega hagkvæmara að samnýta þá.

[18:22]

Flm. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi boðvaldið held ég að það ætti að láta reyna á að starfsmenn ráðuneyta eða stofnana neituðu Alþingi um upplýsingar um störf sín og reynslu. Ég held að það sé meira fræðilegt mál en annað. Ef nefnd þingsins fer fram á það við einhvern starfsmann, segjum hjá skattstofu eða Samkeppniseftirliti, að hann kynni fyrir nefndinni hvernig starfinu er háttað vildi ég láta reyna á að hann neitaði því.

[18:22]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil nota tækifærið og fagna þessu máli. Ég fagna sérstaklega því nýmæli að viðskiptanefnd muni semja lagafrumvarp um gegnsæ hlutafélög. Ég tel að það sé svo sannarlega þess virði að láta á það reyna og vonast til þess að fleiri málum verði vísað til nefndanna um að semja lagafrumvörp. Við höfum í gegnum árin margítrekað reynt að fá ráðherrana til að gera hitt og þetta og það hefur gengið misjafnlega vel þannig að ég held að það sé alveg ástæða til að við reynum frekar að fá okkur sjálf til að vinna vinnuna.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir situr líka í forsætisnefnd og því beini ég því til virðulegs forseta að forsætisnefnd taki þetta upp og ræði hvernig þingið geti tekið á þessu. Formaður viðskiptanefndar talaði um boðvaldið, hugsanlegan samning milli ráðuneyta og þings um samnýtingu starfskrafta og ég held að það væri mjög áhugavert að reyna það, sérstaklega í ljósi þess að tillögur hafa komið fram um að leggja niður aðstoðarmannakerfi landsbyggðarþingmanna. Ég hef ekki verið með aðstoðarmann síðan ég kom inn í þingið þannig að það skaðar mig ekki en ég er viss um að ýmsir þingmenn hafa nýtt sér aðstoðarmenn til að aðstoða sig við vinnuna í þinginu. Það er spurning hvort það geti með einhverju móti styrkt þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu að við förum í meira mæli að semja lagafrumvörpin í nefndunum frekar en að við eigum við þetta hvert í sínu horni eða að fá þingmálin í pósti frá embættismannakerfinu

[18:25]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg ljóst að það er nýtt landslag í þinginu og vaxandi vilji til þess að styrkja þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Eins og ég nefndi eru dæmi um það frá þinginu frá því í febrúar og fram á vor þar sem það tókst ágætlega að nefndirnar tækju mál, ynnu það sjálfar og legðu inn í þingið þar sem þau voru afgreidd og samþykkt.

Vegna orða minna áðan um boðvaldið vil ég nefna að ég þekki engin dæmi þess að starfsmenn ráðuneyta hafi neitað þingmönnum um upplýsingar um störf sín eða reynslu. Það er allt annað að vinna með þingnefndum að samningu frumvarpa en þess eru líka dæmi frá því í vetur, frumvarpið um greiðsluaðlögun fasteignaveðlána var samið að tilhlutan hv. allsherjarnefndar og að mestu unnið á vegum réttarfarsnefndar og ráðuneytisins.

Sú þingsályktunartillaga sem hér um ræðir er tvíþætt í raun. Annars vegar er fjallað um nauðsyn þess að eignarhald í félögum af þessu tagi sé gegnsætt og hins vegar er talað um bann við lánveitingum og krosseignarhaldi. Hvort tveggja er í mínum huga mjög mikilvægt og spurningin er hvort þetta eigi með réttu heima í sérstöku nýju félagsformi eða hvort affarasælla væri að styrkja ákvæði um sama efni í gildandi lögum. Ég held að við þyrftum að feta okkur rólega inn á braut bandarísku leiðarinnar, að þingnefndir taki sig til og semji lagafrumvörp.

[18:27]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að segja að mér finnst byltingarsinninn í hv. þm. Álfheiði Ingadóttur hafa tapast svolítið þegar hún vill fara varlega í þetta. Ég held að það sé einmitt tækifæri í upphafi nýs þings til að gera svolítið róttæka hluti og mér finnst þetta fyllilega í samræmi við yfirlýsingar forustumanna ríkisstjórnarinnar, þ.e. að þau vilji auka vægi þingsins. Það er talað um að setja á stofn ráðgefandi stjórnlagaþing og ýmsar breytingar hafa verið boðaðar þar sem menn hafa haft áhuga á þjóðaratkvæðagreiðslu. Við framsóknarmenn höfum lengi talað fyrir því að ráðherrar færu af þingi, sætu ekki sem hluti af löggjafarvaldinu. Þetta held ég að væri lítið en mjög mikilvægt skref í rétta átt, að auka vægi löggjafarvaldsins, sem hefur margítrekað komið fram hjá okkur þingmönnunum sem og þeim sem hafa bariðá potta hérna fyrir utan og ekki fundist nóg að gert. Ég vona sannarlega að formaður viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, finni byltingarandann aftur innra með sér og taki slaginn til að sjá til þess að við breytum vinnubrögðunum á þinginu.

[18:29]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef byltingin er fólgin í nefndasviði Alþingis hafa hlutirnir breyst síðan ég skoðaði þau fræði. Gott og vel, ég er eiginlega komin í þennan ræðustól til að ítreka að ég held að það sé enginn ágreiningur í þessum þingsal um að það þurfi að efla þingið. Það þarf að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Við þurfum að leita til þess allra leiða, en við þurfum líka að leita leiða til að spara og hagræða í störfum þingsins og nýta okkur það sem við höfum án þess að fara í mikil aukin útgjöld. Það getur vel verið að það samrýmist ekki byltingunni en þannig er staðan í dag á Íslandi.

[18:30]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum skemmtilega þingsályktunartillögu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem líklegast hefur einna lengstu þingreynslu af þeim sem nú sitja á þingi, ber fram tillögu um breytt vinnubrögð á Alþingi. Hann leggur til þingsályktunartillögu um að hv. viðskiptanefnd semji frumvarp um það efni sem hér liggur fyrir. Þetta eru nýmæli í vinnubrögðum og allir þingmenn ættu að fagna því að þingmaður beri slíka tillögu fram.

Margir þingmenn hafa kvartað yfir því að boðvaldið komi frá framkvæmdarvaldinu, frumvörpin komi næstum fullkláruð inn til umsagnar og umræðu en breytist sum hver lítið í meðförum þingsins. Það eru embættismenn í ráðuneytum, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal ræddi áðan, sem búa til frumvörpin í umboði ráðherra, frumvörp sem þeir eiga síðan væntanlega að framfylgja sjálfir hvar svo sem þeir eru staddir í kerfinu. Þetta er að mínu mati röng nálgun. Alþingi er löggjafinn og löggjafinn á að hafa það verkefni að semja frumvörpin, leggja þau fram. Hann sem slíkur, löggjafinn, getur unnið það í sátt og samlyndi við ráðherrana, við framkvæmdarvaldið. Þessu eigum við að breyta, hv. þingmenn.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talar um að það gæti kostað of mikið og að þekkingin sé ekki fyrir hendi á Alþingi, á nefndasviði Alþingis, til að hægt væri að semja slík frumvörp vegna þess að sérþekkingin búi í ráðuneytunum. Því verður að breyta ef við ætlum að standa undir því nafni að Alþingi sé löggjafinn en ekki eingöngu afgreiðslustofnun þeirra sem hingað koma með frumvörpin. Ég fagna þessum nýju vinnubrögðum hv. þm. Péturs H. Blöndals, að koma með þingsályktunartillögu í þessa veru. Ég vona svo sannarlega að hv. viðskiptanefnd nýti alla þá krafta sem í henni búa og þeim fulltrúum sem þar eru og á nefndasviði til að vinna slíkt frumvarp. Í gegnum tíðina hafa einstaka þingmenn samið frumvörp, aflað sér aðstoðar, búið til frumvörp og lagt þau fram. Það á að vera sú regla sem við þingmenn vinnum með. Hitt á að vera sérstaðan að ráðherrarnir komi með þingmál inn í þingið. Að því leyti fagna ég þessari þingsályktunartillögu, hún ber vott um áræði hv. þingmanns til að reyna að breyta vinnubrögðum innan þings.

Það er annað í þingsályktunartillögunni sem gleður mig, þ.e. efnið sem beðið er um að frumvarp sé samið um. Hæstv. viðskiptaráðherra lagði fram frumvarp, og það var afgreitt til 2. umr. og til nefndar, til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög sem við vorum að klára í dag þar sem m.a. er verið að ræða um samstæðutengsl. Í því frumvarpi sem hv. þm. Pétur H. Blöndal og Ragnheiður E. Árnadóttir fela viðskiptanefnd að semja er talað um krosseignatengsl. Ég held að um sé að ræða sama verkefnið, samstæðutengsl og krosseignatengsl séu slíkt hið sama í hvoru frumvarpi fyrir sig, það þyrfti þá að kanna orðnotkun í frumvörpum almennt þannig að það rugli ekki fyrir utan kannski innihaldið.

Frú forseti. Ég fagna þessum nýmælum hv. þm. Péturs H. Blöndals og ég vona að þetta sé fyrsti vísir að því að þingmenn taki meiri þátt í því að vinna verkefnin, að semja frumvörpin og þingsályktunartillögurnar og sinni þannig því hlutverki sem þeim ber, þ.e. að vera löggjafinn, ekki taka eingöngu við frá framkvæmdarvaldinu og afgreiða heldur vera virkir þátttakendur í því sem hér á að fara fram; að setja landinu lög. Framkvæmdarvaldið á síðan að framfylgja þeim lögum sem Alþingi setur. Eins og ég sagði áðan, og eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði einnig, þá er það sérkennilegt ef embættismenn t.d. Samkeppnisstofnunar setja saman frumvarp um samkeppnislögin sem þeir eiga síðan að framfylgja. Það er jafnkjánalegt og að Fjármálaeftirlitið semji þau frumvörp sem það á síðan að framfylgja.

Ég segi enn og aftur: Þetta ber vott um framsýni, þetta ber vott um kjark, þetta er áskorun til þingmanna um ný vinnubrögð. Ég skora á hv. viðskiptanefnd að taka þessu verkefni fagnandi þannig að við á þessu þingi sjáum frumvarp í þessa veru frá hv. viðskiptanefnd.

[18:36]

Flm. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég lauk ekki alveg við ræðu mína áðan en ég vil þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, formanni hv. viðskiptanefndar, og sérstaklega hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur, sem var með svo mikið lof að það var allt að því vandræðalegt fyrir mig að hlusta á það. (**Gripið fram í:** Farðu í andsvar.) Ég get það ekki því það yrði meðsvar.

Ég ætla að halda áfram þar sem frá var horfið en geta þess að þegar Kaupþing og Exista voru upp á sitt besta áttu þau 20% hvort í öðru og það má meta hvorn hlut á að lágmarki 40 milljarða á þeim tíma. Ef þau hefðu hvort um sig keypt eigin bréf af hinu félaginu væru þau bréf verðlaus vegna þess að eigin hlutabréf eru verðlaus í höndum hlutafélags, það getur gefið endalaust út af eigin hlutabréfum. Þeir 40 milljarðar sem Kaupþing átti í Exista og þeir 40 milljarðar sem Exista átti í Kaupþingi voru í rauninni aldrei til. En lánveitendur voru að lána út á þetta og þetta var sýnt í efnahagsreikningi sem eign. Þetta er hættan við raðeignarhald og þetta veitti auk þess völd. Það veitti stjórn Kaupþings vald á einum af þremur stjórnarmönnum í Exista og það veitti stjórn Exista vald á þremur af átta stjórnarmönnum í Kaupþingi, að ég held.

Hvað gerðist, frú forseti? Upphaflegir hluthafar í Kaupþingi og Exista misstu þessi völd til stjórnanna. Þarna myndaðist fé án hirðis. Reyndar var féð ekki einu sinni til en hirðarnir urðu til og þeir fóru með geysimikil völd í þessum tveimur félögum. Þetta held ég að hafi verið aðalmeinið við gagnkvæmt eignarhald og verulegt mein. Ég ræddi á sínum tíma í hv. efnahags- og skattanefnd, sem ég

var þá formaður fyrir, um gagnkvæmt eignarhald, það var 2006. Það skildi eiginlega enginn af þeim sem þar mættu, Félag fjárfesta, Kauphöllin, Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn, og ég skildi heldur ekki fullkomlega hversu mikil og alvarleg áhrif þetta krosseignarhald hafði, hvað það gat valdið miklum skaða og hvernig það hvatti menn til að taka áhættu. Þetta eykur sem sagt eigið fé, þetta eykur völd en þetta eykur líka arð vegna þess að 20% af arðuinum hjá Kaupþingi fór yfir til Exista og bjó til hagnað þar sem var borgaður sem arður til Kaupþings og bjó til hagnað þar og svo fram og til baka ár eftir ár. Þannig spólaðist arðurinn fram og til baka og óx alltaf og óx en var í rauninni ekki til. Þetta villir mjög um fyrir öllu efnahagslífinu, svona krosseignarhald.

Það sem er til ráða er í þessari þingsályktunartillögu. Gert er ráð fyrir að skilgreind verði ný tegund af hlutafélögum sem heitir hlutafélög með gegnsætt eignarhald. gegnsætt hlutafélag má ekki eiga í öðrum hlutafélögum nema þau séu gegnsæ. Það verður sem sagt að selja öll ógegnsæ hlutafélög. gegnsætt hlutafélag á að birta á netinu lista yfir öll félög sem það á í og öll félög sem eiga í því sem eru gegnsæ. Ef einhver eigandi að hlutafé í gegnsæju hlutafélagi er hlutafélag og er ekki gegnsætt þá fær það hvorki arð né atkvæðisrétt. Þetta er mjög alvarleg breyting og gerir það að verkum að ekki er hægt að setja þetta í almenn lög vegna þess að félögin mundu missa eignarrétt og rétt á arði ef þau væru ekki gegnsæ. Þetta gerir það að verkum að þetta þarf að vera sérform og sennilega þarf að kaupa þau félög út sem eiga í félaginu eins og þegar um er að ræða yfirtöku. Svo kemur veigamikið atriði. gegnsætt hlutafélag má ekki eiga hlutabréf í hlutafélagi sem á það beint eða óbeint. Það má ekki eiga í eigendum sínum alla keðjuna upp. Það má ekki lána verðmæti til aðila sem á það beint eða óbeint. Það má hvorki eiga í þeim né lána í þeim.

Vegna þessara ákvæða liggur eignarhaldið alveg fyrir frá toppi til táar hjá fyrirtækinu, allar dætur og allir eigendur. Slík félög ættu strax að njóta hylli almennra hluthafa því að vandinn hefur einmitt falist í þessu krosseignarhaldi og raðeignarhaldi sem komið hefur í ljós. Þeir sem lána til fyrirtækja ættu að öðlast traust á félögum af þessu tagi. Gert er ráð fyrir því í þingsályktunartillögunni að hlutverk endurskoðenda verði miklu stærra í þessu, að endurskoðendur beri virkilega ábyrgð á því að félagið láni ekki til eigenda sinna, ef þeir eru hlutafélög, og eigi heldur ekki í þeim. Þetta gildir ekki um einstaklinga sem eiga í félögum.

Frú forseti. Að lokum vil ég geta þess hvernig það mundi virka á bankana ef þeir yrðu gegnsæ hlutafélög. Þá mundi nefnilega enginn geta átt í banka sem þyrfti lán frá bankanum sem er mjög athyglisvert. Það þýðir að það eru bara einstaklingar sem mega taka lán hjá bankanum og eiga í honum samtímis, en ekkert hlutafélag má eiga í bankanum ef það tekur lán frá honum. Það útilokar fjöldamörg fyrirtæki í atvinnulífinu frá því að fjárfesta í banka og það er kannski ágætt því að þeir sem gætu fjárfest í banka væru þá aðilar sem ekki taka lán, t.d. lífeyrissjóðir, t.d. hlutafélög einstaklinga, sem stofnuð yrðu í þeim tilgangi að fjárfesta í banka og þyrftu ekki lán til þess heldur gætu notast við hlutafé hluthafa sinna. Ég held því að þessi þingsályktunartillaga gæti haft mjög góð áhrif á starfsemi bankanna, að það yrðu eingöngu einstaklingar sem ættu í bönkum og aðilar sem ekki þurfa lán frá bankanum, hlutafélög sem ekki þurfa lán frá þeim. Það er einmitt það sem menn hafa verið að glíma við alla tíð.

Ég hygg að þessi þingsályktunartillaga, ef nefndin semur um þetta frumvarp, gæti haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi bankanna og starfsemi alls atvinnulífsins. Ég tel að einmitt nú sé hvað mikilvægast að koma með nýtt form á hlutafélögum sem njóta trausts bæði fjárfesta og lánveitenda. Ef svona frumvarp yrði samþykkt mundi eitthvert eitt fyrirtæki byrja að verða gegnsætt. Það mundi verða eitthvert lítið útgerðarfyrirtæki sem einstaklingar eiga, það er í eðli sínu gegnsætt. Það mundi byrja og allir mundu vilja fjárfesta í því af því að eignastrúktúrinn í því liggur fyrir og menn mundu líka vera tilbúnir til að lána því. Það þýddi að þeir sem ætluðu að kaupa í því, eitthvert hlutafélag, verður að vera gegnsætt áður en menn geta keypt í því því annars fær það hvorki atkvæðisrétt né arðsrétt. Þetta mundi smita út frá sér út í atvinnulífið að til þess að fá lán og til þess að njóta trausts fjárfesta þá þurfa hlutafélög að vera gegnsæi það er mjög einfalt.

Ég hygg að þetta mundi breiðast mjög hratt út um atvinnulífið og hugsanlega smita yfir til útlanda vegna þess að erlendis er þetta fyrirbæri mjög almennt líka. Enronhneykslið í Bandaríkjunum var einmitt út af þessu og efnahagslíf Japans og Þýskalands er gegnsýrt af gegnkvæmu eignarhaldi, raðeignarhaldi, krosseignarhaldi. Það er t.d. talið að Deutsche Bank eigi stóran hluta í þýsku atvinnulífi, beint eða óbeint. Þetta eru mjög flóknar keðjur. Japanir eru fyrir löngu hættir að sjá í gegnum þetta, hvað þetta hefur gert. Það skyldi nú ekki vera, frú forseti, að uppgangur Japans og Þýskalands eftir stríð hafi verið vegna þess að menn bjuggu til peninga með þessum hætti. Vandræði Japana síðar meir eru vegna þess að féð er án hirðis, þ.e. fé sem enginn á vegna þess að stjórnir félaganna ráða öllu, og þá minnkar hvatinn til að sýna arðsemi. Það skyldi ekki vera að hinar dýpri ástæður þess að Þýskalandi og Japan vegnaði vel eftir stríð hafi verið þær að menn bjuggu til peninga og hnignun japansks efnahagslífs og hugsanlega að einhverju leyti þýsks líka sé vegna þess að hvatinn til arðsemi hafi minnkað og horfið.

Umræðu lokið.
Tillagan gengur til síðari umræðu og viðskn.

Staða minni hluthafa, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 7. mál (minnihlutavernd). — Þskj. 7.

[18:46]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Málefni hinna svokölluðu minni hluthafa hefur oft borið á góma í ræðustól Alþingis að vonum. Sú þróun hefur orðið mörg síðustu ár og áratugi að almenningur hefur tekið vaxandi þátt í atvinnurekstri, m.a. með þeim hætti að fólk hefur fjárfest í fyrirtækjum, ekki síst meðan hlutabréfamarkaður var sem virkastur. Fólk lagði umtalsverðan hluta af sparnaði sínum í hlutabréf, oft með

góðri ávöxtun. Auðvitað var það æskilegt allra hluta vegna, bæði vegna þess að fólk hafði þar með tækifæri til að ávaxta sparifé sitt með fjölbreyttari hætti og fékk oft og tíðum góða ávöxtun af fé sínu og auðvitað ekki síður vegna þess að með þessum hætti gat almenningur tekið virkari þátt í atvinnurekstrinum, jafnvel haft einhver áhrif á stefnu atvinnulífsins, og enn fremur stutt við uppbyggingu atvinnulífsins með því að leggja fram áhættufé í formi hlutafjár til að styðja við uppbyggingu atvinnulífsins í landinu.

Við sjáum mjög mörg góð dæmi um þetta. Þegar best lét má segja að á flestum heimilum hafi verið til hlutabréf í einhverri mynd sem auðvitað endurspeglaði áhuga fólks á því að taka þátt í atvinnurekstri. Jafnvel þótt það kysi ekki að vera í forsvari fyrir atvinnureksturinn vildi það með þessum hætti að taka þátt í honum þó að það hefði ekki bein áhrif á rekstrarlega framvindu fyrirtækja frá degi til dags.

Það eru hins vegar til skuggahliðar á þessu. Hlutafé er í eðli sínu áhættufjármagn og stundum gengur vel og stundum illa. Á síðustu haustdögum fengu menn að finna fyrir því svo um munaði að oft gengur illa. Hrun bankanna í upphafi októbermánaðar var sem köld vatnsgusa framan í mjög margt fólk sem hafði í góðri trú lagt fjármuni sína í fyrirtæki sem það hafði haft mikla trú á og sem það vildi bæta sinn eigin hag með jafnframt því að stuðla að uppbyggingu á atvinnulífi sem menn höfðu bundið miklar vonir við.

Eins og margoft hefur komið fram hafði það hrun sem varð í bankakerfinu í haust margvíslegar alvarlegar afleiðingar. Menn hafa kannski minna talað um afleiðingarnar sem það hafði fyrir þá fjölmörgu einstaklinga sem fjárfest höfðu í bankafyrirtækjum, fjármálafyrirtækjum og ýmsum öðrum skyldum fyrirtækjum. Venjulegt fólk sem hafði slitið þessa peninga nánast undan nöglunum til að geta lagt í þessa fjárfestingu varð fyrir gríðarlegu tjóni.

Það er oft talað um að það fólk sem leggi peninga í fyrirtæki sé fjármagnseigendur. Það er dálítið gildishlaðið hugtak sem lítur fram hjá því að þetta er almenningur sem tekur áhættu og leggur fjármuni í atvinnurekstur og í haust fór illa hjá mjög mörgum. Það er talið að 47.000 einstaklingar hafi tapað nærri því 130 milljörðum á einni viku vegna hlutabréfaeignar í bönkum sem núna eru orðin verðlaus. Á sama tíma töpuðu 1.400 lögaðilar, þ.e. fyrirtæki, 920 milljörðum af sömu ástæðum. Bak við þá tölu eru líka fjölmargir einstaklingar sem eiga nú um sárt að binda.

Það er athyglisvert að í þessum hópi eru talsvert margir eldri borgarar, fólk yfir 65 ára aldri. Það á sér eðlilega skýringu út af fyrir sig. Fjárráðin eru rýmri hjá fólki eftir að það er komið yfir erfiðasta skuldabaslið og þá leggja menn peninga í einhvers konar fjárfestingu til að bæta hag sinn og til að leggja grundvöllinn að áhyggjulausara ævikvöldi.

Á þessum tíma var oft vakin athygli á því að staða minni hluthafa í þessum stóru fyrirtækjum væri ekki sem skyldi. Mjög margir töluðu um þetta. Ég vek athygli á skrifum *Morgunblaðsins* í þessa veru. Ég vek athygli á frumkvæðishlutverki manna eins og Eyjólfs Konráðs Jónssonar sem flutti um þetta ræður og tillögur á Alþingi. Auðvitað var mjög margt gert til að reyna að bæta hag minni hluthafa í áranna rás og á síðustu kjörtímabilum eru fjölmörg dæmi um lagasetningu sem ríkisstjórnir höfðu frumkvæði að til að bæta hag minni hluthafa. Það er hins vegar alveg ljóst, sem við sjáum m.a. á afleiðingum þess hruns sem ég gerði að umtalsefni, að engu að síður var ekki nægilega vel að verki staðið í þessum efnum.

Það er líka ástæða til að nefna nafn Vilhjálms Bjarnasonar viðskiptafræðings sem hefur verið óþreytandi í því að vekja athygli á stöðu hinna minni hluthafa og hvernig þeir hafa oft og tíðum verið duldir upplýsingum um stöðu fyrirtækja sem þeir hafa fjárfest í og hafa ekki haft aðstöðu til að fylgjast nægilega vel með framvindu mála í þeim fyrirtækjum sem þeir fjárfestu í.

Menn spyrja hvernig hægt sé að skilgreina hugtakið minni hluthafar. Það verður verkefni þeirrar nefndar sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir að sett verði á laggirnar að skilgreina þetta hugtak nákvæmlega. Ég hygg þó að flestum sé nokkuð ljóst hvað hér er átt við. Hér er átt við almenning sem fjárfestir án þess að ætla sér ráðandi hlut í viðkomandi fyrirtæki en vill festa fé sitt í einstökum fyrirtækjum í ágóðaskyni eða til að styrkja grundvöll atvinnulífs, t.d. í heimabyggð. Við höfum ýmis hugtök sem löggjafinn hefur ekki verið í vandræðum með að skilgreina. Við þekkjum hugtök eins og fagfjárfesta sem er annað en hinir almennu fjárfestar þannig að það ætti ekki að vera vandamál að finna eðlilega skilgreiningu á þessu hugtaki.

Á undanförnum mánuðum, eftir hrun bankakerfisins í haust, höfum við heyrt fréttir af stórkostlegum lánveitingum til einstakra stærri hluthafa í þessum fyrirtækjum og jafnframt hafa borist fréttir af gífurlegri áhættutöku fyrirtækjanna án þess að minni hluthafar hafi getað gert sér grein fyrir hvað væri á seyði að öllu leyti. Þess vegna er að mínu mati mjög mikilvægt að reyna að styrkja stöðu minni hluthafanna og gera þeim kleift að fá aðgang að þeim upplýsingum sem þeir þurfa á að halda til að geta tekið ákvörðun um það hvort þeir haldi hlutafé, hvort þeir fjárfesti eða hvað þeir geri við fjármuni sína.

Á 130. löggjafarþingi hafði ég frumkvæði að tveimur frumvörpum sem áttu að taka að nokkru leyti á málum minni hluthafa í landinu. Þau frumvörp eru fylgiskjöl II og III með þingsályktunartillögunni og í sjálfu sér er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þau. Rauði þráðurinn er sá að reynt er að styrkja stöðu minni hluthafanna þannig að þeir geti haft meiri áhrif á það sem gerist í þessum stóru félögum, og minni félögum svo sem líka. Því miður var hvorugt þessara mála afgreitt úr þinginu. Ég vil ekki segja að það hafi verið vegna linkindar Alþingis en svona fór þetta í þessum tilvikum. Þó voru engir aukvisar meðflutningsmenn mínir. Það voru hv. þm. Halldór Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón A. Kristjánsson. Þrjú þeirra hafa orðið formenn stjórnmálaflokka. Tvö þeirra eru núna ráðherrar í ríkisstjórninni og bæði formenn þeirra stjórnmálaflokka sem standa að núverandi ríkisstjórn.

Ég geri ráð fyrir því að um þetta mál geti tekist býsna breið almenn pólitísk samstaða í ljósi þess að í þessum frumvörpum hefur komið fram skýr vilji af hálfu þessara stjórnmálaforingja fyrir því að tekið sé á þessum málum. Auðvitað má velta fyrir sér hvort leggja hefði átt fram sérstakt frumvarp í þessum efnum hér og nú. Mín niðurstaða

var sú að hér væri um að ræða býsna flókið mál og viðurhlutamikið sem ástæða væri til að fara ofan í af sérfræðingum til að róa fyrir allar víkur í þessum efnum. Þau frumvörp sem ég gerði að umræðuefni taka auðvitað ekki til nema afmarkaðs þáttar þess viðfangsefnis sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni að tekist verði á við. Ég tel þess vegna eðlilegt eins og lagt er til í tillögunni að sett verði á laggirnar nefnd sérfróðra manna sem móti tillögur í þessum efnum sem hafi það að markmiði sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Það væri ekki óeðlilegt að þessi nefnd fengi tiltölulega skamman tíma að þessu sinni. Það væri ekki óeðlilegt að ætla henni að ljúka verkefni sínu fyrir árslok á þessu ári. Það tel ég að væri mjög vel gerlegt ef þingið lyki afgreiðslu málsins fyrir sumarið þannig að hægt yrði að setja á laggirnar þá starfsnefnd sem gæti unnið þetta mál.

Ástæðurnar fyrir því að ég tel skipta máli að tiltölulega hratt og vel verði unnið að þessu máli eru margar. Það hefur orðið algjör trúnaðarbrestur hjá almenningi gagnvart því að fjárfesta í fyrirtækjum. Það er ótti við það að fjárfesta vegna þess að mjög margir hafa brennt sig á þessu soði og tapað miklum fjármunum. Örugglega munu núna mjög margir hugsa sig tvisvar um áður en þeir fjárfesta í fyrirtækjum. Við sjáum líka vísbendingar um að almenningur færir frekar peninga sína í aðrar fjárfestingar en í fyrirtæki, leggur peninga á bók, kaupir varin skuldabréf o.s.frv. til að taka enga áhættu. Þess vegna er hluti af því að endurvekja traust fólks á atvinnulífið að búa til lagaumhverfi og lagaramma utan um fjárfestingar almennings sem tryggir það að fólk geti verið rólegra með að fjárfesta í atvinnurekstri. Auðvitað er fjárfesting í atvinnurekstri í eðli sínu alltaf áhætta en við viljum a.m.k. stuðla að því að fólk sé þá betur meðvitað um það, betur upplýst um það í hverju áhættan geti verið fólgin þannig að almenningur geti út frá því sjónarhorni tekið ákvarðanir um fjárfestingar sínar.

Það er að mínu mati ákaflega mikilvægt að hugað sé að þessu máli. Það má líka færa fyrir því rök að þetta geti sameinað tvennt sem mjög hefur verið rætt um eftir bankahrunið. Þetta getur verið liður í því að slá skjaldborg um stöðu heimilanna því að fjárfesting í atvinnurekstri getur verið ábatasöm fyrir almenning og getur verið þáttur í því að fólk geti ávaxtað sparifé sitt. Hitt sem áhersla hefur líka verið lögð á og skiptir mestu máli er að koma fótunum að nýju undir atvinnulífið. Það verður ekki gert nema inn í atvinnulífið streymi þolinmótt áhættufjármagn, fjármagn frá fólki sem er tilbúið til að leggja sitt af mörkum til að byggja upp atvinnulíf og hafa þar einhver áhrif.

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að hafa mörg fleiri orð um þetta umfram það sem ég hef þegar haft hér. Ég vek athygli á þeim tölum sem lagðar eru fram í fylgiskjali I sem sýna það mikla tap sem varð við hrun bankanna hjá almenningi í landinu sem fjárfesti í fjármálafyrirtækjum. Þetta segir ekki nema hluta af sögunni vegna þess að við vitum að hrun fjármálafyrirtækjanna hafði alvarleg áhrif á stöðu margra annarra fyrirtækja. Við vitum líka að áður en bankarnir hrundu hafði orðið veruleg lækkun á markaðsverði hlutafjár þannig að mjög margir höfðu orðið fyrir miklum skakkaföllum áður en til hrunsins kom.

Í öðru lagi tel ég að það veganesti sem er lagt á borð með þessari þingsályktunartillögu, þau tvö frumvörp sem ég hef gert hér að umtalsefni, marki á vissan hátt þá stefnu sem flutningsmenn telja að eigi að liggja til grundvallar, þ.e. að reyna að styrkja stöðu almennings sem vill taka þátt í atvinnulífinu á heiðarlegum forsendum af ástæðum sem ég hef þegar gert að umtalsefni.

Virðulegi forseti. Ég trúi því að um þetta mál geti orðið ágæt pólitísk samstaða. Ég tel allar forsendur fyrir því að það verði afgreitt fyrir þinglok. Ég hlýddi með athygli á miklar heitstrengingar hv. þingmanna, m.a. úr viðskiptanefnd, sem töluðu um nauðsyn þess að þingið styrkti sjálfstæði sitt og hlutverk. Hluti af því gæti auðvitað verið það að afgreiða mál af þessu tagi frá sér fyrir sumarbyrjun áður en þinginu lýkur. Þannig væri hægt að undirbúa vandað lagafrumvarp og leggja það fyrir Alþingi. Með þeim hætti hefur Alþingi bein áhrif á stefnumótunina vegna þess að þarna eru annars vegar lagðar fram tillögur um að taka á tilteknum afmörkuðum mikilvægum þætti efnahagsumhverfis okkar og viðskiptaumhverfis og hins vegar er framkvæmdarvaldinu gefin yfirlýsing — menn hafa dálítið sproksett framkvæmdarvaldið hér í dag — um að menn vilji að tekið verði á þessu afmarkaða verkefni.

Ég treysti hv. viðskiptanefnd til að afgreiða málið á tilsettum tíma áður en þinginu lýkur þannig að við getum fengið þetta mál sem fullbúið frumvarp síðar á þessu ári.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og viðskn.

Fundi slitið kl. 19:01.

---

6. FUNDUR

þriðjudaginn 26. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 33. mál, þskj. 33. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 2. mál, þskj. 2. — 1. umr.
4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 34. mál, þskj. 34. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
6. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.
7. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv.,

35. mál, þskj. 35. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Suðurk.
Þuríður Backman, 5. þm. Norðaust.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2., 4. og 7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Störf þingsins.

Endurreisn bankakerfisins – fundur í viðskiptanefnd.

[13:31]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína eins og að ég held flestra annarra þingmanna að í dag voru ummæli höfð eftir Mats Josefsson um íslenska bankakerfið og endurreisn þess sem eru allt öðruvísi en þær upplýsingar sem við þingmenn höfum fengið. Þetta er annar dagurinn í röð sem við þingmenn lesum í blöðunum yfirlýsingar frá Mats Josefsson. Í gær staðfesti forsætisráðherra það sem kom fram í blöðunum, að þessi sérfræðingur hótaði að hætta út af stefnuleysi og hægagangi ríkisstjórnarinnar. Þetta fréttum við þingmenn í gegnum fjölmiðla.

Í dag, virðulegi forseti, eru yfirlýsingar hafðar eftir honum í sænsku pressunni þar sem hann segir að hann telji að Íslendingar geri sér ekki grein fyrir því hversu dýrt það verður að endurreisa bankakerfið og nefnir þar að það muni kosta 85% af vergri landsframleiðslu sem eru allt aðrar tölur en nefndar hafa verið hér og annars staðar í þjóðfélaginu. Ég veit ekki hvort rétt er eftir þessum manni haft en það sem ég veit, virðulegi forseti, er að það er fyrir lifandis löngu kominn tími á það að við fundum í viðskiptanefnd um þessi mál. Ef eitthvað er forgangsmál er það endurreisn bankakerfisins og það er algerlega fráleitt að viðskiptanefnd þingsins hafi ekki enn sest yfir þetta mál. Ég held að það sé kominn tími til að við fáum að vita um stöðu mála en þurfum ekki að lesa það enn einn daginn í fjölmiðlum landsins.

[13:34]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Það er rétt og satt sem haft er eftir Mats Josefsson, að ekkert land í heiminum hafi lent jafnilla í því og Ísland og hvergi verði eins erfitt og dýrt að koma hagvextinum í gang aftur. Þetta eru því miður ekki ný tíðindi eins og hér var gefið í skyn heldur vitum við að þetta er rétt. Það er haft eftir honum að 85% af vergri landsframleiðslu fari í endurreisn bankakerfisins. Á fjárlögum þessa árs eru 385 milljarðar til að endurfjármagna bankana, 180 milljarðar til að endurfjármagna Seðlabankann vegna þess að það var ekki aðeins bankakerfið sem fór á hausinn heldur Seðlabankinn líka, og líklega, ef mig misminnir ekki, um 20 milljarðar vegna sparisjóðanna, Icebank o.fl. Þetta eru um 500–600 milljarðar kr. eða 50–60% af vergri landsframleiðslu sem hefur dregist saman um 10% eftir hrunið.

Ég reikna með því, án þess að ég hafi haft tök á að kynna mér þetta upprunalega viðtal sem mun vera í *Uppsala Nya Tidning* , að hér sé átt við bráttóaukningu skulda ríkissjóðs vegna endurreisnar bankanna án þess að ég geti nokkuð um það sagt en það muni lækka aftur þegar eignir verða seldar. Þetta eru gríðarlegir fjármunir en ég hlýt að nota þetta tækifæri til að minna á tvennt: Í fyrsta lagi að þessi mikla skuldaaukning ríkissjóðs er ekki orsökin fyrir því ástandi sem við lifum heldur afleiðingin af 18 ára stjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins og bankahruninu sem við urðum fyrir síðastliðið haust. (Gripið fram í.) Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á að við þurfum að byggja upp nýja banka en ekki endurreisa þá sem fyrir voru á sama grunni.

[13:36]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Það er ekki orðið neitt einsdæmi að við þingmenn lesum um mikilvægar fréttir úr efnahagslífi á síðum dagblaðanna. Við lásum um skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í *DV* og nú lesum við enn frekari upplýsingar í erlendum fjölmiðlum. Það er eins og þingmenn komi alltaf að orðnum hlut, upplýsingagjöfin er nær engin, og þar af leiðandi er niðurlæging þingsins og alþingismanna algjör ef þingmenn, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, ætla að láta þetta viðgangast áfram. Það er framkvæmdarvaldið sem þiggur umboð sitt frá Alþingi Íslendinga og við þurfum að fara að gera ráðherrum í þessari ríkisstjórn grein fyrir því.

Ég vil spyrja hv. formann viðskiptanefndar hvað hún ætli sér að gera með skýrslu Olivers Wymans. Á að opinbera hana? Á að taka það fyrir á vettvangi efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar eins og við framsóknarmenn höfum beðið um? Ég vil líka spyrja formann viðskiptanefndar, sem á einnig sæti í efnahags- og skattanefnd þingsins, hvort hún telji ekki ástæðu til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða í þágu heimilanna í landinu í ljósi þess að nýleg þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir því að 28.500 heimili verði með neikvætt eigið fé í árslok. Ætlar ríkisstjórnin að fljóta sofandi að feigðarósi og horfa upp á það að tugþúsundir landsmanna þurfi að horfast í augu við gjaldþrot um næstu áramót? Eða ætla menn að grípa til einhverra alvöruaðgerða? Við hljótum að kalla eftir því á sumarþinginu að ríkisstjórnin taki sér tak og komi með einhver önnur mál en urðun á sorpi og erfðabreyttar lífverur. Við köllum eftir málum sem skipta heimilin og fyrirtækin í landinu raunverulegu máli. Við köllum líka eftir upplýsingum, að ríkisstjórnin upplýsi okkur um stöðu mála þannig að við getum farið að gera einhverja hluti af viti í samvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu. Við þurfum að standa saman á tímum sem þessum.

[13:38]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Ég rak augun í sömu grein og þingmenn hafa verið að tala um og mér brá satt að segja við að

kostnaðurinn við endurreisn bankanna yrði ekki 385 milljarðar eins og gert var ráð fyrir í upphafi heldur yrði hann í kringum 1.250 milljarðar. Ég held að það sé full ástæða til að þinginu verði gerð grein fyrir því hvaðan þessi kostnaður er upprunninn, í hvað hann á að fara.

En það er eitt sem mig langar til að gera, hæstv. forseti, og það er að fylgja eftir þeirri umræðu sem varð hér í gær og spyrja: Getur verið að það hafi orðið einhverjar breytingar á samræmingarnefnd bankanna í kjölfar þeirrar sennu sem varð milli Mats Josefssons og stjórnvalda í síðustu viku? Mér þætti vænt um að heyra það. Og jafnframt spyr ég, af því að búið er að tala um það bæði í gær og í dag að þetta sé versta óáran sem riðið hefur yfir nokkra þjóð, að engin þjóð hafi lent jafnilla í því: Getur verið að þessi kreppa muni verða verri en hún var í Færeyjum þegar landsframleiðslan féll um 20% á einu ári og allt bankakerfið var yfirtekið af stjórnvöldum í öðru landi? Ef svo er verður að gera þinginu grein fyrir því.

[13:40]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð annarra hv. þingmanna að manni er farið að bregða ansi illa við að fá fréttir fyrst og fremst í blöðunum í staðinn fyrir að fá upplýsingar innan þingsins um það sem er að gerast í sambandi við hina svokölluðu endurreisn bankakerfisins á Íslandi. Orð sænska bankasérfræðingsins eru náttúrlega sláandi, þar sem hann talar um að kostnaðurinn verði ekki í kringum 300–400 milljarðar eins og formaður viðskiptanefndar heldur fram heldur 1.250 milljarðar. Þarna munar aðeins ef hann er að tala um 85% af vergri landsframleiðslu.

Það sem menn eru kannski líka svo ósáttir við er að þegar við komum saman í síðustu viku var boðað til fundar í viðskiptanefnd og svo var honum aflýst. Það var eins og það væri ekkert sem þyrfti að ræða í nefndinni. Við erum með hrunið bankakerfi og það var ekki ástæða fyrir viðskiptanefnd að koma saman þrátt fyrir að fulltrúar í nefndinni hefðu óskað eftir því að farið yrði í gegnum stöðu bankanna, að farið yrði í gegnum eignamatið á eignum bankanna, þessa skýrslu sem virðist enn þá vera læst inni í fjármálaráðuneytinu. Þessi ósk var ítrekuð á aukafundi sem haldinn var í viðskiptanefnd í hádeginu og formaður viðskiptanefndar talar um að hún muni skoða málið. Þessi svör eru algerlega óásættanleg. Þingmenn eiga rétt á því að fá upplýsingar um það sem er að gerast í sambandi við hina svokölluðu endurreisn bankakerfisins. Það gengur ekki að setja hér mál aftur og aftur í forgang og að ekki skuli tekin fyrir þessi áríðandi mál heldur eigum við í viðskiptanefnd að fara að ræða enn á ný um kynjahlutföll, upplýsingar til hlutafélagaskrár og um starfandi stjórnarformenn frekar en það sem er að gerast og það sem verið er að ræða í fjölmiðlum.

[13:42]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þingmönnum og sérstaklega hv. þm. Birki Jóni Jónssyni sem segir að þetta fari að verða niðurlægjandi fyrir þingið. Formaður viðskiptanefndar kemur hér upp og virðist ekki hafa hugmynd um hvað Mats Josefsson er að tala um, ekki hugmynd um það, leggur eitthvað út af því en það hvarflar ekki að hv. þingmanni, formanni viðskiptanefndar, að halda fund um málið.

Virðulegi forseti. Hvaða mál eru það nákvæmlega sem eru brýnni fyrir viðskiptanefnd að fara í núna en endurreisn bankakerfisins? Hvaða mál eru það? Ef þetta mál er ekki brýnt, hvað eru brýn mál? Samt sem áður sá núverandi meiri hluti, sem talar um gagnsæi, opna stjórnarhætti og hvað það var, ástæðu til að fresta föstum nefndarfundi í síðustu viku. Og nú, virðulegi forseti, hefur hv. þm. Eygló Harðardóttir farið aðeins yfir dagskrána á morgun og með fullri virðingu fyrir þeim málum, telur einhver hér inni þau vera brýnni en þetta einstaka mál? Er það svo að þingmenn þessarar þjóðar vilji hafa þann hátt á að lesa upp á hvern dag upplýsingar í fjölmiðlum, úr erlendri pressu, sem eiga heima í þingsal eða réttara sagt að þingmenn séu upplýstir alla vega á nefndarfundum? Er einhver hér inni sem vill hafa þetta með þessum hætti? Í það minnsta einhverjir, þ.e. þeir sem stýra núverandi ríkisstjórn. Þetta er það sem menn tala um, Samfylkingin og Vinstri grænir, þegar þeir tala um opna stjórnarhætti. Þetta er gagnsæi í framkvæmd.

[13:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Vegna ítrekaðrar umræðu um fundarfall í viðskiptanefnd í síðustu viku vil ég ítreka það sem ég sagði hér í gær. Með eins dags fyrirvara tókst ekki að fá þá tvo aðila sem óskað hafði verið eftir að kæmu á fund nefndarinnar á reglulegum fundartíma sem er á miðvikudagsmorgnum. Engu máli hafði verið vísað til nefndarinnar þegar hér var komið sögu enda þing aðeins starfað, held ég, í tvo daga og því varð fundarfall. Það eru hins vegar komin ein fimm, sex mál ef ekki fleiri til nefndarinnar núna sem við sendum út til umsagnar í hádeginu og ég lofa hv. þingmönnum í viðskiptanefnd því að þeir munu ekki þurfa að kvarta undan fundarfalli eða vandræðum af verkleysi í viðskiptanefnd á næstu dögum.

Óskað var eftir umræðu um frétt í *Fréttablaðinu* þar sem haft er eftir Mats Josefsson að 85% af vergri landsframleiðslu muni fara í að endurreisa, eins og hann kallar það, bankakerfið. Mér reiknast svo til ef það er sú tala sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson nefndi, 1.250 milljarðar, sem ég átta mig ekki alveg á, þá ætti landsframleiðslan að vera um 1.400 milljarðar. Þetta eru aðrar tölur en ég hef séð.

Við vitum að það er 10% og jafnvel meira fall í landsframleiðslunni á þessu ári. (Gripið fram í.) Ég get ekki staðið hér í beinum samtölum úr ræðustól, hv. þingmaður, heldur vitnaði ég í orð þingmannsins. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að bankakerfið hér hrundi með miklum skelli og þetta verður okkur gríðarlega dýrt. En við skulum ekki, hv. þingmenn, rugla saman orsök og afleiðingu í þeim efnum. Ég hygg, eins og ég sagði (Forseti hringir.) áðan, að það muni vera nær 50–60% af vergri landsframleiðslu sem hér um ræðir og þá vísa ég í þær tölur sem áður hafa verið lagðar fyrir þingið. Ég hef ekki (Forseti hringir.) annað.

[13:47]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guð-

laugi Þór Þórðarsyni fyrir að taka þetta mál upp. Ég tel mjög brýnt að hv. viðskiptanefnd ræði stöðu bankanna, þó að hún geri það ekki nema innbyrðis — að átta sig á því hvað er að gerast, hvaða lausnir eru til staðar og hvað lausnir þarf að finna. Það er ekki bara staða bankanna. Það eru líka samningar við kröfuhafa og margt fleira sem þarf að gera. Vegna þess að bankarnir eru lífæð atvinnulífsins og þeir eru stopp. Það þýðir að atvinnulífið fær ekkert fé sem þýðir að það fer á hausinn og almenningur verður atvinnulaus og þar með blæðir heimilunum.

Nú hefur hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, sem er formaður hv. viðskiptanefndar, komið hér tvisvar í ræðustól og í hvorugt skiptið hefur hún sagt að hún ætli að fara að ræða þetta. (Gripið fram í.) Í hvorugt skiptið hefur hún boðað fund sem mætti gjarnan gera úr ræðustóli Alþingis. En ég skora á hv. þingmann að kalla nefndina saman við fyrsta tækifæri, strax í kvöld eða í fyrramálið, og ræða þó ekki væri nema innbyrðis um stöðu mála, hver vandinn er. Síðan þarf að fá til sérfræðinga og reyna að móta reglur. Það er ekki þannig að þingið eigi bara að bíða eftir að framkvæmdarvaldið komi með lagafrumvörp. Þingið getur sjálft samþykkt lagafrumvörp og ég minni hv. þingmenn á að þeir eru jú löggjafarvaldið sjálfir.

[13:49]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Við Íslendingar stöndum frammi fyrir meiri vanda en nokkur dæmi eru um í sögu okkar og þótt víðar sé leitað. Það er áreiðanlega rétt og satt að vandinn er ekki minni en menn hafa verið að ímynda sér að hann væri. Hér er vitnað í sænskan bankasérfræðing og ég hygg að það sé ekki ofsagt að sá vandi sem við stöndum frammi fyrir verður ekki auðleystur.

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson kemur í ræðustól á þessum degi fullur vandlætingar og telur sig þess umkominn að tala um gagnsæi og opna stjórnarhætti. Ég er ekki viss um að hann sé rétti maðurinn til þess að koma og tala á þeim nótum. Það er að sjálfsögðu eðlilegt og sanngjarnt og sjálfsagt að ræða þau mál sem hér eru til umfjöllunar í hv. viðskiptanefnd. Ég hef skilið hv. formann nefndarinnar á þann veg að það verði gert. Það er eðlilegt að þingið reyni að fá botn í það sem haft er eftir þessum sænska bankasérfræðingi í erlendum fjölmiðlum. Það er mikilvægt. Vegna þess að ef sá skilningur sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og fleiri hafa lagt í orð hans er réttur þá eru þar á ferðinni upplýsingar sem eru nýjar fyrir okkur öll og mikilvægt að fá niðurstöðu í þær. Ég tel hins vegar eðlilegt að byrja á því að fá þær upplýsingar fram með óyggjandi hætti, hvað þar er á ferðinni. (Gripið fram í.) Það er rétt að gera það á vettvangi viðskiptanefndar að mínu mati.

Við eigum ekki, virðulegi forseti, að týna okkur í karpi eins og því sem hér hefur farið fram. Vandinn sem við stöndum frammi fyrir sem þjóð er allt of alvarlegur til þess og það er mikilvægt að öll stjórnmálaöfl, ríkisstjórnarflokkarnir og stjórnarandstöðuflokkarnir, taki höndum saman um að vinna bug á þeim (Forseti hringir.) vanda. Þjóðin á það skilið og þjóðin þarfnast þess.

[13:51]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það hefur komið fram hér í þessari umræðu að tveir hv. þingmenn hafa beðið um fund í viðskiptanefnd. Annars vegar er það hv. þm. Eygló Harðardóttir og hins vegar hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Þau eru ekki í sama flokki en þau hafa bæði mjög málefnalegar ástæður til þess að biðja um fund í nefndinni. Ég tel að það séu eðlileg vinnubrögð í þinginu að verða við slíkum beiðnum hratt og örugglega. Beiðni þeirra er málefnaleg, það er ekkert hægt að deila um það.

Þjóðin er í kröggum. Það er verið að biðja um fund sem tengist endurreisn bankanna. Komið hafa fram nýjar upplýsingar sem hleypa illu blóði í það mál og menn spyrja sig hvað sé í gangi. Að sjálfsögðu á að verða við þessum beiðnum hið fyrsta.

Ég vil nefna það að sú er hér stendur bað um fund í heilbrigðisnefnd Alþingis vegna svínaflensunnar, hafði samband við formann heilbrigðisnefndar og bað um fund hið fyrsta til að ræða það mál. Það var orðið við þeirri beiðni. Það er búið að halda þann fund. Hann var áðan, mjög góður fundur. Svona á þingið að vinna. Það á að bregðast við óskum þingmanna hratt og örugglega. Ég vil skora á alla nefndarformenn Alþingis að taka þau vinnubrögð til eftirbreytni sem voru viðhöfð í heilbrigðisnefnd í dag og hafa oft verið viðhöfð hér. Ég vil skora á formennina að bregðast við óskum hv. þingmanna hratt og örugglega þegar málefnalegar óskir koma fram.

Það er málefnalegt og algjörlega eðlilegt að biðja um fund í viðskiptanefnd þegar fram koma misvísandi upplýsingar um eitt stærsta mál sem við stöndum frammi fyrir í dag, sem er endurreisn bankanna. Þetta hefur gengið of hægt, þetta hefur gengið of illa og við viljum vita af hverju. Við viljum svör. Ég ætla að biðja (Forseti hringir.) hæstv. forseta að beita sér í þessu máli ef nefndaformenn ætla ekki að verða við eðlilegum (Forseti hringir.) óskum um fundi í nefndum þingsins.

[13:53]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Hér er ekki um neitt karp að ræða eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson gaf í skyn. Hér er um mjög eðlilegar kröfur að ræða frá þingmönnum á Alþingi um að haldnir verði fundir í þeim nefndum sem snerta efnahagshrunið. Alþingi á að sjálfsögðu að vinna kvölds og morgna að því að kalla eftir upplýsingum og móta stefnu og leiðir að því marki að koma okkur út úr þeim erfiðleikum sem blasa við okkur. Það á jafnt við um stjórn og stjórnarandstöðu. Það er því ekkert óeðlilegt við það að þingmenn stjórnarandstöðunnar biðji um að haldnir séu fundir í þingnefndum.

Ætlar stjórnarmeirihlutinn sér að vinna með þeim hætti að nefndir þingsins fundi bara einu sinni í viku? Að sjálfsögðu ekki. Við eigum að funda í þessum nefndum mörgum sinnum í viku. Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði hér áðan eigum við ekkert að fúlsa við því að funda í þessum nefndum á kvöldin vegna þess að við okkur blasir einn stærsti vandi í lýðveldissögunni á sviði efnahagsmála. Það er ætlast til þess af Alþingi Íslendinga að við séum hér að

störfum en ekki að efnahags- og skattanefnd eða viðskiptanefnd fundi einu sinni í viku.

Mér þótti leitt að hv. formaður viðskiptanefndar skyldi ekki svara þeirri fyrirspurn hvort ekki stæði til að halda fund í efnahags- og skattanefnd um skýrslu Olivers Wymans þar sem farið yrði yfir eignastöðu bankanna með mjög ígrunduðum hætti, upplýsingar sem við þingmenn þurfum á að halda.

Ég spurði líka formann viðskiptanefndar að því hvort hún hefði ekki áhyggjur af því að 28.500 íslensk heimili verði með neikvæða eiginfjárstöðu um næstu áramót og hvort Vinstri grænir sæju ekki ástæðu til þess að grípa til einhverra fyrirbyggjandi aðgerða í þeim efnum svo að 28.500 fjölskyldur þurfi ekki að horfast í augu við þann kalda raunveruleika að (Forseti hringir.) vera með neikvætt eigið fé. Aðgerða er þörf og það er þess vegna sem við komum hér upp og biðjum um fund í þingnefndum. Það er ekki um neitt karp að (Forseti hringir.) ræða.

[13:56]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég hlustaði í gær á hv. 10. þm. Reykv.n. flytja mjög innblásna ræðu um það hvernig Alþingi ætti að starfa sjálfstætt og alveg óháð framkvæmdarvaldinu og hvernig Alþingi ætti að reyna að styrkja stöðu sína gagnvart framkvæmdarvaldinu. Nú gefst hv. þingmanni kjörið tækifæri til þess að hrinda þessum orðum sínum í framkvæmd.

Það sem hér er verið að fara fram á er ósköp einfaldlega þetta: Þingið er að óska eftir því að kallaðir séu saman fundir í viðskiptanefnd Alþingis til þess að ræða mjög brýn mál. Til að ræða yfirlýsingar Mats Josefssons sem hafa verið að birtast í fjölmiðlum án þess að þingið gæti haft beinan atbeina að því að ræða málin og brjóta þau til mergjar.

Nú hefur það gerst að hv. formaður nefndarinnar hefur komið hér upp í tvígang og haft tækifæri til að tjá hug sinn til þess að til slíks fundar sé boðað. Hv. þingmaður hefur svarað þessum óskum þingmanna með þögninni einni. Það verður að skiljast sem svo að hv. þingmaður hafi ekki áhuga á því að boða til slíks fundar. Ég og aðrir sem hér eru í þessum sal hlustuðum á mál hv. þingmanns og gerum okkur alveg grein fyrir því að hv. þingmaður skautaði fram hjá því að svara óskum hv. þingmanna um það að boða til fundar í nefndinni.

Nú vill svo til að í þingsköpum Alþingis er gert ráð fyrir því að minni hlutinn hafi völd og áhrif. Gert er ráð fyrir því í þingsköpum Alþingis að ef þriðjungur þingmanna í viðkomandi nefnd óskar eftir fundi í nefndinni beri hv. formanni nefndarinnar að hlýða því. Hv. þingmaður, sem er greinilega að reyna að koma sér undan því að halda þennan fund, verður, á grundvelli þess að fyrir liggur sú ósk frá fulltrúum þriðjungs þingmanna í viðskiptanefnd að slíkur fundur verði haldinn, að bregðast við þessu ella liggur það fyrir að hv. þingmaður er að brjóta þingsköp. Ég trúi því ekki að hv. þingmaður vilji gera það. (Gripið fram í.)

[13:58]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér störf þingsins. Við ræðum beiðni einstakra þingmanna um að haldinn verði fundur í viðskiptanefnd. Hv. formaður viðskiptanefndar segir að fyrir viðskiptanefnd hafi engin mál legið í síðustu viku. Ég spyr þingheim: Geta nefndir ekki fundað og rætt yfirstandandi mál í samfélaginu, jafnbrýnt mál og það að bankahrunið er enn óuppgert? Bankarnir eru ekki komnir á legg. Getur hv. viðskiptanefnd ekki fundað og rætt það mál án þess að ríkisstjórnin sendi inn eitthvert erindi þar að lútandi? Telur formaður viðskiptanefndar málið ekki brýnna en svo að hún bíður eftir valdboði ríkisstjórnarinnar til þess að ræða það með hvaða hætti, hvort og hvernig byggja eigi upp íslenskt bankakerfi?

Virðulegi forseti. Það sæmir ekki formanni viðskiptanefndar og það sæmir ekki þingmönnum almennt að bíða eftir boðvaldi ríkisstjórnarinnar til þess að fjalla um þau mál sem brýnust eru í samfélaginu. Það er okkar þingmanna að ræða þau þegar þarf að ræða þau og í þingsköpum stendur að biðji þingmenn um fund í nefnd þá beri formanni að verða við þeirri ósk.

Bankarnir hafa ekki verið endurreistir. Það berast í blöðum fréttir af því sem er að gerast. Starfsmenn bankanna lesa í blöðum um eitthvað sem er að gerast eða ekki að gerast. Þingheimur á rétt á því að fundað sé um þetta í þeirri nefnd sem á að fjalla um málið. Og það er ósæmilegt af hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni að væna hv. þm. Guðlaug (Forseti hringir.) Þór Þórðarson um að hann hafi ekki verið til þess bær að hefja þessa umræðu. Hann situr í viðskiptanefnd (Forseti hringir.) og á rétt á því að viðskiptanefnd verði boðuð til fundar.

[14:00]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég verð að ítreka að ég tel að fyrrum þingmönnum Vinstri grænna virðist hafa verið skipt út, þeir eru umskiptingar, það er nýtt fólk sem allt í einu er mætt inn í þingið. (Gripið fram í.) Það var þetta fólk sem barðist harðast fyrir auknu samráði, meiri samvinnu og auknu gagnsæi innan þingsins og í íslensku samfélagi.

Nú þegar við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í viðskiptanefnd óskum eftir að ræða það mál sem ríkisstjórnin sjálf hefur sagt að sé eitt það brýnasta til að endurreisa íslenskt efnahagslíf, bankakerfið, segir formaður að hún ætli að skoða málið, hún ætli að reyna að koma á fundi. (**ÁI:** Var það ekki?) Ekkert talað um dagsetningar, ekkert var talað um tímasetningar. (**ÁI:** Rangt.) Þegar málið var tekið upp strax á fyrsta fundi viðskiptanefndar af fulltrúum stjórnarandstöðunnar fengum við engin svör um hvenær halda ætti þann fund. Fyrsta fasta fundi var frestað vegna þess að það voru engin mál sem hægt var að ræða, eins og það sé ekkert að gerast.

Síðan þurfa hv. þingmenn að lesa um það í blöðunum hvað er að gerast í sambandi við endurreisn íslenska bankakerfisins, nákvæmlega og það sem er að gerast innan viðskiptanefndar, nákvæmlega ekkert.

Á fundi okkar núna í hádeginu ítrekaði formaður viðskiptanefndar að það væri enginn tími til þess að fara í efnislega umfjöllun á þeim málum sem við fjölluðum um þá. Þrátt fyrir að ég hafi óskað eftir því (Gripið fram í.) að við mundum jafnvel funda aftur í kvöld eða að loknum þing-

fundi (Forseti hringir.) virtist sem stjórnarþingmenn hefðu enn ekki tíma til að sinna störfum sínum innan viðskiptanefndar. (Forseti hringir.) Það er mjög sorglegt. Ég óska þess (Forseti hringir.) að forseti taki á þessu máli strax.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Ég vil biðja þingmenn um að virða ræðutíma.)

[14:03]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Stundum verð ég að játa að ég á bágt með að skilja þann hita sem mönnum tekst að tala sig upp í í þessum stóli yfir litlum tilefnum að því er virðist. Hér hafa menn, einkanlega úr hv. viðskiptanefnd, annan daginn í röð farið mikinn um að tiltekinn sænskur sérfræðingur birti alls kyns upplýsingar úti í bæ og að þeim sé haldið frá þingheimi.

Nú vill svo til að ég sem formaður efnahags- og skattanefndar boðaði á sérstakan aukafund efnhags- og skattanefndar nefndan Mats Josefsson við þingmenn í efnahags- og skattanefnd að ósk þingmanns stjórnarandstöðunnar á föstudaginn var. Hann stóð í fimm klukkustundir og fór ég yfir mörg af þeim erfiðu viðfangsefnum sem við er að glíma í bankakerfinu. Þingmenn stjórnarandstöðunnar sem (Gripið fram í.) þann fund sóttu gátu spurt þennan ágæta bankasérfræðing út úr um mál númer eitt sem fyrir er á þessu þingi og önnur mál eftir atvikum.

Enn fremur ræddum við saman, ég og hv. formaður viðskiptanefndar, en mál nefndanna, efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar, skarast að ýmsu leyti enda var það auðvitað svo að þetta var áður ein nefnd. Við urðum ásátt um að koma á sameiginlegum fundi um ýmis þau mál sem nefndarmenn í báðum nefndunum hafa hreyft að þyrfti að taka til og ég geri ráð fyrir að verði haldinn á allra næstu dögum. Ég heyrði ekki betur en að hv. formaður viðskiptanefndar, Álfheiður Ingadóttir, sem leitast hefur við að stýra störfum nefndar sinnar af kostgæfni, hafi lýst því yfir hér í ræðustólnum í gær að af þessum fundi yrði.

Mér þykir satt að segja býsna hart veist að þingmanni eftir að hann er orðinn dauður á ræðutíma með ýmsum þeim orðum sem í hans garð hafa fallið. Hér hafa þrír fundir verið haldnir á einni viku í efnahags- og skattanefnd, (Forseti hringir.) það var fundur í hádeginu í viðskiptanefnd og það er annar fundur á morgun. Ég fullvissa nefndarmenn í efnahags- og skattanefnd og í viðskiptanefnd um að auðvitað verða þessi mál eftir sem áður tekin til umfjöllunar í nefndum þingsins. (**EyH:** Eigum við að lesa um það í blöðunum?) (**Gripið fram í:** … Spurðu varaformanninn hvar hann var á föstudaginn.)

Umræðu lokið.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Stjfrv., 33. mál. — Þskj. 33.

[14:06]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum. Það er 33. mál þingsins á þingskjali 33.

Í frumvarpinu er lagt til að við lögin verði bætt ákvæði sem heimilar þeim skilanefndum sem starfa á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða II við lögin, sbr. lög nr. 44/2009, að greiða skuldir eða efna aðrar skuldbindingar fjármálafyrirtækis ef skilanefnd telur víst að nægilegt fé sé til að greiða að fullu kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð.

Rökin fyrir því að nauðsynlegt sé að gera þessa breytingu eru að ráðuneytinu hafa borist ábendingar frá skilanefndunum um að þær telji að túlka eigi breytingu þá sem gerð var með lögum nr. 44/2009 þannig að skilanefndunum sé ekki heimilt að framkvæma greiðslur á skuldum eða skuldbindingum viðkomandi fyrirtækja fyrr en eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn og haldinn hefur verið fyrsti kröfuhafafundur eftir lok frestsins. Það er nokkur ágreiningur um þessa túlkun skilanefndanna. Hvað sem því líður liggur fyrir kröfulýsingarfrestur getur verið allt að sex mánuðir og svo líður einhver tími þar til fundur með kröfuhöfum er haldinn. Það er ljóst að það gengur ekki að skilanefndir geti ekki innt af hendi neinar greiðslur í marga mánuði og hafa strax komið upp tilvik þar sem reynir á þetta.

Þannig telja skilanefndir sér ekki kleift að greiða fyrrverandi starfsmönnum laun í uppsagnarfresti eða greiða aðrar forgangskröfur.

Það er því nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum sem allra fyrst sem gera það að verkum að skilanefndir geti greitt skuldir eða skuldbindingar fjármálafyrirtækja í þeim tilvikum þar sem talið er að nægilegt fé sé til að greiða að fullu jafnstæðar kröfur.

Fram hafa komið þau sjónarmið um að frumvarpið veiti skilanefndunum of víðtækar heimildir til útgreiðslu og er sjálfsagt að kannað verði í viðskiptanefnd hvort unnt sé að þrengja gildissvið frumvarpsins hvað þetta varðar.

Ég legg til, frú forseti, að máli þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

[14:08]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég fagna því að hæstv. viðskiptaráðherra skuli vera komin úr helgarfríinu og að við ræðum þetta mál.

Það bárust tölvupóstar og símtöl hérna í síðustu viku til mín frá starfsmönnum Straums – Burðaráss og Sparisjóðabanka þar sem verið var að spyrjast fyrir um hvernig stæði á því að menn ætluðu ekki að standa við yfirlýsingar stjórnvalda og skilanefnda viðkomandi fjármálastofnana um að starfsmenn fengju greidd laun í uppsagnarfresti. Þeir sögðu að hæstv. ráðherra hefði lofað því að taka málið hratt og vel fyrir í þinginu en síðan hefði ekkert gerst. Það virtist að vísu eitthvað hafa verið rætt um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki á fundi ríkisstjórnarinnar 15. maí en ekkert fréttist og þótti ekki nein sérstök ástæða til að funda um málið í viðskiptanefnd.

Hins vegar er nú búið með afbrigðum að keyra lagafrumvarpið inn í þingið þannig að ég fagna því enn á ný að viðskiptaráðherra skuli vera komin úr helgarfríinu. Hann áttar sig á því að það skiptir máli að fólk fái borguð laun í samræmi við fyrri loforð. (Gripið fram í.) Hér er hins vegar

um mistök að ræða sem gerð voru þegar verið var að breyta lögum um fjármálafyrirtæki. Því er verið að lagfæra mistökin í lögum nr. 44/2009, þar sem slitastjórn var raunar bannað að greiða nokkuð út fyrr en að loknum fyrsta kröfuhafafundi.

Við, nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins, höfum lagt fram sams konar frumvarp. En það er að sjálfsögðu í takt við gömul vinnubrögð og ekki í anda þeirra nýju vinnubragða sem núverandi ríkisstjórn hefur boðað að stjórnarmálið er að sjálfsögðu sett inn einn, tveir og þrír en við þurftum að biðja sérstaklega um að þingmannamálinu yrði dreift á sama tíma fyrst málin komu fram um svipað leyti.

Hér er talað um að nýtt ákvæði eigi að bætast við til bráðabirgða. Það er svohljóðandi:

„Þar til skilyrði eru fyrir efndum krafna á grundvelli 6. mgr. 102. gr. er skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem naut heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laga nr. 44/2009, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. ákvæði til bráðabirgða II, heimilt að greiða skuldir eða efna aðrar skuldbindingar fjármálafyrirtækis ef skilanefnd telur víst að nægilegt fé sé til að greiða að fullu kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð.“

Mér þætti mjög áhugavert að vita hver ástæðan er fyrir því að þetta er sett inn hér sem bráðabirgðaákvæði. Í okkar frumvarpi er talað um eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Slitastjórn er heimilt að greiða forgangskröfur fyrir fyrsta kröfuhafafund ef stjórnin telur að forgangskröfur fáist greiddar að fullu eða hlutfallslega miðað við áætlaðar heimtur á jafnstæðum kröfum. Einnig er slitastjórn heimilt að greiða út forgangskröfu ef aðrir kröfuhafar sem eru jafnsettir samþykkja greiðsluna.“

Það væri þá kannski ástæða til þess að viðskiptanefnd skoðaði að setja inn það sem kemur fram í þessu frumvarpi, þ.e. að tala um að það sé gert hlutfallslega miðað við áætlaðar heimtur á jafnstæðum kröfum. Að hægt sé að greiða kröfur þar sem áætlað er að heimta kannski 75%, 80% en ekki 100%, og skoðað verði að breyta bráðabirgðaákvæðinu á þann veg. Ég ætla hins vegar ekki að leyfa mér að vera svo bjartsýn að halda að mál þingmanna komist nokkuð á dagskrá fyrst stjórnarfrumvarpið er komið inn.

Eins og fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytisins er ekki talið að hér sé um neinn kostnað fyrir ríkissjóð að ræða heldur er það raunar skilanefndin eða bankarnir sjálfir, þrotabúin, sem eigi til fjármuni fyrir þessu. Það hefur alla vega komið fram varðandi Straum – Burðarás að til eru peningar til þess að greiða út laun sem forgangskröfu. Og varðandi Kaupþing Edge er líka hægt að standa skil á innstæðum innstæðueigenda í útibú Kaupþings í Þýskalandi sem eru rúmlega 300 milljónir evra.

Þetta eru greinilega leið mistök og ég held að það liggi alveg fyrir að það var ekki vilji löggjafans að lögin yrðu túlkuð á þennan máta. 102. gr. virðist ekki hafa verið nógu skýrt orðuð en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Að loknum fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrest er slitastjórn heimilt í einu lagi eða mörgum að greiða viðurkenndar kröfur að hluta eða að fullu að því marki sem tryggt er að eignir fjármálafyrirtækisins hrökkvi til a.m.k. jafnháar greiðslur allra annarra krafna sem standa eins í réttindaröð eða hefur ekki endanlega verið hafnað við slitin.“

Ég held að það hafi verið hv. þm. Birgitta Jónsdóttir sem talaði um það í sjónvarpsviðtali að það væri ágætt að við reyndum að orða lagatexta og þessi flóknu hugtök á einfaldari hátt þannig að við skildum þau flest. Ég hef svolitlar áhyggjur af lögunum um fjármálafyrirtæki, þetta er orðið allt mjög lögfræðilegt og flókið. Í þessu tilviki virðist vera að hv. þingmenn hafi ekki skilið í raun og veru hvað verið var að færa í gegn í frumvarpinu. Það er spurning um að við reynum að einfalda svolítið textagerðina okkar þegar við fjöllum um lagafrumvörp.

Þetta er gott mál og ég er mjög ánægð að sjá að það er komið fram. Ég hefði hins vegar talið eðlilegra að það hefði verið fyrsta málið sem hæstv. viðskiptaráðherra flutti á nýju þingi. Ég fagna því að við munum geta unnið hratt og vel í því og vonandi sent það út til umsagnar sem allra fyrst og ljúka því eftir 2. og 3. umr. þannig að fólk geti fengið greidd laun í samræmi við loforð stjórnvalda þess efnis.

[14:16]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna því sömuleiðis að þetta mál er hér fram komið. Ég tel að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra, ef ég skildi framsöguræðu hans rétt, að afskaplega mikilvægt sé að hv. viðskiptanefnd fari mjög nákvæmlega yfir þetta mál og þá sérstaklega með það í huga hvort hér sé um of víðfeðma heimild að ræða.

Í rauninni er þetta mál kannski afskaplega skýrt dæmi um það hve mikilvægt það er að hv. viðskiptanefnd fari yfir endurreisn bankakerfisins. Ef ég skil málið rétt, hæstv. ráðherra eða einhver annar leiðréttir það þá, var talið að þessi heimild — og það sem hv. þm. Eygló Harðardóttir vísaði hér sérstaklega til varðandi launagreiðslur til þeirra banka sem skilanefndir hafa tekið yfir var talið að það væri inni í þeim lögum sem nú þegar hafa verið samþykkt. Svo virðist ekki vera samkvæmt túlkun skilanefndanna. Þetta er bara eitt af þeim málum sem upp hafa komið.

Það er augljóst, eins og við þekkjum öll, að endurreisnin hefur gengið mun hægar en til var ætlast. Það er ljóst að þeir sérfræðingar sem komið hafa að málum hafa verið óánægðir með stefnuleysi og hægagang ríkisstjórnarinnar. Við horfum því miður upp á það, eins og við ræddum hér áðan, að það er orðið daglegt brauð að við fáum fréttir annars staðar frá um hvað er að gerast í þessum málum. En við á þinginu erum engu nær um stöðu málsins og við höfum nú farið fram á það með formlegum hætti, þ.e. með því að skrifa formanni viðskiptanefndar bréf, nefndarmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í viðskiptanefnd, að fundur verði haldinn tafarlaust út af þessum málum. Ekki er með neinu móti hægt að halda því fram að við höfum fyrst farið harða leið, ef við getum sagt sem svo, því þetta var það fyrsta sem við báðum um í viðskiptanefnd. Af augljósum ástæðum báðum við fyrst um að þetta mál yrði sérstaklega tekið fyrir.

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að þetta sé eitt af þessum stóru málum sem við þurfum að fara yfir á þessu þingi. Ég lít svo á að í forgangsröðinni sé þetta fremst. Eins og við vitum er bankakerfið lífæð þjóðarlíkamans ef þannig má að

orði komast. Ef bankakerfið virkar ekki mun það koma niður á öllum, hvort sem það eru atvinnufyrirtækin eða heimilin. Það mun svo sannarlega koma fram í mjög alvarlegum hlutum hvað varðar allan almenning.

Þetta mál er lítið, í það minnsta í orðum, en ekki er þar með sagt að það geti ekki haft alvarlegar afleiðingar ef við vöndum okkur ekki og förum ekki vel yfir það. Ég veit það og treysti því að í viðskiptanefnd munum við fara yfir þetta mál eins vel og kostur er. Við komumst hins vegar ekki hjá því, virðulegi forseti, að skoða þetta mál í stærra samhengi og þess vegna ítreka ég það hér enn og aftur að við fáum kynningu á stöðu mála hvað varðar endurreisn bankakerfisins.

Það væri kannski ágætt, úr því að hæstv. viðskiptaráðherra er hér, að hann noti tækifærið og upplýsi okkur um hver staða mála er. Kannski hefur hæstv. ráðherra einhverjar þær upplýsingar sem geta varpað ljósi á það hvað sérfræðingurinn Mats Josefsson var að fara í sænsku pressunni. Það er augljóst að formaður viðskiptanefndar er ekki með þær upplýsingar, það kom fram í máli formannsins hér áðan. Það væri kannski ekki úr vegi að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um það sem farið hefur á milli sérfræðingsins sem komið hefur að bankakreppum víðs vegar um heiminn — og fór nú þannig, eins og komið hefur fram, að hann fékk nóg. Hann taldi að stefnuleysið og hægagangurinn í ríkisstjórninni væri þess eðlis að honum væri ekki lengur fært að starfa hér.

Ef ég skil þetta rétt, hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef svo er ekki, náðust sættir í málinu. Það væri fróðlegt að vita hvað sérfræðingurinn fór fram á, hvaða skilyrði hann vildi fá uppfyllt, þannig að hann gæti áfram aðstoðað íslensk stjórnvöld við þessa endurreisn. Það er mjög gott að hafa hæstv. viðskiptaráðherra hér, hann er inni í öllum þessum málum. Hann þekkir þetta út í gegn. Það veit örugglega enginn betur en hann af hverju umræddur sérfræðingur vildi ekki starfa lengur með stjórnvöldum, þó að því hafi að vísu verið kippt í liðinn.

Forsætisráðherra upplýsti í umræðunni í gær að það hafi verið út af stefnuleysi og hægagangi ríkisstjórnarinnar. Einnig hafa komið fram mjög athyglisverðar upplýsingar úr blöðunum í dag, ef þær reynast réttar. Hann segir að Íslendingar geri sér ekki grein fyrir kostnaðinum. Það er kannski ágætt að hæstv. viðskiptaráðherra upplýsi þá hvað hann veit í því máli, þ.e. hvert sérfræðingurinn er að fara. Allir sem töluðu hér áðan voru sammála um að þetta væri ekki í neinu samræmi við þær upplýsingar sem þinginu hefðu verið gefnar fram til þessa. Þær upplýsingar sem komu fram í sænsku pressunni, eftir sérfræðingnum sem komið hefur að þessum málum á ýmsum stöðum, voru ekki í samræmi við þær upplýsingar sem áður hafa komið fram.

Allir eru sammála um að endurreisnin hefur ekki gengið jafnhratt og ætlað var en okkur skortir upplýsingar um það af hverju það er ef undan eru skildar þær upplýsingar sem komu fram hjá forsætisráðherra í gær um það að um væri að ræða, í það minnsta hvað varðaði þennan sérfræðing, stefnuleysi og hægagang ríkisstjórnarinnar. Það er augljóst að verkstjórnin er ekki sem skyldi hjá ríkisstjórninni og er það bagalegt.

Ýmsar upplýsingar hafa líka komið fram, t.d. hjá hæstv. ráðherra, um vandann varðandi eignir og skuldir bankanna og hefur ráðherrann komið fram með hugmyndir sem erfitt er að hrinda í framkvæmd, hugmyndir um umbreytingu á lánum í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur. Það væri kannski ágætt að fá að vita hjá hæstv. ráðherra hvort hann telji það einu leiðina eða hvort fleiri leiðir komi til greina ef hann telur þá ástæðu til að fara yfir það hér.

Ég lít svo á, virðulegi forseti, að þetta mál sé bara einn anginn af þessu stóra máli sem er afskaplega mikilvægt, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið, að við förum vel yfir. Þannig vill til að sú nefnd þingsins sem á að fjalla um þetta er viðskiptanefnd og ég treysti því að við þurfum ekki að bíða í marga daga eftir því að funda og fá upplýsingar um þau mikilvægu mál. Með fullri virðingu fyrir þeim málum sem liggja fyrir fundi viðskiptanefndar á morgun eru þau ekki í neinu samræmi við þetta stóra mál sem er endurreisn bankakerfisins.

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. ráðherra hefur beðið um orðið. Ég er spenntur að heyra hvað hann kemur til með að upplýsa þingið um. Ég vona að eftir ræðu hæstv. ráðherra þurfum við ekki að lesa á morgun eða hinn einhverjar nýjar upplýsingar sem koma okkur öllum spánskt fyrir sjónir. Öllum sem fylgdust með umræðunni hér áðan var ljóst að þær upplýsingar sem komu frá sérfræðingnum, og við sáum það líka í gær, sem komið hefur að þessu máli, bæði fréttirnar í gær og í morgun, komu þingheimi, í það minnsta þingmönnum stjórnarandstöðunnar og, að því er mér sýndist, þingmönnum stjórnarliðsins líka, mjög á óvart.

[14:25]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni og reyndar einnig Eygló Harðardóttur fyrir stuðning við málið efnislega. Ég treysti því eins og þau að viðskiptanefnd muni fara vel yfir þetta eins og önnur mál. Ef þörf er á að gera breytingar treysti ég því að það verði vel unnið.

Ég hef því miður ekki séð títtnefnt viðtal við Mats Josefsson og veit því ekki nákvæmlega til hvaða tölu hann er að vísa þegar hann talar um 85% af landsframleiðslu. Ég ætla því ekki að vera með neinar getgátur um það nákvæmlega í hvaða samhengi sú tala er sett fram. Ég veit hins vegar að það liggur fyrir að kostnaðurinn við endurreisn bankakerfisins og reyndar endurreisn íslensks efnahagslífs í heild verður allverulegur. En sá kostnaður hefur nokkurn veginn legið fyrir frá því síðastliðið haust. Auðvitað eru ákveðnir hlutir að skýrast og sumar tölur verða hærri en maður átti von á en aðrar lægri. En ég hef ekkert í höndunum sem bendir til þess að kostnaðarmatið, eins og það hefur verið sett fram, sé mjög fjarri lagi og ég hef alls ekkert í höndunum sem bendir til þess að kostnaðurinn verði miklu meiri en gefið hefur verið í skyn eða látið uppi opinberlega.

Forsætisráðherra hefur þegar upplýst um ágreininginn við Mats Josefsson og ég hef í sjálfu sér engu við orð hennar að bæta. Hún skýrði þetta vel í gær hér í þinginu.

Hvað varðar lán í erlendri mynt þá er það rétt að hluti af lausninni á þessum gjaldeyrisójöfnuði bankanna getur falist í því að lánum verði almennt að einhverju leyti breytt úr erlendri mynt í innlenda, auðvitað með samningum á milli

lánveitenda og lántakenda. En ýmsar aðrar leiðir verða sjálfsagt farnar líka, farin verður blönduð leið við að leysa þann vanda.

[14:27]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hæstv. ráðherra hefur ekki lesið *Fréttablaðið* í dag. Það er verið að afhenda honum umrætt viðtal, honum er því í lófa lagið að fara yfir þetta á eftir. Þetta er mjög stutt viðtal og í umræðunni hefur hvað eftir annað komið fram um hvað er að ræða. Mats Josefsson telur að kostnaðurinn verði um 85% af vergri landsframleiðslu. Ef hæstv. ráðherra getur ekki lesið þetta núna á meðan ég svara andsvari hans hefur hann tækifæri til að fara yfir það á eftir.

Mér fannst það nú ekki vera mjög upplýsandi það sem forsætisráðherra vísaði í, einhverjar dýpri ástæður hljóta að búa þarna að baki aðrar en stefnuleysi og hægagangur. Ég veit að enginn maður er betur að sér en hæstv. ráðherra hvað þessa hluti varðar. Hæstv. ráðherra verður að vega það og meta hvað hann telur rétt að upplýsa þingið og þjóðina um. En maður mundi nú ætla að í ljósi allrar umræðunnar um gegnsæið og opna stjórnarhætti yrði farið vel yfir þau mál. Hæstv. ráðherra hefur tækifæri til þess að gera það á eftir.

Ég vil ítreka spurningu hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar. Hann spurði hvort, í kjölfar þessarar uppákomu með sænska sérfræðinginn, hvort það hefði verið einn liður í því að fá hann aftur til starfa að einhverjar breytingar yrðu á samræmingarnefnd varðandi endurreisn bankanna eða hvort einhverjir aðrir þættir lægju þar fyrir sem gerðu það að verkum að hann var fáanlegur að koma að verkefninu aftur.

En, virðulegi forseti. Það væri ágætt að fá (Forseti hringir.) viðhorf ráðherrans hvað þetta varðar.

[14:29]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú verður viðskiptaráðherra að viðurkenna að hann er ekki einn þeirra mörgu Íslendinga sem lesa *Uppsala Nya Tidning* á hverjum degi. En nú er búið að bæta úr því með því að afhenda mér útprentun á því ágæta tungumáli sænsku þar sem fram kemur að Mats Josefsson segir að það muni kosta um 85% af vergri landsframleiðslu að endurreisa bankakerfið.

Ég veit ekki nákvæmlega til hvers hann er að vísa en hann getur ekki verið að vísa til þess fjár sem fer úr ríkissjóði til þess að endurfjármagna bankana og reyndar sparisjóðina og Seðlabankann því það verður talsvert lægri upphæð. En ef hann er að vísa til tjóns ríkisins í heild, og þá er m.a. talið með mikill hallarekstur sem veldur skuldasöfnun, Icesave og ýmislegt fleira, gæti hann auðveldlega komist upp í þessa tölu eða þar um bil.

Ég geri ráð fyrir að þessi tala liggi í því að ekki sé einungis verið að tala um beint framlag úr ríkissjóði inn í bankakerfið heldur fleiri kostnaðarliði sem einnig lenda, að minnsta kosti um tíma, á ríkinu. Þá er það ekkert nýtt í þessu, þá passar þessi tala nokkurn veginn við þær sem ég hef séð settar fram í þessu samhengi áður.

[14:30]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bíð þá bara eftir svörum við því sem ég spurði um. Hæstv. ráðherra svarar því í umræðunni á eftir. Þær spurningar voru allar fluttar á íslensku og þarf ekkert að fletta upp í sænskri orðabók til að komast að niðurstöðu þar.

Hins vegar er athyglisvert að hæstv. ráðherra telji að beinn og óbeinn kostnaður verði hugsanlega um 1.250 milljarðar og það er þá bara svo, það mat hæstv. viðskiptaráðherra. Það væri þó fróðlegt að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra varðandi það sem snýr að endurreisn bankanna. Ef hann telur ástæðu til að upplýsa þingið um það og þær uppákomur sem orðið hafa á undanförnum dögum held ég að það sé prýðilegt tækifæri til þess nú. Hæstv. ráðherra þarf að meta hvað hann telur rétt að upplýsa þing og þjóð um og hér er tækifæri í tengslum við þetta mál sem kemur endurreisn bankanna svo sannarlega við. Ég spurðist sérstaklega fyrir um það sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson vísaði til í dag og í umræðunni áðan, virðulegi forseti. Það verður fróðlegt að sjá hvort hæstv. viðskiptaráðherra telur ástæðu til að upplýsa þingheim eitthvað frekar um þessi mál sem svo sannarlega eru mikið í umræðunni nú en því miður eru þau aðallega í umræðunni í fjölmiðlum. Þar koma þau fyrst fram en við þingmenn eltumst við þau. Kannski verður breyting eftir ræðu (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra.

[14:33]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Það er í raun miður að þurfa að grípa strax inn í lögin um fjármálafyrirtæki vegna slita gömlu bankanna á nýjan leik einungis mánuði eftir að þau voru afgreidd héðan út og við héldum að þau mundu duga.

Forsagan er sú að með neyðarlögunum var gripið inn í rekstur bankanna og þeim skipt upp. Með sérstökum lögum sem kennd hafa verið við nóvember var þeim heimiluð greiðslustöðvun með tilteknum hætti sem var annar en sá sem annars gildir um gjaldþrota- og slitameðferð. Með lögunum í apríl var leitast við að setja slit gömlu bankanna í farveg sem væri traustur og þekktur bæði innan lands og erlendis og jafnframt viðurkenndur og byggður á gjaldþrotaskiptalögunum. Þarna héldu menn, eins og hér hefur komið fram, að sett væri undir alla leka en svo virðist ekki vera. Eins og hæstv. ráðherra sagði hefur verið bent á tvennt, forgangskröfur innlána í Þýskalandi og einnig hafa skilanefndir og jafnvel slitastjórnir einhverra af bönkunum ekki treyst sér til að greiða laun vegna þessara laga. Því er nauðsynlegt að grípa inn í þetta. Ég verð að segja að það er býsna víðtæk heimild sem hér er lögð til og ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra nefndi að bent hefur verið á að hana mætti þrengja. Ég lít svo á að við í hv. viðskiptanefnd munum skoða þann möguleika eins og kostur er án þess að skaða þann tilgang málsins sem hér hefur verið lýst.

Ég þakka hv. þingmönnum viðskiptanefndar, þeim Eygló Harðardóttur og Guðlaugi Þór Þórðarsyni, fyrir yfirlýstan skilning á mikilvægi þessa máls og vænti þess að þegar því mun verða vísað til nefndar í lok 1. umr. að við getum hafist handa við vinnslu þess án tafar. Eins og ég lýsti reyndar á sérstökum aukafundi í viðskiptanefnd í há-

deginu í dag hef ég reiknað með því að tími viðskiptanefndar í þessari viku, ef svo færi að þessu máli yrði vísað þangað núna, mundi fara að mestu í þetta mál. Það er þá gott til þess að vita að þeir fulltrúar stjórnarandstöðu sem hér hafa talað hafa lýst skilningi og stuðningi við að þetta mál verði sett í fremstu röð í vinnu nefndarinnar.

[14:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Vegna orða formanns hv. viðskiptanefndar skal því til haga haldið að við munum gera hvað við getum til þess að málið fái góða umfjöllun í nefndinni og erum alveg tilbúin í þessum málum sem öðrum mikilvægum að leggja mikið á okkur til að svo megi verða. En ég vek athygli á því að við gefum ekki neinn afslátt af því að fá fund um endurreisn bankakerfisins.

Hæstv. ráðherra hefur ekki séð ástæðu til að fara neitt betur yfir mál en hann hefur gert hér. Hæstv. ráðherra hafði tækifæri til að gera það og hefði það að mínu mati verið kjörið tækifæri til að upplýsa þingheim um ýmislegt sem verið hefur í umræðunni þannig að það gangi ekki út á það að við séum að elta allt sem gerist í blöðunum eða í öðrum fjölmiðlum. En sú er ekki raunin, virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra ætlar ekki að fara neitt meira yfir það nema hann biðji um orðið núna á meðan ég tala og þá er afskaplega mikilvægt og það er krafa okkar að fá fund í nefndinni um málið í heild sinni.

Það er ekki rétt sem hér hefur komið fram, ég hef fengið það staðfest að í efnahags- og viðskiptanefnd hafi verið farið yfir þann þátt mála enda skiptir það í rauninni ekki máli, virðulegi forseti, vegna þess að þetta mál heyrir undir viðskiptanefnd. En niðurstaðan er sú að hér er mál sem er einn hluti af endurreisn bankakerfisins. Við munum leggja okkur öll fram sem erum í stjórnarandstöðunni í viðskiptanefnd til að málið fái góða umfjöllun. Hæstv. ráðherra sér ekki ástæðu til þess að upplýsa okkur frekar um þau mál sem tengjast endurreisninni. Við förum enn og aftur fram á að fá fund sem allra fyrst um það málefni og funda eins mikið og við þurfum til að fá glögga mynd af því máli enda er í rauninni óeðlilegt að taka það fyrir og klára það án þess að við höfum séð heildarmyndina.

[14:39]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég furða mig á síðustu orðum hv. þingmanns. Skil ég hann rétt, að það sé að hans mati ekki efni til þess að afgreiða það mál sem hann lýsti rétt áðan að væri mjög brýnt, fyrr en lokið er uppgjöri milli gömlu og nýju bankanna? Hvernig á að skilja orð þingmannsins?

Ég ætla ekki að endurtaka það sem áður hefur verið sagt í þessum ræðustóli í dag og í gær eða á fundum viðskiptanefndar um nauðsyn þess að halda sameiginlegan fund með hv. efnahags- og skattanefnd um það sem beðið hefur verið um, skýrslu Olivers Wymans og stöðuna í endurfjármögnun bankanna. Við munum leitast við að gera það, eins og ég sagði í gær, við fyrsta mögulega tækifæri. En ég lýsti því jafnframt bæði á fundi viðskiptanefndar í hádeginu og hér áðan að ég tel mjög mikilvægt að það mál sem hér er til umræðu og hefur verið afgreitt til þingsins með afbrigðum í dag verði vísað til nefndar og það fái forgang í störfum nefndarinnar þessa viku. Ég óska eftir því að fá afstöðu hv. þingmanns til þess.

[14:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér er alveg hulin ráðgáta hvernig skilja mátti orð mín svo að fyrst ætti að gera upp gömlu og nýju bankana áður en þetta mál væri afgreitt. Því fer fjarri og við munum leggja okkur fram um að málið fái eins skjóta og góða afgreiðslu og mögulegt er. En ég sagði í fyrri ræðu minni að þetta væri hluti af endurreisnarmálinu. Og ef formaður viðskiptanefndar vill funda um endurreisn bankanna við fyrsta mögulega tækifæri er það annaðhvort í kvöld eða á morgun, það er bara svo einfalt, og við förum fram á að það verði gert.

[14:41]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er orðið hálfskondið. Það er boðaður fundur í hv. viðskiptanefnd á morgun og ég hafði óskað eftir því við nefndasvið hvort hægt væri að halda aukafund í fyrramálið kl. 8.30 til að bæta við tíma nefndarinnar og reyna að koma við umbeðnum fundi. Það reyndist ekki gerlegt vegna annarra funda sem þá eru. En eins og ég segi: Fundur verður haldinn við fyrsta mögulega tækifæri. Það er greinilegt að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson treystir ekki þeirri sem hér stendur til að boða fund við fyrsta mögulega tækifæri um þetta efni og ég get ósköp litlu meira við það bætt sem ég hef sagt fyrr bæði í dag og í gær. Ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki á þessari áráttutengdu hegðun að halda því sífellt fram að sú sem hér stendur vilji ekki af einhverjum ástæðum halda fund í viðskiptanefnd. Það er að mínu viti ekki sæmilegt, frú forseti, vegna þess að hér hefur verið upplýst í þingsal bæði í dag og í gær hvernig að þessum málum er staðið, einnig í hádeginu í dag í hv. viðskiptanefnd þar sem umræddur þingmaður á sæti.

[14:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þá höfum við það. Að biðja um nefndarfund um jafnmikilvægt málefni og um er að ræða er áráttutengd hegðun. Ég tek undir með þeim hv. þingmanni sem hér talaði að hv. þingmenn Vinstri grænna hafa horfið, í það minnsta úr þingsal, þeir sem fóru mikinn fyrir nokkrum vikum og mánuðum síðan og hafa svo sannarlega ekki vílað fyrir sér að biðja um nefndarfundi eins fljótt og kostur er. Ég þekki það bæði sem formaður þingnefnda hér áður og sem ráðherra. Ég veit ekki hvert málið er allt í einu. Nú er það orðin áráttutengd hegðun að biðja um fundi í þingnefnd um endurreisn bankanna í kjölfar þess að þingheimur (**ÁI:** ... frá því að sú sem hér situr biðji um orðið ...) í kjölfar þess að þingheimur þarf að lesa í blöðunum dag hvern einhverjar fréttir um þau mál.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég haldi þessari áráttutengdu hegðun áfram sem þingmaður minntist á, ég lofa því að það mun ég gera (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) ef svo ber undir að við teljum að mál séu mikilvæg bið ég um að þing-

ið fjalli um þau. Og ég treysti því að formaður viðskiptanefndar boði fund eins fljótt og mögulegt er. Við höfum beðið um það á þeim fundum sem haldnir hafa verið í viðskiptanefnd og töldum óskynsamlegt að fella niður fund þegar hægt hefði verið að fjalla um málið. Við því er ekkert að gera en ég er þess sannfærður að við fáum fund sem allra fyrst því að mikið liggur á og er þetta mál þess eðlis að mikilvægt er að halda fund í nefndinni um það.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Erfðabreyttar lífverur, 1. umr.

Stjfrv., 2. mál (upplýsingar til almennings, EES-reglur). — Þskj. 2.

[14:45]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um erfðabreyttar lífverur en frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi og náði ekki fram að ganga.

Innan Evrópusambandsins var þann 12. mars 2001 samþykkt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE. Markmið tilskipunarinnar er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna sem og að vernda heilsu manna og umhverfið við sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðabreyttar lífverur er til innleiðingar á tilskipuninni í lög hér á landi. Tilskipunin varð hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið á árinu 2008 og er því orðið brýnt að innleiða tilskipunina í löggjöf hér á landi.

Tilskipun sú sem hér er fjallað um er endurskoðun á eldri tilskipun um sama efni. Nauðsynlegt var talið að skýra nánar gildissvið hinnar eldri tilskipunar og þær skilgreiningar sem þar er að finna. Litið var til þess að erfðabreyttar lífverur sem sleppt er út í umhverfið geta fjölgað sér í umhverfinu, borist yfir landamæri og afleiðingar þess orðið óbætanlegar. Talið var nauðsynlegt, til að vernda heilsu manna og dýra, að leggja tilhlýðilega áherslu á eftirlit með þeirri hættu sem fylgir sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Í því sambandi var talið nauðsynlegt að koma á sameiginlegri aðferðafræði við framkvæmd mats á umhverfisáhættu sem og sameiginlegum markmiðum varðandi vöktun erfðabreyttra lífvera eftir að þeim hefur verið sleppt eða þær settar á markað.

Tilskipunin kveður sem sé á um ítarlegri málsmeðferðarreglur en gert var í eldri tilskipun um sama efni. Tilskipunin kveður þannig skýrt á um hvaða gögnum og upplýsingum umsækjanda ber að skila þegar sótt er um leyfi, sem og um skyldur lögbærs stjórnvalds við afgreiðslu umsókna. Þannig er m.a. gert ráð fyrir að umsækjanda beri að framkvæma mat á umhverfisáhættu sleppingarinnar eða markaðssetningarinnar og að Umhverfisstofnun beri að semja matsskýrslu þegar sótt er um leyfi til markaðssetningar. Þar er ekki síst mikilvægt að kveðið er á um aukinn rétt almennings til aðkomu að málum er varða erfðabreyttar lífverur. Í samræmi við það er í frumvarpi því sem hér er mælt fyrir lagt til að settur verði nýr kafli inn í lögin sem fjallar um upplýsingagjöf til almennings og rétt almennings til að gera athugasemdir vegna fram kominna umsókna um að setja á markað erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær. Enn fremur er Umhverfisstofnun veitt heimild til að leita samráðs við almenning og eftir því sem við á tiltekna hópa um alla þætti fyrirhugaðrar sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera áður en endanlega ákvörðun um leyfisveitingu er tekin.

Tilskipunin tekur sérstakt mið af varúðarreglunni og kveður á um að taka beri tillit til hennar við framkvæmd. Varúðarreglan er meginregla í umhverfisrétti sem m.a. er að finna í Ríó-yfirlýsingunni og felur í sér að skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skuli ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Þetta má líka orða þannig að þegar fyrir hendi er vísindaleg óvissa um afleiðingar framkvæmda fyrir umhverfið, skuli náttúran njóta vafans. Þannig skal, eins og nafn reglunnar ber með sér, fara fram af varúð gagnvart umhverfinu.

Virðulegur forseti. Ég hef hér rakið meginefni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[14:49]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Mig langar að fara örstutt yfir tilurð eða mögulegar afleiðingar af þessu frumvarpi. Ég hef smááhyggjur af því að við séum e.t.v. að setja einhvers konar þröskulda eða jafnvel tappa í þá nýsköpun og sprotastarfsemi sem við þurfum svo mikið á að halda í dag með því að hafa þessi lög með þessum hætti því að í nokkrum greinum í frumvarpinu kemur fram að verið er að leggja á kostnað, eftirlitsgjöld, menn eiga að borga umhverfismat og ýmislegt þess háttar. Ég velti svolítið fyrir mér hvort þetta sé það sem við eigum að vera að gera í dag þegar við þurfum að létta undir með þeim fyrirtækjum sem eru að reyna að skapa hér nýjungar og atvinnu.

Getur verið að reynt sé að koma því þannig fyrir að möguleikar þessara fyrirtækja til að vaxa og dafna verði ekki skertir með einhverjum hætti? Ef svo er er mjög mikilvægt að við sendum þau skilaboð til þeirrar nefndar sem þetta frumvarp fer í. Það er vel skiljanlegt að við höfum áhyggjur af erfðabreytingum í náttúrunni eða eitthvað slíkt en við verðum að gæta hófs því að mikil tækifæri felast líka í þessu.

Eins velti ég fyrir mér hvort þetta sé gangurinn varðandi Evróputilskipanir, að þær séu allt að átta ára gamlar þegar þær koma til okkar kasta. Þá finnst mér það mjög sérstakt. Eins og þetta lítur út er mjög líklegt að þetta muni þýða aukinn kostnað fyrir þá sem starfa að rannsóknum eða þróun í þessari grein og þá erum við að tala um stofnanir, félög, skóla, rannsóknastofnanir og annað. Við megum ekki setja hinni mögnuðu starfsemi í þessum félögum stólinn fyrir dyrnar.

Í II. kafla um meginþætti frumvarpsins stendur, með leyfi forseta:

„Þannig er m.a. gert ráð fyrir að umsækjanda beri að framkvæma mat á umhverfisáhættu sleppingarinnar/markaðssetningarinnar og að Umhverfisstofnun beri að semja matsskýrslu þegar sótt er um leyfi til markaðssetningar.“

Svo kemur:

„Loks er lögð sú skylda á umsækjanda, að fengnu leyfi til markaðssetningar, að hann tryggi að vöktun og skýrslugjöf sé í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í leyfinu.“

Þá eru væntanlega lagðar meiri skyldur á þá sem eru í þessari starfsemi. Í þessu tilviki getur það vitanlega og mun kalla á kostnað.

Eins varðandi 2. gr. hvet ég til þess að vandlega verði skoðað í nefnd að inni haldist klausan þar sem talað er um sérstöðu landsins á norðurslóð. Í samskiptum okkar við t.d. Evrópusambandið erum við alltaf að leggja áherslu á sérstöðu landsins út af norðlægri stöðu þess. Þess vegna held ég að það veiki okkur svolítið og veiki kannski stöðu málsins að taka þetta út.

Í 4. gr. er áfram talað um kostnað sem væntanlega lendir á þeim sem standa að þessu verkefni, þ.e. kostnað sem Umhverfisstofnun á að bera þarna, en væntanlega þarf Umhverfisstofnun fé einhvers staðar til að reka sig.

Síðan heldur þetta svona áfram í gegnum frumvarpið.

Ég velti því að lokum upp hvort ráðherra og aðrir hér séu ekki sammála mér um að við verðum að passa að lagafrumvarp þetta og reglugerðir sem fylgja í framhaldinu verði ekki til þess að eyðileggja eða skaða þá sprota- og nýsköpunarstarfsemi sem er á þessum vettvangi. Því bendi ég líka ráðherra á og hvet til þess að þeir hagsmunaaðilar sem starfa á þessum vettvangi verði að sjálfsögðu kallaðir til samráðs í nefndinni þannig að þeir miklu hagsmunir sem þarna eru í húfi komi örugglega strax fram.

[14:54]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sem formaður umhverfisnefndar vil ég fullvissa hv. 4. þm. Norðvest. um að vitaskuld verður mjög vel farið yfir þessi atriði í starfi nefndarinnar eins og alltaf er gert við þingmál sem þetta. Það verður kallað eftir umsögnum allra þeirra sem hugsanlega geta átt hagsmuna að gæta, félagasamtaka, fyrirtækja, stofnana og fagaðila.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að reglur sem þessar mega ekki og eiga ekki að íþyngja fyrirtækjum eða fyrirtækjum í þróun, en það er nú einu sinni þannig að enginn er hann, ókeypis hádegisverðurinn, hvorki í þessu né öðru, og fyrirtæki þurfa að bera eðlilegan kostnað af opinberu eftirliti, vöktun og slíku eins og gert er í öðrum atvinnugreinum. Þess er gætt að sá kostnaður verði ekki ótilhlýðilegur. Auðvitað eru settar skyldur á fyrirtækin en þau hafa ábata og hagnaðarvon af starfsemi sinni, öðruvísi gengi þetta varla.

Ég tek einnig undir með hv. þingmanni um sérstöðu landsins, sérstöðu eyjunnar Íslands í Norður-Atlantshafi, ekki síst sérstöðu lífríkisins. Hér erum við ósköp einfaldlega að innleiða sams konar reglur og gilda alls staðar annars staðar í Evrópu. Við erum reyndar að gera það á elleftu stundu, jafnvel þeirri tólftu, en þannig er það líka stundum hér. Okkur ber að gæta þess að eyðileggja ekki hina miklu sérstöðu íslenska lífríkisins.

[14:56]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka fyrir ræðu hv. formanns umhverfisnefndar. Ég skil það þannig að vandlega verði farið yfir málið í nefndinni og þess gætt að ræða við hagsmunaaðila og aðra þá sem kunna að hafa áhuga á að ræða þetta mál við nefndina.

Ég vil aðeins koma inn á þau orð að þeir sem eigi hagnaðarvon eigi að greiða fyrir þá umsýslu sem eðlileg getur talist. Ég get alveg verið sammála formanninum um að það sé eðlilegt að hafa einhvers konar gjöld á þeim sem virkilega sýna hagnað og arð í svona starfsemi, en við megum passa okkur á því að þær reglur og þau lög sem við setjum hér verði ekki til þess að draga kraftinn úr þeim sem vinna í nýsköpuninni, eru frumkvöðlar á þessum vettvangi. Það er fyrst og fremst það sem ég vara við, að við setjum lög eða reglur sem geri það að verkum að þessir aðilar haldi jafnvel að sér höndum eða hafi ekki tök á að fara í þær rannsóknir sem þarf. Við þurfum á þessu að halda í dag og eigum að vera hvetjandi.

[14:58]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt, ekki síst á þessum tímum eigum við allt okkar undir því að hér þróist ný atvinnustarfsemi, ný tegund fyrirtækja, og í líftækninni eigum við nokkur verðmæt fyrirtæki. Þau hafa kannski ekki vaxið hratt en jafnt og þétt og ég er þeirrar skoðunar að sú umgjörð sem stjórnvöld hafa sett utan um slíka starfsemi sé býsna góð.

Sé það hins vegar ákvörðun að ívilna þeim með öðrum hætti en öðrum fyrirtækjum held ég að það sé ákvörðun sem er tekin um aðra þætti en þá sem hér um ræðir. Það eru skattalegar ákvarðanir og annað slíkt sem má vel athuga en í því þarf að gæta jafnræðis eins og alls staðar annars staðar í atvinnulífinu. Talandi um jafnræði þá er hér í raun og veru settur nákvæmlega sams konar rammi og er annars staðar á hinu Evrópska efnahagssvæði.

[14:59]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Frú forseti. Um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, þarf ekki að hafa mörg orð við 1. umr. Eins og komið hefur fram í þingsal mun hv. umhverfisnefnd taka málið til vandlegrar umfjöllunar venju samkvæmt, senda til umsagnar og fá inn ólík sjónarmið ef þau eru uppi um þetta tiltekna mál. Það liggur hins vegar fyrir að okkur ber skylda til sem aðila að hinu Evrópska efnahagssvæði að innleiða í íslenska löggjöf í samræmi við þá tilskipun sem hér er höfð að leiðarljósi lög sem kveða á um þau atriði sem hér eru lögð til, þ.e. ekki síst að mæla fyrir um aukna upplýsingaskyldu, leyfisveitingar og mat á hugsanlegri umhverfisáhættu af sleppingu erfðabreyttra lífvera hér á landi, um vöktunina og samráð sem Umhverfisstofnun á að hafa við hópa sem sérstaklega þarf að tala við í þessu sambandi.

Í fljóti bragði sé ég ekki annað en að hér sé tiltölulega

skýrt mál á ferðinni. Ég veit hins vegar að fresturinn sem stjórnvöld höfðu til að innleiða tilskipunina rann út 28. mars 2008. Því miður er hann útrunninn og það setur einhvern þrýsting á starf nefndarinnar, en ég hygg að það ætti að vera hægt að taka málið til vandaðrar umfjöllunar og vonandi afgreiða það frá hinu háa Alþingi á sumarþingi.

[15:01]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Ég fagna þessu frumvarpi. Undanfarna daga hef ég fengið gríðarlega mikið af tölvupósti frá fólki sem hefur miklar áhyggjur af verkefni sem ORF ætlar að fara út í. Þau sem hafa skrifað mér, ásamt fleirum í umhverfisnefnd, kvarta sárlega yfir því að upplýsingagjöf til almennings hafi verið of lítil og réttur almennings til að gera athugasemdir gjörsamlega vanvirtur. Almenningur fékk nákvæmlega engan tíma til að kynna sér málið. Það er er afar brýnt að skoða þetta málefni og fá upplýsingar um það áður en þessum lífverum verður hleypt út í íslenska náttúru.

Mig langar að spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort þetta frumvarp geri okkur kleift að skoða málið betur og hvort ekki sé tilefni til að fresta afgreiðslu þess þangað til búið er upplýsa almenning um hvaða hættur þetta boðar fyrir íslenska náttúru. Eins langar mig að spyrja hvort við fáum kannski betri merkingar á erfðabreyttum matvælum. Mér skilst að við séum hvað verst stödd af öllum þjóðum sem eiga að kallast siðmenntaðar varðandi merkingar á erfðabreyttum matvælum. Engar slíkar reglur eru til hér þannig að maður veit ekkert hvað maður setur ofan í sig.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég fagna þessu og hlakka til að takast á við þetta málefni í umhverfisnefnd.

[15:03]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um þetta mál til að ræða það út frá aðeins öðrum nótum en hv. þingmenn hafa að hluta til verið að ræða það.

Við höfum á síðustu dögum, fyrstu dögum þessa sumarþings, fjallað yfirleitt í upphafi þingfundar um efnahagsmál, þau mál sem við þyrftum auðvitað helst að fjalla um og þau mál sem liggja hvað þyngst bæði á okkur þingmönnum og þjóðinni. Hins vegar eru gjarnan á dagskrá tilskipanir Evrópusambandsins, margar hverjar ágætar og um nauðsynleg mál, eins og til að mynda þetta og er hægt að taka undir þá góðu hluti sem í því eru, eins og varðandi varúðarreglu, þ.e. að taka tillit til umhverfisins eins og hægt er, og eins um upplýsingagjöf til almennings. Hins vegar veltir maður líka fyrir sér hvað liggi á að gera þetta núna þegar við höfum komist upp með að taka þessa tilskipun ekki upp í meira en ár. Hvaða kostnaður fylgir því að taka þessa tilskipun upp á þessum tímapunkti? Ættum við ekki hreinlega frekar að ræða hér almennt séð um að fresta öllum þeim tilskipunum sem munu hafa aukakostnað í för með sér fyrir þessa þjóð í eitt eða tvö ár á meðan við erum að kljást við efnahagsvandann? Við þurfum að komast út úr því þannig að fólk og fyrirtæki standi á eigin fótum og geti greitt þann kostnað sem við búum við.

Þetta mál er ekki það einasta sem snertir þennan vanda. Ég hef velt fyrir mér hvort við ættum ekki hreinlega að leggja fram þingsályktunartillögu um að fresta öllum þeim tilskipunum sem ekki skipta meira máli en svo að við höfum komist upp með að hunsa síðasta lokafrest í 14 mánuði, eða lengur, og einhenda okkur þá í þau efnahagsmál sem við vissulega þurfum að ræða miklu frekar og leysa þau vandamál.

Ég tek þó reyndar undir varnaðarorð hv. þm. Gunnars Braga Sveinssonar um að mér þótti tónninn fullneikvæður við lesningu þessa plaggs um erfðabreyttar lífverur, einmitt í garð þeirra fyrirtækja sem við erum að reyna að efla nýsköpun hjá. Ég tek heils hugar undir þau varnaðarorð sem hann viðhafði í ræðu sinni varðandi það að fella út ákvæði um norðurslóðaástand landbúnaðar á Íslandi, ekki bara í sambandi við fyrirhugaðar aðildarviðræður við Evrópusambandið, heldur ekki síður hvernig tekið verður á einstökum málum þegar kemur til þess að sleppa einstaka lífverum út í takmarkað umhverfi. Þá skiptir gríðarlegu máli hvort verið sé að sleppa þeim út í Mið-Evrópu eða hvort við erum að tala um norðlægar slóðir Íslands.

Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. umhverfisráðherra að ein af þeim kröfum sem hér eru settar og eru gjarnan í þessum tilskipunum Evrópusambandsins snýst um að samræma reglur aðildarríkja Evrópusambandsins. Áhyggjurnar eru gjarnan og oftast vegna flutnings einhvers efnis, í þessu tilviki erfðabreyttra lífvera, yfir landamæri.

Nú búum við, eins og við öll vitum, á eyju langt úti í Atlantshafi og erum þar af leiðandi laus við mörg þessara vandamála. Þar fyrir utan er náttúra Íslands sem betur fer göfug og hrein en auðvitað eigum við að gera allt hvað við getum til að verja hana og halda því áfram. Ég velti því samt upp hvort við séum ekki hreinlega að eyða tíma okkar og hugsanlega fjármunum illa. Ég vildi gjarnan sjá hvaða kostnaðarauka þetta hefði fyrir ríki og stofnanir, en ekki síður fyrir þau fyrirtæki sem í landinu starfa. Það kemur ekki fram í þessu þar sem vaninn er því miður ekki að kostnaðarreikna frumvörp en er nokkuð sem við ættum kannski að taka upp.

Að endingu langar mig til að við áttum okkur á því um hversu stóran hluta við erum hugsanlega að tala í sambandi við sprotafyrirtæki sem þó eru ekki öll á þessu sviði. Það kom fram í ávarpi Finnboga Jónssonar, framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, á ársþingi nýlega, með leyfi forseta:

„Sá árangur sem mörg nýsköpunarfyrirtæki hafa sýnt á undanförnum árum staðfestir hvaða árangri má ná í atvinnuuppbyggingu á Íslandi í formi fjölbreyttrar flóru smærri fyrirtækja þar sem mannauðurinn er orkan og hreyfiaflið. Eitt mikilvægasta verkefnið í efnahagsmálum á komandi mánuðum og árum er að hlúa að og styðja við uppbyggingu þessara fyrirtækja. Verði það gert mun verða til fjöldi nýrra starfa og um leið auknar gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið.“

Ég hvet nefndina til að skoða ekki síður hvaða áhrif það mundi hafa á þau fyrirtæki sem starfa í þessu umhverfi, að fást við erfðabreyttar lífverur, sem sprotafyrirtæki í landinu.

[15:09]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka góða umræðu um framlagt

frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðabreyttar lífverur. Það eru nokkur atriði sem hafa komið fram í umræðunni sem vert er að staldra við.

Fyrst að því er varðar almennar áhyggjur af frumvarpinu. Eins og hér kom fram hjá hv. formanni umhverfisnefndar er ekki um að ræða skerðingu á rétti, heldur fyrst og fremst aukið gagnsæi og aukna kynningu til almennings. Varðandi áhyggjur Gunnars Braga Sveinssonar er um að ræða óverulegt þjónustugjald og í raun og veru eðlilegan kostnað sem hlýst af þeirri þjónustu sem Umhverfisstofnun mundi veita. Ég tek þó undir þær áhyggjur að þarna gæti verið um að ræða fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref og mér finnst full ástæða til að nefndin fari sérstaklega yfir þær vangaveltur sem hér hafa komið fram og jafnframt það að þetta frumvarp verði ekki til þess að koma í veg fyrir sprotastarfsemi.

Hins vegar er það þannig að, eins og hv. þm. Sigurður Ingi Jóhannsson orðaði það, íslensk náttúra er göfug og hrein og ég ætla bara að gera þau orð að mínum. Það er einmitt og ekki síður þess vegna sem varúðarreglan á sérstaklega vel við á Íslandi, sú meginregla í umhverfisrétti sem er að finna í Ríó-yfirlýsingunni og felur í sér að það þarf að gæta sérstakrar varúðar og að ef um vísindalega óvissu er að ræða skuli náttúran njóta vafans. Sú nálgun er kannski hvergi eins mikilvæg og í landi sem er tiltölulega fjarri þeim áhrifum sem hér hafa verið rædd.

Ég neita því ekki að mér fannst afar áhugaverð umræða hv. þm. Sigurðar Inga Jóhannssonar varðandi að fresta öllum innleiðingum og leggja fram þingsályktunartillögu þess efnis. Eins og málin standa erum við þó í þessu umræddda alþjóðlega samhengi þar sem okkur er gert að innleiða þessar tilskipanir innan tiltekins tímaramma. Ég er svo sem þeirrar skoðunar og deili henni með mörgum þingmönnum að það kann að orka tvímælis hvernig raðað er inn á dagskrá og hvaða mál eru tekin á undan öðrum. Þó held ég að á þessu snarpa sumarþingi sé þess gætt að í fyrsta lagi séu á dagskrá mikilvæg þingmál í ljósi efnahagsástandsins og í öðru lagi þau þingmál sem eru komin í skömm gagnvart erlendum samningum.

Varðandi spurningu og framsetningu hv. þm. Birgittu Jónsdóttur um erfðabreytt bygg á vegum ORF Líftækni er ljóst að hér skarast tímarammar að nokkru leyti. Hér leggjum við annars vegar fram frumvarp til laga um breytingu á lögum þar sem gert er ráð fyrir mun meiri opinberri umræðu og meiri kynningu en áður var samkvæmt þeim lögum sem hafa verið í gildi hvað þetta varðar. Á sama tíma leggur Umhverfisstofnun fram umsögn um þessa umsókn ORF Líftækni.

Mér er bæði ljúft og skylt að segja frá því í ræðustól Alþingis að Umhverfisstofnun íhugar nú í ljósi fjölda ábendinga og þessarar sérkennilegu stöðu sem nú hefur komið upp að framlengja annars vegar frest til athugasemda við þessa leyfisveitingu og halda hins vegar sérstakan kynningarfund um málið í Reykjavík. Um þetta er líka skýr heimild í reglugerð og sjálfsagt að koma til móts við þessar sérstöku aðstæður hvað þetta varðar. Ég ítreka að það er verið að íhuga þetta á Umhverfisstofnun en ekki hefur verið tekin um það endanleg ákvörðun.

Að öðru leyti þakka ég fyrir góða umræðu og vænti þess að frumvarpið fái góða og helst auðvitað hraða afgreiðslu í gegnum hv. umhverfisnefnd.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og umhvn.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 34. mál (strandveiðar). — Þskj. 34.

[15:15]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 34, 34. mál, en þar er um að ræða breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Viðamesta breytingin lýtur annars vegar að skipan frístundaveiða og hins vegar að skipan frjálsra handfæraveiða nú í sumar, sem takmarkast einkum af þeim aflaheimildum sem sérstaklega verður ráðstafað til veiðanna á yfirstandandi fiskveiðiári. Þá er gert ráð fyrir að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar úr gullkarfa og djúpkarfa. Að lokum er gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fái heimild til að gefa út leyfi til takmarkaðra veiða í fræðsluskyni.

Frístundaveiðar við Ísland eru vaxandi þáttur í ferðaþjónustu hér við land en veiðar á frístundafiskibátum eins og þekkjast í dag hófust að marki á Vestfjörðum árið 2006. Þessar veiðar hafa bæði verðið stundaðar á venjulegum fiskibátum, sem í annan tíma stunda veiðar í atvinnuskyni, og sérstökum frístundabátum, sem hafa verið smíðaðir sérstaklega í þessum tilgangi.

Fyrir liggja allnákvæmar upplýsingar um afla þessara frístundafiskveiðibáta enda hafa þeir bátar verið með leyfi til veiða í atvinnuskyni og þurfa að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lögum og reglum um stjórn fiskveiða, þar á meðal um vigtun og skráningu sjávarafla. Heildarveiði þessara báta var um 200 tonn á árinu 2007 og var þorskafli þar af um 180 tonn. Á árinu 2008 var heildaraflinn um 250 tonn og þorskafli þar af um 220 tonn. Er fjöldi skráðra frístundabáta nú 43. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda annarra báta sem selja ferðir í sjóstangaveiði. Nokkrir aðilar sem selja skoðunarferðir á sjó bjóða einnig upp á sjóstangaveiði samhliða skoðunarferðunum, annaðhvort sem hluta afþreyingar í skoðunarferðum eða sem sérstakar veiðiferðir á sjóstöng. En líkt og með frístundafiskveiðarnar hefur slík ferðaþjónusta verið vaxandi undanfarin ár.

Þann 20. febrúar 2008 skipaði þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem samkvæmt skipunarbréfi hafði það hlutverk að fara yfir starfsumhverfi frístundabáta og greina hvort og með hvaða hætti unnt væri að taka tillit til sérstöðu útgerðar frístundaveiðibáta með hliðsjón af gildandi ákvæðum fiskveiðistjórnunarlaga um nýtingu og verndun nytjastofna sjávar. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til ráðherra í janúar 2009. Við samningu þessa frumvarps var tekið mið af niðurstöðum og tillögum starfshópsins. Í frumvarpinu eru sett skilyrði fyrir starfseminni sem er ætlað að taka tillit til nokkurrar sérstöðu þessarar starfsemi og fella hana að því fiskveiðistjórnarkerfi sem hér er beitt.

Þannig er gert ráð fyrir að ferðaþjónustuaðilar sem hyggjast bjóða viðskiptavinum sínum upp á möguleika til að stunda veiðar í sjó hér við land þurfi að sækja um leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem þeir ætla að nota í því skyni. Gildir það hvort sem ferðaþjónustuaðilar stunda eingöngu sjóstangaveiðar eða veiðarnar eru einungis hluti þeirrar afþreyingar sem boðið er upp á. Skilyrði fyrir útgáfu þessa leyfis er að fyrir liggi leyfi Ferðamálastofu sem hún gefur út með stoð í 8. gr. laga nr. 73, 24. maí 2005, um skipan ferðamála. Er útgáfa leyfis Fiskistofu háð framangreindu skilyrði til þess að ferðamálayfirvöld geti betur tryggt að öll umgjörð um þessa starfsemi sé með þeim hætti að fylgt sé fullnægjandi gæða- og öryggiskröfum auk þess að eftirlit verði með þeim þáttum sem Ferðamálastofa telur ástæðu til.

Gerður er greinarmunur á tvenns konar leyfum sem gefin eru út til báta sem gera út á frístundaveiðar með ferðamenn. Annars vegar er um að ræða leyfi til handa þeim hópi sem stundar blandaða starfsemi þar sem sjóstangaveiði er ekki meginþátturinn í þeirri þjónustu sem boðið er upp á. Eru aðilum í þessum hópi heimilaðar mjög takmarkaðar veiðar með takmarkaðan fjölda sjóstanga án þess að leggja þurfi til aflaheimildir. Hins vegar er um að ræða leyfi til handa þeim aðilum sem markvisst gera út á sjóstangaveiðar í þeirri þjónustu sem boðið er upp á. Takmarkast afli þessara báta af aflamarki eða krókaaflamarki viðkomandi báta, þ.e. þeir þurfa að hafa aflaheimildir fyrir öllum afla sem veiddur er.

Þannig er gerður greinarmunur á aðilum í ferðaþjónustu sem annars vegar markvisst stunda fiskveiðar í þessum tilgangi og hins vegar þeim aðilum sem bjóða upp á blandaða starfsemi þar sem sjóstangaveiðar eru óverulegar þáttur í þeirri afþreyingu sem í boði er.

Við veitingu frístundaleyfa koma einungis til greina þau skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands og uppfylla öll skilyrði til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í apríl sl. kynnti þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, þau áform að fresta úthlutun byggðakvóta nú á þessu fiskveiðiári til að skapa svigrúm fyrir breytta stefnu til styrkingar og örvunar atvinnustarfsemi í sjávarbyggðum. Boðaða markmiðið var nýting sjávarauðlindarinnar á nýjum grunni þar sem mönnum verði gert mögulegt að stunda frjálsar veiðar með ströndinni á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Jafnframt yrði komið á nýjum flokki veiða, svokölluðum „strandveiðum“, þar sem heimilaðar væru frjálsar handfæraveiðar við ströndina. Núverandi stjórn fiskveiða er gagnrýnd fyrir að erfitt sé fyrir nýja aðila að hefja veiðar í atvinnuskyni. Með strandveiðum er opnað á takmarkaðar veiðar þeirra sem ekki þurfa að vera handhafar veiðiheimilda. Þannig er til að mynda ungu og áhugasömu fólki auðveldað að afla sér reynslu og þekkingar um leið og sveigjanleiki er aukinn.

Síðan þá hefur verið unnið að nánari útfærslu þessara hugmynda og hefur í þeirri vinnu verið tekið til tillit til ýmissa sjónarmiða sem fram hafa komið.

Með frjálsum handfæraveiðum eða strandveiðum yfir sumarmánuðina er opnað fyrir handfæraveiðar allra þeirra báta sem uppfylla þau skilyrði sem gerð eru til fiskiskipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni. Með veiðunum er þannig m.a. opnað á takmarkaðar veiðar þeirra sem ekki eru handhafar aflamarks eða krókaaflamarks. Núverandi handhöfum aflamarks eða krókaaflamarks stendur þó jafnframt til boða að stunda frjálsar handfæraveiðar að sömu skilyrðum uppfylltum.

Strandveiðarnar takmarkast einkum af þeim aflaheimildum sem sérstaklega er ráðstafað til veiðanna eða alls 3.955 lestum af óslægðum þorski auk meðafla í ýsu upp á 3% og ufsa upp á 15%. Er landinu skipt í fjögur landsvæði og er aflaheimildum ráðstafað hlutfallslega til landsvæðanna á grundvelli skiptingar byggðakvóta til þeirra byggðarlaga sem falla innan viðkomandi landsvæða. Eru 55% þess magns af óslægðum þorski sem ráðstafað hafði verið til byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðiári ráðstafað til strandveiðanna. Auk þess er ráðstafað til strandveiða 2.500 tonnum af þorski umfram þær aflaheimildir sem úthlutað hefur verið á fiskveiðiárinu 2008/2009 á grundvelli laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Skiptist þessi viðbótarúthlutun jafnt á landsvæðin fjögur. Önnur helstu skilyrði sem sett eru fyrir þessum veiðum eru þau að óheimilt er að stunda veiðar á laugardögum og sunnudögum, hámarkstími veiðiferðar er 12 klst., ekki er heimilt að hafa fleiri en tvær handfærarúllur um borð sé einn maður í áhöfn, annars mest fjórar, og að hámarki má draga 800 kg af óslægðum þorski í hverri veiðiferð á hverjum degi. Þá skal landa öllum afla innan svæðisins og skal það gert í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafla.

Þar sem um nýjan flokk veiða er að ræða eru reglur og skilyrði veiðanna sett til eins árs. Á grunni þeirrar reynslu og lærdóms sem draga má af fyrirhuguðum strandveiðum á yfirstandandi fiskveiðiári verður reynslan af þeim metin. Verður í því sambandi leitast við að nýta þá þekkingu og reynslu sem til staðar er í hinum dreifðu sjávarbyggðum landsins. Þá verður tekið til sérstakrar athugunar með hvaða hætti leyfin hafa dreifst en vilji stendur til þess að dreifingin sé sem jöfnust, þ.e. að leyfin safnist ekki á hendur fárra aðila. Á þessum grunni verður fyrirkomulag og skipan veiðanna endurskoðað fyrir næsta fiskveiðiár.

Að lokum er gert ráð fyrir því að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar á gullkarfa og djúpkarfa og þá verði í lögunum heimild til þess að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni.

Allt frá upphafi kvótakerfisins 1984 hefur úthlutun aflaheimilda í karfa tekið til tveggja tegunda karfa, þ.e. djúpkarfa og gullkarfa. Hafrannsóknastofnunin hefur í nokkur ár lagt til í ráðgjöf sinni að aflamarki í gullkarfa og djúpkarfa verði úthlutað aðskildu. Þann 14. nóvember 2008 skipaði þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem ætlað var að gera tillögur um reglur við framkvæmd skiptingar á heildaraflamarki fyrir gullkarfa og djúpkarfa. Var hópurinn skipaður fulltrúum Landssambands íslenskra útvegsmanna, Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Lagt er til að hvert skip fái sömu aflahlutdeild í gullkarfa og djúpkarfa og það hefði í karfa. Yrði þannig aflahlutdeild í gullkarfa og djúpkarfa hin sama. Er hér lagt til að tillögu nefndarinnar verði fylgt en hópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra með bréfi, dagsettu 12. desember 2008.

Ekki er til staðar sérstök heimild til handa ráðherra að leyfa sérstaklega veiðar sem fara fram í fræðsluskyni, t.d. á skólabátum, en umsóknir um slíkt berast ráðuneytinu stundum og koma þær einkum frá fræðsluyfirvöldum. Hér yrði um mjög óverulegar veiðar að ræða og fyrst og fremst í því skyni að kynna fyrir t.d. nemendum í skólum veiðar, notkun veiðarfæra og lífríki hafsins við Ísland. Er því gert ráð fyrir í frumvarpinu að heimilt verði að veita þessa undanþágu í takmörkuðum mæli enda verði aflinn ekki fénýttur.

Hæstv. forseti. Ég tel mikilvægt að þetta mál sem ég hef hér mælt fyrir fái sem hraðastan framgang og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar hjá hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

[15:26]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þegar hæstv. fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra greindi frá því að hann hefði í huga að leggja fram frumvarp um svokallaðar strandveiðar greindi hann frá því að einn megintilgangurinn væri sá að einfalda fiskveiðistjórnarkerfið og ryðja út úr því þætti sem valdið hefði ágreiningi og vísaði þá sérstaklega til byggðakvótans.

Nú hefur hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra greint frá því að horfið hafi verið frá því að einfalda kerfið og þess í stað hafi verið ákveðið að flækja það enn frá því sem það er í dag. Hæstv. ráðherra hefur greint okkur frá því að ráðstafa eigi hluta, eða 55% af byggðakvótanum, til hinna svokölluðu strandveiða. Þá vaknar spurningin: Hvernig hyggst hæstv. ráðherra úthluta þeim byggðakvóta sem eftir stendur, um 2.000 tonnum, sem er allt og sumt sem ætlað er til þess að koma til móts við veikustu byggðirnar í sjávarútvegi í landinu? Hvernig hyggst hæstv. ráðherra úthluta þessum aflaheimildum?

Nú liggur það fyrir að það er að styttast mjög í fiskveiðiárinu, það eru rétt rúmir þrír mánuðir þangað til fiskveiðiárinu lýkur og ákaflega mikilvægt að menn fari að fá einhverja vissu um það hvernig staðið verður að úthlutun þess litla sem eftir stendur varðandi byggðakvótann. Hæstv. ráðherra verður auðvitað í þessari umræðu, áður en lengra er haldið, að upplýsa okkur um það hvernig hann ætlar að vinna þessi mál. Er hæstv. ráðherra tilbúinn með þær reglur sem á að vinna eftir? Hefur hæstv. ráðherra hugsað sér að skerða þá almennt talað þau byggðarlög sem hafa átt rétt á byggðakvóta og hafa átt rétt á byggðakvóta á grundvelli þeirra reglna sem hafa gilt eða hefur hæstv. ráðherra hugsað sér að fækka þeim byggðarlögum sem fá byggðakvótann? Hæstv. ráðherra verður að greina frá þessu. Það kemur ekki fram, hvorki í ræðu hans né í athugasemdum við þetta frumvarp, og þess vegna er ákaflega mikilvægt áður en þessari umræðu vindur fram að hæstv. ráðherra útskýri þetta mál betur.

[15:29]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson þekkir manna best hefur gengið á ýmsu við úthlutun á byggðakvótanum og síður en svo að honum hafi verið úthlutað fyrir fram. Eftir því sem ég veit best var einungis búið að úthluta rúmlega helmingnum af byggðakvótanum núna á miðjum vetri.

Engu að síður er gert ráð fyrir því að miðað við fyrri yfirlýsingar eða fyrri ákvörðun sjávarútvegsráðherra, um að taka allan byggðakvótann í þessa opnunaraðgerð, verði einungis tekinn rúmlega helmingurinn og honum verði þá skipt með líkum hætti og á grundvelli svipaðra reglna og áður hefur verið gert.

Ég vil minna á að til viðbótar þeim hluta byggðakvótans sem núna er tekinn í þessar tilraunaveiðar eða þetta tilraunaverkefni eru einnig tekin til viðbótar 2.500 tonn sem er þá bætt í og tekið af sérstakri heimild ráðherra í þeim efnum þannig að þarna er verið að auka í þann fisk sem má veiða á þessum svæðum. Ég tel að sú tilraun sem þarna hefur verið lagt af stað með sé mjög mikilvæg, hún er viss opnun á þessu kerfi, og í ljósi þess hvernig til tekst verður framhaldið metið á næsta fiskveiðiári.

[15:31]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og ég skildi svar hæstv. ráðherra þá þýðir það sem hæstv. ráðherra boðar í raun og veru að hann hyggst skerða byggðakvóta í þeim byggðarlögum sem ættu að öllu óbreyttu að njóta hans á grundvelli þeirra reglna sem eru í gildi. Hæstv. ráðherra er í raun og veru að boða það að einstök byggðarlög muni fá 55% skerðingu á byggðakvóta sínum miðað við það sem hæstv. ráðherra var hér að segja.

Hæstv. ráðherra segir að hugmyndin sé ekki sú að fækka þeim byggðarlögum sem njóta byggðakvótans. Hæstv. ráðherra var að segja okkur að stuðst yrði við þær reglur sem gilt hafa um úthlutun á byggðakvótanum og um þær reglur hefur verið vaxandi sátt. Þær eru efnislegar og gagnsæjar og hafa tekið tillit til þeirrar gagnrýni sem sett hefur verið fram á fyrirkomulag byggðakvótans.

Nú er hæstv. ráðherra sem sagt að greina okkur frá því að lítil byggðarlög, Raufarhöfn, Vesturbyggð og ýmis önnur byggðarlög sem notið hafa byggðakvótans, muni þurfa að búa við rúmlega helmingsskerðingu á byggðakvótanum. Þetta er út af fyrir sig stefnumörkun og við getum rætt hana. En það er hins vegar mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra, þegar hann segir síðan í svari sínu hér áðan, að einnig sé gert ráð fyrir að auka aflaheimildirnar til þessara byggðarlaga. Það er ekki rétt. Strandveiðifrumvarpið sem svo er kallað gerir ekki ráð fyrir því að settar séu sérstakar heimildir fyrir minni byggðarlög. Þetta eru bara almennar heimildir fyrir alla þá sem uppfylla tiltekin skilyrði. Það kemur einmitt skýrt fram í frumvarpinu að ætlunin er að færa til aflaheimildir frá minni byggðarlögunum til hinna stærri. Trúr þessari sannfæringu sinni gerir hæstv. ráðherra þetta.

Það er mikill misskilningur að með þessum 2.500 tonnum sé verið að auka fiskveiðiréttinn úti í hinum litlu byggðarlögum. Það er alls ekki þannig. Einungis er verið að taka ákvörðun um það að skerða byggðakvótann og síðan að búa til þetta nýja fyrirkomulag sem flækir enn fiskveiðistjórnarkerfið í landinu.

[15:33]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bið hv. þingmann að sýna þessu máli biðlund og fagna því reyndar að það skuli vera komið með opnun af þessum toga í kerfinu.

Ég vil minna á að á síðastliðnu fiskveiðiári var hv. þingmaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og að ég best veit var heildarbyggðakvótinn þá skertur um 500 tonn, á þeim forsendum einmitt að draga ætti úr vægi byggðakvótans í þessu skyni. Það er ekki verið að gera hér.

Hér eru tekin 2.500 tonn sem eru þá lögð áfram inn til veiða á þessu ári. Það er alveg rétt. Þau skiptast á þessi svæði eins og ég greindi frá en engu að síður er það þó viðbót. Það að verið sé að svipta þessi byggðarlög byggðakvótanum með þessum hætti þá er líka verið að opna möguleika á að aðrir geti veitt þann fisk sem syndir meðfram ströndinni og berist þá inn til vinnslu í þessum byggðarlögum.

Ég hvet hv. þingmann til þess að horfa á hinar góðu og jákvæðu hliðar sem eru tvímælalaust á þessu máli, verið er að opna gluggann til fiskveiða með þeim hætti sem hér er lagt til.

[15:34]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til hamingju með sitt fyrsta þingmál. Þetta er auðvitað heilmikið efnislegt mál sem ástæða er til fyrir okkur að fara vandlega yfir og verður auðvitað gert í umræðunni sem fram undan er.

Ég vil líka óska honum til hamingju með það að þetta er dagurinn sem hvalveiðivertíðin er að hefjast að nýju. Það hlýtur að vera sérstakt ánægjuefni fyrir hæstv. ráðherra að geta verið í stóli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þegar þær veiðar hefjast. Ég óska honum innilega til hamingju með það og veit að hann hefði viljað vera viðstaddur og sleppa endanum þegar báturinn fór í fyrsta skipti frá bryggju núna um hádegið. En hann er auðvitað í miklum önnum og hefur ekki getað gert það. Engu að síður ítreka ég hamingjuóskir til hæstv. ráðherra með það að hafa verið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á þessum merka og góða degi.

Frumvarpið vekur athygli fyrir það að þetta er efnismikið frumvarp sem tekur til mjög margra atriða. Af því ég er langminnugur þá rekur mig minni til þess að hæstv. ráðherra, þegar hann var hv. þingmaður í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, gagnrýndi það stundum þegar lögð voru fram frumvörp með nokkrum óskyldum efnisatriðum. En á þessu sjáum við að hæstv. ráðherra er námsfús og hefur tekið fyrirkomulag okkar fyrirrennara sinna til greina og leggur nú fram frumvarp sem er með þremur eða fjórum efnismiklum og ólíkum atriðum. Þar er um að ræða skiptingu á karfastofnum, reglur varðandi veiðar í fræðsluskyni, reglur um hina svokölluðu frístundabáta og svo strandveiðifrumvarpið sjálft. Þetta er út af fyrir sig aðferð og ég gagnrýni hana ekki enda stundaði ég hana sjálfur, en hæstv. ráðherra er sem sagt námsfús maður.

Ástæða er til að nefna nokkur atriði í 1. umr. þessa máls sem verður svo tekið til efnislegrar meðhöndlunar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þar sem ég á sæti, og mér gefst þess vegna tækifæri til að fara betur yfir það.

Hluti af þessu frumvarpi, þ.e. frístundaveiðibátahlutinn, 2. gr. frumvarpsins, kom inn í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd á síðastliðnu vori. Því miður tókst okkur ekki að afgreiða málið þá. Það var brýnt að afgreiða það vegna þess að það er mikilvægt fyrir þessa nýju atvinnugrein að hafa öruggan lagaramma til að starfa innan. Eins og hæstv. ráðherra rakti beitti ég mér fyrir því á sínum tíma að setja á laggirnar nefnd til að fara yfir þessi mál. Það er nefnilega mjög mikilvægt fyrir þessa nýju atvinnugrein að lagaumhverfið í kringum hana sé skýrt og öruggt þannig að menn viti að hverju ber að stefna.

Frumvarpið kom sem sagt inn í nefndina í vor og þar komu fram nokkur efnisatriði í gagnrýni frá umsagnaraðilum sem við höfðum íhugað að reyna að taka tillit til þegar málið væri í efnislegri vinnslu. Það eru tvö atriði í því sambandi sem mig langar sérstaklega að spyrja hæstv. ráðherra um. Í fyrsta lagi er vikið að því varðandi frístundaveiðibátana, í 1. tölulið 2. gr. frumvarpsins, að ekki sé heimilt að nota fleiri en fimm sjóstangir eða færarúllur samtímis á þessum bátum. Þetta var eitt af því sem var gagnrýnt mjög af hálfu þeirra sem reka sjóstangaveiðibáta sem fara í siglingar, til að mynda hér út á Faxaflóann. Þeir telja að þetta muni mjög þrengja að starfsgrundvelli þeirra og muni m.a. gera það að verkum að þeir verði að kaupa sér fleiri báta og leggja í óþarfafjárfestingu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna ekki hafi verið reynt að taka tillit til þessara sjónarmiða, hvort einhverjar efnislegar ástæður séu fyrir því að hæstv. ráðherra vildi ekki hlýða á athugasemdir og mótbárur þessara útgerðarmanna.

Í öðru lagi var nokkuð rætt um stöðu þeirra báta sem eru að róa núna, til að mynda í krókaaflamarki, en vilja jafnframt stunda það að fara með ferðamenn á sjóstöng. Í 2. gr. í frumvarpinu stendur, með leyfi forseta:

„Ekki er heimilt innan sama fiskveiðiárs að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á báti sem fengið hefur leyfi til frístundaveiða“.

Nú er það þannig að dæmi eru um það að aðilar sem stunda fiskveiðar hafa reynt að drýgja tekjurnar með því að heimila það t.d. að fara út með ferðamenn til þess að róa og gefa þeim færi á að fiska og mundu þá væntanlega vera tilbúnir að leggja til aflaheimildir ef um það væri að ræða. En ég sé ekki betur á þessu en verið sé að girða algjörlega fyrir að þetta sé hægt. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að það beri að endurskoða þetta ákvæði, hvort hann sé tilbúinn til að opna á það að í nefndinni muni stjórnarliðið taka jákvætt í að þetta mál sé með einhverjum hætti endurskoðað til þess að koma í veg fyrir að aðilar sem þegar hafa haslað sér völl á þessu sviði geti haldið því áfram. Ég þekki slík dæmi um útgerðarmenn sem hafa með þessum hætti aukið fjölbreytnina í byggðarlögum sínum með þessari atvinnustarfsemi og enn fremur styrkt rekstrargrundvöll báta sinna.

Þetta er það sem ég vildi segja svona í upphafi máls míns varðandi 2. gr. frumvarpsins. En sú grein sem hér er þó aðallega til umfjöllunar að þessu sinni er ákvæði til bráðabirgða, tilraunaverkefnið strandveiðar, sem hæstv.

ráðherra hefur verið að mæla fyrir. Gert var ráð fyrir því að með því fyrirkomulagi sem hér er verið að boða væri ætlunin sú að reyna að losa sig út úr byggðakvótanum, hverfa frá úthlutun byggðakvóta. Það var hinn yfirlýsti tilgangur frumvarpsins þegar það var boðað af hæstv. þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrími J. Sigfússyni.

Hann vísaði til þess að verið hefði ágreiningur um byggðakvótafyrirkomulagið. Ég vil fullyrða að sá ágreiningur var orðinn mun minni vegna þess að búið var að fara yfir athugasemdir sem höfðu borist varðandi byggðakvótafyrirkomulagið og taka mjög mikið tillit til þeirra. Þessi endurskoðun gerði það að verkum að ekki var hægt að úthluta byggðakvóta fyrr en nokkuð var liðið á fiskveiðiárið. En allar forsendur voru til þess, fullyrði ég, að úthluta byggðakvótum strax í byrjun febrúar hefði verið til þess pólitískur vilji. Sá vilji var sem sagt ekki til staðar.

Nú hefur hæstv. ráðherra endurskoðað afstöðu sína og komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé að viðhalda byggðakvóta á þessu tilraunatímabili þó að hann hafi boðað að hann verði skorinn niður um rúmlega helming. Út af fyrir sig hefði ég talið langsamlega skynsamlegast, eins og málum er háttað, að halda sig við það að úthluta byggðakvóta á þessu fiskveiðiári eins og reglur og lög kveða á um. Ef menn vildu síðan opna á möguleikana á strandveiðifyrirkomulaginu, eins og hér er verið að gera, væri það gert með þeim hætti að undirbúa það vel á þessu ári og setja lög og reglur um þetta til þess að menn gætu þá undirbúið sig eðlilega.

Núna er hins vegar gert ráð fyrir því að reyna að koma þessu máli í gegn á mjög skömmum tíma. Við sem höfum lengi verið viðriðnir það að breyta lögum um stjórn fiskveiða þekkjum að þetta eru flókin mál og oft koma upp á því angar sem menn sjá ekki fyrir og gera það að verkum að í þessum málum vakna upp alls konar draugar sem enginn sá fyrir. Það er líka greinilegt að hæstv. ráðherra hefur verið að vandræðast með þetta mál. Það sjáum við á þeim breytingum sem verið er að boða í þessu frumvarpi frá því sem upphaflega var talað um.

Frumvarpið er að mínu mati hvað verst að því leyti að það felur í sér tilfærslur á aflaheimildum, á fiskveiðirétti, frá veikustu sjávarbyggðum landsins til annarra byggða. Það er algjörlega óumdeilt. Hæstv. ráðherra hefur tekið um það ákvörðun að 55% af áætluðum úthlutuðum byggðakvóta skuli tekin og fiskveiðirétturinn á honum skuli ákveðinn með allt öðrum hætti.

Hæstv. fyrrverandi ráðherra hafði talað svo mikið um að það ætti að byggja þetta fyrirkomulag á úthlutuðum aflaheimildum sem hafa runnið til byggðakvótans og því hafði ég ímyndað mér að hæstv. ráðherra mundi búa þetta frumvarp þannig úr garði að þeir einir ættu rétt á þessum strandveiðum sem væru á svæðum sem njóta byggðakvótans. En þegar við skoðum frumvarpstextann, þetta bráðabirgðaákvæði, kemur í ljós að svo er ekki. Ekki er ætlunin að nýta þetta í byggðarlegum tilgangi. Þvert á móti er ætlunin að nota þetta í gagnstæðum tilgangi.

Hér kemur það greinilega fram að það er svæðið allt í kringum landið sem hefur þennan rétt til þess að stunda þessar strandveiðar og nota síðan til þessa verkefnis fiskveiðiréttinn sem sérstaklega var merktur minnstu og veikustu byggðunum í landinu. Það er að mínu mati ótrúleg hugsun á bak við þetta frumvarp. Ég gat ekki ímyndað mér að hæstv. ráðherra af öllum mönnum mundi verða til þess að færa með þessum hætti, með pólitísku handafli, fiskveiðiréttinn frá minnstu byggðarlögunum til annarra.

Hæstv. ráðherra rekur það í frumvarpinu — í fyrsta hópnum sem hefur rétt til þessara veiða er landsvæðið skilgreint frá Eyja- og Miklaholtshreppi. Ég kannaði það til gamans nú í morgun hvort það væru mjög margir bátar sem hefðu fiskveiðileyfi í Eyja- og Miklaholtshreppi, sem er í kjördæmi okkar hv. þingmanns. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef frá Fiskistofu og frá Siglingastofnun mun enginn bátur eiga þann möguleika í því sveitarfélagi. Þar hafa menn, eins og vitað er, stundað aðrar atvinnugreinar.

Frumvarpið mun líka leiða til þess að stærri hluti af fiskveiðiheimildunum, sem menn hafa verið að reyna að nýta allt árið um kring, í byggðarlegum tilgangi og til þess að byggja upp fyrirtæki sín, nýtist núna einungis yfir sumarmánuðina. Þetta er auðvitað mjög sérkennileg ákvörðun. Ákvörðun um það að stýra veiðunum þannig að þær séu stundaðar hluta af árinu og stuðla að því með vissum hætti og koma í veg fyrir það að menn geti byggt upp heilsársatvinnustarfsemi á minnstu og veikustu sjávarútvegsstöðunum í kringum landið. Þetta er mjög sérkennileg hugsun. Þetta er pólitísk stefnumótun en hún er mjög sérkennileg engu að síður.

Úr því að menn fara þessa leið að reyna að opna á — sem er út af fyrir sig ekkert útilokað sjónarmið að opna með einhverjum hætti á veiðarnar eins og hæstv. ráðherra er að boða en ég tel þó mjög sérkennilegt að gera það með því að leggja svona stór svæði til grundvallar. Tökum dæmi um landsvæði A, Eyja- og Miklaholtshrepp til og með Skagabyggð. Gert er ráð fyrir því að þeir sem róa frá þessum svæðum þurfi eingöngu að landa aflanum einhvers staðar á þessu svæði. Sá sem rær frá Arnarstapa getur þess vegna lagt upp á Skagaströnd og sá sem rær frá Skagaströnd getur þess vegna lagt upp á Arnarstapa. Þetta er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt í hinu almenna fiskveiðikerfi en þetta er hins vegar mikið stílbrot frá því sem áður var varðandi byggðakvótann. Og við skulum ekki gleyma því að byggðakvótinn er uppistaðan í þeim fiskveiðirétti sem lagður er til grundvallar varðandi þessar strandveiðar. Þannig að það er í raun og veru, eins og ég sagði áðan, verið að veikja þessar minnstu byggðir. Í byggðakvótanum var líka gert ráð fyrir því að menn yrðu að landa tvöföldum heimildum sínum áður en þeir gætu fengið fiskveiðirétt. Hér er það ekki gert. Ekki er heldur neinn áskilnaður um það að menn leggi upp í sínum eigin byggðarlögum sem er í sjálfu sér líka til þess fallið þar með að veikja þessi byggðarlög.

Það má líka velta því fyrir sér hvernig menn hafa hugsað sér að fara með þetta allt saman. Í byggðakvótanum var gert ráð fyrir um 1.900 tonnum af ýsu, 1.300 tonnum af ufsa og einhverju lítilræði af steinbít. Nú vitum við öll að á handfæri munu þessar tegundir ekki veiðast í þessum mæli, langt frá því, það þekkjum við. Þá vaknar líka sú spurning, og það er spurning til hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hæstv. ráðherra fara með þær aflaheimildir sem þarna falla væntanlega dauðar niður? Hyggst hann ráðstafa þeim með einhverjum öðrum hætti? Það er spurning sem hæstv. ráð-

herra verður líka þá að svara.

Hæstv. ráðherra gerði töluvert mikið úr því að þessu kerfi væri ætlað að auka nýliðunina í sjávarútveginum. Það er út af fyrir sig gott og göfugt markmið. Margir hafa reynt það og við höfum verið að reyna það með því að lækka þröskuldinn, t.d. með því að búa til sérstakt smábátakerfi, t.d. með því að hafa byggðakvótann umræddda, t.d. með því að innleiða svokallaða nýliðun. Allt var þetta að hluta til gert í þeim tilgangi að lækka þennan aðgangsþröskuld inn í sjávarútveginn.

En hvað hefur gerst í kjölfarið í umræðunni sem hefur átt sér stað eftir að boðað frumvarp hæstv. ráðherra komst í hámæli? Það sem hefur gerst er að bátarnir hafa allt í einu fengið aukið verðmæti og færarúllur hafa fengið aukið verðmæti. Vegna þess að núna er það ekki lengur kvótinn sem takmarkar aðganginn. Ekki heldur dagarnir eins og var í gamla dagakerfinu. Núna er það báturinn, fiskveiðileyfi bátsins. Það sem hefur gerst er að þröskuldurinn inn í kerfið hefur hækkað að þessu leytinu og hæstv. ráðherra hefur þar með búið til nýtt fyrirkomulag sem býr til þröskuld gagnvart þeim sem vilja komast inn í þetta kerfi.

Virðulegi forseti. Ég hef aðeins komist yfir lítinn hluta af þeim málum sem mig langaði til að ræða í þessu sambandi. Það gefst hins vegar örlítið tækifæri til þess frekar hér á eftir. Ég hef fimm mínútur í síðari ræðu minni sem ég hyggst flytja og koma þá inn á fleiri atriði.

[15:50]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, talar hér af mikilli umhyggju um hinar smærri og veikari byggðir landsins. Ég minnist þess að í ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks sem mynduð var árið 2007 var ákvæði í stjórnarsáttmála sem kvað á um að stofna nefnd til að skoða afleiðingar kvótakerfisins fyrir byggðir landsins. Vegna þessarar miklu umhyggju hv. þingmanns er ágætistilefni til að spyrja hann nú: Hvað kom út úr skoðun þeirrar nefndar á afleiðingum kvótakerfisins fyrir byggðir landsins?

[15:50]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður veit lauk starfi síðustu ríkisstjórnar áður en kjörtímabilið var hálfnað þannig að því verkefni lauk einfaldlega ekki. Það var hins vegar ágætissamkomulag milli stjórnarflokkanna um þetta mál. Við höfum margoft rætt um hvernig við vildum haga því. Menn vita hins vegar að aðstæður í fyrrahaust voru ekki mjög þægilegar til þess að koma þessu verkefni af stað en það var auðvitað ætlunin að gera það í ársbyrjun á þessu ári. Um það var fullt samkomulag milli stjórnarflokkanna og hafði margoft verið rætt okkar í millum hvernig skynsamlegast væri að haga þessu máli.

Inn í þetta verkefni hefði síðan átt að koma almenn skoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu því að eins og stjórnarsáttmálinn var úr garði gerður var talað um að menn ættu að fara yfir reynsluna af aflamarkskerfinu og sérstaklega út frá sjónarhóli byggðanna þannig að það var ekki nein fyrirstaða, hvorki í Sjálfstæðisflokknum né í Samfylkingunni — það get ég líka fullyrt — gagnvart því að fara í þessa vinnu enda var þetta í stjórnarsáttmálanum og ætlunin var auðvitað að vinna það verk.

[15:52]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er mikill stórmennskubragur á því hjá hv. þingmanni að koma hingað upp í ræðustól og ásaka hæstv. sjávarútvegsráðherra um vandræðagang í þessu máli og að hann hafi verið lengi að vandræðast með það þegar hann gat sjálfur ekki á tæpum tveimur árum skipað nefnd til að rannsaka áhrif kvótakerfisins á þær byggðir sem hann nú skyndilega hefur fyllst mikilli umhyggju fyrir.

[15:52]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í stjórnarsáttmála er gert ráð fyrir því að hrinda málum í framkvæmd á kjörtímabilinu. Það stóð aldrei annað til en að ljúka því máli á tilsettum tíma. Þessi mál voru oft rædd, m.a. í þinginu og þá lýsti ég því yfir að minn einlægi ásetningur væri að þessu verki yrði lokið í tæka tíð fyrir lok kjörtímabilsins þannig að hægt yrði að hrinda í framkvæmd þeim lagabreytingum sem nauðsynlegar væru til að fullnusta þetta ákvæði stjórnarsáttmálans sem báðir flokkarnir voru ásáttir um.

Hins vegar var mjög margt gert á þeim 18 mánuðum sem ríkisstjórnin starfaði sem stuðlaði að því að vinna að framgangi þessa ákvæðis stjórnarsáttmálans þó að sjálf nefndin hafi ekki enn verið skipuð þegar ríkisstjórnin fór frá. (Gripið fram í.)

[15:53]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar aðeins að koma inn á orð hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar áðan varðandi byggðakvótann og þessi 55% sem verið er að færa frá veikustu byggðum landsins í annars konar kerfi. Það var orðið þannig, og ég get staðfest það sem sveitarstjórnarmaður sem þurfti að glíma við að úthluta byggðakvótum, að það var komin nokkur ró á hvernig staðið var að úthlutun byggðakvóta. Það var búið að breyta reglum og fara margoft í gegnum þessa hluti.

Hins vegar er alveg ljóst að með þessari aðgerð eins og hún lítur út — nú getur verið að hæstv. ráðherra eigi eftir að skýra málið betur — lítur út eins og verið sé að taka kvóta af veikustu byggðunum og til standi að útdeila honum með einhverjum öðrum hætti án þess að segja þá til um hvernig eigi að bæta þeim þá skerðingu sem þær svo sannarlega verða fyrir. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar um þetta mál.

Það er mjög sérkennilegt ef það verður eftirskrift þessarar ríkisstjórnar — það er kannski of snemmt að fara að tala um einhverja eftirskrift — að fara út í það allt kjörtímabilið að skapa óvissu um einstök mál og jafnvel heildarhagsmuni íslensks sjávarútvegs. Ég hvet ráðherra, af því að ég þekki vel til hans og veit að hann er mjög mætur maður, til að skoða vandlega þau áhrif sem þetta mun hafa á veikustu byggðir landsins.

[15:55]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það má ýmislegt segja um hæstv. ríkisstjórn en ég vil samt koma henni til varnar þegar hv. þingmaður talar um að hún sé að skapa óvissu með þessu frumvarpi. Ég held að hún marki bara nokkuð skýra stefnu. Stefnan er alveg skýr að því leytinu að það er verið að taka um þá pólitíska ákvörðun að færa 55% af byggðakvótanum, sem er sá kvóti sem fer til allra veikustu byggðanna, til þeirra byggða sem hafa misst frá sér mest af aflaheimildum, þar sem fiskvinnslan hefur dregist mest saman, þar sem íbúafjöldinn hefur dregist saman. Þetta eru byggðirnar sem láta frá sér 55% af þeim kvóta sem sérstaklega er ætlaður til þerra sem er síðan ætlaður til annarra nota, það eru þá aðrir sem geta þá tekið þátt í því að veiða þessar aflaheimildir.

Það er alveg ljóst að grundvöllurinn að strandveiðunum er tiltekinn pottur, tiltekið aflamagn, hlutdeild úr úthlutuðum kvóta, sem fer þá síðan til ráðstöfunar annars staðar. Þetta er alveg sjónarmið, menn geta sagt sem svo að þetta sé góð og gild stefna í sjálfu sér og lýtur mjög að því sem Samfylkingin hefur t.d. talað um, þessu jafnræði sem menn tala mjög mikið um og tengist til að mynda fyrningarleiðinni. Ég hafði satt að segja ekki átt von á því að hæstv. ráðherra Jón Bjarnason mundi gera það að sínu fyrsta máli að gangast undir þetta jarðarmen og sýna á spil sín með þeim hætti að veikja fiskveiðirétt allra veikustu sjávarbyggðanna í landinu. Því hefði ég satt að segja ekki trúað að óreyndu.

[15:57]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir árnaðaróskir hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar til hæstv. sjávarútvegsráðherra um að hann skuli vera í ráðherrastól þegar hvalveiðar fara af stað. Ég vil líka benda honum á að koma endilega þeim skilaboðum til stjórnarflokkanna, þar sem ég veit að meiningar í þessu máli eru misjafnar, að við þessi mótmæli í London sem nú er skrifað um í blöðunum í nafni margra friðunarsamtaka eru mættir allir 10–15 félagarnir í þeim. Það eru mjög bjartar horfur fyrir ferðamannasumarið á Íslandi eftir upplýsingum frá ferðaþjónustunni þrátt fyrir hrakspár um annað. Einnig er áhugavert að geta þess að sigurþjóðirnar í sönglagakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva voru hvalveiðiþjóðirnar Norðmenn og Íslendingar. Þetta eru öll áhrifin af þessum hvalveiðum okkar.

Það virðist liggja mikið á hjá þessari ríkisstjórn, ég veit ekki hvort menn reikna þar með frekar stuttum líftíma, en aðgerðirnar sem við horfum á í þessu frumvarpi bera þess merki. Ég hefði viljað heyra frá hæstv. ráðherra á eftir hvenær hann telur að afgreiðslu þessa máls ljúki eða hver hans markmið eru. Hv. formaður sjávarútvegsnefndar, Atli Gíslason, mætti kannski koma inn á það líka fyrir okkur sjávarútvegsmenn.

Það sem setur óvissu í sjávarútvegsmálin almennt er fyrst og fremst boðuð fyrningarleið og þær strandveiðar sem nú er verið að mæla fyrir á þinginu. Það var ljós í myrkrinu að hlusta hér á hæstv. sjávarútvegsráðherra í síðustu viku í umræðu um sjávarútvegsmál þar sem berlega kom í ljós að innan Vinstri grænna eru komnar ákveðnar efasemdir um þessa fyrningarleið. Menn átta sig kannski á því að hún er ófær og verður ekki farin eins og lofað var í kosningabaráttunni.

Mikla óvissu setur að grunnstoðinni í samfélaginu, sjávarútvegi, þegar talað er um breytingar á byggðakvóta. Óvissu hefur líka sett að sjávarútvegi og hvalveiðum eftir að núverandi ríkisstjórn kom til valda. Á þeim vettvangi eru menn tvístígandi og leggja ekki í þær fjárfestingar sem fyrirhugaðar voru til að geta byggt upp hér atvinnuveg til margra ára.

Afleiðingarnar varðandi þessar svokölluðu strandveiðar og þessa fyrningarleið sem eru í pípunum endurspeglast í því að útgerðarmenn smábáta og stærri báta halda nú að sér höndum í allri fjárfestingu og allri skipulagningu og viðskipti með kvóta liggja að miklu leyti niðri. Þetta endurspeglast í því að bátar liggja bundnir við bryggju, menn komast ekki á sjó vegna þess að þeir geta ekki hagrætt og geta ekki veitt eins og þeir gætu ef aðstæður væru eðlilegar.

Komið hefur verið inn á það hér að verð á smátrillum og búnaði þeim tengdum til að fara í þessar svokölluðu strandveiðar hefur rokið upp og er að mörgu leyti orðið óeðlilegt. Margir bátar sem eru komnir til ára sinna eru farnir að fá verð sem ekki hefur sést í langan tíma. Af því má draga þá ályktun að miðað við þessar aðstæður sé nýliðun gerð erfiðari í þessari grein þar sem verð á þeim hlutum sem til þarf hefur rokið upp og það verður erfiðara fyrir fólk að hefja þennan rekstur. Það eru kannski helst þeir sem hafa reynsluna og hafa selt sig út úr greininni sem er verið að hygla með þessu og það eru þeir sem maður hefur heyrt mörg dæmi um að horfi til þess að fara af stað aftur í þessar veiðar. Þessar aðgerðir auka þannig í raun, má segja, skuldsetningu á greinina í heild sem kannski mátti ekki við því vegna þess að ekki fjölgar fiskunum við þessa aðgerð.

Það er full ástæða til að skoða breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og það kom fram í stjórnarsáttmála þarsíðustu ríkisstjórnar, þ.e. ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, að það ætti að fara í úttekt á fiskveiðistjórnarkerfinu þó að ekki ynnist tími til þess á þeim tíma. Þannig höfum við sjálfstæðismenn lýst áhuga og vilja til þess að fara í úttekt og skoðun á þessu kerfi til að leita sátta um það sem mögulega mætti fara betur.

Ágreiningur um íslenska fiskveiðistjórnarkerfið á ekki rætur í úthlutun á veiðirétti á sínum tíma, heldur má segja að veiðiréttur smábátasjómanna og útvegsmanna hafi verið minnkaður og takmarkaður við ákveðið hlutfall úr hverjum stofni. Deilurnar snúast fyrst og fremst um framsal sem sett var í lög árið 1990 þegar í ríkisstjórn sátu m.a. hæstv. ráðherrar Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Þegar ráðherrarnir knúðu þá samflokksmenn sína til að samþykkja frumvarpið um fiskveiðistjórnina og frjálsa framsalið nefndi hvorugt þeirra hugtakið ranglæti. Þau voru ekki að tala um ranglætið þá en þeim verður tíðrætt um það í dag.

Einhver útfærsla á framsali var nauðsynleg til að ná fram aukinni hagræðingu í greininni en það sem deilunum hefur valdið er fyrst og fremst mikill hagnaður þeirra sem selt hafa sig út úr greininni. Allar þær breytingar sem við viljum gera á núverandi kerfi verða að taka mið af þessum staðreyndum og þær verða að snúa að því að við eflum þessa sterku grunnstoð íslensks samfélags í stað þess að rífa

hana niður og skapa um hana mikla óvissu. Þær breytingar sem hefur verið kallað eftir og menn eru að mörgu leyti sammála um að þurfi að skoða eru t.d. aukin veiðiskylda þar sem þeim sem hefur verið úthlutað veiðiheimildum er gert að veiða hærra hlutfall til að minnka leigumöguleika. Leigumöguleikinn verður þó að vera fyrir hendi til að gæta hámarkshagræðingar í greininni en það er hægt að sjá hærra hlutfall í þessu án þess að það skaði greinina.

Það þarf líka með einhverjum ráðum að koma í veg fyrir að þeir sem eiga báta á kambi og fara í kringum kerfið, sem eru örfáir aðilar í landinu og setja svartan blett á sjávarútveginn, geti stundað slíka leigu. Það þarf að finna leiðir sem greiða fyrir einhverri nýliðun inn í kerfið þannig að duglegu fólki sem er tilbúið að leggja á sig mikla vinnu sé skapaður farvegur. Sú leið sem nú er valin er tæplega til þess fallin. Það verður að vanda til þessarar vinnu og það verður að gefa þessu þann tíma sem til þarf. Annað er til þess fallið að skapa þá óvissu sem við höfum enga þörf fyrir og megum í raun alls ekki við, eins og við búum við núna.

Þeir sem starfa í greininni í dag, almennt séð, langflestir, hafa ekki gerst sekir um annað við þessar aðstæður en að fara nákvæmlega eftir þeim reglum sem voru settar í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar árið 1990 þar sem í sátu hæstv. ráðherrar Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir. Þeir hafa bara spilað eftir þeim reglum og engum öðrum og nú á að fara að refsa fólki fyrir það.

Í þessu frumvarpi má segja að grundvallarregla byggðakvótans sé brotin, grundvallarreglan um að reyna að efla atvinnulíf í veikustu byggðum landsins, í þeim byggðum sem verst hafa farið út úr kvótakerfinu og í því að kvóti hefur verið seldur frá einu byggðarlagi til annars. Það er skilyrt í byggðakvótakerfinu að ef menn ætla að fá þar úthlutun verða þeir að hafa landað til vinnslu í heimabyggð sinni til að efla atvinnustarfsemi í sinni byggð. Þeir verða að hafa landað a.m.k. tvöföldu því magni sem þeir eiga möguleika á að fá byggðakvóta á. Það þarf ekki í þessu nýja kerfi, strandveiðikerfinu. Eins og þingheimur veit kem ég úr kjördæmi sem telst til þéttbýlisins á suðvesturhorninu, Suðvesturkjördæmi, og ég veit um menn í mínu kjördæmi sem horfa til þess núna að fara að að róa hér frá þéttbýlisstöðum á suðvesturhorninu til að nýta sér þá leið sem hæstv. sjávarútvegsráðherra boðar nú.

Hvers eiga þeir að gjalda sem hafa á þessu fiskveiðiári úti um allt land, í veikustu byggðum landsins, unnið eftir settum reglum, þeim reglum sem hafa verið í gildi? Þeir hafa ekki elt hæsta verð sem þeir mögulega gátu fengið fyrir afurðir sínar, heldur landað til vinnslu í heimabyggð sinni, bundið tryggð við fiskvinnslu og fólkið í heimabyggð sinni til að skapa þar atvinnu. Þeir hafa gert þetta í því skjóli og þeirri vissu að þeir legðu þá grunn að því að fá úthlutað byggðakvóta sem nú er allt upp í loft með.

Þessir aðilar hafa líka skipað í nánu samstarfi við vinnslurnar í sinni heimasveit, í sínum byggðarlögum, þannig verkum að hagstætt væri fyrir alla aðila. Menn hafa tekið sumarfríin á sama tíma, horft til þess að reyna að ná í meiri afla þegar verðmætin eru mest og slegið af þegar það er hagstæðara. Þannig hafa menn getað skipulagt sig en allt þetta er hæstv. ráðherra að setja í uppnám, alla þessa hagræðingu, og hann er að setja á ólympískt veiðikerfi þar sem menn munu róa hver sem getur og klára þann afla á skömmum tíma, sama hversu mikið verðmæti fæst fyrir hann. Því er lítið stjórnað. Um er bara að ræða sumarveiðar. Það sem byggðakvótinn hefur snúist um er að skapa heilsársvinnu, útvega vinnslunum hráefni allt árið.

Þetta kemur sér líka misvel fyrir staði á landsbyggðinni. Það er nefnilega mislangt á miðin. Það eru dæmi um staði á landsbyggðinni, innan þeirra svæða sem rætt er um í þessu frumvarpi, þar sem nánast verður ómögulegt að stunda þetta vegna þess að menn þurfa að sækja það langt að það getur hreinlega reynst hættulegt. Þá komum við að því sem skiptir líka máli í þessu, í stað þess að missa frá sér kvóta til fjölmennari svæða er viðbúið að fólk reyni að vinna eftir þessum reglum. Það að takmarka veiðarnar við það að mega ekki veiða á laugardögum og sunnudögum — hvað ef það er búið að vera vont veður alla vikuna og spáin fyrir vikuna á eftir er slæm, af hverju er mönnum þá ekki heimilt að róa á laugardögum og sunnudögum, dugmiklu fólki sem vill vinna? Er það markmið ráðherrans að skipa frídaga í fleiri greinum, alveg sama þótt það dragi úr öllu hagræði sem í greininni er?

Ég vil endurtaka það sem ég sagði um hættuspilið sem þetta getur kallað á. Þetta getur hvatt menn til að fara á sjó þegar veður eru jafnvel válynd og ætla að reyna að sleppa heim áður en stormur skellur á. Við viljum ekki sjá það endurtaka sig í íslenskum sjávarútvegi að menn hætti sér of mikið af því að kerfið býður ekki upp á annað.

Annað vekur athygli, eftirlitsmálin. Það er augljóst að það verður mjög auðvelt að fara í kringum þetta kerfi að mörgu leyti. Það eru ákveðin dæmi um það sem ég ætla ekki að fara yfir hér í ræðustól en við munum örugglega ræða í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Mér þykir einsýnt að eftirlitsiðnaðurinn muni blómsta í kringum þetta með öllum þeim kostnaði sem það felur í sér fyrir greinina og þjóðina. Það er nokkuð sem við þurfum ekki núna, að auka eftirlitsiðnaðinn.

Mér er reyndar ekki til efs að hæstv. ráðherra setji þetta mál fram með góðum ásetningi en ég er líka jafnviss um að málið hefur alls ekki fengið þá skoðun og þá umræðu í hans ranni og innan hans ráðuneytis sem þörf er á. Það er margt sem bendir til þess við nánari skoðun, eins og ég hef rakið hér, að þetta mál nái alls ekki þeim markmiðum sem lagt er upp með, það sé miklu frekar til þess fallið að skapa óvissu og óhagræði, og væntingar sem eru óheppilegar þegar síst skyldi.

Ég lýsi mig tilbúinn til að taka þátt í vinnu við yfirferð, endurskoðun og úttekt á fiskveiðistjórnarkerfinu og að reyna að ná einhverri sátt um þá þætti sem ósátt er um í kerfinu. Ég er reyndar þess fullviss og er á þeirri skoðun að þegar við förum í upplýsta umræðu og hlutlausa úttekt á fiskveiðistjórnarkerfinu muni koma í ljós allir þeir kostir sem það prýða. Það eru nefnilega mjög margir kostir við íslenska sjávarútvegskerfið og það er engin tilviljun að þjóðir heims líta til okkar þegar horft er til framtíðar í málefnum sjávarútvegs, nú síðast í Evrópusambandinu.

Við munum leggja á það áherslu að afleiðingar þessa frumvarps, sérstaklega hvað varðar strandveiðarnar, verði skoðaðar alveg sérstaklega í hv. sjávarútvegs- og landbún-

aðarnefnd og þar verði tekið tillit til þess þar sem verið er að hreyfa við þessum umdeilda byggðakvóta að menn gæti hagsmuna þeirra byggða sem veikastar eru (Forseti hringir.) og að það kerfi sé hugsað til að efla atvinnulíf.

[16:12]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er mjög athyglisvert að heyra núna hv. þm. Jón Gunnarsson og Einar Kristin Guðfinnsson lýsa áhyggjum sínum af nýliðun i sjávarútvegi og það í tilefni af því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram. Ég held að það sé einmitt til þess fallið að auka sveigjanleika í kerfinu og opna það frekar en verið hefur og opna fyrir aðkomu nýrra aðila í greininni, til strandveiða annars vegar og til frístundaveiða hins vegar. Ég sé alveg fyrir mér að sjálfsagt munum við í sjávarútvegsnefnd þurfa að ræða ýmis útfærsluatriði, og margt af því sem hér hefur verið nefnt er vel umræðunnar virði í nefndinni en mér þykja hrakspárnar fullsnemma á ferðinni, sérstaklega í ljósi þess að hér er lagt til tilraunaverkefni sem metið verður í ljósi reynslunnar eftir eitt ár.

Í þessu frumvarpi er að mínu mati margt merkilegt og vel tilraunarinnar virði, skref í rétta átt, og ég vona að okkur farnist vel í nefndinni við að leggja þessu frumvarpi gott til. Ég segi fyrir mig að ég mun spennt fylgjast með reynslunni sem verður af þessari tilraun þegar sá tími er liðinn.

[16:14]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er nefnilega tilraunaverkefni og það snýst um að skerða réttindi annarra, réttindi þeirra sem hafa starfað í greininni, hafa starfað eftir gildandi leikreglum og núna er gripið inn í það, má segja, eins og úti í miðri á. Við erum á leiðinni yfir og reglum er breytt í miðri á.

Hér er nefnt að við höfum miklar áhyggjur af nýliðun í greininni en það kom ekki fram í mínu máli sérstaklega að ég hefði miklar áhyggjur af nýliðun í greininni. Staðreyndin er nefnilega sú að byggðakvótinn hefur átt þátt í því að hjálpa nýliðun í greininni. Dugmikið fólk hefur á sínum svæðum jafnvel keypt sér báta og einhvern kvóta, leigt síðan til sín, landað í heimabyggð og þannig náð sér í mikilvægan byggðakvóta til að standa undir rekstrinum. Nákvæmlega þannig hefur það verið. Sá árgangur sem að þeirri útgerð kemur hefur náð að kaupa sér meiri kvóta. Það er enginn rekstur þannig að það sé hægt að fara í hann með viljann einan að vopni. Það þarf yfirleitt alltaf fjármagn til að byggja upp atvinnurekstur og það er ekkert öðruvísi í sjávarútvegi.

Út af fyrir sig getur vel verið að við þurfum að skoða einhverjar leiðir í þessa átt. Það getur vel verið að við þá endurskoðun sem fyrirhuguð var í tíð síðustu ríkisstjórnar hefðu komið upp hugmyndir sem hefðu snúið að því að fara einhverjar svona leiðir í smáum stíl til að hafa tilraun. En tilraunirnar má ekki gera þannig að þeir sem veikir eru fyrir standi kannski ekki upp eftir þær. Það er það sem ég hræðist í þessu og þetta er að því leyti vanhugsað og þarf ítarlegri skoðun.

[16:16]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum sérstaklega á fjórum þáttum eins og komið hefur verið inn á, að ráðherra fái heimild til að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni, settar verði ítarlegar reglur um frístundaveiðar sem fari fram á vegum ferðaþjónustuaðila, og heimilaðar verði frjálsar handfæraveiðar, strandveiðar, á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2009. Viðamesta breytingin lýtur annars vegar að skipan frístundaveiða og hins vegar að skipan frjálsra handfæraveiða á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2009.

Ég vil hér sérstaklega ræða þær breytingar sem lúta að heimild til frjálsra handfæraveiða og frístundaveiða. Frjálsar handfæraveiðar hafa lengi verið baráttumál íbúa sjávarbyggðanna sem hafa eygt einhvern möguleika á nýliðun í greininni. Ekki hefur verið talið að þær mundu stofna fiskstofnunum í hættu, þær séu sjálfbærar og gefi möguleika á nýliðun og gefi jafnframt ungu fólki tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar. Frjálslyndi flokkurinn hefur haft þetta mál á stefnuskrá sinni og þó að ég mæli ekki fyrir hans hönd hér ber að halda því til haga og ég þakka öllum þeim sem haldið hafa þessu réttlætismáli á lofti.

Segja má um þetta mál að það sé lítið ljós í myrkrinu í þeim miklu hremmingum sem við stöndum frammi fyrir í dag. Möguleiki á frjálsum handfæraveiðum er líka liður í því að brjóta upp niðurnjörvað kvótakerfi sem hefur gefið lítið svigrúm til nýliðunar. Það gefur þeim aðilum sem ekki hafa mikið fjármagn á bak við sig möguleika á að hefja útgerð og byggja sig upp. Við búum við atvinnuleysi og samdráttur í vinnu er mikill. Fólk hefur jafnvel misst vinnu sína að hluta til og nú gefst því tækifæri til atvinnusköpunar með annarri árstíðabundinni vinnu.

Mikið hefur verið rætt um byggðakvótann og ég tel mig þekkja ágætlega til hans þar sem ég kem frá Suðureyri við Súgandafjörð, ég þekki ágætlega til á Vestfjörðum. Því miður hefur byggðakvótinn ekki skilað því sem fólk vænti í upphafi og hefur allur gangur verið á því hvernig gengið hefur að úthluta honum með eðlilegum hætti. Uppi hafa verið deilur og dregist von úr viti að fá byggðakvóta úthlutað svo að ég held að menn megi fara að hugsa upp á nýtt og skoða aðra möguleika til að styrkja þessar byggðir. Það er verið að tala um 55% af þeim byggðakvóta sem til ráðstöfunar er þetta fiskveiðiár. Ég held því að það skapi hvorki óvissu né uppnám í þessum byggðum að gera þessa tilraun. Verið er að tala um rúm 6.000 tonn og að landinu verði skipt upp í fjögur landsvæði. Það verði að vera heimilisfesta á viðkomandi svæði þar sem útgerðin sé skráð og öllum afla landað innan þess landsvæðis. Ég held að það sé allt gott og blessað og auðvitað verður með þetta eins og annað að bátarnir leita þangað sem best er að róa og styst er á miðin, það segir sig bara sjálft. Þess vegna byggðust þessi þorp og sjávarbyggðir vítt og breitt kringum landið vegna þess að það var stutt á miðin.

Ráðherra kveður á um í reglugerð að aflaheimildir skiptist á milli mánaða og eru veiðar stöðvaðar á hverju svæði þegar leyfilegum afla er náð. Það ætti því að fyrirbyggja að verið sé að veiða allan þann afla sem ætlaður er til þessara

veiða á stuttum tíma, þarna eru mörk miðað við hvern mánuð. Þeim skipum sem leyfi fá í frjálsa handfærakerfinu er óheimilt að stunda aðrar veiðar út það fiskveiðiár. Þá er jafnframt verið að veita þeim aðilum sem eru með báta í aflamarkskerfi möguleika á að nýta sér frjálsar handfæraveiðar. Ég held að það sé mjög gott og muni nýtast þeim byggðum sem menn hafa áhyggjur af í dag, að manni heyrist. Framhaldið á frjálsum handfæraveiðum verður ákveðið af þeirri reynslu sem skapast í sumar. Eins og komið hefur fram er þetta mjög góð tilraun til þess að gefa möguleika á nýrri hugsun og mönnum tækifæri til að komast inn í greinina. Eflaust þykir mörgum að þarna sé ekki nægjanlega stór pottur en þetta er eingöngu upphafið svo að það á eftir að koma í ljós hvort hægt verður að bæta í hann.

Hér er einnig verið að styrkja og skýra það starfsumhverfi sem ferðaþjónustuaðilar í sjóstangveiði búa við. Ferðaþjónustu í sjóstangveiði hefur verið að vaxa fiskur um hrygg og nú eru skráðir 43 sjóstangveiðibátar í ferðaþjónustu. Þessi atvinnugrein hófst á Vestfjörðum 2006 og hefur verið að eflast þó að allt rekstrarumhverfi sé vissulega greininni hættulegt eins og öðrum fyrirtækjum í landinu þessar stundir. Fiskistofa gefur út tvenns konar leyfi: Annars vegar er um að ræða leyfi til þeirra sem stunda blandaða starfsemi, sjóstangveiði er ekki meginþátturinn í þeirri þjónustu sem boðið er upp á, og hins vegar leyfi til þeirra sem gera markvisst út á sjóstangveiði, samanber þau fyrirtæki á Vestfjörðum sem verið hafa í þess konar ferðaþjónustu síðastliðin ár og eru með báta í aflamarki eða krókaflamarki. Nýmælin eru þau að þeir aðilar sem stunda ferðaþjónustu og hyggjast bjóða viðskiptamönnum sínum í sjóferð og möguleika á að veiða í sjóferðinni geta sótt leyfi til Fiskistofu og er heimilt að hafa fimm sjóstangir og fimm færarúllur samtímis. Eflaust má alltaf deila um hvort bæta megi þar í og verður þá að skoða það í nefndinni en veiða má fimm fiska á hvert handfæri eða sjóstöng. Þetta þykir mörgum eflaust vera heldur klént og mætti skoða það en við munum líka hvað sagan segir okkur um hve mikið má gera úr fimm fiskum.

Í heildina séð eru þessar breytingar á lögum um fiskveiðar góðar og sérstaklega er ég ánægð með þá tilraun sem verið er að gera varðandi frjálsar handfæraveiðar. Reynslan á að sjálfsögðu eftir að leiða í ljós hvernig til tekst. Hættan er sú að leyfin safnist á fárra hendur og að tólf tímar séu e.t.v. of stuttur tími í veiðiferð fyrir þá sem þurfa að sækja langt á miðin en þessar breytingar á stjórn fiskveiða eru vonandi vísir að breytingum í fiskveiðistjórnarkerfinu sem fara á í heildarendurskoðun á. Þær leiða vonandi til réttlátari breytinga á því kerfi sem mikil ósátt hefur ríkt um í þjóðfélaginu lengi og opna á möguleika á nýliðun í greininni.

Ég vil endurtaka að ég fagna þessu frumvarpi til laga um breytingar á stjórn fiskveiða. Ég treysti því að það verði endurskoðað að fenginni reynslu og sé vísbending um nýja hugsun við heildarendurskoðun í fiskveiðistjórnarkerfinu með hagsmunaaðilum sem fram undan er.

Ég vil aðeins í lokin nefna af því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafði áhyggjur — og eðlilega hefur hann áhyggjur eins og við öll — af veikum byggðarlögum vítt og breitt um landið, en ég tel að þessi tilraun verði eingöngu til þess að styrkja þessar byggðir. Hv. þingmaður kom einnig inn á að nú væru bátar og handfærarúllur orðin verðmæt en mér finnst miklu eðlilegra að bátarnir séu verðmætir en að verðmætin liggi í fiskinum í sjónum.

[16:26]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir árnaðaróskir til hæstv. sjávarútvegsráðherra Jóns Bjarnasonar með að við skulum vera að hefja hvalveiðar í dag, það er mikið fagnaðarefni.

Ég ætla hins vegar að taka orð hans til íhugunar og skoða frumvarp um strandveiðar sem er hér til umræðu með jákvæðum og opnum huga. Ég held að við séum öll sammála um það hér inni og víðast hvar í þjóðfélaginu að það er mjög aðkallandi að við opnum fyrir nýliðun inn í greinina, við erum öll sammála um það. Það er hins vegar ekki sama hvernig það er gert og þeir sem eru að fara inn í greinina aftur við þennan gjörning eru einmitt þeir sem hafa selt sig út úr greininni. Það eru þeir sem eiga kvótalausu bátana, það eru þeir sem hafa reynsluna, það eru þeir sem hafa fjármagnið.

Komið hefur fram að bátarnir hafa hækkað mjög mikið í verði, bátur sem kostaði eina milljón kostar í dag sjö milljónir. Því velti ég því upp og vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra að því hvort hann væri hugsanlega tilbúinn að skoða reglur sem væru þá þannig að þeir sem væru búnir að selja sig út úr greininni mættu ekki fara þangað inn aftur eða þá hugsanlega með einhverjum tímamörkum aftur í tímann, kannski þrjú ár eða fjögur ár eða jafnvel lengur. Þessir menn sem seldu sig út úr greininni, seldu þá hlutafélögin og borguðu 10% skatt. Síðan eiga þeir bátana kvótalausa núna og bíða eftir því að komast inn aftur. Það sem ég hræðist í þessu er að þetta muni ekki verða gott fyrir nýliðun í greininni. Ég geri ekki lítið úr áformum hæstv. sjávarútvegsráðherra að leggja frumvarpið fram með þeim hætti.

Þarna eru menn sem eru búnir að selja sig út úr greininni og eru að fara aftur inn jafnvel í annað, þriðja eða fjórða sinn. Ég held að við séum öll sammála um, alveg sama hvar við erum í pólitík, að það er ekki mjög gott. Sá ljóður hefur verið á þessu kerfi okkar að menn hafa getað farið með mikla peninga út úr þessari grein og skilið eftir veikar byggðir, illa settar. Þess vegna fóru menn þá leið að búa til byggðakvóta einmitt til þess að bregðast við svona uppákomu, til að styrkja byggð þar sem menn höfðu farið í burtu með stóran hluta af kvótanum.

Ég tek heils hugar undir með þeim sem hafa bent á að menn þurfi að fara varlega í því að færa byggðakvótann frá hinum veikari byggðum en ég leyni því hins vegar ekki og hef aldrei gert að ég tel að byggðakvótinn sé ekki eingöngu góður, hann hefur líka galla, svo að því sé haldið til haga.

Það sem ég hef líka áhyggjur af og vil spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um er að settur skuli hámarksafli í þorski, 800 kíló á dag. Síðan mega vera 3% af ýsu og 15% af ufsa. Ég velti því fyrir mér hvort það væri ekki skynsamlegra að hafa ákveðinn heildarafla á dag og miða við allar tegundir, þ.e. að menn færu t.d. frá mínu heimasvæði, sem ég þekki, til veiða og væru við ákveðin skilyrði nálægt landi þar sem þeir veiddu jafnvel helming

eða 50–60% af ufsa á móti þorski og þeir kæmust ekki frá landinu. Þá mundi það vera niðurstaðan. Það væri þá hvati til þess að menn héldu áfram að veiða og hentu hugsanlega ufsanum í staðinn fyrir að ef það væri heildartala yfir daginn væri alveg sama hvort aflinn væri ufsi, þorskur eða ýsa. Ég held að það væri mjög skynsamlegt og hvet hæstv. ráðherra að skoða það.

Ef ég skil hæstv. sjávarútvegsráðherra rétt, hann leiðréttir það ef svo er ekki, eru 55% þess magns sem áætlað er í strandveiðarnar eingöngu í þorski. Ekki eru nefndar aðrar tegundir og eftir því sem ég fæ best skilið mun hæstv. sjávarútvegsráðherra úthluta því með líkum hætti og gert hefur verið en ekki með því að taka einhver ákveðin byggðarlög út, eins og hann sagði hér í upphafi.

Ég velti líka fyrir mér þeim fimm dögum sem menn mega veiða, þ.e. alla daga nema um helgar. Í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar kom fram hvort ekki væri skynsamlegt að menn mundu þá róa einhverja fimm daga vikunnar en ekki eingöngu á virkum dögum þannig að þeir reru ekki í tvísýnum veðrum. Það ætti ekki að vera mjög flókið að halda utan um slíkt kerfi að menn færu fimm róðra ekki eingöngu á virkum dögum.

Ég vil aðeins nefna að það er ekki sjálfgefið við þessar breytingar að þær fjölgi neitt störfum eða styrki byggðirnar. Bátar eins og á Snæfellsnesi hafa farið hluta af sumrinu á skak eða handfæraveiðar, kannski í einn til einn og hálfan mánuð. En ef þeir ætla að fara inn í þetta kerfi verða þeir að vera þar fram til 1. september, sem þýðir að þar sem tveir menn róa og fjórir menn beita í landi munu þessir fjórir missa vinnuna fram í september. Ég hugsa að margir muni fara inn í nýja kerfið vegna þess að á þessum tíma er oft ekki mikil veiði og menn þurfa stundum að prófa sig áfram og kanna hvort kominn sé grundvöllur fyrir því að róa á línuna aftur.

Eins og hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir kom inn á hefur byggðakvótinn valdið deilum. Það er alveg rétt, það hefur ekki alltaf verið auðvelt að úthluta honum. Þá verða menn líka að segja alls staðar það sama. Komið hefur fram í máli vinstri grænna í tengslum við fyrningarleið núverandi ríkisstjórnar að þeir vilji einmitt taka 1/3 af kvótanum og setja hann í byggðakvóta aftur. Það hlýtur að koma upp sama vandamálið þar ef menn ætla að taka 1/3 af öllum aflaheimildunum og setja í sveitarfélögin þegar menn eiga í vandræðum með að úthluta þessum litla byggðakvóta sem er í dag. Það verður að segja það sama gagnvart þeim rökum sem borin eru fram hér og þeim sem menn ætla að nota við þær aðstæður.

Ég tek undir það sem komið hefur fram varðandi að menn noti reynsluna frá þessu ári. Ég treysti því að hæstv. sjávarútvegsráðherra geri það. Ef við ætlum að færa til heimildir, megum við ekki taka þær frá þeim veikustu byggðunum sem þola það ekki. Það eru hugsanlega einhverjar byggðir sem mundu þola að frá þeim sé færður dálítill byggðakvóti en við þurfum að halda utan um það og ég treysti hæstv. sjávarútvegsráðherra fullkomlega að gera það.

[16:34]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ásbirni Óttarssyni fyrir ágætar undirtektir við málið í heild sinni. Það eru örfá atriði sem ég vildi víkja að sem hv. þingmaður minntist á. Í fyrsta lagi eru það þeir sem hafa selt sig út úr greininni og vilja koma inn í hana aftur með þessum hætti — og ég deili alveg þeim siðferðilegu sjónarmiðum sem þar koma fram. Við verðum hins vegar að átta okkur á því að þessar veiðar veita engin áunnin réttindi til veiða áfram, það er ekki framseljanlegt með nokkrum hætti. Þar fyrir utan er það mjög erfitt mál að takast á við ef farið yrði inn á þá braut sem hv. þingmaður var að minnast á. En ég viðurkenni þá siðferðilegu nálgun sem hv. þingmaður vekur hér athygli á.

Hvað varðar hámarksafla á dag, 800 kíló, get ég líka tekið undir þau sjónarmið hv. þingmanns að það væri eðlilegt að það væri 800 kílóa afli. En því miður erum við stödd í þessu kvótakerfi eins og er og þá eru veiðar bundnar svona við þessar tegundir. Þegar veiðileyfi eru veitt og skráð er það bundið við tegundir þannig að það er mjög erfitt að gera þetta eins og hv. þingmaður stakk upp á. En ég mundi glaður vilja finna leið til þess að þetta mætti verða með þeim hætti.

Hvað það varðar að við séum að taka frá veikustu og minnstu byggðunum og færa til annarra þá er það nú samt þannig að þetta helst innan svæðisins. Vissulega eru á þessu annmarkar en byggðakvótinn er bara veittur til árs í senn. Ég vil minna á að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson skar (Forseti hringir.) byggðakvótann niður um 500 tonn í sinni ráðherratíð og var það ekki til að styrkja minnstu byggðirnar.

[16:36]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra talar mikið um Einar K. Guðfinnsson. Það er greinilegt að hann saknar hans úr ráðuneytinu (**Sjútv.- og landbrh.:** Það er ágætur maður.) Já, síðan hann var skorinn niður.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur undir efasemdir mínar í sambandi við frumvarpið. En eitt er það sem ég næ ekki alveg. Hann tekur 55% af byggðakvótanum í þorskinum inn í strandveiðifrumvarpið og síðan tekur hann 2.500 tonn í viðbót af þorski. Hvaðan koma þau 2.500 tonn af þorski í viðbót við það sem fer inn í strandveiðikerfið? Þau koma væntanlega ekki af himnum ofan þannig að það er einhver aukaúthlutun sem ráðherrann hlýtur að hafa tekið. Ég skil því ekki af hverju ekki er hægt að úthluta einhverjum ufsakvóta inn í þetta. Það er hlutur sem ég kveiki ekki á.

Ufsakvótinn í krókaaflamarkskerfinu hefur undanfarin ár að hluta til verið vannýttur. Ég sé því ekki hvað það er, af því að hæstv. sjávarútvegsráðherra tekur undir þessar áhyggjur mínar — að hafa þá ekki heildaraflamagn á hverjum degi en ekki bundið við ákveðnar tegundir, sem stoppar það af að hann geti þá fært ufsa þar inn líka.

[16:38]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil bara vekja athygli á að gert er ráð fyrir að að hámarki megi 15% af aflanum vera ufsi og einnig er ýsuafli upp á 3% þannig að inni í þessum heimildum eru bæði ufsi og ýsa að einhverju marki. Að nokkru leyti ætti að vera girt fyrir þann vanda sem hv. þingmaður minntist á í þeim efnum.

Að sjálfsögðu er heimild til að færa tegundir á milli í skiptingu byggðakvótans þannig að í þann byggðakvóta sem verður til ráðstöfunar, samkvæmt þeim reglum sem hafa verið í gildi, mun vafalaust færast meira af þeim tegundum sem ekki verða almennt teknar á færi. Þannig að það eru heimildir þar inni.

Ég vil síðan árétta að ég tel að með frumvarpinu sé ekki síst verið að opna á líf í sjávarbyggðunum að sumri til, líf fyrir ungt fólk, skólafólk, sem kemur heim og skapar þar líf. Eins og hv. þingmaður minntist á hefur það gjarnan verið þannig að menn hafa tekið sér sumarfrí á sama tíma og starfsemi sjávarbyggðanna hefur þá legið niðri á meðan. Það eru því margir jákvæðir punktar í þessu sem við reynum síðan að draga reynslu af.

Eitt til viðbótar: Ég hef hugleitt og það er til skoðunar í ráðuneytinu að ýmiss konar eftirlit eða umsögn um árangur þessara veiða — að við munum nýta þessi setur eins og Vör í Ólafsvík og strandsvæðasetur á Ísafirði og önnur slík setur vítt og breitt um landið til þess að vera með í að meta bæði veiðilegan og samfélagslegan árangur (Forseti hringir.) af þessu verkefni. Það er mín skoðun og það er minn vilji, frú forseti.

[16:40]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fékk ekki svar við spurningu minni um það hvaðan þau 2.500 tonn af þorski koma til viðbótar, sem verið er að setja inn í þessar strandveiðar. Það er það sem ég var að benda á hér áðan. Ég geri mér grein fyrir því að það eru 15% sem mega vera af ufsa miðað við þann afla sem veiddur er þann daginn.

Ef bátur fer út á sjó og fær 200 kíló af þorski má hann að hámarki vera með 30 kíló af ufsa. Það sem ég er að benda hér á og reyna að draga upp er það að ég sé ekki annmarkann á því að hæstv. sjávarútvegsráðherra taki — og hvaðan þessi 2.500 tonn koma sem hann bætir við inn í strandveiðikerfið. Hann tekur ekki nema hluta af því, eða 1.455 tonn, út úr byggðakvótanum, þ.e. 55% af þorskaflanum inni í byggðakvótanum. Hann tekur þessi 2.500 tonn ekki upp úr skúffu í ráðuneytinu. Hann tekur þetta væntanlega sem aukaúthlutun. Það hlýtur að vera þannig. Öðruvísi gerist þetta ekki.

Af hverju getur ráðuneytið ekki tekið ákvörðun um að setja þá 1.000 tonn af ufsa, eða þann ufsa sem þarf að setja á móti, til þess að menn geti þá farið og veitt þá með þetta hámark yfir daginn. Af því að hæstv. sjávarútvegsráðherra er sammála mér um það og deilir með mér áhyggjum af því tel ég það mjög skynsamlega ráðstöfun. Ég hvet hann til þess að skoða þetta mál betur. Ég tel mjög skynsamlegt að hafa þetta ekki með þeim hætti að menn megi bara veiða 15% af ufsa yfir daginn. Það þarf kannski líka að útfæra það nánar hvernig menn sjá fyrir sér ef menn væru að veiða rúmlega aflann einhvern annan daginn — gefa út hvaða svigrúm menn ættu að hafa í því.

[16:42]

Róbert Marshall (Sf):

Frú forseti. Ég lýsi yfir sérstakri ánægju minni með það frumvarp sem hæstv. sjávarútvegsráðherra leggur fram í dag og með vinnu ráðuneytisins sem hefur verið snöfurmannleg og hröð. Ljóst er að nú eru aðrir tímar uppi í sjávarútvegsráðuneytinu en voru þegar það var í vörslu Sjálfstæðisflokksins í tíð þarsíðustu ríkisstjórnar. Nú er kominn vilji til þess innan ríkisstjórnar Íslands að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og þetta er fyrsti vísirinn að þeim breytingum.

Veigamestu breytingarnar í þessu lagafrumvarpi lúta að skipan frístundaveiða sem er vaxandi atvinnugrein á Íslandi, og því ber að fagna, og skipan frjálsra handfæraveiða á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2009. Þetta er gert í tilraunaskyni til eins árs. Á grunni þeirrar reynslu og lærdóms sem draga má af þessum fyrirhuguðu strandveiðum verður reynslan metin og þessu ber að fagna. Það er reyndar sannfæring þess sem hér stendur að framtíð íslensks sjávarútvegs muni að mestu leyti byggjast á dagsgömlum fiski. Ég er sannfærður um að útgerðarmaðurinn og fisksalinn sem talaði á undan mér, hv. þm. Ásbjörn Óttarsson, er sammála mér í þeim efnum. Ég vísa t.d. til fyrirtækis á borð við Frostfisk í Þorlákshöfn sem einbeitir sér sérstaklega að verkun og sölu á dagsgömlum eða eins og hálfs dags gömlum fiski og kemur honum í verslanir til Bretlands á mjög skömmum tíma og býður þar upp á úrvalsvöru fyrir hátt verð þannig að hér er stigið skref sem ber að fagna.

Ég geri líka athugasemdir við málflutning þeirra sem hafa komið upp í ræðustól og vikið sérstaklega að hinni svokölluðu fyrningarleið í sjávarútvegi og farið mikinn um þá óvissu sem sú leið muni hafa í för með sér og þau óþægindi sem henni fylgja fyrir útgerðarmenn og byggðirnar í landinu. Í núverandi lögum um stjórn fiskveiða hefur verið innbyggð gífurleg óvissa fyrir allt fólk sem býr hringinn í kringum landið í byggðum sem byggja allt sitt á sjávarútvegi. Það er ekki hægt að afgreiða hugmyndir um breytingar með þeim hætti að þeim fylgi svo mikil óvissa að best sé að gera ekki neitt. Slík íhaldssemi á þessum tímum kemur ekki til greina og slík íhaldssemi í ljósi stöðu íslensks fjármálakerfis og þess veruleika sem við blasir eftir veturinn hefur leitt í ljós að hún á ekki við. Hún er beinlínis varasöm.

Í opinberu umræðunni ber mikið á hræðsluáróðri sem ættaður er af skrifstofum Landssambands íslenskra útvegsmanna og fer *Morgunblaðið* mikinn í umfjöllun sinni. Ég verð að segja fyrir mitt leyti sem fyrrverandi blaðamaður að ég hef áhyggjur af framgöngu *Morgunblaðsins* í þessu máli. Þrátt fyrir að ég hafi fagnað því sérstaklega að útgefandi blaðsins lýsti því yfir á dögunum að hann hefði síðasta orðið um efni blaðsins færir slík yfirlýsing ábyrgð yfir á herðar útgefandanum vilji hann selja það öllum landsmönnum og öllum þeim sem aðhyllast skoðanir, vinstri jafnt sem hægri, breytingar eða ekki breytingar, að hann hafi í gildi

hefðir vestrænnar blaðamennsku um sanngirni og hlutleysi í fréttaumfjöllun. Hann getur einkum beint áhrifum sínum á leiðarasíðum blaðsins sem eru sérstaklega helgaðar skoðunum. Bréf og yfirlýsingar frá útgefendum eru mjög algengar. Útgefandi *Washington Posts* hafði ávallt síðasta orðið um umfjöllun blaðsins í Watergate-hneykslinu svokallaða. Ef *Morgunblaðið* ætlar að haga sér í fréttaflutningi sínum eins og það gerði um helgina og heldur áfram að gera í dag fer að verða umhugsunarefni fyrir þá sem aðhyllast breytingar í þessu kerfi hvort nokkur ástæða sé til að kaupa blaðið. Það er einfaldlega svoleiðis.

Í *Morgunblaðinu* í dag er grein eftir fyrrverandi alþingismann Kristin H. Gunnarsson þar sem hann telur upp nokkur dæmi þar sem veiðiheimildir í einstökum byggðarlögum voru einmitt fyrndar burt að fullu í einu vetfangi. Í grein Kristins segir, með leyfi forseta:

„Á eftir kvótanum fóru störfin. Og á eftir störfunum fór fólkið. Þetta gerir það að verkum að enginn friður verður um óbreytta löggjöf um framsalið. Það er nóg komið af því að fyrna sjávarplássin hvert af öðru. Meðan fiskimiðin eru á sínum stað er áfram þörf fyrir nálæg sjávarpláss.“

Ég tek líka undir þau orð sem birtust í leiðara *Fréttablaðsins* í gær undir yfirskriftinni „Harmar hlutinn sinn“, með leyfi forseta. Þar segir:

„Mikill jarmur er nú í útgerðarmönnum um land allt og eru fylgispakar sveitarstjórnir á útgerðarstöðum kallaðar til í kórinn. Tilefnið er fyrirhugaðar breytingar á lögum um kvóta og svokölluð fyrningarleið. Hafa útgerðarmenn samræmt nafngift sína um fyrningarleið sem þeir kalla „galna“ en ríflegur þingmeirihluti á löggjafarþinginu var kosinn í lýðræðislegum kosningum meðal annars út á fyrirheit um að taka til endurskoðunar lög um fiskveiðistjórn. Sú stefna hefur lengi verið undirliggjandi í stjórnmálaumræðu hér á landi og er studd meirihlutaskoðun í viðamiklum skoðanakönnunum mörg undangengin ár, ekki einni heldur mörgum. Hefur ekkert mál á síðari hluta lýðveldistímans verið svo umdeilt og lengi lengi hafa stuðningsmenn kvótakerfisins verið í litlum minni hluta í fullum stuðningi við það. Stjórnmálamenn hafa fátt lagt til málanna um lausn á þessu ágreiningsefni. Þar til nú.

Vitaskuld eru allir þeir sem njóta kvóta nú andsnúnir öllum breytingum á kerfinu. Og innan Landssamtaka útgerðarmanna virðast allir barnir til skilyrðislausrar hlýðni við einn málstað í þessu máli þótt útgerðin sé í miklum vanda, ekki bara vegna verðs á kvóta til leigu og kaups, heldur líka vegna fjárfestinga í óskyldum greinum. Raunar ætti útgerðin að fagna endurskoðun á kerfinu, ekki bara þeir sem eru á hvínandi kúpunni, heldur líka hinir sem standa vel að vígi vegna skynsemi í rekstri sínum undanfarin ár. Meiri hluti þingsins hefur enda marglýst samráðsvilja sínum í þessu viðkvæma deilumáli, því lítill má við margnum: meiri hluti þjóðarinnar vill breytingar á kerfinu, vill að fiskur í sjó sé þjóðareign, en ekki bókfærð eign til allrar framtíðar í höndum örfárra einstaklinga.

Útgerðarmenn verða því að skipta um kúrs: hætta þvaðri sínu um 101-liðið og kaffidrykkju þess, hætta málþófi sem byggist á hálfsannleika og hefja merki sitt með málefnalegri og sanngjarnri umræðu í stað þess að skaka gunnfánum, láta af því að LÍÚga að gjaldþrota bú sé þjóðnýting, smátt fyrningarhlutfall á kvóta sé eignaupptaka; annað eins hefur útgerð búið við í óstöðugum afla milli ára, úreldingu og afskrift tækja, verðsveiflum og óstýrilátu gengi. Að ekki sé talað um aflabrest og aflatjón. Fyrningarleið er þó fyrirséð og hlutur kann að rata aftur til fyrirtækja sem eru vel rekin.

Í hundrað ár hefur íslenskt samfélag verið í greipum útgerðarinnar: launafólki voru skömmtuð kjör eftir því hvernig bækur þeirra stóðu. Bankar risu og hnigu eftir gengi útgerðarinnar, þorp og bæir áttu sitt undir kenjum karla á skrifstofum. Margt á útgerðin inni hjá þjóðinni eftir látlausan stuðning frá upphafi mótoraldarinnar, rétt eins og þjóðin á allt sitt undir sjósókn. Það er því mikils um vert að allir komi saman að hreinskiptinni umræðu um það þjóðþrifamál að endurskipuleggja íslenskan sjávarútveg.“

Það er full ástæða til að taka undir þessi vel skrifuðu orð leiðarahöfundar *Fréttablaðsins* sem lýtur ritstjórn fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins. Það er virkilegur vilji innan stjórnarmeirihlutans til að vinna þetta mál í sátt við stjórnarandstöðu og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Sérstaklega hefur verið óskað eftir hugmyndum þeirra um það hvernig vinda megi ofan af þessu kerfi sem svo mikil ósátt ríkir um og hefur ríkt um í svo langan tíma. Engar hugmyndir hafa komið fram. Jú, menn féllust á að skipa nefnd til að skoða áhrif kvótakerfisins á byggðir landsins. Hugsanlega var fallist á að það yrði gert á einhverjum tilteknum tíma og það kann vel að vera að fallast megi á þau rök hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að ekki hafi unnist tími til að gera það. Kannski væri málið statt á öðrum stað en það er statt núna í hinni opinberu umræðu ef hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, hefði borið gæfu til þess að fara fyrr í skoðun á kerfinu og breytingar á því en raun bar vitni. En staðan er einfaldlega sú að við kerfið eins og það er nú verður ekki unað. Því verður að breyta. Það mun aldrei skapast sátt um það eins og það er núna. Fyrningarleiðin er þó fyrirséð leið sem menn geta brugðist við og lagað sig að. En frumvarpinu sem hér er lagt fram í dag, og ég hrósa sérstaklega sjávarútvegsráðherra fyrir snöfurmannleg vinnubrögð í því, fagna ég og styð heils hugar.

[16:54]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Róbert Marshall talar um að menn vilji hafa upplýsta umræðu og gagnkvæma og ekki ætla ég að deila við hann um skrif *Morgunblaðsins* eða hvernig ritstjórn þess fer fram. Mér finnst hins vegar mjög dapurlegt hvernig hann talar um viðtöl sem voru tekin við það fólk sem starfar í sjávarútvegi og var eingöngu að lýsa upplifun sinni af því sem fram undan er. Þegar menn kalla eftir upplýstum og sanngjörnum málflutningi gagnvart málunum verða þeir líka sjálfir að taka leppana frá augunum.

Ég kannast við fullt af fólkinu í viðtölunum og það segir hlutina eins og það sér það sjálft. Það er ekki að búa sér til neitt annað, búa til einhvern grátkór eða slíkt. Það lýsir bara þeim aðstæðum sem það lifir við. Að halda því fram, án þess að ég ætli að detta í þessa umræðu hér, að fyrningarleiðin sé fyrirséð — auðvitað er hún fyrirséð, það er hárrétt hjá hv. þm. Róberti Marshall. Það hefur margkomið fram

að það er alveg fyrirséð að fullt af fyrirtækjum mun sigla í strand. Það er fyrirséð, það er alveg hárrétt.

Við erum þó sammála um að við sjáum vankantana á því þegar menn hafa selt sig út úr greininni. Um það erum við algerlega sammála. En frumvarpið sem við ræðum núna stoppar það ekki. Þeir sem hafa selt sig út úr greininni, farið með peningana burtu úr byggðunum og skilið þær eftir eins og hann las upp úr blaðagrein áðan, byggðirnar hafa verið fyrndar, koma aftur inn í greinina og það held ég að við ættum að sameinast um, ég og hann, að reyna að hnýta fyrir að þeir komi inn eina ferðina enn.

[16:56]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þegar ég tala um að ekki sé öllum sjónarmiðum gert jafnhátt undir höfði get ég t.d. vísað til *Morgunblaðsins* í dag þar sem fyrirsögnin er: „Fyrningin mun draga allan mátt úr mönnum“ og inngangurinn er: „Það er með ólíkindum óábyrgt hjá stjórnvöldum að ráðast á helsta atvinnuveg landsins með þessum hætti. Það er verið að drepa niður alla drift í greininni.“ Myndatexti í heilsíðuumfjöllun er: „Mér sýnist stjórnarflokkarnir vera að mála sig út í horn í þessu máli og ekki verði aftur snúið,“ segir útgerðarmaður um fyrningarleiðina. Myndatextar við þrjá viðmælendur blaðsins eru í fyrsta lagi: Skaði, í annan stað: Dyr lokast og í þriðja lagi: Firra, og þá hefur máli allra jafnræðis- og hlutleysisreglna verið hallað að mínu mati. Það er það sem ég er að benda á í umfjöllun minni.

Þetta er ekki leiðarasíða *Morgunblaðsins* sem ég hef oft verið ósammála. Þetta er fréttaskýring af hálfu blaðsins. Það er fyrrverandi blaðamaður hér og fyrrverandi formaður Blaðamannafélagsins sem hefur fjallað nokkuð um þessi mál. Ég tel mig hafa nokkurt vit á því um hvað ég ræði í þessum efnum. Það er athyglisvert að sjá hvernig *Morgunblaðið* hagar sér í þessari umræðu. Það eina sem ég er að benda á í þessum ræðustól á Alþingi er að það fer að verða umhugsunarefni hvort þeir sem eru ósammála þessu blaði eigi að vera að kaupa það. Af hverju eiga þeir að fá það inn um lúguna hjá sér þegar það er áróðurssnepill fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna?

(**Forseti** (UBK)**:** Ég minni hv. þingmenn á að óska eftir leyfi forseta þegar þeir lesa úr prentuðu máli.)

[16:58]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu. Ég hef svo sem ekki miklu við það að bæta sem kom fram í framsögu hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég vil einnig vísa í mjög góða ræðu hv. þm. Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur. Fyrir mér er þetta frumvarp fagnaðarefni. Ég vonast eftir því að menn nálgist þetta viðfangsefni með opnum huga og með jákvæðum hætti í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd með það fyrir augum að hér er um skammvinna tilraun að ræða sem örugglega mun verða metin og endurmetin og endurskoðuð þegar sumarið er liðið. En opinn hugur og jákvæðni er allt sem til þarf í þessu máli.

Ég vil taka það fram að ákvæði frumvarpsins um frístundaveiðar var flutt af sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd á vorþingi. Allgóð sátt skapaðist um það mál, að ég held, og það er endurflutt hér. Það er hins vegar rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, að í því frumvarpi eru atriði sem þarf að skoða í nefndinni og það verður gert. Komið hefur fram gagnrýni á stangafjölda og fleira sem við í nefndinni munum ábyggilega taka til skoðunar og afgreiða.

Hvað varðar ákvæði til bráðabirgða þá er verið að opna kerfið af miklu lítilræði. Þetta er tilraun og ég fagna henni enn og aftur. Þessari tilraun fylgja ábyggilega kostir og henni fylgja líka ábyggilega gallar. Sumir eru fyrir séðir en ég met það svo að kostirnir við það að prófa þetta nú í sumar séu mun fleiri en gallarnir og það sé þess virði að reyna þetta. Hér er um að ræða lítilræði af heildaraflanum. Við erum líka að tala um lítilræði sem fór í byggðakvótann og ég tek undir þau orð sem hér hafa komið fram að ekki hefur verið sátt um byggðakvótann. Hann hefur valdið illvígum deilum í einstökum byggðarlögum og á landsvísu. Ég held að fá önnur ágreiningsmál hafi leitt til fleiri kvartana til umboðsmanns Alþingis en byggðakvótinn. Því er þó ekki að neita að á upphaflegum reglum hefur orðið bragarbót en þær hafa samt reynst ófullnægjandi. Ég vil líka taka það fram að komi það í ljós eftir sumarið að þetta lítilræði í heildarafla sem við höfum verið að tala um valdi því að veiking verði í veikustu byggðarlögunum, eins og hér hefur verið bent á að kunni að verða, verður auðvitað að bregðast við því. Því fer fjarri að það sé tilgangur þessara laga að veikja byggðarlögin. Þvert á móti er það tilgangurinn að reyna að styrkja byggðarlögin í kringum landið. Það er verið að auka við kvótann.

Ég get hins vegar líka tekið undir þá gagnrýni að það væri æskilegt, í ljósi þeirra orða sem hér féllu um meðafla í ufsa, að huga vel að því í nefndinni. Það er mál sem verður tekið til skoðunar. Það er eflaust margt umdeilanlegt í svona sóknarkerfi, takmörkuðu sóknarkerfi. Ég las einu sinni ágæta bók sem heitir *Landslag er aldrei asnalegt* þar sem ævinlega var sólskin og blíða á banndögum og menn voru farnir að ráða í veður eftir banndögum og helgum. Kannski hefur það verið ofsagt en skáldsagan var góð og hvatning fyrir alla sem hafa áhuga á sjávarútvegsmálum að lesa hana en hún fjallar um krókaveiðimenn á Ströndum.

En ég segi enn og aftur: Þetta er fagnaðarefni, þetta er gagnmerk tilraun og hún er fjarri því til þess fallin að kollvarpa einhverju kerfi. Því fer fjarri miðað við hvað þetta er lítið brot af heildarafla landsmanna. Ekki er verið að taka neina áhættu og ég ítreka að komi það í ljós að byggðakvótakerfið eða byggðakerfið raskist með þessu verðum við að endurskoða þetta í haust. Frumvarpið verður endurskoðað í ljósi reynslunnar í haust, strax í haust. Þetta er tilraun sem varir í tvo og hálfan mánuð ef vel gengur með frumvarpið. Við munum endurmeta og meta málið að fullu.

Ég vil taka það fram að að mínu mati ber nauðsyn til að afgreiða þetta mál hratt og örugglega en um leið faglega. Ég bind vonir við að hægt sé að gera þetta frumvarp að lögum fyrir 15. júní. Ég bind vonir við það. Ég bind vonir við það að til þessa verks komi nefndarmenn í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd með jákvæðu viðhorfi og opnum huga þannig að þessi tilraun megi fara af stað strax. Menn binda miklar væntingar við þetta. Á stundum hafa menn í þessum væntingum farið allnokkuð fram úr sér í ljósi þess hversu

þessi aflahlutdeild, eða sá afli sem þarna er ætlaður til, er lítill. En svona erum við Íslendingar oft, við gerum okkur meiri væntingar en efni standa til. En lögin verða endurskoðuð í ljósi reynslunnar.

Frú forseti. Ég vil líka gera örstutt að umtalsefni bráðabirgðaákvæði II um að skipta leyfilegum heildarafla af karfa upp í gullkarfa og djúpkarfa. Um það er sátt.

[17:04]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Atla Gíslason, sem er formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, hvort hann sjái einhverja annmarka á því að menn setji einhver höft á þá sem hafa selt sig út úr greininni, að þeir komist ekki inn í þetta strandveiðikerfi í einhvern tíma hugsanlega eða alla vega að menn sem eru nýbúnir að selja sig út úr greininni komist ekki sjálfkrafa þarna inn aftur. Ég fagna því að hann tekur undir það að skoða þetta með ufsann í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Ég veit að menn munu gera þetta með góðum huga.

Svo væri kannski ekki svo vitlaust að ég endurskoðaði líka tillögu mína með virku dagana. Ef við ættum að taka mark á Strandamönnum þá fáum við gott veður allar helgar í sumar.

[17:05]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ásbjörn Óttarsson spyr hvort hægt sé að setja höft á þá sem hafa selt sig út úr greininni. Ég hef hugleitt það mál. Við hugleiddum það í aðdraganda þessa máls. Það var niðurstaða mín að gallarnir við það og smugurnar til að komast fram hjá því, þeir ágallar sem því fylgdu, væru meiri en kostirnir þannig að það var ekki sett inn. Menn geta fundið sér ýmis úrræði til að komast fram hjá því og það var ekki þess virði að elta það uppi þennan skamma tíma. Ég veit af þessari gagnrýni, hún hefur komið fram og hún er að mörgu leyti réttmæt.

[17:06]

Útbýting:

Markaðssetning á íslenskri ferðaþjónustu, 44. mál, fsp. SER, þskj. 44.

Ríkisstofnanir, 43. mál, fsp. VBj, þskj. 43.

[17:07]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Frumvarpið sem við ræðum hér er um margt áhugavert og um margt fagnaðarefni. Það er t.d. fagnaðarefni að skilgreina eigi betur og skýra grundvöll frístundaveiða sem er aftur grundvöllur atvinnurekstrar í ferðaþjónustu. Það er vaxandi grein að bjóða upp á frístundaveiðar fyrir erlenda túrista og íslenska í ferðaþjónustu og þarna er grundvöllur þessa atvinnurekstrar og frístundaveiða almennt skýrður og skilgreindur og það er gott. Ég hygg að samstaða ríki um það mál á þinginu.

Ég tel líka ástæðu til að fagna því að menn ætli að gera þessa tilraun með strandveiðar og taka þennan litla afmarkaða hluta af kvótanum og setja í þá tilraun. Ég mundi þá líka mælast til þess að þetta verði gert sem tilraun og menn reyni að draga lærdóm af henni.

Í ræðu hæstv. sjávarútvegsráðherra hér áðan kom fram að hann er sjálfur þeirrar skoðunar að samhliða því að þessi tilraun sé gerð eigi að fara fram vinna í ráðuneytinu og jafnvel líka í þinginu á vegum sjávarútvegsnefndar þar sem farið verði í saumana á því hvernig til hefur tekist að tilrauninni lokinni. Það eru mörg álitamál í þessu. Sum eru tæknileg eins og tæpt hefur verið á hérna. Er rétt að binda þetta við 12 tíma? Það getur mismunað sjávarplássum vegna þess að sums staðar er lengra á miðin en annars staðar. Talað hefur verið um að kannski ætti að endurskoða það að hafa hlutfallstakmarkanir á því hve veiða má mikinn ufsa og hve mikið má veiða af ýsu í þessu, af hverju má ekki veiða um helgar og ýmislegt þannig.

Það er síðan mikilvægt að skoða almennt hvað það þýðir fyrir byggðirnar að leyfa frjálsar strandveiðar af þessu tagi yfir sumarmánuðina. Mun þetta auka líf í byggðunum? Mun þetta skila sér í einhverri vinnu fyrir skólafólk? Það væri mjög jákvætt ef það mundi gerast. Mun það leiða til einhvers æðibunugangs í sjávarbyggðunum, þ.e. að menn drífi sig í upphafi hvers mánaðartímabils út í róður? Mun það leiða til aukinnar slysahættu? Það þarf að skoða margar hliðar á þessu máli og ég held að í öllu falli væri það mjög áhugaverð tilraun og full ástæða til að styðja það að þetta sé gert. Ef vel er á málum haldið getur þetta aukið líf í sjávarbyggðunum og í því er til mikils að vinna. En hins vegar verður að gera þá kröfu að sjávarútvegsnefnd taki það til mjög alvarlegrar skoðunar hvernig hægt verði að koma til móts við þær byggðir sem verða af byggðakvóta í kjölfar þessarar aðgerðar.

Þá erum við komin að stærri anga þessa máls sem aðeins hefur verið tæpt á í þessari umræðu og lýtur að því að af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið boðað að fara í mjög yfirgripsmiklar aðgerðir í sjávarútvegsmálum á þessu kjörtímabili. Hér er vitaskuld átt við fyrningarleiðina. Þó það sé ekki alveg ljóst, miðað við tal ríkisstjórnarflokkanna, hvort ætlunin er að fara þá leið eða ekki, þá er alveg skýrt, og mikilvægt að halda því til haga, að í þessari aðgerð, þessari litlu tilraun, vakna spurningar sem er mjög mikilvægt að taka til umfjöllunar þegar menn meta það hvort kalla eigi inn veiðiheimildir.

Það blasir við þegar menn fara í þessa tilraun að hér er náttúrlega um takmarkaða auðlind að ræða. Menn ætla að taka hluta af kvótanum af einum stað og setja hann annað og einhverjir verða eftir í sárum út af því. Menn verða að skoða hver reynslan er af þessari aðgerð, þessari litlu takmörkuðu tilraun, þegar menn ætla yfir þjóðfélagið allt að fara í þá aðgerð að innkalla kvótann í heild sinni og deila honum út einhvern veginn öðruvísi. Það eitt að við skynjum ugg í brjósti margra þeirra sem hafa stólað á byggðakvóta vekur spurningar um það hvort ekki verði mjög mikill uggur í brjósti margra þegar farið verður í það að innkalla kvótann í heild sinni. Margir munu þá sitja eftir með sárt ennið. Ef einhverjir sitja eftir með sárt ennið út af þessari litlu aðgerð er mjög líklegt að mjög margir muni sitja eftir með sárt ennið ef farið verður út í það að kalla kvótann inn í heild sinni þótt það sé á 20 árum.

Þegar við erum með takmarkaða auðlind er auðvitað vandasamt að ríkið taki að sér að deila út þessum kvóta.

Það er náttúrlega sú spurning sem liggur til grundvallar því hvort maður er með eða móti fyrningaleiðinni — ekki endilega sú spurning hvort maður sé þeirrar skoðunar að þjóðin eigi kvótann eða ekki heldur hvort það er rétt að ríkið sé með þá umsýslu á sínum herðum að deila út þessum kvóta. Þeir sem aðhyllast fyrningarleiðina vilja að ríkið sé einhvers konar miðstöð í að deila út kvótanum og þeirri spurningu hefur ekki almennilega verið svarað hvernig eigi að deila út kvótanum af hálfu ríkisins, hvort það verður gert með einhverju markaðskerfi eða hvort það verði gert á félagslegum eða byggðalegum grunni eða eitthvað svoleiðis. Maður getur ekki gert annað en bíða spenntur eftir því að heyra þær útfærslur alla vega því að þær eru lykilatriði.

Þessi litla tilraun sýnir að það er alltaf vandasamt fyrir ríkisvaldið að koma að því að útdeila þessum gæðum. Eins dauði er annars brauð. Hér er tekinn ákveðinn hluti af byggðum sem eiga mögulega í miklum vanda og settur í frjálsar handfæraveiðar. Menn verða auðvitað að vera menn og ekki svo blindaðir af eigin hugsjónum um réttlæti að þeir geti ekki tekist á við þessar spurningar allar, þær eru mjög mikilvægar. Önnur spurning mun vakna í þessu öllu saman, í þessari litlu tilraun, sem er líka spurning þess eðlis að hún er mikilvæg í þessu stærra samhengi þegar menn eru að tala um að innkalla kvótann á landsvísu. Hún lýtur að því sem hefur verið talað um að margir af þeim sem seldu kvótann eru núna í einstaklega góðri stöðu til að njóta góðs af þessum frjálsu handfæraveiðum. Þeir seldu ekki bátana sína, þeir seldu bara kvótann og eru núna margir með fullar hendur fjár og í einstaklega góðri aðstöðu til að fara frítt á miðin.

Það getur ekki verið að þeir sem tala hvað hæst um réttlæti í þessu telji þetta vera réttlæti og í stærra samhengi, þegar menn ætla að fara að kalla inn kvótann, verða þessar spurningar mjög æpandi. Við viljum ekki skapa þannig ástand í sjávarútvegi á Íslandi að þeir sem eru með fullar hendur fjár eftir að hafa notið framsalsins og selt kvótann sinn standi síðan best að vígi þegar kemur að því að endurúthluta þessum kvóta aftur eftir að hann hefur verið innkallaður. Hvaða réttlæti er í því? Við verðum einfaldlega, allir hv. þingmenn, að vera menn til að taka slíkar spurningar alvarlega, spyrja hvað er réttlæti og hvað er ranglæti í stöðunni eins og hún er núna. Það eru ákveðnir aðilar í sjávarútvegi og það hlýtur að vera markmið löggjafarþingsins og markmið stjórnvalda að stuðla að því að þessir aðilar vilji vera áfram í greininni, þeir njóti góðs af góðum rekstri í sjávarútvegi og það verði ekki á einhvern hátt markmið kerfisins að reyna að koma þessum aðilum út úr greininni og einhverjum öðrum að þó að auðvitað verður líka að vera nýliðun.

En þessi spurning hins vegar er ekki nema óbeint hluti af því lagafrumvarpi sem við erum að ræða hérna núna en ég hugsa að ef menn halda vel á spöðunum og ef menn ætla virkilega að læra af þessari tilraun og efna kannski til einhverrar skýrslugerðar um árangurinn af þessu öllu saman þá muni það verða ansi gott veganesti inn í alhliða umræðu um það hvernig menn ætla að standa að því, ef menn ætla að fara út í það, að innkalla kvótann og deila honum út aftur.

[17:16]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil bara gera athugasemd við þá hugsun sem birst hefur í ræðum tveggja hv. þingmanna um að eitthvert sérstakt ranglæti sé fólgið í því að menn sem hafa selt sig út úr greininni fái að stunda strandveiðar í tvo mánuði á ári. Annars vegar erum við með kerfi sem hefur verið við lýði í áratugi og verið gífurleg deila um vegna atvinnuréttinda sem menn hafa fengið án endurgjalds frá ríkinu og selt eða leigt frá sér dýrum dómum og svo hins vegar handfæraveiðar í tvo mánuði á ári, 800 kíló á dag.

Það er ólíku saman að jafna í þeim efnum og mér finnst mikill mismunur á annars vegar ranglætinu sem felst í því að menn hafa ekki komist inn í þessa grein nema með því að kaupa til þess atvinnuréttindi af öðrum sem fyrir voru í henni og svo aftur því að fá þennan takmarkaða rétt til handfæraveiða.

Eftir stendur í allri þessari umræðu, einkum af hálfu þeirra sem gjalda varhuga við hinni svokölluðu fyrningarleið, að koma með úthugsaða leið þannig að menn geti mætt því áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem segir að fiskveiðistjórnarkerfi Íslendinga feli í sér mismunun. Það er ekki jafnt aðgengi þegnanna að sameiginlegri auðlind.

Hvernig sjá menn, sem eru viljugir til þess að koma á breytingum í þessu kerfi, fyrir sér að hægt sé að koma til móts við það álit mannréttindanefndarinnar? Eða finnst þeim það ekki skipta neinu máli?

[17:18]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér finnst mikilvægt að þeir sem tala núna hvað hæst um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu séu líka opnir fyrir öðrum hugmyndum en fyrningarleið. Ég er t.d. þeirrar skoðunar og þannig manneskja að mér finnst alveg þess virði að skoða hvort kerfi sem er þannig gert að þeir sem vilja ekki, geta ekki eða sjá sér einhverra hluta vegna ekki lengur fært að vera í greininni selji veiðiheimildir til þeirra sem vilja vera í greininni eða vilja fara inn í hana. Þetta er kallað markaðshagkerfi. Það er ekkert því til fyrirstöðu og ég tel raunar alveg skýrt að þjóðin eigi þessar veiðiheimildir þó að kerfið sé svona.

Það getur vel verið að það sé skynsamlegra að hafa kerfið markaðskerfi með ýmsum takmörkunum og skýrum íhlutunarrétti ríkisins enda eru veiðiheimildirnar í eigu ríkisins. Þetta getur verið hagkvæmara og gagnsærra, að því gefnu að verðmyndunin á leigu- og kaupkvóta sé gagnsæ, og betra fyrir byggðirnar en kerfið sem hér er boðað undir nafngiftinni fyrningarleið þar sem ríkisvaldið sér um að leigja út kvótann eða selja hann. Ég er ekki viss um að það sé betra fyrir byggðirnar. Ég er ekki viss um að það sé betra fyrir fjárfestingar í greininni og fyrir varanleikann sem þarf að vera til staðar. Ég held að ýmsir annmarkar séu á því og ég held að það verði minni sátt um verðmyndun á kvótanum ef kerfið er þannig.

Þegar ég tala um að einhverjir telji það óréttlæti að þeir sem hafa selt kvóta sinn, þeir smábátaeigendur, veiði núna frítt er ég bara að vísa til sjónarmiða sem maður hefur heyrt á mörgum bryggjusporðinum (Forseti hringir.) í sjávar-

plássunum. Þeir sem keyptu kvóta sjá núna þá sem seldu fara í bátana sína og veiða frítt. Ég held að (Forseti hringir.) margir setji spurningarmerki við þetta.

[17:21]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Engu að síður stendur eftir spurningin sem ég varpaði hér fram: Ef við prófum í þessum fámenna þingsal að feta okkur áfram á þeirri braut að ná einhverri sátt um þetta kerfi, hvaða hugmyndir hafa stjórnarandstæðingar um að mæta áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem felur í sér að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi mismuni þegnum landsins?

Það var ekki að heyra á máli hv. þm. Guðmundar Steingrímssonar að hann hefði einhverja sérstaka lausn fram að færa í þeim efnum aðra en þá að menn mundu kaupa veiðiheimild af þeim sem væru fyrir í greininni. Mér finnst eðlilegt að menn kaupi atvinnutækin af þeim sem fyrir eru í greininni, en veiðiheimildirnar eru eign þjóðarinnar og eiga ekki að ganga kaupum og sölum milli aðila í greininni.

Ég held að umræður eins og fram hafa farið hér í dag, svona mestmegnis, geti verið til þess fallnar að menn komist að einhverri niðurstöðu sem þjóðin getur sætt sig við í þessum efnum. Eins og ítrekað hefur komið fram í þessum ræðustól og í umræðunni í kosningabaráttunni er vilji til þess hjá stjórnarmeirihlutanum að reyna að skapa sem víðtækasta sátt um þá niðurstöðu sem verður í málinu. Þeirri viðleitni hefur verið mætt með fullyrðingum um að kerfið sé ekki fullmótað, að það sé bara fullt af óvissu. En það er einmitt hugmynd stjórnvalda að koma fram með meginhugmynd og hlusta á sjónarmið þeirra sem eru í greininni. (Forseti hringir.) Ekki bara útgerðarmanna, heldur allra hagsmunaaðila, fiskvinnslufólks, netagerðarmanna og (Forseti hringir.) sjómanna sem líka eiga mikið undir í þessum efnum.

[17:23]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér þykir leitt ef hv. 8. þm. Suðurk. Róbert Marshall gat ekki lesið úr orðum mínum það góða innlegg og þá góðu hugmynd sem ég kom með að öðruvísi kerfi í sjávarútvegsmálum en hann var einmitt í andsvari að auglýsa eftir slíkum hugmyndum. Ég lét í ljós að sumir aðilar telja að það þurfi ekki endilega að vera rökrétt skref þó að þjóðin eigi heimildirnar að ríkisvaldið eða einhver deild í sjávarútvegsráðuneytinu eða Fiskistofa selji endilega eða leigi heimildirnar.

Það er mikilvægt að þeir sem mæla fyrir því kerfi kunni að takast á við spurningar eins og: Hvernig ætlar sjávarútvegsráðuneytið eða Fiskistofa að deila út þeim heimildum? Og: Verður slíkt kerfi hagkvæmt fyrir þennan geira? Verður það betra fyrir byggðirnar að því gefnu að hér er um takmarkaða auðlind að ræða?

Þeir eru til sem segja, og þar á meðal er ég svolítið opinn fyrir því, að þjóðin eigi jú heimildirnar enda er það alveg skýrt í lögunum en það þarf að skýra það betur í stjórnarskrá en hins vegar séu ákveðnir kostir við það að kerfið sé þannig að þeir sem ekki hafa áhuga á því að vera lengur í greininni eða geta einhverra hluta vegna ekki verið lengur í greininni eða veitt allan þann fisk sem þeir hafa heimild upp á selji eða leigi heimildirnar til annarra í gegnum gagnsætt ferli, og það þarf að laga það ferli. Síðan hefur ríkið á hverjum einasta tímapunkti íhlutunarrétt í þetta kerfi og getur lagað það til eftir réttlætissjónarmiðum, (Forseti hringir.) byggða- eða hagræðingarsjónarmiðum.

[17:25]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):

Frú forseti. Það hefur verið mikil umræða í dag um það frumvarp sem hér liggur fyrir og áhugavert hvernig menn fara út um víðan völl og tala um eitthvað sem er ekki endilega á dagskrá.

Ég fagna þessu frumvarpi eins og fleiri hv. þingmenn. Þetta er kærkomið að mínu viti fyrir litlu byggðirnar þó að ýmsir hafi haldið öðru fram og hafi af því miklar áhyggjur. Ég held að það sé okkar hlutverk að sníða af kerfinu þá annmarka sem á því eru og stuðla að því að reyna að ná um það sátt og þetta er að mínu viti hluti af því.

Það er mikið búið að tala um byggðakvótann sem þetta byggir að hluta til á, hvernig nýliðun getur átt sér stað og hvort hún hefur þá átt sér stað yfir höfuð með þessum byggðakvóta. Ég held ekki. Ég held að hún hafi ekki átt sér stað með honum. Þetta er liður í því að breyta.

Varðandi það sem hv. þm. Atli Gíslason sagði áðan um þá aðila sem eru búnir að selja sig út úr kerfinu er sú spurning sem brennur mjög á mörgum og finnst óréttlátt að slíkt geti gengið eftir. Aflaheimildirnar hafa ekki verið bundnar við einstaklinginn, heldur við útgerðina og það er mjög auðvelt að fara í kringum svona eins og hv. þm. Atli Gíslason kom inn á. Þar af leiðandi er nánast ógerlegt að eltast við það.

Öll sú umhyggja sem hér hefur verið sýnd litlu byggðunum og stöðu þeirra er vonandi bara jákvæð og skilar sér inn í málefnalega umræðu í sjávarútvegsnefnd.

Ég tel að þessar auknu strandveiðar hjá smábátum og fækkun stærri skipa á grunnslóðinni færi líf í hafnirnar úti um allt land. Mér finnst þetta réttlætismál. Sá áróður sem byggist á ótta, hvort sem það er varðandi þetta mál eða sjávarútvegsstefnuna yfirleitt, er ekki eitthvað sem við eigum að láta stýra verkum okkar. Það er hugmyndafræðin eða skortur á hugmyndafræði í byggðastefnu landsins síðustu 40 árin sem þarf að taka til í. Hún hefur svolítið einkennst af því að hugsa hratt og skammt og hefur ekki virkað endilega vel fyrir landsbyggðina, ekki fyrir landsbyggðina og varla landið yfirleitt. Það hefur svolítið verið gert ráð fyrir kjörtímabilunum og ýmislegt látið taka mið af þeim.

Í sjálfu sér finnst mér ástæða til að við skoðum þetta vel og vandlega þegar þessu er lokið. Hér hefur verið talað mikið um þennan byggðakvóta og það er búið að úthluta, held ég, í mínu sveitarfélagi um 10% af byggðakvótanum. Það er allt og sumt. Ég held að þriðja hæsta kvótaútgerð á landinu sé í Fjallabyggð og það er líka umdeilanlegt að stóru frystitogararnir fái úthlutað byggðakvóta. Ekki nýtur vinnslan í landi góðs af honum. Svo er spurningin hvort vinnsla í landi hefur yfir höfuð haldið út á þeim stöðum. Sumir hafa ákveðið að þeir taki ekki þessa eða hina stærð af fiski þannig að mönnum hafa verið settar ýmsar skorður varðandi löndun.

Það er búið að fara einhverja hringi með úthlutunaraðferðir í byggðakvóta. Sú sem er við lýði núna virkar ekki sem skyldi að mínu mati. Ég lít ekki á það sem skerðingu þótt þetta sé minnkað. Ég vona að þeir bátar sem koma til með að sinna þessum strandveiðum skili vinnu í sveitarfélögin og hjá þeim sem þær sækja. Það er ekki eins og það sé verið að leggja af veiðiskap. Hann verður bara framkvæmdur svolítið öðruvísi.

Smáatriðin sem komið var inn á varðandi klukkutíma og annað því um líkt má ræða betur í nefnd og eflaust er hægt að komast að samkomulagi um þau. Eins og þetta lítur út ættu menn þó að geta sammælst um að þetta fari fljótt í gegnum góða umræðu í nefndinni, aðilar kallaðir til og fengin álit tiltölulega hratt og örugglega.

Ég tek undir varðandi frístundaveiðar sem eru líka stór hluti af þessu frumvarpi. Þetta eru ekki bara handfæraveiðarnar. Ég held að það komi til með að breyta afskaplega miklu fyrir ferðaþjónustuna, t.d. í mínu kjördæmi þar sem menn hafa ekki getað sinnt þeim áhuga sem til staðar hefur verið vegna þess að kvóta hefur vantað og menn hafa ekki getað keypt. Það var talað um dýra báta áðan og ég held líka að nýliðunin sem hefur verið fólgin í því að kaupa kvóta hafi ekki skilað sér. Ég ber þá von í brjósti að sjávarútvegsnefnd komist að góðri niðurstöðu um þetta frumvarp og hleypi því tiltölulega fljótt og vel í gegn. Ég hef þá trú að menn nái að vinna saman að því.

[17:33]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það hefur dálítið verið talað í þessari umræðu eins og þetta sé í fyrsta skipti sem gerð hefur verið tilraun til þess að ná þeim markmiðum annars vegar að reyna að styrkja byggðirnar með því fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við og hins vegar að reyna að auka nýliðun.

Ég fullyrði það og tala þar af mikilli reynslu að flestallar atrennur sem við höfum gert að breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu hafa einmitt haft það markmiði. Til dæmis höfðu allar þær miklu breytingar sem við gerðum í kringum smábátakerfið á sínum tíma í áranna rás þann yfirlýsta tilgang að reyna að styrkja veikustu byggðirnar.

Það var auðvitað mjög umdeild aðgerð á sínum tíma þegar ákveðið var að færa til með pólitísku handafli fiskveiðirétt frá stærri skipum til hinna minni. En það var hins vegar gert að yfirlögðu ráði vegna þess að menn trúðu því að það gæti verið liður í því að efla hinar minni og veikari sjávarbyggðir.

Sama var að segja um nýliðunina. Með þeim aðgerðum var líka verið að reyna að auka nýliðunina í sjávarútveginum. Og þegar við skoðum þetta t.d. yfir undanfarin tíu ár er enginn vafi á því að orðið hefur talsverð nýliðun í íslenskum sjávarútvegi. Það eru mjög margir nýir aðilar sem komið hafa inn í þessa grein. Það er þó alveg rétt sem sagt er núna að með því að fiskveiðirétturinn hefur hækkað í verði er það erfiðara. En engu að síður er það algjörlega óumdeilt að heilmikil nýliðun varð í sjávarútveginum.

Það sem ég óttast í þessum hugmyndum sem verið er að kasta fram, því að þetta eru eiginlega frekar hugmyndir en nokkuð annað, er að nýliðunin gæti orðið einhver vegna þess að menn sjá sér þarna leik á borði að komast með tiltölulega ódýrum hætti til þess að veiða allt að þrjá mánuði á ári. En síðan mun það verða til þess, alveg eins og við sjáum þegar vísbendingar um, að fiskveiðirétturinn færist til bátsins í stað þess að vera kvóti eða dagurinn eins og var hér áður fyrr. Þess vegna mun það hafa þær afleiðingar þegar til lengri tíma er litið að verð á bátum verður hærra og aðgangurinn inn í auðlindina verður þar af leiðandi dýrari. Það er held ég algjörlega óumdeilt.

Ég sagði hér í fyrri ræðu minni: Þetta er hlutur sem við skulum alveg skoða. Það held ég að hafi verið rauði þráðurinn í því sem hefur komið fram frá okkur sem höfum verið að gagnrýna þetta frumvarp. Við höfum sagt: Við skulum skoða þetta mál. En er ekki skynsamlegra að gera það þannig að menn setjist niður og skoði það áður en gera ekki eins og hér er bókstaflega verið að leggja til, að renna blint í sjóinn? Það sem komið hefur fram hjá öllum þeim sem talað hafa fyrir þessu frumvarpi er að menn hafa sagt: Það er auðvitað ýmislegt sem betur mætti fara og þetta þarf að skoða en við skulum meta reynsluna eftir árið.

Er nú ekki viturlegra að eyða óvissunni sem verið hefur í kringum þennan byggðakvóta, úthluta honum, gefa sér síðan tíma til þess að fara ofan í málin? Reyna að átta sig á því hvort hægt er að koma einhvers konar strandveiðifyrirkomulagi á, nýta árið í það og hafa þá raunverulega fullbúið frumvarp í staðinn fyrir að vera með einhverjar veiðar í tilraunaglasi eins og hér er í rauninni verið að leggja til.

Ég vil líka í þessu sambandi vekja athygli á einum þætti: Hver er eftirlitsþátturinn? Ég nefndi áðan að með frumvarpinu væri verið að auka flækjustigið í sjávarútveginum. Mér sýnist af þessu að verið sé að ganga út frá því sem enginn veit í raun og veru að það verði 300 bátar sem muni nota sér þetta kerfi. Það hefur enginn nokkra einustu hugmynd um það. Það er bara svona einhver ágiskun út í loftið. Og eftirlitið við hvern bát eru 17.500 kr. sem segir að verið er að tala um að eftirlitskostnaðurinn geti verið 5–6 millj. kr. sem eru tvö ársverk hjá Fiskistofu.

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig atvinnustefna en menn verða líka að átta sig á því að við erum að búa til kerfi sem kostar eftirlit og eftir því sem það verður viðurhlutameira gerir frumvarpið ráð fyrir að eftirlitið verði meira og dýrara.

Þetta eru efnisleg atriði sem við eigum auðvitað að hlusta á og skoða og þess vegna er ekki verið að bregða fæti fyrir neina hugmynd. Það er bara verið að segja: Við skulum vinna þetta með öðrum hætti.

Ég ætla bara að taka eitt dæmi í lokin af því ég hef nú mjög stuttan tíma sem segir kannski hvað eru margir fletir á þessu. Hér hafa margir sagt: Það er ósanngjarnt að vera bara með tólf tíma regluna vegna þess að hún mismunar sjávarplássunum. Þeir sem liggja næst miðunum hafa þá forskot. Þeir sem eru fjær miðunum hafa ekki þetta forskot.

En er það ekki það sem menn hafa verið að gagnrýna kvótakerfið fyrir? Það er að þetta forskot, að menn njóti staðarkosta sinna, hafi verið tekið burtu með kvótakerfinu. Og væri það ekki þar með afturhvarf að hafa tólf tíma mörk til þess að gefa fólki í litlu byggðunum tækifæri til að njóta staðarkosta sinna? En það hefur líka þau áhrif, sem bent hefur verið á, að þær byggðir sem ekki liggja jafn vel við miðunum hafa þar með ekki jafngóða möguleika.

Ég vek athygli á þessu hér til að undirstrika það og gera mönnum ljóst að það munu koma upp ýmis flækjustig sem þeir sjá kannski ekki fyrir. Þess vegna tel ég að það væri skynsamlegri nálgun af hæstv. ráðherra að fresta nú þessu frumvarpi og gefa út byggðakvótann. Ég spyr líka í lokin: Hvenær hyggst hæstv. sjávarútvegsráðherra (Forseti hringir.) gefa út þann byggðakvóta, þau 2.000 tonn, sem (Forseti hringir.) hann gerir ráð fyrir að gefa út á þessu fiskveiðiári?

[17:38]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Virðulegi forseti. Örstutt. Það er búið að segja svo sem allt sem þarf að segja í 1. umr. um strandveiðifrumvarpið og kalla að mestu leyti fram það sem þarf að koma fram.

En ég vil þó koma inn á, af því menn tala um þessa nýliðun í greininni, hvernig hún hefur verið í gegnum tíðina og rifja upp forsenduna fyrir kvótakerfinu þegar menn settu það á. Það var gert eftir að svört skýrsla kom frá Hafrannsóknastofnun. Menn hafa kallað það gjafakvótakerfið og voru skertir um 40% af atvinnurétti sínum. Þeir sem veiddu jafnan 1.000 tonn fengu að meðaltali 600 tonn.

Það kom fram í máli hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar að búin er að vera endalaus tilfærsla innan kerfisins. Það er ágætt að rifja það upp við þessar aðstæður. Frá því að kvótakerfið var sett á eru stjórnvöld búin að færa 38% af heimildunum til frá einum aðila til annars með stjórnvaldsaðgerðum.

Það er grátlegt til þess að vita að menn sem búnir eru að selja sig út úr greininni, jafnvel margoft, skuli nú koma eina ferðina aftur inn. En ég geri hins vegar ekkert lítið úr því sem hv. þm. Atli Gíslason sagði hér áðan, það er kannski ekki hægt að girða fyrir það. Ég held að það sé nokkuð rétt hjá honum að það sé ekki hægt, því miður, þótt ég efist ekki um að allir hafi vilja til þess.

En það sem er þó verst við þetta er að þegar menn hafa fært til þessar heimildir hefur það alltaf verið gert á kostnað vertíðarflotans. Við erum nánast búin að rústa vertíðarflotanum víðast hvar um landið. Það er gert með þeim hætti að menn hafa verið í endalausum tilfærslum á veiðiheimildum frá stærri bátunum yfir til þeirra minni. Það er grátlegt til þess að hugsa að það hafi verið gert í gegnum tíðina. Eins var mjög afdrifaríkt þegar menn fóru í hinn mikla niðurskurð á þorski úr 190 þús.tonnum niður í 130 þús. tonn sem var alveg skelfilegt.

En ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að halda því til haga að frá því að kvótakerfið var sett á er pólitíkin búin að færa 38% af heimildunum handvirkt frá einum aðila til annars. Það hefur því miður ekki alltaf heppnast vel.

[17:41]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka þessa ágætu umræðu sem fram hefur farið um frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Eðlilega hefur hv. þingmönnum verið tíðrætt um hina ýmsu þætti í fiskveiðistjórnarkerfinu. Er það bara í hæsta máta eðlilegt enda stórmál á ferðinni þótt það snerti ekki beina efnisþætti þessa frumvarps.

En ég vil þakka fyrir almennt góðar undirtektir við frumvarpið og alla meginþætti þess. Ég vil vekja athygli á einu í þessu sambandi: Menn hafa verið að tala um að það komi seint fram og óvænt. En það var lagt fram 18. mars, að mig minnir, í ríkisstjórn af þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, og tilkynnt að út í þetta yrði farið. Þá var það kynnt allrækilega í meginatriðum í fréttatilkynningum og umfjöllun.

Það var líka kynnt mjög rækilega fyrir kosningar þannig að þessi hugmyndafræði er búin að fá mikla umfjöllun og líka í hinni pólitísku baráttu fyrir kosningar. Þetta er því dæmi um hvernig rétt er að vinna, þ.e. að koma þessum áformum fyrir fram á framfæri.

Varðandi einstök atriði sem spurt hefur verið um svara þau sér eiginlega sér sjálf. En ég minni á að þetta er ekki nema lítið brot af heildaraflamarkinu sem er í landinu og því er ætlað skilgreint hlutverk í þeim efnum. Það er því mikilvægt að við komum þessu í gang og getum dregið lærdóm af þeirri reynslu sem af þessu verður.

Varðandi úthlutun á þeim byggðakvóta sem eftir stendur, verði þetta frumvarp samþykkt á hv. Alþingi, sem ég vonast fastlega til að gerist sem fyrst, er unnið að því í ráðuneytinu að sú skipting verði tilbúin nánast samtímis og þetta frumvarp verður afgreitt. Að því er stefnt og ef það tekst skilst mér að það yrði með alfyrsta móti sem byggðakvóta hefur verið útdeilt. Ég mun alla vegana hvetja til þess að því marki sem ég get til þess að sú ákvörðun liggi fyrir þannig að hægt sé að taka heildstætt á þessum málum.

Ég þarf svo sem ekki að hafa fleiri orð um þetta ágæta mál. Það fer nú til hv. sjávarútvegsnefndar og einstök atriði sem hér hefur verið minnst á og geta verið álitaefni, fá þá nánari umfjöllun þar. Þá gefst öðrum hagsmunaaðilum sem vilja koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi þetta mál tækifæri til að koma þeim til nefndarinnar til umræðu. En ég þakka mjög jákvæðar undirtektir við málið í heild sinni og vona að það nái fram að ganga. Menn meta svo árangurinn af þessum breytingum að fiskveiðiárinu loknu.

Ég vil aftur minnast stuttlega á það sem ég gat um í andsvari mínu við hv. þm. Ásbjörn Óttarsson að hugur minn stendur til og það er nefnt í umsögn með frumvarpinu að tengja staðbundin rannsóknarsetur þessari vinnu, þ.e. hvernig meta megi þennan árangur. Að sjálfsögðu hefur Fiskistofa yfirumsjón með málinu. En hugur minn stendur til að þetta starf í heild sinni verði tengt sem allra mest staðbundnum samfélögum og þá þeim rannsóknarstöðvum sem þar eru og hafa sprottið upp og byggst upp á grundvelli þeirra samfélagslegu þátta sem að baki þeim standa. Það er vilji minn að tengja það svo að þar vinni saman bæði sjómenn og heimasamfélag .

Frú forseti. Ég þakka góða umræðu og treysti hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til þess að leiða þetta mál farsællega aftur inn í þingið.

[17:47]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég lagði nokkrar spurningar fyrir hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem hann hefur einhverra hluta vegna ekki kosið að svara. Ég ætla í sjálfu sér ekki að ítreka þær spurningar. Hæstv. ráðherra hefur fundið upp nýmæli sem er það að spurningarnar svari

sér sjálfar. Það er út af fyrir sig ágætisaðferð hjá ráðherrum sem vilja koma sér undan því að svara spurningum að segja að spurningarnar svari sér þá sjálfar. Hæstv. ráðherra Svandís Svavarsdóttir, sem er nýr ráðherra, getur tilteinkað sér þessa nýbreytni sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur innleitt í þingstörfin.

Það er eitt sem hæstv. ráðherra hefur þó upplýst og það er að hann hyggst ekki úthluta neinum byggðakvóta fyrr en eftir að þetta frumvarp hefur verið samþykkt. Það þýðir þá á mæltu máli að byggðakvótinn mun á yfirstandandi fiskveiðiári nýtast að mjög litlu leyti. Það var verið að gera miklar breytingar á byggðakvótafyrirkomulaginu sem ég nefndi áðan sem leiddi til þess að tafir voru á úthlutuninni. Þær breytingar voru komnar í gegn þannig að í sjálfu sér var ekkert því til fyrirstöðu að úthluta byggðakvóta í upphafi ársins eða í febrúarmánuði. En það var út af fyrir sig pólitísk niðurstaða að gera það ekki og ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um það.

En af því að hæstv. ráðherra svaraði ekki þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann ætla ég að gera tilraun til að spyrja hann einnar spurningar í viðbót — ég hygg að hún hafi ekki svarað sér sjálf. Ég spyr hvort hæstv. ráðherra hafi hugleitt það að þetta strandveiðifyrirkomulag yrði með einhverjum hætti meira bundið við byggðirnar. Að sett yrðu einhver skilyrði um löndun, skilyrði sem leiddu til þess að aukin fiskvinnsla yrði á stöðunum o.s.frv. eins og hefur verið yfirlýst markmið. Ég vek athygli á því að í athugasemdum við frumvarpið er talað um að þessi stefna eigi að verða til þess að styrkja og örva atvinnustarfsemi í sjávarbyggðunum. Ég spyr því: Kom til greina að binda þetta með einhverjum hætti við sjávarbyggðirnar, við vinnslu, við löndunarskyldu eða eitthvað í þeim dúr?

[17:49]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi spurningar hv. þingmanns um það hvort tengja eigi þetta enn meira við byggðirnar þá var það vissulega rætt og þetta hefur nú tengst þessum svæðum með þeim hætti sem tilgreint er. Vissulega kom til álita að tengja þetta beint einstökum sjávarbyggðum með hliðstæðum hætti og byggðakvótinn er nú. Ég tel að það sé alveg sjónarmið. Það varð reyndar ofan á í þessari vinnu að þessu yrði svæðisskipt með þessum hætti en þá eru þeir jafnframt skuldbundnir, viðkomandi bátar, til að vera skráðir á tilteknum stað. Það er ákveðinn klukkustundafjöldi sem báturinn hefur frá því að hann fer frá landi og þangað til hann landar þannig að ekki er hægt að fara mjög langt um hvað þetta varðar.

Það er líka óheimilt að skipta um skráningarstað eða heimili innan þessa tímabils þannig að þarna er sett nokkur takmörkun. En það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að ég hefði talið og tel að það eigi að byggðatengja þetta með sem mestum hætti. Vel má vera að einhver önnur sjónarmið geti komið þarna inn og treyst það.

Varðandi önnur þau atriði sem hv. þingmaður spurði um þá var ég búinn að svara þessu með byggðakvótann, hvernig honum verði úthlutað. Það er erfitt að úthluta honum fyrr en sést þá fyrir með afdrif frumvarpsins, ég vona að afgreiðsla þess gangi hratt og vel fyrir sig. En ég minni aftur á að takist að úthluta byggðakvótanum strax eftir að sjá má fyrir afdrif frumvarpsins, þ.e. í byrjun júní, um mánaðamótin, væri hægt að úthluta þeim byggðakvóta sem ætlunin væri að úthluta og það væri í sjálfu sér nýmæli, frú forseti.

[17:52]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er þó alla vega nýmæli í þessu máli að þessi spurning svarar sér ekki sjálf, hæstv. ráðherra kaus a.m.k. að svara henni. Ég spurði hvort komið hefði til greina að binda þetta með einhverjum hætti við byggðirnar. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að á því geta verið ýmsir praktískir annmarkar en þetta er mjög eðlileg spurning í ljósi þess að verið er að nýta fiskveiðiréttinn úr byggðakvótanum til þess að stunda þessar strandveiðar sem svo eru kallaðar.

Ég vil vekja athygli á því að þau svæði sem talað er um í frumvarpinu eru býsna stór. Ég tók dæmi af svæði A en það nær frá útgerðarbyggðinni Eyja- og Miklaholtshreppur alla leið að Skagabyggð, og gerir það að verkum að aðilar sem eru skráðir með báta sína á Snæfellsnesi geta þess vegna gert út frá Skagaströnd. Það mundi út af fyrir sig þá væntanlega ekki nýtast, a.m.k. vinnsluþátturinn, fyrir heimabyggðina.

Ég vildi vita hvort hæstv. ráðherra hefði velt þessum möguleika upp og hann hefur gert grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessum efnum. Svarið við þessu væri þá væntanlega það að minnka þessi svæði ef menn vildu reyna að tengja þetta með einhverjum hætti betur við byggðirnar svo að ég hugsi í lausnum fyrir hæstv. ráðherra. En það hefur líka verið rætt hér að markmiðið með þessu sé að reyna að auka aðgengi manna að auðlindinni og þá er það auðvitað sjónarmið sem gengur í þveröfuga átt — það mundi væntanlega leiða til þess, ef menn vilja gera þetta aðgengi sem best, að svæðið ætti bara að vera eitt, ströndin við Ísland. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra sé ekki að hugsa um þetta í þeim anda. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra vilji reyna að styrkja byggðirnar þó að mér finnist að í þessu frumvarpi hafi honum tekist alveg einstaklega óhönduglega til í því efni.

[17:54]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í sjálfu sér má velta þessari skiptingu í landsvæði fyrir sér en ég ítreka það sem ég sagði áðan að byggðatengingin er mjög mikilvægur þáttur í þessu. Vel má hugsa sér að tengja það enn fastar við byggðirnar en þá sáu menn líka galla varðandi eftirlitsþáttinn, að hann yrði þá umfangsmikill, en mér finnst sjálfsagt að nefndin skoði þetta.

Ég legg áherslu á að með þessari aðgerð er jafnframt sett inn viðbótaraflaheimild upp á 2.500 tonn til að auka heildarmagnið sem þarna er til ráðstöfunar, er til að veiða. Það er verið að rýmka þetta hvað þetta varðar í heild sinni. Ég verð að biðja hv. þm. Einar K. Guðfinnsson að minnast þess að við erum þó ekki að skera niður núna. Á síðasta ári var byggðakvótinn minnkaður um 500 tonn. (Gripið fram

í.) Nei, nú aukum við þann afla sem er til ráðstöfunar í þessum byggðum um 2.500 tonn.

Ég treysti hv. þingmönnum í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til að bera þetta mál áfram þannig að það fái sem allra fyrst afgreiðslu. Ég þakka góðar umræður.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

[17:56]

Útbýting:

Fjárnám og nauðungarsala, 45. mál, fsp. ÓN, þskj. 45.

Skilyrði Mats Josefssons fyrir áframhaldandi starfi, 48. mál, fsp. EyH, þskj. 48.

Skýrsla Andrew Gracie um stöðu bankanna, 46. mál, fsp. SF, þskj. 46.

Virðisaukaskattur, 47. mál, frv. þskj. 47.

Eiturefni og hættuleg efni, 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur). — Þskj. 3.

[17:56]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1998, en frumvarpið tengist aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og er áður lagt fram en náði ekki fram að ganga á síðasta þingi.

Evrópusambandið samþykkti í maí 2006 reglugerð (EB), nr. 842/2006, um tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir. Markmið reglugerðarinnar er að minnka losun flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda sem Kyoto-bókunin við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar nær yfir og vernda þannig umhverfið. Flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir hafa háan hlýnunarstuðul og hafa margföld áhrif á umhverfið til upphitunar lofthjúpsins miðað við koltvísýring (CO_2). Frumvarp það sem ég mæli fyrir hér er til innleiðingar á þessari reglugerð EB.

Er með frumvarpinu og reglugerðum sem tengjast áðurnefndri reglugerð leitast við að takmarka leka þessara gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Mikilvægt er að innleiða gerðina sem fyrst þar sem hún varðar m.a. starfsréttindi þeirra sem nú starfa við kælitækni og möguleika atvinnugreinarinnar á að fá verkefni sem tengjast kælimiðlum á EES-svæðinu.

Með frumvarpinu eru skilgreindar ýmsar kröfur varðandi meðhöndlun flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda. Hér má nefna að gerðar eru miklar kröfur til þess hvernig staðið er að geymslu slíkra efna sem og til lekaleitar. Verða kröfur til alls verklags við að draga úr losun þessara lofttegunda út í andrúmsloftið hertar.

Með frumvarpinu eru einnig gerðar kröfur um hvernig staðið skuli að endurnýtingu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda. Skulu starfsmenn sem endurnýta efni af föstum búnaði hafa til þess réttindi og vera vottaðir af faggiltri skoðunarstofu.

Eitt af helstu nýmælum frumvarpsins er að skilgreind er lágmarksþekking þeirra sem vinna með flúoreraðar gróðurhúsalofttegundar. Með þessu verður því lögfest skylda til starfsmenntunar fyrir þá sem vinna með þessar lofttegundir. Verður hið nýja nám annars vegar hluti af núverandi vélstjórnarnámi en einnig mun nýtt löggilt nám í kælivélavirkjun hefjast í framhaldsskólum haustið 2009 sem mun taka mið af þessum nýju námskröfum.

Annað nýmæli er að gerð er krafa um vottun fyrir starfsmenn og þá rekstrar- og þjónustuaðila sem mega meðhöndla þessar lofttegundir. Er hér um að ræða skyldu starfsmanna sem vinna með flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir til að sækja um vottun hjá faggiltri skoðunarstofu að loknu námi. Rekstraraðilar eða þjónustuaðilar fá hins vegar vottun ef þeir uppfylla tiltekin skilyrði reglugerða, t.d. um að hafa ákveðinn búnað til endurheimtar gróðurhúsalofttegunda. Vottun sem þessi mun verða framkvæmd af faggiltum skoðunarstofum.

Virðulegur forseti. Ég hef hér rakið meginefni frumvarpsins. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og umhvn.

Meðhöndlun úrgangs, 1. umr.

Stjfrv., 4. mál (flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur). — Þskj. 4.

[18:00]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sem er áður fram lagt en náði ekki fram að ganga á síðasta þingi.

Hinn 14. júní 2006 samþykkti Evrópuþingið og ráðið reglugerð Evrópusambandsins nr. 1013/2006 um flutning úrgangs sem tekin var inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hinn 6. júní 2008. Frumvarpið sem ég mæli hér með er sett fram til að treysta lagastoð þannig að hægt verði að innleiða reglugerðina. Reglugerðin er í samræmi við svokallaða BAN-samþykkt við Baselsamninginn sem er alþjóðasamningur um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra og gildir um innflutning úrgangs, útflutning úrgangs, flutning úrgangs á milli aðildarríkja og umflutning úrgangs. Hefðbundinn frestur Íslands til að innleiða reglugerðina í íslenska löggjöf rann út þann 6. desember 2008 og er því mikilvægt að innleiða gerðina í löggjöf hér á landi.

Með innleiðingu gerðarinnar í íslenskan rétt er stuðlað að aukinni umhverfisvernd, öruggri meðhöndlun og eyðingu spilliefna og annars hættulegs úrgangs og komið í veg fyrir ólöglegan flutning á úrgangi, m.a. til að koma í veg fyrir að slíkur úrgangur sé fluttur til þróunarríkja til „einhvers konar“ óæskilegrar förgunar.

Að stórum hluta er nú þegar farið að vinna samkvæmt Evrópusambandsgerðinni hér á landi þar sem það er forsenda fyrir flutningi úrgangs til og frá Íslandi. Þannig er t.d. ekki hægt að flytja úrgang frá Íslandi til annarra EES-ríkja án þess að farið sé að þessum reglum, m.a. að lögð sé fram

trygging og notuð rétt eyðublöð við tilkynningu á flutningnum. Komið hafa upp ýmsir vankantar í sambandi við flutning á úrgangi milli landa þar sem Ísland hefur ekki innleitt reglugerðina og er því afar mikilvægt að innleiða ákvæði hennar hér á landi sem fyrst til að sveitarfélög og atvinnulíf eigi ekki í vandkvæðum með að flytja úrgang úr landi.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, verði breytt á þann veg að ákvæði verði sett til að banna útflutning tiltekins úrgangs til tiltekinna landa, annars vegar til förgunar og hins vegar til endurnýtingar. Einnig er lagt til að bannað verði að flytja inn tiltekinn úrgang frá tilteknum löndum, annars vegar til förgunar og hins vegar til endurnýtingar. Gerð er tillaga um að sett verði skýr ákvæði um hvað skuli gera þegar um ólöglegan útflutning á úrgangi er að ræða og um skyldur aðila til að taka við honum til baka. Jafnframt er gerð sambærileg tillaga um hvað skuli gera þegar ólöglegur flutningur úrgangs frá öðru landi uppgötvast hér á landi. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði ákvæði um gjaldtökuheimild til handa Umhverfisstofnun vegna umsýslu við tilkynningar og eftirlit. Einnig er lagt til að lagastoð fyrir tilkynningarskyldu verði styrkt þar sem hún er nú aukin í Evrópusambandsgerðinni og nær yfir úrgang á svokallaðri „grænni skrá yfir almennan úrgang“. Sömuleiðis er í frumvarpinu kveðið á um upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar og um hve mikið af þeim upplýsingum skuli bundið trúnaði.

Í framhaldi af gildistöku laganna, verði frumvarp þetta að lögum, þarf að setja nýja reglugerð sem innleiðir ákvæði reglugerðar EB nr. 1013/2006 og fellir um leið úr gildi reglugerð nr. 224/2005, um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu.

Þá er að auki lögð til breyting á 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs á þann veg að sá sem er með rekstur á sviði úrgangsmeðhöndlunar skuli skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um þær tegundir úrgangs sem eru endurnýttar eða endurnotaðar, um heildarmagn úrgangs og um árangur af vöktunaráætlun fyrir næstliðið ár. Þannig er lagt til að auk þess að skila inn upplýsingum um tegundir úrgangs sem er fargað, eins og gert er ráð fyrir í núgildandi ákvæði laganna, skuli einnig skila inn upplýsingum um tegundir úrgangs sem eru endurnýttar og endurnotaðar. Þetta er m.a. gert til að fá tölulegar upplýsingar sem skila á til Eftirlitsstofnunar EFTA og til að fylgjast með því hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett eru um endurnýtingu. Þá er nauðsynlegt fyrir frekari stefnumótun hér á landi að hafa upplýsingar um magn úrgangs sem er endurnýtt og endurnotað.

Frú forseti. Ég hef rakið meginefni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[18:04]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þar sem ég er eini fulltrúi umhverfisnefndar í þingsalnum vil ég þakka ráðherra fyrir framlögð frumvörp og vonast eftir því að þau fái góða umræðu í nefndinni.

Ég get þó ekki á mér setið og verð eiginlega að vekja athygli á þeim vinnubrögðum sem við erum farin að taka þátt í, að við séum 3–4 í þessum sal að taka á móti frumvörpunum við 1. umr. og að einungis einn fulltrúi umhverfisnefndar skuli vera í salnum þegar málin koma til kynningar.

[18:05]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vænti þess eins og hv. þm. Magnús Orri Schram að málið hljóti efnislega og ítarlega yfirferð hjá umhverfisnefnd og fljóta og málefnalega afgreiðslu þaðan. Ég deili einnig með honum áhyggjum af því hversu fáir þingmenn eru í salnum þegar þetta mál er rætt, en neita því ekki að sá grunur læðist að mér að það sé að hluta til angi af þeirri umræðu sem hefur átt sér stað á þessum fyrstu dögum vorþingsins um mismunandi mikilvægi mála sem hér eru lögð fram. Ég ítreka að hér er um gríðarlega mikilvæg mál að ræða í þessum málaflokki sem sú sem hér stendur stendur fyrir í nýju ráðuneyti hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Orra Schram fyrir að standa hér vaktina fyrir umhverfisnefnd þingsins.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og umhvn.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 35. mál. — Þskj. 35.

[18:07]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 35, 35. máli, en um er að ræða frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem kunnugir nefna jafnan til styttingar lög um búvöru eða einfaldlega búvörulög.

Frumvarpi þessu er ætlað að gera nauðsynlegar og eðlilegar breytingar á búvörulögum vegna þeirra samninga sem ríki og bændur undirrituðu hinn 18. apríl sl. um breytingar á gildandi samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu hér á landi.

Af hálfu fulltrúa bænda voru samningar þessir bundnir fyrirvara um samþykki í atkvæðagreiðslu. Niðurstöðu þeirrar atkvæðagreiðslu mun vera að vænta í byrjun júní. Þrátt fyrir það tel ég rétt að mæla fyrir þessu frumvarpi í dag og vil hvetja um leið til þess að það verði falið hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til nánari athugunar. Verði úrslit þessarar atkvæðagreiðslu á hinn bóginn á þann veg að bændur hafni samningnum leiðir auðvitað af því að málið verður fellt niður á þingi.

Væntanlega er flestum þingmönnum kunnugt um þá skerðingu á verðbættum framlögum samkvæmt búvörusamningum sem gerð var með fjárlögum ársins 2009 og markar upphaf þessa máls. Skerðingin var ákveðin með litlum fyrirvara vegna fyrirséðra erfiðleika í ríkisfjármálum í kjölfar falls bankanna. Henni var á sínum tíma mótmælt af

bændum. Í framhaldi af því funduðu samtök bænda með stjórnvöldum til að leita leiða sem tryggt gætu aðhald í ríkisfjármálum og langtímahagsmuni bænda.

Það er fagnaðarefni að samtök bænda og ríkisstjórnin hafa að loknum þessum viðræðum náð þeim samningum sem ég mæli fyrir með frumvarpi þessu en með þeim er ágreiningur um skerðinguna úr sögunni.

Samningarnir eru sáttargerð um eftirgjöf af hálfu bænda á fjárframlögum samkvæmt búvörusamningum. Um leið eru samningarnir framlengdir um tvö ár. Með þeim er reynt að tryggja rekstraröryggi landbúnaðarins og draga úr óvissu um afkomu bænda en margir þreyja nú erfiða baráttu við að hagræða í búrekstri vegna aukins fjármagnskostnaðar og þess að aðföng hafa hækkað í verði. Þessu tengist að í samningunum er að finna viljayfirlýsingu um að aðilar beiti sér fyrir könnun á skuldastöðu bænda í samvinnu við viðskiptabanka í þeim tilgangi að leita lausna til að bæta stöðu greinarinnar.

Ég bind vonir við að þau markmið sem stefnt er að með samningunum takist en með því er stigið þýðingarmikið skref til að verja stöðu landbúnaðarins og fæðuöryggi þjóðarinnar á þeim viðsjártímum sem við nú lifum. Er þetta einnig að fullu eftir því sem tekið er fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna varðandi stöðu landbúnaðarins.

Rétt er að geta þess að umrædd skerðing náði einnig til aðlögunarsamnings garðyrkjubænda. Ekki hefur hins vegar tekist samkomulag við garðyrkjubændur vegna hennar. Þar veldur einkum óánægja þeirra með kjör við kaup á rafmagni. Það mál er til athugunar og vona ég að þar megi enn þá ná farsælli sátt.

Loks vil ég geta þess að í frumvarpinu eru lagðar til minni háttar breytingar á heimild til greiðslu álags vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt til hagsbóta fyrir kaupendur fjárskiptafjár.

Ég vil að öðru leyti vísa til þeirra athugasemda sem fylgja frumvarpinu og fylgiskjals með því sem hefur að geyma kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og 2. umr.

[18:11]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það má kannski segja að frumvarpið sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mælti fyrir rétt í þessu sé eins konar iðrunar- og yfirbótafrumvarp hans. Þetta mál á sér nefnilega þann aðdraganda að við afgreiðslu fjárlaga síðasta haust var tekin sú ákvörðun, í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna sem uppi eru í þjóðarbúskapnum, að bæta ekki að fullu með verðbótum búvörusamninginn eins og gert hafði verið ráð fyrir í samningnum. Þá var höfð uppi mikil gagnrýni á þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna en það má segja sem svo að með þessu frumvarpi hæstv. ráðherra — sem hann á vissan hátt hefur tekið í arf frá forvera sínum, hæstv. þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrími J. Sigfússyni — hafi hæstv. ráðherra að yfirlögðu ráði og eftir að hafa skoðað málin komist að þeirri niðurstöðu að því miður voru efnisleg rök fyrir því að fara þá leið sem við urðum að fyrir áramótin, að fara inn í búvörusamningana og skerða verðbæturnar eins og allir vita.

Af hverju var það gert? Það var auðvitað gert vegna þess að við vorum í mjög miklum erfiðleikum alveg eins og við erum í í dag. Það hafði orðið hrun hér í efnahagslífinu, bankakerfið hafði hrunið sem olli því að fram undan var 10% minnkun þjóðarframleiðslunnar með tilheyrandi afleiðingum fyrir ríkisbúskapinn og tekjuforsendur fjárlaga. Það varð því niðurstaðan að fara með verðbótaþátt búvörusamninganna með sama hætti almennt talað og var verið að gera í almannatryggingakerfinu, þ.e. að láta verðbæturnar vera þær sömu og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram 1. október sl., sem var 5 eða 6% eða eitthvað á því bilinu. Hins vegar var það ljóst eftir að búið var að endurskoða bæði verðlagsforsendur, tekjuforsendur og útgjaldaforsendur fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár, þetta ár, næsta ár, árið 2009, að allar líkur voru á því að verðbólgan yrði talsvert meiri en við höfðum gert ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins haustið 2008. Þess vegna var flutt sérstakt frumvarp sem fól það í sér að ekki yrði gert ráð fyrir að verðbæta samningana að fullu og eingöngu yrði fylgt þeim verðbótahugmyndum sem settar voru fram í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2009 sem lagt var fram haustið 2008 eins og ég var hér að segja.

Þá var mjög spurt um réttmæti þess að gera þetta og m.a. spurt um réttmæti þess gagnvart stjórnarskránni. Eins og ég rakti þá í umræðum í þinginu, aðspurður um þessa þætti, voru ótvíræðar heimildir — þær voru umdeildar en að okkar mati ótvíræðar — til þess að fara inn í samningana með þeim hætti sem gert var vegna þess að fjárveiting á hverju ári verður að vera heimiluð á Alþingi og það er þess vegna Alþingi sem getur tekið um það ákvörðun hvernig farið er með þessi mál.

Það er auðvitað æskilegast, þegar svona mál koma upp, að hægt sé að ná samkomulagi milli aðila í þessum efnum. Það var sannarlega ásetningur minn að ræða þessi mál við forustumenn bænda, sem ég og gerði, áður en hin endanlega ákvörðun var tekin og kynnt hér í þinginu. Ég skildi það auðvitað mjög vel að forustumenn bænda gátu við þessar aðstæður ekki axlað þá ábyrgð með ríkisvaldinu að samþykkja þær skerðingar sem gert var ráð fyrir á verðbótaþætti búvörusamninganna. Ég lýsti því hér yfir úr ræðustól Alþingis 16. desember að ég hefði fullan skilning á þessu viðhorfi forustumanna bænda — það hefði að mínu mati verið óeðlilegt að ætlast til þess að Bændasamtökin tækju á sig ábyrgð á því að skerða kjör umbjóðenda sinna.

Hitt er það að þegar þessum málum hafði verið ráðið til lykta hér á Alþingi, með samþykkt fjárlaga og samþykkt þess lagafrumvarps sem lá til grundvallar, átti ég allnokkra fundi með forustumönnum bænda þar sem við ræddum þessi mál. Ég get greint frá því, enda hefur það komið fram opinberlega, að þær hugmyndir sem nú liggja til grundvallar í þessu iðrunar- og yfirbótafrumvarpi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eru í raun og veru þær hugmyndir sem var verið að ræða milli mín og forustumanna Bændasamtakanna á sínum tíma, þ.e. að viðurkenna með formlegu samkomulagi einhverjar skerðingar á verðbótaþætti búvörusamninganna í ljósi þeirra alvarlegu aðstæðna sem uppi eru í efnahagslífi okkar en jafnframt að gera ráð-

stafanir til þess að lengja í búvörusamningunum og búa þannig til meiri fyrirsjáanleika fyrir bændur í landinu.

Þetta er að mínu mati skynsamleg niðurstaða og ég ætla ekki að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Ég mun í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd reyna að leggja því lið og tel að þetta sé skynsamleg niðurstaða í ljósi erfiðra aðstæðna — niðurstaða sem út af fyrir sig er erfið fyrir forustumenn bænda og bændur í landinu, þeir mega ekki við tekjuskerðingu eins og okkur er öllum ljóst. En aðstæðurnar sem uppi eru — og ég tel raunar, eins og ég margítrekaði í umræðunni um þessi mál fyrir áramótin, að býsna viðunandi niðurstaða hafi fengist í ljósi aðstæðna, þ.e. að búvörusamningarnir væru almennt talað verðbættir með sambærilegum hætti og almannatryggingarnar. Það er í sjálfu sér það sem verið er að lögfesta hér með þeim breytingum sem hæstv. ráðherra mælir fyrir en er, eins og hæstv. ráðherra nefndi, auðvitað háð því að þetta verði samþykkt af bændunum sjálfum. Þetta er breyting á búvörusamningi. Búvörusamningarnir hafa verið bornir undir bændur og þess vegna er eðlilegt að breytingar á þessum samningi verði líka bornir undir bændurna í almennri atkvæðagreiðslu eins og gert er ráð fyrir að sé gert.

Ég vil hins vegar gera hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þann greiða að endurtaka spurningar sem hæstv. ráðherra lagði fram á sínum tíma þegar þessi mál voru rædd hér í desember. Þá spurði hæstv. ráðherra m.a. hvort menn hefðu reiknað það út hver áhrifin yrðu af þessum skerðingum á búvörusamningunum á verðlag í landinu, á matvælaverð í landinu. Hv. þingmaður, eins og margir aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sagði sem svo að það að skerða búvörusamningana mundi væntanlega þýða hvort tveggja að bændur tækju á sig skerðingu og að menn reyndu að velta þessum tekjuskerðingum út í verðlagið með því að knýja fram hærra verðlag á matvöru.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra þar sem hann hefur haft góðan tíma til þess að fara yfir þessi mál — samningarnir hafa verið gerðir, þeir hafa átt sinn aðdraganda eins og ég rakti — hvort hann hafi reynt að gera gangskör að því að komast að því hver væru möguleg áhrif þessara breytinga á samningunum á matvælaverð í landinu o.s.frv.

Það er nefnilega þannig að þessi mál áttu sér líka þann aðdraganda, til viðbótar við það sem ég sagði, að þáverandi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, hélt ræðu á búnaðarþingi 1. mars sl. Þá lýsti hann því mjög afdráttarlaust yfir, sem var í fyrsta skipti, mér vitanlega, sem fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs töluðu með þeim hætti, að ekki yrði snúið til baka með þær skerðingar sem þegar hefðu verið ákveðnar með lögum og í fjárlögum. Hann bætti því jafnframt við að þessum skerðingum yrði í ljósi aðstæðna einnig haldið áfram á næsta ári, á árinu 2010. Það er í raun og veru innsiglað í því frumvarpi sem við ræðum hér. Það má því segja sem svo að hæstv. ráðherra hafi slegið tóninn í viðræðunum við Bændasamtökin, forustumenn bænda, og sagt eitthvað á þessa leið: Ég er ekki til viðræðna um aðra hluti en þá að viðhalda skerðingunum fyrir árið 2009 og að þær muni ganga áfram inn í árið 2010 og síðan er gert ráð fyrir því að þær haldi áfram með þeim hætti sem útlistað er í frumvarpinu þó að verið sé að draga úr þeim og málunum síðan komið í eðlilegt horf.

Ég rakti líka hér áðan að ég hefði átt þessar viðræður við forustumenn bænda og að þær viðræður hefðu allar verið á jákvæðum nótum. Ég gerði mér vonir um að þær hefðu leitt til jákvæðrar niðurstöðu enda segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, í viðtali við *Bændablaðið* 26. febrúar sl., og áréttaði það raunar líka í ræðu sinni við setningu búnaðarþings, með leyfi virðulegs forseta:

„Við höfum hreyft, við Einar Kristinn Guðfinnsson, þessum hugmyndum sem ég hef rakið hér“ — það eru þær hugmyndir sem ég gerði grein fyrir — „en það gafst ekki tími til að fara nánar yfir þær. Einar Kristinn hafði tekið jákvætt í þær á sínum tíma.“

Þetta var sem sagt í janúar en ríkisstjórnin, eins og menn muna, fór frá völdum 1. febrúar. Ég hafði sjálfur gert mér vonir um að hægt væri að ná þessu samkomulagi í tæka tíð þannig að hægt væri að leggja það fyrir búnaðarþing en auðvitað voru þær aðstæður uppi í okkar samfélagi, í okkar pólitík, að það reyndist ekki mögulegt, það er auðvitað í tengslum við stjórnarmyndun o.s.frv.

Virðulegi forseti. Það væri heilmikil freisting í sjálfu sér að lesa nú upp valda kafla úr ræðum hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem hann flutti þegar þessi mál komu til umfjöllunar Alþingis í desember. Ég ætla út af fyrir sig — enda hef ég ekki mikinn tíma til þess í ræðu minni hér — að stilla mig um það að mestu leyti. Ég verð þó að vekja athygli á nokkrum þáttum.

Það var ekki bara þannig að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gagnrýndu þetta á þeim forsendum að hér væri um að ræða einhliða aðgerð, það gerðu þeir sannarlega. En þeir gerðu þetta líka á efnislegum forsendum, sem sagt þeim að það væri einfaldlega ekki — burt séð frá því hvort um það væru samningar eða ekki við bændur — líðandi, ekki gerlegt, ekki sanngjarnt og ekki nokkrum bjóðandi að fara inn í búvörusamningana með þessum hætti. Það væri spurning um forgangsröðun í pólitík hvort menn vildu fara þessa leið eða einhverja aðra.

Hv. þm. Jón Bjarnason á þeim tíma, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nú, segir t.d. í ræðu 16. desember, með leyfi virðulegs forseta:

„Þessi samningur“ — þ.e. búvörusamningarnir — „sem gerður hefur verið við landbúnaðarframleiðendur miðar einmitt að því að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Það er hinn pólitíski vilji sem Alþingi og ríkisstjórn hefur farið með gagnvart þessum atvinnuvegi.“

Hann segir enn fremur, með leyfi virðulegs forseta:

„Okkur greinir hins vegar á í fyrsta lagi um forgangsröðun í þeim efnum. Það að ætla að ráðast að einum grunnþætti öryggis þjóðarinnar, sem er matvælaframleiðslan, er að minni hyggju mjög óskynsamlegt. Okkur ber einmitt nú að standa sem klettur að baki íslenskum landbúnaði, mjólkurframleiðslu, kjötframleiðslu og grænmetisframleiðslu, því að í þessa framleiðslu sækjum við styrk, byggjum upp innviði íslensks samfélags, sköpum atvinnu, öflugan matvælaiðnað og treystum fæðuöryggi þjóðarinnar.“ — Þetta er allt spaklega mælt. — „Jafnvel eru möguleikar á útflutningi á þessum góðu hágæðalandbúnaðarvörum í breyttu gengi. Að

mínu mati er það röng forgangsröðun af hálfu ríkisstjórnarinnar að ráðast með þeim hætti að íslenskum landbúnaði eins og hér er verið að gera.“

Með þessu frumvarpi er hæstv. ráðherra greinilega að éta þetta allt saman ofan í sig. Hann er mjög lystugur því að hér er um mjög afdráttarlausar yfirlýsingar að ræða af hans hálfu sem ekki lúta eingöngu að forminu, ekki bara að því hvort semja ætti um þessar skerðingar við bændur heldur var hæstv. ráðherra á þessum tíma þeirrar skoðunar að um væri að ræða þannig gjörning að það væri mjög til baga fyrir landbúnaðinn og geri ég ekki lítið úr því.

Ég vil líka segja það að í þessari umræðu kom fram mjög athyglisvert sjónarmið — og talaði m.a. virðulegur forseti, sem hér situr, fyrir því, og vakti athygli á því að í frumvarpinu sem þá var verið að ræða um, sem fól í sér frumvarp til laga sem gáfu ríkisstjórninni heimild, og Alþingi gaf þá heimild, til að skerða búvörusamningana með þeim hætti sem ég hef gert grein fyrir — þá sagði hv. þingmaður og núverandi hæstv. forseti sem situr nú í forsetastóli, með leyfi forseta:

„Ég hvet hv. efnahags- og skattanefnd til að skoða þá leið sem ríkisstjórnin hefur hér fundið og nota hana, sé hún tæk, til að skera verðbólgukúfinn af húsnæðislánum í landinu. Það hefur verið kallað eftir því í samfélaginu að gripið verði til aðgerða til að skera af þann kúf sem verður núna vegna hækkandi vísitölutryggingar á húsnæðislánum. Menn hafa fullyrt í þessum stól að það yrði of dýrkeypt og það væri ekki hægt að gera. En ríkisstjórnin hefur hér komið fram með leið sem ætti að gagnast, ef hún á að geta gagnast gagnvart bændum hlýtur hún að geta gagnast gagnvart lánum þeirra líka, fyrst hún gerir það gagnvart launaliðnum.“

Undir þetta sjónarmið tóku síðan aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og nú finnst mér mjög mikilvægt að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra greini okkur frá því hvort þessi mál hafi ekki síðan komið til umræðu í ríkisstjórninni þegar þetta frumvarp var lagt fram. Þetta sjónarmið sem kom svona skýrt fram, var sem rauður þráður í efnislegum athugasemdum þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þegar þeir voru að fara yfir þessi mál á sínum tíma — hvort þessar brilljant hugmyndir frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafi örugglega ekki komið til tals við ríkisstjórnarborðið í tengslum við þá erfiðleika sem steðja að heimilunum í landinu. Þetta er umræða sem hefur raunar farið fram síðan, m.a. í tengslum við hugmyndir Framsóknarflokksins, en mér hefur heyrst að menn hafi séð á þessu ýmsa meinbugi, en ég trúi ekki öðru en að svona sterk skilaboð frá flokki hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, flokki hæstv. fjármálaráðherra, hafi komið til tals þegar verið var að ræða þetta tiltekna frumvarp í ríkisstjórninni áður en það var lagt fram.

[18:27]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Yfirbótin sem hér er verið að gera er ekki hvað síst gagnvart verkum fyrrverandi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Einars Kristins Guðfinnssonar, sem með lögum í haust, þar sem gengið var á samningsbundinn rétt í búvörusamningunum við afgreiðslu fjárlaga, þar sem þær voru skertar.

Eins og hv. þingmaður hefur vitnað hér til bentum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á að þarna væri trúlega um ólögmæta aðgerð að ræða. Það hefur síðan komið á daginn að okkur hafa verið kynnt, að ég held, a.m.k. þrjú aðskilin lögfræðiálit, sem m.a. Bændasamtökin hafa látið vinna, um að þessi aðgerð hæstv. ráðherra hafi trúlega verið ólögleg og ekki staðist lög. Bæði af þeim ástæðum og einnig til þess að tryggja stöðu landbúnaðarins var það sameiginleg ósk landbúnaðarráðuneytisins, þáverandi landbúnaðarráðherra og Bændasamtakanna að vita hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi um þetta mál og jafnframt að treysta betur stöðu landbúnaðarins til lengri tíma, m.a. með lengingu á samningstímabilinu í tvö ár, og einnig að draga úr þeim skerðingum sem Alþingi hafði samþykkt við afgreiðslu fjárlaga.

Ég tel því að mjög farsællega hafi verið staðið að þessu máli og tel (Forseti hringir.) mjög farsælt að þessir samningar hafi náðst en minni hv. þingmann á að gjörningurinn í haust hefur trúlega verið ólöglegur.

[18:29]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að auðvitað er mjög gott að niðurstaða skuli vera komin í þetta mál. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan var verið að reyna að vinna í þessum dúr með samningaviðræðum milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á þeim tíma og hjá forustumönnum bænda rétt eins og formaður Bændasamtakanna hefur greint frá, bæði á búnaðarþingi og í blaðaviðtali sem ég vitnaði til hér áðan. Við erum því algjörlega sammála um það, og ég sagði það einmitt hér áðan, að efnislega hef ég ekkert við þetta frumvarp að athuga.

Ég var hins vegar að vekja athygli á því að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á sér heilmikla forsögu í þessari umræðu. Sú forsaga lýtur ekki bara að því hvort hann hafi talið að þetta væri lögmætur eða ólögmætur gjörningur, vitað var að um það var efnislegur ágreiningur og það kom fram. Við höfðum af okkar hálfu látið fara ofan í þessi mál og komist að annarri niðurstöðu en hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra telur það nú vafasamt, við skulum láta það liggja á milli hluta.

Ég var hins vegar að vekja athygli á því að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á sér pólitíska forsögu í þessu máli að því leytinu til að hann hélt uppi mjög harðri efnislegri gagnrýni á þessa ákvörðun, að fara inn í búvörusamningana, vegna þess að það væri ósanngjarnt gagnvart bændum sem væru mjög tekjulágur hópur, sem er út af fyrir sig algjörlega rétt. Ég er að vekja athygli á því að með frumvarpinu er hæstv. ráðherra í raun að éta ofan í sig stóru orðin. Hann er að viðurkenna þær aðstæður sem við stóðum frammi fyrir í haust og stöndum frammi fyrir núna því að það hefur út af fyrir sig ekkert breyst. Bankakerfið var hrunið í haust, tekjusamdráttur ríkisins var fyrirsjáanlegur, hrun var fyrirsjáanlegt í þjóðarframleiðslunni og þess vegna urðum við að grípa til þess óyndisúrræðis að fara inn í búvörusamningana. Það voru sömu efnislegu ástæður og að-

stæður og þær sem hæstv. ráðherra er núna að gera grein fyrir.

[18:31]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð bara að segja það hér að mér finnst hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson óvenjubrattur. Í staðinn fyrir að koma hér, sem ég hefði talið að hv. þingmaður hefði átt að gera, og biðjast afsökunar á því að hafa beitt sér fyrir þessum lagasetningum á haustdögum, sem var brot á samningum og trúlega eins og okkur hefur verið kynnt fullkomið lögbrot — það er tvennt ólíkt að framkvæma með einhliða gjörningi lögbrot og brjóta samninga eins og þá var gert ellegar að leita samninga við bændur og Bændasamtökin um þetta mál. Annars vegar að semja hugsanlega málssókn út af borðinu, sem vofði yfir, og svo hins vegar líka að ná sátt um framhaldið hvað varðar þessar skerðingar, sem vissulega eru sárar og ég gagnrýni það að þær skuli þurfa að gera. En á móti er samningurinn framlengdur um tvö ár og þannig er staða íslensks landbúnaðar treyst í tvö ár til viðbótar. Ég tel það mjög mikilvægt, ekki síst við þær aðstæður sem núna eru.

Frú forseti. Ég mundi leggja til við hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson að biðjast nú afsökunar á því að þessi lög hafi verið sett í haust en síðan, eins og hann hefur réttilega lýst yfir, fagna því og standa að greiðri afgreiðslu þessa frumvarps í nefnd. Það er verið að draga þennan gjörning að landi og treysta samninginn við bændur um tvö ár í viðbót eða til 2014.

[18:33]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra reynir að skauta fram hjá því sem ég vakti athygli á. Gagnrýni hans laut ekki bara að hinum lögfræðilega þætti þessa máls, sem vissulega var ágreiningur um, það hef ég sjálfur viðurkennt. Það voru gagnstæð álit uppi um þetta og það lá fyrir að Bændasamtökin mundu vefengja lögmæti þessarar ákvörðunar ríkisvaldsins.

En hitt er jafnljóst að hæstv. ráðherra hafði uppi mjög stór orð á haustdögum um þetta mál efnislega og það var það sem ég var að vekja athygli á. Ég var að vekja athygli á því að hæstv. ráðherra væri búinn að endurskoða sinn hug, svo ég taki nú ekki dýpra í árinni í þeim efnum, og hefði komist að sömu niðurstöðu og ég komst að á sínum tíma, þ.e. að okkur væri nauðugur einn kosturinn í þessum efnum.

Af því að hæstv. ráðherra er að tala um samninga í þessum efnum vil ég vekja athygli á því sem ég tæpti aðeins á hér áðan, þ.e. að hæstv. fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, nálgaðist þessa samninga með þeim hætti að hann kom á búnaðarþing 1. mars sl. og sagði einfaldlega með einhliða yfirlýsingu sinni að þessi skerðing yrði ekki dregin til baka fyrir árið 2009. Hann bætti um betur og sagði að hún yrði líka á árinu 2010.

Þetta er út af fyrir sig samningatækni. Það skal ég viðurkenna. En þetta eru auðvitað ekki samningar í þeim efnum að hæstv. ráðherra er að lýsa yfir ásetningi sínum í þessum efnum. Ég er út af fyrir sig ekkert að gagnrýna þetta. Ég er ekkert að gagnrýna þetta efnislega vegna þess að ég geri mér mætavel grein fyrir þeirri erfiðu stöðu sem uppi er. Ég tel að í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna sem við stóðum frammi fyrir í haust og stöndum frammi fyrir núna sé sú niðurstaða sem fengist hefur í þessum samningum viðunandi fyrir alla aðila og skynsamleg. Hún er mjög í anda þess sem ég var að vinna að strax í byrjun þessa árs og tel að góður gangur hafi verið í. Enda leiddu þeir samningar sem hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon tók síðan við úr mínum höndum til farsællar niðurstöðu að þessu leytinu.

[18:36]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það kom réttilega fram hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að hér er um tvíhliða samning að ræða, samning sem er háður samþykki bænda og þarf að gangast undir atkvæðagreiðslu. Hér er um kjarasamning að ræða í þess orðs skilningi.

Honum var hins vegar breytt, búvörusamningnum, einhliða. Það var ólögmætt. Hjá Bændasamtökum Íslands liggur fyrir skýrt lögfræðilegt álit lögmanna Bændasamtakanna um að þessi gerningur fyrrverandi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Einars K. Guðfinnssonar, var ólögmætur. Hver er skoðun hv. þingmanns á því?

Telur hann að farið hafi verið fram með ólögmætum hætti eða ekki? Af hverju var bændum ekki hlíft? Af hverju var hoggið að þeim sem síst skyldi? Hverju svarar hv. þingmaður því? Af hverju var ekki forgangsraðað við þennan niðurskurð með félagslegum hætti? Af hverju var niðurskurðarhnífurinn látinn beinast að öllum, sjúklingum, bændum og hverjum sem var? Af hverju mæltist hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra ekki til um það að það yrði skorið niður félagslega?

Aðalatriðið í þessu máli er hins vegar það að náðst hefur sátt við bændur. Fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra fór fram einhliða án tillits til bændanna, án tillits til þess að hér var um tvíhliða samning að ræða og lögbrot. Aðalatriðið er þetta: Er það skoðun hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra að hann hafi staðið rétt að málum?

[18:37]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það liggur við að ég taki mér í munn orð hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og segi að þessi spurning svari sér sjálf. Það gefur augaleið að enginn ráðherra og enginn þingmaður mundi fara fram með mál sem hann teldi að stangaðist á við lög. Það var auðvitað eftir að við höfðum látið skoða þessi mál og komist að þeirri niðurstöðu að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna, um að fara inn í verðbótaþátt búvörusamninganna, stæðist lög að ákvörðun var tekin um þetta.

Ég taldi hins vegar að í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi voru í þjóðfélaginu, og eru raunar enn, væri það viðunandi niðurstaða, þó að ekki væri hún góð, að gera þetta með því að skerða verðbótaþáttinn með sama hætti og verið var að gera almennt talað í almannatryggingakerfinu. Það hef ég margoft sagt og margoft vakið athygli á því.

Mín rök í þessu máli eru nákvæmlega sömu og rök

hæstv. núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir í þjóðarbúskap okkar eru slíkar að þetta er óhjákvæmilegt. Við verðum auðvitað að reyna að forgangsraða og reyna að hlífa bændum eins og við mögulega getum. Það var gert með því að fara ekki inn í búvörusamninginn sjálfan, ekki inn í grundvöll búvörusamningsins, að verðbæta hann eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fram 1. október, og gera það með svipuðum hætti og gert var varðandi almannatryggingarnar. Þetta eru auðvitað rökin.

Hv. þm. Atli Gíslason verður að spyrja sjálfan sig þessarar spurningar: Af hverju er þá ekki forgangsraðað með öðrum hætti þegar hann stendur að frumvarpi, eins og ég geri ráð fyrir að hann geri, sem hér liggur fyrir sem felur í sér skerðingu, og er í raun og veru viðurkenning á þeirri ákvörðun sem ríkisstjórnarflokkarnir tóku fyrir síðustu fjárlagaafgreiðslu?

En ég ítreka: Ég tel að þessi samningur sem hefur náðst milli bænda og ríkisvaldsins sé fagnaðarefni, sé góður. Ég mun beita mér fyrir því að þetta mál fái farsæla niðurstöðu hér í þinginu þó að ég hljóti (Forseti hringir.) að rifja upp forsögu málsins og þann gjörsamlega viðsnúning sem orðið hefur í (Forseti hringir.) málflutningi fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[18:40]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er að mínu mati borubrattur. Hann kemur ekki einu sinni upp og segir: Eftir á að hyggja braut ég af mér. Nei, þetta er forherðing. Það liggur klárt fyrir að tvíhliða kjarasamningur var brotinn einhliða og það var ólögmætt. Ég tek undir orð hæstv. sjávarútvegsráðherra að hér er stund afsökunarbeiðni.

Málssókn var yfirvofandi. Gripið var til þeirra ráða sem skýrir og skynsamir menn gera. Þeir hefja samræðu og ná sáttum og það var gert í grænum hvelli. Ekki datt hæstv. þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í hug að fara í þessa sáttavinnu og samráð jafnvel þó að fyrir lægju skýrar niðurstöður um að um lögbrot væri að ræða.

Það var líka spurt í umræðunni fyrir jól: Af hverju var ekki gætt jafnræðis og samræmis? Af hverju voru ekki linaðar þjáningar skuldara með verðtryggða skuldabagga á bakinu? Af hverju var það ekki gert eins og virðulegur forseti benti á og vitnaði var til hér áðan? Ég hygg að hv. þingmaður væri maður að meiri ef hann segði að eftir á að hyggja hafi þetta verið rangt í stað þess að vera að bera hér í bætifláka.

[18:41]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ljóst að ég hef komið rækilega við kaunin á þingmönnum og hæstv. ráðherra Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með því að rifja upp þeirra eigin orð. Ég ætla ekkert að biðjast afsökunar á því.

Eins og ég sagði hér áðan þá fórum við yfir þetta með tilliti til þess hvort þetta stæðist lagalega og niðurstaða okkar hóps var sú að það gerði það. Hv. þingmaður sagði að ekki hefði verið gerð tilraun til að ná samkomulagi. Ég ræddi þessi mál við forustumenn bænda og ég gerði grein fyrir því að ég gat ekki ætlast til þess að þeir bæru ábyrgð á skerðingum á sínum eigin lífsgrundvelli, sínum eigin tekjugrundvelli þegar þarna var komið málum.

Eftir áramótin fóru hins vegar fram viðræður á milli mín og forustumanna bænda eins og forustumenn bænda hafa sjálfir gert grein fyrir. Þær viðræður lofuðu góðu og voru á mjög jákvæðum nótum. Þær voru raunar mjög á þeim nótum sem núna hefur verið innsiglað með samkomulagi bænda og ríkisvaldsins. Þess vegna fagna ég því að það skuli hafa verið niðurstaðan sem ég stefndi að sjálfur, að reyna að ná samkomulagi sem væri þolanlegt fyrir bændur og fyrir ríkið og sem fæli það í sér sem þarna er gert ráð fyrir og mundi m.a. leiða til þess að lenging yrði á gildistíma búvörusamninganna sem ég held að sé mjög þýðingarmikið í ljósi allrar þeirra óvissu sem annars er í þjóðfélaginu.

Ég vil líka vekja athygli á því að staða búvörusamninganna og kjaraleg staða bænda mun mjög mikið ráðast af því hverju fram vindur varðandi verðlagsmálin í landinu. Og því miður eru ákveðnar blikur á lofti. Stjórnleysi hæstv. ríkisstjórnar í peningamálum er með þeim hætti að gengi krónunnar hefur nánast verið í frjálsu falli. Það hefur aukið verðbólguþrýstinginn og það mun hafa kjaraskerðandi áhrif fyrir bændur. Þetta mál er auðvitað margslungið og lýtur ekki síst að því hvort hæstv. ríkisstjórn, sem er algjörlega ráðalaus, að því er virðist, og skapar stöðugt óvissu, beri gæfu til þess að ná utan um það mikla viðfangsefni sem hún hefur axlað með stjórnarþátttöku sinni.

[18:44]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Virðulegur forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem hæstv. landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, mælti fyrir. Ég vil byrja á að óska hæstv. landbúnaðarráðherra til hamingju með þetta fyrsta landbúnaðartengda frumvarp. Það mál sem hér er rætt er mjög brýnt þrátt fyrir að skemmtilegra hefði verið að ræða mörg önnur mál en þetta núna.

Ef við skautum í grófum dráttum yfir frumvarpið eins og það liggur hér fyrir þá snýst það fyrst og fremst um það að í tíð hæstv. ráðherra Einars K. Guðfinnssonar, þegar hann var landbúnaðarráðherra, fór hann einhliða fram og afnam verðtryggingu af búvörusamningum. Það er staðreynd. Þetta var náttúrlega gríðarlega þungt fyrir landbúnaðinn og þungt fyrir bændur og í framhaldinu skapaðist ákveðin réttaróvissa sem rakin er í athugasemdum við lagafrumvarpið. Bændasamtök Íslands unnu lögfræðiálit sem sýndi fram á þetta og það er staðreynd að þetta var gert í tíð Einars K. Guðfinnssonar. Á sama tíma hefði að sjálfsögðu verið eðlilegast að eitthvað þessu líkt hefði legið fyrir.

Það er svo að ráðherratíðar hæstv. landbúnaðarráðherra, sem þá var Einar K. Guðfinnsson, verður líklega minnst í sögunni. Þau tvö mál sem hann lagði til er vörðuðu landbúnað voru annars vegar þetta mál og innflutningur á hráu kjöti hins vegar. Þessa munu bændur minnast í sögulegu samhengi og það er náttúrlega fagnaðarefni að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson skuli ætla að aðstoða Vinstri græna við að moka þann flór sem hann sjálfur fyllti. Við væntum þess

í nefndinni að eiga gott samstarf við hann hvað það varðar að ná þessu máli í gegn og ég hygg að ekki verði nein andstaða við þetta.

Það er annað sem mig langar að koma inn á í frumvarpinu, en það hefur ekki verið til umræðu hér, þetta hefur meira verið eins og hanaslagur, þar sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur verið með einhvern iðrunar- og yfirbótamálflutning. Það varðar sauðfjárræktina, þar sem komið er til móts við bændur vegna niðurskurðar á riðu og ákveðið að greiða gæðastýringarálag á lömb sem keypt eru vegna riðuniðurskurðar. Ég held að það sé mjög heppilegt, og sýnir félagslega samstöðu bænda sem er mjög mikilvæg, að ríkisvaldið komi að þessu með þessum hætti. Það er gríðarlega þungt fyrir marga. Það er í fyrsta lagi þungt fyrir bændur sem lenda í því að skorið er niður vegna riðu hjá þeim og annars vegar er það kostnaðurinn sem af þessu hlýst. En ég held að þetta sé mjög heppilegt.

Varðandi mjólkurframleiðsluna segir í fskj.II, sem fylgir frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Samningsaðilar eru sammála um að beita sér fyrir könnun á skuldastöðu sauðfjárbænda í samvinnu við viðskiptabanka í þeim tilgangi að leita lausna til að bæta stöðu greinarinnar í þeim fjármálaþrengingum sem þjóðin býr nú við.“

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt og eitt af því sem hæstv. landbúnaðarráðherra og hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þurfi að leggjast yfir. Mörg kúabú og mörg bú hafa raunar staðið í miklum framkvæmdum og eru skuldsett en öll gegna þau gríðarlega mikilvægu hlutverki, bæði hvað varðar matvæla- og fæðuöryggi þjóðarinnar og ekki hvað síst í byggðalegu tilliti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að setjast yfir þetta og finna einhverjar raunhæfar leiðir og raunhæfar lausnir í þessum efnum.

Frumvarpið felur í sér þessa lengingu. Það er sem sagt sátt á milli þessara tveggja aðila og því ber að fagna þar sem á móti kemur að búvörusamningarnir eru lengdir um tvö ár. Því ber að fagna að hæstv. landbúnaðarráðherra og forsvarsmenn bænda hafi náð sátt um þetta mál því að ekki var mikil sátt um það þegar frumvarpið var lagt fram á sínum tíma eins og komið hefur fram í umræðunni. Það er annað sem ekki er komið inn á þarna en það eru garðyrkjubændur. Það er mikilvægt að sú vinna fari strax í gang að ná sátt við garðyrkjubændur um að styrkja stöðu þeirra. Ég hygg að sú vinna sé hafin og vænti þess að við munum sjá niðurstöðu í þeim efnum.

Það er fagnaðarefni að náðst skuli hafa sátt í þessu máli sem hæstv. fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Einar K. Guðfinnsson, hleypti úr vör og er annarra að draga þann bát að landi.

[18:50]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Ekki get ég tekið undir hamingjuóskir hv. 9. þm. Norðvest. til handa hæstv. landbúnaðarráðherra vegna hans fyrsta landbúnaðartengda þingmáls. Það verður að segjast eins og er að í ljósi margvíslegra ræðna hæstv. landbúnaðarráðherra úr þessum stóli á síðustu árum, um landbúnaðinn og stöðu hans, er hlutskipti hans ekki gott að þurfa að koma fram með sitt fyrsta þingmál og það skuli snúast um skerðingu hjá sauðfjár- og kúabændum. Einnig var það hálfhjákátlegt fyrir mig að sitja í salnum og hlusta á þá hæstv. landbúnaðarráðherra og fyrrverandi landbúnaðarráðherra, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, hálfrífast um það hvor hafi komið verr fram við bændur, annar með einhliða skerðingu og hinn með því að ná fram tvíhliða samningi með einhvers konar þvingunum eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kom ágætlega inn á.

Því er nú mun betri mín staða að standa hér og verja stöðu Framsóknarflokksins þar sem þetta eru þeir samningar sem fyrrverandi landbúnaðarráðherra framsóknarmanna, Guðni Ágústsson, kom á við bændur. Það verður að segjast eins og er að það gladdi okkur framsóknarmenn sem fórum fram á það í vetur að þessir samningar yrðu framlengdir þegar ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna stóð saman að því að framlengja samninga sem í það minnsta Samfylkingin hefur barist gegn öll þessi ár. Það má þó segja Vinstri grænum til hróss að þeir hafi náð að draga það að landi. Ef við færum hins vegar að rifja upp allar ræður hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. fjármálaráðherra um þessa samninga þá er ég ekki viss um að þeir stæðust þá skoðun nákvæmlega.

En það verður líka að segjast eins og er að með þessari skerðingu í garð sauðfjárbænda og kúabænda, og vil ég þá taka undir orð Vinstri grænna og annarra sem hér hafa komið og rætt málin, bæði við þessa umræðu en ekki síður umræðuna sem varð í vetur, er verið að skerða aðila sem mega síst við því að verða fyrir slíkri skerðingu. Ég vil þó ekki taka undir orð hv. þm. Atla Gíslasonar þegar hann sagði að það yrði að fara varlega í að skerða sjúklinga, bændur og aðra. Bændur líta á sig sem stolta eigendur fyrirtækja sinna og þeir vilja fyrst og fremst eiga þann möguleika að fá sjálfstæðan rekstrargrundvöll í fyrirtækjum sínum. Þeir líta ekki á samninga sem þeir gera við ríkisvaldið sem ölmusu eða einhvers konar félagslega aðstoð, sem að sjálfsögðu er nauðsynleg til þeirra sem þess þurfa, heldur líta þeir fyrst og fremst á þetta sem rekstrarlega samninga.

Þeir samningar og þær breytingar sem við horfum hér upp á mega þó eiga það — og það er virðingarvert af bændum að vera komnir til samningaborðsins, vera tilbúnir þó að þeir hafi kannski á einhvern hátt verið þvingaðir til þess í ljósi þess ástands sem var hér, þ.e. að búið var að skerða af ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks — það er virðingarvert að þeir séu tilbúnir að taka þessar byrðar á sig. En það mætti kannski spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann hugsi sér — ef peningamálastefnan og efnahagsstefnan verði með þeim molum og glundroða sem hún er í dag, ef verðbólga og gengisfall krónunnar heldur áfram og þessi skerðing verður óbærileg fyrir bændur — að taka þessa samninga upp eða tryggja að bændur verði ekki fyrir óbætanlegum skaða.

Á sama hátt má líka spyrja, ef það ótrúlega gerðist að við næðum tökum á peningastefnu og efnahagsmálum fyrr en lítur út fyrir í dag, hvort til greina komi að sú skerðing sem bændur taka á sig með þessu á þessu ári og næsta, og jafnvel líka á árinu 2011, verði með einhverjum hætti bætt. Ég tek hins vegar undir orð hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar um þá vandræðalegu stöðu að skilja garðyrkjubændur eftir í þessum samningum. Þeir voru fyllilega til-

búnir að standa við hlið annarra bænda og ganga til samninga um eðlilegar byrðar sem allir þurfa að taka á sig í samfélaginu en þá gátu þeir það ekki vegna þeirrar skerðingar sem samhliða var sett á vegna flutnings raforkuverðs til garðyrkjunnar. Það væri líka gaman að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra að því hvort hann sé þá ekki að vinna að því að garðyrkjubændur geti uppfyllt þennan samning. Ég hef fullvissu um að þeir séu tilbúnir að gera það ef þeir fá að greiða eðlilegt verð fyrir flutning á raforku og kostnað við það.

Varðandi einstök efnisatriði samningsins verð ég reyndar að viðurkenna að breytingin á 2. gr., sem fjallar um breytingar á greiðslum til þeirra sem verða fyrir því að ríkisvaldið ákveður að skera niður fjárstofn þeirra vegna riðu — ég verð að viðurkenna að ég skil ekki nákvæmlega hvað hér á að fara fram. Annars vegar virðist sem bæta eigi álagi ofan á þau lömb sem eru tekin en hins vegar að lækka kostnað um 3–10 millj. kr. úr þeim sjóði og þeim bókhaldslykli sem telur — eins og hér stendur, með leyfi forseta vitna ég í fjármálaráðuneytið: „Þá má gera ráð fyrir að greiðslur til ríkissjóðs vegna riðuveiki kunni að lækka um 3–10 millj. kr. á næstu árum.“

Er þessi liður þá hugsaður þannig að staða þeirra sem verða fyrir því óláni að þurfa að sæta því að fjárstofn þeirra er skorinn vegna riðuveiki verði með einhverjum hætti erfiðari, að erfiðara verði að sækja sér þær nauðsynlegu bætur eins og hér stendur, þ.e. að það eigi að koma í samningnum við bæði bætur, hreinsun og slíka hluti, því að nóg er samt í þeim málaflokki. Það væri verðugt mál að taka upp í þinginu og ræða þau ósköp sem það fólk þarf að búa við sem verður fyrir þeim háska og leiðindum að þurfa að skera niður fé sitt, og verulegum fjárskaða.

Það er sérkennilegt að þurfa að ræða um einhliða eða tvíhliða samninga um skerðingu á verðbótum til bænda í ljósi þess að við vitum ekki hvort þeir munu samþykkja þessa samninga. En ég tek undir orð hæstv. landbúnaðaráðherra að það er auðvitað mikilvægt að sá samningur liggi fyrir ef af því verður. Við munum þá væntanlega taka samninginn af dagskrá ef bændur fella hann. Ég ítreka það að mér fannst virðingarvert af bændum að ganga til þessara samninga á sínum tíma og mér finnst það líka gleðilegt fyrir okkur framsóknarmenn, sem fórum fram á það í vetur að samhliða þessu fyndist okkur eðlilegt að samningarnir yrðu framlengdir um þessi tvö ár, því það tryggir auðvitað rekstrargrundvöll og stöðu bændastéttarinnar að fá lengri aðlögun. Og ég ítreka að það er gleðilegt að Samfylkingin skuli hafa samþykkt þessa samninga sem hún hefur barist gegn allan tímann sem framsóknarmenn hafa barist fyrir þessum samningum.

Ég bið hæstv. landbúnaðarráðherra að velta því aðeins upp hvort ekki hefði verið betra fyrir hann að koma með sitt fyrsta mál, málefni sem tengdust efnahagsmálum og peningastefnu, því að í raun og veru eru það þau mál sem eru alvarlegust hjá bændum eins og öllum öðrum fyrirtækjum í landinu. Það gengur auðvitað ekki að við skulum ekki vera að ræða þau mál, þ.e. að sú staða er uppi að gengið skuli hrynja og að vextir og okurvextir skuli vera í þeim hæðum sem við þekkjum — að þá skulum við vera að ræða um skerðingu á verðbótum í staðinn fyrir að ræða um hvernig hægt sé að koma þessari grein til aðstoðar eins og öllum öðrum rekstrargreinum í samfélaginu. Bændur vilja ekki sitja við annað borð en aðrir aðilar sem sinna rekstri í þessu landi.

Ég hvet hæstv. landbúnaðarráðherra og ríkisstjórnina alla til að koma með mál sem mundu gera það að verkum að peningastefna stjórnarinnar færi að sjást og efnahagsstefna þannig að gengið færi að styrkjast. Ég vona að við förum að sjá þeirra yfirlýsinga stað sem hér hafa verið gefnar á liðnum dögum — þess efnis að peningastefnan og efnahagsstefnan, og þar af leiðandi ákvörðun um stýrivexti, sé ekki í höndum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins heldur í höndum ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans — í raunverulegum aðgerðum og raunverulegum frumvörpum sem koma inn á þingið í stað þess að við séum að fjalla um mál eins og við vorum að fjalla um í dag og í stað þess að þurfa illu heilli að ræða frumvarp til laga þar sem skerðing kemur fram. Miklu áhugaverðara væri að ræða um einhverjar hjálparaðgerðir sem nauðsynlegar eru í þessari atvinnugrein.

Ég lýsi því hins vegar yfir að við munum fara vel yfir þetta mál í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Ég er þess fullviss, eins og aðrir sem hér hafa talað, að efnislega munum við væntanlega komast fljótlega að einhverri niðurstöðu sem er í samræmi við þá samninga sem bændur hafa gert við ríkisvaldið. Ég treysti því að ríkisstjórnin og hæstv. landbúnaðarráðherra fari að snúa sér að því að bæta efnahagsástandið í landinu bændum til heilla í stað þess að þurfa að koma með svona plögg inn í hverri viku.

[19:02]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka þessa umræðu um þetta mál. Fyrir mér er þetta ekkert smámál. Fyrir mér er á vissan hátt verið að ganga frá kjarasamningi við stóra og mikilvæga stétt í þjóðfélaginu sem eru bændur. Það er verið að semja um umgjörð þessarar atvinnugreinar til 2014 eða 2015. Fyrir mér er það stórmál. Bændur eru með sínum hætti að axla ábyrgð og leggja sitt af mörkum til vissrar þjóðarsáttar. Þeir taka á sig skerðingu, það er alveg hárrétt, og það er ekkert fagnaðarefni. Engu að síður er samt, með þessum tvíhliða samningi, verið að tryggja þessari atvinnugrein umgjörð.

Ég vona að sá samningur og sáttagjörð sem hér er geti líka verið gott fordæmi fyrir aðra, ekki síst með vinnubrögð, og einnig að aðilar geri sér grein fyrir þeirri stöðu sem er og að tryggja þurfi þessa umgjörð. Bændur hafa alltaf, þar sem ég þekki til, og ég hef alllengi þekkt til, verið reiðubúnir til samninga á sanngjörnum nótum. Þeir hafa haldið fast á sínu sem eðlilegt er, en alltaf verið reiðubúnir til að semja um sín mál og það tel ég einmitt að hafi gerst hér.

Að öðru leyti er litlu við að bæta í þessa umræðu. Hv. þm. Sigurður Ingi Jóhannsson spurðist fyrir um gæðastýringarálag á líflömbum. Þannig hefur það verið að þegar lagt er inn í sláturhús kemur gæðastýringarálag á innlagt kjöt, en hins vegar hefur það ekki komið með sama hætti ef það er selt sem líflömb og þannig er verið að jafna það. Þetta er í sjálfu sér ekki greitt af þeim sem kaupa líflömbin heldur verður þetta hluti af búvörusamningnum sem slíkum. Þarna

er einungis verið að jafna stöðu þeirra bænda sem annars vegar selja líflömb og þeirra sem hins vegar hefðu lagt þau inn í sláturhús. Þetta er ekkert stórmál, þetta er frekar jafnréttismál innan bændastéttarinnar sjálfrar.

Þó að við höfum hér skipst á nokkuð snörpum orðum, ég og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, varðandi fordæmi í þessu máli var ég líka mjög ánægður að heyra að hann lýsti stuðningi við framgang þessa máls hér í þinginu. Ég var líka ánægður að heyra að hv. þingmaður sagði að í sjálfu sér væri vel að verki staðið af beggja hálfu, bæði Bændasamtakanna og ríkisins. Við skulum vona að þessi samningur nái fram að ganga. Ég vonast til þess að bændur greiði honum atkvæði sitt og að Alþingi staðfesti það frá sinni hlið. Ég vonast til að þetta verði til að skapa þessum atvinnugreinum þá traustu umgjörð sem við mögulega getum, en vissulega eru bændur þarna að taka á sig skerðingu.

[19:07]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra viðbrögð við ræðu minni. Álagsgreiðslur skýrði hann á þann veg, eins og ég hafði einmitt skilið það, að þær séu teknar út úr sameiginlegum sjóði. Þær eru teknar af öllum sauðfjárbændum og síðan er liðurinn inni í þeim fjármunum sem eru settir til riðuvarna eða hreinsunar og endurgreiðslu til þeirra sem hafa orðið fyrir fjárskaða vegna riðuniðurskurðar lækkaður um 3–10 milljónir þannig að þessi greiðsla lækkar. Ég held að við verðum að fara yfir það í nefndinni hvort þetta hefur raskandi áhrif á þá aðila og þá verðum við að tryggja að svo verði ekki, ég er sammála því. Ég er líka sammála því að þetta er ekki stórmál, ekki fjárhagslegt, en það getur verið það gagnvart einstökum aðilum ef um það væri að ræða.

Ég fagna einnig eins og hæstv. landbúnaðarráðherra lengingu á samningnum. Ég tel það hafa verið lykilinn að því að bændur voru tilbúnir til þess að gangast undir þessa neyðarsamninga. Ég get þar af leiðandi ekki farið að hrósa hæstv. landbúnaðarráðherra, ríkisstjórn eða fyrrum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrir vinnubrögðin. Við búum við mjög erfiðar aðstæður og menn eru komnir upp að vegg og telja sig ekki geta gert annað. Það er ekki eins og þetta hafi verið fúsir og frjálsir samningar um niðurskurð. Menn voru hreinlega tilneyddir, og til þess að gera eitthvað fóru þeir í þetta. Ég tel það virðingarvert af bændum að hafa farið þessa leið. Ég get líka tekið undir það með hæstv. landbúnaðarráðherra að þetta gæti hugsanlega verið fordæmi til annarra stétta í landinu um hvernig við þurfum öll að taka höndum saman um vinnubrögð af þessu tagi. En að hrósa sér af því sérstaklega að vera kominn út í horn og ná samt tvíhliða samningi út úr því — ég veit ekki hvort við eigum að fara að kalla það sérstaklega glæsileg vinnubrögð út af fyrir sig.

[19:09]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessi umræða virðist ætla að enda á heldur ljúfum og elskulegum nótum þannig að ég ætla bara að bæta í það púkk og segja að ég tel að eitt mesta afrekið í þessum samningi sé í því fólgið að fá Samfylkinguna að borðinu. Það eru þó alla vega pólitísk tíðindi að nú liggur það fyrir að Samfylkingin mun bera ábyrgð á búvörusamningunum. Það eru út af fyrir sig heilmikil tíðindi eins og hv. þm. Sigurður Ingi Jóhannsson, 3. þm. Suðurk., vakti athygli á. Við vitum að Samfylkingin hefur dregið lappirnar hvenær sem hún hefur komið að málefnum landbúnaðarins og það að Samfylkingin sé þó alla vega orðin þátttakandi í því að staðfesta búvörusamninga og framlengja þá til tveggja ára eru í sjálfu sér nokkur pólitísk tíðindi og mjög jákvæð tíðindi. Kannski gefur það okkur einhverjar vonir um betri framtíð í þessum efnum þegar kemur að áframhaldandi vinnu sem snýr að landbúnaðinum.

Hér komu aðeins til tals málefni garðyrkjubænda. Það er ljóst að þeirra mál eru enn óleyst. Ég vil inna hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eftir því hvað sé að frétta af þeim viðræðum sem hann tæpti aðeins á hér áðan að stæðu yfir milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og garðyrkjubænda, hvort þess væri að vænta að niðurstaða kæmi í þær viðræður og á hvaða nótum verið sé að ræða, hvað sé verið að tala um til þess að greiða fyrir því að samkomulag geti náðst á milli ríkisins og garðyrkjubænda í þessum efnum.

[19:11]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi samninga eða viðræður við garðyrkjubændur er það rétt að ég geri ráð fyrir að hitta fulltrúa þeirra að máli í þessari viku. Það verður fyrsti fundur minn með þessum aðilum sem ráðherra. Ég mun þá heyra sjónarmið þeirra, hvað þeir leggja til í þessum efnum. Ég tek undir það að þetta mál þarf að leysa og við þurfum að geta stutt garðyrkjuna eins og nokkur kostur er. Ég hef áður sagt, og stend við það, að ég tel nær að gefa garðyrkjunni hagstæða raforkusamninga en álverunum, alla vega mætti þar vera svolítið minni munur á, því að við eigum tvímælalaust mikla möguleika þarna. Þetta mál þarf líka að ræða með fleiri ráðuneytum og ég mun leggja mitt af mörkum hvað það varðar. Minn vilji stendur til þess að þarna náist góð lausn. Ég mun hitta þá í vikunni og ræða það.

Ég fagna góðum orðum hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar hvað það varðar að þessir samningar megi ganga í gegnum þingið. Væntingar mínar standa til þess að bændur samþykki þá frá sinni hlið. Þá mun ekki heldur standa á Alþingi og ríkisvaldinu að samþykkja þá frá sinni hlið þegar sú stund kemur.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Fundi slitið kl. 19:13.

7. FUNDUR

miðvikudaginn 27. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til iðnaðarráðherra:

2. Niðurgreiðsla á rafmagni til húshitunar, fsp. BJJ, 25. mál, þskj. 25.

Til félags- og tryggingamálaráðherra:

3. Atvinnuleysistryggingasjóður, fsp. BJJ, 27. mál, þskj. 27.

Til fjármálaráðherra:

4. Séreignarlífeyrissparnaður, fsp. BJJ, 28. mál, þskj. 28.

Til menntamálaráðherra:

5. Framtíðarskipan Hólaskóla, fsp. EKG, 9. mál, þskj. 9.

6. Nýsköpunarsjóður námsmanna, fsp. BJJ, 23. mál, þskj. 23.

7. Sumarnám í háskólum landsins, fsp. BJJ, 24. mál, þskj. 24.

Störf þingsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Umræða um stöðu heimilanna.

[13:32]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Það sem mig langar að vekja athygli á og ræða örstutt snertir vissulega fundarstjórn forseta. Ég velti fyrir mér hvernig stendur á því að sú umræða sem fara átti fram um stöðu heimilanna getur ekki orðið, hvers vegna forsætisráðherra getur ekki orðið við því að ræða þetta stóra og mikilvæga mál á þessum degi eins og fyrir fram var samþykkt og ákveðið á fundi þingflokksformanna. Mig langar að fá að vita það eða þá að forseti grennslist fyrir um hvers vegna þessi umræða getur ekki orðið. Það er mjög mikilvægt að hún eigi sér stað. Ég veit að forsætisráðherra á mjög annríkt vegna mikilvægra mála. En þetta er eitt af þeim stóru málum sem þarf að ræða og þess vegna er mjög mikilvægt að fá að vita hvers vegna ekki er hægt að hafa þessa umræðu. Það getur vel verið að það séu eðlilegar skýringar á því en það er mjög gott að þær komi fram því að eins og ég sagði var á fundi formanna í byrjun vikunnar ákveðið að þessi umræða mundi fara fram og ég sakna þess að svo skuli ekki vera.

[13:33]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem þingflokksformaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson vakti athygli á. Við söknum þess einnig, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að þessi umræða um hag heimilanna skuli ekki fara fram í dag. Ég tek eindregið undir þau orð hv. þm. Gunnars Braga Sveinssonar að það er auðvitað forgangsmál á þessu þingi að ræða um hagsmuni heimilanna við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu. Það er mikilvægt að fram komi einhverjar skýringar á því af hverju sú ákvörðun var tekin að slá af þær utandagskrárumræður sem fyrirhugað var að hafa í þessari viku. Ég bendi á að þrátt fyrir að ráðherrar gegni mikilvægum skyldum á öðrum vettvangi hafa þeir einnig mikilvægar skyldur gagnvart þinginu.

[13:34]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem fram hafa komið af hálfu hv. þingmanna sem hafa gert athugasemd við að ekki hafa fengist nægilega skýrar útskýringar á því hvers vegna boðuð umræða um jafnmikilvægt mál og fjármál, um stöðu heimilanna, getur ekki farið fram. Það er rétt að taka það fram að við höfum skilning á því ef hæstv. forsætisráðherra er önnum kafin við verkefni sem þola enga bið. En það er mjög mikilvægt, fyrst talað er um að það þurfi að vera gott samstarf á milli ríkisstjórnarinnar og Alþingis, að þegar svona kemur upp eins og í dag þar sem löngu boðuð umræða um jafnmikilvægt mál eins og það sem hér átti að ræða getur ekki farið fram, séu gefnar skýringar sem komið sé til skila til þingflokkanna, sérstaklega til þeirra sem báðu um umræðuna. Menn hafi það þá á hreinu hvers vegna hæstv. forsætisráðherra hefur ekki tíma til að koma í þingið til að sinna umræðunni.

Ég ítreka að við gerum okkur grein fyrir því að það kunna að vera lögmætar, eðlilegar og gildar ástæður fyrir því en við þurfum að fá að vita þær og í tæka tíð.

[13:36]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að á fundum formanna þingflokka með forseta var rætt fyrir nokkru að tilteknar umræður færu fram á tilteknum dögum. Fremst í forgangi var umræðan sem var í fyrradag, um stöðu efnahagsmála.

Hæstv. forsætisráðherra var þann dag í þinginu og svaraði fjórum óundirbúnum fyrirspurnum. Síðan var ágæt umræða í tæpa tvo klukkutíma um stöðu efnahagsmála. Í dag getur hæstv. forsætisráðherra ekki komið hingað einfaldlega af því að nú stendur yfir stíf fundalota með þeim sem kallast yfirleitt aðilar vinnumarkaðarins um stöðugleikasáttmálann. Þeim umræðum er að ljúka. Þeim hefur miðað vel og stóðu langt fram á gærkvöldið og standa í allan dag. Þess vegna gat forsætisráðherra ekki verið við þessa umræðu í dag og eins og allir vita færast oft á milli daga umræður utan dagskrár um einstök málefni þótt þau séu gríðarlega brýn. Enginn efast um það, allra síst forsætisráðherra sem er viðstödd hverja umræðu sem beðið er um þegar tími

er til. Sú umræða fer því fram um leið og forsætisráðherra getur verið viðstödd.

[13:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá þingflokksformönnum sem talað hafa að það skiptir afskaplega miklu máli að gefnar séu greinargóðar upplýsingar um breytingar eins og hér er um að ræða. Hv. þingmaður og þingflokksformaður Samfylkingarinnar, Björgvin G. Sigurðsson, segir okkur að forsætisráðherra sé mjög upptekin við að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að því að ná sáttum um þær breytingar sem fram undan og nauðsynlegar eru. Ég tel að það sé afskaplega mikilvægt. Ég bið fyrir kveðjur og vonast til þess að menn nái góðri lendingu, það er afskaplega mikilvægt. Hins vegar verðum við að ræða um málefni heimilanna og ég treysti því að það gerist sem allra fyrst.

[13:38]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka þá skýringu sem fram kom frá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni á því hvers vegna hæstv. forsætisráðherra gat ekki verið við umræðuna. Ég tel að það sé mikilvægt þegar svona kemur upp eins og í dag að slíkum skilaboðum með viðeigandi skýringum sé komið til þingflokkanna þannig að menn geti gert sér grein fyrir hvað veldur töf. En ég vil líka ítreka það og benda á að þessi umræða, sem ég tel vera mjög mikilvæga, um fjárhagsstöðu heimilanna í landinu og viðbrögð við þeim vanda sem nú er uppi og hefur verið að magnast með hverri viku sem líður, mun að öllum líkindum frestast fram yfir helgi og fram í næstu viku þannig að það er ekki víst hvenær hún getur farið fram. Það er nokkuð síðan beðið var um þessa umræðu. Ef ég man rétt kom umræðubeiðnin fram í þar síðustu viku þannig að umræðan hefur að mínu mati dregist úr hófi fram, sérstaklega í ljósi mikilvægis þess efnis sem hér á að ræða.

[13:39]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir taka undir þessa umræðu og þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir þessar skýringar. Ég fagna því að hæstv. ríkisstjórn sé önnum kafin við að reyna að ná samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um stöðugleikasáttmála sem mun án efa koma heimilunum og fyrirtækjunum að gagni. Það er það sem þessi utandagskrárumræða átti að fjalla um. En ég vil spyrja í þessu samhengi hvort það liggi fyrir hvenær ætlað sé að kynna það fyrir hv. Alþingi, ekki síst fyrir stjórnarandstöðunni, vegna þess að í anda góðs samráðs og samvinnu sem mikið er rætt um, ekki síst á tyllidögum, er talað um að vinna þetta allt í sameiningu. Ég fagna því að verið sé að vinna með aðilum vinnumarkaðarins en ég sakna þess óneitanlega að ekki skuli haft samráð á Alþingi og þá ekki síst við stjórnarandstöðuna.

Niðurgreiðsla á rafmagni til húshitunar.

Fsp. BJJ, 25. mál. — Þskj. 25.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um stöðu þeirra heimila sem búa á svokölluðum kvöldum svæðum og þurfa að kynda íbúðarhúsnæði sitt með rafmagni. Það er ánægjulegt að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hér um leið og ég óska henni alls velfarnaðar í sínum störfum því að ég held að hæstv. ráðherra komi í fyrsta sinn upp í pontu Alþingis á eftir sem ráðherra.

Það er mikið búið að ræða um að jafna stöðu heimilanna í landinu. Það er ljóst að fólk sem býr á köldum svæðum, þ.e. hefur ekki aðgang að þeirri auðlind sem heita vatnið okkar er, borgar mun hærri reikninga vegna húshitunarkostnaðar en aðrir landsmenn sem hafa aðgengi að þeirri auðlind. Við höfum á undanförnum árum á vettvangi Alþingis reynt að leita lausna til að mælta vanda þessara heimila með því að setja fjármuni til þess að lækka rafmagnsreikninga þeirra heimila sem ekki búa að heitavatnsauðlindinni.

Hins vegar ber svo við á milli áranna 2008 og 2009 að framlög til þessara heimila hafa dregist verulega saman að raungildi þannig að búast má við því að þau heimili sem ekki hafa aðgengi að heitu vatni til húshitunar þurfi að borga hærri reikninga til að kynda upp íbúðarhúsnæði sitt en ella. Í ljósi hástemmdra yfirlýsinga m.a. núverandi hæstv. landbúnaðarráðherra, Jóns Bjarnasonar, um lækkun á orkuverði, hljótum við að spyrja á þessu sumarþingi hvort hæstv. ríkisstjórn með hæstv. iðnaðarráðherra í broddi fylkingar hyggst jafna þennan aðstöðumun, þ.e. leiðrétta þann mun sem felst í því að búa á köldu svæði og heitu með því að auka framlög til þeirra heimila sem þurfa að kynda húsnæði sitt annaðhvort með olíu eða rafmagni. Við erum að tala um að jafna búsetuskilyrðin í landinu. Ég sé að hæstv. landbúnaðarráðherra gengur hjá og ég efast ekki um að hann muni taka þátt í þessari umræðu svo dyggur talsmaður sem hann hefur verið, sérstaklega á síðustu vikum, fyrir því að lækka rafmagnskostnað á landsbyggðinni. Ég treysti á að hæstv. ráðherra muni koma og reifa sjónarmið sín í þessari umræðu um hvað ríkisstjórnin ætlar sér að gera í þessum efnum. Mér er sönn ánægja að beina þessari fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem ég óska enn og aftur velgengni og ég veit að hún mun reyna sitt besta til að jafna þau ólíku búsetuskilyrði sem fyrir hendi eru í landinu.

[13:44]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni góða fyrirspurn og sömuleiðis góða kveðju en þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem ég stíg í pontu sem ráðherra vegna þess að ég tók þátt í umræðum um stefnu forsætisráðherra og ég vona að hv. þingmaður hafi ekki misst af þeirri ræðu. (**BJJ:** Ég fór í myndatöku.)

Virðulegi forseti. Enn og aftur þakka ég fyrir þessa fyrirspurn vegna þess að hér er um mikilvægt mál að ræða sem við ræddum töluvert á síðasta þingi. Það eru 9% heimila sem fá niðurgreiðslu á hitun á húsnæði eins og fram hef-

ur komið á þessu þingi.

Í fyrra fóru um 938 millj. í beinar niðurgreiðslur en árlega er verið að niðurgreiða um það bil 350 millj. kílóvattstundir. Fjárlagaliðurinn er þó hærri en þessar 938 millj. en upphæðin hefur verið á bilinu 930–950 millj. og er ætlað að mæta útgjöldum vegna niðurgreiðslna, stofnstyrkja til hitaveitna, hitaleitarátaks, orkusparnaðaraðgerða, eftirlitskostnaðar Orkustofnunar og tveggja tímabundinna verkefna.

Eins og fram hefur komið ræddum við þessi mál töluvert á síðasta þingi. Ástæðan var sú að gerðar voru breytingar á skiptingu innan þessara fjárlagaliða þannig að settir hafa verið meiri fjármunir til orkusparandi aðgerða. Það skiptir gríðarlega miklu máli vegna þess að þeim er ætlað að draga úr kostnaði vegna húshitunar úti um landið á köldum svæðum.

Það verður líka að horfa til þess að niðurgreiðslur eru ekki eina leiðin til að draga úr húshitunarkostnaði þeirra sem búa á kvöldum svæðum og hefur þess vegna á undanförnum árum mikil áhersla verið lögð á að stuðla að uppbyggingu hitaveitna víðs vegar um landið. Í tengslum við mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar í fyrra vegna þorskaflasamdráttar úthlutaði Orkusjóður samtals 172 millj. til jarðhitaleitar á 29 stöðum þar sem ekki nýtur hitaveitu. Ef mótframlag styrkumsækjenda er tekið með stefnir í að um 300 millj. kr. hafi verið varið í jarðhitaleit á síðustu tveimur árum. Þá hefur ríkissjóður jafnframt styrkt uppbyggingu nýrra hitaveitna og stækkunar starfandi hitaveitna með það fyrir augum að draga úr húshitunarkostnaði á köldum svæðum.

Eins og ég sagði áðan voru á síðasta þingi samþykktar breytingar á lögum um niðurgreiðslu sem gerði mögulegt að verja auknum fjármunum í orkusparnaðaraðgerðir. Breytingunum er ætlað að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum, draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið við að niðurgreiða húshitunarkostnað og að hvetja til atvinnuskapandi verkefna. Á grundvelli þessara breytinga verða auglýstir styrkir til að ráðast í endurbætur á húsnæði og orkuöflun sem leiða til lægri húshitunarkostnaðar, svo sem varmadælur sem hafa reynst mjög vel t.d. á Akureyri þar sem hv. þingmaður þekkir vel til. Og orkusetrið sem þar starfar hefur unnið mjög ötullega að þessum málum.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að gerð verði áætlun um orkusparnað jafnt fyrir atvinnufyrirtæki og heimili vegna þess að ljóst er að núverandi niðurgreiðslukerfi skortir hvata til orkusparnaðar en þeir sérstöku styrkir sem nú hafa verið ákveðnir geta skilað fjárhagslegum ávinningi bæði fyrir húseigendur og ríkissjóð til lengri tíma. Samstarfsyfirlýsing þessarar ríkisstjórnar gerir ráð fyrir því að áfram verði unnið á þessum nótum en í henni er kveðið á um að gerð verði áætlun um orkusparnað fyrir atvinnufyrirtæki og heimili en undirbúningur slíkrar áætlunar er þegar hafinn. Kemur það þá til viðbótar þeirri stefnumörkun sem gerð var með breytingunum á lögunum á síðasta þingi. Á það leggjum við mikla áherslu og við væntum mjög mikils af orkusparnaðaraðgerðum og þeirri vinnu sem fram fer í tengslum við þær t.d. á Orkusetrinu á Akureyri.

Hv. þingmaður nefndi að niðurgreiðslur til húshitunarkostnaðar hefðu dregist saman að raungildi en það er ekki svo einfalt. Staðreyndin er sú að vissulega hefur heildarkrónutalan af fjárlagaliðnum staðið í stað frá árinu 2005, að mig minnir. En á móti kemur að jarðhitaleitarátak og fleiri aðgerðir hafa skilað sér þannig að þeim heimilum og íbúum hefur fækkað sem fengið hafa niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði. Þetta er því ekki alveg eins einfalt og hv. þingmaður segir.

[13:49]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Ég vil fagna þessari fyrirspurn frá hv. 2. þm. Norðaust. Birki Jóni Jónssyni. Þetta er brýnt hagsmunamál fyrir byggðir landsins. Eins og kom fram hér áðan eru um 9% heimila háð þessum orkugjöfum sem eru dýrir og kostnaðarsamir.

Hér er náttúrlega spurt um grundvallarsjónarmið í pólitík, jafnrétti til búsetu. Við hljótum að hafa það í huga. Eins og ég gat um í ræðu fyrr á þessu þingi þá snýst þetta um það hvort við viljum hafa eina og sömu þjóðina í þessu landi eða tvær ólíkar þjóðir.

Við hljótum að geta sammælst um að velja þann kostinn sem er heiðarlegastur, þ.e. að hér búi ein og sama þjóðin. Ég held því að allir þingmenn hljóti að geta tekið undir það að við þurfum að standa okkur í þessum efnum. Ég fagna því þessari fyrirspurn frá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni og legg áherslu á að þingmenn séu ekki að deila um þetta efni. Þetta er sjálfsagt mannréttindamál.

[13:50]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það er ljóst að margt hefur sem betur fer áunnist í því að lækka húshitunarkostnað í landinu, m.a. vegna þess að varið hefur verið til þess auknum fjármunum. En því miður er það þannig að á allra síðustu missirum hefur þetta að einhverju leyti gengið til baka og það er miður vegna þess að það kemur illa við pyngju margra heimila í landinu.

Ég vil þó sérstaklega beina athygli minni að því að einn hluti landsins hefur þó kannski orðið harðast úti og það eru hin strjálbýlustu héruð. Við breytingar á skipulagi í orkumálum fyrir nokkrum árum var ákveðið að gera breytingar sem leiddu til þess að orkukostnaður á svæðum þar sem búa 200 eða færri, strjálbýlustu svæðunum, hefur verið að hækka.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki séu uppi áform um að reyna að leiðrétta þetta. Það er alveg ljóst mál að skipulagsbreytingarnar á sínum tíma leiddu til þess að húshitunar- og raforkukostnaður jókst óeðlilega mikið á þessum svæðum.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu. Þetta er málefni sem við eigum, óháð stjórnmálaflokkum, að geta sammælst um, þ.e. að jafna búsetuskilyrðin í landinu. Það er því eðlilegt að við vekjum athygli á því að þeir fjármunir sem við höfum ætlað að setja í að jafna búsetuna skuli vera

að dragast saman eins og hæstv. ráðherra benti hér á.

Við erum reyndar að ná árangri í jarðhitaleit og ég dreg ekkert undan í þeim efnum. Ég hef hins vegar heyrt frá fólki, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum, sem kvartar yfir því að rafmagnsreikningur heimilanna hafi farið mjög hækkandi að undanförnu. Það er áhyggjuefni vegna þess að á þessum sömu heimilum eru tekjurnar að dragast saman. Ef við viljum halda byggð í landinu öllu, og eins og svo margir þingmenn hafa sagt hér, ef við viljum jafna búsetuskilyrðin í landinu, hlýtur það að vera akkur okkar allra, sama hvar í flokki við stöndum, að standa vörð um það að þessir reikningar heimilanna verði ekki það svimandi háir að við stefnum búsetu á heilu landsvæðunum í hættu.

Ég hvet hæstv. ráðherra til dáða í þeim efnum að beita sér fyrir því að jafna þennan aðstöðumun frekar. Ég sakna þess að hæstv. landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, skyldi ekki hafa mátt vera að því að ræða um þetta brýna mál hér í eina mínútu. Ég trúi því ekki að hann hafi skipt um skoðun á einungis nokkrum vikum eftir að vera kominn í ríkisstjórn. Hann hét kjósendum sínum því, í aðdraganda síðustu kosninga, að lækka rafmagnsreikninga landsmanna og þá sérstaklega í dreifbýli.

[13:53]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið. Ég deili þeirri skoðun með þeim sem hér hafa talað að við viljum auðvitað að ein þjóð búi í þessu landi og að hér sé jafnræði. Við vitum að á þessum köldustu svæðum — við höfum verið að eyða miklum fjármunum og miklum tíma og sérfræðikunnáttu í að fínkemba landið í leit að jarðhita sem nota megi í hitaveitur til að hita sem flest heimili í landinu. Það hefur gengið misvel og sérstaklega það jarðhitaleitarátak sem farið var í þegar þorskaflabresturinn varð. Það hefur gengið misvel þannig að menn eru um það bil að verða búnir að fínkemba þetta en eru enn að leita á síðustu stöðunum.

Það er því næsta verk, eins og ég kom inn á í ræðu minni áðan, að draga úr húshitunarkostnaði með því að grípa til orkusparandi aðgerða. Sem dæmi má nefna varmadælurnar sem hafa verið notaðar með gríðarlega góðum árangri. Þær nota eingöngu um þriðjung af því rafmagni sem ella væri notað til þess að hita hús á þessum köldu svæðum. Þannig að það er svo sannarlega leið sem við eigum að fara og vonandi eigum við eftir að ná góðum árangri í því að leiða slíkt hitakerfi inn á sem flest heimili.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson talar um að rafmagnsreikningurinn hafi hækkað. Það er ekki vegna þess að niðurgreiðslurnar sem slíkar hafi lækkað því að þær eru enn að meðaltali um 2,70 kr. á kílóvattsstund heldur hefur gjaldskráin hækkað hjá orkusölufyrirtækjunum. Það er eitthvað sem við höfum verið að skoða. Eitt af því síðasta sem ég gerði sem formaður iðnaðarnefndar var að kalla þessi orkusölufyrirtæki til okkar til þess að fara yfir þau mál.

Við verðum stöðugt að fylgjast með þessu. Ég er eins og aðrir þingmenn á þeirri skoðun að við eigum að reyna að jafna búsetuskilyrðin (Forseti hringir.) eins og kostur er.

Umræðu lokið.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Fsp. BJJ, 27. mál. — Þskj. 27.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Við búum við þá staðreynd, sem er nöpur, að einn stærsti launagreiðandi landsins á Íslandi í dag er Atvinnuleysistryggingasjóður. 16–17 þús. Íslendingar hafa ekki atvinnu. Atvinnuleysið er um 9% og atvinnuleysi er eitt mesta böl sem sérhver maður getur lent í. Það er því mikilvægt að snúa ofan af þessari þróun sem er svo óheillavænleg.

Gefum okkur að Atvinnuleysistryggingasjóður þurfi á ári hverju að greiða um 20 milljarða til þess að greiða 17.000 einstaklingum atvinnuleysisbætur. Ef þessir sömu einstaklingar hefðu atvinnu væru þeir trúlega að borga svipaða upphæð í formi skatta til ríkisins. Þannig að umsnúningurinn í rekstri hins opinbera, að horfa upp á 17.000 Íslendinga ganga atvinnulausa, hljóðar jafnvel upp á 40 milljarða kr. Það skýtur stoðum undir þann málflutning sem margir hafa haft uppi á Alþingi Íslendinga, þ.e. um róttækar aðgerðir til þess að koma atvinnulífinu af stað að nýju, fjölga störfum í samfélaginu þannig að ekki þurfi eins margir Íslendingar að leita á náðir Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég spyr hæstv. félagsmálaráðherra að því hver staða Atvinnuleysistryggingasjóðs sé í dag. Hvenær má gera ráð fyrir því að hann verði mergsoginn, þ.e. að engir fjármunir verði lengur til? Hvenær má gera ráð fyrir að við þurfum að fara að veita af fjárlögum inn í þennan sjóð? Ég held að það sé mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því hvað er fram undan á næstu mánuðum. Það er gríðarlegur kostnaður við að horfa upp á þetta atvinnuleysi. Margfeldisáhrifin eru gríðarleg og við þurfum að ráðast í mjög róttækar breytingar og aðgerðir til þess að snúa þessari óheillaþróun við. Þar dugir aðgerðarleysið eitt og sér ekki til.

Um leið og ég spyr hæstv. ráðherra um stöðu þessa sjóðs, og hvað hann sjái fyrir sér að við þurfum að setja inn í hann á þessu ári, væri gott að heyra hvað hæstv. ráðherra er að gera í þeim efnum að örva vinnumarkaðinn. Að öllu óbreyttu blasir hörmungarástand við, við þurfum að ráðast í einhverjar alvöruaðgerðir. Þetta kostar þjóðfélagið gríðarlega háa fjármuni, eitthvað sem við höfum ekki þurft að horfast í augu við í mörg herrans ár.

[13:59]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi segir að atvinnuleysi er mikið böl og mjög brýnt að snúa sem fyrst við því ástandi sem við búum við á vinnumarkaðnum.

Á vegum Vinnumálastofnunar og annarra aðila í stjórnkerfinu eru alls kyns verkefni í gangi. Það má nefna nýsköpunarverkefni sem heyra undir iðnaðarráðuneytið. Það eru alls kyns verkefni í gangi sem í allt hafa skapað um 600 störf. Það eru fjölmargar aðgerðir í gangi að öðru leyti og af þeim 16.700 sem nú eru á atvinnuleysisskrá eru um 4.700 á hlutabótum eða eru að sinna verkefnum með öðrum hætti. Það má því segja að 4.700 af 16.700 séu virkir á vinnu-

markaði með einum eða öðrum hætti. Það er mjög mikilvægt. En þá tölu þarf auðvitað að hækka og það hratt.

Að því er varðar stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs sérstaklega þá áætlar ráðuneytið að eigið fé sjóðsins hafi í árslok 2008 verið 15,6 milljarðar. Fjárlög þessa árs gera ráð fyrir að tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af atvinnuleysistryggingagjaldi verði 5,1 milljarður. Því er áætlað að eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs og markaðar tekjur þessa árs verði tæpur 21 milljarður kr.

Þegar tekið er mið af greiðslu bóta það sem af er þessu ári og spám um það sem fram undan er gerir ráðuneytið ráð fyrir því að þetta fé verði uppurið um mánaðamótin október/nóvember nk. og síðustu tvo mánuði ársins komi til greiðslna úr ríkissjóði til að standa skil á atvinnuleysisbótum. Það er hins vegar mjög mikilvægt að undirstrika að ríkissjóður ber fulla ábyrgð á því að atvinnuleysisbætur séu greiddar í landinu. Þó svo að það fé sem til þess er markað með þessum hætti verði uppurið mun ríkissjóður að sjálfsögðu standa undir því að greiða atvinnuleysisbætur.

Við þær aðstæður sem við búum við skiptir öllu máli að telja kjark í fyrirtæki til þess að ráða fólk. Okkur hættir til þess að mála myndina of dökkum litum eins og staðan er núna. Við lækkandi vaxtastig, þegar vaxtalækkunarferli er að hefjast, er eðlilegt að fyrirtæki horfi til þess hvort mögulegt sé að auka við sig í umsvifum og sérstaklega ef þau sjá fram á að geta selt afurðir eða þjónustu.

Það er mjög mikilvægt að við höldum þeim skilaboðum skýrt fram að fyrirtækin horfi til allra þátta núna, búi sig undir að bæta við sig fólki sem fyrst þannig að ekki komi til þess að of margir verði atvinnulausir of lengi. Það er auðvitað hættulegast ef langtímaatvinnuleysi verður landlægt. Við vitum af reynslu Finna og Færeyinga að þá gerist annað tveggja að við búum við langvarandi atvinnuleysi, þ.e. við getum misst heila kynslóð út af vinnumarkaðnum sem kannski kemur aldrei aftur inn á vinnumarkaðinn, eða missum þessa kynslóð varanlega úr landi. Hvorugt er góður kostur.

Við verðum að beita öllu afli okkar og virkum vinnumarkaðsaðgerðum, koma fólkinu hratt aftur á vinnumarkaðinn og sérstaklega þeim sem lengst hafa verið atvinnulausir á hverjum tíma. Við verðum að tala kjark í fyrirtækin og undirstrika mikilvægi þess að þau nýti allt það afl sem þau hafa, nýti þau tækifæri sem þau mögulega hafa á þessum tímum til þess að horfa fram á við og leggja grunn að nýrri sókn, nýrri verðmætasköpun og ráða til sín fólk.

Margháttuð úrræði eru í boði. Marghátttuð aðstoð er í boði af hálfu Vinnumálastofnunar sem á að greiða fyrir þessu. Það er mikilvægt að fyrirtækin stígi fyrsta skrefið. Við munum gera allt sem mögulegt er til að greiða fyrir því að þau geti ráðið til sín fólk og lagt grunninn að nýrri sókn.

[14:03]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Norðaust., Birkir Jón Jónsson, er spurull maður í dag og er það vel. Margs þarf að spyrja á þessum tímum. Ég tek undir að það er ekki of sterkt til orða tekið að segja hvílík vá það er að búa við svo hátt atvinnuleysisstig sem Íslendingar búa við nú um stundir, það er ekki hægt að fara með nein ýkjuorð í þeim efnum. Þetta er einfaldlega áfall sem samfélagið hefur orðið fyrir og við þurfum að bregðast við því með öllu mögulegu móti.

Ég vil í því efni spyrja hvort gerð hafi verið úttekt á því hvort Atvinnuleysistryggingasjóður sé í einhverjum mæli og ég tala nú ekki um í miklum mæli misnotaður af fólki, jafnt útlendingum sem Íslendingum. Ég hef talað við fjölda verktaka á síðustu dögum og vikum sem segja að það sé nánast sérstök listgrein á Íslandi að misnota sjóðinn, að þiggja af honum fé og vinna jafnframt úti á akrinum. Ef svo er er það mjög slæmt.

[14:05]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Frú forseti. Hér er talað um mjög alvarlega hluti, atvinnuleysið í landinu og stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Mér fannst það sláandi og eftirtektarvert og tilefni til sérstakrar umhugsunar að sá tæplega 21 milljarður króna sem safnast hefur upp á liðnum árum í Atvinnuleysistryggingasjóð eða ætlað er að hafi safnast í hann í ár verði uppurinn um mánaðamótin október/nóvember á þessu ári. Hvað svo? Þá þarf væntanlega að taka peningana úr ríkissjóði. Mér fannst það sérstakt og kannski ágætt að undir lok ræðu sinnar viðurkenndi hæstv. tryggingа- og félagsmálaráðherra hvað sá vandi sem uppi er mundi þýða ef við héldum áfram að óbreyttu, þ.e. að fólk færi úr landi í stórum stíl og fyrirtæki og heimili legðu upp laupana. Því spyr ég: Er ríkisstjórnin ekki farin að huga alvarlega að því að vinna að einhverri góðri og gildri peningastefnu, efnahagsstefnu sem virkilega gæti talið kjark í heimilin, fjölskyldurnar og fyrirtækin í landinu?

[14:06]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Það kom mér nokkuð á óvart að heyra ummæli hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra þegar hann sagði, með leyfi forseta, efnislega að það væri of mikil svartsýni í atvinnulífinu og menn þyrftu að hafa hugrekki til að ráða fleira fólk. Ég vil nota tækifærið og benda hæstv. ráðherra á að ástæðan fyrir því að það er atvinnuleysi á Íslandi og ástæðan fyrir því að fyrirtækin ráða ekki fólk er fyrst og fremst sú að dregist hefur úr hömlu að koma saman bankakerfinu sem gæti síðan lánað þessum fyrirtækjum peninga þannig að hægt sé að fara í nýsköpun, að hægt sé að fara í mannaráðningar. Það hefur dregist úr hófi fram að leggja fyrir þingið greinargott og marktækt yfirlit um það til hvaða aðgerða ríkisstjórnin hyggist grípa í ríkisfjármálum. Það hefur valdið því m.a. að gengið hefur hægar að lækka stýrivexti Seðlabankans sem aftur gerir það að verkum að það eru drápsklyfjar á íslensku efnahagslífi í formi allt of hárra vaxta. Þessir þættir, hæstv. tryggingа- og félagsmálaráðherra, valda því að fyrirtækin geta ekki ráðið fólk, ekki skortur á hugrekki. Því það eina sem kannski er eftir í þessu er hugrekki þeirra sem eru þó að berjast.

[14:08]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Það var mjög merkileg ræða sem hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra hélt áðan. Hann virðist vera úr öllum tengslum við það sem er að gerast í

landinu. Staðan er þannig núna meðal fyrirtækjanna að vanskil hafa sextánfaldast frá því fyrir rúmu ári. Vanskil sem eru lengri en þriggja mánaða eru 160 milljarðar, tæplega 100 fyrirtæki fara á hausinn í hverjum mánuði. Við höfum ekki virkt bankakerfi til að gefa atvinnulífinu það blóð sem það svo nauðsynlega þarf. Það að halda að þetta sé einhver gunguskapur í fyrirtækjarekendum, að þeir þurfi bara meira hugrekki til að ráða til sín fólk til að vinna bug á atvinnuleysinu, ber vott um algert skilningsleysi á því sem er að gerast á Íslandi og algera vankunnáttu. Þið þurfið að gera eitthvað.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra í ljósi þess að fyrirsjáanlegt er að í nóvember og desember þurfum við að verja rúmum 4 milljörðum af fjárlögum til framlaga í Atvinnuleysistryggingasjóð: Stendur ekki örugglega til hjá hæstv. ríkisstjórn að fá til þess heimild frá Alþingi Íslendinga sem fer með fjárveitingavaldið, a.m.k. enn þá, og liggur ekki fyrir að hæstv. ríkisstjórn muni í ljósi þess að forsendur fjárlaga eru brostnar leggja fram fjáraukalagafrumvarp á yfirstandandi þingi þannig að Alþingi geti lagt blessun sína yfir slíkar gjörðir eða lítur hæstv. ráðherra þannig á að framkvæmdarvaldið geti eitt búið til ný fjárlög í ljósi þess að allar forsendur eru breyttar?

Það blasir líka við að á næsta ári þarf ríkissjóður trúlega að greiða 20 milljarða kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs, nokkuð sem ríkissjóður hefur ekki þurft að gera á mörgum undangengnum árum. Það stefnir því í það að öllu óbreyttu að rekstur og staða ríkissjóðs, eins og menn hafa mörgum sinnum bent á, verður gríðarlega erfið verði ekki ráðist í einhverjar róttækar aðgerðir til að snúa þessari óheillaþróun við. Ég er sammála hæstv. ráðherra að við eigum á vettvangi þingsins að telja kjark í fyrirtækin en til þess þurfum við að koma fram með einhverjar aðgerðir til að vekja væntingar hjá atvinnulífinu í landinu um að fram undan séu bjartari tímar og þá þurfum við að leggja fram einhverja tillögu um það hvernig við ætlum að bæta stöðu atvinnulífsins og fjölga störfum í samfélaginu að nýju. Því miður sýnist mér afskaplega fátt benda til þess að ríkisstjórnin ætli að koma með eitthvað markvert á sumarþinginu, sumarþingi sem ætti að vera að vinna dag og nótt í því að móta tillögur og hugmyndir um það hvernig við getum snúið þessari grafalvarlegu stöðu við. Við framsóknarmenn heitum á hæstv. ráðherra að koma í lið með okkur í þeim efnum að ráðast í róttækar tillögur til að fara að gera eitthvað af viti.

[14:11]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er rétt að það er mikilvægt að grípa til aðgerða til að greiða fyrir því að fyrirtæki geti ráðið fólk og menn mega ekki að skilja orð mín þannig að ég sé að átelja fyrirtæki fyrir að ráða ekki til sín fólk. Staðreyndin er einfaldlega sú að sá ótti og óvissa sem eðli málsins samkvæmt hefur fylgt þessu hruni hefur auðvitað valdið því að fyrirtæki halda að sér höndum. Það á hins vegar ekki að vera með svartnættisraus gagnvart fyrirtækjunum heldur að reyna að vinna með atvinnulífinu í því að leggja grunn að efnahagslegum stöðugleika og framförum og það er ríkisstjórnin að gera núna. (Gripið fram í.) Við ætlum að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að því að leggja grunn undir stöðugleikasamninga sem eiga að tryggja almenningi í landinu bestu mögulegu skilyrði til að halda í þann kaupmátt sem fengist hefur, tryggja fyrirtækjunum vaxtarskilyrði og vísa veginn fram á við. Á þessu sumarþingi verður jafnframt kynnt áætlun um forgangsröðun í ríkisfjármálum til næstu ára. Þetta liggur allt saman fyrir.

Það sem skiptir höfuðmáli er að fara vel með takmarkað fé, að fara af ráðdeild með opinbert fé. Það er auðvitað svo að það er ekki í endalausa sjóði að ganga og við þurfum að taka fé að láni til að standa skil á þeim skuldbindingum sem við nauðsynlega þurfum að standa skil á gagnvart atvinnulausu fólki eftir að sjóðurinn tæmist.

Varðandi bótasvikin sem hér voru nefnd tel ég auðvitað mikilvægt að við ræðum það í fullri hreinskilni að mjög mikilvægt er að við tryggjum að þeir sem eru á atvinnuleysisbótum og njóti þeirra séu ekki jafnframt í vinnu. Við þurfum að tryggja samfélagslega samstöðu um að veita mikið fé í þetta verkefni og þá er mjög mikilvægt að það sé tryggt að þeir sem raunverulega þurfa á að halda fái fyrirgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði en ekki aðrir og að því munum við vinna.

Umræðu lokið.

Séreignarlífeyrissparnaður.

Fsp. BJJ, 28. mál. — Þskj. 28.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra. Á síðasta þingi breyttum við á Alþingi lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda þar sem við heimiluðum almenningi í landinu, þ.e. þeim sem hafa verið að leggja fyrir í viðbótarlífeyri, að taka út sérstakan lífeyrissparnað. Var gert ráð fyrir að það yrði um 1 milljón á 12 mánaða tímabili. Fyrirspurn mín er einfaldlega þessi: Hversu margir hafa nýtt sér útgreiðslu á séreignarlífeyrissparnaði sínum samkvæmt sérstakri heimild frá því fyrr á árinu? Hvað má áætla að tekjur ríkissjóðs aukist með hliðsjón af því?

Í efnahags- og skattanefnd var á sínum tíma rætt um að þessir fjármunir ættu að fara til húsnæðiseigenda í landinu í formi aukinna vaxtabóta. Ég velti því fyrir mér hvort það standist, þ.e. það sem ríkið er að fá út úr þessu, í ljósi þess að fólk þarf að greiða tekjuskatt af þessari útgreiðslu, hvort þær greiðslur sem til viðbótar eiga að koma skuldugum heimilum í formi greiðslu vaxtabóta standist.

Ég vonast til þess að þeir fjármunir sem fólk hefur getað náð í, í formi þessa séreignarlífeyrissparnaðar, hafi verið til góðs og hjálpað mörgum heimilum. Það var tilgangurinn með þeirri lagabreytingu sem við settum fram að hjálpa skuldugum heimilum. En eins og ég segi enn og aftur er það fyrir forvitnissakir sem ég spyr hæstv. ráðherra að því

hver reyndin hefur verið af þessari löggjöf sem við settum fyrir einungis örfáum mánuðum.

[14:16]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er tiltölulega einfalt að svara þessum spurningum hv. þingmanns enda eru þær einfaldar og skýrar. Staðan var sú að þann 25. maí sl. höfðu 27.529 einstaklingar sótt um útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar samkvæmt þeim heimildum sem stofnað var til fyrr á árinu og þessar útgreiðslur munu nema samtals ríflega 17 milljörðum kr. Þetta er byggt á gögnum sem ganga til ríkisskattstjóra frá lífeyrissjóðunum eða vörsluaðilunum og eiga að vera nokkuð nákvæmar upplýsingar enda kerfið komið í jafnvægi ef svo má segja. Það bar á því í byrjun að lífeyrissjóðirnir önnuðu því ekki alveg að taka á móti umsóknum, vinna úr þeim og senda áfram til ríkisskattstjóra en eftir því sem ég best veit þá er þetta staðan nokkuð nákvæmlega eins og hún var fyrir tveimur dögum.

Hvað má ætla að tekjur ríkissjóðs aukist með hliðsjón af þessu? Það er tiltölulega einfaldur útreikningur. Það má þá ætla að tekjuauki ríkissjóðs verði um 4,1 milljarður kr. vegna þessarar útgreiðslu á séreignarlífeyrissparnaði eða 24,1% af heildarfjárhæð þess séreignarsparnaðar sem ætla má að þegar hafi verið stofnað til að verði greiddur út. Þessar tekjur falla að vísu ekki allar til á þessu ári en útgreiðslurnar hófust í apríl og þær eru vaxandi í maí og munu fara vaxandi í júní þannig að einhver lítill hluti þessara tekna mun lenda inn á árinu 2010 en langstærstur hluti upphæðarinnar mun falla til sem tekjuauki á þessu ári. Því fylgir að sjálfsögðu að sveitarfélögin fá umtalsverðan tekjuauka í formi útsvars og með sama einfalda útreikningum má ætla að u.þ.b. 2 milljarðar kr., eða um þriðjungur, renni til sveitarfélaganna af heildarskatttekjum upp á rúma 6 milljarða sem þarna koma til ríkis og sveitarfélaga.

Tekin var um það ákvörðun að ráðstafa stærstum hluta áætlaðs tekjuauka, sem þá var talið að gæti kannski orðið um 3 milljarðar kr. á árinu, í hækkun vaxtabóta. Áætlað var að sú hækkun mundi verða eitthvað yfir 2 milljarðar. Það er þó háð þeirri óvissu að það liggur ekki fyrir fyrr en álagning hefur farið fram í sumar og flest bendir til að útgjaldaaukinn vegna hækkunar vaxtabóta verði frekar meiri en minni og þá væntanlega fyrst og fremst vegna þess að tekju- og eignarskerðingarákvæðin munu síður draga vaxtabæturnar niður en áætla mætti við eðlilegar aðstæður. Það er því líklegt að eitthvað hærri fjárhæð gangi til útgreiðslu vaxtabóta síðsumars og er það auðvitað vel vegna þess að það var einn megintilgangur þessarar aðgerðar að afla tekna til stórhækkunar vaxtabóta.

Ég held að aðgerðin í það heila tekið hafi heppnast vel og að ekki hafi orðið mikil vandkvæði við framkvæmdina enda var þetta yfirvegað og varlega í þetta farið og með það að leiðarljósi að lífeyrissjóðirnir eða vörsluaðilar sjóðanna réðu við útgreiðslurnar án vandkvæða. Að því er ég best veit hefur það gerst með e.t.v. einhverjum frávikum, kannski aðallega í einu tilviki eða svo. Þetta er staða málsins og liggur það þá vonandi skýrt fyrir.

[14:20]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Það mál sem hér er rætt lét ég töluvert til mín taka í umræðum á síðasta þingi, þ.e. útgreiðsla séreignarsparnaðar. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að mér sýnist að nokkuð vel hafi tekist til með þessa framkvæmd. Það eru töluvert færri sem nýta sér þessa heimild en gert var ráð fyrir. Ef ég man rétt var í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu gert ráð fyrir að þetta gæti numið allt að 50 milljörðum. Núna upplýsir hæstv. fjármálaráðherra að hér sé um 17 milljarða að ræða og ríflega 27 þúsund einstaklingar sem hafa nýtt sér þetta. Þá er alveg ljóst að lífeyrissjóðirnir höfðu mikinn fyrirvara á þessu máli vegna þess að þeir óttuðust að það væri mikið áhlaup, ef svo má að orði komast, á sjóðina. Mér finnst hins vegar, í ljósi þeirra talna sem hæstv. ráðherra er að upplýsa, að full ástæða sé til að endurskoða útgreiðslu í framtíðinni og hugsanlega að rýmka frekar á næstu dögum, vikum og jafnvel mánuðum. Það er alveg ljóst að það eru þó nokkrir einstaklingar sem þurfa á þessum peningum að halda. Ég talaði (Forseti hringir.) fyrir því á sínum tíma að þessi heimild væri rýmri og finnst mér full ástæða til að beina því til hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) að þetta verði skoðað enn frekar með rýmkun í huga.

[14:21]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar upplýsingar. Þær eru mjög athyglisverðar. Ég er með tvær spurningar til hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi talar hann um að kostnaður við vaxtabætur sé rúmlega 2 milljarðar en tekjuauki ríkissjóðs af þessu fyrirkomulagi sé rúmir 4 milljarðar. Ég man að það vakti athygli mína á síðasta þingi að við kostnaðarmatið með ýmsum stjórnarfrumvörpum á þeim tíma kom fram að til þess að fjármagna hitt og þetta væri litið til aukinna tekna ríkissjóðs af þessu séreignarsparnaðarmáli. Mér þótti það kannski skjóta skökku við þegar verið væri að hvetja til nýrra útgjalda út frá einhverjum aukatekjum vegna þess að mér þykir þetta frekar vera tilefni til að stoppa í gatið. Spurningin er kannski sú, og ég kem bara annarri spurningunni að sýnist mér á þessari mínútu: Er búið að ráðstafa restinni eða fer þetta, sem ég hvet eindregið til að verði gert, til að bæta stöðu ríkissjóðs að öðru leyti?

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Mér fannst það þó kyndugt að lesa svörin, eða alla vega eitthvað af þeim, í fjölmiðlum í gær, ég held á mbl.is. Það er svo sem í takt við margt annað hér að við lesum í fjölmiðlum um það sem við jafnvel óskum eftir að fá upplýsingar um á vettvangi þingsins. En þessi svör frá hæstv. ráðherra voru mjög skýr og það er einmitt fyrirkomulag þessara funda sem eru á miðvikudögum að kalla eftir upplýsingum sem þessum, hvort áætlanir hafi staðið. Það er náttúrlega fagnaðarefni að sveitarfélögin í landinu skuli m.a. fá tekjur út af þessari breytingu sem við lögðumst öll á eitt um þvert á flokka að koma í gegn á síðasta þingi.

En það er vissulega líka grátlegt að fólk þurfi, í ljósi þess ástands sem blasir við okkur, að leita til þessara sjóða sem það hefur lagt í og ætlað að eiga á efri árum, að ástandið í samfélaginu skuli vera með þeim hætti að fólk þurfi, 27.529 einstaklingar, að leita í þessa sjóði sem segir okkur það að ástandið í samfélaginu er mjög erfitt og við viðurkennum það öll. Það er kannski í ljósi þess og í ljósi breyttra forsendna sem mig langar í seinni ræðu minni að spyrja hæstv. fjármálaráðherra — og ég hef reyndar lagt fram fyrirspurn sem verður væntanlega svarað eftir viku — hvort það standi ekki alveg örugglega til af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar að leggja fram fjáraukalagafrumvarp á þessu þingi sem við þingmenn getum farið yfir á vettvangi fjárlaganefndar og efnahags- og skattanefndar því að það eru fjárheimildirnar sem koma frá Alþingi sem framkvæmdarvaldið útdeilir síðan. Það er alveg ljóst að gera varð verulegar breytingar á fjárlagafrumvarpi yfirstandandi árs og ég spyr ráðherrann að því hvort ekki standi örugglega til að Alþingi Íslendinga taki ákvörðun um það hvernig að slíkum málum verður staðið.

[14:25]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Mér telst til að ég hafi fengið fimm nýjar spurningar þannig að ég verð að nota tímann vel. Það er rétt, þessi upphæð er 17 milljarðar enn sem komið er en hún mun ekki lækka heldur frekar hækka því að væntanlega eiga einhverjir enn eftir að bera sig eftir þessum úrræðum en þá mun meiri hluti tekna eftir því sem líður á árið færast yfir á næsta ár.

Við munum fylgjast vel með þessari framkvæmd og höfum gert og þá svara ég hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur að ekkert hefur verið útilokað í þeim efnum að rýmka þessar reglur. Þá er sú hugmynd sérstaklega til skoðunar, ef það verður viðráðanlegt af hálfu lífeyrissjóðanna, að opna fyrir færslu einhverra hærri upphæða úr séreignarsparnaðinum yfir í fasteignaveðlán til að greiða þau niður. Mig rekur ekki minni til þess að í stjórnarfrumvörpum hafi verið vísað í tekjur af þessu nema í þessu eina tilviki, ég man ekki eftir því. (**REÁ:** Það kom oft fram í umræðunum.) Já, það kom kannski fram í umræðum að þarna kynnu að verða einhverjir fjármunir til ráðstöfunar en ég minnist þess ekki að hafa samþykkt að vísað yrði í þessar áætluðu tekjur nema í þessu eina tilviki, að þær ættu í aðalatriðum að standa straum af hækkun vaxtabóta.

Er búið að ráðstafa því sem þarna kann að verða umfram? Svarið er nei. Ég tek undir með hv. þingmanni: Það liggur langbeinast við að það gangi til að minnka annars aukinn halla á fjárlögum þessa árs og þarf auðvitað miklu meira til. Eins og komið hefur fram í umræðum undanfarna daga stefnir að óbreyttu í kannski um 20 milljarða viðbótarhalla á ríkissjóði ef ekkert verður að gert. En það verður reyndar eitthvað að gert.

Þá kem ég að spurningu hv. fyrirspyrjanda. Að sjálfsögðu munu þessi mál koma fyrir Alþingi. Hvort það verður í formi hefðbundins fjáraukalagafrumvarps eða í formi frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum á tekju- og gjaldahlið, og formlegt fjáraukalagafrumvarp látið bíða haustsins, er kannski ekki alveg endanlegt, það er útfærsluatriði og verður skoðað.

Að lokum vil ég fullvissa hv. þingmann um að upplýsingar í fjölmiðlum í gær um þá hluti sem við ræðum hér eru ekki frá mér komnar. Ég legg það ekki í vana minn að svara fyrirspurnum á Alþingi fyrst í fjölmiðlum.

Umræðu lokið.

Framtíðarskipan Hólaskóla.

Fsp. EKG, 9. mál. — Þskj. 9.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Geirs H. Haarde frá 23. maí 2007 voru boðaðar tilteknar breytingar á skipan verkefna á milli ráðuneyta. Ríkisstjórnin samþykkti síðan, að tilhlutan Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, að skipa starfshóp til að koma með tillögur um framtíð og skipan skólahalds á Hólum í Hjaltadal.

Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi og þar kom m.a. fram að honum var ætlað að koma fram með tillögur sem stuðlað gætu að frekari uppbyggingu og eflingu Hólaskóla til framtíðar, m.a. með hliðsjón af þeirri endurskipulagningu háskólastigsins sem farið hefur fram á undanförnum árum og frumvarpi um ríkisháskóla sem þá lá fyrir í drögum en er nú orðið að lögum. Í erindisbréfinu segir líka að starfshópurinn skuli miða tillögur sínar við að tryggilega verði haldið utan um málefni Hólastaðar og að Hólar haldi reisn sinni og stöðu sem miðstöð mennta, menningar og kirkjulegra málefna. Einnig var gert ráð fyrir að hópurinn hefði samráð við aðila í héraði.

Við vitum að Hólaskóli gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki sem skólastofnun en einnig sem stofnun í héraðinu. Hólaskóli er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun á háskólastigi og starfar samkvæmt lögum. Hann er miðstöð kennslu og rannsókna í hrossarækt og reiðmennsku, fiskeldi og fiskalíffræði og ferðamálum. Ég vil líka geta þess að skólinn hefur fengið viðurkenningu fræðasviða í samræmi við lög um Háskóla Íslands.

Við Hólaskóla starfa nú um 60 manns, eða síðast þegar ég vissi, í 47 stöðugildum. Á árinu 2007–2008 voru þar skráðir 167 nemendur og á bak við þá eru 90 nemendaígildi. Á Hólum er rannsóknarstarf vaxandi á öllum sviðum og það er styrkt með öflugu samstarfi við aðrar háskólastofnanir.

Skólinn hefur hins vegar búið við fjárhagslegar þrengingar eins og allir vita. Í framhaldi af starfi nefndarinnar, sem ég vísaði til, var gert ráð fyrir því, bæði í fjáraukalögum fyrir árið 2008 og eins í fjárlögum eins og þau voru afgreidd 2009, að leggja verulega fjármuni inn í skólann. Hins vegar hefur komið í ljós að fjárhagsvandi skólans er enn meiri en menn ætluðu á þessum tíma og þess vegna varð niðurstaðan sú að skólanum var settur tilsjónarmaður til þess að fara yfir málin og reyna að átta sig betur á umfangi þess vanda sem við var að glíma — fara sem sagt yfir það hvernig hægt væri að ná utan um þann rekstrarvanda sem skólinn hefur búið við.

Nú hefur nokkuð liðið frá því að þær ákvarðanir sem teknar voru rétt fyrir síðustu áramót voru teknar. Fyrir liggur skýrsla þeirrar nefndar sem ég vísaði til og þess vegna hef ég nú leyft mér að spyrja hæstv. menntamálaráðherra, á þingskjali, um framtíðarskipan Hólaskóla með eftirfarandi spurningum.

Hverjar voru meginniðurstöður nefndar ráðherra um framtíðarskipan Háskólans á Hólum? Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hrinda þeim áformum í framkvæmd?

[14:30]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni þessa fyrirspurn um framtíðarskipan mála á Hólum. Meginniðurstaða þeirrar nefndar sem þingmaðurinn vísar hér til, um framtíðarskipun Hólaskóla, var í raun sú að fjárhagsstaðan yrði leiðrétt og fjárhagsgrundvöllurinn tryggður, að fjárveitingin fyrir fjárlagaárið 2009 tæki mið af mati ráðuneytisins á fjárþörf skólans miðað við þá starfsemi sem þar fer fram. Enn fremur að skoðaðir yrðu möguleikar á að breyta skólanum eða stofnuninni í sjálfseignarstofnun með þátttöku sveitarfélagsins, að háskólastarfsemi yrði aðgreind frá staðarhaldi á Hólum og almenn málefni Hóla í Hjaltadal mundu heyra undir forsætisráðuneytið.

Þessi skýrsla var lögð fram og segja má að enn hafi kannski ekki verið tekin formleg afstaða til allra tillagna sem þar koma fram. Að mínu viti hefur verið mikilvægast að koma rekstrinum á Hólaskóla í jafnvægi og í því augnamiði hafa verið settar aukafjárveitingar inn í reksturinn. Þann 1. janúar 2009 var settur sérstakur tilsjónarmaður með rekstri Hólaskóla sem var ætlað að setja fram tillögur til að draga úr útgjöldum skólans og til að tryggja að rekstraráætlun skólans yrði í samræmi við markmið fjárlaga 2009 og í samræmi við endurskoðaða rekstraráætlun. Samþykkt var 170 millj. kr. aukafjárveiting til skólans en eðlilega var ekki unnt að verða við tillögum nefndarinnar um 115 millj. kr. hækkun á fjárlögum 2009.

Enn fremur hefur verið rætt við aðila á svæðinu, þar á meðal sveitarstjórn, um sameiginlega lendingu í málum er varða Hólaskóla og enn eru ákveðin óvissuatriði tengd staðum, svo sem eignum og jarðnæði sem ekki koma einungis til kasta sveitarfélagsins heldur líka þjóðkirkjunnar sem þar kemur að málum.

En rekstrarvandanum þarf að taka á og því var í minni tíð settur á sérstakur samstarfshópur fjármálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis, því að Hólaskóli, eins og reyndar Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, lýtur öðrum lögmálum um fjárveitingar en aðrir háskólar. Hann þiggur ekki fé samkvæmt hinu hefðbundna reiknilíkani sem háskólarnir fá fé samkvæmt heldur fær hann fasta fjárveitingu frá menntamálaráðuneyti og frá landbúnaðarráðuneyti. Okkur þótti mikilvægt að þessi ráðuneyti kæmu saman að þessu máli til þess að ræða framtíð þessara tveggja landbúnaðarskóla.

Niðurstöður þess hóps hafa ekki enn verið kynntar formlega en þær liggja nýverið fyrir. En það er mjög mikilvægt, eins og ég nefndi hér áðan, að þar komi að fulltrúar ráðuneytanna, sveitarstjórnar og þjóðkirkju sem fari yfir og skýri verkaskiptingu á Hólum. Það er mjög mikilvægt að skuldastöðunni verði komið á hreint sem fyrst og síðan verði mörkuð ákveðin stefna í kjarnastarfi skólans. Það er alveg ljóst að þarna er unnið mjög gott starf og á mjög ólíkum sviðum sem þarf að styrkja. Við þurfum sérstaklega að skoða fyrirkomulag fasteigna á staðnum og hvaða fyrirkomulag eigi að hafa þar. Það má t.d. líta á Hvanneyri sem fyrirmynd í þeim efnum. Síðast en ekki síst þarf að skoða þessi mál með tilliti til þeirrar gríðarlegu þýðingar sem Hólaskóli hefur fyrir sitt byggðarlag, en ekki síst hvaða innlegg hann hefur haft í háskólastarfsemi á landinu.

Þetta tengist þeim tillögum sem nú hafa verið lagðar fram, bæði frá innlendum og erlendum sérfræðingum, um framtíð háskólastarfsemi í landinu. Þar er verið að leggja til sameiningar háskóla og tillögur nefndarinnar á sínum tíma þarf að skoða í samhengi við þær nýju tillögur sem nú eru komnar fram, annars vegar frá finnsku sérfræðinganefndinni og OECD-sérfræðingunum og hins vegar frá innlendu sérfræðinganefndinni sem nýverið skilaði af sér.

Í stuttu máli sagt liggja fyrir ákveðnar tillögur um hvernig koma megi rekstrinum í lag á Hólum og að því loknu þarf að skoða aðskilnað skólahalds og annarrar umsýslu á Hólastað. Í þriðja lagi þarf að líta á það hvaða hlutverki Hólaskóli mun gegna í hinu íslenska háskólasamfélagi út frá þeirri endurskipulagningu sem þar er fyrir dyrum.

[14:35]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir þessa umræðu. Ég held að það verði seint undirstrikað nógu sterklega að við erum hér að tala um gríðarlega mikilvæga stofnun fyrir héraðið og líka fyrir háskólastigið í landinu með þeirri sérstöðu sem Hólaskóli hefur.

Mig langar þó að færa inn í umræðuna — ég held að ráðherra hafi sett þetta í ágætan farveg, við sjáum vonandi fram á viðeigandi lausn. En það er gríðarlega mikilvægt að nokkuð hratt verði unnið og þeirri óvissu eytt sem ríkt hefur um Hólaskóla í langan tíma.

Við verðum að horfast í augu við að gríðarleg mistök voru gerð þegar landbúnaðarráðherra færði skólann yfir til menntamálaráðuneytisins án þess að gera skuldir skólans upp. Það voru mikil vonbrigði þegar ég kom að Hólastarfshópnum að átta mig á því að þessar 170 millj. kr. voru ekki einungis þær heldur voru 120 millj. kr. inni í fjármálaráðuneytinu, gömul skuld vegna launa, sem ekki hafði komið upp á borðið í þeirri umfjöllun — og segir okkur náttúrlega heilmikið um það að við þurfum að vanda okkur betur í slíkri umfjöllun. (Forseti hringir.) Þar voru mistökin gerð. Við áttum auðvitað að vera búin að hreinsa þessar skuldir af þessum skóla á þeim tíma. En við skulum treysta (Forseti hringir.) á að nú vinnist vel úr og Hólaskóli lifi sem öflug skólastofnun.

[14:36]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Hér hefur verið farið ágætlega yfir sögu þeirra mála sem hvað mest hafa verið rædd varðandi Hólaskóla. Einnig hefur verið farið yfir það hér með ágætum

hætti hvernig staðan er núna.

Ég hef áhyggjur af því varðandi þennan mikilvæga skóla — ekki bara mikilvægan á Norðurlandi heldur mikilvægan á landsvísu líka — hve lengi eigi að ríkja einhvers konar óvissa um hvað menn ætla að gera. Mig langar að spyrja ráðherra hvort hún sjái fyrir sér hvenær niðurstöður gætu legið fyrir varðandi þessa umræðu og þær viðræður sem eru að fara af stað. Sér hæstv. ráðherra það fyrir sér að skólinn fari í óbreyttu rekstrarformi inn í næsta fjárlagaár?

Þetta eru spurningar sem hefði þurft að svara fyrir löngu og það er mjög mikilvægt að þeim verði svarað sem fyrst. Það gengur ekki að svona mikilvæg stofnun sé í óvissu með framtíð sína svo að mánuðum og jafnvel árum (Forseti hringir.) skipti.

[14:37]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir þessar spurningar og svör hæstv. ráðherra. Ég vil leggja áherslu á að báðir landbúnaðarháskólarnir, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli, gegna mjög mikilvægu hlutverki, ekki bara í menntun heldur líka í byggðarlegu og samfélagslegu tilliti.

Þetta er stór vinnustaður í Skagafirði og það nám sem þar er boðið upp á, ferðaþjónusta, fiskeldi og hrossarækt, er mjög mikilvægt bæði fyrir samfélagið og fyrir landið í heild sinni.

Það er mikilvægt þegar ráðist verður í þessar framkvæmdir að það sé gert í fullri sátt, ekki bara við skólann heldur líka samfélagið í Skagafirði. Ég legg höfuðáherslu á að það verði gert. Ég hygg að skýrsla sem nýverið kom út um háskóla fari fyrir menntamálanefnd og hljóti þar umfjöllun. Í þeirri skýrslu hygg ég að sé margt gott en líka eitthvað sem öðruvísi mætti vera. Þetta þarf að skoða í fullri sátt við samfélagið, við nemendurna og við alla þá sem eiga þar aðild.

[14:39]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda þessa umræðu sem gefur tilefni til þess að horfa vítt til veggja varðandi háskólanám á Íslandi. Það er alveg ljóst að sá skóli sem hér um ræðir hefur átt við töluverða fjárhagserfiðleika að etja og sömuleiðis landbúnaðarháskólinn sem hér var nefndur. Umræða um fjármögnun á háskólastiginu hefur verið mjög mikil og varð sérstaklega erfið í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 2009.

Ég kem fyrst og fremst hingað upp til að hvetja hæstv. ráðherra til þess að gæta að því að í þeirri vinnu sem fram undan er, og í erfiðleikunum við að fjármagna þessar stofnanir, verði ekki farið út í það að háskólastarfseminni verði allri miðstýrt frá Vatnsmýrinni í Reykjavík. Ég vil hvetja til þess að þær háskólastofnanir sem starfandi eru út um land í ýmsum byggðakjörnum hafi möguleika á því að kynna sér annað rekstrarform, t.d. sjálfseignarstofnanir, þannig að aðkoma og áhrif heimamanna að þessum rekstri og þessari starfsemi verði betur tryggð en hingað til hefur verið.

[14:40]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Þetta er þörf umræða sem hér hefur verið vakin upp um málefni Hólaskóla, umræða sem vert er að skoða í ríku samhengi við áform um endurskoðun háskólastigsins, sem ég tek undir með hæstv. ráðherra að er brýnt að endurskoða — og málefni sem þarf líka að skoða með hliðsjón af Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa talað um að málefni Hólaskóla hafi staðið fulllengi í óvissu. Það er brýnt, bæði vegna samfélagslegra og félagslegra áhrifa stofnana eins og Hólaskóla og Hvanneyrar, að málefni þeirra séu ekki látin velkjast um of í kerfinu.

Þetta er ekki aðeins brýnt fyrir háskólastigið. Þetta er líka spurning um sjálfsmynd þeirra héraða sem standa (Forseti hringir.) næst umræddum háskólum.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Út af því sem sagt var hér áðan vil ég vekja athygli á því að þegar tekin var um það ákvörðun að færa rekstur skólans undan landbúnaðarráðuneytinu í menntamálaráðuneytið var ákveðið að gera gangskör að því að leysa úr þeim mikla vanda sem skólinn hefur átt við að etja mjög lengi. Það var meðvituð ákvörðun um að gera það í tengslum við þennan flutning á milli ráðuneytanna. Þess vegna var þessi nefnd, sem ég vísaði til, sett á laggirnar og hv. þm. Guðbjartur Hannesson sat m.a. í henni. Þeirri nefnd var m.a. ætlað það hlutverk að taka á rekstrarerfiðleikum skólans og finna á þeim frambúðarlausn, bæði að leysa þann uppsafnaða vanda sem til staðar var og einnig að reyna að finna lausnir til framtíðar.

Það er rétt sem hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson sagði hér áðan: Það er mjög vont fyrir skólann að vera í svona mikilli óvissu. Ég vil hvetja hæstv. menntamálaráðherra til þess að hraða þeirri vinnu sem nú stendur yfir.

Það liggja fyrir margvísleg gögn. Það er búið að rýna mjög mikið í rekstrarstöðu skólans og þau gögn liggja öll fyrir. Það þarf fyrst og fremst núna að fara að taka pólitískar ákvarðanir.

Sú nefnd sem ég vísaði til lagði til ákveðnar tillögur. Að hluta til, heyrist mér, eru menn að vinna eftir þeim en þó ekki að öllu leyti. Ég held að það skipti mjög miklu máli að reynt sé að komast að einhverri niðurstöðu svo að skólinn sé ekki í óvissu, t.d. varðandi spurningu um rekstrarformið, líka varðandi spurninguna um fjármögnunina, og það að aðgreina á milli rekstur skólans og Hólastaðar er auðvitað bara mál sem hægt er að vinda sér í algjörlega óháð rekstrarþætti skólans.

En ég vil fyrst og fremst hvetja hæstv. ráðherra til að taka á þessum málum þannig að afstaðan geti legið fyrir sem fyrst því að skólinn líður auðvitað fyrir þá óvissu sem yfir honum grúfir.

[14:43]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmönnum sem hér hafa talað að þetta hefur tekið mjög langan tíma, alveg frá því að landbúnaðarháskólarnir voru færð-

ir undir menntamálaráðuneytið 1. janúar 2008. Síðan er liðið tæplega eitt og hálft ár og enn eru skólarnir í raun og veru í gömlu fjármögnunarkerfi og ekki sambærilegir við aðra háskóla. En ég tel að það sé færi nú þegar þessi heildarendurskipulagning stendur fyrir dyrum. Ég held að það sé ekki annað hægt en að þetta verði hluti af henni, þ.e. að báðir landbúnaðarskólarnir taki þátt í henni.

Í raun og veru hefur menntamálaráðuneytið allt frá því það tók við málefnum Hólaskóla verið að vinna að því að koma rekstrinum þar í jafnvægi en það hefur því miður ekki enn tekist sem skyldi. Við vonum þó að það horfi til betri vegar og ég held að það sé mjög mikilvægt að við gerum það í ákveðnu samtali við fjármálaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið sem einnig er fjármögnunaraðili að þessum landbúnaðarskólum.

Að lokum vil ég geta þess að mikil uppbygging hefur átt sér stað og miklar breytingar hafa orðið í báðum landbúnaðarskólunum á mjög skömmum tíma, allt frá því að skólarnir voru færðir upp á háskólastig og það breytist verulega starfsemin þar, þróast í nýjar áttir. Þannig að það má segja að á sama tíma og mikil uppbygging og mikill kraftur hefur verið hefur líka blásið út eitthvað sem ekki var fyrirséð. En ég tek undir það með hv. þingmönnum að það er mjög mikilvægt að rekstrarmálum verði komið á hreint og málefni Hólaskóla verði síðan skoðuð í samhengi.

Ég vil nýta tækifærið hér að lokum til að nefna það að ég heimsótti skólann og ræddi við starfsfólk þar núna í aprílmánuði. Ég tel að mikil áhugi sé á því að taka þátt í þessari heildarendurskipulagningu. Innan dyra á Hólum er mjög margt fólk sem hefur verið frumkvöðlar í samstarfi á háskólastiginu sem er nákvæmlega það sem við þurfum að horfa til núna í þessari skipulagningu þannig að þar munum við fá mjög mikilvæga krafta í þá vinnu sem er fram undan. Ég efast því ekki um það að þar á Hólaskóli eftir að spila stórt hlutverk.

Umræðu lokið.

Nýsköpunarsjóður námsmanna.

Fsp. BJJ, 23. mál. — Þskj. 23.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Staða námsmanna í dag er mjög erfið, a.m.k. hjá mörgum þeirra, erfiðleikar við að fá vinnu í ljósi mikils atvinnuleysis og við hljótum að velta fyrir okkur hvernig kröftum þeirra sé best varið núna þegar sumarið er að ganga í garð. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra um Nýsköpunarsjóð námsmanna: Hvernig hyggst hæstv. ráðherra efla nýsköpunarsjóðinn og þar með fjölga tækifærum og störfum fyrir námsmenn?

Eftir að ég lagði þessa fyrirspurn fram kom fréttatilkynning frá menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti um að 15 millj. hefðu verið settar í það að styrkja nýsköpunarsjóðinn þannig að í raun og veru er búið að svara þessari spurningu að hluta. En ég velti fyrir mér hvaða áhrif þessi fjárframlög hafi, hvort þetta sé nægjanlegt til að mæta þeirri brýnu þörf sem blasir við hjá námsmönnum, hvort ekki sé rétt að við virkjum það hugvit sem býr í ungu og mjög frjóu fólki og við eflum þennan sjóð enn frekar. Ég get nefnt því til staðfestingar að árið 2003 var 161 verkefni til handa námsmönnum styrkt en einungis 79 árið 2008, það voru því helmingi færri verkefni styrkt árið 2008 en árið 2003. Ég velti fyrir mér í þessu samhengi hversu mikil fjölgun verður við þær 15 milljónir sem iðnaðarráðuneytið og menntamálaráðuneytið hafa ákveðið að verja til nýsköpunarsjóðsins en við gerum okkur grein fyrir því að vandamálið er mjög stórt. Næsta fyrirspurn, sem ég beini til hæstv. ráðherra á eftir, er einmitt um sumarnám í háskólum landsins og þessar tvær spurningar tengjast í raun og veru því mikla vandamáli sem blasir við námsmönnum í dag. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hún telji að nóg sé að gert að setja 15 millj. kr. í Nýsköpunarsjóð námsmanna, hvort það mæti þeirri gríðarlega miklu þörf sem er í samfélaginu og hvort ekki væri rétt að reyna að ná mjög víðtæku samstarfi, m.a. líka við sveitarfélögin, um að efla nýsköpunarsjóðinn enn frekar þannig að ungt og hæfileikaríkt fólk geti komið hugmyndum sínum í framkvæmd í gegnum þennan mikilvæga nýsköpunarsjóð sem ég tel að við þurfum að efla á tímum sem þessum.

[14:48]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrirspurnina. Ég veit að hann, eins og ýmsir aðrir þingmenn, hefur áhyggjur af atvinnumálum námsmanna. Það er rétt að sú ákvörðun var tekið af menntamálaráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra að styrkja sjóðinn til viðbótar núna um 15 millj. og koma þar 5 millj. frá menntamálaráðuneyti og 10 frá iðnaðarráðuneyti. Þetta er auðvitað umtalsverð viðbót í ljósi þess að heildarfjármunir sjóðsins hafa verið í kringum 40 millj., 20 frá menntamálaráðuneyti og 20 frá Reykjavíkurborg. Aðrir aðilar að sjóðnum eru Framleiðnisjóður landbúnaðarins og önnur sveitarfélög en framlög þeirra samanlagt eru í kringum 1–2 millj. Ég þori ekki að fara alveg nákvæmlega með töluna.

Það sem er kannski athyglisvert við þetta er að sjóðurinn var stofnaður 1992 en grunnframlög til sjóðsins hafa hækkað mjög lítið á undanförnum árum og hlutfall þeirra umsókna sem hafa fengið styrki hefur á sama skapi farið niður á við. Í vor var það svo að rétt ríflega 20% umsókna fengu styrki eða u.þ.b. 23%. Þau verkefni voru hins vegar með ríflega 100 störf á bak við sig, þ.e. það voru fleiri störf í kringum hvert verkefni en fengu. Þarna er auðvitað um umtalsverða hækkun að ræða, úr 40 millj. í 55 millj., þannig að við vonumst til að sjá fram á nokkra fjölgun. Við áttum von á að hugsanlega gætu u.þ.b. 120 manns fengið störf og þarna gætu verið að bætast við 40–50 störf. Það fer auðvitað eftir verkefnum og hvernig þau raðast.

Ég vil líka segja að það er frábært tækifæri fyrir námsmenn að sækja um styrki í nýsköpunarsjóð og vinna þannig að verkefnum þar sem þeir nýta frumkvæði sitt og eigin kraft, sínar eigin hugmyndir. Þarna hefur skapast samstarf nemenda milli deilda og þarna hafa skapast þverfagleg verkefni. Þarna hafa nemendur kynnst sjálfstæðum vinnubrögðum, sjálfstæðum rannsóknum oft í fyrsta sinn af eigin raun í gegnum Nýsköpunarsjóð námsmanna. Þessi sjóður

hefur kannski verið minna sýnilegur á undanförnum árum en hann var áður fyrr og ég tel að það sé full ástæða til að skoða hvort hægt sé að styrkja hann varanlega. Þessi aukafjárveiting kemur þannig til að þarna er í raun og veru fært af öðrum liðum til að styrkja þennan sjóð núna. Ég held hins vegar að við verðum að líta til þess að þarna erum við að horfa á atvinnusköpun í þeim anda sem við teljum æskilegan, þar sem byggt er á nýsköpun og byggt er á þekkingu. Þarna vinnur fólk verkefni sem oft þróast áfram í að verða eitthvað meira og oft koma líka inn fyrirtæki með mótframlög þannig að það skapast tenging háskólasamfélags og atvinnulífs sem er mjög æskileg ef við ætlum byggja hér áfram á tækniþróun og nýsköpun.

Ég tel að það eigi að skoða það þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hvort við getum styrkt sjóðinn varanlega með frekari fjármunum því að þarna sjáum við atvinnusköpun sem er í raun og veru ódýr því að laun námsmanna sem vinna við nýsköpunarsjóðinn eru ekki há en geta um leið haft mikinn virðisauka í för með sér. Við sjáum líka fram á að nemendur gera eitthvað annað en þeir gera dagsdaglega í sínu háskólanámi. Þeir sinna einhverju út frá eigin hugmyndum og eigin forsendum, oft í tengslum við atvinnulífið. Ég tel að Nýsköpunarsjóður námsmanna sé ein af þeim mikilvægu brúm sem þarf að styrkja og tryggja á milli háskólasamfélags og atvinnulífs. Ég ætla kannski ekki að hafa frekari orð um það önnur en þau að ég vonast til að við sjáum að þessi fjárveiting nýtist vel og reyndar er ég ekki í nokkrum vafa miðað við það hversu mörgum umsóknum var hafnað núna sem þóttu þó fullframbærilegar hreinlega af því að ekki voru til fjármunir. Ég veit að þessir peningar eiga eftir að nýtast vel en ég tel líka að það eigi að skoða það hvort ekki sé ástæða til að efla sjóðinn til varanlegrar framtíðar.

[14:52]

Skúli Helgason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni kærlega fyrir þessa fyrirspurn og þann stuðning sem hann sýnir nýsköpunarsjóðnum og ekki síður hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra fyrir það hve skjótt þær brugðust við með þessari aukafjárveitingu. Hún er umtalsverð eins og hæstv. menntamálaráðherra kom inn á í ljósi þess að fjárveitingarnar hafa verið í tiltölulega stöðugu formi síðan 1992.

Það er rétt að rifja það upp að þessi sjóður verður til við svipaðar aðstæður og núna eru þegar skyndilegt fjöldaatvinnuleysi kemur upp í samfélaginu, reyndar mun minna en við væntanlega horfum fram á núna. Það er full ástæða til að skoða það með þennan sjóð, af því að það er rétt að hafa í huga að það lætur nærri að 95% af þeim fjármunum sem koma í sjóðinn fari beint út í laun til námsmanna, að yfirbyggingin er afar lítil og hægt er að bregðast mjög hratt við atvinnuástandi eins og hér er með auknum framlögum í sjóðinn.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og hv. þm. Skúla Helgasyni fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Það eru nefnilega fjölmörg tækifæri í þeirri stöðu sem blasir við okkur í dag og ég held að ungt fólk sé jafnvel betur í stakk búið til að fá nýjar ferskar hugmyndir í þeirri stöðu. Við þurfum að virkja hugvitið, við þurfum að kalla fram það besta í okkar hæfileikaríkasta fólki og þess vegna er ég alveg viss um að þeir fjármunir sem við leggjum fram í Nýsköpunarsjóð námsmanna skila sér margfaldlega út í samfélagið. Eins og hv. þm. Skúli Helgason nefndi áðan borgar fólk skatta og skyldur af störfum sínum og síðan geta skapast mörg afleidd störf í framhaldinu sem geta veitt ríkissjóði og samfélaginu öllu ómældan hagnað og ágóða. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra í ljósi þess að árið í ár og trúlega næstu tvö ár verða mjög erfið í okkar samfélagi: Hefur hæstv. ráðherra hugleitt það að kalla til fleiri sveitarfélög, jafnvel atvinnulífið, að þessum sjóði með a.m.k. tímabundið framlag til að mæta þeim erfiðu tímum sem blasa við okkur, gera nýsköpunarsjóðinn öflugri, gera hann sýnilegri, markaðssetja hann þannig að fólk viti að þessi sjóður er fyrir hendi þannig að það kalli fram ákveðið frumkvæði hjá námsmönnum? Ég er viss um að ef fleiri vissu og væru meðvitaðir um að hann er til staðar mundi umsóknum fjölga, jafnvel góðum umsóknum sem gætu leitt af sér fullt af tækifærum og störfum fyrir íslenskt samfélag sem er nauðsynlegt í dag. Ég spyr hæstv. ráðherra um leið og ég lýsi yfir ánægju með að verið er að styrkja þennan sjóð, hvort ekki sé tilefni til þess í ljósi allrar umræðunnar um þjóðarsátt að kalla fleiri aðila að borðinu um það hvort hægt sé að efla sjóðinn með einhverjum hætti. Þá er ég hugsa jafnvel um háskólana, sveitarfélögin, atvinnulífið, ríkið, hugmyndir um að gera þennan sjóð að öflugri sjóði en hann er í dag sérstaklega á tímum eins og við búum við um þessar mundir.

[14:56]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni, ég held að full ástæða sé til að skoða það að kalla fleiri aðila að borðinu. Ég vil minna á að þegar þessi sjóður var stofnaður á sínum tíma, árið 1992, að frumkvæði stúdenta var í raun og veru farið mjög veglega af stað, þá urðu til nýsköpunarverðlaun forseta Íslands sem ávallt hafa hlotið athygli í fjölmiðlum. Þar hafa birst námsmenn með framúrskarandi verkefni sem seinna að nokkrum árum liðnum hafa birst sem framúrskarandi vísindamenn jafnvel í eigin atvinnustarfsemi eða innan háskólasamfélagsins. Sjóðurinn hefur því vissulega verið mjög dýrmætur vaxtarsproti og það má eiginlega segja að ekki hafi verið lagt nægilega til hans. Fé til hans hefur ekki verið aukið á síðustu árum, kannski af því að þörfin hefur ekki verið fyrir hendi. En sú atvinnuþörf sem hv. þm. Skúli Helgason benti á var vissulega til staðar þegar sjóðurinn var stofnaður á sínum tíma.

Ég get tekið undir með hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að það er full ástæða til að skoða það að kalla fleiri að borðinu. Sem stendur er það Reykjavíkurborg sem leggur til framlag en auðvitað sækja námsmenn úr fleiri sveitarfélögum í sjóðinn. Þarna gætum við verið að horfa fram á ódýra atvinnusköpun þar sem lögð er áhersla á þekkingarþróun og spennandi atvinnu fyrir námsmenn í háskólum landsins þar sem þeir virkja hugmyndir sínar, kraft sinn og frumkvæði, sem er nákvæmlega það sem við þurfum að reiða okkur á sem þjóð einmitt þegar illa árar. Ég tek því undir með hv.

þingmanni að liður í því að efla sjóðinn varanlega væri að kalla fleiri aðila að þessu borði.

Umræðu lokið.

[14:58]

Útbýting:

Afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, 49. mál, þáltill. SDG o.fl., þskj. 49.

Fjáraukalög, 50. mál, fsp. BJJ, þskj. 50.

Meðferð aflaheimilda, 51. mál, fsp. ÓÞ, þskj. 51.

Náttúruverndaráætlun 2009–2013, 52. mál, stjtill. umhvrh., þskj. 52.

Sumarnám í háskólum landsins.

Fsp. BJJ, 24. mál. — Þskj. 24.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég vil halda áfram að inna hæstv. menntamálaráðherra eftir stöðu námsmanna og hvernig sumarið sem í vændum er muni blasa við þeim þúsundum einstaklinga sem stunda nám við háskóla landsins. Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra: Hvað er áætlað að margir einstaklingar muni leggja stund á sumarnám í háskólum landsins sumarið 2009 og hversu margir sóttu um slíkt nám?

Það er ljóst að við sem samfélag högnumst á því að ungt fólk haldi áfram að stunda sitt nám og ná sér í aukna þekkingu í sumar frekar en að mæla göturnar og gera lítið sem ekki neitt og þiggja jafnvel atvinnuleysisbætur, þ.e. þeir námsmenn sem hafa rétt á slíku. Kennarar við háskóla landsins hafa sýnt glæsilegt fordæmi. Margir vinna launalaust í sumar við að kenna á sumarönninni og það framlag kennarastéttarinnar er mjög lofsvert og ljóst að það er hluti ákveðinnar þjóðarsáttar frá þeirri starfsstétt vil ég meina. Það er gríðarlega mikilvægt að námsmenn geti ótrauðir haldið áfram að auka við þekkingu sína og þess vegna væri mjög áhugavert að heyra það frá hæstv. ráðherra hversu margir námsmenn ætla að stunda sumarnám við háskóla landsins í sumar og hvort einhverjir námsmenn fengu höfnun vegna slíks.

Ég fékk fyrirspurn frá námsmanni um daginn sem sagðist hafa ákveðið að sækja um tvö námskeið. Og vegna þess að hann sótti um tvö námskeið en ekki eitt eða þrjú á hann ekki rétt á atvinnuleysisbótum sem hann hefði átt ef hann hefði sótt um eitt og hann á ekki rétt á námslánum ef hann hefði sótt um þrjú. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort þetta geti verið rétt. Ef svo er þurfum við náttúrlega að sníða þennan galla af núverandi kerfi því að sjálfsögðu á ekki að refsa viðkomandi einstaklingi fyrir að velja tvö námskeið í staðinn fyrir eitt og hann fái þar af leiðandi ekki atvinnuleysisbætur.

Þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða og mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra mundi bregðast við þessu í ljósi tölvupósts sem ég fékk á dögunum. En fyrst og síðast var spurningin um þetta stóra mál, sem m.a. kennarar í háskólum landsins hafa gert kleift: Hversu margt ungt fólk mun stunda sumarnám við háskóla landsins? Var einhverjum hafnað sem sótti um slíkt nám? Ef svo er væri það miður.

[15:01]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrirspurnina.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá háskólunum stunda 2.092 nemendur sumarnám við háskóla landsins og hafa sótt um það. Þingmaðurinn spyr hvort einhverjum hafi verið hafnað sem sótti um nám. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér hafa nær allir nemendur sem sóttu um inngöngu í sumarnám fengið aðgang að náminu. Það á þó ekki við um annars vegar Bifröst þar sem 280 nemendur sóttu um skólavist en 250 fengu inngöngu, líklega út frá rými skólans til að taka við nemendum, og hins vegar um Hólaskóla þar sem 15 umsóknir bárust um sumarskóla á hestafræðibraut en 9 stóðust inntökupróf. Að öðru leyti virðast umsækjendur hafa fengið inngöngu í það nám sem þeir sóttu um. Inni í þessum tölum eru ekki nemendur sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi sem ekki taka námskeið en stunda eigi að síður nám. Nær helmingur þessara nemenda er í Háskóla Íslands eða u.þ.b. þúsund, ríflega 500 eru í Háskólanum í Reykjavík en síðan dreifist þetta milli þeirra skóla sem bjóða upp á sumarnám.

Eins og kunnugt er var ákveðið að veita 85 millj. til háskólanna til þess að þeir gætu í raun boðið upp á sumarnám enda hafði komið fram að ýmsir háskólar töldu sig hreinlega ekki hafa bolmagn til að gera það. Um leið var Lánasjóði íslenskra námsmanna veitt framlag upp á 660 millj. til þess að geta staðið undir útlánum og í raun og veru var það stóri útgjaldapósturinn til að geta staðið undir útgjöldum við sumarnám.

Hvað varðar reglur lánasjóðsins um sumarnám voru þær kynntar strax í upphafi og miðast við ákveðið lágmark sem er 20 ECTS-einingar eða 10 einingar í gamla kerfinu og eru þær sömu og hafa gilt um sumarnám almennt hjá lánasjóðnum. Þær reglur voru kynntar. Hins vegar er það rétt sem hv. þingmaður nefndi — mig grunar reyndar að sami tölvupóstur hafi borist mér — að nemendur geta lent þarna í millibili, milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og lánasjóðsins. Ég tel mjög mikilvægt að þessi tvö kerfi ræði saman, þ.e. þær reglur sem annars vegar Atvinnuleysistryggingasjóður miðar við og hins vegar þær reglur sem lánasjóðurinn miðar við, að þar lendi ekki fólk milli skips og bryggju, ef svo má að orði komast, því að það hefur í raun verið þannig að þeir sem taka undir lágmarkinu hafa getað sótt um atvinnuleysisbætur en þau mörk virðast miðast við eitt námskeið. Hins vegar hafa reglurnar um sumarnám, þ.e. hvað dugi til að fá lán, verið algjörlega skýrar frá upphafi þess að ákveðið var að fara í það að LÍN byði upp á þessi lán, það var algjörlega ljóst að það mundi miðast við 20 ECTS-einingar.

Ég tek undir með hv. þingmanni að mér finnst mjög mikilvægt að þessi kerfi tali betur saman og hef ég þegar nefnt það við hæstv. félagsmálaráðherra að þörf sé á einhverri samræmingu í þessum efnum.

[15:05]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir fyrirspurnina og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er mjög

áhugavert að heyra hversu margir það eru sem hafa ákveðið að leggja stund á nám í sumar og vonandi geta sem flestir uppfyllt skilyrði um að fá námslán.

Ég hefði mikinn áhuga á að heyra það frá hæstv. ráðherra hvort það sé líka verið að skoða það í samstarfi á milli menntamálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins að fólk geti hugsanlega fengið greiddar atvinnuleysisbætur á meðan það stundar nám, hvort heldur það er háskólanám eða framhaldsskólanám. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði fram þess háttar lagabreytingu á síðasta þingi sem hlaut því miður ekki brautargengi en mig minnir að ég hafi heyrt að áhugi sé innan ríkisstjórnarinnar að fara í þess konar breytingar að fólk geti fengið atvinnuleysisbætur alla vega tímabundið til að stunda nám.

[15:06]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Ég velti líka fyrir mér einmitt þessum tengslum milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna og finnst að það ætti að vera hægt að gera þetta með sambærilegum hætti og gert er hjá fyrirtækjum sem fá stuðning til að halda fólki í vinnu, að þetta sé kannski ekki síður eitthvað sem við getum lagt okkur fram um að breyta.

Mig langar hins vegar til að minnast á framhaldsskólanemana því að þeir gleymast svolítið og þetta bil sem sveitarfélögin standa frammi fyrir varðandi framhaldsskólanema sem ekki hafa vinnu. Vissulega eru sveitarfélögin að reyna, ég veit að mitt sveitarfélag ætlar að reyna að taka fólk í vinnu sem er á þessu aldursbili, 16 ára til tvítugs, sem hefur kannski ekki greiðan aðgang að vinnu. Mér finnst vera einblínt svolítið mikið á hvað eigi að gera fyrir háskólafólk en ekki fyrir framhaldsskólanema, (Forseti hringir.) en það er eitthvað sem við þurfum að bæta úr. Hér var minnst á fyrr í vikunni (Forseti hringir.) samstarf við Hugmyndaráðuneytið með ÍTR. Koma þar fleiri sveitarfélög að?

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og hv. þingmönnum Eygló Harðardóttur og Bjarkey Gunnarsdóttur fyrir að taka þátt í þessari umræðu.

Mér sýnist einfaldlega að þær fyrirætlanir sem síðasta ríkisstjórn beitti sér m.a. fyrir með fulltingi Framsóknarflokksins og allra flokka á þingi séu að ganga eftir og hér er um góða hluti að ræða miðað við svör hæstv. ráðherra. Það er því ekki allt alslæmt. Okkur framsóknarmönnum er legið á hálsi fyrir að gagnrýna ríkisstjórnina mikið hér í þinginu en það hlutverk stjórnarandstöðunnar að veita ríkjandi stjórnvöldum aðhald og við munum gera það. En ég mun ekki verða feiminn við að hæla ef mér finnast hlutirnir vel gerðir og mér sýnist að hér hafi ágætlega verið staðið að málum og vil bara lýsa yfir mikilli ánægju með það. Ég bendi enn og aftur á að kennarar í þessum háskólum hafa lagt fram mjög mikilvægt framlag til að af þessum áformum geti orðið og það er ánægjulegt að vita að um 2.100 námsmenn muni nýta tímann í sumar í háskólum landsins til að sækja sér aukna þekkingu. Ég las þannig úr orðum hæstv. ráðherra að hún hygðist beita sér í því að koma á einhverri samræmingu milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og lánasjóðsins til að sníða af þann galla sem blasir við okkur og við höfum rætt hér.

Það er hárrétt sem hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir nefndi að við höfum einblínt mjög mikið á háskólanemana en það má ekki gleyma því unga fólki sem stundar nám í framhaldsskólum landsins. Ég tel að við þurfum á sumarþinginu að veita því meiri athygli hver staða þess hóps er. Það er greinilega búið að koma að miklu leyti til móts við vanda háskólastúdenta, þ.e. þeirra sem hafa viljað stunda nám í sumar, en ég velti fyrir mér stöðu framhaldsskólanemanna almennt og hvort við þurfum ekki (Forseti hringir.) á vettvangi þingsins að kanna mjög ítarlega hver staða þess þjóðfélagshóps er. En enn og aftur þakka ég fyrir góð svör.

[15:10]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni góð orð. Ég vil nefna annars vegar af því að hér er spurt um samspil Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna að þar eru viss vandkvæði á sem tengjast því t.d. að grunnatvinnuleysisbætur eru umtalsvert hærri en lágmarksnámslán, sem er í kringum 100 þús. kr., framfærslulán til einstaklings er rétt rúmlega 100 þúsund, á meðan grunnatvinnuleysisbætur eru nær 150 þúsund. Þessi munur hefur líka gert það erfiðara að fá kerfin til að vinna saman og staða lánasjóðsins er, eins og hv. þingmenn þekkja, mjög þröng eftir að gengið var á eigið fé hans um milljarð í síðustu fjárlögum og ekki von á aukningu í þeim fjárlögum sem fram undan eru. Við áttum okkur á því að þar skapast ákveðið misræmi og þeir sem missa vinnuna segja eðlilega: Hver er hagur minn í því að fara í nám ef ég lækka við það í tekjum? Þetta miðast auðvitað við grunnframfærsluna en eins og hv. þingmönnum er kunnugt miðar lánasjóðurinn síðan við fjölskyldustærð og fleiri breytur þannig að þetta getur komið misjafnlega út, kerfin eru byggð upp á ólíkan hátt sem gerir þetta samspil erfitt á köflum. Ég tel hins vegar að það sé verkefni okkar að reyna að leysa úr því þannig að kerfin a.m.k. vinni betur saman og einhver hvati sé fyrir þá sem hafa misst vinnuna að leita sér menntunar.

Hvað varðar framhaldsskólanemana vonumst við auðvitað til að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til varðandi háskólanemana létti að einhverju leyti pressunni á þeim markaði. En þar sjáum við fram á erfiða tíma og ég nefni sem dæmi að í Reykjavík hefur ekki verið unnt að ráða nema hluta framhaldsskólanema í vinnu, það hefur gengið betur í sveitarfélögunum í kring. Eigi að síður eru sveitarfélögin að reyna að halda uppi ráðningarstiginu á sama stað og það var í fyrra en við sjáum erfiðleika þarna. Við höfum verið að leita hugmynda vegna framhaldsskólanemanna og erum að reyna að tryggja að þeir mæli ekki göturnar heldur hafi einhver verkefni í að sækja, t.d. innan skólanna.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 15:13.

8. FUNDUR

fimmtudaginn 28. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:
Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 11. þm. Reykv. n.
Ögmundur Jónasson heilbrrh., 10. þm. Suðvest.

Tilhögun þingfundar.

[10:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):
Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármálið er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

[10:01]

Útbýting:
Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, 54. mál, þáltill. SDG o.fl., þskj. 54.

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, fyrri umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38.

[10:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):
Samkomulag er um að 5 mínútur bætist við ræðutíma samkvæmt þingsköpum við þessa fyrri umræðu.

[10:01]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):
Frú forseti. Þetta er sögulegur dagur að ýmsu leyti, sögulegur vegna þess að hér er verið að mæla fyrir tillögu til þingsályktunar þar sem þess er farið á leit að Alþingi samþykki að ríkisstjórnin gangi til samninga um aðild Íslands að Evrópusambandinu og leggi síðan niðurstöðuna í formi aðildarsamnings í dóm þjóðarinnar.

Þessi dagur er líka sögulegur að öðru leyti. Hér hefur í upphafi þessa þingfundar verið lögð fram tillaga undir forustu hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, tillaga sem lögð er fram af Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki þar sem í reynd er verið að leggja til að sama leið sé farin. Þar er einungis verið að leggja til að málaumbúnaðurinn verði svolítið öðruvísi og það verði gert síðar á þessu sumri. Ég fagna þessu vegna þess að þetta sýnir mér að það er hægt á þessu þingi að ná samstöðu í gegnum samráð um mjög mikilvæg mál. Þetta skiptir máli. Allir flokkar ættu þess vegna að fagna því, frú forseti, að í greinargerð með þeirri tillögu sem ég er að mæla fyrir kemur einnig fram að ríkisstjórnin hyggist leggja fram frumvarp um framkvæmd þeirra mála sem eru þess eðlis að þeim ber að ráða til lykta með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég hygg að með framlagningu þeirrar tillögu sem ríkisstjórnin stendur fyrir og tillögu þeirra tveggja flokka sem hafa lagt fram aðra tillögu á þessum morgni liggi það alveg ljóst fyrir á hinu háa Alþingi að umsókn um aðild að Evrópusambandinu er svo stórt mál og varðar stefnu Íslands um svo langa framtíð að þjóðin verður sjálf beint og milliliðalaust að taka sína afstöðu. Það er lýðræðislegasta aðferðin og það getur þjóðin ekki gert nema allt sé uppi á borðinu og við fáum ekki allt upp á borðið nema gengið sé til samninga og niðurstaða fáist í þeim hagsmunamálum sem mestu varðar. Það má því segja að með þessari tillögu sé þingið að búa málið í hendur þjóðarinnar.

Í greinargerðinni sem fylgir þessari tillögu eru raktir þeir grundvallarhagsmunir sem Íslendingar þurfa að sækja og verja og þeir verða grunnur þeirra markmiða sem verða sameiginlega mótuð áður en Íslendingar ganga til samninga. Ég hygg að það hafi komið fram hjá öllum að þar skiptir langmestu varðstaða og forræði yfir auðlindum til lands og sjávar. Í greinargerðinni er þetta rakið. Þar er sagt skýrum orðum að tryggja verði forræði þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni, yfir auðlindum í vatni og orku og sömuleiðis er lögð skýr áhersla á að það þurfi að tryggja íslenskan landbúnað á grundvelli fæðu- og matvælaöryggis. Því er slegið föstu af hálfu ríkisstjórnarinnar að unnið verði að því að skapa íslenskum fyrirtækjum og atvinnulífi vaxtarhvetjandi og sem jákvæðast umhverfi. En það er sömuleiðis sagt afdráttarlaust að það verði að standa vörð um réttindi launafólks, um vinnurétt og tryggja lýðræðislegan rétt til að stýra almannaþjónustu á félagslegum forsendum.

Ég vek líka eftirtekt hv. þingmanna á því að þar er tekið fram að samhliða viðræðum um hugsanlega aðild eigi að kanna hvort unnt sé að ná fram samstarfi í gjaldmiðilsmálum til að styðja við gengi krónunnar. Þetta, frú forseti, eru þeir grundvallarhagsmunir sem við þurfum að standa fast á í þessu máli og þeir eru í samræmi við það sem allir stjórnmálaflokkar hafa reifað í stefnumótun sinni varðandi nánari tengsl við Evrópu. Rauði þráðurinn í málflutningi allra flokka, sem allir hafa á þessu ári fjallað um málið, er varðstaða um auðlindir fari svo að gengið verði til viðræðna um aðild. Það er mér fagnaðarefni að um þetta er alger samstaða milli flokka. Menn geta svo velt fyrir sér hvort það sé tímabært að sækja um aðild núna. Mér virðist að sú skoðun sé að ná meira fylgi en áður og þá vísa ég til þeirrar þingsályktunartillögu sem kynnt var af frú forseta að lögð hefði verið fram af tveimur flokkum sem standa utan ríkisstjórnar.

Ég tel að það sé tímabært af mörgum ástæðum að láta einmitt núna reyna á umsókn. Í fyrsta lagi má færa mjög sterk rök fyrir því að þjóðin vilji fá að segja sitt álit og stjórnmálaflokkarnir, hvaða afstöðu sem þeir hafa til ESB, virðast vera á þeirri skoðun að hún eigi að fá það, samanber þá staðreynd að nú liggja fyrir þingsályktunartillögur sem fluttar eru með fulltingi fjögurra stjórnmálaflokka einmitt

til að gefa þjóðinni færi á að tjá þennan vilja sinn.

Í öðru lagi hefur samfélagið tekið þátt í djúpstæðri umræðu um kosti og galla aðildar og upptöku evrunnar. Það má segja að lokasprettur nýliðinna kosninga hafi að töluverðu leyti snúist um það. Háskólasamfélagið hefur rætt þetta í þaula. ASÍ hefur tekið þetta mál fast að brjósti sínu. Ég hygg að segja megi að öll aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins hafi mótað mjög ítarlega stefnu um þetta. Við vitum það líka að tvær nefndir, skipaðar einvalaliði stjórnmálaflokka og atvinnulífs, hafa á síðustu árum og missirum fjallað um þetta mál og dregið saman óhemjumagn gagna og þokað umræðunni mjög áfram. Því má segja að Íslendingar hafi sem samfélag tekið mjög öflugan og mikinn þátt í þessari umræðu.

Í þriðja lagi hafa allir íslensku stjórnmálaflokkarnir lokið ítarlegri umræðu um málið í sínum stofnunum. Hver og einn einasti þeirra hefur tekið tengsl okkar og Evrópu til umfjöllunar á landsfundum sínum og mótað ítarlega stefnu um það hverjir grundvallarhagsmunir Íslendinga eigi að vera. Ég get því ekki annað en dregið þá ályktun að íslensku stjórnmálaflokkarnir séu ákaflega vel nestaðir í þessa umræðu.

En þegar ég segi að þetta sé tímabært einmitt núna vil ég bæta því við í fjórða lagi að nákvæmlega núna stendur íslenska þjóðin á krossgötum. Við höfum saman gengið í gegnum mestu erfiðleika sem dunið hafa yfir íslenska þjóð og við erum byrjuð að byggja upp hið nýja Ísland. Einmitt þá tel ég tímabært og nauðsynlegt að þjóðin sjálf taki ákvörðun um það hvert beri að stefna.

Ég held að við sem erum í þessum sal, þó að við kunnum að vera ósammála um Evrópusambandið, getum verið sammála um að umræðan hefur leitt mjög skýrt fram andstæð sjónarmið. Við þekkjum öll sjónarmið þeirra sem styðja aðild og þeirra sem eru á móti. Hvor tveggja sjónarmiðin hafa lögmætt gildi og eiga rétt á sér í umræðunni. Andstæðingar aðildar telja að í aðild felist óviðunandi afsal á fullveldi. Þeir óttast að gangi Ísland í Evrópusambandið verði ómögulegt að losna þaðan aftur og þeir telja að það sé ekki hægt fyrir Ísland að ganga í sambandið nema fá einhverjar varanlegar undanþágur frá regluverki sem ómögulegt sé að fá samkvæmt reglum sambandsins. Andstæðingarnir álíta sömuleiðis að Íslendingar verði að gefa eftir forræði yfir auðlindum, ekki síst í hafinu, og því er haldið fram að fiskimiðin muni komast í hendur útlendinga til frambúðar. Ég held að við getum verið sammála um það sem höfum tekið þátt í þessari umræðu að þetta eru sterkustu rökin sem tengjast umræðunni. Þetta eru þau rök sem umræðan hverfist um.

Ég nefni vitaskuld líka málefni landbúnaðar. Því er haldið fram að hann mundi eiga erfitt uppdráttar innan Evrópusambandsins, efnahagslegum grundvelli greinarinnar yrði stefnt í hættu og Íslendingar yrðu öðrum þjóðum háðir. Í tengslum við þetta hafa menn rakið það, ekki síst hv. þingmenn Framsóknarflokksins, að ef við gengjum inn kynnu varnir gegn smitsjúkdómum að bresta þannig að fæðuöryggi þjóðarinnar yrði ótryggt. Þetta eru helstu rökin sem eru gegn aðild. Allir vita hvar ég stend í þessu máli. Ég hef aldrei dulið mína afstöðu. Ég hef verið eindreginn og sannfærður Evrópusinni eins og svo margir félagar mínir í Samfylkingunni, sumir í Sjálfstæðisflokknum líka, þannig að það kemur engum á óvart að ég er ekki sammála þeim röksemdum sem ég var að telja fram gegn Evrópusambandinu. Ég tel hins vegar að það sé málefnalega rétt af mér að undirstrika þær rækilega vegna þess að þær eiga lögmætt erindi í umræðunni. Ég tel hins vegar að aðild feli ekki í sér afsal á auðlindinni og þegar um sjávarútveg og landbúnað er að tefla hefur sambandið gefið skýr fordæmi í tengslum við mikilvæga hagsmuni nýrra aðildarríkja sem sýna það svart á hvítu að hægt er að semja um sérlausnir á ýmsum mikilvægum úrlausnarefnum og umræðurnar um breytingar á sameiginlegu fiskveiðistefnunni í nýrri grænbók renna stoðum undir það. Við höfum í gegnum fréttir fylgst með því allra síðustu daga og við höfum séð það á fundi sjávarútvegsráðherra Evrópusambandsins sem voru að funda fyrir tveimur þremur dögum að þar er beinlínis tekið undir sjónarmið Íslendinga um að færa hið miðstýrða vald varðandi stjórn fiskveiða frá Brussel út til aðildarlandanna og í þeim efnum eigum við mikilvæga bandamenn. Þetta er mál sem hefur verið í þróun síðustu ár og við sjáum núna að er að renna í ákveðna fyllingu og það skiptir okkur verulegu máli.

Hvað landbúnaðinn varðar tel ég, miðað við þær breytingar sem líklegt er að verði á umhverfi landbúnaðarins í tengslum við þá samninga sem fyrirhugaðir eru á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á næstu árum, að íslenskum landbúnaði kunni að vera betur borgið á næstu árum innan ESB en utan. Ég þori að fullyrða það hér en það mun þingnefndin sem fær þetta til rannsóknar kynna sér. Og ég vil eigi að síður segja að ég tel t.d. að þeim hefðbundnu greinum landbúnaðar sem okkur hefur verið svo umhugað um eins og sauðfjárrækt og mjólkuriðnaði verði ekki verr borgið innan ESB en utan og sauðfjárræktinni raunar betur.

Í sjávarútvegi, sem auðvitað skiptir verulega miklu máli fyrir okkur og eru grundvallarhagsmunir, sýnir reynslan að Evrópusambandið hefur alltaf verið reiðubúið til að finna lausnir sem snerta grundvallarhagsmuni nýrra aðildarríkja. Sjávarútvegurinn eru grundvallarhagsmunir fyrir okkur og þetta eru auðvitað rök fyrir því að við eigum frekar að láta reyna á samning en standa álengdar hjá og telja að við munum ekki fá eitthvað sem við höfum ekki látið á reyna.

Ég vil hins vegar segja það, frú forseti, að meðal sterkustu raka fyrir aðild er vitaskuld sá efnahagslegi ávinningur sem ég sé að í henni felst, bæði til skemmri og lengri tíma. Ég vil segja það alveg skýrt að aðild er engin töfralausn, hún er engin allsherjarlausn sem losar okkur við öll þau vandamál sem við höfum eins og með því að smella fingri. Ég tel hins vegar að hægt sé að færa verulega sterk rök að því að aðild muni renna styrkari stoðum undir efnahagslífið og hún stuðli að því sem við þurfum svo ríkulega á að halda, auknu trausti á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Og ég tel líka að í þeirri óvissu sem ríkir núna um það hvert við, íslenska þjóðin, íslenska þingið vill stefna mundi umsókn draga verulega úr þeirri óvissu og ég vísa til þess líka að í stefnuræðu sinni um daginn færði hæstv. forsætisráðherra gild rök fyrir því að umsókn mundi að öllum líkindum mjög skjótlega hafa styrkjandi áhrif á gengið.

Hvað er það sem hv. þingheimur hefur verið að ræða um í þessum ræðustól frá því að þing kom saman í vor? Eitt

af því er sú nauðsyn sem íslenskum fyrirtækjum og íslenskum heimilum er á því að fá stöðugan gjaldmiðil og á þeirri nauðsyn þeirra að losna við verðtrygginguna. Þetta er leið til þess. Ég dyl ykkur þess ekki heldur að fyrir mér sem fyrrverandi atvinnuráðherra eru það sterk rök sem ég fann á eigin hljóðhimnum næstum því vikulega meðan ég var í forustu í iðnaðarráðuneytinu að aðild og upptaka evrunnar mun greiða erlendri fjárfestingu leið inn í samfélagið á sama tíma og það er óhjákvæmilegt að innlendar fjárfestingar munu minnka vegna þess að heimili og fyrirtæki munu vera að berjast við það að borga skuldir sínar. Það er skoðun mín að aðild að Evrópusambandinu mundi verulega hvetja til erlendra fjárfestinga hér á landi og það er skoðun mín og míns flokks, Samfylkingarinnar, að við þurfum á erlendri fjárfestingu að halda til að vinna bug á atvinnuleysinu. Það hlýtur að skipta okkur máli. Og ég spyr hv. þingmenn: Hver getur annað en horft á þau rök að miðað við vaxtamuninn sem er að lágmarki milli okkar og evrunnar gæti upptaka hennar lækkað vaxtabyrði íslenskra fyrirtækja um 130 milljarða á ári? Aðild og upptaka evrunnar gæti lækkað vaxtabyrði, vaxtagreiðslur íslenskra heimila um 60 milljarða á ári. (**Gripið fram í:** Eftir 10 ár?) Gæti lækkað sömuleiðis greiðslubyrði vegna vaxtagreiðslna ríkisins um 30–40 milljarða á ári. Þetta er tvöfalt meira en það sem þingheimur mun glíma við á næstu dögum til að skera niður í ríkisfjármálum. (Gripið fram í.) Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson kallar hér fram í og hugsanlega hefur hann aðra skoðun en ég og ég er viss um að margir í þessum sal hafa aðra skoðun en ég. Skoðanir mínar eru ekki heilagar og reynslan sýnir líka að þær eru heldur ekki alltaf réttar.

Ég held hins vegar að við getum ekki skorið úr því hvort ég eða hv. þm. Höskuldur Þórhallsson kunnum að hafa rétt fyrir okkur með vangaveltum úr stóli Alþingis. Eina leiðin til að skera úr þessu er sú að láta á það reyna hvað Íslendingum í krafti sinnar sérstöðu stendur til boða, hver ávinningurinn er og hver fórnarkostnaðurinn verður í samanburði við hann. Það er sú leið sem við skuldum íslensku þjóðinni. Ef íslenska þjóðin kemst síðan að þeirri niðurstöðu að samningur sé henni óhagkvæmur þegar allir hagsmunir eru metnir, þegar öll lóð eru á vogarskálum vegin, þá mun íslenska þjóðin einfaldlega hafna samningnum í atkvæðagreiðslu. En það er réttur hennar að fá að standa frammi fyrir þessum möguleikum, fá að taka afstöðu til þeirra og segja já eða nei. Ég tel að það sé hlutverk okkar löggjafans og framkvæmdarvaldsins í sameiningu að búa málið í hendur þjóðinni svo hún geti sjálf tekið upplýsta ákvörðun. Og það er einungis hægt að leggja málin í dóm hennar með því að ganga til samninga við Evrópusambandið, semja um hvert einasta mál af íslensku harðfylgi og leggja svo niðurstöðuna fyrir í þjóðaratkvæði. En ég segi það alveg hiklaust sem umhverfisráðherra að í því máli er ekkert gefið fyrir fram — sem utanríkisráðherra. (**Gripið fram í:** Þú ert ekki enn þá orðinn umhverfisráðherra.) Ég var það. Ég vil einungis segja það sem utanríkisráðherra að það er ekkert gefið fyrir fram í þessu. Niðurstaðan verður einungis metin á grundvelli samningsniðurstaðna og það er þess vegna sem leiðtogar þjóða sem hafa sótt um hafa sett fram sterka fyrirvara heima fyrir alveg eins og þáverandi móðir Noregs, forsætisráðherrann Gro Harlem Brundtland, gerði í frægri ræðu og alveg eins og gert er í greinargerð með þeirri tillögu sem við erum að ræða.

Það má svo velta því fyrir sér hvort sú leið sem hér er lögð til sé ásættanleg fyrir þá stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi. Ég tel að ef yfirlýsingar leiðtoga flokkanna eru skoðaðar sé svo. Ég tel að Borgarahreyfingin, sem er nýjasta aflið hérna, hafi lýst því skýrt yfir að hún sé reiðubúin til að styðja þessa aðferð svo fremi sem ákveðnum lýðræðislegum skilyrðum sé fullnægt. Ég hef lýst því yfir að ég mun gera allt mitt til þess að uppfylla þau skilyrði vegna þess að ég er þeim sammála.

Framsóknarflokkurinn samþykkti á flokksþingi sínu mjög merka tillögu í kjölfar þess að tillögu á því þingi um tvöfalda atkvæðagreiðslu var hafnað og þar sagði flokkurinn að hann vildi gjarnan að sótt yrði um aðild á grundvelli tiltekinna skilyrða og niðurstaðan borin undir þjóðina. Aðferðafræðin er sú sama og í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir af minni hálfu. (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei.) Það er enginn grundvallarmunur t.d. á þeim viðhorfum sem sett eru þar fram sem skilyrði og því sem er að finna í þeirri tillögu sem hérna er. Og Framsóknarflokknum aðeins til hugarhægðar vil ég segja það líka að ég hef hvergi lesið betri texta um það hvernig semja beri við Evrópusambandið en einmitt í þeim texta sem fyrrverandi formaður flokksins, Jón Sigurðsson, skrifaði á Pressuna í síðustu viku. Og ég segi það hér alveg skýrt að ég get skrifað undir svo að segja hvern þeirra fyrirvara sem koma fram í ályktun Framsóknarflokksins.

Hvað Sjálfstæðisflokkinn varðar liggur fyrir mjög skýr afstaða formanns hans og formanns þingflokksins til einmitt þeirrar leiðar sem lagt er til að hér verði farin. Í grein sem þeir skrifuðu saman í Fréttablaðið fyrir nokkru segja þeir skýrum orðum að jafnvel þótt það yrði niðurstaða Sjálfstæðisflokksins að Ísland ætti að standa utan ESB væri það, með leyfi forseta, engu að síður mjög í samræmi við sterka lýðræðishefð í Sjálfstæðisflokknum að láta málið ganga til þjóðarinnar í kjölfar viðræðna þar sem ýtrustu hagsmuna hefur verið gætt. (Forseti hringir.) Ég tel, frú forseti, að það ætti því að vera hægt á þessu þingi að ná góðri samstöðu um þær leiðir sem flokkarnir telja saman að séu bestar í þessu máli.

[10:22]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæst. utanríkisráðherra fyrir ræðuna sem hann flutti hér til stuðnings þeirri stjórnartillögu sem liggur fyrir þinginu. Nú er ljóst að mikilvægasti hluti þess ferlis, ef til hugsanlegra aðildarviðræðna kæmi, er sjálft undirbúningsferlið, þ.e. hvernig Íslendingar færu í þær viðræður, og þess vegna höfum við í þingflokki Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks lagt fram þingsályktunartillögu um mjög vandað undirbúningsferli. Nú spyr ég og vil inna hæstv. utanríkisráðherra eftir því hvort hann sé ekki sammála okkur um að það þurfi að vanda mjög til verka þegar kemur að undirbúningi sem þeim. Mér fannst hæstv. ráðherra tala nokkuð fjálglega um þingsályktunartillögu sem ég held að hæstv. ráðherra hafi ekki séð því að það er ekki búið að dreifa henni hér. (Gripið fram í.) — Nú, mér skilst að henni hafi verið dreift. — En ég vil fá það staðfest

hjá hæstv. ráðherra hvort hann (Forseti hringir.) telji ekki að þingið eigi að taka allan þann tíma sem þarf til að undirbúa sig vel í þessu máli og að málið fái mjög ítarlega og góða þinglega meðferð.

[10:23]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur margsinnis komið fram af minni hálfu að ég skipti mér ekki af störfum þingsins. Ég legg fram þessa tillögu sem utanríkisráðherra og þegar málið er komið til þingsins er það þingið sem ræður framvindu málsins og ég hef aldrei reynt að grípa inn í það. Mín skoðun er sú að þingið eigi að fjalla um þetta mál eins og öll önnur af natni og vandvirkni.

Ég er þeirrar skoðunar að jafnviðamikið mál og umsókn um aðild að Evrópusambandinu þurfi mjög nákvæman og ítarlegan og vandaðan undirbúning. Það er þess vegna sem það er algjörlega skýr og klár afstaða mín að ég vil hafa sem nánast samráð við þingið um það. Ég vil hlusta á með hvaða hætti þingið vill að framkvæmdarvaldið framkvæmi þá tillögu sem hér liggur fyrir, verði hún samþykkt, eða aðra tillögu sem kann að vera samþykkt. Ég get ekki sagt til um það.

En það er alveg ljóst af minni hálfu að samráð er númer eitt, tvö og þrjú við þingið og við öll þau hagsmunasamtök sem með einhverjum hætti telja (Forseti hringir.) sig eiga hagsmuni að verja sem tengjast þessu máli.

[10:25]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra talar mikið um lýðræðislegar aðferðir og hann er samt að leggja fram tillögu til þingsályktunar um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn. Af hverju í ósköpunum ekki þjóðin? Af hverju í ósköpunum greiðir þjóðin ekki atkvæði um það hvort ríkisstjórnin leggi inn umsókn? Af hverju Alþingi? Hvar eru lýðræðislegu hefðirnar hjá hæstv. ráðherra?

Síðan vil ég spyrja ráðherra að því hvernig hann sér Evrópusambandið eftir 50 eða 100 ár? Nú eru breytingar í gangi. Það er verið að tala um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það minnir á það að Drottinn gaf og Drottinn tók. Því sem Evrópusambandið getur breytt í eina átt getur það breytt í aðra átt, þ.e. það getur tekið fiskveiðiréttinn aftur af okkur. Þetta er í stöðugri breytingu og hefur verið það í 60 ár og sú breyting stoppar ekki við það að Íslendingar gangi þarna inn.

Síðan er spurningin um kostnað í tíma og mannafla. Í fyrsta lagi kostnað í tíma og svo það að binda öll ráðuneyti við það að sækja um aðild (Forseti hringir.) á þeim tímum sem við lifum núna þar sem veitir ekki af öllum krafti ráðuneytanna í það að vinna úr vanda heimilanna.

[10:26]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað verður það tímafrekt og það kallar á mannafla og það kallar á fjármuni ef menn ætla sér að sækja um aðild að Evrópusambandinu og gera það með þeim hætti að það uppfylli allar kröfur um vandvirkni og eftirgrennslan og rannsóknir af okkar hálfu. Það kostar að standa fast á sínum hagsmunum. Ég held hins vegar að þeir sem eru þeirrar skoðunar að það eigi að láta reyna á umsókn nákvæmlega núna telji að hagsmunirnir sem eru í húfi séu svo miklu meiri að það sé fararinnar virði.

Hvernig verður Evrópusambandið eftir 50 eða 100 ár? Ég hef ekki kristalskúlu til að spá inn í framtíðina en ég ímynda mér, ef Íslendingar mundu ganga í Evrópusambandið, að eftir 50 ár væri þar fyrir lifandis löngu komin á almennileg fiskveiðistjórnarstefna. Evrópusambandið væri hætt að ofveiða fiskstofna sína eins og núna og þau markmið sem við Íslendingar höfum að leiðarljósi í fiskveiðistjórn okkar yrðu þar orðin ofan á. En sennilega er svo langt þangað til að ég á ekki von (Forseti hringir.) á að hv. þm. Pétur H. Blöndal verði kommissar þá.

[10:27]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eftir 50 eða 100 ár verðum við, ég og hæstv. ráðherra, örugglega dauðir en íslenska þjóðin lifir áfram og það skiptir máli. Við þurfum að gæta að því við svona stóra ákvörðun hvernig íslensku þjóðinni vegnar í Evrópusambandinu eftir 50 eða 100 ár þegar sambandið er orðið pikkfast ríki eins og Bandaríki Norður-Ameríku.

Hæstv. ráðherra talaði um að ekki væri gert ráð fyrir þessum kostnaði eða mannafla í ráðuneytunum. Atvinnulífið er stopp, bankarnir eru stopp, heimilin eru stopp vegna þess að það vinnst ekki í ráðuneytunum. Og nú ætla menn að bæta við álagið í ráðuneytunum. Halda menn virkilega að það náist einhver lausn fyrir heimilin í landinu með þessu vinnulagi? Ég hef enga trú á því.

Ég held að það sé miklu mikilvægara núna að snúa okkur að þeim vanda sem virkilega blasir við hjá heimilunum en að grípa til töfrabragða eins og hér er um að ræða og víkja sér undan vandanum. Ég held að hæstv. ríkisstjórn sé haldin verkfælni. Hún tekur ekki á vandanum og er alltaf að koma með eitthvað nýtt og (Forseti hringir.) nýtt til að glíma við.

[10:28]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek alveg undir með hv. þingmanni að við, bæði ríkisstjórn og Alþingi, þurfum að gera allt sem við getum til þess að finna leiðir til að létta undir með heimilum og fyrirtækjum sem eiga um sárt að binda og eru í erfiðleikum. En eins og ég rakti ítarlega í ræðu minni tel ég að þegar horft er til framtíðar muni aðild að Evrópusambandinu skipta miklu máli. (Gripið fram í.) Ég tel að hún muni skipta gríðarlega miklu máli fyrir fyrirtækin í landinu. Og ég held, vegna þess að mér er umhugað um að reyna að berja niður atvinnuleysið sem er mesti voðinn sem steðjar að okkur núna, að aðild að Evrópusambandinu og jafnvel einungis umsókn mundi skipta máli í því. (Gripið fram í.)

Ég tel að ef okkur tækist að ná samningum við Evrópusambandið mundi það leiða til þess að það væri miklu auðveldara fyrir okkur að ná erlendum fjárfestingum inn í land-

ið og við þurfum þeirra við — það vita hv. þingmenn — til að vinna bug á atvinnuleysinu. (Gripið fram í.) Og er það virkilega þannig að hv. þingmenn (Forseti hringir.) telji að það skipti ekki máli hvort útlendingar komi með peninga hingað til þess að byggja upp ný fyrirtæki, til þess að hjálpa okkur til að nýta þær auðlindir sem við eigum? (**Gripið fram í:** Selja auðlindirnar?)

[10:30]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir framsögu hans vegna þessa máls sem auðvitað ber þess öll merki að það var sviðið út úr Vinstri grænum með heitum töngum og lagt fram í miklum ágreiningi milli ríkisstjórnarflokkanna. Það sér maður m.a. á greinargerðinni þar sem settir eru slíkir fyrirvarar að augljóst er að utanríkisráðherra sjálfur hefur engar áhyggjur af þeim málum. Hann kemur hingað upp til að mynda og segist telja að aðild feli ekki í sér nokkurt afsal eða framsal á málum sem snerta fiskveiðiauðlindina. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Hvernig væri samningur í því máli þannig úr garði gerður að hann gæti ekki stutt hann? Samningurinn sem talað er um í þingsályktunartillögunni að málsaðilar, hverjir sem þeir nú eru, geri fyrirvara við? Hvernig samningur er það við Evrópusambandið sem utanríkisráðherra mundi ekki geta stutt?

[10:31]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson þekkir mig og hann þekkir mitt skaplyndi og blíðlyndi. Hann veit að ég svíð engan mann og ég hef ekkert sviðið út úr Vinstri grænum eða samstarfsmönnum mínum í ríkisstjórninni. (Gripið fram í.) Það liggur alveg ljóst fyrir að í langflestum flokkum eru skiptar skoðanir á þessu máli. Það er ekkert flóknara en svo. Hv. þingmaður veit að hans eigin flokkur er klofinn niður í rót í málinu þó að ég vilji hjálpa honum til að reyna að græða þau sár.

Hv. þingmaður spyr síðan hvaða samning ég muni vilja samþykkja eða ekki. Menn semja ekki fyrir fram. Menn ganga til samninga af harðfylgi, menn verja og sækja á grundvelli þeirra hagsmuna sem þeir skilgreina fyrir fram og síðan vega þeir og meta allt sem út úr því kemur: Er það gott fyrir íslenska þjóð? Er það slæmt fyrir íslenska þjóð? Ég skal taka þátt í slíkri ákvörðun þegar að því kemur en ekki fyrr en ég og hv. þingmaður og hugsanlega fleiri erum búnir að taka höndum saman um það að verja og sækja fyrir Ísland á þessum vettvangi.

[10:32]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra kom einmitt að meinsemd þessa máls. Það hefur ekkert verið skilgreint hvaða hagsmuni menn ætla að verja í þessum viðræðum og í því liggur grundvallarmisskilningur hæstv. utanríkisráðherra á muninum á þessari tillögu og þeirri sem lögð var fram í morgun. Hún snýst einmitt um það hvað þurfi að liggja fyrir áður en menn taka ákvörðun af þeim toga sem hér er farið fram á að þingið geri. Hvaða hagsmunir eru það sem menn sjá mikilvægasta og hvernig ætla menn að verja þá.

Það er augljóst að hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að það sé allt í langi að ganga inn í Evrópusambandið eins og það er þannig að maður hefur ekki miklar væntingar vegna þeirra viðræðna sem eru að fara af stað um að hann muni berjast gegn þeim samningi, sama hvernig hann lítur út vegna þess að hann er sáttur við Evrópusambandið, sjávarútvegsstefnu þess eins og hún er nema hann sé tilbúinn til að koma hingað upp og segja hvaða atriði það eru sem hann telur svo mikilvæg að þau verði samningsbrjótar ef ekki næst samstaða um þau í viðræðum við Evrópusambandið.

[10:34]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég lýsti því nákvæmlega í ræðu minni áðan hvaða vankantar ég tel að séu á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Ég sagði hins vegar líka að þróunin innan sambandsins hefði verið okkur hagkvæm síðustu árin og sérstaklega fréttirnar í síðustu viku þar sem bókstaflega var tekið undir með vissum hætti af sterkum þjóðum innan sambandsins ákveðin sjónarmið sem eru lykilsjónarmið. Í framhaldi af því sagði ég að þess vegna væri rökrétt að einmitt núna létum við á þetta reyna. Þarna virðist vera að rakna upp ákveðin fyrirstaða sem hefur verið innan Evrópusambandsins.

Hvernig sé ég samninga fyrir mér? Þingið ræður, löggjafinn ræður. Ef löggjafinn veitir samþykki sitt fara menn í það að undirbúa slíka samninga. (Gripið fram í.) Hvernig gera menn það? Menn gera það í samráði framkvæmdarvaldsins og löggjafans eins og hefur komið fram í umræðunni og menn gera það með því að tala við alla þá hagsmunaaðila sem hagsmuni eiga að verja. (Forseti hringir.) Ítarlegt samráð milli þings, framkvæmdarvalds og hagsmunaaðilanna. Þannig mótum við samningsmarkmiðin á grundvelli þess sem flokkarnir hafa nú þegar sagt.

[10:35]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Framsóknarflokkurinn vill aðildarviðræður en við erum með nokkur skilyrði og það skiptir miklu hvernig haldið verður á þessu máli í þinginu. Ég er að mörgu leyti sammála innihaldi ræðu hæstv. utanríkisráðherra og tel að við eigum að skoða mjög alvarlega núna að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég tel að þingið og stjórnsýslan geti unnið bæði að þessu máli og efnahagsmálum í einu en svo virðist sem ríkisstjórnin geri mjög lítið af því að vinna að efnahagsmálunum, því miður.

Ég er með tvær spurningar, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi: Er ríkisstjórnin fallin ef ekki verður samþykkt á næstu vikum að sækja um aðild að Evrópusambandinu eða skiptir það engu máli fyrir ríkisstjórnina? Í öðru lagi: Ef þetta verður samþykkt af minni hluta þingsins, hver er samningsstaða okkar að mati hæstv. utanríkisráðherra? (Forseti hringir.) Skiptir það engu máli eða veikir það samningsstöðu okkar?

[10:36]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir heldur jákvæðar undirtektir. Ég hef auðvitað grandskoðað það plagg sem Framsóknarflokkurinn samþykkti fyrr á árinu og eins og ég hef sagt er ég eiginlega sammála öllum þeim skilyrðum sem svo eru kölluð varðandi það að ganga til þessara viðræðna. Ég held að á þeim grundvelli gæti ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn auðveldlega náð niðurstöðu og samvinnu.

Varðandi fyrri spurningu hv. þingmanns þá er það ekki hlutverk mitt að setja á eða fella ríkisstjórnir í ræðustól Alþingis, ég hef einfaldlega ekki vald til þess. Ég er bara ráðherra á plani.

Varðandi síðari spurninguna þá skal ég svara alveg hreinskilnislega. Það væri sterkara fyrir samningsstöðu Íslendinga ef hægt væri að ná grundvallarsamstöðu í þinginu um þetta mál, (Forseti hringir.) það mundi skipta máli. Þess vegna eigum við að freista þess að gera allt sem við getum til að ná slíkri samstöðu.

[10:38]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég á erfitt með að túlka svar hæstv. ráðherra gagnvart því hvort ríkisstjórnin sé fallin eða ekki að hans mati ef þessi tillaga verður ekki samþykk, en það er alveg ljóst að Samfylkingin hefur lagt ofurkapp á að ná þessu máli í gegn og því yrði það að sjálfsögðu mikið áfall fyrir þann flokk ef það næðist ekki.

Um seinna svarið vil ég segja að ég er sammála hæstv. utanríkisráðherra. Það er miklu veikara fyrir samningsstöðu okkar að fara í aðildarviðræður ef ekki er meiri hluti þings á bak við það umboð. Það þýðir að hæstv. utanríkisráðherra og Samfylkingin ásamt Vinstri grænum verða að sýna geysilegan lipurleika í þinginu. Hér þarf að koma til móts við hina flokkana til að geta skapað þetta sterka samningsumboð. Þessi staða krefst þess að ríkisstjórnin geri allt sem í hennar (Forseti hringir.) valdi stendur til að skapa sátt í þinginu þannig að við getum sem flest að lokum greitt atkvæði með aðildarumsókn og fylgt henni svo hart eftir í viðræðum.

[10:39]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er algerlega sammála hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Í svona máli skiptir mjög miklu að flokkarnir reyni að ná samstöðu. Málið varðar svo brýna hagsmuni allrar þjóðarinnar að ég tel að vandaðir stjórnmálamenn, ábyrgir stjórnmálaflokkar eigi að freista þess af megni að hrinda þessu máli ekki ofan í einhverjar flokkspólitískar skotgrafir. Það er alveg ljóst að af minni hálfu mun ekki á standa að leita eftir samráði og samvinnu og sýna lipurleika gagnvart öllum flokkum í þinginu. Ég tel að þetta mál sé þess eðlis að við eigum að freista alls til að við getum náð saman um það. Ef svo kemur í ljós að það er ekki hægt að því er alla varðar verður svo að vera, en ég er til í að ganga ákaflega langt bæði varðandi mótun samningsmarkmiða, varðandi samninganefndina, varðandi alla vinnuna í þessu máli, allt ráðslag, til að ná þeirri samstöðu sem ég tel að þurfi að nást á þinginu en líka milli þingsins og þjóðarinnar. Það má enginn viðskila verða.

[10:40]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér þykir rétt að byrja á að óska hæstv. utanríkisráðherra til hamingju með daginn. Þetta er stór dagur, málið eina komið fram, og það hlýtur að skipta miklu máli fyrir hæstv. utanríkisráðherra að vera með sterkt og mikið bakland í þessu máli.

Frú forseti. Getur frú forseti upplýst hvar ráðherrar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru í dag? Og hvar er hæstv. forsætisráðherra? Er þetta ekki stjórnartillaga? Er þetta ekki stærsta málið, er þetta ekki málið sem allir eru búnir að vera að bíða eftir? (Gripið fram í.) Hver verður stuðningur ríkisstjórnarinnar í þessu máli, frú forseti? (Gripið fram í.)

[10:41]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að þessi ræða átti ekki alveg við fundarstjórn forseta enda tel ég að það sé lítið við hana að athuga og farið að þingsköpum. (Gripið fram í.) Getur forseti fengið hljóð? Forseti mun athuga hvar ráðherrar eru staddir og sjá til þess að þeir komi og verði viðstaddir umræðuna.

Forseti telur enga ástæðu til að ræða fundarstjórn forseta. Hér er mælendaskrá.

[10:42]

Eygló Harðardóttir (F) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég geri athugasemd við það að frú forseti skuli gera athugasemd við það að við séum að gera athugasemd við fundarstjórn forseta. — Náði einhver þessari setningu? — Mér finnst það algerlega óásættanlegt að við skulum vera að ræða stjórnartillögu, tillögu sem mér skilst að hafi verið helsti tilgangur þess að boða okkur til funda á sumarþingi og við sjáum bara helminginn af ríkisstjórninni. Meira að segja utanþingsráðherrarnir telja að tillagan sé svo mikilvæg að það sé ástæða til að mæta en hæstv. ráðherrar Vinstri grænna sjá ekki ástæðu til að sitja undir framsögu hæstv. utanríkisráðherra.

Ég ítreka það að forseti Alþingis óski eftir að hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon, hæstv. menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir, hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónsson, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason, sem ætti nú einmitt að hlusta á umræðuna um aðildarumsókn, og hæstv. umhverfisráðherra Svandís Svavarsdóttir mæti hér og sitji undir umræðunni.

[10:43]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að viðkomandi ráðherrar verði kallaðir til þingsalar, til Alþingishúss.

[10:43]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að fela þinginu að fjalla um þrátt fyrir að ekki sé samstaða í ríkisstjórn efnislega um málið.

Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir tveir eru hvor með sína stefnuna í málinu um hvort sækja beri um aðild. Það er í sjálfu sér ágætt að ríkisstjórnin taki þá ákvörðun að leggja málið í dóm þingsins og kanna hvort meiri hluti sé á þinginu fyrir því að ríkisstjórnin fái þetta umboð. En það verður ekki gert nema nægilega sé vandað til málsins. Það hefur alls ekki verið gert í því þingmáli sem við ræðum um. Það er meginástæða þess að á þinginu í morgun var lögð fram ný þingsályktunartillaga studd þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um það hvernig menn undirbúa mál af þessari stærðargráðu og þessum toga.

Fram kom í máli hæstv. utanríkisráðherra áðan að hann teldi afar mikilvægt að búið væri að skilgreina skýrt hvaða hagsmuni menn ætluðu að verja í mögulegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið áður en menn legðu af stað í þessa vegferð. Í þingsályktunartillögunni sem við höfum til umfjöllunar er beinlínis gert ráð fyrir því að þingið samþykki að fela ríkisstjórninni að fara í viðræðurnar án þess að hafa neitt um það að segja hvaða skilyrði og hvaða skilmálar fylgja slíku umboði eða hvaða skilyrði eru veitt fyrir því að viðræðurnar fari af stað varðandi þá hagsmuni sem á að verja.

Í þingsályktunartillögunni sjálfri segir að haft verði víðtækt samráð við hagsmunaaðila um samningsmarkmiðin. Þingið á fyrst að ákveða að veita umboðið og svo ætlar ríkisstjórnin eftir á að tala við einhverja hagsmunaaðila um hvaða hagsmuni á að verja í viðræðunum. Fyrst á þingið að gefa grænt ljós, svo ætlar ríkisstjórnin að tala við einhverja hagsmunaaðila.

Þetta þingmál í heild sinni er með mestu ólíkindum, virðulegi forseti, vegna þess hversu kastað hefur verið til höndunum við samningu þess. Við heyrðum mjög berlega í framsöguræðu hæstv. utanríkisráðherra að hann hefur ekki þær áhyggjur sem birtast í skjalinu sjálfu um þau atriði sem talað er um að þurfi sérstaklega að verja. Hann er þeirrar skoðunar að það sé ekkert að sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, það sé ekkert að óttast ef við göngumst undir hana. En það er einmitt sjávarútvegsstefnan sem hefur verið ein helsta ástæða þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að hagsmunum Íslendinga sé betur borgið utan Evrópusambandsins en innan. Í þeirri umræðu spretta oft margir upp og segja: Það má ná svo góðum samningum um þetta mál. Við skulum láta á það reyna og semja bara um það til og frá.

Í skýrslu Evrópunefndarinnar frá árinu 2007 voru í það minnsta fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna, þar með talinn hæstv. núverandi menntamálaráðherra, þeirrar skoðunar að ómögulegt væri að fá varanlega undanþágu frá fiskveiðistefnu Evrópusambandsins og eins væri ómögulegt að fá íslensku fiskveiðilögsöguna skilgreinda sem sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði. Maður veltir því fyrir sér hvort það geti mögulega verið krafa hæstv. utanríkisráðherra að þetta tvennt nái fram að ganga. En hann veigrar sér auðvitað við því, sveigir fram hjá öllum spurningum um hvað hann telur vera mikilvægast til að ná samningum um í þessu efni.

Í þessari þingsályktunartillögu er síðan lagt upp með að ríkisstjórninni verði falið að ganga frá samningi sem hún síðan ætlar mögulega ekki að styðja í framhaldinu. Mér er algjörlega fyrirmunað að skilja átt hvað er við í þingskjalinu þegar kemur að þessu atriði. Er sem sagt verið að ræða um að utanríkisráðherra ætli að leiða til lykta og staðfesta með undirskrift sinni og örugglega með handabandi líka samninga við Evrópusambandið en áskilja sér síðan rétt til að snúa sér við og koma heim til Íslands og berjast gegn niðurstöðunni? Er virkilega átt við það í þingsályktunartillögunni? Á ég að trúa því að mönnum sé alvara með að standa þannig að málum? Maður hefði þó frekar ætlað að sá sem ábyrgð ber á viðræðunum mundi segja að hér ljúki viðræðunum og samningar takist ekki.

Við hljótum að vera sammála um það á þinginu að ef við ætlum að veita eitthvert umboð af þessum toga að við ætlumst til þess að þeir sem klára samninginn komi heim og berjist fyrir því að sú niðurstaða verði samþykkt á Íslandi. Ég trúi því ekki upp á hæstv. utanríkisráðherra að hann ætli að áskilja sér rétt til þess að skipta um skoðun eftir að hann kemur aftur heim.

Hverjir eru þeir málsaðilar sem rætt er um í þingsályktunartillögunni? Erum við ekki öll sammála um hvers konar plagg við erum með í höndunum? Hér er lagt upp með það að þingið, Alþingi, álykti um að ríkisstjórnin fái umboð til þess að ganga til aðildarviðræðna. Hvernig má það þá vera að það standi í þessu sama skjali að málsaðilar, sem í fyrri drögum hétu reyndar stjórnvöld, áskilji sér rétt til að mæla með eða leggjast gegn samningnum? Hvaða málsaðila er verið að tala um? (Gripið fram í.) Þetta er algjörlega óskiljanlegt.

Ég segi það alla vega fyrir mitt leyti að ég tel að það sé bara einn málsaðili í þessu máli og það er Alþingi. Það er bara Alþingi sem veitir hér umboð. Það er Alþingi sem ályktar. Það eru engir aðrir málsaðilar sem eiga aðkomu að málinu. Menn geta talað um að Pétur eða Páll úti í bæ áskilji sér rétt til að berjast gegn niðurstöðunni en það hefur ekkert með það að gera að hér ályktar Alþingi um hvort ríkisstjórnin eigi að fá umboð til að ganga til samningaviðræðna. Þetta er bara eitt af mörgum atriðum í þessari þingsályktunartillögu sem er til vitnis um hversu illa hefur verið staðið að henni og hversu illa málið er undirbúið.

Það er þess vegna sem þingflokkar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa í dag lagt fram þingsályktunartillögu til þess að leiðbeina ríkisstjórninni um það hvernig mögulega væri hægt að búa málið þannig að hægt væri yfir höfuð að taka um það ákvörðun á Alþingi hvort að ríkisstjórnin fái umboð af þeim toga sem farið er fram á.

En það er eitt sem ég hef áhyggjur af í því sambandi, málið hefur á sér það yfirbragð að þar séu loforð frá þingflokki og ráðherrum Vinstri grænna um að þingsályktunartillagan verði afgreidd eigi síðar en í júnímánuði, í síðasta lagi í byrjun júlí. Ef það er ekki grundvallarkrafa af hálfu ríkisstjórnarinnar að þingið klári málið á þessu sumarþingi óska ég eftir að það komi fram frá þeim sem að málinu standa. Ef menn meina eitthvað með því að til standi að

eiga við það samráð, að skilgreina eigi þá hagsmuni sem þeir hyggjast verja og telja mikilvægasta í samskiptum við Evrópusambandið — og ég ætla ekki að fara að hafa langt mál um það vegna þess að þá væri ræðutími minn fljótur að brenna upp. Ef menn meina eitthvað með því að draga eigi upp ferlið í heild sinni — og ég tel reyndar, eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni sem lögð var fram í morgun, að það sé skýlaus krafa og skýrt frá upphafi til enda hvernig menn ætli að standa að málum. Að mínu áliti þarf þingið að taka til umfjöllunar spurninguna um hvort fela eigi þjóðinni að taka ákvörðun um hvort leggja eigi af stað í þessa vegferð. En það eru fjölmörg önnur atriði sem ekki hafa fengist rædd á þinginu og er í engu vikið að í þessu plaggi.

Hér er einungis farið fram á að þingið veiti utanríkisráðherra umboð til þess að hlaupa af stað með málið. Síðan verði bara ákveðið það sem skiptir máli í því samhengi eins og t.d. hvernig staðið verður að þjóðaratkvæðagreiðslu, hvaða þátttökukrafa verður gerð þar, hvernig fer með samninganefndina, hvernig fer með eftirlit og upplýsingagjöf til þingsins og þann kostnað sem menn leggja út í hér og síðast en ekki síst hvaða hagsmunir það eru sem menn hyggjast verja?

Ég fer líka fram á, þegar utanríkisráðherra leggur fram þingsályktunartillögu um að það kunni að takast svo slæmir samningar við Evrópusambandið að hann hyggist berjast gegn niðurstöðunni, að hann geri miklu betur grein fyrir því en hann gerði í framsöguræðu sinni hvað er hættulegt í samningnum. Á hvaða sviðum samstarfs við Evrópusambandið liggja hætturnar? Er það á sviði sjávarútvegsmála? Er það vegna landbúnaðarins sem ráðherrann vék stuttlega að í máli sínu? Eða er það á einhverjum öðrum sviðum sem við verðum að gangast undir með dýpra samstarfi við Evrópusambandið, í öryggis- og varnarmálum eða einhverjum öðrum sviðum sem mér eru ókunn?

Það sem ég sakna fyrst og fremst, þrátt fyrir allt sem ég hef sagt í þessu máli, er að það sé eitthvað, þó ekki væri nema ein setning, um að skynsamlegt sé að leggja af stað í þessa vegferð. Hvar er sannfæringin í þessu máli? Hvar er greinargerðin um að nú stöndum við Íslendingar á þeim tímamótum að það sé skynsamlegt fyrir okkur að auka samstarfið við Evrópusambandið? Að EES-samningurinn standi svo höllum fæti að ekki verði búið við hann til langrar framtíðar?

Hvar er öll sannfæringin sem birtist alltaf þegar maður hitti sósíaldemókratana á norrænum vettvangi eða annars staðar á Evrópuþinginu um að Ísland eigi samleið með Evrópusambandsþjóðunum? Nei. Umræðan á Íslandi er ekki rædd á þeim forsendum eða keyrð áfram. Umræðan á Íslandi snýst bara um að við skulum að ganga í Evrópusambandið vegna þess þá fáum við evruna. Það er vegna þess að umræðan er á þessum nótum sem við eigum ekki að láta okkur koma það á óvart að í dagblöðum í Evrópusambandinu er vikið að því að Íslendingar séu nú bara að sækjast eftir aðild vegna þess að það henti þeim hagsmunalega í augnablikinu.

Ég vænti þess að þingmenn Samfylkingarinnar stigi hér í pontu í dag og lýsi því yfir hvernig Ísland eigi augljósa samleið með Evrópusambandinu og málið eigi að fá jákvæða umfjöllun, að við Íslendingar eigum að staðfesta samning við Evrópusambandið vegna þess að Ísland eigi heima inni í Evrópusambandinu. Að við eigum að starfa hlið við hlið, hönd í hönd með þeim ríkjum sem þar hafa komið sér saman og skipa málum fyrir þjóðríkin.

Hvar eru þessar ræður? Ég vænti þess að þær verði fluttar í dag en að ræður Samfylkingarinnar snúist ekki bara um evruna vegna þess að baki þessu máli hlýtur að búa einhver Evrópusambandshugsjón sem ekki einu sinni hæstv. utanríkisráðherra treystir sér til að opinbera í ræðustól áðan.

Nei. Málið, eins og það er kynnt fyrir okkur, snýst um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillaga um aðildarumsókn að Evrópusambandinu er lögð fram til þess að íslenska þjóðin fái tækifæri til að hafna eða samþykkja samning um aðild að sambandinu þegar hann liggur fyrir.“

Það er hugsjónin. Hún ristir ekki dýpra en þetta. Málið snýst eingöngu um að leggja það fyrir þjóðina. Það snýst ekkert um það að við eigum augljósa samleið með Evrópusambandinu. Það snýst ekkert um að EES-samningurinn sé kominn á vonarvöl og eigi sér enga framtíð.

Virðulegi forseti. Það er ekki einu sinni minnst á það í greinargerðinni né er rökstuðningur fyrir því að við eigum að samþykkja að ganga til viðræðna við Evrópusambandið að við eigum í vandræðum með íslensku krónuna. Að það sé betra fyrir okkur að ganga í myntbandalag Evrópusambandsins en að halda áfram með sjálfstæða peningamálastefnu. Það er ekki neinn rökstuðningur í þá átt.

Það er þess vegna sem ég sagði áðan að málið beri þess öll merki að hafa verið dregið út úr ráðherrum Vinstri grænna með glóandi töngum inn á þingið vegna þess að það er enginn sannfæringarkraftur sem fylgir málinu sjálfu. Það kom ekki einu sinni í framsöguræðu hæstv. utanríkisráðherra sem mestu skiptir, að ég tel, í hugum þeirra sem skipa sér í flokk með sósíaldemókrötum.

En þeir eru auðvitað flestir þeirrar skoðunar að Evrópusambandið eigi að þróast í eitt risastórt sambandsríki í Evrópu sem fái til sín sífellt meiri og dýpri völd eins og þróunin hefur verið. Og ég vænti ræðna og rökstuðnings frá þingmönnum og ráðherrum Samfylkingarinnar — ég vænti þess að sjálfsögðu ekki frá þingmönnum eða ráðherrum Vinstri grænna — (Forseti hringir.) fyrir því að við eigum að ganga í Evrópusambandið. Og þá held ég að þeir skilmálar og fyrirvarar sem menn tala um á tyllidögum skipti í raun og veru afskaplega litlu máli.

[10:59]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmanni hefur orðið tíðrætt um þær brennandi tangir sem ég hef í farteski mínu og get notað til að svíða út skoðanir á fólki. Ég þyrfti nú heldur betur á þeim að halda núna til að reyna að svíða út úr formanni Sjálfstæðisflokksins snefil af skoðun á málinu. Í hans löngu ræðu kom ekki fram nein afstaða Sjálfstæðisflokksins. Þá kom ekki fram nein sannfæring hv. þingmanns. En hv. þingmaður hafði sannfæringu þegar hann skrifaði greinina „Endurreisn á nýjum grunni“ í *Fréttablaðið* . Þá sagði hv. þingmaður, með leyfi forseta:

„Þær sérstöku aðstæður sem nú eru uppi kalla á að þjóðin öll taki í kjölfar aðildarviðræðna ákvörðun um þetta mikilvæga mál.“ Hann sagði líka, með leyfi forseta, að það gengi „gegn kjarna sjálfstæðisstefnunnar að flokkurinn leggi stein í götu slíkrar leiðar“.

Hvers konar umskipti hafa orðið hér á, frú forseti? Hv. þingmaður ætti síðan að kynna sér betur hvernig samningar ganga fyrir sig. Það er ekki þannig að menn komi heim með tiltekinn samning. (Forseti hringir.) Menn semja um 35 kafla og þeir ljúka hverjum kafla. Ég mundi hvorki koma heim með kafla né samning sem ég væri búinn að skrifa undir nema standa við það. Þannig erum við í Samfylkingunni. Við stöndum við það sem við segjum. [Hlátur í þingsal.] Og það mættu fleiri flokkar taka okkur sér til eftirbreytni.

[11:00]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki við öðru að búast en að hæstv. utanríkisráðherra mundi vitna í eitthvað annað en ég sagði í ræðustólnum. Þannig er með þetta mál að það er beinlínis gengið út frá því að sá sem lýkur samningi komi heim og áskilji sér rétt til að berjast gegn niðurstöðunni. Ef hæstv. utanríkisráðherra afsalar sér þeim rétti eru mér það tíðindi. Auðvitað er augljóst að það er ekki samstaða um þetta mál í ríkisstjórninni. Ég held að hæstv. utanríkisráðherra gæti t.d. spurt hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, eða eftir atvikum hæstv. umhverfisráðherra sem aðspurð var ekki tilbúin til að lýsa yfir stuðningi við þetta mál. Það er augljóst þegar málið er í þeim farvegi í ríkisstjórninni að það er lagt fram í ágreiningi.

[11:02]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekkert óeðlilegt við það að ég vísi í ummæli hv. þm. Bjarna Benediktssonar utan þings. Hv. þingmaður hefur skrifað stefnumarkandi greinar. Þegar hann var í keppninni við hv. þm. Kristján Þór Júlíusson um leiðtogasæti í Sjálfstæðisflokknum byrjaði hann þá keppni á þeim grundvelli að hann væri Evrópusinni. Flokkurinn tók aðra afstöðu og hv. þingmaður virðist ekki hafa kjark eða sannfæringu til að fylgja sinni upphaflegu skoðun. Hann hefur sagt það manna skýrast að sú stefna sem hér er lögð fram, eða aðferðin sé hin rétta og hann hefur sagt að það væri gegn kjarna sjálfstæðisstefnunnar að fara ekki þessa leið. Svo kemur hann hingað og hefur einhverja allt aðra skoðun.

Frú forseti. Við verðum í þessu efni að taka þrönga flokkshagsmuni og víkja þeim frá þegar hagsmunir eru svona stórir. Þetta eru hagsmunir allrar þjóðarinnar. Ég segi það alveg skýrt að ég vil eiga gott samstarf við alla flokka um þetta mál en til að það sé hægt þurfa menn auðvitað að hafa einhverjar skoðanir. (Forseti hringir.) Það sem meira er, þeir þurfa að hafa kjark til að standa við þær skoðanir sem þeir einhvern tíma hafa haft á málinu. (Gripið fram í.)

[11:03]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá grundvallarmunur er á afstöðu okkar í Sjálfstæðisflokknum og flestra þeirra sem skipa sér í flokk með sósíaldemókrötum að við höfum byggt okkar afstöðu á hagsmunamati. Hafi það einhvern tíma vafist fyrir hæstv. utanríkisráðherra hef ég ávallt verið þeirrar skoðunar að hagsmunum okkar verði betur borgið utan Evrópusambandsins.

Ég hef hins vegar sagt að stæðu menn rétt að málum væri mögulega hægt að fara í viðræður en það hefur einfaldlega ekki verið gert hér. Ég hélt að ég hefði komið því nægilega skýrt fram í framsöguræðu minni að það þingmál sem við erum að ræða hér og nú er illa undirbúið og illa ígrundað. Ríkisstjórnin hefur algerlega látið undir höfuð leggjast að leggja fram grundvöll að þessari ákvörðun sem nauðsynlegur er fyrir þingið. Þess vegna sáu þingmenn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks sig knúna til að leggja fram sérstakt þingmál og leiðbeina ríkisstjórninni um það (Forseti hringir.) hvað þarf að hafa gerst áður en ákvörðun af þessum toga er tekin.

[11:04]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef lesið með athygli tillögu þingflokks Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins sem nú er runninn saman í einn og ég er að reyna að skilja hvernig það hafi gerst. Hér kom hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og sagði að Framsókn vildi aðildarviðræður. Hér kom hv. þm. Bjarni Benediktsson og sagði að hagsmunum Íslands væri betur borgið utan en innan Evrópusambandsins. En hvað um það, tillagan liggur fyrir og menn hafa sameinast um undirbúninginn. Því spyr ég hv. þm. Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, hvort 15 ára aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, fjórfrelsið og innleiðing um 4.000 gerða í íslenska löggjöf sé á engan hátt undirbúningur eða gefi okkur hugmynd um það sem fram undan er í samningaviðræðum við Evrópusambandið.

[11:05]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að svara þessari spurningu neitandi. Ég tel að í aðildarviðræðum séum við í raun og veru að ræða við Evrópusambandið um það að innleiða hér nýja kafla, nýja þætti, nýjar stoðir í Evrópusamstarfinu sem hafa ekkert með Evrópska efnahagssvæðið að gera. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar lengi að þingið hafi látið undir höfuð leggjast að framkvæma EES-samninginn af skynsemi og að þingið hefði átt að taka til sín miklu stærri hlut í undirbúningi þeirra ákvarðana sem teknar eru á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar. Við megum sannarlega margt læra af því sem við höfum þurft að innleiða á grundvelli þess samnings en ég tel það í sjálfu sér alls ófullnægjandi undirbúning að inngöngu í Evrópusambandið eða aðildarviðræðum, þ.e. þá staðreynd eina að við erum á Evrópska efnahagssvæðinu.

[11:06]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hér erum við þingmaðurinn algerlega ósammála. Ekkert land í Evrópu á í raun styttri leið inn í Evrópusambandið en Ísland vegna aðildarinnar að EES. Ef ég man þetta rétt eru það 22 kaflar af þeim 35 sem um ræðir — það getur verið að skeiki einum eða tveimur — það er grundvallaratriði og það vita allir. Allir þingmenn sem koma undirbúnir til umræðunnar um það hvort leggja eigi inn umsóknina og fara í aðildarviðræður vita hvað út af stendur og um hvað þurfi að semja. Ég hygg að þingmenn séu líka í mun meira mæli sammála um þá hagsmuni sem þarf að verja en menn láta uppi við upphaf þessarar umræðu, væntanlega af flokkspólitískum hagsmunum, en þeir hagsmunir sem þarf að verja liggja (Forseti hringir.) algerlega fyrir.

[11:07]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni um að við erum í miklu samstarfi við Evrópusambandið í gegnum EES-samninginn. Ég misskil e.t.v. spurningu hv. þingmanns en ég tel að sú staðreynd að við erum í því samstarfi geri ekki annað að verkum en það að leiðin er styttri, eins og hv. þingmaður sagði. Það er um færri atriði að semja í viðræðum við Evrópusambandið. Vera okkar á því svæði, Evrópska efnahagssvæðinu, gerir í sjálfu sér ekkert fyrir okkur í viðræðunum og undirbýr okkur ekkert sérstaklega undir viðræður um t.d. sjávarútvegsmálin.

Ég vænti þess að hv. þingmaður komi upp í dag og geri grein fyrir því hvað er sérstaklega eftirsóknarvert fyrir okkur Íslendinga umfram það sem við höfum á grundvelli EES-samningsins. Mér hefur þótt það einkenna þann rökstuðning sem flestir þingmenn færa að þetta snúist þegar upp er staðið bara um gjaldmiðilinn.

[11:09]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hv. þingmanni verður tíðrætt um heitar tangir en ég held að það sé eðlilegt að kalla eftir svörum hans við bæði greinaskrifum en ekki síður ræðuflutningi á Alþingi um málið.

Í umræðum í framhaldi af greinaskrifunum í desember hrósaði ég hv. þingmanni sérstaklega fyrir þá forustu sem hann tók í umræðunum og einkanlega fyrir það viðhorf að mikilvægt væri fyrir þjóðarhagsmuni að rífa þetta mál upp úr flokkapólitíkinni, upp úr flokkadráttunum, fara í viðræðurnar, fá niðurstöðu og taka afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu til þeirrar niðurstöðu. Þess vegna undrar mig að hv. þingmaður kalli eftir því að hér liggi fyrir hreinar flokkslínur og gagnrýni að hér gangi ekki allir í takt og séu ekki búnir að lýsa því yfir fyrir fram að þeir muni styðja niðurstöðuna þegar hún kemur. Ég hlýt þess vegna að spyrja, eftir þær umræður sem við hv. þingmaður áttum í þingsalnum í desember, hvort hann sé ekki örugglega enn þá þeirrar skoðunar að það eigi einmitt (Forseti hringir.) að taka þetta mál upp úr skotgröfum flokkastjórnmálanna og fara í málefnalegar viðræður og að menn áskilji sér rétt til að taka efnislega afstöðu. (Forseti hringir.) hver og einn til þeirra niðurstaðna.

[11:10]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef ekki kallað eftir því að menn fylgdu sérstaklega flokkslínum í þessu máli. Ég hef ekki vikið orði að því í dag. Ég gerði einfaldlega athugasemd við það að utanríkismálaráðherra legði fram þingmál þar sem gengið er út frá því að hann, sá sem leiðir viðræðurnar við Evrópusambandið, geti barist gegn niðurstöðunni. Eða hvað er annars átt við þegar sagt er í þessari þingsályktunartillögu að málsaðilar áskilji sér rétt til að berjast gegn niðurstöðunni? Hvaða málsaðila er eiginlega verið að tala um? Mér er algerlega fyrirmunað að skilja það, eins og ég vék að í mínu fyrra máli.

Ég áskil mér líka rétt, þrátt fyrir það sem ég hef sagt og skrifað, til að mótmæla því þegar menn koma með svo vanbúið mál, eins og það sem við erum að ræða í dag, til umræðu á þinginu. Þegar menn ætlast til þess að þingið taki ákvörðun á jafnveikum grunni og lagt er upp með áskil ég mér rétt til að mótmæla því.

[11:11]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Fyrir örfáum mánuðum, áður en hv. þingmaður var snúinn niður á landsfundi Sjálfstæðisflokksins með sjónarmið sín í Evrópumálum, (**Gripið fram í:** Varst þú á landsfundinum?) taldi hv. þingmaður að grunnurinn við núverandi aðstæður í íslenskum efnahagsmálum væri einmitt á grundvelli gjaldmiðilsins, á grundvelli þeirrar gjaldmiðilskreppu og þeirrar efnahagskreppu sem við vorum í, að þegar fyrir hálfu ári væri orðið brýnt að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið og kanna hvaða kosti við ættum í því efni og að forsendan væri sú að við stæðum vörð um auðlindirnar. Ég veit ekki betur en að hvort tveggja komi fram í þessu þingmáli og ég spyr hvort hv. þingmaður sé enn sömu skoðunar.

Hann sagði líka að hann sæi ekki hvers vegna ætti að halda tvær þjóðaratkvæðagreiðslur vegna þess að bestu aðstöðuna hefði þjóðin til að skera úr um í málinu þegar niðurstaða í samningunum lægi fyrir. (Forseti hringir.) Ef haldin væri þjóðaratkvæðagreiðsla um að fara í viðræðurnar, til hvers ætti þá að hafa síðari þjóðaratkvæðagreiðsluna? spurði hv. þingmaður og það er eðlilegt að hann svari nú sinni eigin spurningu eftir þann málflutning sem hann hefur haft uppi.

[11:13]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, ég hef sagt að það voru einkum tvær ástæður til þess að Sjálfstæðisflokkurinn gerði rétt í því að fara að nýju yfir hagsmunamat sitt. Það eru breyttar pólitískar aðstæður, til að mynda eftir brotthvarf varnarliðsins, og það er sannarlega gjaldmiðillinn. Sannarlega hefur hann verið okkur til vandræða og ég hef margoft sagt að til lengri tíma kunni hann að reynast okkur fjötur um fót. Það er á þessum forsendum sem umræðan hefur átt sér stað innan Sjálfstæðisflokksins, á forsendum hagsmunamatsins.

Það kann að vera að hv. þingmaður sé sömu skoðunar, að við eigum að keyra þetta mál áfram á ísköldu hagsmunamati. Sannarlega er úr vöndu að ráða. Það eru engir aug-

ljósir, einfaldir kostir sem okkur standa til boða. Ég hef engu að síður verið þeirrar skoðunar að ókostirnir við inngöngu í Evrópusambandið væru slíkir að mín sannfæring stæði til þess að okkur væri enn betur borgið utan. Varðandi það sem hv. þingmaður vísar stöðugt í að ég hafi sagt og skrifað stend ég við það allt saman.

[11:14]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skoðanabræðurnir, ég og hv. formaður Sjálfstæðisflokksins, hljótum að fagna því að hér sé komið fram mál í fyrsta sinn í þingsölum Alþingis þar sem lagt er til að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Það er sögulegur dagur en það er líka sögulegur dagur að lagt er til að svo stórt mál gangi með þessum hætti til þings og þá til þjóðar. Það er ákaflega lýðræðisleg og vönduð málsmeðferð og því hljótum við formaður Sjálfstæðisflokksins líka að fagna. Þess vegna kom mér á óvart sú vandlæting sem kom fram í máli formannsins um innihaldið í texta tillögunnar þegar kjarninn er alveg skýr og í öðru lagi er málið að ganga til þingnefndar, utanríkismálanefndar, til meðferðar, úrvinnslu og væntanlega þá betrumbóta ef nefndin telur á því þurfa að halda, dýpri og ítarlegri greinargerðar o.s.frv. Þess vegna spyr ég hv. þingmann hvort hann fagni því ekki örugglega að þetta mál sé komið fram sem við töluðum báðir fyrir oft í ræðu og riti á Alþingi og utan Alþingis í fyrravetur (Forseti hringir.) og hefur ekkert breyst síðan þá. Það er kjarni málsins að málið er komið fram.

[11:15]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að ég og hv. þingmaður séum ósammála um kjarna þess máls sem hér er verið að ræða. Kjarni málsins er að farið er fram á það við þingið að afgreiða málið án þess að ríkisstjórnin geri grein fyrir þeim hagsmunum sem hún ætlar að verja, án þess að ljóst sé hver aðkoma þingsins á meðan á viðræðunum stendur skuli vera, án þess að fyrir liggi hvaða kostnaður hlýst af aðildarviðræðunum, án þess að gerð sé grein fyrir því hvaða stjórnarskrárbreytingar séu nauðsynlegar og hvenær þær eigi að eiga sér stað.

Hagsmunaaðilum — ekki þinginu, nei, hagsmunaaðilum úti í bæ — verður falið að skilgreina samningsmarkmiðin og á þessum grundvelli á ráðherra Samfylkingarinnar, sem hefur nota bene engar athugasemdir við sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, að fá umboð til að ganga til viðræðna og ljúka samningi við Evrópusambandið. Sá er kjarni þessa máls. (Forseti hringir.)

[11:16]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri tilefni til vandlætingar og það væri tilefni til að gagnrýna málsmeðferð ef ríkisstjórn Íslands hefði ákveðið að senda fullbúna umsókn til Evrópusambandsins án þess að hún kæmi til ítarlegrar meðferðar hjá Alþingi Íslendinga.

Hér kemur fram vönduð tillaga þar sem tíundaðir eru allir grundvallarhagsmunir Íslendinga í slíkum viðræðum en málið síðan sent til meðferðar á Alþingi Íslendinga. Utanríkismálanefnd getur með hvaða hætti sem er breytt málinu, dýpkað textann, útfært tillöguna mjög ítarlega þannig að þegar ríkisstjórn sækir síðan um aðild gerir hún það á sjálfsögðu á grunni þeirrar tillögu sem Alþingi Íslendinga og utanríkismálanefnd hefur ákveðið að gera skuli.

Þetta er eins jákvæð og vönduð málsmeðferð og hugsast getur í svo gríðarlega stóru máli. Eftir hvernig málsmeðferð er þingmaðurinn að kalla? (Forseti hringir.) Um leið fagna ég því að sjálfsögðu að hann tekur undir það að sækja skuli um aðild með nýrri tillögu gömlu stjórnarflokkanna.

[11:18]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rangt hjá hv. þingmanni að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur séu að leggja það til með þingsályktunartillögu sinni að sótt verði um aðild. Ég hvet hann til að lesa tillöguna.

Auðvitað er hv. þingmanni ekki alvara þegar hann segir að hér liggi fyrir vönduð tillaga. Auðvitað er honum heldur ekki alvara þegar hann segir að í þessari tillögu séu skilgreindir skilmerkilega allir þeir grundvallarhagsmunir sem við þurfum að verja í viðræðunum. Eða er hv. þingmaður að segja að þá grundvallarhagsmuni sé hægt að tilgreina í 6–8 setningum eins og gert er í þessu skjali? Er hv. þingmaður að segja að allt talið um samráðið við hagsmunaaðilana og sú vandaða málsmeðferð sem á að fara fram á þinginu muni fæða af sér 5–6 stuttar setningar um þá hagsmuni sem þurfi að verja og þau sjónarmið sem þurfi að gæta að í viðræðum við Evrópusambandið? Auðvitað er hv. þingmanni ekki alvara með þessum málflutningi.

[11:19]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Forseti. Hér liggur fyrir þingsályktunartillaga sem hæstv. utanríkisráðherra hefur lagt fram og mælt fyrir um um að Alþingi feli ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.

Tillagan er í sjálfu sér einföld í sniðum en hún varðar hins vegar ríka þjóðarhagsmuni. Tengsl okkar við Evrópusambandið vekja blendnar tilfinningar í hjörtum Íslendinga og því er afar mikilvægt að umræður um og vinnan við þetta þingmál verði yfirveguð og vönduð í alla staði og mun ég koma nánar inn á það síðar.

Í athugasemdum við tillöguna eru reifuð ýmis sjónarmið sem hafa ber í huga og þar kemur fram að tillögunni sé ætlað að tryggja að íslenska þjóðin fái tækifæri til að hafna eða samþykkja samning um aðild að sambandinu. Enn fremur er þar undirstrikað að umsókn jafngildi ekki aðild og skýr fyrirvari er gerður þar sem málsaðilar áskilja sér rétt til að mæla með eða leggjast gegn samningnum ef og þegar þar að kemur.

Það dylst engum að hér eru ríkir hagsmunir í húfi fyrir íslenska þjóð, hagsmunir sem sumir hverjir tala fyrir aðild að Evrópusambandinu og aðrir sem vega gegn henni. Öll sjónarmið eiga rétt á sér og við getum ekki leyft okkur að gera lítið úr andstæðum málsrökum og tilfinningum sem tengjast þessu máli.

Meðal grundvallarhagsmuna sem tíundaðar eru í athugasemdum eru:

Að tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum og ráðstöfun þeirra.

Að tryggja forræði þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni, sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar og hlutdeild í deilistofnum og eins víðtækt forsvar í hagsmunagæslu í sjávarútvegi í alþjóðasamningum og hægt er.

Að tryggja öflugan íslenskan landbúnað á grundvelli fæðuöryggis og matvælaöryggis.

Að tryggja lýðræðislegan rétt til að stýra almannaþjónustu á félagslegum forsendum

Að standa vörð um réttindi launafólks og vinnurétt.

Að ná fram hagstæðu og vaxtarhvetjandi samkeppnis- og starfsumhverfi fyrir atvinnulíf á Íslandi um leið og sérstöðu vegna sérstakra aðstæðna er gætt.

Öll þessi atriði skipta verulegu máli fyrir okkur Íslendinga og er hér þó ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Verði þessi tillaga samþykkt tel ég einboðið að af Íslands hálfu verði hagsmunir og markmið okkar skilgreind frekar af hálfu stjórnvalda í nánu og víðtæku samráði við hagsmunaaðila og að sjálfsögðu við Alþingi.

Þeirri hugmynd hefur verið hreyft í þingsályktunartillögu tveggja stjórnarandstöðuflokka að utanríkismálanefnd hafi umsjón með því starfi og að mínu viti er sjálfsagt að skoða þann möguleika þótt ég hallist frekar á þá sveif að það eigi að kjósa sérnefnd um Evrópumál eins og ég kem að síðar.

Undanfarin 15 ár hefur Ísland verið aðili að samningum um hið Evrópska efnahagssvæði í gegnum aðild okkar að EFTA. Á þann hátt höfum við nú þegar fullgilt marga veigamikla þætti í gildandi sáttmálum, löggjöf og stefnumiðum Evrópusambandsins. Af þeim sökum eru þau sjónarmið hávær að nú sé einungis lokahnykkurinn eftir, full aðild að sambandinu.

Enda þótt margir málaflokkar falli undir EES-samninginn má ekki gleymast að mjög þýðingarmiklir hlutar standa þar fyrir utan, svo sem sjávarútvegur og landbúnaður, skatta- og tollamál og ríkisfjármál, efnahags- og myntsamstarf, dómsmál, byggðamál og utanríkis- og öryggismál. Allt eru þetta afar umfangsmikil málasvið og aðild að Evrópusambandinu þýðir stóraukið framsal á innlendu valdi til yfirþjóðlegra stofnana. Um það verður varla deilt. Hitt er meira álitamál hvort ávinningurinn af aðild sé slíkur að hann vegi upp eða réttlæti yfirleitt slíkt valdaframsal.

Vissulega er bent á að aðildarríki Evrópusambandsins eru nú orðin 27 og ekkert þeirra mun telja sig ósjálfstætt eða ófullvalda ríki vegna aðildarinnar. Ákvörðun af þessum toga er hins vegar þess eðlis að hana getur einungis þjóðin sjálf tekið. Og hún á að taka hana.

Á undanförnum árum hafa margar nefndir og starfshópar unnið að Evrópumálum á vegum margra ríkisstjórna, á vegum stjórnmálaflokkanna, hagsmunaaðila o.s.frv. Þannig liggur fyrir mikil undirbúningsvinna og upplýsingasöfnun sem sjálfsagt er og eðlilegt að nýta í þeirri vinnu sem fram undan er. Það er einnig brýnt að mínu mati að umræðan um þessi mál verði ekki einskorðuð við hið pólitíska umhverfi heldur nái vítt og breitt um samfélagið.

Stjórnmálaflokkarnir hafa mótað afstöðu sína til aðildar að Evrópusambandinu á landsfundum og flokksþingum, m.a. fyrr á þessu ári. Það er öllum ljóst að skoðanir um málið eru afar skiptar í flestum flokkum og kjósendahópnum. Afstaða fólk breytist frá einum tíma til annars og að sjálfsögðu geta ytri aðstæður eins og staða efnahagsmála haft sitt að segja um þróunina í skoðanakönnunum.

Um nokkurt skeið hefur sú staða verið uppi að meiri hluti landsmanna virðist vilja að farið verði í aðildarviðræður á sama tíma og meiri hlutinn virðist jafnframt andvígur aðild. Þessi staðreynd á sér samsvörun í því sem segir í athugasemd með tillögunni, nefnilega að í aðildarumsókn felist ekki nauðsynlega jákvæð afstaða til aðildarinnar sjálfrar. Afstaðan til hennar ræðst af mörgum ólíkum þáttum sem margir hverjir eru ekki fyrirséðir fyrr en á hólminn er komið.

Á vettvangi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur farið fram talsverð umræða um Evrópumálin og á vegum flokksins hafa verið haldnir margir fundir þar sem þau mál hafa verið skoðuð frá ólíkum hliðum. Stefna flokksins gagnvart aðild að sambandinu var mótuð strax í upphafi og hún hefur ekki breyst þann áratug sem flokkurinn hefur starfað. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur hagsmunum Íslands best borgið utan Evrópusambandsins. Stefna hins stjórnarflokksins, Samfylkingarinnar, hefur á hinn bóginn verið sú að Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið. Þetta er öllum kunnugt.

En þrátt fyrir andstöðu VG við aðild að Evrópusambandinu telur flokkurinn að þjóðin sjálf eigi að ráða örlögum sínum í þessu þýðingarmikla máli. Á landsfundi flokksins í mars sl. var samþykkt ályktun þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur nú sem fyrr að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins. Sjálfsagt er og brýnt að fram fari opin og lýðræðisleg umræða um samskipti Íslands og sambandsins. Landsfundur VG leggur áherslu á að aðild Íslands að ESB eigi að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Þannig lagði landsfundurinn áherslu á þrennt, í fyrsta lagi andstöðu flokksins við aðild að ESB, í öðru lagi mikilvægi opinnar og lýðræðislegrar umræðu um málið og í þriðja lagi að þjóðin sjálf leiddi málið til lykta.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir er að sjálfsögðu málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða stjórnarflokkanna til málsins. Það er engin ástæða til að gera lítið úr því og það vita allir. Tillagan var einnig kynnt stjórnarandstöðuflokkunum sem höfðu tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. En þótt afstaða stjórnarflokkanna til aðildar sé ólík hafa þeir verið sammála um að vísa endanlegri ákvörðun í málinu til þjóðarinnar og aðrir flokkar hafa einnig ályktað um það með sama hætti. Sú tillaga sem stjórnarandstöðuflokkarnir Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa hér lagt fram í dag virðist mér ganga út á hið sama.

Á þessum grunni byggir sú tillaga sem hér er á dagskrá í dag. Um leið heldur hún til haga þeim þremur meginatriðum sem landsfundur VG samþykkti í málinu. Hún kveður á um þjóðaratkvæðagreiðslu, opna og lýðræðislega umræðu og upplýsingagjöf og að málsaðilar — þar með talið einstakir stjórnmálaflokkar þar sem formaður Sjálfstæðis-

flokksins var að spyrja hverjir þessir málsaðilar gætu verið — geti lagst gegn málinu þegar kemur að ákvörðun um aðild eða ekki aðild. Sá áskilnaður á vitanlega við um báða stjórnarflokkana og sama máli hlýtur að gegna um stjórnarandstöðuna.

Það er beinlínis villandi og hálfsannleikur sem haldið er fram, reyndar í leiðara eins dagblaðanna í morgun, að aðeins annar stjórnarflokkurinn áskilji sér rétt til að leggjast gegn samningi um aðild að ESB. Enginn stjórnmálaflokkur getur fyrir fram lýst yfir skilmálalausum stuðningi við Evrópusambandsaðild. Þvert á móti hljóta allir flokkar að heita þjóðinni því óháð því í hvaða farveg þetta mál fer að halda utan um hagsmuni íslensku þjóðarinnar og íslensks samfélags og taka endanlega afstöðu til aðildarsamnings þegar fyrir liggur hvernig hann þjónar heildarhagsmunum Íslands.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna er með sama hætti fjallað um fyrirvarana en þar segir m.a. um þetta mál, með leyfi forseta:

„Ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði í höndum íslensku þjóðarinnar sem mun greiða atkvæði um samning í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum aðildarviðræðum. Utanríkisráðherra mun leggja fram á Alþingi tillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu á vorþingi. Stuðningur stjórnvalda við samninginn þegar hann liggur fyrir er háður ýmsum fyrirvörum um niðurstöðuna út frá hagsmunum Íslendinga í sjávarútvegs-, landbúnaðar-, byggða- og gjaldmiðilsmálum, í umhverfis- og auðlindamálum og um almannaþjónustu. Viðtækt samráð verður á vettvangi Alþingis og við hagsmunaaðila um samningsmarkmið og umræðugrundvöll viðræðnanna. Flokkarnir eru sammála um að virða ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að Evrópusambandinu og rétt þeirra til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu í samræmi við afstöðu sína og hafa fyrirvara um samningsniðurstöðuna.“

Þetta er skýrt. Sú nálgun sem stjórnarflokkarnir hafa á þetta mál er um margt nýlunda í íslenskum stjórnmálum. Einhverjum kann að þykja sérkennilegt að samstarfsflokkar í ríkisstjórn skrifi sérstaklega um það í samstarfsyfirlýsingu sem þeir eru ósammála um en um leið er verið að styrkja þingræðið og lýðræðið í sessi.

Þingið mun fjalla um og taka afstöðu til tillögunnar og verði hún samþykkt fer af stað ferli sem væntanlega endar í aðildarsamningi sem þjóðin mun taka af skarið um. Nú þegar hæstv. utanríkisráðherra hefur mælt fyrir þessari tillögu er hún komin í hendur Alþingis sem hefur það í hendi sér hver örlög hennar verða.

Ég vil ekki draga fjöður yfir það að innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru skiptar skoðanir um þessa leið. Margir innan okkar raða eru alfarið andvígir því að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu á meðan aðrir telja að það sé rétt leið til að koma málinu í hendur þjóðarinnar. Bæði sjónarmiðin eiga rétt á sér og eiga að njóta virðingar og sannmælis og einstakir þingmenn flokksins áskilja sér að sjálfsögðu allan rétt til að greiða atkvæði um tillöguna eins og samviska þeirra býður þeim. Vonandi mun það reyndar eiga við um þingheim allan.

Forseti. Þegar þessari umræðu lýkur verður tillögunni að öllum líkindum vísað til utanríkismálanefndar til meðferðar. Sem formaður nefndarinnar mun ég kappkosta að ná sem breiðastri samstöðu um verklag og vinnu í nefndinni um málið. Ég tel afar brýnt að sem flestum verði gert kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina og að nefndin hafi tækifæri til að vinna vandlega úr umsögnum og skiptast á skoðunum og viðhorfum. Það mun ekki standa á mér að leita leiða til að sem flestir geti orðið samferða um afgreiðslu málsins þótt auðvitað sé ekki enn tímabært að fara frekar út í það. Fyrst verður nefndin að sjálfsögðu að fá málið til umfjöllunar og skoða umsagnir, ræða mismunandi leiðir og útfærslur, þar með talið kostnaðarmat sem hér var kallað eftir af hálfu formanns Sjálfstæðisflokksins.

Í athugasemdum með tillögunni er vikið að því að stefnt skuli að því að setja á laggirnar sérstaka Evrópunefnd þingsins með fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem fari með samskipti við viðræðunefnd vegna ESB. Utanríkismálanefnd mun þurfa að taka afstöðu til þessa og þá jafnframt að skilgreina hlutverk og ábyrgðarsvið þeirrar nefndar og hvernig hún muni starfa.

Sjálfur tel ég einboðið að Evrópunefnd sem Alþingi kýs hafi víðtækt umboð, gegni mikilvægu hlutverki við skilgreiningu á samningsmarkmiðum og grundvallarhagsmunum og fylgist grannt með viðræðum, jafnvel þannig að nefndin hafi eða geti haft beina aðkomu að viðræðuferlinu sjálfu. Evrópunefnd á að mínu viti einnig að tryggja jafna og markvissa kynningu og upplýsingagjöf til þings og þjóðar í samvinnu við hagsmunaaðila og félagasamtök, ekki síst þeirra sem annars vegar styðja aðild Íslands að Evrópusambandinu og hins vegar þeirra sem mæla gegn inngöngu Íslands í sambandið.

Við Íslendingar glímum nú við margvíslega erfiðleika og á slíkum tímum er hætt við að margir leiti að einföldum og skjótvirkum lausnum. Þær eru því miður ekki til. Við munum á næstu vikum og mánuðum þurfa að taka þungbærar en óhjákvæmilegar ákvarðanir í því augnamiði að vinna okkur í gegnum efnahagsófarirnar og afleiðingar hagstjórnarmistaka undanfarinna margra ára.

Það eru stóru verkefnin í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir og það er einkar brýnt að þjóðin standi saman við þær kringumstæður. Einmitt á þeim tímum er knýjandi hlutverk forustumanna í stjórnmálum að vinna að slíkri samheldni meðal þjóðarinnar og þá fyrst reynir á úr hverju menn eru gerðir.

Nú ætla ég að leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna í þingsetningarræðu í vor. Samheldnin var forseta Íslands hugleikin við setningu Alþingis en þá vék hann að umræðu um Evrópusambandið og minnti m.a. á þann klofning meðal þjóðarinnar sem ágreiningur um tengsl okkar við önnur ríki orsakaði á sínum tíma og hvatti til þess að öll meðferð málsins nú yrði með þeim hætti að sem flestir yrðu sáttir. Síðan sagði forsetinn, með leyfi forseta:

„Rökin bæði með og á móti eru svo efnisrík að sérhverjum ber að virða málflutning hinna, gæta hófs, viðurkenna að málið snertir svo sögu, sjálfsvitund og framtíðarsýn Íslendinga að strengir röksemda og heitra kennda munu ætíð hljóma í senn.

Við þurfum öll að hafa í huga, hvaða stöðu sem við gegnum eða hver sem afstaðan er til aðildar, að í þessum efnum er það þjóðin sem ræður. Okkar skylda er fyrst og fremst að búa málið vel í hennar dóm, að forðast eftir

fremsta megni að úrslitin skilji eftir djúpstæða gjá.“

Ég tel einmitt, frú forseti, mikilvægt að við stöndum með þessum hætti að þessu máli sem hér er til umfjöllunar. Það mál sem við erum að ræða hér í dag snýst ekki síst um það hvort við höfum til að bera lýðræðislegan þroska til að takast á við þetta viðfangsefni og sættast á þá niðurstöðu sem þingræðið og lýðræðið leiðir til. Þar er enginn undanskilinn.

[11:34]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu nema öll ræðan var í núinu. Það er nútíðin sem menn fjalla um og ekkert annað. Hann fjallaði ekkert um framtíðina svo að ég tali ekki um fjarlæga framtíð. Þá er ég að tala um 50 eða 100 ár, eins og ég hef nefnt áður.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Hvernig hann sér Ísland inni í Evrópusambandinu eftir 50 eða 100 ár? Hann var heldur ekki á móti. Hann kom heldur ekki með beina afstöðu gegn því að ganga inn í Evrópusambandið. Ábyrgð hv. þingmanna Vinstri grænna er mjög mikil á því að veita þessu máli brautargengi á Alþingi. Ég vil spyrja hv. þingmann: Ef hann kaupir hús og búnar eru til væntingar um að hann geti flutt inn í húsið en síðan kemur í ljós þegar hann á að fara að kaupa húsið að hann á að borga fullt verð. Hann eignast það ekki, hann leigir það bara. Hvernig mundi hv. þingmaður taka afstöðu í slíku dæmi? Hann er jú fluttur inn og hvað ætlar hann að gera?

[11:35]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég mun ekki taka þátt í samjöfnuði þingmannsins á því að kaupa hús annars vegar og ganga í Evrópusambandið hins vegar. Mér finnst þessi samlíking ekki gáfuleg. Það sem ég vil segja um það sem þingmaðurinn kom inn á þegar hann ræddi um framtíðina og spurði hvernig ég sjái framtíðina fyrir mér — hann gerir athugasemd við að ræða mín hafi fyrst og fremst verið í núinu — vil ég eingöngu segja þetta: Við erum að ræða um hvort Alþingi ætlar að veita ríkisstjórninni umboð til þess að ganga til viðræðna við Evrópusambandið um aðild á tilteknum forsendum og að láta síðan ákvörðun þar að lútandi vera í höndum íslensku þjóðarinnar. Það er sú framtíðarsýn sem ég hef, að þjóðin sjálf taki ákvörðun um það hver örlög hennar verða í þessu máli í núinu og til framtíðar.

[11:36]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þegar hæstv. utanríkisráðherra, því að það er hann sem fer með málið samkvæmt stjórnarskránni, það er hann sem semur og enginn annar, er búinn að gera einhvern samning um fá undanþágur í sjávarútvegi til 15 ára um að Íslendingur megi borða hákarl í 10 ár eða eitthvað því um líkt, leggur hann ákveðinn samning fyrir þjóðina. Þá verður sagt: Takið þið þennan samning eða ekki. Takið þið þennan samning af því að hann er lausn á dæminu. Þið fáið ekki allar þær töfralausnir sem við höfum bent á, allt þetta góða, lækkaða vexti, lækkað verðlag, atvinnutryggingu og ég veit ekki hvað og hvað. Þá standa menn einmitt í þeim sporum sem Vinstri grænir þykjast vera á móti og hugsa að allir samþykki þetta af því að þeir fá ekkert annað. Það er þessi hætta, það er þessi samningstækni, það er þetta trix sem Vinstri grænir hafa fallið á á prófinu.

[11:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir prýðisræðu. Þar talaði hann sérstaklega um að það skipti máli að umræðan væri yfirveguð og vönduð. Það sem hann var að lýsa var einfaldlega þetta: Við erum alveg út og suður, ríkisstjórnarflokkarnir, í þessu máli og það sem við ætlum að gera er að setja það yfir í þingið. Allt í góðu. Ef hv. þingmaður er samkvæmur sjálfum sér hlýtur hann að hafa ansi mikið svigrúm í þinginu núna. Það er alveg augljóst að þegar við berum saman þessar tvær þingsályktunartillögur, annars vegar frá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum og hins vegar frá ríkisstjórninni að hv. þingmaður talar fyrir þingsályktunartillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort það komi þá ekki til greina, af því að hann kallar eftir því að þingmenn séu óbundnir, að hann, eins og aðrir þingmenn Vinstri grænna, styðji þingsályktunartillögu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

[11:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. utanríkisráðherra hefur mælt fyrir þingsályktunartillögu um aðildarviðræður að Evrópusambandinu og ég hef stutt það, ég studdi að sú tillaga yrði lögð fram. (Gripið fram í.) Síðan höfum við lagt áherslu á, eins og hér kom fram í máli þingmannsins, að það væri þingið sem ætti að fjalla um málið. Í því felst að mínu mati styrking á þingræðinu.

Mér finnst eins og Sjálfstæðisflokkurinn sé dálítið að kalla eftir gömlum tíma, nefnilega þeim að þingið sé stimpilpúði fyrir framkvæmdarvaldið. (**Gripið fram í:** Var ekki verið að spyrja þig?) Ég ætla að sjálfsögðu að svara þessari spurningu ef ég fæ ráðrúm til þess fyrir hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins.

Það sem ég er að segja er að mér finnst hér vera kallað eftir því að þingið eigi að vera stimpilpúði fyrir framkvæmdarvaldið. Það er ekki þannig sem við viljum vinna þetta mál. Ég hef sagt að ég vil efna til mikils og góðs samráðs við stjórnarandstöðuflokkana og ég hef reyndar þegar lagt drög að því að gera það þótt sumir hafi ekki séð sér fært (Forseti hringir.) að koma að því borði. En ég mun leggja mig fram um að eiga samráð við stjórnarandstöðuna (Forseti hringir.) og um þá tillögu sem hún hefur lagt fram vegna þess að væntanlega (Forseti hringir.) verður mælt fyrir henni og henni vísað til utanríkismálanefndar til umfjöllunar.

[11:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er ekki enn þá búinn að svara því hvort það komi til greina að hans áliti að styðja mál Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Allir sem hlustuðu á málflutning hv. þingmanns geta ekki komast að

annarri niðurstöðu en að hann sé efnislega alveg sammála þeim. Hv. þingmaður segir: Hættum þessu flokkakarpi. Nú eru allir óbundnir, þannig styrkjum við þingræðið. Það er mjög eðlilegt að hv. þingmaður sem og aðrir þingmenn Vinstri grænna svari því í það minnsta hvort það eigi þá við um bæði málin. Þegar vinstri grænir voru snúnir niður í Evrópusambandsmálinu, fólst þá það í því að menn væru bara bundnir við þingmál utanríkisráðherra? Hv. þingmaður verður að svara þessu. Kemur það til greina? Er hann jafnóbundinn varðandi mál Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins eins og hann fer fram á að aðrir séu varðandi mál hæstv. utanríkisráðherra?

[11:41]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessari spurningu má að sjálfsögðu snúa upp á fyrirspyrjanda sjálfan. (Gripið fram í.) Eftir því sem ég hef lesið í þeirri tillögu sem dreift var í morgun — ég hef ekki lesið hana mjög vandlega því að hún barst hingað rétt þegar þessi fundur var að hefjast — virðist mér hún bera í sér að stjórnarandstöðuflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, leggi til að undirbúin verði umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Það er heiti tillögunnar, „Undirbúningur umsóknar um aðild að Evrópusambandinu“. (Gripið fram í.) Þess vegna finnst mér í raun að ekki sé ýkja mikill munur á því sem hér er verið að leggja til — hér kemur nýtt eintak, prentað upp. Það er ekki nema von að menn hafi ekki áttað sig á því hvað þeir voru komnir í.

Ég tel að komi þessi tillaga til umræðu og verði vísað til utanríkismálanefndar muni hún fá efnislega meðferð. Ég hef sagt: Ég vil gjarnan vinna að sem breiðastri samstöðu. (Forseti hringir.) Þau sjónarmið (Gripið fram í.) sem koma fram í tillögu stjórnarandstöðuflokkanna verða að sjálfsögðu (Gripið fram í.) tekin til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar (Gripið fram í.) og fá þar vandaða og málefnalega umfjöllun, frú forseti. (Gripið fram í.)

[11:43]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti beinir þeim tilmælum til hv. þingmanna að þeir virði ræðutímann.

[11:43]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega umræðu áðan, (Gripið fram í.) þ.e. í framsöguræðunni. En hins vegar vil ég í framhaldi af því, vegna þess að hv. þingmaður gerir sér greinilega grein fyrir þeim vanköntum sem eru á því að ganga til samningaviðræðna við Evrópusambandið, spyrja hv. þingmann að því hvort hann sé mér ekki sammála um að áður en menn hafa tekið afstöðu til þess sé skynsamlegra að vanda málið mjög vel. Afgreiða það ekki í flýti heldur setja niður fyrir sér með vönduðum hætti greinargerð um mikilvægustu hagsmunina þannig að við getum áttað okkur á því áður en við tökum afstöðu til þess hvort sækja eigi um, hver helstu álitamálin séu. Ekki bara í tveimur, þremur, fjórum, fimm setningum eins og gert er í núverandi þingsályktunartillögu, heldur með vönduðum hætti þannig að við getum séð málið betur fyrir okkur.

[11:44]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að ákveði Alþingi að farið verði í viðræður við Evrópusambandið sé mikilvægt að við vitum og gerum okkur glögga grein fyrir því um hvað við ætlum að ræða við Evrópusambandið. (Gripið fram í.) Nei, áður en menn fara í viðræður við Evrópusambandið þurfa þeir að sjálfsögðu að setja það niður fyrir sér hver helstu markmiðin eru, hverjir helstu hagsmunir Íslendinga eru. Í þeirri þingsályktunartillögu sem ríkisstjórnin hefur lagt fram eru tíunduð helstu sjónarmið og helstu grundvallarhagsmunir sem ríkisstjórnin telur að þurfi að hafa að leiðarljósi. Þar kemur jafnframt fram að hafa eigi víðtækt samráð við hagsmunaaðila og á Alþingi um mótun samningsmarkmiðanna. Ég tel að vinna eigi málið á þeim grunni sem þar er lagt upp með.

Ég fæ ekki séð að í tillögu stjórnarandstöðuflokkanna tveggja sé í grundvallaratriðum verið að leggja upp með annað vinnulag. Það er að einhverju leyti frábrugðið en ég tel alls ekki útilokað að þau sjónarmið sem hér koma fram (Forseti hringir.) í þessum tveimur þingmálum séu samrýmanleg.

[11:45]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér finnst það út af fyrir sig ekki mikil speki að við þurfum að vita það áður en við fljúgum út til Brussel um hvað við ætlum að semja. Það var það sem hv. þingmaður sagði í raun og veru. Hann sagði að við þyrftum eitthvað að vita í okkar haus um hvað við ætluðum að semja áður en við stigjum upp í flugvélina á leið til Brussel.

Það sem ég spurði hv. þingmann um var einfaldlega þetta: Telur hv. þingmaður ekki, með skírskotun til þess að hann hefur auðvitað miklar efasemdir um aðild okkar að Evrópusambandinu, að það væri skynsamlegra fyrir okkur að gera okkur betur grein fyrir þessu máli áður en við tökum ákvörðun um það á hv. Alþingi hvort við ætlum að leggja upp í þessa vegferð? Mér finnst eins og hv. þingmaður sé svolítið að reyna að skauta fram hjá því og það er auðvitað af eðlilegum ástæðum. Hv. þingmaður er fulltrúi stjórnmálaflokks sem er á móti aðild að Evrópusambandinu. Það hefur greinilega komið fram og það vitum við. En ég ítreka þessa spurningu til hv. þingmanns: Telur hann ekki skynsamlegra að þessir hlutir séu betur skýrðir áður en Alþingi tekur um þetta ákvörðun, að það sé gert með vandaðri greinargerð sem allir sjá að verður ekki unnin (Forseti hringir.) á hálfum mánuði eins og gert er ráð fyrir í tillögu hæstv. utanríkisráðherra?

[11:46]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel skynsamlegt að Alþingi marki stefnu í þessu máli, taki ákvörðun um hvort það vill að farið verði í viðræður við Evrópusambandið eða ekki. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu, verði það niðurstaða Alþingis að fara eigi í viðræður við Evrópusambandið, er mjög mikilvægt að við skilgreinum vel samningsmarkmið okkar fyrir viðræðurnar á ýmsum sviðum, eins og kemur fram í tillögu til þingsályktunar sem hæstv. utanríkisráðherra hefur mælt

fyrir þar sem segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Víðtækt samráð verður haft við hagsmunaaðila um samningsmarkmið fyrir viðræðurnar á ýmsum sviðum, svo sem sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamála, á sviði almannaþjónustu, umhverfis- og jafnréttismála og gjaldmiðilsmála, og leitast við að ná sem breiðastri samstöðu um umræðugrundvöll viðræðnanna.“

Ég tel að það sé skynsamlegt að standa að málum með þessum hætti. Alþingi taki ákvörðun um það hvort það telur rétt að leggja af stað í þennan leiðangur. Verði það niðurstaðan förum við í frekari vinnu við að skapa sem allra breiðasta samstöðu og sátt um þau markmið sem við viljum setja okkur (Forseti hringir.) í þeim viðræðum sem fram undan yrðu þá.

[11:47]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna sem vakti upp fleiri spurningar en hún svaraði. Fyrsta spurning mín til þingmannsins er að honum var tíðrætt um lýðræðið, að þjóðin sjálf eigi að taka afstöðu til örlaga sinna. Við viljum spyrja þingmanninn um afstöðu hans til tvöfaldrar atkvæðagreiðslu sem mig rámar í að hann hafi einhvern tíma verið fylgjandi.

Í öðru lagi talaði þingmaðurinn mikið um að þetta væri tillaga sem væri málamiðlun milli stjórnarflokkanna en í mínum huga er þetta hrein og klár stefna Samfylkingarinnar. Þá vil ég spyrja þingmanninn hvað í þessari tillögu er málamiðlun af hálfu Vinstri grænna og þætti mér vænt um að þingmaðurinn hlustaði á spurningar mínar.

Í þriðja lagi vakti formaður Sjálfstæðisflokksins áðan máls á því hvort um það hafi verið samið milli stjórnarflokkanna að koma umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu (Forseti hringir.) fram til að það næði júnífresti. Ég heyrði ekki hvort (Forseti hringir.) þingmaðurinn svaraði þeirri spurningu og kalla eftir svari við henni.

[11:49]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir þessar spurningar. Fyrst vil ég segja um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu að það er atriði sem margir hafa viðrað, að það gæti verið skynsamlegt að efna til sérstakrar atkvæðagreiðslu fyrst. Í þingræðu fyrir sennilega hálfu öðru ári síðan viðraði ég það hvort það gæti verið skynsamleg leið. Við höfum rætt það á vettvangi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en það hefur ekki verið niðurstaða okkar að leggja til að sú leið verði farin.

Varðandi málamiðlun. Já, ég sagði að um væri að ræða málamiðlun á milli sjónarmiða stjórnarflokkanna. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu er tillagan það. Það kemur ekkert neinum á óvart og ég tel að það sem fjallað er um í þingsályktunartillögunni m.a. um grundvallarhagsmuni okkar megi rekja til málflutnings okkar.

Í þriðja lagi varðandi umsókn fyrir júnífrest. Þessi tillaga er komin fram til þingsins og það er í höndum þingsins sjálfs og þeirrar nefndar sem fær málið til meðferðar að ákveða hversu langan tíma hún þarf til umfjöllunar. (Forseti hringir.) Framkvæmdarvaldið setur þinginu engin fyrirmæli eða skorður í því efni.

[11:50]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Svo það sé rétt skilið hjá mér, er þá enginn samningur í gildi milli Samfylkingar og Vinstri grænna um að ljúka þessu máli þannig að umsóknin komi til Evrópusambandsins fyrir júnílok? Ég vil biðja þingmanninn að svara því annaðhvort með jái eða neii.

Varðandi tvöföldu atkvæðagreiðsluna veit ég hver skoðun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er en ég mundi gjarnan vilja fá að vita skoðun þingmannsins og spyr því í kjölfarið: Væri það ekki einmitt málamiðlun á milli stjórnarflokkanna að setja málið í þann lýðræðislega farveg að þjóðin fái að skera úr um hvort hún vill yfir höfuð fara í viðræður eða ekki? Ég skil ekki alveg hvaða sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa náðst fram í þessari málamiðlun vegna þess að daginn fyrir kosningar sagði formaður flokksins í sjónvarpi að hann væri andvígur umsókn, það ætti alls ekki að sækja um í sumar, ef ég man rétt. (Forseti hringir.) Ég vona að ég fari ekki vitlaust með (Forseti hringir.) en ítreka spurninguna um málamiðlunina.

[11:52]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel mig hafa svarað þessu með tvöföldu þjóðaratkvæðagreiðsluna. Ég hef lýst því sjálfur að það er leið sem ég tel að gjarnan hefði mátt skoða. Ég hef aldrei lýst því yfir að ég væri afdráttarlaust þeirrar skoðunar að hana ætti að fara en hún er að sjálfsögðu ein af þeim aðferðum sem menn geta hugsað sér. En það hefur ekki verið niðurstaðan í mínum flokki að leggja til að sú leið væri farin, því svaraði ég.

Í öðru lagi, varðandi umsóknartímafrestinn, hefur mér vitanlega ekkert verið ákveðið um hann annað en að leggja þessar tillögu fram á Alþingi í lok maí. Hún fer til umfjöllunar á vettvangi utanríkismálanefndar. Það er væntanlega á forræði nefndarinnar að ákveða hversu langan tíma hún telur hæfilegan til að fjalla um þetta mál. Ég sé fyrir mér og hef kynnt ákveðnar hugmyndir um það fyrir ýmsum úr stjórnarandstöðunni að við tækjum júnímánuð til umfjöllunar um málið. (Forseti hringir.) En það verður að sjálfsögðu að koma í ljós hvað nefndin treystir sér í því efni, hvort hún telur sig þurfa lengri tíma (Forseti hringir.) eða hugsanlega skemmri.

[11:53]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Eru ráðherrar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs enn þá ófundnir? Eru þeir kannski með slökkt á símunum í sumarbústað með dregið fyrir gluggana? (Gripið fram í.) Ég vildi gjarnan að ráðherrar Vinstri grænna væru í salnum þegar ég ræði þetta mál (Gripið fram í.) því að það varðar þá verulega og væri gott ef hæstv. forsætisráðherra sæi sér fært að vera hérna líka.

[11:53]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti getur upplýst að æðimargir ráðherrar eru í húsi þótt þeir sitji ekki á ráðherrabekkjum. Hæstv. umhverfis-

ráðherra þurfti að hverfa á braut til fundar í umhverfisráðuneytinu en kemur til baka að loknum þeim fundi. Hæstv. forsætisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra, hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, hæstv. viðskiptaráðherra og hæstv. dómsmálaráðherra eru í húsi.

[11:54]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Hér hefur mikið verið rætt um mikilvægi þess að ná sátt og samstöðu í þessu máli. Þessi ríkisstjórn hefur reyndar frá því að hún var mynduð mikið talað um að við þyrftum að beita okkur í þinginu fyrir breyttum vinnubrögðum og leggja gríðarlega áherslu á sátt og samvinnu í öllum málum. En þó hefur í þessu máli sérstaklega verið lögð gríðarlega mikil áhersla á að ná sem víðtækastri sátt og að vinna hlutina saman. Eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson nefndi áðan lagði forseti Íslands mikla áherslu á það á þingsetningardaginn.

Það er þess vegna dálítið sérkennilegt að hér er lagt upp með sátt sem á að vera þess eðlis að fyrst sé ákvörðun tekin og svo séu hlutirnir ræddir. Reyndar var málflutningur hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar þess eðlis að ég var sammála nánast öllu sem hann sagði, enda var hann að langmestu leyti í samræmi við þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar í þessu Evrópumáli. Svo má geta þess líka sem hæstv. utanríkisráðherra sagði um tillögu stjórnarandstöðunnar, hann fjallaði heilmikið um hana og talaði mjög vel um hana svo ég velti því fyrir mér hvort ekki væri ráð til að ná sátt og samstöðu um þessa tillögu, sem hæstv. utanríkisráðherra tekur svona ljómandi vel í, að við ræddum hana og hættum að spá í stjórnartillöguna. Ráðherrann heldur því fram að þetta sé nokkurn veginn það sama en sé það skoðun hans, getur hann þá ekki bara fallist á það í nafni sáttar og samstöðu að við ræðum tillögu stjórnarandstöðunnar og sjáum hvort við getum ekki náð saman um hana? Til þess er þessi tillaga lögð fram, að reyna að ná sátt, rétta fram útrétta sáttarhönd í þessu máli því að þetta er gríðarlega mikilvægt mál og áríðandi að menn reyni að komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu, a.m.k. að ræða meginefni málsins áður en ákvörðunin er tekin. Það er grundvallarmunurinn á þessum tveimur tillögum. Þó að hæstv. utanríkisráðherra hafi haldið því fram að á þessum tveimur tillögum sé enginn reginmunur, er á þeim býsna stór munur: Önnur tillagan gerir ráð fyrir að ákvörðun sé tekin fyrst og svo ræði menn forsendur ákvörðunarinnar en hin tillagan gerir ráð fyrir öfugri röð sem ég hallast að því að sé betri röð, þ.e. að ræða tillöguna fyrst og taka svo ákvörðun.

Reyndar er annar stór munur á þessum tillögum og hann varðar niðurstöðuna þó að hún liggi ekki endanlega fyrir. Ljóst er að sú niðurstaða sem stefnt er að með þingsályktunartillögu stjórnarinnar eða Samfylkingarinnar er sú að Samfylkingunni, hæstv. utanríkisráðherra og hans mönnum verði einum falið umboð til að fara í viðræður við Evrópusambandið. Hvernig kemur það heim og saman þegar menn tala um mikilvægi þess að vinna hlutina með þinginu, að við gerum þetta öll saman, þingræðið ráði og hinar ólíku skoðanir á þingi, að menn ætlast til þess að einn flokkur með mjög afdráttarlausar skoðanir á málinu fái umboð til að fylgja því eftir? Það er ekki með nokkru móti hægt fyrir þingið að sætta sig við að aðeins einn flokkur, Samfylkingin, fari með umboð þessa máls. Enda held ég að það væri ekki sérstaklega æskilegt fyrir þjóðina að einungis Samfylkingin færi í viðræður við Evrópusambandið vegna þess að sá flokkur hefur talað þannig um Evrópusambandið á undanförnum vikum, mánuðum og árum að samningsstaðan er ekki sérstaklega sterk. Samfylkingin er ekki í stöðu til annars en samþykkja hvað svo sem Evrópusambandið mundi rétta henni. Ef Evrópusambandið segði við Samfylkinguna: Takið þessu eða þið fáið ekki neitt, hvernig ætlar Samfylkingin að bregðast við því? Ætlar hún að koma heim og segja: „Við náðum ekki samningi. Lausnir allra vandamála þjóðarinnar brugðust. Við höfum ekki neitt“? Ætlar Samfylkingin að koma heim samningslaus og segja að allur málflutningur hennar undanfarna mánuði, jafnvel undanfarin ár, hafi verið til einskis vegna þess að ekki hafi verið hægt að ná samningum við Evrópusambandið? Nei, Samfylkingin mundi aldrei segja það. Samfylkingin er ekki í stöðu til annars en að taka því sem að henni væri rétt í Brussel. Þar af leiðandi held ég að það væri æskilegt fyrir okkur öll, fyrir Samfylkinguna líka, að breiðari hópur stæði að baki hugsanlegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Hvað svo með hvernig þetta birtist út á við? Nú er flokkur hæstv. utanríkisráðherra vel að sér í almannatengslamálum, pólitískum spuna og slíku. (Gripið fram í.) Er mér ekki óhætt að segja að þetta séu ykkar ær og kýr? (**Utanrrh.:** Það eru fleiri.) Við skulum, hæstv. ráðherra, taka þá umræðu síðar. Ég kvíði því ekki að ræða það við þig. Ég held að menn greini ekkert á um að Samfylkingin er mjög áhugasöm um pólitíska „spunataktík“ og beiti henni óspart. Þar af leiðandi tel ég Samfylkinguna vel til þess færa að velta fyrir sér hvernig það muni birtast nú þegar gríðarlega mikið hefur verið fjallað um Ísland í fjölmiðlum um alla Evrópu og raunar um allan heim mánuðum saman en alltaf um eitt atriði, um að Ísland sé í rauninni á hausnum, hér sé skelfingarástand. Svo kemur frétt um að Íslendingar hafi skilað inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Þeir hafi reyndar ekki verið búnir að finna út úr því hvernig þeir ætluðu að leysa úr atvinnuleysisvandanum hjá sér, þeir séu á hausnum og þar fram eftir götunum en þeir ætli að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það sé gert vegna þess að flokkurinn sem fer með aðildarviðræðurnar sé búinn að útskýra það fyrir þjóðinni að það sé okkar eina von. Evrópusambandið sé svona nokkurs konar björgunarfélag sem þurfi að bjarga okkur úr því ástandi sem við erum í. Hvernig telur Samfylkingin, sem hefur mikla þekkingu á almannatengslamálum, að þetta muni birtast?

Reyndar erum við þegar farin að sjá hvernig þetta mun birtast ef við gerum þetta með þessum hætti. Til að mynda er raunar hæðst að Íslendingum í þýsku útgáfunni af *The Financial Times* fyrir að vilja nú sækja um aðild að Evrópusambandinu vegna þess að þeir séu komnir í þrot að öllu öðru leyti. Það er ekki mikil reisn yfir því að nálgast Evrópusambandið með þessum hætti. Hvar er sjálfsvirðingin? Hvar er sæmdin? Hvar er sú hugsun að við þurfum að fara í viðræður við Evrópusambandið eða ætlum að gera það sem sjálfstæð þjóð sem er búin að hugsa málið til enda, búin að hugsa með sér hvernig hún ætli að taka til heima

hjá sér fyrst og hvað hún hafi fram að færa gagnvart Evrópusambandinu, hvað hún er tilbúin að semja um? Hvaða reisn er yfir því að utanríkisráðherra kroti á miða SOS og sendi hann í hraðpósti til Brussel? Það skiptir máli hvernig við nálgumst Evrópusambandið og það skiptir máli hvort sem við erum fylgjendur aðildar eða ekki. Ef við gerum það eins og lagt er upp með í tillögu Samfylkingarinnar þýðir síðan ekkert að ætla einhvern tíma seinna eftir nokkur ár að fara aftur í aðildarviðræður við Evrópusambandið eftir að þessu hefur verið klúðrað. Í rauninni er ákveðin hætta á því ef þessari leið yrði fylgt að taka ákvörðun um það núna, að ræða síðan málin á meðan Samfylkingin ræðir við félaga sína úti í Brussel, að það mundi ekki enda með aðild að Evrópusambandinu heldur áframhaldandi niðurlægingarferli fyrir Ísland. Þar af leiðandi skulum við sammælast um það sem ríkisstjórnin hefur talað svo mikið fyrir, að fara þessa hefðbundnu leið að ná sátt og samstöðu, ræða málin fyrst áður en við tökum ákvörðun. Það gagnast okkur öllum. Það gagnast hæstv. utanríkisráðherra og það gagnast Samfylkingunni líka. Og þó að hæstv. utanríkisráðherra hafi lagt sig fram um að túlka stefnu annarra flokka er ég hræddur um að það sé alveg tilefni til þess — við getum gert það á kaffistofunni á eftir svo tímanum sé ekki öllum varið í það — að ég fari yfir stefnu Framsóknarflokksins með stefnu hæstv. utanríkisráðherra. Reyndar mundi ég vilja gera orð hv. þm. Vinstri grænna, Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, óbeint að mínum í þessu máli og biðja hæstv. ráðherra fyrir alla muni að tala fyrir sinn flokk í Evrópumálunum en ekki fyrir aðra.

Af því að menn eru svo mikið farnir að vitna í það sem skrifað hefur verið og sagt í gegnum tíðina tel ég alveg tilefni til þess líka að vitna í einn af þingmönnum Samfylkingarinnar, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem á þeim tíma var hæstv. viðskiptaráðherra. Hann sagði þann 17. júlí í fyrra, með leyfi forseta:

„Stór skref verða ekki stigin í Evrópumálunum nema um þau skapist breið samstaða á vettvangi stjórnmálanna og í samfélaginu öllu.“

Ég tek undir hvert orð hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni og út á það gengur þingsályktunartillaga stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Þetta er framrétt sáttarhönd til að ná breiðri sátt og samstöðu um málið sem við hljótum öll að geta verið sammála um að sé eðlilegt fyrsta skref í svona gríðarlega stóru hagsmunamáli.

[12:04]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta rifjaði upp blíðar endurminningar úr iðnaðarráðuneytinu en ég er hér sem utanríkisráðherra.

Ég kem fyrst og fremst til þess að þakka hv. þingmanni og formanni Framsóknarflokksins, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, fyrir þessa ræðu. Ég er honum þakklátur fyrir þær leiðbeiningar sem hann veitti mér um spuna, hann er vafalaust miklu færari í þeim efnum en aumur ég þrátt fyrir langa setu á þingi. Mér finnst hins vegar að ræða hans öll hafi verið ofin þeim þræði að hann vill ná breiðri samstöðu um þetta mál og mér finnst á honum að hann telji að það sé hugsanlega hægt. Ég er auðvitað sannfærður um það, án þess að vilja túlka of mikið stefnu Framsóknarflokksins þó að ég hafi grandlesið hana, að það séu miklir möguleikar á því.

Það var eitt sem hv. þingmaður nefndi sérstaklega, hann taldi að það væri ekki rétt að einn flokkur færi með þessa samninga. Það er ekki ætlunin. Ég er, eins og ég sagði hér fyrr í dag, reiðubúinn til þess að hlusta á allt það sem þingið hefur að segja í þessum efnum og ég mun fara eftir því sem þingið vill, það er ekkert (Forseti hringir.) flóknara en svo.

[12:06]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tók eftir því að formaður Framsóknarflokksins vill gjarnan ná breiðri og góðri samstöðu í þessu máli og ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er fullur vilji til þess og vonandi er hægt að vinna málið með þeim hætti.

Ég velti hins vegar fyrir mér hvort formanni Framsóknarflokksins hafi verið alvara þegar hann fjallar um að það komi ekki til álita að einn flokkur, þ.e. Samfylkingin, fari með samningsumboð Íslands. Hefur nokkrum dottið það í hug nokkurn tíma að samningsumboð Íslands yrði falið einum stjórnmálaflokki? Það mun aldrei verða svoleiðis. (Gripið fram í.) Samningsumboðið getur að sjálfsögðu verið á hendi ríkisstjórnar í umboði Alþingis. Ég velti fyrir mér hvað hv. formaður Framsóknarflokksins á við þegar hann talar um það með þessum hætti.

Að sjálfsögðu getur samningsumboð Íslands, ef til kemur, aldrei verið í höndum einhverrar flokksskrifstofu úti í bæ, (Forseti hringir.) það hlýtur að vera ríkisstjórnin með fulltingi Alþingis sem fer með það. (Gripið fram í.)

[12:07]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, þetta var fróðlegt. Ber að skilja orð hv. þingmanns sem svo að Vinstri hreyfingin – grænt framboð ætli að vera með í aðildarviðræðum við Evrópusambandið? Ef sú er raunin, ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð ætlar að vera fullur þátttakandi í því, eru það ný tíðindi og væri mjög fróðlegt fyrir þingheim að heyra þau.

[12:08]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér heyrðist í ræðu formanns Framsóknarflokksins áðan að hann væri að leita eftir breiðri samstöðu þannig að það mætti skilja hann þannig að Framsóknarflokkurinn vildi gjarnan vera með í þessu ferli, eða hvað? (Gripið fram í.)

Menn verða að gera sér grein fyrir stjórnskipuninni í þessu máli. Það er auðvitað ekki þannig að einstakir stjórnmálaflokkar, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, fari með samningsumboðið. Það er hjá framkvæmdarvaldinu og framkvæmdarvaldið starfar í umboð löggjafarvaldsins. Þannig er hin íslenska stjórnskipun. Það er því auðvitað ekki þannig að þó að einhver tiltekinn ráðherra, utanríkisráðherra í þessu tilfelli, komi úr tilteknum stjórnmálaflokki og annist framkvæmdina fyrir hönd fram-

kvæmdarvalds, að samningsumboðið sé hjá þeim sama stjórnmálaflokki og viðkomandi ráðherra kemur úr, alls ekki. (Gripið fram í.) Það er hjá framkvæmdarvaldinu í umboði Alþingis og öðruvísi getur það ekki verið.

[12:09]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessar skýringar hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar hljómuðu nokkuð „teknókratískt“. Ég velti því fyrir mér hvort þingmaðurinn er í réttum flokki (Gripið fram í.) því að hann er að velta því fyrir sér hvernig stjórnskipan Íslands er í þessu máli en er ekkert að spá í hvernig málið er í raun vaxið. Er það ekki þannig vaxið að það er Samfylkingin sem mundi fara í þessar viðræður eða ætlar Vinstri hreyfingin – grænt framboð líka að taka fulla ábyrgð á öllu sem fram fer í þessum viðræðum?

[12:09]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í afar efnismikilli og fróðlegri ræðu hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um þá þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir hjó ég sérstaklega eftir einu atriði sem mig langar til að inna hann betur eftir af því að ég hygg að þingmaðurinn hafi kynnt sér ágætlega aðildarviðræður annarra ríkja að Evrópusambandinu og hvernig þær hafi farið fram. Þingmaðurinn gerði mikið úr því að menn séu búnir að semja af sér fyrir fram, ef ég skildi hann rétt. Þá velti ég fyrir mér hvernig hann skýrir það hvernig í ósköpunum ríkisstjórnin með stuðningi sinna þinga, samansettar af stjórnmálaflokkum sem vildu ganga í Evrópusambandið — og það hefur nokkrum sinnum gerst að þannig ríkisstjórnir hafi sótt um aðild fyrir hönd ríkja sinna, farið í samningaviðræður og síðan orðið aðildarríki (Forseti hringir.) — hafi tekist að semja við Evrópusambandið.

[12:11]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Spurningu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur er fljótsvarað. Þessum ríkjum tókst væntanlega að semja við Evrópusambandið vegna þess að þau höfðu ekki Samfylkinguna.

[12:11]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. formanni Framsóknarflokksins, þingmanninum Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, fyrir skýrt svar. Í raun og veru kristallast málatilbúnaður Framsóknarflokksins í þessu eina svari formannsins, þar er hinn algjörlega efnislega innstæðulausi málflutningur eins stjórnmálaflokks og eins formanns í hnotskurn, í einu andsvari hér á hinu háa Alþingi. (Gripið fram í.)

[12:12]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég svaraði einfaldlega spurningunni og þetta er eðlilegt svar í framhaldi af skýringum mínum áðan. Skýringarnar voru á þá leið að þessi tiltekni stjórnmálaflokkur hefði talað þannig um Evrópusambandið og í raun byggt alla sína pólitík og sína tilveru sem stjórnmálaflokks á því að samningar náist við Evrópusambandið. Ég veit ekki um annað dæmi um slíkt í Evrópu. Hugsanlega getur hv. þingmaður bent mér á það en ég þekki ekki annað dæmi um stjórnmálaflokk sem byggir tilvist sína og alla sína tillögugerð algjörlega á því að samningar náist við Evrópusambandið og þar af leiðandi tel ég þetta eðlilegt svar við spurningunni.

[12:12]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum ágæta ræðu þar sem hann skaut upp ýmsum skemmtilegum skoteldum. En var hann ekki í kjarnann að fagna fram kominni tillögu og þeim málatilbúnaði t.d. með tilvitnun í grein mína um að við ættum aldrei og gætum ekki staðið að þessu máli og sótt um aðild að sambandinu með trúverðugum hætti án þess að það skapaðist um það breið samstaða meðal þings og þjóðar?

Hér er komin fram tillaga frá ríkisstjórn sem gerir ráð fyrir því að Alþingi Íslendinga álykti um að sótt verði um aðild á ákveðnum forsendum sem þingnefnd mun vinna á næstu vikum og síðan gangi málið frá þingi til þjóðar. Er þetta ekki nákvæmlega eina vegferðin sem við getum farið í þar sem við freistum þess að á bak við slíkt stórmál, slíka umsókn um aðild að Evrópusambandinu sé breið samstaða á meðal þings og þjóðar og eina leiðin sem er réttlætanlegt og vitlegt að fara í svona stóru máli?

[12:14]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Jú, ég get áfram tekið undir það sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson segir, rétt eins og ég tók undir það sem hann skrifaði. Það liggur við að maður fái samviskubit yfir því að hafa skotið á Samfylkinguna þegar samfylkingarmaður kemur og talar af slíkri skynsemi enda var svar mitt áðan bara skýring á því hvers vegna öðrum ríkjum hefði gengið betur að semja við Evrópusambandið.

Aðalatriðið í þessu hlýtur að vera það og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hlýtur að vera sammála mér um að eðlileg röð í slíku ferli þegar menn ætla að ná sátt og samstöðu um eitthvað sé að byrja að ná sátt og samstöðu, ræða hlutina fyrst og taka ákvörðunina sem byggist síðan á umræðunum.

[12:14]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek eindregið undir það og lít svo á að þetta sé sá ferill sem sé heppilegastur til þess. Hér kemur fram tillaga frá ríkisstjórn sem gengur til þings og þingnefndar til frekari úrvinnslu, dýpkunar og allrar þeirrar vinnu sem Alþingi Íslendinga kýs að leggja í þá tillögu henni til breytinga og betrumbóta hvers konar. Síðan leggur nefndin það í dóm þingsins hvort það sé meiri hluti fyrir tillögunni, annars gengi hún ekki fram og þar með væri málið úr sögunni. Það verður því aldrei annað en meiri hluti þings á bak við umsóknina þegar hún gengur út.

Þess vegna held ég að þetta sé mjög heppilegur málatilbúnaður og mjög í anda málflutnings þeirra flokka sem haft hafa það á stefnuskrá sinni að sækja beri um aðild að Evr-

ópusambandinu á tilteknum forsendum og ekki nema um það sé ágæt sátt og samstaða bæði á meðal þings og þjóðar. Þess vegna fagna ég nálgun Framsóknarflokksins í þessu máli almennt og yfirleitt og hef gert alveg frá því að framsóknarmenn voru með það til umfjöllunar á landsfundi sínum í vetur.

[12:16]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Enn fagna ég ummælum hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar því að mér heyrist umræðan vera að færast smátt og smátt inn á að menn séu að átta sig á því að líklega sé skynsamlegast að byrja á því að ræða hlutina og svo getum við tekið ákvörðun eftir það.

Ég er því að verða vongóður um að sú verði niðurstaðan og ég held að langeinfaldasta leiðin til þess að við komumst að þeirri niðurstöðu og til þess að spara tíma sé sú að við hættum að spá í tillögu hæstv. utanríkisráðherra og ræðum málið út frá tillögu stjórnarandstöðunnar.

[12:17]

Þráinn Bertelsson (Bhr):

Virðulegi forseti. Borgarahreyfingin fagnar því að hið mikilvæga mál um aðildarviðræður að Evrópusambandinu sé nú loksins lagt fyrir Alþingi og fagnar því jafnframt með hvaða hætti það er gert. Það er nýmæli að Alþingi sé falið að ná niðurstöðu um mál án þess að fyrir liggi alger samstaða framkvæmdarvaldsins um samþykki málsins. Þetta heitir að efla þingræðið og veitir nú ekki af hjá stofnun sem lengi hefur verið eins og afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið.

Borgarahreyfingin tekur ekki afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu þar sem einfaldlega er ekki hægt að leggja mat á kosti og galla aðildar fyrr en að loknum samningaviðræðum. Borgarahreyfingin telur einnig að ákvörðun um aðild að Evrópusambandinu sé þjóðarinnar og málið verði að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þess vegna styður Borgarahreyfingin aðildarviðræður að því gefnu að tryggt sé fyrir fram að málið fái lýðræðislega meðferð í undanfara þjóðaratkvæðagreiðslu og að aðildarviðræðurnar sjálfar verði leiddar af nefnd fagfólks með aðkomu og ráðgjöf erlendra sérfræðinga.

Skilyrði Borgarahreyfingarinnar hafa þegar verið kynnt hæstv. utanríkisráðherra og eru þessi:

1. Að tryggð verði gagnsæ og hlutlaus miðlun fræðslu um samninginn frá sérstakri upplýsingastofu á vegum Alþingis. Stofan skal skipuð fagfólki og taka mið af reynslu nágrannaþjóða við þjóðaratkvæðagreiðslur. Endanlegur samningur skal vera almenningi aðgengilegur.

2. Að samninganefndin verði skipuð á faglegum forsendum og njóti ráðgjafar að minnsta kosti tveggja óháðra erlendra sérfræðinga.

3. Að tryggt verði jafnt vægi atkvæða allra landsmanna við þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn.

Ekki er að sjá á þingsályktunartillögunni sem núna liggur fyrir að þessum skilyrðum sé mætt. Rétt er að ítreka að þessi þrjú skilyrði snúa öll að lýðræðislegri meðferð málsins og af hálfu Borgarahreyfingarinnar eru þau ekki verslunarvara. Vonandi munu þessi atriði ná fram að ganga áður en kemur til endanlegrar afgreiðslu málsins hér í þinginu.

Eins og við höfum fengið forsmekkinn af í þeim umræðum sem hér hafa farið fram er öllum fjórflokknum mikið í mun að í þeim heyrist varðandi þessa tillögu um aðildarviðræður og má búast við langri röð á mælendaskrá sem mun því miður að mestu samanstanda af sömu endurtekningum, útúrsnúningum og hártogunum aftur og aftur.

Borgarahreyfingin vill minna á að það er þjóðarinnar að ákveða um samþykkt eða synjun aðildar að Evrópusambandinu, ekki þingsins. Því eru allar langlokur um málið á þessu stigi til þess eins fallnar að tefja málið og gera almenningi enn þá erfiðara um vik að átta sig á því. Umræðan hér á þinginu á að vera málefnaleg og upplýsandi fyrir almenning og í þessu mikilvæga máli vonar Borgarahreyfingin að þingmenn sýni þingi og þjóð þá virðingu að setja umræðu um þetta mikilvæga mál ekki ofan í gamaldags skotgrafapólitík heldur veita því brautargengi með hraði og koma því til viðeigandi nefndar hið fyrsta.

Þar sem skilyrði Borgarahreyfingarinnar eru komin fram teljum við ekki tilefni til frekari málalenginga og munum því ekki setja á frekari ræðuhöld um málið í þessari umræðu.

[12:22]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Þráni Bertelssyni fyrir ágæta ræðu. Þegar mótmælin voru í vetur var mikil gerjun í gangi og ég batt miklar vonir við þá gerjun. Hún hefur leitt af sér að Borgarahreyfingin er komin með fjóra þingmenn inn á þing og ég bind miklar vonir við það.

Í ræðu Þórs Saaris í stefnuræðu forsætisráðherra 18. maí sagði, með leyfi frú forseta:

„Fjórflokkurinn hefur talað. Það hefur fátt breyst í íslenskum stjórnmálum.“

Og svo áfram: „Í apríl voru kosningar og í þeim kosningum kom Borgarahreyfingin – þjóðin á þing, fjórum þingmönnum að á Alþingi Íslendinga.“

En nú ætlar þessi sama hreyfing að samþykkja tillögu til þingsályktunar sem stendur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu …“

Alþingi, þessi fjórflokkur, á að taka ákvörðun um að sækja um aðild að einhverju ríkjabandalagi. Hvernig fer það saman við það að þjóðin eigi að ráða? Hvernig fer það saman við þá gerjun sem var á Austurvelli að nú eigi Alþingi, þessi fjórflokkur, að taka ákvörðun um að ganga í Evrópusambandið, að sækja um? Það er heilmikil ákvörðun að sækja um inngöngu í ákveðið ríkjabandalag.

Hvað mundi gerast ef hér kæmi ályktun um að ganga í Bandaríkin? (**BirgJ:** Eigum við ekki bara að hafa atkvæðagreiðslu um það eins og annað sem þú mælir með? …) Það er spurning. Á þá Alþingi að taka ákvörðun um að ganga í Bandaríkin? (**Gripið fram í:** Sjálfstæðisflokkurinn …) Mér finnst ekki vera samræmi á milli þess sem menn segja og þess sem menn gera. Menn ætla núna að fela þessum fjórflokki að taka ákvörðun um að sækja um aðild en ekki þjóðinni. Ég spyr hv. þingmann: Hvernig fer þetta saman?

[12:24]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það á fyrir manni að liggja að svara fyrirspurnum sem eru þess eðlis að manni fallast eiginlega hendur. Ég skil spurninguna ekki nákvæmlega. Ef Pétur Blöndal vill fá að vita hvort Borgarahreyfingin gæti lifað við það að hann eða Sjálfstæðisflokkurinn legði til að Ísland gengi í Bandaríkin gætum við alveg lifað við það svo lengi sem það væri tryggt að þjóðaratkvæðagreiðsla mundi ráða úrslitum um niðurstöðu málsins.

Við í Borgarahreyfingunni erum ákaflega hlynnt sem víðtækustu lýðræði og enn sem komið er þekkjum við ekki víðtækara lýðræði og fullkomnara en þjóðaratkvæðagreiðslur sem Alþingi hefur verið allt of spart á að veita þjóðinni aðgang að.

Úr því að ég er búinn að ljúka Bandaríkjunum af er best að koma aftur að Evrópusambandinu. Það sama mundi gilda um það, hv. þm. Pétur Blöndal, við erum áhyggjulaus af þessu máli vegna þess að það er þjóðin sem mun skera úr samkvæmt þeirri þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir.

[12:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmenn valda mér miklum vonbrigðum vegna þess að nú er verið að greiða atkvæði um eitthvað. Alþingi Íslendinga er að fara að greiða atkvæði um mjög stórt mál sem er að sækja um að aðild að Evrópusambandinu, efnahagsbandalagi margra ríkja, og Borgarahreyfingin ætlar ekki að fela þjóðinni að taka þá ákvörðun að sækja um. Borgarahreyfingin ætlar að láta fjórflokkinn á Alþingi taka þá ákvörðun fyrir sig en ekki þjóðina.

Mér finnst það bara alls ekki í samræmi. Það er ekkert samræmi í því þegar menn segja að þjóðin eigi að taka ákvörðun í mikilvægum málum. Telur þá Borgarahreyfingin að þetta sé ekki mikilvægt mál sem við fjöllum hér um í dag? Það er stórmál og ég skil ekki af hverju Borgarahreyfingin getur fallist á að Alþingi feli ríkisstjórninni, þ.e. hæstv. utanríkisráðherra, sem samkvæmt stjórnarskrá fer með málið, einum manni að semja um aðild og láta þjóðina bara bíða og svo tekur hún einhverja endanlega niðurstöðu. Mér finnst að Borgarahreyfingin hafi brugðist vonum mínum og væntingum.

[12:27]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það veldur mér vissulega nokkrum trega að væntingar hv. þm. Péturs Blöndal til Borgarahreyfingarinnar skuli sveiflast svo ört sem raun ber vitni, að fyrst vöknuðu bjartar vonir en nú sér hann aðeins svartnætti fram undan vegna þess að við teljum ekki nauðsynlegt að leggja í þjóðaratkvæði hvort sækja skuli um aðild að Evrópusambandinu eða ekki.

Ég vek athygli hv. þm. Péturs Blöndals á að aðild Íslands að Evrópusambandinu hefur verið til umræðu, ég skal ekki tilgreina árafjöld sem þessi umræða hefur staðið með þjóðinni — 10, 15, 20 ár. (Gripið fram í.) Hvað segirðu Pétur minn?

(**Forseti** (RR)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að ávarpa ekki einstaka þingmenn með þessum hætti.)

Ég biðst afsökunar, forseti.

Nú er komin ný fyrirspurn frá hv. þm. Pétri Blöndal um hvort þjóðin hafi sjálfstæði eða ekki. Jú. Ég held að þjóðin hafi bæði sjálfstæði, sem ég fagna ákaflega, og Sjálfstæðisflokk svo henni er nokkuð vel borgið.

[12:29]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er mikið fagnaðarefni að við skulum nú loks ræða tillögu til þingsályktunar lagða fram af ríkisstjórn um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Það skiptir miklu máli að þetta mál skuli vera komið á vettvang Alþingis með þessum hætti og það er vonum seinna.

Því má halda fram með góðum rökum að við höfum of lengi tafið ákvarðanatöku í þessu brýna hagsmunamáli. Við höfum of lengi flækt þetta mál. Við höfum of lengi japlað um það í ótal mörgum nefndum endalaust aftur og aftur hverjir hagsmunir okkar eru þegar þeir lágu nokkurn veginn skýrir fyrir. Og það má líka halda fram með góðum rökum að við höfum vanmetið allan þennan tíma hætturnar sem að okkur steðjuðu vegna þess að við stóðum utan Evrópusambandsins. Fátt sýnir betur það djúpstæða vanmat en efnahagshrunið og veikleiki íslensku krónunnar á undanförnum árum.

Það er ljóst í mínum huga að það eru öll rök fyrir því að við sækjum um aðild að Evrópusambandinu sem allra fyrst. Hefjum það ferli og fáum úr því skorið hvernig aðildarsamningur lítur út og leggjum hann síðan í dóm þjóðarinnar.

Efnahagslegur stöðugleiki verður ekki auðveldlega fenginn við núverandi aðstæður í efnahagslífinu. Það er ljóst að tengsl okkar við Evrópu eru í uppnámi. Það hefur farið merkilega lítið fyrir umræðu um það að tengsl okkar við Evrópu eru nú í uppnámi. Við uppfyllum ekki samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og erum bundin í viðjar víðtækra gjaldeyrishafta sem koma í veg fyrir frjálsar fjármagnshreyfingar sem er ein af grunnstoðum EES-samningsins. Sérfræðingar sem best er mark takandi á telja verulegan vafa á því að við munum með þessum gjaldmiðli nokkurn tímann getað komið aftur á frjálsum fjármagnsflutningum, óheftum og ótakmörkuðum, með þeim hætti sem EES-samningurinn krefst. Af því leiðir að núverandi samband okkar við Evrópu er ekki sjálfbært. Og þeir sem telja að hægt sé að fresta ákvörðunum um aðildarumsókn og um að hefja það ferli hljóta auðvitað að leggja fram sýn sína á það hvernig núverandi ástand sé sjálfbært (Gripið fram í.) því að það er sannarlega ekki svo.

EES-samningurinn er með öðrum orðum í uppnámi hvað Ísland varðar og öll sú efnahagslega stoð og allur sá markaðsaðgangur sem hann veitir okkur er þar af leiðandi líka í uppnámi. Við getum ekki gengið út frá því sem vísu að hann haldi ef við erum ekki í stakk búin til þess að tryggja frjálsa og óhefta fjármagnsflutninga eins og við erum skuldbundin til að gera samkvæmt samningum.

Það eru víðtæk sóknarfæri samhliða aðild að Evrópusambandinu, um það er ég sannfærður. Það má auðvitað nefna augljós sóknarfæri eins og þau að hagur heimilanna mun vænkast verulega sem og hagur fyrirtækjanna með

lækkandi vaxtastigi. Við vinnum of langan vinnudag vegna þess óhagræðis og kostnaðar sem hlýst af of smáum gjaldmiðli. Framleiðni í íslensku atvinnulífi er lægri en hún þyrfti að vera vegna gjaldmiðilsins.

Við vinnum með öðrum orðum of lengi og berum of lítið úr býtum vegna kostnaðarins sem fylgir íslensku krónunni. Um þessar staðreyndir er ekki lengur deilt og það er þess vegna svo mikilvægt að við horfum til þess hvernig við ætlum að reisa við íslenskt efnahagslíf á þeim tímum sem við lifum nú.

Það er heldur ekki um það deilt að aðilar vinnumarkaðarins sjá ekki fram á hvernig hægt er að ná kjarastöðugleika með núverandi gjaldmiðli. Við þessar aðstæður verður ekki auðveldlega séð hvaða valkostur er við að marka nýja stefnu sem leggur grunn undir efnahagslega breidd, skapar íslensku atvinnulífi samkeppnishæf skilyrði og skapar íslenskum heimilum auknar ráðstöfunartekjur vegna lægri vaxta og aukinnar arðsemi í atvinnulífinu.

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að við vinnum þetta mál vel. Ég vil ítreka þau orð sem fram komu í máli hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar áðan þegar hann lagði út af þingsetningarræðu forseta Íslands: Við eigum að forðast að þetta mál kljúfi þjóðina í herðar niður og við eigum að forðast að þetta mál verði togstreituefni og bitbein okkar næstu áratugi. Þess vegna skiptir svo miklu máli að leggja lýðræðislegan grunn að ákvörðunum og að því hvernig við höldum á málum í samskiptum við Evrópusambandið.

Sú þingsályktunartillaga sem hér er lögð fram af hálfu ríkisstjórnarinnar býður upp á mjög nýstárlega aðferðafræði. Aðferðafræðin felst í því að við tökum ákvörðun um að hefja aðildarumsóknarferlið og við vinnum síðan samningaferlið í samvinnu allra flokka í þinginu. Við erum tilbúin að bjóða öllum flokkum til leiks og vinna öll mál fyrir opnum tjöldum með gagnsæjum og faglegum hætti. Það er þessi aðferðafræði sem er sérstök, nýstárleg og til þess fallin að skapa sátt um þetta mikilvæga hagsmunamál. Ég held að það sé óskaplega mikils virði að við hefjum okkur upp úr flokkahjólförunum og finnum málinu þennan málefnalega farveg.

Fyrst af öllu vil ég nú víkja að málflutningi Borgarahreyfingarinnar í þessar umræðu sem ég vil hrósa sérstaklega og þakka fyrir. Mér finnst mjög mikilvægt að sjá þann jákvæða anda sem einkennir nálgun þeirra gagnvart þessu máli og undirstrika að auðvitað hafa þau haft áhrif á þróun þessa máls. Í tillögu ríkisstjórnarinnar er t.d. sérstaklega kveðið á um faglega samninganefnd en það er t.d. atriði sem kom að frumkvæði Borgarahreyfingarinnar í greinargerðina og skiptir miklu máli. (Gripið fram í.) Það er ekkert augljóst við það og hefði verið í anda hinna gömlu stjórnarhátta að finna einhverja flokksjálka sem ríkisstjórnin mundi senda í þessum erindum. (Gripið fram í.) Það er mjög mikilvægt að leggja þarna grunn að því að fagmennska sé fyrst og fremst höfð að leiðarljósi að og málin séu unnin fyrir opnum tjöldum með gagnsæjum hætti. (Gripið fram í.)

Ég vil líka nefna að Framsóknarflokkurinn hefur markað mjög jákvæða stefnu í þessu máli á flokksþingi sínu og lagt til aðildarumsókn. Ég deili þeirri skoðun með framsóknarmönnum að þau atriði sem þar voru reifuð og Framsóknarflokkurinn vill standa vörð um séu grundvallaratriði. Ég held að það sé verðugt verkefni fyrir utanríkismálanefnd að vinna úr þeim atriðum í meðferð þessa máls og fella þau inn í nefndarálit.

Það er hins vegar ekki skynsamlegt fyrir íslenska þjóðarhagsmuni að við reifum í smáatriðum samningsmarkmið okkar í opinberum gögnum. Það sem skiptir þar máli er að leita samráðs við utanríkismálanefnd og nýta trúnaðarskyldu hennar samkvæmt 24. gr. þingskapalaga til þess að vinna málin vel og leggja þar traustan grunn með aðkomu allra flokka að samningaferlinu því að auðvitað þurfa samningsmarkmið okkar að byggja á raunsæju mati á því hverju hægt er að ná fram. Og ef við ætlum að vinna öll okkar samningsmarkmið í þingsölum mun það kalla á að allar þær greiningar sem við leggjum til grundvallar þurfa þá jafnframt að vera opinber gögn. Þá er nú farið að sneyðast um samningssvigrúm okkar þegar komið er til samninga og viðsemjendur vita allt sem við ætlum að segja. En ég held að það hljóti að vera sameiginlegt verkefni og markmið okkar allra að við styrkjum stöðu samningamanna okkar en veikjum hana ekki.

Ég legg líka áherslu á að í Sjálfstæðisflokknum eru margir einlægir stuðningsmenn aðildarumsóknar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við náum saman um verklag sem gerir okkur kleift að nálgast þetta mál með opnum og lýðræðislegum hætti. Draumur minn er að það verði ekki bara stuðningsmenn aðildarumsóknar sem geta hugsað sér að styðja þetta mál heldur líka andstæðingar aðildarumsóknar vegna þess að það er bjargföst trú mín að það sé jafnmikið hagsmunamál einlægra andstæðinga aðildar og einlægra stuðningsmanna aðildar að málið verði vel unnið og að aðkoman að samningaferlinu verði með opnum lýðræðislegum hætti til þess að friður verði um niðurstöðuna í hvora átt sem hún verður.

Fyrir okkur sem erum einlægir stuðningsmenn aðildar yrði það óbærileg tilhugsun ef málinu yrði hafnað vegna þess að illa hefði verið að undirbúningnum staðið. Þá mundu strax í kjölfarið koma upp raddir um það að við hefðum nú getað fengi betri samning strax í kjölfarið. Það verður enginn friður um neiið. Með sama hætti verður heldur enginn friður um jáið ef við vöndum okkur ekki nægilega vel, tryggjum ekki lýðræðislega aðkomu allra, líka andstæðinganna. Og andstæðingarnir munu endalaust segja: Ja, okkar hagsmunir voru fyrir borð bornir og ekki var gætt nægilega vel að undirbúningi málsins. Þess vegna er nauðsynlegt að vanda vel til verka og að allir komi til leiks til að tryggja þann samfélagslega frið um niðurstöðuna sem er okkur öllum svo mikilvægur.

Virðulegi forseti. Í morgun kom fram tillaga sjálfstæðismanna og framsóknarmanna um mögulega aðildarumsókn að Evrópusambandinu. (**Gripið fram í:** Ítarlegri og vandaðri vinnubrögð.) Þar er ítarlegri lýsing á vinnubrögðunum. Ég get alveg tekið undir þá ítarlegu lýsingu á vinnubrögðunum og tel fulla ástæðu fyrir utanríkismálanefnd að horfa til þess við meðferð þessa máls. Ég sé ekkert að því að tillagan verði að því leytinu notuð sem fyrirmynd um það verklag sem tæki við hér í sumar að samþykktri tillögu ríkisstjórnarinnar um að sækja um aðild nú þegar. Þegar við erum búin að afgreiða þá tillögu og ákveða að sækja um aðildina (Gripið fram í.) yrði þetta verklag það sem mundi

einkenna vinnu utanríkismálanefndar í kjölfarið og yrði grunnur að aðildarviðræðunum sjálfum.

Í grunninn snýst ágreiningur minn við tillögu framsóknarmanna og sjálfstæðismanna bara um eitt. Það er að tillaga Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins er þess eðlis að hún felur í sér enn eina frestunina á þessu máli. (Gripið fram í.) Enn einn ganginn til að tefja málið (Gripið fram í.) án þess þó að færð séu fyrir því nokkur rök að eitthvað náist fram með þeirri töf sem ekki er hægt að ná fram með öðrum hætti. (Gripið fram í.)

Fyrir liggur að það eru margar ástæður fyrir því af hverju við þurfum að sækja um aðild sem fyrst og af hverju það skiptir máli. Í fyrsta lagi eru það hin efnahagslegu rök sem ég rakti hér í byrjun, að núverandi ástand í efnahagsmálum er ósjálfbært. Að við núverandi aðstæður er ekki hægt að leggja grunn að kjarasamningum, að við núverandi aðstæður er viðhaldið óvissu í efnahagslífinu sem skaðar efnahagslegan viðsnúning okkar. Í annan stað eru þau augljósu rök að frændur okkar Svíar eru að taka við formennsku í Evrópusambandinu og þeir hafa gefið okkur skýran ádrátt um að þeir vilji hafa þetta mál framarlega á verkefnalista sínum næsta hálfa árið. Og þó svo að það tryggi okkur ekki betri niðurstöðu í samningum við Evrópusambandið getur það haft veruleg áhrif á hversu hratt gengur að vinna málið. Það skiptir okkur vissulega máli að komast sem fyrst inn í þá biðröð sem er um aðild að Evrópusambandinu vegna þess að við höfum af því augljósan hag að lenda ekki aftarlega þar.

Þar fyrir utan liggur fyrir að skipuð verður ný framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í árslok og þeir tveir framkvæmdastjórar sem þekkja vel til málefna Íslands, stækkunarframkvæmdastjórinn og sjávaútvegsframkvæmdastjórinn, ljúka sínu starfstímabili þá. Ég tel að það séu alveg augljósir þjóðarhagsmunir að því að nýta (Gripið fram í.) þau tengsl sem við höfum náð að skapa við alla þessa aðila á næstu mánuðum. Við þurfum á því að halda að málið gangi hratt fram (Gripið fram í.) og við höfum lagt mikla vinnu í að kynna okkar málstað gagnvart þeim aðilum sem nú eru á leiðinni út.

Virðulegi forseti. Ef fresta á þessu máli þarf að færa fram fyrir því haldbær rök. Þau hafa ekki verið færð fram og það eru ekki rök í málinu að sumir menn í ákveðnum stjórnmálaflokkum eigi erfitt með að samþykkja þetta mál. Það eru ekki haldbær rök fyrir frestun. Og ef gagnrýnendur þessa máls telja frestun nauðsynlega ber þeim auðvitað skylda til þess að útskýra hvað það er sem á að vera hægt að ná fram á tveimur næstu mánuðum í lengri undirbúningi miðað við þá augljósu hagsmuni sem eru í húfi með því að fresta þessu máli. Það er mjög mikilvægt að við tökum nú það skref sem fyrir löngu er orðið tímabært og samþykkjum þessa tillögu.

[12:44]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður talaði niður til andstæðinga aðildar með því að segja að þeir séu að japla á fundum. Svo talaði hann um að EES-samningurinn væri í uppnámi og hann hótaði ýmsu. Síðan kom hann með töfrasprotann: Ef við göngum inn í Evrópusambandið lagast vextirnir, verðlag lagast o.s.frv. Töfrasprotinn.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann hafi sýn til 50 eða 100 ára á það hvernig Íslandi reiðir af sem smáhreppi inni í risaríki. Ég vil spyrja hann að því hvort hann sé ekki að villa um fyrir þjóðinni þegar hann veit að evran verður ekki tekin upp fyrr en eftir sjö eða tíu ár þó að við gengjum strax í Evrópusambandið, jafnvel 30 ár segja sumir. Ég spyr hann að því hvort hrunið í haust hafi ekki verið út af Evrópusambandinu. Við vorum með evrópskar reglur í fjármálaheiminum og Icesave-reiknningarnir voru hreinlega galli á evrópskum reglum. Við vorum kúguð af Evrópusambandinu til að fallast á að greiða þá reikninga.

[12:45]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég deili ekki þeirri skoðun hv. þingmanns sem mér fannst hann vera að ýja að, að vandi okkar felist í tengslum okkar við Evrópu. Ég get hins vegar alveg tekið undir með honum um að það hjálpaði okkur ekki í aðdraganda hrunsins að við höfðum takmarkaða aðild að Evrópu. Með öðrum orðum, EES-samningurinn, sú veikburða tenging við Evrópu sem við höfðum, ýtti undir hrunið og gerði það verra. Einn stærsti áhrifaþátturinn þar var okkar veikburða gjaldmiðill sem veitti okkur ekki stoð gegn efnahagssveiflum, öfugt við það sem við héldum, heldur þvert á móti ýkti hann þær og gerði okkur sérstaklega viðkvæm í aðdraganda hrunsins.

Ég held að lærdómurinn sem við eigum að draga af þessu sé að til þess að leggja grunn fyrir efnahagslegan stöðugleika til lengri tíma litið og fyrir fjölþættan atvinnurekstur sem getur skapað þjóðarbúinu viðvarandi, jafnan og stöðugan hagvöxt, þurfum við aðild að Evrópusambandinu. Hún er nauðsynleg forsenda (Forseti hringir.) efnahagslegs stöðugleika í þessu litla hagkerfi.

[12:47]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Aftur veifar hæstv. ráðherra töfrasprotanum. Aftur á lausnin bara að felast í að ganga inn án rökstuðnings. Til dæmis sagði hann að það væri ekki hægt að gera kjarasamninga nema að ganga inn. Er það virkilega þannig að ráðherra vinnumála gefi þau skilaboð að ekki sé hægt að semja?

Svo vil ég spyrja hann að því í þessari stöðu þegar allt er stopp, bankarnir og allt, hvort það sé þá ástæða til að binda öll ráðuneyti og mannskap þeirra meira og minna í aðildarumsókn og það kostar fé, fé sem þjóðin á lítið af. Er ekki betra að vinna að því að koma atvinnuleysinu niður, hæstv. ráðherra?

Við vorum kúguð af Evrópusambandinu til gangast inn á Icesave-reikningana. Það var hreinlega kúgun og það er þess vegna sem þjóðin á í svona miklum erfiðleikum, út af Evrópusambandinu.

[12:48]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kallar eftir rökum fyrir

aðild að Evrópusambandinu og hvaða rök séu fyrir því að efnahagslegur stöðugleiki aukist með aðild að Evrópusambandinu. Ég bendi hv. þingmanni á, vegna þess að það er augljóst að talsamband Sjálfstæðisflokksins við atvinnulífið er löngu rofið, að t.d. hafa ágæt hagsmunasamtök atvinnulífsins lagt fram mjög ítarlegan rökstuðning í þessa veru. Ég nefni Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu. Ég nefni líka þá vinnu sem fram hefur farið á vettvangi Samtaka atvinnulífsins. (Gripið fram í.)

Ég ætlaði nefnilega að minna hv. þingmann á það, vegna þess að þingmenn Sjálfstæðisflokksins virðast hvorki skilja upp né niður í þörfum atvinnulífsins nú til dags, að efnahagsleg endurreisn í þessu landi verður ekki nema með skipun nýrra starfa sem verða fyrst og fremst til í iðnaði og þjónustu. Það er því þingmönnum Sjálfstæðisflokksins ágæt lexía að reyna að tala við atvinnulífið og skilja hagsmuni atvinnulífsins og þarfir þess. Þá fær hv. þingmaður kannski svar við spurningum sínum (Forseti hringir.) um hin augljósu efnahagslegu og rekstrarlegu rök fyrir aðild að Evrópusambandinu. (Gripið fram í.)

[12:49]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra ræddi hér áðan um EES-samninginn og að hann væri í uppnámi. Ég skildi hann þannig að hann væri í uppnámi vegna þess hvernig staða þjóðarinnar væri. Þá velti ég fyrir mér ef hann er í uppnámi út af því, hvernig við getum þá sótt um aðild að bandalagi sem gerir þær kröfur sem væntanlega eru í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hann talar líka um langan vinnudag. Ég velti því þá upp hvort það geti verið að langur vinnudagur á Íslandi sé vegna þess hvernig þeir sem semja á vinnumarkaði, þ.e. verkalýsðfélögin, standa sig. Hann veit það kannski betur ég.

Ég mótmæli því að verið sé að fresta þessu máli í tillögu þeirri sem við leggjum fram. Það stendur klárt og skýrt í tillögunni að ef hægt er að gera þetta á styttri tíma þá skila menn af sér, það er einfaldlega þannig. Það er ekki sagt að málið skuli unnið fram að þessum degi. Ef hægt er að gera það á styttri tíma er það bara fínt.

Ég vil líka spyrja hann, af því að hann kom inn á það í byrjun ræðu sinnar: Er það rétt skilið hjá mér að frumvarp það sem kemur frá ríkisstjórninni er lagt fram (Forseti hringir.) af ríkisstjórninni og þá allri ríkisstjórninni? Stendur hún öll á bak við það?

[12:50]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að stjórnarfrumvarp og stjórnartillaga sem er lögð fram af ráðherra og samþykkt í ríkisstjórn er auðvitað tillaga ríkisstjórnarinnar allrar. Síðan hafa þingmenn stjórnarflokkanna auðvitað frelsi, og um það er líka samkomulag, til þess að taka ákvarðanir við afgreiðslu þess máls eins og samviska þeirra býður (Gripið fram í.) og við ætlum ekki að leggja bönd á þá.

Hins vegar er spurt: Af hverju er EES-samningurinn í uppnámi og girðir sú staða fyrir aðild að Evrópusambandinu? Svo er alls ekki. Hann er hins vegar í uppnámi vegna þess að það eru engar horfur á því að við getum efnt þau ákvæði hans sem fela í sér frjálsa og óhefta fjármagnsflutninga. Það er vegna hinnar veikburða krónu, það er staðreynd sem við getum ekkert vikist undan. Eina forsendan fyrir því sem ég get séð að við getum yfir höfuð látið krónuna virka á næstu árum (Gripið fram í.) í frjálsu og opnu kerfi er í kjölfar aðildarumsóknar. Þá gætum við fengið tiltekinn stuðning Evrópska seðlabankans til þess að greiða þá leið með okkur þannig að við gætum fikrað okkur út úr þeim gjaldeyrishöftum sem að óbreyttu munu marka starfsskilyrði íslensks atvinnulífs (Forseti hringir.) því mjög til óheilla á næstu árum.

[12:52]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill benda hv. þingmönnum á að klukkan er í augnablikinu frosin og notast þarf við klukku hér á móti en þingmenn hafa eina mínútu.

[12:52]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Með leyfi forseta langar mig að lesa hérna upp úr nýrri grein sem er í *Bændablaðinu* sem kom út í dag. Þar er vitnað í John Monks sem leiðir samtök launþega í 36 löndum með 90 milljónir félagsmanna, með leyfi forseta:

Þessi ágæti Monks „óttast þróun sem leiði til þess að ESB klofni vegna aukins atvinnu- og forustuleysis. Orsökin, sem liggur að baki því, eru mistökin sem gerð voru í stjórn efnahagsmála og reiði fólks yfir því hvernig málum er þar komið. Gjald almennings eru störf fólks, hús þess og heimili og brostnar vonir.“

Þekkjum við þetta?

[12:52]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, við þekkjum þetta að sjálfsögðu. Auðvitað þekkja Evrópusambandsríkin líka mörg þau mistök sem stjórnvöld víða um lönd gerðu í aðdraganda hinnar alþjóðlegu bankakreppu.

Staðreyndin er hins vegar sú að við glímum ekki bara við alþjóðlega bankakreppu heldur líka við gjaldeyriskreppu vegna þess að gjaldmiðill okkar gerir okkur ómögulegt að grípa til nauðsynlegra aðgerða til þess að reisa efnahagslífið úr rústum. Það er sú bitra staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Það er gjaldmiðillinn sem stendur í vegi nauðsynlegra vaxtalækkana, það er gjaldmiðillinn sem stendur í vegi þess að við komum viðskiptum við útlönd í eðlilegt horf. Það er þessi grundvallarstoð sem vantar undir efnahagslega endurreisn. Þetta verða þingmenn auðvitað að horfast í augu við.

Varðandi frestunina er ljóst að í tillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks felst frestun vegna þess að það er ekki einu sinni kveðið á um í henni að sækja skuli um aðild að Evrópusambandinu heldur að leggja enn og aftur í nefndarvinnu. Það er búið að tefja þetta mál í nefndum ár-

um saman að frumkvæði þessara sömu flokka og ég var satt að segja að vona að Framsóknarflokkurinn væri kominn í aðra átt í ljósi (Forseti hringir.) flokksþingsályktunarinnar síðast. Það er engin ástæða til þess að búa til enn eina tafanefndina sem (Forseti hringir.) gerir ekkert annað en að endurtaka þær staðreyndir sem við þekkjum fullvel (Forseti hringir.) úr fyrri nefndarvinnu.

[12:54]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það kemur mér ekkert á óvart frekar en öðrum hér að áhugi hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra á inngöngu í Evrópusambandið er gríðarlega mikill. Það sem kemur hins vegar töluvert á óvart eru þær röksemdir sem hann færir fram í ræðu sinni, ekki hvað síst hvað varðar efnahagslegan stöðugleika á Íslandi, upptöku evru og slíka hluti, að ekkert af þessu kemur fram í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar. Í þingsályktunartillögunni kemur ekkert fram um af hverju við ættum að fara inn í Evrópusambandið. Fyrir þá sem munu lesa þessa tillögu þegar hún verður þýdd úti í Brussel munu þeir væntanlega spyrja sig að því hvaða ástæður það eru sem Íslendingar setja á oddinn fyrir því að vilja fara inn. Þarna eru eingöngu talin upp atriði sem mæla gegn því að menn ættu að ganga í Evrópusambandið og þau atriði sem þarf sérstaklega að vernda í samningaviðræðum við Evrópusambandið.

Mig langar því til að spyrja hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra að því (Forseti hringir.) hvort hann hefði ekki talið betra að sá rökstuðningur, frú forseti, væri í tillögunni.

[12:55]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í tillögunni er að finna farveg um ákvarðanatöku, farveg til þess að þingið geti tekið grundvallarákvarðanir í þessu máli. Það er mikilvægasti þáttur málsins. Um stefnu ríkisstjórnarinnar ræddi hæstv. forsætisráðherra í stefnuræðu sinni og rakti þar fjöldamörg rök fyrir aðild að Evrópusambandinu.

Eins og ég nefndi áðan hafa einstakir þingmenn stjórnarflokkanna frelsi og það er mjög mikilvægt að við höldum í heiðri þann rétt þingmanna. Ég verð bara að segja alveg eins og er að mig langar ekki að draga þetta mál enn eina ferðina niður í hjólför flokkadrátta milli flokkanna. Ég tel mikilvægara að við vinnum það á vettvangi þingsins, ég tel enga ástæðu til annars. Í meðferð utanríkismálanefndar verði síðan málið þroskað og í nefndaráliti hennar komi eftir atvikum fram þau sjónarmið sem hún telur eðlilegt að komi fram gagnvart viðsemjandanum. Síðan verði áfram unnið á vettvangi utanríkismálanefndar (Forseti hringir.) að samningsstefnunni og hún endurspeglist í málflutningi utanríkisráðherra þegar á hólminn er komið.

[12:56]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta var náttúrlega ekkert svar. Ég var ekki að spyrja hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra að því hvernig menn ætluðu að greiða atkvæði þegar kæmi að því að afgreiða tillöguna. Ég var fyrst og fremst að spyrja að því, vegna þess að það fer ekki fram hjá neinum sem les þessa tillögu að hér er um afskaplega mikla suðu að ræða milli stjórnarflokkanna sem eru í grundvallaratriðum ósammála um þetta mál, af hverju það komi ekkert fram um það í þessari tillögu hverju við sækjumst eftir, hvað það er á vettvangi Evrópusambandsins sem við teljum okkur henta. Verið er að leggja til að við förum af stað varðandi eitt mikilvægasta hagsmunamál þjóðarinnar og ræðum við önnur lönd.

Það kom fram hjá hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra sem vék að því í ræðu sinni, ekkert af því kemur fram í þessu plaggi. Hér eru sex punktar tilgreindir sem einhverjir fyrirvarar, einn þeirra gæti hugsanlega verið þess eðlis að hann sé jákvæður gagnvart Evrópusambandinu. Allir aðrir eru varnarpunktar og fyrir mann sem er jafnáhugasamur um Evrópusambandið og hæstv. ráðherra er kemur þetta afskaplega mikið á óvart.

[12:58]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð bara að játa mig það mikinn aðdáanda þingræðis að ég sé enga ástæðu til þess að kokka „formúleringar“ að þessu leyti ofan í Alþingi (Gripið fram í.) þegar ljóst er að við ætlum að fela því valdið í þessu efni.

Ég verð að segja alveg eins og er að nú hef ég tjáð ýmis sjónarmið fyrir því af hverju ganga eigi í Evrópusambandið. Ég þykist muna að hv. þingmaður hafi sjálf vakið athygli á því að það kynni að vera ástæða til þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu. (Gripið fram í.) Fyrir því hefur hún ábyggilega haft sín rök. Sama gerðu hv. þm. Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson. Sama hefur hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir gert.

Ég ætla ekki að taka frelsi þessa ágæta fólks af því að ákveða fyrir sig (Gripið fram í.) hvaða sjónarmið skipta mestu. Ég vil leggja þetta mál í hendur þingsins. Ég vil leyfa hv. þingmönnum Framsóknarflokksins sem hafa líka sín sjónarmið fyrir því af hverju ganga eigi í Evrópusambandið, að ákveða sig. Ég vil leyfa þinginu (Gripið fram í.) að ákveða þetta og þingið á einfaldlega að gera það. (Gripið fram í.) Það er bara ekki ríkisstjórnarinnar (Gripið fram í.) að kokka það ofan í þá þó að sjálfstæðismenn kunni enga leið aðra en þá að ríkisstjórnin segi þinginu fyrir verkum. (Gripið fram í.)

[12:59]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er fylgjandi því að sækjum um aðild að Evrópusambandinu — og gott að ég er kominn með leyfi hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra til að hafa þá skoðun — með þeim fyrirvara þó að ég er ekkert endilega fylgjandi aðild að Evrópusambandinu. Til þess þarf ég að sjá samninginn og ég tel mikilvægt að þjóðin fái núna tækifæri til þess að skera úr um það.

Ég tel líka mikilvægt að við gerum þetta rétt og það er inntak tillögu til þingsályktunar frá stjórnarandstöðunni. Skil ég hæstv. félagsmálaráðherra rétt þannig að hann telji ekki ástæðu til þess að skilgreina samningsmarkmiðin eins

vandlega og við getum fyrst og skilgreina ferli málsins fyrst áður en við ákveðum að senda inn aðildarumsókn? Þetta er ekki alveg skýrt í hans máli.

Í annan stað vil ég spyrja hæstv. félagsmálaráðherra, vegna þess að hann sagði að það væru ekki forsendur til að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi núna og setti það í samhengi við þetta mál. Samkvæmt öllum gögnum bendir allt til að aðildarviðræður geti hafist eftir svona eitt til tvö ár og að aðildarviðræðum verði kannski lokið eftir (Forseti hringir.) fimm til tólf ár samkvæmt upplýsingum í bókinni *Inni eða úti* eftir Auðun Arnórsson. Telur hann í ljósi þessara upplýsinga að efnahagslegur stöðugleiki komist þá (Forseti hringir.) ekki á á Íslandi fyrr en eftir (Gripið fram í.) fimm til tólf ár eða eitthvað meira jafnvel?

[13:00]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Aðildarumsókn er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að ganga frá kjarasamningum með góðum hætti að mínu viti. Ég held að aðildarumsókn sé einfaldlega mikilvæg forsenda efnahagslegs stöðugleika. Auðvitað er það þannig að einhvern veginn bögglumst við í gegnum hlutina ef við höfum ekki aðildarumsókn. En ég held að það sé algjörlega ljóst að við þær aðstæður sem við búum við núna til dæmis til að eyða óvissu um framtíð EES-samningsins og til þess að skýra hvaða leið við erum að fara þá skipti aðildarumsókn miklu máli. (Gripið fram í.) Við erum ekki að uppfylla EES-samninginn nú. Við þær aðstæður sem við búum við núna skiptir aðildarumsóknin mjög miklu máli.

Ég tel að við vitum nákvæmlega nógu mikið til þess að gera tekið þá mikilvægu ákvörðun að við ætlum að sækja um aðild núna, leggja hana inn. Það er síðan verkefni þingsins að vinna það áfram í samvinnu við stjórnvöld hvernig á málinu verði haldið gagnvart viðsemjandanum. Mér finnst það (Forseti hringir.) eðlilegur þáttur í þingræði og að það sé mikilvægt að við felum Alþingi með skýrum hætti lykilhlutverk í því efni.

[13:02]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt telur hann að bara umsóknin sem slík muni skapa efnahagslegan stöðugleika á Íslandi og það séu ekki lok aðildarviðræðnanna eða staðfesting samningsins sem muni skapa þennan efnahagslega stöðugleika eða upptaka evrunnar sem verður kannski eftir mjög mörg ár heldur sé það umsóknin sem slík. Mér finnst það merkileg afstaða og ég er ekki alveg viss um að ég sé sammála henni eða geti tekið undir það þó að ég sé fylgjandi því að við sendum inn umsókn. Ég geld varhuga við því að það að senda inn umsókn sé skilið þannig að það hafi svo mikla efnahagslega þýðingu.

Um ferli málsins vil ég spyrja ráðherrann aftur einmitt í ljósi þess að það er búið að tala svo mikið um málið og það er svo mikið fyrirliggjandi. Tekur það þá ekki bara stuttan tíma fyrir utanríkisnefnd að setja niður (Forseti hringir.) skilyrðin eða samningsmarkmiðin sem við förum með til Brussel og eins líka að setja niður hvert verði ferli málsins, hvert verði ferli aðildarsamningsins og þess háttar?

[13:03]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, ég held að aldrei hafi farið á milli mála sú afstaða mín að ég tel að aðildarumsókn muni greiða fyrir efnahagslegum stöðugleika og ég er ekki einn um þá skoðun. Ég vil bara benda hv. þingmanni á orð ágæts fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, Jóns Sigurðssonar, til dæmis í því efni og ég vil benda á samdóma álit jafnt helstu hagsmunasamtaka atvinnurekenda og launþega í því efni. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu skiptir miklu til að gefa fyrirheit um það hvert við stefnum með efnahagslega framþróun.

Síðan taka aðildarsamningar sinn tíma en nauðsynleg forsenda stöðugleikans er að segja hvert við ætlum að fara. Þess vegna skiptir aðildarumsóknin máli. Það er mjög mikilvægt að hefja þetta ferli. Það er mjög mikilvægt að gera það sem fyrst og ég hef fært fyrir því ítarleg rök í mínu máli af hverju það skiptir máli að gera það líka núna á þessum vikum og mánuðum sem fram undan eru og af hverju það skiptir máli að þetta verði ákveðið nú á þessu sumarþingi.

[Fundarhlé. — 13:05]

[14:01]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum mál sem hefur verið lengi til umræðu úti í samfélaginu, þ.e. hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. Eins og í mörgum erfiðum og mikilvægum málum eru skiptar skoðanir um það í samfélaginu og það er bara fínt. Það er ágætt. Ég verð þó að segja um þá tillögu sem hér er til umræðu og er frá ríkisstjórninni, er samþykkt af ríkisstjórninni þrátt fyrir að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra muni segja nei við tillögunni, hugsanlega hæstv. umhverfisráðherra líka og við vitum síðan ekki hvað aðrir vinstri grænir munu segja — að það er mjög sérkennilegt en engu að síður staðreynd að þetta er stjórnartillaga.

Venjulega skilgreiningin á stjórnartillögu er að öll ríkisstjórnin verði að standa við og styðja slíka stjórnartillögu. Ef það er ekki gert þá fellur stjórnin. Fram til þessa hefur þetta verið skýringin. En alla vega þá erum við að ræða aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem mér sýnist fyrst og fremst vera um að ríkisstjórnin haldi í rauninni velli. Hún snýst um það. Hún snýst í rauninni ekki um mikið meira. Þó að þessi fyrsta og eina setning sem er í tillögunni um að ríkisstjórnin eigi að fá heimild til að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu þá er uppleggið í þessari tillögu mjög sérstakt. Það verður að segjast eins og er að við — og þar með ég meðtalin — að við, þau sem erum stuðningsmenn þess, hlynntir því að við förum í aðildarviðræður við Evrópusambandið — ég er talsmaður þess — að þá verðum við að segja að svona handabakavinna eins og er verið að bjóða upp á núna er ekki boðleg, er ekki þinginu boðleg.

Hér talaði hæstv. félagsmálaráðherra Árni Páll Árnason áðan og sagði að margar nefndir hefðu verið í gangi, marg-

ar nefndir í gegnum árin. Já, það er rétt. Margar þverpólitískar nefndir hafa verið starfræktar í gegnum árin og komist að ákveðnum niðurstöðum. Þess vegna er mjög undarlegt að þessi tillaga sem við erum að ræða hér í dag skuli ekki vera betur úr garði gerð en raun ber vitni. Það er mjög sérstakt. Eins og fram hefur komið er ekki einu sinni stjórnmálaleg forusta um það af hverju við erum að fara þessa leið eins og bent hefur verið á, af hverju rétt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu heldur er þetta plagg fyrst og síðast hentistefnuplagg til að halda ríkisstjórninni saman. Það eru mikil vonbrigði að sjá þessi vinnubrögð, þessa aðferðafræði þegar um svona mikilvægt mál er að ræða. Það veldur miklum vonbrigðum að ég og fleiri sem ég veit um í þinginu hvort heldur í stjórn eða stjórnarandstöðu skulum ekki geta fylkt okkur bak við almennilega útbúna tillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Hvað hefur verið rætt um hér á undanförnum árum og hvað var sérstaklega rætt um núna á þessum vetri? Það var að efla og auka vægi þingsins. Hvað gerist í þessari tillögu? Þingið er bara upp á punt. Þingið er einfaldlega upp á punt. Svo er verið að tala um að það eigi að setja þetta til þingsins. Þingið á bara að samþykkja tillöguna og ekki hafa í rauninni neina skoðun á því hverjir séu hagsmunir Íslands í þessum viðræðum eða: Af hverju teiknar þingið ekki upp hvernig allt ferlið eigi að vera frá A til Ö og sinni þeirri kröfu sem uppi er í samfélaginu að hér ríki gegnsæi, að það sé upplýsingaflæði frá þinginu? Hverju þarf að breyta í stjórnarskránni ef og þegar slíkur samningur liggur fyrir? Hversu langan tíma ætlar þingið að veita þjóðinni til að afla sér upplýsinga um niðurstöðu samninga? Hvernig ætlar þingið að styrkja hugsanlegar nei- og já-hreyfingar? Hvernig verða þær fjármagnaðar? Allt ferlið er þokukennt. Allt ferlið er þokukennt vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir eyddu tíma, dýrmætum tíma í að koma sér saman um plagg sem er ekki burðugt til að fara með til Brussel. Það verður hlegið að því, að okkur Íslendingum þegar búið er að þýða þessa tillögu í Brussel sem hér liggur fyrir. Þess vegna vil ég sérstaklega mótmæla því sem hefur verið sagt um tillögu okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Sú tillaga er tillaga um vandaða málsmeðferð. Hún er ekki tillaga til að tefja málið, síður en svo. Ég legg ríka áherslu á að þetta mál verði ekki tafið. Við leggjum líka ríka áherslu á að vandað verði til verka. Þess vegna fullyrði ég hér að sá tími sem ríkisstjórnarflokkarnir notuðu í að karpa sín á milli um hvað ætti að standa í tillögunni var vannýttur tími til vandaðrar málsmeðferðar gagnvart Evrópusambandinu og hugsanlegri aðild. Það var vannýttur tími.

Það hefur verið vitnað í ræðu forseta Íslands. Ég ætla að gera það líka. Tvennt bar að mínu mati hæst í þeirri ræðu. Það var annars vegar það að hann sagði í sinni þingsetningarræðu fyrir nokkrum vikum að stjórnarskráin okkar hefði staðið, að hún væri sígild og hún hefði staðist í rauninni þá tíma sem við hefðum verið að upplifa. Að sjálfsögðu má breyta stjórnarskránni. Við höfum margoft ítrekað það. En stjórnarskráin okkar hefur staðið tímanna rás. Það sagði forsetinn okkar og ég er sammála honum í því. Það er annað atriði.

Hitt atriðið er mikilvægt atriði sem forsetinn okkar kom inn á í sinni ræðu líka. Það var að hugsanlegar aðildarviðræður að Evrópusambandinu mættu ekki kljúfa þjóðina. Þá ber þingið ríka ábyrgð í þá veru hvernig við nálgumst þá málsmeðferð alla. Þá má ekki kasta til höndunum því ábyrgð okkar þingmanna er mikil í þessu stóra máli. Því tek ég undir með forsetanum að ég hefði viljað sjá vandaðri málsmeðferð í þessu og það er í þessum tveimur málum sem ríkisstjórnin hefur sýnt sitt rétta andlit að mínu mati, í þessum tveimur málum, þ.e. breytingum á stjórnarskránni og við það að sækja um aðild að ESB. Í þessum risamálum hefur ríkisstjórnin vaðið áfram, ekki kært sig um að hafa samráð við öll lýðræðislegu öflin á þingi heldur vaðið áfram hvort sem það er í breytingum á stjórnarskránni og núna varðandi ESB. Og síðan upp á punt þegar búið er að ákveða í rauninni dagsetningar, hvenær eigi að sækja um, ákveða að þingið eigi ekkert að gera annað en samþykkja tillöguna og síðan eiga aðilar úti í bæ eingöngu að ráða því hvernig verði samið — þingið á ekki að koma að ákvörðun um það hvernig eigi að skipa viðræðunefndina — þá á stjórnarandstaðan „vesgú“ að koma inn í málið, þegar búið er að ákveða málið. Þetta er mikilvægasta mál landsins að mati Samfylkingarinnar, og núna Vinstri grænna vegna sem hafa játað sigraða. Því var kostulegt að upplifa ræðu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, formanns utanríkismálanefndar, áðan þar sem það var alveg ljóst að hann kemur múlbundinn til þessarar atkvæðagreiðslu því að hann getur ekki, miðað við orð hans áðan, greitt atkvæði með tillögu okkar framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Eða getur hann það?

Málið er nefnilega að sú tillaga sem við sjálfstæðismenn og framsóknarmenn leggjum upp með — og ég vil taka undir með hv. þm. og formanni Framsóknarflokksins, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, að það væri réttara að ræða tillögu okkar af því að hvort kemur á undan, eggið eða hænan? Ef við ætlum að fara í þessar aðildarviðræður verðum við „vesgú“ að vinna okkar heimavinnu. Það liggur svo margt fyrir. Það er ekkert verið að tala um að tefja málið. Það eru margar skýrslur og margar nefndir og síðan eigum við að taka á pólitískum forsendum ákvörðun um það hvernig við ætlum að haga málsmeðferðinni, upplýsa þjóðina um það hvenær hún fái aðgang að málinu, hvernig við ætlum að miðla upplýsingum, í hvaða farveg við ætlum að setja málið allt í heild sinni og hvað málsmeðferðin kosti. Það var ekki lítið talað um það af hv. þingmönnum Vinstri grænna sem nú eru í ríkisstjórninni með hæstv. fjármálaráðherra í broddi fylkingar hvað allt ferlið varðandi umsóknina í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kostaði. Það var nú ekki lítið talað um það ferli og að það yrði að ríkja gegnsæi um kostnaðinn. Mér finnst ekkert tiltökumál að ríkisstjórnin upplýsi það fyrst hún er búin að fara svona gaumgæfilega í gegnum málið hvað allt ferlið muni kosta þjóðina. Það er ekkert að því og það er í samræmi við þá kostnaðarvitund sem við eigum að viðhafa alls staðar þegar kemur að hagsmunum ríkisins og ríkisfjármálanna.

Ég legg mikla áherslu á að við höldum áfram með málið og reynum að ná sáttum í þinginu. Ég tel það skipta miklu máli því að mín skoðun er sú að við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það er alveg klárt af minni hálfu. En ég get ekki fallist á þá tillögu sem hér liggur fyrir af því að vinnubrögðin eru til vansa. Mér finnst við vera að gelda

þingið með þeirri tillögu. Síðan koma menn hér með reglulegu millibili og segja að það þurfi að auka veg og vanda þingsins þegar við fáum vart að koma að málinu nema bara með því að segja nei eða já við þessari tillögu. Af hverju fær ekki þingið að skipa sína fulltrúa eða koma að því að skipa sína fulltrúa varðandi þessa faglegu viðræðunefnd við ESB sem verður skipuð af ríkisstjórn Íslands? Af hverju er hún ekki bara skipuð og samþykkt af þinginu?

Þetta mikilvæga pólitíska leiðarljós sem maður hefði haldið að kæmi frá Samfylkingunni, sem að mínu mati er líka með allt niður um sig í þessari tillögu, kemur ekki fram. Við ítrekum að hvergi er sagt af hverju fara eigi þessa leið og það er rétt að draga fram að enginn ráðherra Vinstri grænna hefur rætt málið í þinginu. En mér skilst að hæstv. fjármálaráðherra muni koma upp í ræðustól strax á eftir mér og þá fáum við væntanlega að heyra hver afstaða ráðherranna er hjá Vinstri grænum. Þeir hljóta að geta talað fyrir sig eins og þingflokksformaður Vinstri grænna bað um í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra og þá fáum við það skýrt og klárt vonandi hvort hæstv. fjármálaráðherra ætli að greiða atkvæði með þessari tillögu eins og hún liggur fyrir eða ekki. Ætlar hann að beita sömu aðferð og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og segja nei við tillögunni? Ætlar forustumaður Vinstri grænna að gera það? Við fáum örugglega skýr svör við því því þetta er allt saman óljóst alveg eins og það er allt annað óljóst í svo mörgu öðru, í stóru málunum öðrum sem ríkisstjórnin verður að fara að klára. Ríkisfjármálin eru algerlega óljós. Einu skilaboðin sem við fáum hingað — við tökum náttúrlega aðra umræðu í það — er að það eru skattahækkanir, aukin gjöld. Engar tillögur eru um hvernig við ætlum að koma atvinnulífinu af stað á nýjan leik. Það er allt óljóst, það er allt órætt þegar kemur að þeim málum og það sama má segja um þá tillögu sem við erum að ræða hér. Það er merkilegt að Samfylkingin, eftir allt þetta, eftir þetta stærsta kosningamál þeirra, skuli ekki koma betur undirbúin til leiks og segja okkur af hverju við eigum að fara í þessa vegferð.

Ég undirstrika að ég vil sækja um aðild að Evrópusambandinu en ekki á þessum forsendum, nei takk. Ég vil að við vinnum þetta betur innan þingsins, gerum þetta í meiri sátt en verið hefur og að við í stjórnarandstöðunni séum ekki bara kölluð til þegar ríkisstjórnin sér fram á að koma ekki sínum málum í gegn öðruvísi en með stjórnarandstöðunni. Í mikilvægum málum eru þjóðarhagsmunir svo brýnir að allir þurfa að koma að borðinu frá upphafi. Ríkisstjórnin hefði betur nýtt þann tíma sem hún notaði í að möndla saman þessari hörmulegu þingsályktunartillögu í að tala við forustumenn annarra lýðræðisafla á þingi.

Ég tel að tillaga okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna feli það í sér að við getum komið bæði stolt og vel upplýst með málið allt á hreinu, málsmeðferðina gegnsæja frá A til Ö og sagt við fólkið okkar hvort sem það er á Austurvelli eða annars staðar á landinu hvernig við sjáum framvinduna í málinu, hvar við sjáum aðkomu frjálsra félagasamtaka eða lýðræðislegra hreyfinga, hvernig þau eigi að koma með sín sjónarmið inn í allt ferlið, hvað það kosti og svo framvegis.

Ég tel mikilvægt að þetta verði rætt ítarlega í utanríkismálanefnd sem ég sit í og ég treysti því að Alþingi beri gæfu til að við, þ.e. ef við förum í viðræður að þá förum við í þær viðræður þannig að það ríki sátt, við förum inn í þær viðræður með traust umboð á grundvelli upplýsinga og gegnsæis í öllu ferlinu. Við skulum bara viðurkenna að plaggið frá ríkisstjórninni er handónýtt. Hendum því. Vinnum sameiginlega að þessu markmiði sem að mínu mati er mikilvægt að við náum, þ.e. að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið. En gerum það þá almennilega.

[14:16]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fór hér yfir þetta mál og lýsti sinni afstöðu til grundvallarþátta í málinu. Hún sagði líka að tillagan snerist um það eitt að stjórnin héldi velli. Að sjálfsögðu snýst þessi tillaga ekki um það og það veit hv. þingmaður.

Hún sagði líka: „Þingið er upp á punt og það á ekkert að gera nema að samþykkja tillöguna.“ Þetta er líka rangt. Við höfum farið yfir það hér hæstv. utanríkisráðherra og ég sem formaður utanríkismálanefndar að við leggjum kapp á að það fari fram vönduð og yfirveguð umræða um málið á vettvangi utanríkismálanefndar og ég hlakka til að ræða við hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur þar um þessi mál því væntanlega fer þingsályktunartillaga stjórnarandstöðuflokkanna tveggja þangað líka.

Ég hef sagt að sá tími eigi að vera liðinn að þingið sé bara stimpilpúði fyrir framkvæmdarvaldið eins og það hefur verið hér um allt of langan tíma og þess vegna hafi þingið hlutverki að gegna í þessu samhengi. Ég hef einmitt boðið upp á það í samtölum við forustumenn stjórnarandstöðuflokkana að reyna að ná einhvers konar samkomulagi eða samstöðu um það hvernig málið verður unnið í þinginu.

Ég tel að það sé til marks um að fullur vilji sé til þess að ná góðri samstöðu jafnvel þó að skoðanir kunni að vera skiptar á milli einstakra flokka um efnisatriði málsins. Þá er af minni hálfu fullur vilji til þess að samstaða geti tekist um málsmeðferðina og hvernig við förum í það.

Vill hv. þingmaður ekki leita eftir viðhorfum hagsmunasamtaka, félagasamtaka til málsins? Eiga þau ekki að fá tækifæri til þess að koma á fund utanríkismálanefndar og lýsa sínum viðhorfum, hvernig þau vilji koma að málinu og hvernig þau vilji að það verði unnið og hvaða samráð eigi að hafa við þau? (Forseti hringir.) Allt þetta tel ég að eigi að ræða á vettvangi utanríkismálanefndar og þingmaðurinn getur að sjálfsögðu haft áhrif á málið með vinnu á vettvangi (Forseti hringir.) nefndarinnar.

[14:18]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna þessum sáttatón hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni. Það verður samt að segjast eins og er að það er holur hljómur í því þegar ríkisstjórnarflokkarnir tala um sátt og sáttagjörð þegar þeir eru í rauninni búnir að afgreiða málið formlega séð. Það er bara einfaldlega verið að segja við okkur: „Við erum í vandræðum, kæra stjórnarandstaða. Eruð þið ekki til í að hjálpa okkur í gegnum þingið með málið?“

Þannig standa málin. Þetta er staðreynd. Ég get alveg talað um holan hljóm og farið út í stjórnarskrármálið þegar

menn eftir á reyndu að bjarga því sem bjargað varð. Það er ekki raunverulegur vilji til þess að vinna hér þverpólitískt eða þvert á alla flokka í mikilvægum málum.

Á þeim skamma tíma sem ríkisstjórnin hefur setið — í 120 daga eða hvað það er? Reyndar er það nægur tími til að vinna úr þeim verkefnum sem liggja fyrir — þá liggja ekki nema þannig dæmi fyrir sem sýna okkur að ekki er raunverulegur vilji til þess að ná samkomulagi um mikilvæg mál. Ég er búin að nefna dæmi um það.

Ég spyr líka: Af hverju komum við þá ekki fyrr að borðinu? Af hverju erum við bara að lesa um það í blöðum alltaf hvernig hin og þessi tillaga frá ríkisstjórninni muni líta út og hvernig niðurstaðan eigi að vera? Af hverju komum við ekki fyrr að borðinu, aðrir þingflokkar á þingi en stjórnarinnar?

Ég spyr líka fyrst að hv. formaður utanríkismálanefndar mun fara hérna upp á annað andsvar við mig á eftir væntanlega: Ef honum er svona heilög þessi sáttagjörð — ég vonast til þess. Ég hef ekki reynt hann að öðru — þá spyr ég líka hvort ekki sé bara fínt að þingið noti þann tíma sem það þarf til þess að fara yfir málið eða er júnímánuður heilagur tími fyrir hv. þingmann, formann utanríkismálanefndar til að klára málið? Eru svipuhöggin frá ríkisstjórninni slík að hann verði að klára málið í júnímánuði eða hefur hann frelsi til þess að haga vinnu utanríkismálanefndar eins og honum hentar?

[14:20]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Mér finnst pínulítið holur hljómur í því sem hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir segir vegna þess að hún er að segja að við viljum samstarf og samráð og það á að vinna þannig. En þegar boðið er upp á það þá er strax slegið á útréttar hendur og sagt: „Þið meinið ekkert með því.“ Það er ekki einu sinni látið á það reyna.

Ég hef kynnt, eins og ég sagði áðan, forustumönnum úr stjórnarandstöðunni það að ég vilji gjarnan eiga gott samstarf um það hvernig málið verður unnið. Ég hef sett upp ákveðinn ramma þar sem ég sé fyrir mér hvernig málið geti verið unnið. Ég hef ekki sýnt hæstv. utanríkisráðherra það. Hann veit ekkert hvernig það lítur út og verður ekki spurður að því. En það var sett upp í þeim tilgangi að fá viðbrögð frá stjórnarandstöðunni um það hvaða sjónarmið þar kynnu að vera á ferðinni varðandi vinnulag. Ég hef ekki fengið nein viðbrögð enn þá en vonandi koma þau þegar nefndin kemst að málinu þegar hún fær það til umfjöllunar og tekur það til umræðu áður en mjög langt um líður að öllum líkindum. Þannig að ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að mér finnst mikilvægt að við reynum að verða sammála um það hvernig svona mál er unnið, hvaða upplýsingar þarf að reiða fram. Hér hafa verið nefndir hlutir eins og kostnaðarmat. Ég gat þess þegar í minni ræðu að það væri eitt af því sem við mundum að sjálfsögðu kalla eftir og ég hef grun um að það hafi nú verið einhver vinna unnin í því sambandi á vegum utanríkisráðuneytis og/eða fjármálaráðuneytis. Þannig að slíkar upplýsingar verða kallaðar inn.

Ég hef líka hugmyndir um það að utanríkismálanefnd auglýsi eftir umsögnum um þetta þýðingarmikla mál sem er óvenjulegt. Venjulega eru þingmál send til valinna aðila til umsagnar. (Gripið fram í.) Mér finnst eðlilegt að það verði almenn auglýsing þar sem hverjum þeim sem vill (Forseti hringir.) hafa skoðanir á þessu máli gefist kostur á að koma þeim á framfæri við utanríkismálanefnd. Ég vona að um vinnubrögð af þessu tagi geti (Forseti hringir.) orðið samstaða í nefndinni.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vil biðja hv. þingmenn afsökunar á því en klukkan er enn og aftur að stríða okkur hér í borðinu þannig að hana er ekki alveg marka.)

[14:22]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get ekki túlkað orð hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar öðruvísi en með jákvæðum hætti þannig að hann ætli að veita utanríkismálanefnd allan þann tíma sem hann telur og nefndarmenn telja að við þurfum að fá í málið og nýta í málið til að það verði sem best úr garði gert.

En það er mitt mat að við verðum að fara fyrst þá leið sem við sjálfstæðismenn og framsóknarmenn lögðum fram í okkar tillögu til þess að geta farið af fullum krafti í málið þegar þar að kemur þannig að undirbúningurinn verði slíkur að við getum verið bæði stolt af og hann nýst okkur sem skyldi í samningaviðræðunum og þjóðin viti út á hvað málið gangi. Þrátt fyrir allar nefndirnar vita menn ekki nákvæmlega út á hvað þetta allt gengur, hver kostnaðurinn sé og svo framvegis.

Ég er hins vegar ósammála hv. þingmanni um að ríkisstjórnin standi og falli ekki með þessu máli. Það tók þetta langan tíma að koma stjórnarsáttmálanum saman því menn þurftu að ná niðurstöðu í þessu máli. Þetta er líflína (Forseti hringir.) ríkisstjórnarinnar. Ef þetta plagg hefði ekki litið dagsins ljós þá værum við ekki með þessa ríkisstjórn.

[14:23]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það hefur verið endurtekið alloft í þessari umræðu hér í dag að málið sé á einhvern hátt vanbúið og að ótímabært sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég kem hér upp til þess eins að halda því til haga að líklega hefur ekkert ríki í sögunni verið jafn vel undirbúið undir aðildarumsókn að ESB og Ísland er nú.

Ástæðan er sú að öfugt við öll önnur ríki sem hafa sótt um aðild að ESB þá er Ísland í þeirri einstöku stöðu að hafa meira en áratugs reynslu af mjög nánu samstarfi við Evrópusambandið í gegnum EES-samninginn og í gegnum þann samning höfum við verið þátttakendur í innri markaðnum allt frá 1994. Við höfum lögleitt á Íslandi 3.000 eða 4.000 gjörðir á öllum sviðum fjórfrelsisins og unnið náið með Evrópusambandinu allt frá sérfræðinganefndum til pólitísks samráðs. Íslenskt viðskiptalíf, íslenskt samfélag og íslenska stjórnkerfið hefur þess vegna fengið besta mögulegan undirbúning fyrir það skref að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þessu til viðbótar hafa allir stjórnmálaflokkar haft þetta mál til umræðu í langan tíma og ýmsar nefndir og rannsóknastofnanir hafa fjallað ítarlega um málið undanfarin ár. Mér er því stórlega til efs að nokkurt ríki sem sótt hefur um aðild að ESB hafi notið viðlíka reynslu þegar lagt er af stað í aðildarviðræður.

[14:25]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er margt hárrétt sem kom fram í máli hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur. Þess vegna spyr ég sjálfa mig þegar ég les plaggið frá ríkisstjórninni, allri ríkisstjórninni, líka ráðherrum Vinstri grænna, ráðherrum Samfylkingarinnar: Hafa þau ekki lesið allar þessar skýrslu frá flokkunum sem hv. þingmaður benti á? Það er eins og þeir sem komu með plaggið sem við erum að ræða um hér í dag, þ.e. að menn hafi bara ekki kynnt sér nein gögn, ekkert, til þess að segja af hverju rétt sé að fara í þessa vegferð. Ég veit það fyrir mína parta. Ég er sannfærð um að við eigum að fara í aðildarviðræður. En ekki með þessum undirbúningi. Það hefur verið ákall um það í vetur að við eigum að upplýsa þjóðina í öllum mikilvægum málum um hvernig ferlið er. Ef það er ekki í þessu máli þá er það í engu máli. Við eigum að segja þjóðinni hvernig við ætlum að gera þetta, hvaða stjórnarskrárákvæði við verðum að breyta, hvað það kosti, hvernig við ætlum að tryggja aðgengi frjálsra félagasamtaka og hreyfinga sem hafa mismunandi skoðanir í málinu. Allt þetta liggur ekki fyrir. Það er bara eitthvert „me-he“ og blaður — fínt — verið að reyna að segja út á hvað þetta gangi varðandi ákveðna hagsmuni en ekki miklu meira. Eina sem þetta snýst um að þeirra mati er að þjóðin fái að hafna eða samþykkja samninginn. Það eru allir sammála um það. En það er ekki ein setning eða leiðarljós um það af hverju rétt sé að fara þarna inn.

[14:27]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er sorglegt að verða vitni að þeirri gamaldags hjólfarapólitík sem hér er iðkuð í sölum Alþingis. Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir vill sækja um aðild að Evrópusambandinu en hefur nú fundið leið til að vera á móti ályktun þess efnis. (Gripið fram í.) Nú er lagt til í ályktun sem (Gripið fram í.) samin var í flýti í gærkvöldi (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei ...) að því er virðist ... (**Gripið fram í:** Ha!) Ekkert heyrðist af henni fyrr en í gærkvöldi, virðulegur forseti, þegar (Gripið fram í.) þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins koma saman á skyndifundi, búnir að finna sér leið til að komast hjá því að samþykkja þá ályktun sem þeir eru efnislega sammála. (Gripið fram í.) Þetta er afar merkilegur málflutningur sem hér fer fram.

Hvað á að gera? Það á að undirbúa mögulega umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Hér er tillaga Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Það á að setja saman greinargerð og vera að því til 31. ágúst 2009, (Gripið fram í.) að vera að því til 31. ágúst að setja saman greinargerð, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Í síðasta lagi.) „Málið er ekki á dagskrá.“ Þetta hefur Sjálfstæðisflokkurinn sagt síðan 1995. Þetta er hægagangur sem við erum að verða vitni að hérna, sem verið er að leggja til, sem minnir um margt á ráðuneyti sjálfstæðismanna í síðustu ríkisstjórn (Gripið fram í.) sem þeir sátu í.

[14:28]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hér talaði nýr þingmaður á þingi sem maður hefði haldið einmitt að tæki ekki þátt í þessari gömlu og gamaldags pólitík, hjólfarapólitík sem hann vitnaði í hér áðan. (**Gripið fram í:** Ert þú ekki ...) Þetta var frekar gamaldags og eiginlega bara pínulítið lummó því ef ég hefði — ég bjóst eiginlega við því af þessari ríkisstjórn að hún mundi fá alla flokka fyrr að málum, (Gripið fram í.) fá alla flokka fyrr að málinu í þessu mikilvæga máli. Miðað við Samfylkinguna þá gerist það ekki. Það er bara verið að djöfla þessu í gegn eins og það átti að djöfla í gegn breytingum á okkar grundvallarplaggi núna á síðustu dögum þings fyrir kosningar. Og viti menn, þar hafa menn þá hlustað í ríkisstjórninni. Nú eru menn að koma fram með tillögur sem við sjálfstæðismenn vorum meðal annars að tala um að væri miklu betri leið til dæmis varðandi ráðgefandi stjórnlagaþing eða almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það getur rofað til hjá flokkunum og fólki. Ég vona að það geri líka hjá þeim sem styðja Samfylkinguna.

Það sem um er að ræða er og ég segi það aftur: Ég vil sækja um aðild að Evrópusambandinu en ég vil ekki gera það á þessum forsendum því mér finnst til vansa hvernig hefur verið unnið að þessari tillögu. Það er eins og menn hafi ekki lesið þá vinnu sem hefur verið unnin í áranna rás og ekkert nýtt sér þá vinnu sem þar liggur fyrir, hvað þá sýnt pólitískan kjark eða hugrekki til að setja inn eina eða tvær setningar um það af hverju sé gott að fara þessa leið. Við skulum bara segja söguna eins og hún er og veruleikann eins og hann er. Þetta var bara til að koma ríkisstjórninni saman. Þetta er bara plagg upp á punt, ekki er neitt pólitískt innihald.

[14:30]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í þingsályktunartillögu sjálfstæðismanna og Framsóknarflokks segir að það verði að ákveða með hvaða hætti viðræðum verði hrint af stað, — það liggur fyrir — hvernig þær fara fram — og það liggur fyrir líka — og loks hvernig staðið verði að staðfestingu mögulegs samnings. (Gripið fram í.)

Hér eru talsmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem meira að segja voru aðilar að þeirri ríkisstjórn sem fór með Ísland inn í styrjöld, lýsti yfir stuðningi við stríð (Gripið fram í.) í skjóli nætur, sem núna skyndilega tala um að það þurfi að vanda sérstaklega vel til verka. Það er verið að vanda sérstaklega vel til verka. Af hverju töluðu talsmenn stjórnarandstöðunnar (Gripið fram í.) ekki fyrir löngu um að það þyrfti að koma með einhverja öðruvísi þingsályktunartillögu inn í þetta? Af hverju kemur þetta í skjóli nætur? Af hverju kemur þetta svo seint? Voruð þið svona lengi að semja þetta? Var þetta læst inni í þingflokksherbergi Framsóknarflokksins?

Hér er gamaldags hjólfarapólitík (**Gripið fram í:** Þú ert ...) stunduð af splunkunýjum þingmönnum. Talsmaður Nýja Íslands, gerðu svo vel. (Gripið fram í.)

[14:31]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Mér finnst eiginlega sorglegt að upplifa það að nýir þingmenn sem eru kjörnir hingað inn á þing átti sig ekki á því að þeir eru ekki kosnir hingað til þess að vera sagnfræð-

ingar eða stunda sagnfræði. Þeir eru kosnir hingað til þess að taka ákvarðanir til þess að koma okkar þjóð áfram og út úr þeim erfiðleikum sem við erum í. (Gripið fram í.) Aðrir eru betur til þess fallnir að stunda sagnfræði. En við erum ekki hrædd við fortíðina. Við skulum taka sérstaka umræðu um hana, hv. þingmaður.

Það sem mér finnst til vansa er sú vanvirðing sem tillaga ríkisstjórnarflokkanna sýnir þinginu. Þingið er bara upp á punt. Við fáum enga aðkomu að þessari faglegu viðræðunefnd. Við eigum bara að skipa einhverja Evrópunefnd sem er stundum í samráði og í samvinnu við þessa samninganefnd. Þingið á að koma miklu ríkara að öllu ferlinu og ég trúi ekki öðru en að nýr þingmaður geti tekið undir mér. Þingið á að koma miklu ákveðnar að þessu máli öllu. Ég tel að það verði málinu til farsældar sérstaklega þegar horft er upp á það hvernig ríkisstjórnin heldur á þessu máli öllu. (Gripið fram í.) Það er til vansa.

[14:33]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Eins og tillaga þessi ber með sér hafa stjórnarflokkarnir orðið ásáttir um að leggja það í hendur Alþingis hvort sækja skuli um aðild að Evrópusambandinu þannig að þjóðin geti síðan tekið afstöðu til þess ef til samningsniðurstöðu kemur og hafnað niðurstöðunni eða samþykkt hana. Frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur sem tengist þessu máli verður flutt hér innan skamms þannig að lagaramminn liggi einnig klár fyrir með hvaða hætti kosið verði um niðurstöður í stórmáli af þessu tagi en um það hefur sem betur fer verið samstaða að að sjálfsögðu eigi þjóðin að eiga síðasta orðið og ákveða sín örlög í þessu stóra máli.

Ég verð þar af leiðandi að segja að ég skil ekki alveg ræðuhöld um að Alþingi Íslendinga sé ekki fullur sómi sýndur með þessari málsmeðferð. Ég tel að það sé þvert á móti því hér er valin sú leið að láta þingræðið og þingviljann ráða og veita leiðsögn í þessu mikilvæga máli. Ef svo reynist að ríkur þingvilji standi til þess að fara í þessar viðræður og sömuleiðis að fyrir liggi vísbendingar um að meiri hluti þjóðarinnar sé þeirrar skoðunar að rétt sé að láta á þetta reyna þó svo að gjarnan í sömu skoðanakönnunum reynist helmingur eða meiri hluti jafnvel þjóðarinnar sem afstöðu tekur andvígur því að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu þá er væntanlega bæði lýðræðislega og þingræðislega rétt að þetta sé gert, að meiri hlutinn ráði þar ferðinni. Menn geta spurt hvort það sé ekki mótsagnakennt að talsverður meiri hluti í könnunum gefi upp þá afstöðu að það beri að sækja um en á sama tíma telji jafnvel meiri hluti ekki hagstætt að ganga í Evrópusambandið. Hverju sætir þá þessi munur? Jú, væntanlega er hann tvíþættur, eins og ég les í það mál. Annars vegar trúa ýmsir því að umtalsvert samningssvigrúm sé fyrir hendi og að möguleikar séu á því að Ísland fái umtalsverða sérmeðferð eða sérúrlausn sinna mála. Hins vegar er það sjónarmið líka allútbreitt að það eigi einfaldlega að útkljá þetta mál og það telja bæði þeir sem eru því fylgjandi og einhverjir þeirra sem eru því andvígir að við göngum í Evrópusambandið að eftir sem áður þurfi að fá botn í málið og útkljá það. Ég held að það sjónarmið hafi færst í vöxt á undanförnum árum.

Nú hefur verið dreift hér annarri tillögu um að hefja undirbúning að aðildarviðræðum við Evrópusambandið og tillagan sem ég er með í höndum — þangað til athygli mín var vakin á því að hún hefði verið prentuð upp og lagfærð — hljóðaði einmitt upp á þetta svona, með leyfi forseta:

„Tillaga til þingsályktunar um undirbúning umsóknar um aðild að Evrópusambandinu.“

En á hinu upprentaða skjali stendur, með leyfi forseta:

„... um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu.“

Gott og vel. Upp á þetta skrifa allir með tölu 25 þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokksins. Það virðist þar af leiðandi vera þannig að það megi ætla að það sé mjög ríkulegur þingmeirihluti fyrir því að fara í slíkar viðræður. (Gripið fram í.) Ágreiningurinn er þá væntanlega fyrst og fremst um það hvernig beri að undirbúa þá umsókn og hvernig eigi að haga því ferli og hvaða tíma menn ætli sér í það og hvað eigi að semja langa greinargerð og annað í þeim dúr.

Að sjálfsögðu skiptir undirbúningurinn máli. Að sjálfsögðu þarf að vanda hvernig staðið verður að þessu, hvernig haldið verður á samningaviðræðum af okkar hálfu og það er einmitt ætlunin að utanríkismálanefnd leggist yfir það og henni er ætlað ríkulegt hlutverk í greinargerð stjórnartillögunnar og henni er líka ætlað hlutverk og/eða sérstakri Evrópunefnd Alþingis í framhaldinu, verði farið í viðræðurnar. Nú veit ég ekki betur en að utanríkismálanefnd sé þannig skipuð að í henni sitji að minnsta kosti tveir og þar af leiðandi báðir formenn stjórnarandstöðuflokkanna því að sá þriðji er ekki með formann þannig að þeir eru þá í prýðilegri aðstöðu, forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna tveggja sem hér flytja svo saman aðra tillögu, um að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og beita sér í utanríkismálanefnd. Undirbúningurinn skiptir að sjálfsögðu máli, hvernig farið verði í viðræðurnar, hvernig samráði við þingið verði háttað og hver aðkoma þess verði í gegnum eftir atvikum sjálfstæða Evrópunefnd eða utanríkismálanefnd og það stendur ekkert annað til og hefur væntanlega aldrei staðið neitt annað til en það að tryggja Alþingi öllu og helstu aðilum úti í þjóðfélaginu aðkomu að þessu máli enda væri annað auðvitað fráleitt.

Það hvernig menn vilja síðan búa um viðræðurnar í skilningnum hvaða fyrirvara, samningsmarkið eða eftir atvikum skilyrði menn vilja setja ef þeir kjósa að kalla það svo þá er að sjálfsögðu sjálfsagt að ræða það. En þegar til kastanna kemur er ákvörðunin einföld og tillögugrein um þetta efni — það hefur ekkert upp á sig að hafa hana meira en tvær línur: Ætla menn að hefja aðildarviðræður eða ekki, já eða nei?

Mér virðist gæta þess misskilnings hér að menn samþykki greinargerðir með þingsályktunartillögum. Það er ekki gert. Það er tillögugreinin sem er borin upp til atkvæða. (Gripið fram í.) Greinargerðin er til útskýringa. (**Gripið fram í:** Nákvæmlega.) Það sem skiptir mestu máli ef framsóknarmenn draga nú andann bara rólega hérna fyrir okkur — það sem skiptir hins vegar (Gripið fram í.) miklu máli er nefndarálit viðkomandi nefndar. Ég veit ekki af hverju þessir þingmenn þessara tveggja flokka sem sameinast hafa í bráðralagi um þessa tillögu (Gripið fram í.) eru svona órólegir hér í salnum. Ég legg áherslu á það hins veg-

ar að nefndarálit utanríkismálanefndar þarf að vera ítarlegt og vandað og þar, að mínu mati, eiga þá eftir atvikum að vera þeir fyrirvarar, samningsmarkmið og/eða skilyrði, ef einhverjir kjósa að kalla svo, sem menn vilja hamra á. Grundvallarhagsmunir Íslands sem væntanlega eru þar með þessir — efniviðurinn í, eftir atvikum þau samningsmarkmið eða fyrirvarar sem við viljum setja eru listaðir hér í tillögunni sem er til umræðu núna og ég held að ekki sé stór ágreiningur um þau, að minnsta kosti á yfirborðinu, að minnsta kosti ekki í aðdraganda málsins. Ágreiningurinn kynni miklu frekar að stofnast eða opinberast ef menn stæðu frammi fyrir því að svara spurningunni: Viljum við falla frá einhverjum af þessum markmiðum og ætlum samt að láta okkur hafa það að ganga í Evrópusambandið? Þá mun reyna á. En ég held að menn séu svolítið kannski að lesa fyrir fram í hluti sem reynir í eðli sínu ekki á fyrr en í lokaniðurstöðunni.

Það er heilmikið álitamál og ég væri ekki hreinskilinn ef ég viðurkenndi ekki að það sé mikið álitamál, burt séð frá því hvort menn eru á þessari stundu og þessum stað og þannig staddir í sinni tilveru að þeir telji að Íslendingar eigi að ganga í Evrópusambandið eða ekki, þá er samt mikið álitamál og ætti að vera það fyrir báða aðila hvort nú sé rétti tíminn til að leggja í þennan leiðangur. Það er meðal annars vegna þess að menn þurfa auðvitað að meta hvort líkur séu á því að samningsniðurstaðan geti orðið sú sem þjóðin sættir sig við. Eru þær litlar, umtalsverðar eða miklar? Menn verða líka að hafa í huga að þetta er heilmikið verkefni ef í þetta er ráðist. Þetta mun leiða til heilmikils álags á okkar stjórnsýslu. Þetta mun binda mannafla. Þetta mun taka tíma og þetta mun kosta peninga. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að að sjálfsögðu er eitt af því sem utanríkismálanefnd og stjórnvöld þurfa að meta sameiginlega það hver yrði óumflýjanlegur lágmarkskostnaður af því að fara í slíkar viðræður. Það eiga menn að gera með opin augun og reyna að svara því til og meta það hvert umfangið á slíku verður.

Að sjálfsögðu eru aðstæðurnar erfiðar og við ekki vel stödd að ýmsu leyti til þess að bæta viðbótarvinnu og álagi á okkar fáliðaða Stjórnarráð, stjórnsýslu og eftir atvikum fleiri aðila sem hafa í mörg horn að líta og ekki liggja fjármunirnir á lausu beinlínis — svo það sé nú sagt héðan úr þessum ræðustóli og af þeim sem talar — til þess að bæta við (Gripið fram í.) miklum útgjöldum. Ég er nú bara, hv. þingmenn, að reifa þetta eins og þetta kemur mér fyrir sjónir, er það ekki bara heiðarlegt? Vilja menn ekki ræða um þessa hluti? Á ekki að tala um þetta eins og þetta er? Við þurfum að meta hversu mikinn kostnað óumflýjanlegt sé að leggja í það ef við förum í þetta á annað borð því að ef menn gera það verða þeir að gera það af alvöru. Annað væri ósæmilegt. Ef menn fara í viðræður eiga þær ekki að vera málamyndaviðræður eða í þykjustunni, eða hvað? Það er varla ætlunin.

Málið er hér lagt fram og þess vegna undrast ég líka svolítið tóna hér í ræðum um að þetta sé á einhvern hátt nálgun sem ekki sé frambærileg fyrir okkar hönd sem hér er lögð til í tillögu. Málið er lagt fram með mjög hliðstæðum hætti og gert var í Noregi þegar þeir voru að undirbúa að sækja um í annað sinn. (Gripið fram í.) Það er gert með allmennum fyrirvara eins og var reifaður í baklandinu þegar Noregur sótti um, brenndur af reynslunni að hafa einu sinni sótt um áður og fellt niðurstöðuna. Stjórnvöld gerðu það alveg ljóst að þau áskildu sér allan rétt í sambandi við niðurstöðuna að mæla með henni eða mæla ekki með henni nákvæmlega eins og gert er hér. Það er heiðarlegt og þá geta menn spurt: Talar Evrópusambandið við slíka aðila sem nálgast það þannig? Svarið er væntanlega já því að fyrir því eru fordæmi, frá Noregi, frá Tékklandi og víðar að menn hafa ekkert reynt að draga dul á það þó að þeir færu í viðræður við Evrópusambandið að málið væri umdeilt, að stuðningur við það heima fyrir væri ótryggur og það gæti brugðið til beggja vona. Eða hvað? Halda menn að það hafi ekki frést að þetta sé umdeilt mál og þjóðin sé klofin, hagsmunasamtök klofin og stjórnmálalífið klofið í afstöðu sinni til þessa máls rétt eins og í mörgum öðrum löndum? Jú og auðvitað veit Evrópusambandið það og það væri beinlínis barnalegt að ætla að reyna að breiða yfir það að staðan sé eins og hún er.

Þar af leiðandi er málið einfaldlega lagt fram með hliðsjón af þessum aðstæðum eins og eðlilegt er þá. Þetta er stórt, þetta er afdrifaríkt og þetta er erfitt mál og þetta mun reyna á og það er mikilvægt að menn fari með málið og vandi sig í samræmi við það. Eina frambærilega málsmeðferðin er þá málefnaleg, uppbyggileg og lýðræðisleg nálgun og það að þingræðið og þingviljinn og síðan þjóðin afgreiði þetta mál á grundvelli vandaðrar umræðu og upplýsingar er að sjálfsögðu einboðið.

Ég tek þar af leiðandi líka undir það að eitt af því sem þarf að skoða er með hvaða hætti það verði undirbúið að kynna málið, að stuðla að umræðu um það. Er ekki sjálfgefið til dæmis að stjórnvöld styðji við bakið á þeim sem eru vel til þess fallnir að halda uppi málflutningi, til dæmis heildarsamtökum þeirra sem eru meðmæltir og eru andvígir aðild að Evrópusambandinu? Mitt svar er jú. Ég held til dæmis að það væri mjög æskilegt að slíkum aðilum yrði auðveldað að koma rökum sínum og gagnrökum á framfæri.

Ég vil svo segja fyrir mitt leyti að ég er ekki trúaður á að Íslendingar fái miklar undanþágur eða sérreglur í samningaviðræðum við Evrópusambandið. Dæmt af reynslu annarra þjóða, til dæmis Noregs sem sótti um í annað sinn og allir vissu að Noregur yrði að ná mjög hagstæðum samningi ekki síst á sviði sjávarútvegs ef líkur ættu að vera á því að norska þjóðin skipti um skoðun og samþykkti — niðurstaðan, hver var hún? Tímabundin aðlögun í aðalatriðum og niðurstaðan var felld. Ég tel miklu meiri líkur en minni á því að samningsniðurstaða, verði farið í þennan leiðangur, verði ekki aðgengileg fyrir Ísland og að þjóðin muni hafna henni. En málið er þá þar með úr sögunni. Þar með er kominn botn í það og það er ekki hangandi lengur yfir okkur endalaust eins og þetta hefur í raun og veru verið.

Það sem ég sæi einna mest eftir fyrir utan þá almennu grundvallarhagsmuni sem hér eru reifaðir, forræði yfir vatns- og orkuauðlindum, fiskveiðiauðlindinni, landbúnaður og matvælaiðnaður, lýðræðisþátturinn í þessu máli og svo framvegis, það er samningsforsvar, samningssjálfstæði og forsvar Íslendinga sjálfra í sjávarútvegsmálum í alþjóðasamskiptum. Ég hef meiri áhyggjur af því ef Íslendingar

missa úr sínum höndum það að gæta sjálfir sinna hagsmuna og semja sjálfir um sína hlutdeild, til dæmis í deilistofnum og flökkustofnum heldur en jafnvel öðrum þáttum sjávarútvegsmálanna og er þar þó ekki lítið undir þar sem er forræðið yfir fiskveiðistjórninni og annað í þeim dúr. Ef við skoðum það aftur í tímann hefur þetta samningsforræði reynst okkur aftur og aftur ómetanlegt og við þurfum áfram á því að halda því að um þessa hluti, okkar hlutdeild í norsk-íslenskri síld, kolmunna, makríl þegar þar að kemur, loðnu og öðru slíku verður aldrei samið í eitt skipti fyrir öll. Við þurfum alltaf að vera á staðnum og gæta okkar hagsmuna og mig hryllir við þeirri framtíð að Íslendingar sæti þar aftarlega á bekkjum í Evrópusambandinu og ættu að bítast um sinn hlut í slíkum þáttum við 27 eða 30 aðrar Evrópusambandsþjóðir ef til þess kæmi, sem ég á ekki von á.

Að öðru leyti höfum við um nóg annað að hugsa, Íslendingar, þessa dagana. Ég vara við því að við látum þetta mál trufla okkur of mikið í glímunni við þá örlagahluti sem við erum með í höndunum núna, íslensk stjórnvöld, dag frá degi (Forseti hringir.) og (Gripið fram í.) ég endurtek það sem ég hef áður sagt: Vandamál Íslands verða (Forseti hringir.) bara leyst á Íslandi.

[14:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Bara svo enginn gleymi því vek ég athygli á að hér var fjármálaráðherra að mæla fyrir umsókn inn í Evrópusambandið, svo því sé til haga haldið. Ríkisstjórnin er að biðja okkur um umboð fyrir umsókn um aðild að Evrópusambandinu og það segir kannski eitthvað um ástandið í ríkisstjórninni að þegar maður hlustar á þessa ræðu er ekki alveg hægt að greina það.

Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra nokkurra spurninga. Í fyrsta lagi um sinnaskiptin: Af hverju skipti VG svo hastarlega um skoðun eftir þær yfirlýsingar sem voru gefnar rétt fyrir kosningar? Í öðru lagi: Mun ríkisstjórnin lifa ef þessi tillaga verður ekki samþykkt? Og í þriðja lagi: Af því að hér er talað mikið um að þingið eigi að taka ákvörðun um þessa hluti, kemur til greina af hálfu hæstv. fjármálaráðherra að samþykkja þá tillögu sem hér er lögð fram af Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki?

[14:50]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég var að tala um þá tillögu sem felur í sér að Alþingi komist að niðurstöðu í því efni, hvort sækja eigi um að aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Það mál er sett í hendur Alþingis með flutningi þessarar tillögu. Um það er samkomulag milli stjórnarflokkanna en það er jafnframt ljóst að þeir hafa ólíka afstöðu í þessu máli. Hér inni á þingi munu þingmenn greiða atkvæði, væntanlega allir sem einn, í samræmi við og bundnir af engu öðru en samvisku sinni og sannfæringu. Ég vona að það gildi líka um Sjálfstæðisflokkinn.

Um hvaða áhrif framvinda þessarar tillögu hefur á ríkisstjórnina þá ætla ég ekki að svara fyrir aðra en okkur vinstri græn. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en að við hlítum niðurstöðu Alþingis í sambandi við þetta þingmál rétt eins og önnur. Það er mikill misskilningur að ríkisstjórnarþátttaka og stuðningur sé skilyrt og bundin því að hvert einasta mál sem flutt er sem stjórnartillaga eða stjórnarmál nái fram að ganga. Stuðningur þingmanna í grunninn við ríkisstjórn felur aðeins eitt í sér (Forseti hringir.) og það er það að þeir hafa skuldbundið sig til að verja hana vantrausti.

[14:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil bara lesa tillöguna:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“

Við skulum ekki gera minna úr málinu en efni standa til. En eftir stendur að hæstv. fjármálaráðherra svaraði ekki spurningunni: Hver voru sinnaskiptin? Rétt fyrir kosningar sagði hæstv. ráðherra klárt að ekki verði farið í aðildarviðræður strax eftir kosningar eins og Samfylkingin vill. Tók hann það sérstaklega fram að flokksráð VG mundi ekki samþykkja slíka tillögu.

Síðan spurði ég hæstv. ráðherra, af því að mönnum er tíðrætt um það hér að það skipti máli að þingið komi að þessu og hér komi allir óbundnir að máli, og ég vil fá svar við því: Kemur það til greina, eru þingmenn Vinstri grænna og þar með talinn hæstv. fjármálaráðherra opnir fyrir því að greiða atkvæði tillögu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna sem hefur verið dreift í þinginu?

[14:52]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ekki breytt grundvallarstefnu sinni í Evrópumálum. Við erum flokkur sem er andvígur aðild að Evrópusambandinu. Það liggur alveg ljóst fyrir. En við höfum gert þá málamiðlun að fallast á að þessi tillaga fari í hendur Alþingis og lyktir hennar ráðist þar.

Ég get auðvitað alveg eins spurt hv. þingmann á móti: Eru þingmenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins ekki tilbúnir til að styðja stjórnartillöguna? Tillögurnar eru í raun og veru mjög hliðstæðar eins og ég sé þær. (Gripið fram í.) Báðar ganga út á að undirbúa það. (Gripið fram í.) Ég má líka spyrja, ég ræð mínum ræðutíma og þú þínum, hv. þingmaður. (Gripið fram í.)

Eðlilegasta nálgunin við þessar aðstæður væri auðvitað að leggja það til að viðkomandi þingmenn tækju tillögurnar, bæru þær saman og skoðuðu og reyndu að komast að niðurstöðu um hvort ekki væri hægt að bræða þær saman. Vegna þess að þrátt fyrir allt hafa þau merkilegu tíðindi gerst að sjálfstæðismenn og framsóknarmenn flytja hér tillögu sem gengur nákvæmlega í sömu átt og stjórnartillagan, þeir nálgast málið aðeins öðruvísi og formúlera það aðeins öðruvísi, vilja standa aðeins öðruvísi að undirbúningnum og vilja hafa greinargerðina aðeins öðruvísi.

En varðandi svarið við spurningunni þá hef ég ekki hugsað mér að styðja þessa tillögu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, enda var hún ekki borin undir mig og (Forseti hringir.) hún er flutt á þeirra ábyrgð.

[14:53]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir nokkuð hreinskipta ræðu þar sem hann segir alveg skýrt og klárt að hann efist um að við fáum nokkrar undanþágur varðandi okkar mikilvægustu hagsmuni sem tengjast sjávarútvegi og landbúnaði.

Mig langar til að spyrja hann að tvennu. Það er alveg ljóst að hann ætlar að segja nei við tillögu okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, segir hann já við þeirri tillögu sem liggur hér fyrir og við erum að ræða? Ég gef mér það að hann segi já við þeirri tillögu, að hann ætli ekki að segja nei eins og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Það er gott að fá þetta á hreint.

Mig langar líka til að spyrja hann hvort hann sjái fyrir sér að þingið fái þann tíma sem það þarf til að vinna úr þessum tillögum sem bestu lausn fyrir Ísland. Er hann reiðubúinn til að gefa eftir í þeim ófrávíkjanlegu tímamörkum sem ríkisstjórnin hefur gefið, þ.e. að þingið verði að vera búið að afgreiða þetta mál í júnímánuði? Sér hæstv. fjármálaráðherra fram á að þingið geti fengið meiri tíma ef svo ber undir?

[14:54]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi tillaga kemur hingað til efnislegrar afgreiðslu eftir umfjöllun í nefnd og að lokinni síðari umr. kemur afstaða manna í ljós. Þeim ber engin skylda til að standa neinum skil á því hvernig þeir ætla að greiða atkvæði fyrr en þegar þar að kemur.

Það er heldur hvimleiður plagsiður sem er tekinn upp og fjölmiðlar gjarnan tína upp að yfirheyra menn um það fyrir fram hvaða afstöðu þeir ætla að taka til máls, jafnvel áður en það er komið til umræðu á Alþingi. Er þá hin þinglega meðferð þess bara út í loftið? Eiga menn að ganga að slíkri vinnu fyrir fram niðurnegldir? Skiptir ekki máli rannsókn máls í nefnd og hvaða breytingartillögur kunna að verða gerðar o.s.frv.? (Gripið fram í.)

Ég hef iðulega sagt að það kemur engum við í sjálfu sér fyrr en þar að kemur hvernig atkvæði manna falla og mönnum ber engin skylda til að upplýsa það frekar en þeir sjálfir vilja. Ef afstaða þeirra er þegar klár og liggur fyrir (Gripið fram í.) gera þeir það ef þeim sýnist. Varðandi það þá er þetta stjórnartillaga, það er rétt. Stjórnarflokkarnir hafa gert samkomulag um að hún sé flutt og ætli að það sé ekki fullnægjsandi vegvísir fyrir hv. þingmenn um það hvernig ég er líklegur til (Forseti hringir.) að greiða atkvæði.

[14:56]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú er Bleik brugðið ef hæstv. fjármálaráðherra hefur allt í einu ekki skoðun á eigin tillögu. Ég reyndi að rýna í orð hans í lokin og ég skildi þau svo að hann ætli að segja já við þeirri tillögu sem við ræðum hér, þ.e. tillögu ríkisstjórnarinnar.

Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra að því, af því að hann talaði fjálglega um að hann sæi fyrir sér nei- og já-hreyfingar og mundi vilja styðja þær, og ég fagna því sérstaklega að hann taki undir það sem við vorum að fara yfir áðan. En ég spyr hann í kjölfarið af ræðu sinni og velti því fyrir mér: Mun hæstv. fjármálaráðherra taka af fullum krafti þátt í starfi slíkra nei-hreyfinga á grundvelli stefnu vinstri grænna sem liggur alveg ljós fyrir? Ég held að hann geti ekkert hlaupist undan eða frá stefnu vinstri grænna. Mun fjármálaráðherra taka af fullum krafti þátt í nei-hreyfingunni þegar þar að kemur?

[14:57]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég náði ekki að svara annarri spurningu í fyrri ræðu minni varðandi tímann. Málið gengur nú til utanríkismálanefndar og það er langeðlilegast að utanríkismálanefnd meti það hversu mikinn tíma þarf til að ræða og rannsaka málið með fullnægjandi hætti, hversu langan tíma vilja menn gefa til umsagna og annað í þeim dúr. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að þessi málsmeðferð sé vönduð en það þýðir ekki endilega að hún þurfi að taka einhvern óralangan tíma.

Ég tek undir það sem kom fram í ræðu fyrr í umræðunni að auðvitað liggja svo mikil gögn og svo ítarlegar rannsóknir og svo margar skýrslur fyrir í málinu að það þarf auðvitað ekki að fara að vinna það allt saman frá grunni aftur. Það liggur gífurlegur massi af efni fyrir um þessa hluti. Þetta hefur verið þaulrætt í samfélaginu á undanförnum missirum og það liggur fyrir.

Varðandi baráttu mína úti í samfélaginu í samræmi við mína sannfæringu, þá er svarið já. Ég hef engum rétti afsalað mér til málflutnings eða baráttu í þágu sannfæringar minnar í þessu máli. Eins og reyndar er tekið sérstaklega fram í stjórnarsáttmálanum. (Forseti hringir.) Þar er sérstaklega tekið fram að stjórnarflokkarnir virða og viðurkenna ólíka stefnu hvors um sig og rétt hvors flokks um sig til málflutnings (Forseti hringir.) og baráttu í samræmi við það.

[14:58]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í aðdraganda síðustu kosninga sögðu forsvarsmenn vinstri grænna að þeir væru skýr valkostur í íslenskum stjórnmálum, vinstri grænir væru alfarið á móti því að gengið yrði í Evrópusambandið. En í 15 mínútna langri ræðu hjá formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varð ég ekki var við þennan skýra valkost.

Í raun og veru tókst formanni vinstri grænna á 15 mínútum að komast upp með það að segja ekki hvort hann styður þá stjórnartillögu sem hér liggur fyrir sem ríkisstjórn hans leggur fram. Ég spyr hæstv. ráðherra Steingrím J. Sigfússon: Styður hann aðildarviðræður að Evrópusambandinu eða ekki?

Mér er alveg fyrirmunað að skilja að flokkur sem á móti því að Ísland fari í Evrópusambandið skuli styðja það að ganga til aðildarviðræðna. Mér er fyrirmunað að skilja það. Og það var alveg ótrúlegur málflutningur sem við urðum vitni að hér þar sem hæstv. ráðherra talaði um að þetta væri eiginlega smámál og vonandi mundi þetta ekki trufla þau mikilvægu störf sem við værum í (Forseti hringir.) á sumar-

þingi. Það er með ólíkindum að fylgjast með þessari ríkisstjórn, hvernig hún (Forseti hringir.) talar út og suður í þessu máli.

[14:59]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef hv. þingmaður vill ræða mikið um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og afstöðu hennar í þessu máli er honum það fullkomlega frjálst. En einu get ég lofað honum, ég mun ekki reyna að ræða um vegferð Framsóknarflokksins í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Nú?) Og það hvernig hann hefur farið frá því að hér stóð maður með sama nafni og ég í ræðustóli og sagði sem svo og gerði að sérstöku kosningamáli fyrir ekki mjög löngu síðan, að það mætti aldrei verða að Íslendingar gengju í Evrópusambandið. Hvernig var kosningaslagorðið? (Gripið fram í.) XB en ekki ESB. (**Gripið fram í:** Það var nítjánhundruðáttatíu og eitthvað.) En hvað um það. (Gripið fram í.) Þá er nú gott að fræða hv. þingmann … (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Gefið hljóð.)

… ef hann hefur ekki verið fæddur þegar þetta var. Ég hef þegar tekið það skýrt fram í umræðunni að það er enginn misskilningur í gangi um það að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg aðild að Evrópusambandinu og það hefur ekkert breyst í þeim efnum. Við höfum gert málamiðlun um tiltekna málsmeðferð og útskýrt hana og það er það sem þetta mál snýst um.

[15:01]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er náttúrlega orðið ákveðið áhyggjuefni ef hv. þingmanni og formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þykir árið 1988 ekki mjög langt undan þegar sá sem hér stendur var 9 ára gamall en þá hafði hæstv. ráðherra verið lengi í pólitík og nú er árið 2009.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á að það voru mörg hundruð manns, jafnvel þúsundir einstaklinga, sem kusu Vinstri hreyfinguna – grænt framboð út á það að sá flokkur er andvígur því að Ísland gangi í Evrópusambandið. (**Gripið fram í:** Hann var það.) Hann var það kannski, já, hann breyttist eitthvað eftir að fólk kaus því að nú er formaður VG ansi véfréttarlegur í ræðustól Alþingis, hann þorir ekki einu sinni að segja okkur þingmönnum hvernig hann ætlar að greiða atkvæði með þeirri stjórnartillögu sem hér um ræðir. Ég spyr hæstv. ráðherra enn og aftur og mér finnst það vægast sagt frekar aumingjalegt ef hæstv. ráðherra er ekki tilbúinn að svara okkur því hvort hann styðji (Forseti hringir.) eigin stjórnartillögu eða ekki. (Forseti hringir.) Við heimtum svör frá hæstv. ráðherra.

[15:02]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hvet hv. þingmann til að vera viðstaddur þegar málið kemur úr nefnd og hefur farið í gegnum síðari umr. Þá verða væntanlega greidd hér atkvæði og þá fær hv. þingmaður svarið. Bæði stjórnskipulega og póltískt séð er ekkert sérstakt sem mælir með því að þingmenn gefi endilega upp afstöðu sína til mála sem hér koma fram nema þeir sjálfir kjósi. (Gripið fram í.) Það liggur þannig.

Ég geri ráð fyrir því jafnvel að eitthvað af þingmönnum hér inni séu ekki enn þá búnir að gera það endanlega upp við sig hvernig þeir greiða atkvæði. Það er fullkomlega eðlilegt, (Gripið fram í.) getur m.a. ráðist af því hvers konar umfjöllun málið fær í nefnd, hvort það taki breytingum og þar fram eftir götunum. Ég hélt að ég hefði svarað þessu sæmilega skýrt hér áðan. (**Gripið fram í:** Nei.) Þetta er stjórnartillaga, ég hef samþykkt í ríkisstjórn og í þingflokki að hún komi fram. Ég er náttúrlega aðalmálsvari fyrir hönd míns flokks að því samkomulagi stjórnarflokkanna sem birtist hér í þessari málamiðlun um málsmeðferð (Gripið fram í.) og ætli ég sé þá ekki líklegur til þess að standa að málinu til enda?

Varðandi hins vegar Framsóknarflokkinn, hvað kusu kjósendur Framsóknar í Evrópumálum? (Forseti hringir.) Eigum við að fara aðeins yfir það? Var það að sækja ætti um en með skilyrðum sem eru óaðgengileg? (Gripið fram í.) Ef menn vilja fara út í þessa hluti getum við auðvitað rætt það. (Gripið fram í.) Ég held að það þjóni litlum tilgangi.

[15:03]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er merkileg umræða. Ég er ekki búinn að vera mjög lengi hér á þingi en ég er þó búinn að átta mig á því að þegar hæstv. fjármálaráðherra lendir í klípu er rökþrota eða getur ekki útskýrt það sem hann er að hugsa bregður hann fyrir sig hæðnistóni eða fer aftur til ársins 1988 og rifjar upp eitthvað gamalt. Það er flott leið til að komast hjá því að svara spurningum eða skýra stefnu sína.

Mig langar að spyrja: Mun ráðherrann styðja þessa tillögu eins og hún liggur fyrir núna? Er öll ríkisstjórnin á þessari tillögu? Eru allir ráðherrar flutningsmenn á tillögunni? Ég vil fá svar um hvort þar eru allir ráðherrar, ef hægt er að svara því. Þetta er ekki þannig mál að við getum boðið upp á að hér standi einn af aðalmönnum ríkisstjórnarinnar, einn af þeim sem ber hvað mestu ábyrgð á stjórn landsins, og tali í véfréttarstíl um hvað flokkur hans vill eða vill ekki.

Ég tek undir orð hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar að kjósendur VG í Norðvesturkjördæmi, þaðan sem ég kem, (Forseti hringir.) kusu flokkinn m.a. vegna þess að hann hafði skýra stefnu (Forseti hringir.) sem hann hefur núna snúið frá.

[15:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að sögunnar vegna sé rétt að hafa það á hreinu að það mun hafa verið 1991 sem Framsóknarflokkurinn var með þetta slagorð: (Gripið fram í.) XB, ekki ESB. (Gripið fram í.)

Þetta er stjórnartillaga flutt af utanríkisráðherra. Ríkisstjórn flytur ekki mál í þeim skilningi að hún er ekki fjölskipað stjórnvald. Þar eru ekki greidd atkvæði og hver ráðherra er ábyrgur fyrir sínum málaflokki. Í raun má segja að það séu tólf ríkisstjórnir í ríkisstjórninni (Gripið fram í.) í

þessum skilningi. (Gripið fram í.) Vita menn ekki hvernig þetta er?

Ég var að svara þeirri spurningu að það er ekki von til þess að einhver hluti ráðherra ríkisstjórnar flytji stjórnartillögu því að þar með hún orðin að þingmannamáli. (Gripið fram í.) Þar með yrðu þeir að standa að flutningnum sem þingmenn en ekki sem ráðherrar, enda sjá menn að það er ekkert nafn á tillögunni, það er af því að þetta er stjórnartillaga og ráðherra viðkomandi málaflokks flytur hana. Það liggur fyrir að þingmenn og ráðherrar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru bundnir af engu nema (Forseti hringir.) sannfæringu sinni í þessu máli og munu greiða atkvæði í samræmi við hana. Stefna flokksins er óbreytt.

[15:06]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ræða hæstv. ráðherra kom ekki á óvart, þar var engu svarað en hann fór hins vegar nokkur ár fram í tímann, fram til 1991, í röksemdafærslum sínum.

Ég skil þá ráðherra þannig að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar standi að því að þessi tillaga fari fyrir þingið. Mig langar að spyrja hann aftur: Telur hann að vinstri græn hafi ekki og séu ekki að víkja frá þeim orðum og þeirri stefnu sem þau boðuðu í kosningunum sem fjöldi fólks kaus þau út á, að þau væru andvíg aðildarviðræðum við Evrópusambandið? Telur hann að ekki sé verið að víkja frá þeirri stefnu með því að leggja fram þessa tillögu?

[15:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Svarið er nei. Það er ekki fráhvarf frá þeirri stefnu að vera andvíg aðild að Evrópusambandinu, þar hefur engin breyting á orðið. Það er okkar mat að aðild að Evrópusambandinu sé ekki hagstæð og við höfum ekki trú á því að útkoman verði slík að það sé líklegt að hún verði aðgengileg fyrir þjóðina eða að það breyti afstöðu okkar til málsins. En að sjálfsögðu áskilja væntanlega allir sér rétt til þess að kíkja á niðurstöðuna ef í þessar viðræður verður farið eða hvað? Ætla menn að hafa afstöðu sína fyrir fram algjörlega óháða því hvað út úr málinu kemur? Það held ég ekki.

Ég tel ekki að það sé neitt brot á stefnu okkar þó að við höfum gert samkomulag um málsmeðferð sem felur í sér að setja það í hendur Alþingis hvort sækja eigi um og láta þingviljann ráða í þessum efnum. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir að einhverjir af okkar þingmönnum munu ekki styðja þessa tillögu, það liggur fyrir opinberlega. (Gripið fram í.) Það er samstarfsflokki okkar kunnugt um (Gripið fram í.) eins og þegar liggur fyrir þannig að það er ekkert nýtt (Forseti hringir.) og ekkert sem ætti að koma mönnum á óvart í þeim efnum.

[15:08]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Nú er farið að færast fjör í leikinn hjá Vinstri grænum, nú er eitt stærsta vandræðamál ríkisstjórnarinnar af mörgum komið formlega á dagskrá þingsins og ég get ekki annað en vottað kjósendum Vinstri grænna um land allt samúð mína. Hér hefur verið gengið algjörlega frá þeirri stefnu sem þau boðuðu fyrir kosningar að þau væru á móti Evrópusambandinu. Hæstv. fjármálaráðherra fer hér eins og köttur í kringum heitan graut til að koma sér út úr vandræðunum.

Ég vil benda hæstv. fjármálaráðherra á að hann nefndi samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnarsáttmála, það er rangnefni hjá hæstv. ráðherra því að eftir upplýsingum að dæma sem ég hef fengið frá vinstri grænum náðist einmitt ekki samkomulag um það í aðdraganda stofnunar þessarar ríkisstjórnar að kalla þetta plagg ríkisstjórnarsáttmála, þannig að það sé alveg á hreinu. Þú leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál. Og það er stór munur á samstarfsviljayfirlýsingu og ríkisstjórnarsáttmála. Líklega er það nákvæmlega það sem þessi tillaga hér gengur út á.

Báðir flokkarnir virðast vera að hrekjast frá kosningastefnumálum sínum en eins og staðan er í dag virðist Samfylkingin hafa vinninginn því að eins og við vitum náttúrlega er þetta eina stefnumál Samfylkingarinnar síðan hún var stofnuð, að ganga í Evrópusambandið, sama hvað það kostar. Hún hefur nú sitt þriðja ríkisstjórnarsamstarf og ætlar svo sannarlega að koma þessu máli á dagskrá sama þó að hún þurfi að knésetja samstarfsflokkinn, sama þó að hún þurfi að láta hann henda öllum stefnumálum sínum út, sama hvað það kostar. Evrópumálin eru svo sannarlega komin á dagskrá.

Ég bendi hæstv. fjármálaráðherra líka á að það verður ekkert mál að stefnu ríkisstjórnar sem báðir flokkarnir sem að henni standa, eða allir eftir því sem það á við, nema allir séu henni sammála og séu sammála um málsmeðferðina. Það þýðir því ekkert núna fyrir ráðherra Vinstri grænna að segja að þau séu ekki á þessari tillögu. Ef þau eru ekki á þessari tillögu og ef þau eru ekki sammála henni er ekki hægt að tala um að þessi Evróputillaga sé flutt í nafni ríkisstjórnarinnar, svo að það sé á hreinu. Þá verðum við að breyta tillögunni aftur í það sem hún var í upphafi, í einfalt þingmannamál, og þá mun utanríkisráðherra líklega flytja tillöguna eins og hann gerði í upphafi. Ég skrifaði grein í *Morgunblaðið* eða *Fréttablaðið* , ég man ekki hvar hún birtist, þar sem ég bendi á að fullveldisafsal þjóðarinnar verður einungis afhent með vilja ríkisstjórnarinnar. Einföld þingmannaþingsályktunartillaga getur ekki farið svo með stjórnskipan okkar.

Hv. formaður utanríkismálanefndar lýsti hér eftir stjórnskipunarferli þjóðarinnar og ég er glöð að geta aðeins upplýst hann um það hvernig stjórnskipunin í þessu máli öllu er. Hún verður að vera með þeim hætti sem ég fór yfir áðan, að stjórnarflokkarnir verða að standa samhentir að tillögunni sé hún ríkisstjórnarmál, öðruvísi getum við ekki framselt fullveldi þjóðarinnar. Svo einfalt er það.

Fram kom í máli formanns Framsóknarflokksins og einnig í stefnuræðu forsætisráðherra að hæstv. forsætisráðherra var snupraður af þingmanni Vinstri grænna. Hún var beðin um að tala bara fyrir sinn flokk. Nú kem ég með spurningu um hvort hæstv. fjármálaráðherra, formaður Vinstri grænna, fái sömu meðhöndlun og hæstv. forsætisráðherra varðandi það að hann sé að tala fyrir aðra. En hæstv. fjármálaráðherra virðist tala fyrir sitt fólk í ríkisstjórninni alla vega en hann getur ekki tekið ábyrgð á af-

ganginum af þingmönnum sínum því að eðlilega eru þau vinstri græn sem fylgja sannfæringu sinni í þessu máli ekki sammála þeirri málsmeðferð sem formaður þeirra er kominn með flokkinn sinn í. Hann brýtur hér bersýnilega eina kosningaloforðið sem hann setti fyrir kosningar, að ganga ekki í Evrópusambandið. Nú er hann kominn með Vinstri hreyfinguna – grænt framboð á fleygiferð inn í Evrópusambandið. Ég veit ekki hvort ég á að segja: Til hamingju, Íslendingar.

Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa sameinast um tillögu um framkvæmd og ferli mögulegrar aðildarumsóknar því að það er reglan í íslenskum rétti að framkvæmdarvaldið fari með utanríkismálin. Sterk rök liggja að baki því að aukin afskipti þingsins af utanríkismálum fari ört vaxandi eðli málsins samkvæmt í vaxandi alþjóðasamvinnu. Íhlutunarréttur Alþingis endurspeglast í 24. gr. laga um þingsköp Alþingis þar sem mælt er fyrir um skyldu ríkisstjórnar til þess að ráðfæra sig við utanríkismálanefnd í meiri háttar utanríkismálum. Hér erum við að tala um að ríkisstjórnir skuli ráðfæra sig við utanríkismálanefnd en ekki að segja henni fyrir verkum. Við skulum hafa það algjörlega á hreinu.

Á þessum forsendum, með framlagningu þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar eru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn að bjarga þjóðinni frá stjórnskipunarréttarlegu slysi utanríkisráðherra sem samkvæmt þingsályktunartillögunni á þskj. 38 sem dreift var hér í morgun, ætlar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn að Evrópusambandinu. Í málflutningi manna í dag hefur komið fram að málið skuli jafnvel fara í þann farveg að utanríkismálanefnd hafi eitthvað um málið að segja. Það er eðli málsins samkvæmt en ríkisstjórnin átti raunverulega að hafa samráð við utanríkismálanefnd áður en þingsályktunartillagan var lögð fram vegna þess að hún á að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar sérstaklega þar sem svo stórt mál er til umræðu eins og afsal á fullveldi þjóðar.

Virðulegi forseti. Að mínu mati er sú ríkisstjórn sem hér situr hættuleg þjóðarhagsmunum og ráðherrarnir virðast ekki hika við að valta yfir stjórnarskrána sé þeim það til hagsbóta og þar með rétt þegnanna til að koma persónulegum og flokkslegum stefnumálum sínum í framkvæmd. Komið hefur fram í máli margra þingmanna, sérstaklega úr stjórnarandstöðunni, að þingsályktunartillagan sem utanríkisráðherra talaði hér fyrir í morgun er mjög illa og hroðvirknislega unnin. Hæstv. utanríkisráðherra viðurkenndi það meira að segja í ræðu sinni í morgun að hann væri nánast tilbúinn til að lúta í gras til þess að ná hér almennri samstöðu um þingsályktunartillöguna strax. Hvað er utanríkisráðherra að fara? Með þessum orðum er hann að lýsa því yfir að tillagan sé ekki nógu góð, að hún sé ekki nógu vandlega unnin, að það vanti samráð í hana. Við skulum átta okkur á því hvað þetta er mikið hagsmunamál fyrir Samfylkinguna að koma þessu máli í gegnum þingið núna.

Málin eru öll unnin eftir á, að því er virðist. Fyrst eru teknar ákvarðanir í Stjórnarráðinu, það eru mismunandi margir ráðherrar sem koma að þeirri ákvörðunartöku. Svo eru málin lögð fyrir þingið og þar skulu þau fá afgreiðslu. Jafnvel hefur það gengið svo langt að hæstv. forsætisráðherra hefur hótað því að rjúfa þing vegna þess að Samfylkingin hefur ekki gert neitt til að koma þessu máli á dagskrá. Málið er illa unnið, það hefur engin undirbúningsvinna átt sér stað í Samfylkingunni þó að þetta sé þeirra eina stefnumál. Þeir hafa ekki lagt fram neina vinnu við að reyna að breyta stjórnarskránni fyrir aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Og Samfylkingin hefur ekki frekar en Vinstri græn lagt fram nokkra vinnu til að sé hægt að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara hér fram.

Nú liggur fyrir skipun ríkisstjórnarinnar um að frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslu skuli unnið á næstu 100 dögum. Frumvarpið átti að leggja hér fram samhliða þingsályktunartillögunni, eins og segir í greinargerð þingsályktunartillögunnar. Ekkert bólar á því frumvarpi. Ég sit í þeirri nefnd fyrir hönd flokksins og ég get upplýst þingið um að það mál er komið afar stutt á leið. Með þessu upplýstist enn einu sinni handarbakavinna þessara flokka. Við skulum átta okkur á því að það er ekki ákvæði í stjórnarskránni um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi fullveldisafsal þjóðarinnar.

Í stjórnarskránni eru þrjú ákvæði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur: Þegar þingið vill víkja forseta, þegar forseti neitar að skrifa undir lög og breyting á kirkjuskipan. Úr því að ekki er ákvæði í stjórnarskránni um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi fullveldisafsal getur sú þjóðaratkvæðagreiðsla sem mun fara fram í kjölfarið — ef hún nær fram að ganga og það frumvarp verður að lögum — einungis orðið ráðgefandi. Þá spyr ég íslensku þjóðina: (Gripið fram í.) Treystir þjóðin þessari ríkisstjórn til að fara eftir úrslitum þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu ef samningar nást og málin fara í þann farveg að þjóðin fái einhvern tíma að greiða atkvæði um málið? Hafa ráðherrar Samfylkingarinnar farið að vilja þjóðarinnar hingað til? Verða ekki fundin einhver rök fyrir því að munurinn sé ómarktækur og endurspegli ekki vilja þjóðarinnar? Muna ekki allir eftir orðunum úr Háskólabíói sem þáverandi formaður Samfylkingar lét falla: Þið eruð ekki þjóðin? Við skulum ekki gleyma fortíðinni, (Gripið fram í.) hvernig Samfylkingin hefur valtað yfir íslensku þjóðina og (Gripið fram í.) þegna hennar.

Að mörgu leyti komu líka fram stórfréttir áðan þegar hæstv. félagsmálaráðherra tjáði sig um að aðilar vinnumarkaðarins og íslenskir kjarasamningar væru í uppnámi. Ég vona að fréttamenn taki þetta upp og spyrji félagsmálaráðherra og aðila vinnumarkaðarins að því hvað hann átti við. Komnar eru fram hótanir um að samþykki þingið ekki þessa þingsályktunartillögu og afgreiði hana í flýtimeðferð geti aðilar íslensks vinnumarkaðar ekki samið. Hvers lags eiginlega hótanir eru hér á ferðinni? Ég held að Samfylkingin ætti að róa sig í þessu máli, ég held að hún ætti að lesa betur plaggið sem stjórnarandstaðan lagði fram í morgun um vandaða málsmeðferð og reyna að vinna málin með þeim hætti að þau verði ásættanleg því að þarna er kominn stökkpallur fyrir þessa vandræðalegu ríkisstjórn út úr sínum vandamálum og þá tala ég sérstaklega til ráðherra Vinstri grænna.

Ég hefði gjarnan viljað hafa hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hér en hann læðist náttúrlega með veggjum í þessu máli, lætur ekki sjá sig í þingsal. Hann á líklega líka eftir að læðast með veggjum út af Evrópumálinu til framtíðar en út frá því sem ég hef farið yfir er hann líklega flutningsmaður þeirrar tillögu. Ég ætlaði að krefja

hann svara um hvort hann væri það — nei, já eða nei — en hann passar sig að sjálfsögðu á því að vera ekki hér.

Hv. þm. Birkir Jón biður mig um að óska eftir honum í þingsal og geri ég það hér og nú. Virðulegi forseti. Ég óska eftir að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra komi hér í þingsal, í púlt, og komi í andsvör við mig. Ég óska eftir því að orðið verði við þeirri beiðni.

Ágæti forseti, virðulegi forseti. Nú hef ég stiklað á stóru um þau vandræðamál sem þessi ríkisstjórn er búin að koma sér í varðandi svikin kosningaloforð, varðandi meiningarmun á því hver sú ábyrgð er að sitja í ríkisstjórn eða ekki. Vinstri græn sitja að vísu í fyrsta sinn í ríkisstjórn sem flokkur þó að hæstv. fjármálaráðherra — ég hélt á tímabili um daginn að hann væri fósturfaðir minn, hann kallaði sig og hæstv. forsætisráðherra mömmu og pabba þingsins, ég áttaði mig ekki alveg á því hvað hann var að fara. Nú situr hann með flokk sinn í fyrsta sinn í ríkisstjórn og hann og samráðherrar hans átta sig ekki á því hver ábyrgðin er. Þeir átta sig ekki á því hvert stjórnskipunarlegt ferli mála er í þinginu og svoleiðis verður það víst að vera. Við skulum óska eftir því að þeir reyni að læra af þeim mistökum en þarna er heldur betur illa farið fyrir Vinstri grænum.

[15:22]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að það þurfi að fara aðeins betur yfir stjórnskipunarréttinn með hv. þingmanni sem hér hefur talað (Gripið fram í.) vegna þess að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir heldur því fram að ekki sé hægt að ákveða valdaafsal eða fullveldisframsal nema um sé að ræða að ríkisstjórnin taki þá ákvörðun eða að það sé ríkisstjórnartillaga. Það er alls ekki rétt. Stjórnarskráin kveður á um að Alþingi sjálft geti einungis ákveðið slíkt, það er Alþingi sjálft sem tekur slíkar ákvarðanir. Eðli málsins samkvæmt getur í sjálfu sér hvaða þingmaður sem er flutt tillögu um slíkt en ákvörðun um fullveldisframsal verður aðeins tekin af Alþingi. Þar skiptir engu máli hvort flutningsmaður eða flutningsaðili slíkrar tillögu er ríkisstjórn eða einstakir þingmenn, að sjálfsögðu ekki, það stendur ekkert um það í stjórnarskránni. Mér þætti því fróðlegt að fá frekari útskýringar á því frá hv. þingmanni.

Þar fyrir utan liggur málið þannig að sú tillaga sem hér er á dagskrá er stjórnartillaga. (**Gripið fram í:** Nei.) Hún er stjórnartillaga, hún er flutt af ráðherra í ríkisstjórninni (Gripið fram í.) með samþykkt þingmanna. Framlagning hennar er samþykkt í ríkisstjórn, framlagning hennar er samþykkt af þingflokkum stjórnarflokkanna þannig að þetta er að sjálfsögðu stjórnartillaga. En eins og hæstv. fjármálaráðherra gat um áðan í máli sínu felst í stuðningi þingmanna við ríkisstjórn fyrst og fremst sú yfirlýsing að verja ríkisstjórn falli. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er engin skuldbinding af hálfu þingmanna sem eru í stjórnarflokkum að þeir muni alltaf og ávallt styðja hvert einasta þingmál óbreytt sem frá ríkisstjórninni kemur. (Gripið fram í.) Eða er það þannig sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, gömlu flokkarnir á Alþingi, vilja hafa það, að löggjafarsamkoman sé bara stimpilpúði fyrir framkvæmdarvaldið eins og það hefur verið öll þau ár sem þeir hafa farið með völd? (Gripið fram í.)

Þannig ætlum við ekki að vinna. Þingmenn eru bundnir af sannfæringu sinni og munu taka afstöðu til málsins á þeim grunni þegar upp er staðið.

[15:25]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er tilbúin til að hitta þig hér í þinginu, hv. formaður utanríkismálanefndar, hvenær sem er og fara yfir stjórnskipunarréttinn með þér. Úr því að þú tekur mín orð ekki gild, að fullveldisafsal þjóðar skuli vera lagt fram af ríkisstjórn, hvet ég þig til að hafa samband við umboðsmann Alþingis og fá það á hreint. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (UBK)**:** Ég vil minna hv. þingmann á að ávarpa þingmann annaðhvort með fullu nafni eða með kjördæmissæti og ávarpa forseta …)

Er ekki nóg að segja formaður utanríkismálanefndar? (Gripið fram í.) Þá ætla ég að beina orðum mínum að Árna Þór Sigurðssyni, 5. þm. Reykv. n., að hafa samband við hæstv. umboðsmann Alþingis og fá úr því skorið hvert stjórnskipunarferlið er í þessu máli. Það stendur ekkert um fullveldisafsal í stjórnarskránni sem … (Forseti hringir.)

Voru það ekki tvær mínútur sem ég átti að hafa?

[15:26]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti vill upplýsa um að það hefur verið … (Gripið fram í.) — Tvær mínútur og það hefur verið bilun … (Gripið fram í.) Forseti stýrir hér fundi og það hefur verið bilun í tækjabúnaði sem er í púlti en það er réttur tímasetningarbúnaður sem er hér uppi hjá forseta. (Gripið fram í.)

[15:26]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Mér er sönn ánægja að lýsa yfir stuðningi við þingsályktunartillögu þá sem hér er til umræðu um að lögð verði inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Þingmenn eru vissulega ekki allir á eitt sáttir um hvort það sé til hagsbóta fyrir okkur að stíga þetta skref. Það er ekki nema eðlilegt. Fólk greinir á um veigaminni atriði.

Við munum vonandi bera gæfu til að færa fram okkar rök í hvaða átt sem þau vísa án gífuryrða eða dylgna um að einhverju okkar gangi eitthvað annað til en það sem við höldum eða teljum að sé best fyrir íslenska þjóð.

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að fjalla um félagsskapinn sem sótt er um aðild að vegna þess að stundum finnst mér eins og verið sé að vísa okkur í einhverja ormagryfju þar sem helsta markmiðið sé að kippa undirstöðuatvinnuvegum undan þjóðum sem eru í þessu samstarfi.

Nú eru 27 þjóðir í Evrópusambandinu. Fyrst voru þær sex. Upphafið verður rakið til áranna eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar þegar að stórhuga menn í Evrópu veltu upp hugmyndum um hvernig mætti koma í veg fyrir stríð í álfunni sem logað hafði í stríði og óeirðum um aldir. Efnahagsbandalagið var stofnað 1957 þegar sex þjóðir gerðu með sér Rómarsáttmálann. Hugmyndin var að hægt væri að tryggja frið í álfunni með því að þjóðirnar tengdust sterkum viðskipta- og efnahagsböndum.

Þrjár þjóðir bættust í hópinn 1973. En í ljós hafði komið að samstarf í EFTA sem stofnað var 1960 skilaði þeim

þjóðum sem þar voru ekki jafnmiklum ávinningi og samstarfið skilaði þjóðum í Efnahagsbandalaginu.

Árið 1981 bættist Grikkland í hópinn. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafði reyndar skilað neikvæðri umsögn um ósk Grikkja um aðildarviðræður en ráðherraráðið ákvað engu að síður að hefja þær. Var það gert til að treysta lýðræði í Grikklandi af því þetta var rétt eftir að herforingjastjórninni þar hafði verið hnekkt. Við megum nefnilega ekki gleyma því að frelsi og lýðræði eru á meðal þeirra grunngilda sem allar þjóðir sem ganga í Evrópusambandið verða að virða. Hin eru mannréttindi og réttindi minnihlutahópa til orðs og æðis.

Við Íslendingar höfum verið í náinni samvinnu við Evrópusambandið síðan 1994 þegar EES-samningurinn tók gildi. Hvatinn að þeirri samningsgerð var áætlun Evrópusambandsins um innri markaðinn. Ráðherraráð Evrópusambandsins samþykkti áætlunina árið 1986 en hún fól í sér að innleiða nálægt 280 tilskipanir og reglugerðir á sex árum. Öll ákvæðin miðuðu að því að afnema innri landamæri á milli ríkjanna sem þá voru orðin tólf. Það er hin skringilega mótsögn, hefur mér alltaf fundist, að allt þetta regluverk þyrfti til að koma á frelsi, fjórfrelsinu sem kallað er. Þetta var 29 árum eftir að Rómarsáttmálinn var undirritaður en tilgangur hans var einmitt sá að gera löndin að einu markaðssvæði.

Áætlunin um innri markaðinn hafði svo jákvæð áhrif á efnahagslíf landanna í Evrópubandalaginu að innan EFTA vaknaði áhugi á að taka þátt í þessari áætlun og hófust samningaviðræður þeirra og Evrópubandalagsins um aðild EFTA-þjóðanna að innri markaðnum.

Hrun Berlínarmúrsins breytti pólitískum raunveruleika í álfunni í nóvember 1989. Hlutlausu löndin í EFTA töldu sig nú geta verið í Evrópubandalaginu. Á næstu árum á eftir sóttu öll EFTA-ríkin nema Sviss og Ísland um aðild að Evrópusambandinu. Öll þekkjum við hvernig norska þjóðin felldi samning um aðild að Evrópusambandinu öðru sinni og Svisslendingar vildu ekki einu sinni vera í EES. Nú eru Liechtenstein, Noregur og við á EFTA-hlið EES-samningsins og löndin á hinni hliðinni eru 27. Það er nú jafnvægið í þeim samningi.

EES-samningurinn hefur gagnast vel. En honum fylgir að við tökum yfir allar þær tilskipanir og reglugerðir sem koma innri markaðnum við án þess að vera í fundarherberginu þegar ákvarðanir eru teknar. Það er stóri gallinn við þann annars mjög merkilega samning og ég meina það virkilega.

Samvinnan innan Evrópusambandsins hefur ekki verið ein samfelld skemmtisigling. Christopher Tugendhat sem átti sæti í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins 1977–1985 líkir samstarfinu í bók sinni *Making Sense of Europe* við þrautir Sísyfosar en hlutskipti hans var að velta stórum steini upp fjall, en steinninn rann alltaf niður aftur og hann varð að byrja upp á nýtt. Ég hef skilið þessa samlíkingu á þann veg að sameining Evrópu sé eilífðarverkefni sem stöðugt verði að vinna að og ljúki líklegast aldrei. Annar Evrópumaður lýsti samstarfinu við mann á tvíhjóli. Hann verður alltaf að vera á ferð vegna þess ef hann stoppar þá veltur hann um koll.

Hvorug þessi samlíking kallar á að sífellt séu tekin stór stökk fram á við, öllu heldur að alltaf sé eitthvað í gangi. Víst er að stundum hefur samstarfið fremur lullað en verið á hraðri ferð enda ekkert óeðlilegt við það þegar margar þjóðir koma saman og ráða ráðum sínum. Auðvitað eru ekki allar þjóðir sammála um hve náin samvinnan eigi að vera eða hvernig hún eigi að þróast. Sumar þjóðir vilja styrkja yfirþjóðlega valdið. Aðrar vilja draga úr því. Enda væri það skrýtinn heimur þar sem allir væru sammála öllum.

Virðulegi forseti. Nú eru þau tímamót að þingsályktunartillaga um að sækja um aðild að Evrópusambandinu hefur verið lögð fram á Alþingi. Verði hún samþykkt, sem ég sannarlega vona, munu aðildarviðræður hefjast innan skamms.

Íslendingar hafa mjög ákveðnar og um leið ólíkar skoðanir á því hvernig samning við munum fá. Ég er þeirrar skoðunar að við náum góðum samningi, að við náum samningi sem tryggir okkur forræði yfir náttúruauðlindunum. Aðrir eru ekki þessarar skoðunar. Eina leiðin til að skera úr um þetta er að ganga til samninga um aðild og sjá þann samning. Þá fyrst höfum við fast land undir fótum. Enginn ágreiningur er um að samningurinn verði borinn undir þjóðina til samþykkis eða synjunar. Ég endurtek. Það er enginn ágreiningur um það.

Það hefur verið gagnrýnt að þessu máli hafi verið vísað til þingsins með þeim hætti sem gert er. Getur verið að þeir sem gera það sakni þess að ekki sé beitt því meirihlutavaldi sem venja hefur verið til að beita í samskiptum þings og ríkisstjórnar? Ég fagna því að málið er sett í hendur þingsins. Ljóst er að skoðanir fólksins í landinu fara ekki eftir flokkslínum. Það sýnir mikinn kjark að rífa þessa áríðandi umræðu upp úr þeim djúpu hjólförum sem hún hefur spólað í.

Ég þyl ekki hér þá bót sem íslensk þjóð mun hafa af því að gerast aðili að Evrópusambandinu. Ég bíð með þá ræðu þangað til að samningsdrögin liggja fyrir. Það hefur verið sagt að við Evrópusinnar höldum að aðild að Evrópusambandinu leysi allan okkar vanda, þaðan sé komin töfralausn Samfylkingarinnar á efnahagsþrengingunum. Þetta er ekki rétt. Við teljum ekki að aðild að Evrópu muni leysa allan vandann. En hún er hluti af lausninni. Aðild að Evrópusambandinu breytir því ekki að við þurfum að skera niður ríkisútgjöld sem aldrei fyrr. Hún breytir því ekki að það þarf að hækka skatta og aðild að Evrópusambandinu kemur ekki í veg fyrir atvinnuleysið og bölið sem því fylgir. En umsókn um aðild að Evrópusambandinu mun sýna hvert við stefnum. Aðildarumsókn sýnir að við stefnum að því að vinna mál náið með vina- og nágrannaþjóðum og hún sýnir að við hyggjumst taka fast á efnahagsmálum vegna þess að við stefnum að því að komast í myntsamstarfið og taka upp evru þegar við höfum náð þeim efnahagsstöðugleika sem til þess þarf. Það verður ekki í dag og það verður ekki á morgun og kannski ekki fyrr en eftir langan tíma. En við getum líka verið viss um það að við munum aldrei komast í myntsamstarfið og aldrei taka upp evru nema að við göngum í Evrópusambandið. Allt hangir saman. Velferðin, atvinnan, fyrirtækin, bankarnir og gjaldmiðillinn. Til að umheimurinn treysti okkur og vilji vinna með okkur, hjálpa okkur til að finna leiðir til að borga niður skuldirnar og byggja upp á

nýtt verðum við að sýna svo ekki verði um villst að við ætlum að takast af alvöru á við þetta verkefni.

Fyrsta skrefið var samningurinn við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það var þungt skref en nauðsynlegt. Næsta skref er létt skref. Það skref er að sækja um aðild að Evrópusambandinu. En aðild að Evrópusambandinu opnar dyrnar að fundarherbergjum Evrópuþingsins og ráðherraráðs Evrópusambandsins og greiðir leiðina að myntbandalaginu og evrunni.

Hv. formaður utanríkismálanefndar hefur lýst því hér hvernig hann hyggist vinna að því að þetta mál fái þá bestu umfjöllun í utanríkismálanefnd sem mögulegt er. Ég er varaformaður þeirrar nefndar og ég mun styðja hann í því í hvívetna eftir því sem ég mögulega get og ég vona að þegar þeirri vinnu er lokið verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt hér í þinginu

[15:37]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir afar fróðlega og yfirgripsmikla ræðu. Ég dreg ekki í efa þekkingu hennar og reynslu á málaflokknum.

Ég hnaut um eitt sem þingmaðurinn sagði. Það var að við þyrftum að hafa aðgengi að fundarborðunum, við þyrftum sem aðilar að EES- samningnum að taka möglunarlaust yfir allar gerðir Evrópusambandsins og það væri ekki fyrr en við værum orðin fullgildir aðilar að við gætum haft áhrif á þær gerðir og tilskipanir sem þar eru samþykktar.

Í utanríkismálanefnd 8. október 2008 var samþykkt skýrsla utanríkismálanefndar um fyrirkomulag á þinglegri meðferð EES-mála. Þessi skýrsla var unnin að beiðni hæstv. forseta þingsins og það kom fram í vinnu nefndarinnar sem ég átti sæti í um þær mundir að Alþingi og Ísland hefur, þvert á það sem oft hefur verið haldið fram, haft margvísleg tæki og leiðir til þess að hafa áhrif á tilskipanir og gerðir á mótunarstigi. Það hefur ekki skort reglur heldur höfum við einfaldlega ekki nýtt okkur þau tækifæri sem við höfum getað haft til þess að hafa áhrif á EES-samninginn og þær reglur sem við höfum þurft að taka. Raforkutilskipunin er til dæmis nefnd mjög oft. Við innleiddum hana þrátt fyrir það að hún ætti ekki við hjá okkur með sama hætti og meginlandsþjóðunum og Evrópusambandsþjóðunum vegna þess að við áttuðum okkur ekki á því.

Ég minnist þess að hæstv. fjármálaráðherra sem þá átti sæti í utanríkismálanefnd sagði að honum þætti bara leitt að þurfa að viðurkenna (Forseti hringir.) að þetta væri — fyrirgefðu — að þetta væri eitthvað sem við þyrftum að skoða vegna þess að við hefðum (Forseti hringir.) ekki unnið vinnuna okkar. Þess vegna spyr ég. Fyrst að við erum ekki að nota — Afsakið, frú forseti — (Forseti hringir.) fyrst að við erum ekki að nota það sem við höfum núna hefur þú (Forseti hringir.) einhverja trú á því að við munum frekar gera það innan Evrópusambandsins?

(**Forseti** (UBK)**:** Ég minni hv. þingmenn á að tímastillingin í ræðupúltinu er ekki rétt.)

[15:39]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að í gegnum EES-samninginn höfum við möguleika til þess að hafa áhrif á gerðir þegar þær eru á undirbúningsstigi. Við getum skipað sérfræðinga í nefndir.

Við erum hins vegar ekki þar þegar ákvarðanir eru teknar. Við erum ekki í fundarsölunum. Við höfum ekki aðgang að ráðherraráðinu. Við höfum ekki aðgang. Við erum ekki í þinginu. Við getum reynt að lobbíera sem einhver kallaði held ég gangapot. Var það ekki það sem einhver kallaði það? Mér finnst það gott orð. (Gripið fram í.) Gangapot? Það er hárrétt. Og það er líka hárrétt hjá hv. þingmanni að ég tel að við höfum ekki notað öll þau tæki sem við höfum í EES-samningnum. En á hinn bóginn trúi ég því líka að ef við og vonandi þegar við verðum aðilar þarna að þá komum við okkur þannig fyrir að við fylgjumst með. Það er það sem litlar þjóðir gera. Þær leggja áherslu á ákveðna málaflokka og fylgjast þar vel með og þar eru þeir taldir sérfræðingar í þessum málum. Þar getum við gert það jafn vel og aðrar þjóðir og erum yfirleitt bara mjög góð í því sem við gerum á slíkum vettvangi.

[15:41]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nei, það er rétt að við höfum ekki aðgang að ráðherraráðinu. En mín skoðun er sú að fyrst að við erum ekki núna að nota þau tæki sem við höfum samkvæmt EES-samningnum þá dreg ég í efa að það eitt að við það að ganga í sambandið þá breytist þetta vinnulag, við það eitt, vegna þess að ég held að undirbúningsvinnan og áhrifin á málin á mótunarstigi séu engu minna mikilvæg en ákvörðunin sem tekin er við ráðherraborðið vegna þess að við vitum að ákvörðunin er ekki tekin við ráðherraborðið án þess að hún hafi verið rædd. Og þegar við höfum ekki komið okkar málum á framfæri á mótunarstigi eins og við getum gert núna — af því hef ég miklar áhyggjur. Ég held að þetta snúist ekkert um áhugaleysi okkar eða áhrifaleysi innan samningsins. Ég held að þetta snúist fyrst og fremst um það að við erum fáliðuð. Þetta kostar peninga og um það er þessi skýrsla sem ég vísaði til. Ég spyr í leiðinni hv. varaformann utanríkismálanefndar hvort verið sé að vinna eftir þeim tillögum sem við lögðum til. Ég leyfi mér hins vegar að draga það í efa vegna þess að þær tillögur kostuðu peninga og eins og allir vita þá erum við kannski ekki aflögufær um ýmislegt núna. En þá er það nefnilega akkúrat málið og hæstv. fjármálaráðherra sagði það hérna áðan, að vandamál Íslands verða leyst heima fyrir. Við erum ekki mjög fjáð um þessar mundir. Hvað mun breytast við að ganga í Evrópusambandið? Við munum ekki geta sett fleira fólk, meiri pening, meiri tíma og tæki í þessi mál á mótunarstigi en við höfum tækifæri til að gera núna og gerum ekki. Það er punkturinn.

[15:43]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Í stuttu mál þá er ég ósammála hv. þingmanni um að við séum ekkert betur sett innan Evrópusambandsins en með EES-samninginn. Ég hef út af fyrir sig ekkert meira um það að segja.

Hvað varðar skýrsluna sem hv. þingmaður nefndi þá var henni dreift á fyrsta fundi utanríkismálanefndar. Það hafa

verið haldnir tveir þannig að það er varla að ætla að farið sé að vinna samkvæmt henni nú. En það verður skoðað. Það er ekki mikill vafi á því.

[15:43]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil að byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir afskaplega merkilega ræðu. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri samfylkingarfólk tala öðruvísi en í núinu, öðruvísi en að tala um akkúrat vandamál næstu vikna, samninga, kjarasamninga meira að segja. Við eigum að ganga í Evrópusambandið til að geta gert kjarasamninga. Menn eru sem sagt bara akkúrat í núinu. En hér var farið langt aftur í tímann. Einmitt á það hef ég lagt áherslu. Við erum að taka ákvörðun um afkomu og stöðu íslensku þjóðarinnar til alda, til margra alda.

En mér finnst nokkuð vanta. Hv. þingmaður fór mjög vel í gegnum alla forsöguna, hvernig Evrópusambandið hefur breyst, mjög hratt. En hún virtist ekki átta sig á því að Evrópusambandið var að breytast mjög hratt í átt til ríkis, mjög hratt í átt til ríkis, mjög hratt í átt til bandaríkis, til bandaríkja Evrópu og hún dró enga ályktun af því hvernig yrði fyrir Ísland að vera pínulítill hreppur í risaríki eftir 50–100 ár því ályktunin stoppaði í núinu. Fortíðin lá fyrir og svo stoppaði hv. þingmaður í núinu og það virtist allt vera óbreytanlegt eftir það.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Trúir hún því að þróunin í Evrópusambandinu stoppi þegar Ísland gengur þarna inn, að þá bara hætti allt? Trúir hún því? Núna ætlar Evrópusambandið að fara að breyta sjávarútvegsstefnunni. (Gripið fram í.) Ég segi eins og í morgun. Drottinn gaf og Drottinn tók. Þeir sem geta breytt sjávarútvegsstefnunni í þessa veru þeir geta breytt henni í hina veruna líka. Og munu þeir ekki breyta sjávarútvegsstefnunni bara eftir tíu ár af því það vantar fisk? Munu þeir ekki breyta orkustefnunni eftir 15 ár af því það vantar orku, af því að Rússarnir eru leiðinlegir? Mun ekki Evrópusambandið breytast í ríki og Ísland verður pínulítill hreppur í því?

[15:45]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Ég þekki vel til umræðunnar og þeirrar togstreitu eða skiptu skoðana sem eru innan Evrópusambandsins um að fara í áttina að sambandsríki eða frá þeim lausbundnari samtökum sem það er núna. Ég út af fyrir sig veit ekkert um það, hv. þingmaður, vegna þess að ég er ekki forspá. Mér finnst þegar ég horfi á þróunina eins og hún hefur verið undanfarin ár að það muni taka óralangan tíma að þetta verði sambandsríki og ég satt að segja efast um að það verði nokkurn tímann. Það er skoðun mín. Hv. þingmaður getur haft aðra skoðun. Hv. þingmaður spyr mig hvernig Ísland verði sem lítill hreppur í stóru ríki eftir 100 ár. Ég spyr hann: Hvernig verðum við eftir 100 ár? Ég veit það ekki.

[15:47]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður fór í gegnum það hvernig Evrópusambandið var mjög lauslegt samband ríkja til að byrja með. Það er það ekki lengur, það er það alls ekki lengur. Það er með sameiginlega löggjöf, það er með sameiginlega mynt að einhverjum hluta, það er með sameiginlega utanríkisstefnu. Danir geta ekki samið við Kínverja um viðskiptamál, þeir eru ekki sjálfstæðir lengur. Evrópusambandið er að breytast mjög hratt í átt til ríkis og svo vantar stjórnarskrá. 40 þúsund eða 50 þúsund embættismenn í Brussel vinna alla daga, þeir eru núna á fundi við að reyna að koma á nýrri stjórnarskrá, reyna að koma á nýju batteríi, reyna að breyta þessu í ríki. (**ÁÞS:** Þá verða Rússar gengnir í Evrópusambandið.)

Menn þurfa virkilega, þegar þeir taka svona ákvörðun fyrir íslensku þjóðina — við börðumst fyrir sjálfstæði í áratugi og eftir að við fengum fullveldi og sjálfstæði hefur þjóðinni vegnað mjög vel. Hún hefur breyst úr því að vera fátækasta þjóð í Evrópu í það að verða ein ríkasta, jafnvel eftir hrun. Fullveldið hefur því gefið okkur eitthvað og ég vil ekki að menn hendi því svona léttúðlega frá sér, horfandi á einhverja augnabliksstöðu og gleyma því að Evrópusambandið er að breytast í risaríki.

Við höfum 600 ára reynslu af því að vera í tengslum við ríki suður í Evrópu og sú reynsla var ekki góð. Hún var verulega slæm. Ekki vegna þess að Danir væru vont fólk heldur vegna þess að þeir höfðu engan skilning á vandamálum Íslendinga, engan áhuga á þeim. Það verður nákvæmlega eins með Brussel. Þar munu menn ekki hafa skilning á vandamálum Íslands, þeir munu ekki hafa áhuga á þeim og við þurfum að fara að grafa upp gömul bænaskjöl frá 17. öld.

[15:49]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Evrópusambandið er samstarf ríkja. (**PHB:** Ekki lengur.) Jú, jú. Hv. þingmanni er vel kunnugt um það að breytingin á stjórnarskránni sem kölluð er núna hjá Evrópusambandinu hefur gengið mun hægar en þeir sem vilja fara hraðast í þeim efnum hefðu kosið. Vegna þess að þjóðir geta breyst, vegna þess að Írar höfnuðu þessari breytingu í atkvæðagreiðslu. (**PHB:** Og reyndu aftur.) Ég held að við gerum það öll, ef við höfum eitthvað sem við teljum gott reynum við aftur og við breytum. Ég tel það ekki neinni manneskju eða neinu samstarfi til hnjóðs að reyna að ná þeim árangri sem menn telja bestan. Auðvitað er alltaf einhver á móti. Við náum aldrei endanlegu samkomulagi í öllum málum. Ég mótmæli því líka að með því að deila fullveldi í ákveðnum þáttum með öðrum þjóðum afsölum við okkur sjálfstæðinu. Ég bara mótmæli því. Ég held líka að sú söguskoðun að Danir hafi reynst okkur ákaflega illa í gegnum aldirnar sé röng.

[15:50]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Sú þingsályktunartillaga sem hér er til umræðu er fram komin að mínu mati sökum þess að þeir flokkar sem mynda ríkisstjórn um þessar mundir gátu ekki komið sér saman um málsmeðferð í þessu máli. Ég held að það sé nokkuð ljóst, ef litið er til ummæla forustumanna þessara flokka, einstakra þingmanna, ráðherra og annarra, að þessi leið var valin vegna þess að menn töldu að það væri sýnt að ekki væri hægt að koma sér saman um þetta

með öðrum hætti. Gott og vel. Þar með er þetta mál komið inn í þingsal.

Ég vil þó segja að sú skoðun vekur mér nokkra furðu að þetta sé eitthvert sérstakt dæmi um aukna lýðræðisást eða sérstakan vilja til að vinna með þinginu að ríkisstjórnin hafi eins og stundum er orðað heimilað þinginu að taka afstöðu í þessu máli. Að sjálfsögðu, og ég held að allir hv. þingmenn skilji það mætavel, hefur þingið alla tíð haft þetta vald í sínum fórum. Það er ekki ríkisstjórnarinnar að ákveða það að þingið geri þetta, það er þingið sjálft. Þingmál eins og hér er til umræðu getur komið fram frá hvaða þingmanni sem er og reyndar kom fram í morgun þingmál sem allir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa skrifað upp á þar sem lagt er upp með ákveðna málsmeðferð í tengslum við þá umræðu sem er nú á dagskrá.

Þetta er nauðsynlegt að menn hafi aðeins í huga vegna þess að það skýrir líka um leið og menn lesa tillöguna, og sérstaklega greinargerðina sem henni fylgir en greinargerðin endurspeglar það auðvitað og reyndar málatilbúnaðurinn allur, vandamálið sem stjórnarflokkarnir hafa staðið frammi fyrir vegna þessa máls. Og það er þess vegna sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa komið fram með tillögu að annarri málsmeðferð sem að mínu mati er mun betri og ítarlegri og á alla kanta betur undirbyggð en sú málsmeðferð sem lagt er upp með af hálfu tillöguflytjenda í því máli sem hér er rætt, þ.e. um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Ég tel einfaldlega að þessi texti hafi ekki verið nægilega ítarlega hugsaður og það sé engan veginn hægt að komast að þeirri niðurstöðu þegar menn lesa greinargerðina að hún sé til nokkurrar fyllingar sem dugar til að Alþingi geti tekið ákvörðun um jafnveigamikið mál og þetta.

Mér þykir líka nokkuð hafa borið á þeim misskilningi í umræðunni að það sé í grunninn enginn munur á þessum tveimur tillögum, þ.e. tillögu utanríkisráðherra og hins vegar tillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Á þessum tveimur tillögum er algjör grundvallarmunur. Munurinn felst í því að úr því að það er Alþingi sem ætlar að taka þessa ákvörðun og það er að sjálfsögðu Alþingi sem gerir það, þá viljum við að það sé gert þannig að það sé búið að leggja vegvísi fram um allt málið, þ.e. hvernig það gangi fram áður en Alþingi tekur endanlega ákvörðun um hvort farið verði í aðildarumsókn. Á þessari leið og þeirri sem utanríkisráðherra hefur lagt upp með í ræðu sinni og í sínu þingskjali er grundvallarmunur.

Af hverju er þetta mikilvægt? Þetta er mikilvægt vegna þess að það er nauðsynlegt að búið sé að leggja fram þennan vegvísi til að koma í veg fyrir að það verði deilur í samfélaginu um það hvernig við eigum að haga málsmeðferðinni. Þær deilur munu verða ef við ákveðum ekki strax í upphafi hvernig halda eigi á þessum málum. Hér eru engin smámál undir, hér eru undir mál sem snúa að stjórnarskránni, að fullveldinu, að efnahagslegri framtíð landsins. Menn hafa mismunandi skoðanir á því hvaða áhrif þetta muni hafa á efnahag landsins og á fjöldamörg önnur atriði sem eru lykilmál í þjóðlífi okkar og munu valda breytingum, ef fram gengur, til ekki bara áratuga heldur enn lengri tíma. Þess vegna skiptir máli að málsmeðferðin sé vel úr garði gerð og menn ákveði áður en lengra er haldið hvernig hún eigi að vera. Það er eðlilegt að þingið gangi fyrst frá þeim málum áður en það tekur ákvörðun um hvort sótt verði um aðild eða ekki.

Það er rangt sem hér hefur komið fram, m.a. í þingsalnum og ég hef líka heyrt það í fréttum í dag, að sú staða sé uppi að allir flokkarnir nema Vinstri grænir, eins og sagt var í fréttum Bylgjunnar í hádeginu, séu búnir að ákveða að ganga til aðildarviðræðna við ESB. Þetta er rangt, tillaga okkar gerir þá kröfu til þingsins og til okkar sjálfra að það verði búið að festa þetta form þannig að við getum síðan unnið eftir því. Og það er ekki bara til að koma í veg fyrir deilur um það hvernig málsmeðferðin eigi að vera, það er líka mikilvægt vegna þess að núgildandi stjórnarskrá gerir ekki ráð fyrir að Ísland geti gengið í ESB, breyta þarf stjórnarskránni til þess að svo megi verða. Samt sem áður liggur hér fyrir tillaga um að hefja ferli sem að óbreyttri stjórnarskrá gengur ekki upp. (Gripið fram í.)

Þess vegna skiptir líka máli og er reyndar höfuðatriði að mínu mati að áður en lengra er haldið, áður en Alþingi tekur þá ákvörðun að sækja eigi um aðild að ESB sé búið að búa til þann vegvísi sem sýni nákvæmlega hvernig menn ætla að halda t.d. á þeim stjórnarskrárbreytingum sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að leiða allt ferlið að enda. Það er algjört lykilatriði.

Mér finnst einfaldlega ekki boðlegt fyrir Alþingi að það taki ákvörðun um það núna að hefja aðildarviðræður án þess að um leið sé búið að taka ákvarðanir um breytingar á stjórnarskrá. Og ekki bara breytingar á stjórnarskrá, það þarf líka að taka ákvarðanir um það hvernig við ætlum að haga þjóðaratkvæðagreiðslu í þessum málum. Það þarf sennilega að breyta stjórnarskránni til að þjóðaratkvæðagreiðsla hafi gildi, þ.e. bindandi gildi, til að þjóðaratkvæðagreiðsla verði ekki bara einhvers konar risaskoðanakönnun. Þetta er lykilatriði og það sýnir ekki mikla ábyrgð í þessu máli að ætla sér að fara af stað án þess t.d. að hafa bundið þá hnúta. Breytingar á stjórnarskránni þannig að hægt sé að afsala ákveðnum hluta af fullveldi þjóðarinnar, þannig að hægt sé að ganga til atkvæðagreiðslu með þjóðinni og ýmsir aðrir þættir sem skipta máli hér, t.d. eins og sá kostnaður sem við erum tilbúin að gangast undir og hversu mikið það muni kosta að fara í þetta samningaferli, eru hlutir sem skipta okkur máli. Það er sérstaklega tekið á því í tillögu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að einn af þeim þáttum sem við viljum að liggi fyrir áður en Alþingi tekur þessa ákvörðun er einmitt sá: Hver verður kostnaðurinn við aðildarumsóknina?

Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. fjármálaráðherra að hann hafði það einmitt á orði að það væri æskilegt að vita hve mikið þetta kostaði. Það væri eðlilegt að hann, sjálfur hæstv. fjármálaráðherra, hefði á því áhuga. Væri þá ekki bragur á því að vera búin að finna út úr því áður en lengra er haldið? Þannig að það sé eitt af því sem liggi fyrir áður en menn segja já við því að fara í aðildarumsóknina.

Þessi mál tel ég að vera, ein og sér, nægilega sterk rök fyrir því að þingið eigi fyrst að taka afstöðu til þeirrar þingsályktunartillögu sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa lagt fram. Ég tel að sú málsmeðferð

sem þar er lagt upp með sé miklu vandaðri og miklu úthugsaðri en sú sem lagt er upp með í því þingskjali sem við ræðum núna. Síðan er hitt að það eru auðvitað ýmis álitamál sem snúa að Evrópuumræðunni sem skipta máli og við munum örugglega fá tækifæri til þess í þingsölum að ræða þau ítarlega.

Það er alveg rétt sem fram hefur komið að sjávarútvegsmálin verða einn af þeim málaflokkum sem mestu skipta þegar kemur að aðildarsamningum og aðildarviðræðum. Mér fannst þess vegna áhugavert svo ekki sé meira sagt þegar hæstv. forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á dögunum að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki væru svo einstaklega sterk og vel í stakk búin til að keppa á alþjóðamörkuðum að menn þyrftu ekki að hafa miklar áhyggjur af því þó að við gengjum inn í þá sjávarútvegsstefnu sem ESB býður upp á. Á sama tíma er ríkisstjórnin búin að lýsa því yfir að hún ætli að afnema eða taka af sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi 5% af aflaheimildum þeirra á ári bótalaust, sem mun sennilega gera flest útgerðarfyrirtæki á Íslandi gjaldþrota á einum þremur, fjórum, fimm árum að lágmarki.

Það er bara eins og mönnum sé ekki sjálfrátt þegar þeir ræða um þessa hluti og leggja þetta upp með þeim hætti sem gert hefur verið í þingsölum á undanförnum dögum, vegna þess að það er eins og mönnum finnist að allt sé til þess vinnandi að vinna þetta mál á þeim undarlega hraða og með þeim undarlega undirbúningi sem hér er lagt upp með að menn gefi sér ekki tíma til að vinna málið og fara eftir þeirri tillögu sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa lagt upp með. Ég vísa því algjörlega frá að þar sé um að ræða einhvers konar frestun á málinu og menn vilji ekki takast á við það, að það sé verið að ýta málinu á undan sér. (**ÁÞS:** Gott!) Þar er verið að nálgast málin þannig að Alþingi geti tekið ákvörðun í þessu gríðarlega mikilvæga máli eftir að hafa farið ítarlega í gegnum þann undirbúning sem við lýsum í okkar þingskjali að við teljum algjörlega nauðsynlegan til að Alþingi geti tekið afstöðu.

Það eru mjög margir málaflokkar sem við þurfum að vera búin að móta mjög vel samningsmarkmið okkar í, eins og landbúnaðarmálin, sjávarútvegsmálin. Og einn málaflokkur sem ég teldi ágætt að væri búið að leiða til lykta áður en menn setjast niður með fulltrúum frá ESB eru Icesave-samningarnir. Við vitum hver viðbrögð ráðamanna ESB voru þegar við Íslendingar vorum að reyna að semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þau voru langt í frá vinsamleg gagnvart okkur Íslendingum og þar voru greinilega sett mjög harkaleg skilyrði.

Sama gildir og mun gilda, tel ég, þegar við Íslendingar ætlum að fara að ræða við ESB um aðild að þeim samtökum. Skyldu ekki verða settar á okkur einhverjar skrúfur akkúrat í þessum málum? (**ÞSveinb:** Láttu á það reyna.) Við skulum vera með það alveg á hreinu, ef menn telja að við eigum allt undir því að klára þetta mál fyrir lok júnímánaðar til að koma því af stað inn í eitthvert ferli sem menn vilja sjá ganga eftir, að þá erum við að fara í samningsstöðu sem kann að vera auðvelt að veikja af hálfu ESB.

Hitt er líka að ég tel að í umræðunni um ESB og kosti þess að sækja um aðild og kosti þess að ganga inn í ESB, hafi nokkuð borið á því að menn hafi afvegaleitt umræðuna og afvegaleitt þjóðina í þeim málum. Vegna þess að það er augljóst fyrir þeim sem fylgjast með umræðum um efnahagsmál í Evrópu að það eru alveg gríðarleg vandamál sem blasa við mörgum Evrópuþjóðum, hvort heldur þeim sem hafa nú þegar fengið að taka upp evruna eða þeim sem ekki hafa fengið að taka upp evru og eru í þeirri stöðu sem við mundum verða í þegar við værum búin að samþykkja aðild, ef svo færi, og værum þá komin í hið svokallaða ERM2 myntsamstarf.

Það er verða 20% atvinnuleysi á Spáni. Írar gátu bjargað sínu bankakerfi ekki vegna þess að þeir voru með evru, heldur vegna þess að írska ríkið gekkst í ábyrgðir fyrir allar skuldir írsku bankanna. Eystrasaltslöndin hafa lent í gríðarlegum efnahagsþrengingum og Austur-Evrópa líka. Reyndar hjó ég eftir því í umræðunni fyrr í dag þar sem því var velt upp að líklega mundu vextir á Íslandi lækka töluvert mikið bara við það að sækja um aðild, að þá vil ég bara nefna það sem áhugaverðan punkt til að velta fyrir sér að við það að Slóvenía gekk í sambandið lækkaði lánshæfismat þess lands og vaxtaálagið hækkaði. Það er ekki allt gefið í þessum málum.

Fram undan eru gríðarlega erfiðir tímar í Evrópu og það verður ekki þannig að okkar landi verði hjálpað sérstaklega umfram önnur lönd, langt í frá. Það eru kostir við að ganga í ESB og það eru gallar við að ganga í ESB. Ég hef verið í hópi þeirra sem hafa sagt að það sé nauðsynlegt fyrr eða síðar að láta á það reyna hvað þetta þýðir en ég geri líka þá kröfu að menn undirbúi slíka aðildarumsókn almennilega. Að menn geri það ekki með þeim hætti sem hér er gert þar sem að baki liggur klofin ríkisstjórn í málinu. Það kemur fram t.d. hjá hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hann hyggst ekki greiða atkvæði (Forseti hringir.) með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir þannig að það er alveg augljóst hver staðan er. Menn verða að (Forseti hringir.) vinna þetta betur en upp er lagt með hér.

[16:06]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í málflutningi stjórnarandstöðunnar í dag hefur afar lítið verið fjallað efnislega um málið sjálft, þetta eru mestmegnis vandlætingar um þingmeðferð. Hefur stjórnarandstaðan eitthvað málefnalegt fram að færa í þessum efnum? Hver eru skilaboð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks til þjóðarinnar fyrir utan málfundaræfingar og athugasemdir við fundarstjórn forseta? (Gripið fram í.) Ætlar stjórnarandstaðan að bjarga þjóðinni með sérfræðiþekkingu sinni á fundarsköpum? (Gripið fram í.)

Hver er efnisleg afstaða hv. þm. Illuga Gunnarssonar til Evrópusambandsins? Vill hann sækja um, vill hann standa fyrir utan? Er þetta einhvers konar JC-fundur sem við erum stödd á? (Gripið fram í.) Hver er kostnaðurinn við þetta? er spurt. Þetta sýnir ekki ábyrgð, þetta sýnir ekki festu. Höfum við ekki heyrt þessar ræður áður frá fulltrúum og talsmönnum Sjálfstæðisflokksins? Vitum við ekki öll hvernig það endaði?

Þess var getið sérstaklega í vikunni þegar fjallað var um skýrslu forsætisráðherra (Forseti hringir.) í þessum fundarsal að sjálfstæðismenn hefðu farið í vöfflur og rjóma. Það hefði verið nær að þeir gerðu það hér í þessari umræðu.

[16:07]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var áhugaverð ræða og væri nú að æra óstöðugan að reyna að veita málefnalegt svar.

Ég vil þó segja þetta: Það sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa gert er að leggja fram þingsályktunartillögu um málsmeðferð. Það er alveg rétt af því að við ræðum hér einmitt um málsmeðferð, þ.e. hvernig Alþingi á að taka ákvörðun um hvort sækja eigi um aðild að ESB eða ekki. Annars vegar er sú tillaga sem lögð hefur verið fram um að veita ríkisstjórninni heimild til að fara af stað án nokkurra skilyrða, án nokkurrar annarrar umræðu en þessarar. Hins vegar er tillaga okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna um að búinn verði til vegvísir um það hvernig slíkar viðræður ættu að fara fram, hvernig standa eigi að þjóðaratkvæðagreiðslu, hvernig standa eigi að breytingum á stjórnarskránni. Þegar allt þetta liggur fyrir, sem er alveg nauðsynlegt vegna þeirra raka (Forseti hringir.) sem ég fór yfir áðan, getur Alþingi (Forseti hringir.) tekið ákvörðun um hvort það eigi að ganga til aðildarviðræðna eða ekki.

[16:08]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það tók stjórnarandstöðuna hér um það bil mánuð að komast að einhverri niðurstöðu um hvernig þeir fulltrúar hennar sem eru fylgjandi því að sækja um aðild að Evrópusambandinu geti fengið einhverja afsökun til þess að gera það ekki. Það var gert með þeirri þingsályktunartillögu sem stjórnarandstöðuflokkarnir, Framsókn og Sjálfstæðisflokkur, fluttu hér í morgun.

[16:09]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það eru til bæði málshættir og orðtök sem viðhafa mætti vegna þessarar ræðu. Einn af þeim væri þá sá sem snýr að glerhúsi og steinum. Það er alveg furðulegt að heyra einn af talsmönnum ríkisstjórnarinnar tala um að það hafi tekið langan tíma og verið erfitt fyrir stjórnarandstöðuna að koma saman tillögu sinni í þessu máli.

Ég veit ekki betur en að hér hafi allt leikið á reiðiskjálfi vikum saman þegar ríkisstjórnarflokkarnir reyndu að koma sér saman í málinu og mistókst það. Stjórnarandstaðan kemur hér sameinuð með ábyrgan tillöguflutning um hvernig standa eigi að þessum málum, hvernig eigi að vinna þetta. Það má segja sem svo að það er gott að fá ferska vinda og nýja inn í þingið og ég tek eftir því að þingmaðurinn er einn af þeim hv. þingmönnum sem kýs að nota hér ekki bindi, sem er svo sem bara hans ákvörðun. En það eitt og sér gerir menn ekki nútímalega, (Forseti hringir.) málefnalega eða ferska í umræðunum.

[16:10]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi umræða hefur verið nokkuð athyglisverð og kostuleg á köflum. Hér hefur farið fram nokkuð ítarleg umræða um málsmeðferð og hvernig verklagi skuli háttað en lítil umræða hefur verið um efni málsins.

Þó hefur eitt staðið upp úr, það er mikill samhljómur um það á Alþingi Íslendinga að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Það er ekki spurning um hvort sækja skuli um aðild ef marka má umræður þorra þingmanna, ekki allra að sjálfsögðu, heldur hvenær. Það er það sem við höfum rætt í dag, málsmeðferð, verklag og hvenær sótt verði um aðild og það er gott og gilt. Við erum stödd við upphaf langs og ítarlegs ferlis sem nær inn í næstu vikur og inn í sumarið þar sem nefnd um utanríkismál mun fjalla um þetta mál mjög ítarlega. Við erum því á upphafspunkti vonandi mjög vandaðrar málsmeðferðar. Til þess eru refirnir skornir, er ekki (Forseti hringir.) þingmaðurinn sammála því? Eins og hann sagði áðan skulum við láta á það reyna, sækjum um aðild (Forseti hringir.) og nefndin færir það síðan út.

[16:11]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nákvæmlega það sem tillaga Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gengur út á, að nú þegar verði sett af stað sú vinna sem lýst er í þingskjalinu. Þegar þeirri vinnu er lokið, þegar þær upplýsingar liggja fyrir, taki Alþingi Íslendinga afstöðu til þess hvort halda eigi að áfram og hvort sækja eigi um aðild að ESB. Það tel ég vera skynsamlega og málefnalega aðferð við að komast að niðurstöðu úr því að ríkisstjórnin fór þá leiðina að segja: Við treystum okkur ekki til þess að fara af stað, þrátt fyrir að ríkisstjórnin hefði auðvitað til þess fullar heimildir þar sem um er að ræða framkvæmdarvaldið og rétt þess til að fara af stað með slíka vinnu. Úr því að málið er í höndum þingsins með þessum hætti er eðlilegt að við vinnum þá vinnu eins og komið hefur fram í tillögu stjórnarandstöðuflokkanna. Síðan þegar sú vinna hefur verið unnin verði tekin (Forseti hringir.) afstaða til þess hvort haldið verður áfram á þessari braut.

[16:12]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er nákvæmlega það sem stendur til að gera. Hér liggja fyrir tvær tillögur fyrir þinginu, önnur frá stjórn og hin frá stjórnarandstöðu. Þær snúa báðar að því sama, að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu. Lagt er til hvort sitt málsmeðferðarferlið og hvort sitt verklagið (Gripið fram í.) en stjórn og stjórnarandstaða eru meira og minna sammála um efni máls og það eru stór tíðindi. Það er þess vegna sem dagurinn í dag er ekki bara sögulegur vegna þess að hér er stærsta máli okkar samtíma skotið til þings og síðan til þjóðar, heldur líka vegna þess samhljóms sem er innan þingsins um að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Hér er deilt á milli stjórnar og stjórnarandstöðu um verklag og málsmeðferð. Það er í sjálfu sér smáatriði miðað við að það er samhljómur um efni málsins, að sótt verði um aðild. Ég treysti utanríkismálanefnd Alþingis (Gripið fram í.) fullkomlega til að útfæra þessa málsmeðferð og verklag fullkomlega.

Notum tímann í dag til að ræða um efni málsins og (Forseti hringir.) hvaða efnislegu skilaboð við viljum senda til utanríkismálanefndar.

[16:14]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt, vegna þess sem hér hefur verið rætt, að lesa niðurlag þeirrar tillögu sem Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa lagt hér fram.

Það er svona, með leyfi forseta:

„Þegar niðurstaða utanríkismálanefndar liggur fyrir er gert ráð fyrir að Alþingi ákveði næstu skref, þ.e. hvort gengið skuli til aðildarviðræðna við Evrópusambandið eða eftir atvikum hvort ákvörðun þar um skuli borin undir þjóðina í atkvæðagreiðslu.“

Á þessu er auðvitað munur. Tillaga ríkisstjórnarinnar, þ.e. þeirra ráðherra sem ætla sér að styðja hana, hverjir svo sem það nú eru, gengur út á að tekin verði ákvörðun strax um að ganga til aðildarviðræðna. Síðan skoði menn málin í framhaldinu.

Tillaga stjórnarandstöðunnar gengur út á að við förum yfir málið, búum til þann vegvísi sem nauðsynlegur er til að tryggja góða sátt í samfélaginu um það hvernig á málinu skuli haldið ef Alþingi kemst í framhaldinu að þeirri niðurstöðu að sækja eigi um aðild að ESB. (Forseti hringir.) Á þessu er grundvallarmunur.

[16:15]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að koma örstutt inn á eitt atriði sem hv. þm. Illugi Gunnarsson nefndi í máli sínu og hefur svo sem komið fram hjá fleirum. Það varðar umræðuna um þjóðaratkvæðagreiðslu, að hvað miklu leyti hún er bindandi, ákvarðandi eða ráðgefandi. Að sjálfsögðu getur þjóðaratkvæðagreiðsla aldrei orðið nema ráðgefandi samkvæmt lagaramma okkar og stjórnarskrá.

Ég lít hins vegar svo á að ef mál er borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu og það samþykkt, séu menn nú býsna bundnir af þeirri niðurstöðu sem út úr henni kemur. (**REÁ:** Enda var sá samningur felldur.) Ég tala fyrir sjálfan mig hvað það snertir.

Sagt hefur verið að hér muni verða flutt frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslu sem setur almennan ramma um þjóðaratkvæðagreiðsluna. En ég veit ekki betur en að í Noregi hafi t.d. sú leið verið farin að þar voru sett sérstök lög um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildina að Evrópusambandinu þegar samningurinn lá fyrir. Þá voru sett lög um þjóðaratkvæðagreiðsluna þar sem m.a. (Forseti hringir.) spurningin í þjóðaratkvæðagreiðslunni var fastákveðin. (Forseti hringir.) Ég tel því að það þurfi að minnsta kosti að hafa þetta í huga og (Forseti hringir.) það muni koma til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar.

[16:16]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er einmitt eitt af þeim málum sem ég tel að þurfi að ganga frá áður en þessi vegferð hefst. Ég tel að það sé nauðsynlegt að við séum búin að mynda okkur skoðun um þetta, það sé niðurneglt.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að þjóðaratkvæðagreiðsla er ekki bindandi nema um sé að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu sem á sér uppruna í 26. gr. stjórnarskrárinnar. En það kann að fara svo að það verði gríðarlega mjótt á munum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá verða menn auðvitað að muna að í þessu máli eins og öllum öðrum greiða alþingismenn atkvæði í samræmi við sannfæringu sína og geta ekkert vikið frá því hvernig svo sem þjóðaratkvæðagreiðsla fer. Menn eru bundnir af sannfæringu sinni.

Það þarf þá væntanlega að gera breytingar á stjórnarskránni sem snúa að þjóðaratkvæðagreiðslum til þess að hægt sé að bera þetta mál fyrir þjóðina með þeim hætti að þjóðin hafi lokaorðið.

Það eru ýmis svona mál (Forseti hringir.) sem ég tel alveg gríðarlega nauðsynlegt að búið sé að ganga frá áður en (Forseti hringir.) Alþingi veitir ríkisstjórninni heimild til þess að ganga til samninga.

[16:18]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir með þingmanninum, ég tel að það eigi a.m.k. að ræða þessi mál, hvernig standa eigi að þjóðaratkvæðagreiðslu ef og þegar til hennar kemur.

Ég er þeirrar skoðunar, án þess að hafa gruflað mjög mikið í þessu með þjóðaratkvæðagreiðsluna, að Alþingi þyrfti að ákveða texta spurningarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi aðild að Evrópusambandinu. Þess vegna held ég að það sé í raun ekki hægt að taka ákvörðun um ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu í tengslum við aðild að Evrópusambandinu fyrr en samningurinn liggur fyrir og menn vita um hvað þeir ætla að spyrja.

Það er að sjálfsögðu hægt að setja almennan ramma í löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur almennt séð. En þegar að því kemur að aðildarsamningur liggur fyrir, ef málið gengur svo langt, og það á að bera hann undir þjóðina tel ég að Alþingi þurfi að koma að því að ákveða með hvaða hætti verður spurt. Þá dugar ekki einhver almennur lagarammi um þjóðaratkvæðagreiðslu (Forseti hringir.) heldur verður Alþingi að koma beint að því að ákveða hvernig spurningin mun hljóða.

[16:19]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir að Alþingi yrði væntanlega að orða þá spurningu sem færi til þjóðarinnar. En án þess að ég geti borið fyrir mig mikla kunnáttu í lögfræði mundi ég ætla að til þess að slík atkvæðagreiðsla hefði eitthvert gildi þyrfti að liggja fyrir breyting á stjórnarskránni sem snýr að þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að hún yrði ekki bara skoðanakönnun. Þannig þyrfti að búa um hnútana að þjóðin geti með sanni tekið ákvörðun um þetta mál. Það sé þjóðarinnar að kjósa um það og lokaorðið verði hjá henni, að annars yrði það áfram hjá Alþingi.

Þetta er því enn og aftur dæmi um mál sem er svo miklu betra að við göngum frá hér á Alþingi, að við búum til þennan vegvísi áður en við tökum þá ákvörðun að ganga til samningaviðræðna við ESB.

[16:20]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er komin hér upp til þess að lýsa yfir ánægju minni með málflutning hv. þm. Illuga Gunnars-

sonar. Það er nákvæmlega þetta sem við þurfum að huga að þegar við stöndum í þessum sporum. Það er stjórnarskráin sem er æðri öðrum lögum og hana verðum við að virða. Það er hún sem stendur vörð um rétt þegnanna til að búa í þessu landi og í þeim ríkjum þar sem stjórnarskrá er í gildi.

Eins og málið er sett fram í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar, sem hún stendur ekki öll að, er byrjað öfugum megin. Fyrst er byrjað á að taka ákvörðun og að lokum á jafnvel að breyta stjórnarskrá.

Stjórnarskrá má aldrei breyta undir þeirri pressu sem felst í tillögu ríkisstjórnarflokkanna, að næstu kosningar snúist raunverulega um já eða nei, aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Það er hættan í þessu. Þess vegna leggjum við framsóknarmenn og sjálfstæðismenn fram þessa þingsályktunartillögu með málsmeðferð.

[16:21]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Enn og aftur segi ég að þarna er mergurinn málsins hvað varðar stjórnarskrána, að við þurfum að hafa gengið kirfilega og vel frá þessum málum. Það er ekki góður bragur á því fyrir Alþingi að halda áfram með þetta mál án þess að sá vegur liggi fyrir. Ég tel að það sé algjörlega nauðsynlegt.

Það er auðvitað líklegt þegar kemur að því að breyta stjórnarskránni — það verður þá gert í almennum kosningum — að sú breyting sem snýr að því að heimila framsal á fullveldi landsins, sem þyrfti þá að gera, verði í raun og sanni kosning um hvort menn eru með eða á móti ESB. Það er mjög líklegt vegna þess að þeir sem eru á móti aðild munu gera það sem þeir geta til þess að fella slíka stjórnarskrárbreytingu og þeir sem vilja aðild munu þá væntanlega styðja hana.

Það eru því ýmis álitamál uppi og átakamálin verða mörg sem íslenska þjóðin þarf að takast á við vegna þessa (Forseti hringir.) máls alls.

[16:22]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Sækir maður um aðild að einhverjum félagsskap ef ekki liggur einhver alvara þar að baki og raunverulegur áhugi og vilji er fyrir hendi sem knýr mann til þess að láta á það reyna hvort maður kemst í félagsskapinn á sínum forsendum eða ekki? Ég segi nei. Í mínum huga hlýtur mikil alvara og áhugi að liggja að baki aðildarumsókn að Evrópusambandinu, ákvörðun sem tekin er þegar 95% af því í hverju aðild felst eru þekkt.

Hver eiga forgangsmálin að vera þegar þjóðin stendur frammi fyrir mesta efnahagshruni Íslandssögunnar og verkefnin heima fyrir hrannast upp og kalla á alla okkar krafta og fjármuni sem við höfum úr að spila? Eigum við þá að verja miklum kröftum og fjármunum og orku í að vinna að samningsgerð við ESB sem kallar á klofning og sundrungu meðal þjóðarinnar sem ekki er á bætandi í þeim miklu erfiðleikum sem þjóðin gengur í gegnum?

Er Evrópusambandið aðildarríkjum sínum það skjól í þeirri heimskreppu sem gengur yfir hinn vestræna heim? Nei. Svo virðist ekki vera. Mörg ríki eiga þar í miklum vanda og búa við gífurlegt atvinnuleysi sem er eitt mesta einkennið á atvinnulífi í Evrópu. Við getum nefnt lönd eins og Lettland, Spán og Írland. Mismunandi efnahagsaðstæður í aðildarríkjum Evrópu auka enn frekar líkur á auknu atvinnuleysi í jaðarríkjum sem Ísland kæmi til með að vera.

Fall krónunnar hefur ýtt undir áhuga almennings á möguleikum á upptöku annars gjaldmiðils og er það vel skiljanlegt. En það liggur fyrir að það munu líða mörg ár þar til að við uppfyllum skilyrðin um upptöku evru og skuldir þjóðarbúsins verða aðeins 60% af vergri landsframleiðslu þannig að ekki er evran í hendi þótt innganga í ESB verði samþykkt. Krónan verður því að duga okkur enn um sinn þótt vissulega verði að skoða alla þá möguleika sem við eigum í gjaldmiðilsmálum.

Mikill lýðræðishalli hefur einkennt Evrópusambandið og hefur það verið að þróast hratt í átt til stórríkis þar sem völd lítilla ríkja fara sífellt minnkandi og hinna stóru vaxandi. Hvert yrði nú vægi Íslands í valdakerfinu í Brussel? Við fengjum þrjú atkvæði af 350 í ráðherraráðinu þar sem veigamestu ákvarðanir eru teknar, fimm atkvæði af 750 fulltrúum á ESB-þinginu. Það sýnir okkur hversu agnarsmátt peð við yrðum á skákborði ESB og hversu miklu valdi við yrðum að afsala okkur til embættismannakerfisins í Brussel.

Fullveldisframsal sem fælist í aðild að ESB er stórhættulegt lítilli þjóð sem á sér langa sögu í baráttu fyrir fullveldi og sjálfstæði og yfirráðum yfir fiskveiðilögsögu landsins. Íslendingar þyrftu að gangast undir sameiginlega fiskveiðistefnu ESB og ekki hefur neinu ríki enn tekist að fá undanþágu frá þeirri reglu. Nú stefnir Evrópusambandið að því að endurskoða sjávarútvegsstefnu sína og jafnframt að frjálsu framsali sem við Íslendingar þekkjum mætavel og viljum mörg hver komast út úr sem fyrst.

Evrópusambandsaðild opnar á erlenda fjárfestingu í íslenskum sjávarútvegi. Fyrirtæki í sjávarútvegi, sem eru mörg hver mjög skuldug, gætu færst í hendur erlendra auðmanna og arðurinn og kvótinn færu úr landi. Það færi í burtu eins og svo mörg sjávarþorp hafa þurft að þola.

Íslenskur landbúnaður hefur aldrei verið okkur mikilvægari en nú þegar við þurfum að tryggja fæðuöryggi í landinu og framleiða sem mest af matvöru okkar innanlands og spara okkur gjaldeyri. Aðild að Evrópusambandinu yrði stórhættuleg fyrir búvöruframleiðslu í landinu og mundi valda miklu atvinnuleysi víðs vegar um landið, jafnvel byggðarhruni sem hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Við sem viljum standa vörð um fullveldi landsins, tryggja yfirráð yfir náttúruauðlindum þess, hafa svigrúm til að gera samninga við önnur ríki ásamt því að tryggja lýðræði í landinu í stað valdaafsals til Brussel, getum ekki skrifað upp á aðildarumsókn til Evrópusambandsins.

Einnig bendir margt til þess að Evrópusambandið sé að efla hernaðarmátt sinn og stefna að Evrópusambandsher sem er okkur friðarsinnum mjög á móti skapi. Þau sjónarmið eru uppi að nauðsynlegt sé að sækja um aðild og sjá hvað í boði er en fella svo samninginn ef hann er óásættanlegur. Gott og vel, það er sjónarmið út af fyrir sig. En væri það nú ekki ódýrara og einfaldara fyrir þjóðina að fá fram í könnunarviðræðum hvað stendur til boða fyrir utan þau

95% upplýsinga sem þegar liggja fyrir?

Þetta er versti tíminn sem hugsast getur til að óska eftir aðild að ESB. Þjóðin er í sárum, hún er veik fyrir og samningsstaðan er engin. Við skulum minnast þess hvað framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna kostaði okkur, 500 millj. kr. Hve mörgum sinnum meira mun tveggja ára umsóknarferli kosta okkur fyrir utan allan þann tíma sem ferlið tæki frá uppbyggingarstarfi innan lands? Það mundi auk þess valda miklum óróleika í þjóðfélaginu.

Nei. Við eigum að einbeita okkur að endurreisn íslensks efnahags. Það gerir enginn það fyrir okkur eins og dæmin sanna. Umsókn um aðild að Evrópusambandinu er ekkert annað en villuljós í myrkri.

[16:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir afskaplega góða ræðu, hún er eins og töluð úr mínu hjarta. Ég skynja mikla nauð hjá mörgum hv. þingmönnum Vinstri grænna og ég skynja hana líka hjá einstökum flokksmönnum Vinstri grænna. Þeir vilja jú að sjálfsögðu komast að sem ráðherrar og fá að stjórna málum, koma á þeim sósíalisma sem þá dreymir um og ég skil það ósköp vel þó að ég sé kannski ekki alveg sammála því. Þeir vilja gjarnan koma sínum málum að og þeir fórna ansi mörgu fyrir það. Nú er bara spurningin: Er fórnin að verða of mikil?

Ég vil minna á það þegar vinstri grænir þingmenn hér í þingsal ætluðu aldrei að samþykkja Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Svo var því bara allt í einu kyngt og það var bara ágætt að tala við þessa menn og nú er unnið í góðu samstarfi við þá sem voru óalandi og óferjandi fyrir nokkrum mánuðum.

Svo átti heldur aldrei að samþykkja Icesave. Nú er ekki lengur verið að tala um það, verið er að tala um vexti af einhverjum skuldum þannig að menn eru búnir að samþykkja Icesave líka. Svo gerist það núna með Evrópusambandið, sem var nú eiginlega meginmálið, að menn bakka með það líka. Þetta eru allt saman 180° beygjur hjá vinstri grænum til þess að koma sínum vinstri sjónarmiðum að í ríkisstjórn og ég get alveg skilið það allt saman.

Það sem ég er að velta fyrir mér er: Hver er ábyrgð þingmanna sem láta það viðgangast að þeirra menn í ríkisstjórn komi með aðildarbeiðni? Segjum að þetta verði samþykkt, segjum að þjóðin samþykki svo samninginn vegna þess að hún er beitt fagurgala, hótunum og loforðum, eins og hér hefur komið fram. Sagt er: Það er ekki hægt að semja í kjarasamningum, það er ekki hægt að gera hitt og þetta, en ef þið samþykkið þetta, elskurnar, fáið þið þetta og þetta, og þjóðin samþykkir samninginn. Á endanum sitja þessir sömu þingmenn uppi með að þjóðin er orðin aðili að Evrópusambandinu. Hver er þá ábyrgð þeirra?

[16:32]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Hv. þm. Pétur H. Blöndal spyr hver sé ábyrgð okkar sem erum á móti Evrópusambandsaðild varðandi það ferli allt. Við getum auðvitað ekki tekið ábyrgð á öðrum en okkur sjálfum í þessu máli hér á þingi. Málið er komið til afgreiðslu þingsins. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni og gerði það við þessa ríkisstjórnarmyndun. Ég segi bara fyrir mig: Ég stend við sannfæringu mína og mun ekki hvika í því máli.

[16:33]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er jú formaður flokks hv. þingmanns sem er einn af tveimur gerendum í ríkisstjórninni. Það er hann sem er að keyra þetta í gegn. Og ef á endanum, þó að hann sé á móti því, þó að hann sitji hjá og þó að hann greiði þessu jafnvel atkvæði — segjum að þetta verði samþykkt og við sækjum um aðild. Síðan kemur einhver samningur til baka um þetta og hitt, að við megum borða hákarl í 15 ár og hnoðmör í 10 ár (Gripið fram í.) munu aðildarsinnar segja með fagurgala, hótunum, loforðum og töfrabrögðum: Hér hafið þið samning. Ef þið takið hann fáið þið þetta og þetta og lífið verður allt miklu léttara, skuldirnar hverfa, vextirnir lækka, lífskjörin batna, verðlag lækkar o.s.frv. Ef þið samþykkið ekki samninginn er allt í volli. Við getum ekki gert kjarasamninga, hér verður óstöðugleiki, hér verður óðaverðbólga o.s.frv. Mönnum verður bæði hótað og lofað.

Segjum að þjóðin samþykki þennan samning í kjölfar slíks fagurgala, töfrabragða og hótana, hver er þá ábyrgð almennra þingmanna Vinstri grænna í því að þetta varð svona? Íslendingar sitja allt í einu í Evrópusambandinu og allt það gerist sem hv. þingmaður nefndi með réttu, landflótti, kvótinn kominn til Evrópusambandsins o.s.frv. Það getur allt gerst. Hver er þá ábyrgð hv. þingmanna Vinstri grænna og þáttur þeirra í þessu?

[16:35]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal spyr enn og aftur um ábyrgð og ég get einungis svarað því að ég eins og hann ber eingöngu ábyrgð á eigin atkvæði. Við getum auðvitað haldið uppi þeim málflutningi að reyna að sannfæra fólk um að það sé rangt að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Vonandi verðum við félagar í þeim efnum og beitum okkur þar hvort sem er á þingi eða úti í þjóðfélaginu en við höfum bara okkar atkvæði, við höfum ekki vald yfir öðrum sem betur fer. Við getum sannfært þá með málflutningi okkar en ekki með öðrum hætti.

[16:36]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að þakka hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur fyrir innlegg hennar í þessa umræðu og tel hana vera mjög heiðarlega og samkvæma því sem hún hefur sagt á öðrum vettvangi.

Ég get tekið heils hugar undir með henni að við snúum okkur að einhverju sem skiptir minna máli en það við eigum að vera að eyða tímanum í núna.

Þá langar mig að spyrja hana að tvennu. Í fyrsta lagi: Hver gaf þeim hluta ríkisstjórnarinnar, þeim ráðherrum sem sitja af hálfu Vinstri grænna, umboð — því að ekki styðja þeir allir þá tillögu sem er komin inn í þingið? Hafa þeir þá fullt umboð þingflokksins gagnvart þeirri tillögu?

Í öðru lagi: Þar sem tillaga sjálfstæðismanna og framsóknarmanna er mun skynsamlegri og menn draga þar and-

ann með nefinu og hella sér ekki út í þessa vitleysu strax, er hv. þingmaður þá tilbúin að styðja tillögu til að koma í veg fyrir það óðagot sem nú er upp komið?

[16:37]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, í þessu máli hef ég gert grein fyrir því bæði fyrir ríkisstjórnarmyndunina og í þingflokknum að ég hef fyrirvara í þessu máli og er búin að lýsa því að ég mun greiða atkvæði gegn aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þá skiptir ekki máli hvort hún er lögð fram af framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum eða hvort það er sú tillaga sem liggur hér fyrir. Afstaða mín er skýr.

[16:38]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að hvetja hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur til að lesa tillögu okkar því að í niðurlagi hennar stendur að þegar menn hafa sett sér samningsmarkmið verði það borið undir þjóðina hvort menn fari í þessar viðræður eða ekki. Ég tel það mun skynsamlegra. (Gripið fram í.)

[16:38]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Frú forseti. Sú sem hér stendur hefur lengi beðið þessa dags. Það var að rifjast upp fyrir mér að það var fyrir einum fimmtán árum eða svo að ég sat í stjórn Evrópusamtakanna með góðu fólki úr öllum stjórnmálaflokkum íslenskum, Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki, Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Kvennalistanum sem ég tilheyrði þá, og þá voru miklar umræður í gangi um stöðu Íslands í ljósi þess að við værum jú aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og hvort okkur bæri ekki að fara sömu leið og Svíar og Finnar og Austurríkismenn ákváðu að gera, að taka skrefið til fulls og gerast aðilar að Evrópusambandinu.

Síðan eru liðin mörg ár og margt hefur gerst og margt breyst í íslensku samfélagi. En það hefur ekki haggað þeirri grundvallarsannfæringu minni og pólitísku skoðun að Ísland eigi heima í nánu samstarfi við önnur ríki innan Evrópusambandsins og það sé bæði til heilla fyrir Ísland og Íslendinga og einnig til heilla fyrir Evrópusambandið.

Hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir fór hér vel yfir söguna og hugsjónina á bak við Evrópusambandið. Hugsjónina um frið og frelsi, um lýðræði, um mannréttindi og ekki síst réttindi minnihlutahópa. Þetta er líka hugsjón um viðskiptafrelsi eins og við þekkjum og jöfnuð og jafnræði. Og eins og hv. þingmenn vita höfum við í fimmtán ár, frá 1. janúar 1994, verið fullgildir aðilar að innri markaði Evrópusambandsins á hinu Evrópska efnahagssvæði og í gegnum þann samning tekið yfir um 4.000 gerðir og leitt í íslenska löggjöf. Ég gæti sett á langa ræðu um það hvernig þessar innleiðingar og innleiðing þessara gerða í íslenska löggjöf hefur fært margt til betri vegar í samfélagi voru, hvort sem það er í atvinnurétti eða á vinnumarkaði eða í umhverfismálum, sem ég þekki nokkuð til, en þorri þeirrar löggjafar sem sett hefur verið á sviði umhverfismála á Íslandi síðasta áratug hefur komið beina leið í gegnum EES-samninginn inn á Alþingi Íslendinga.

Menn hafa lengi haldið því fram að við hefðum hvort eð er getað gert þetta allt saman að eigin frumkvæði, en alla vega þau ár sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur sátu hér í ráðherrabekkjunum var lítill áhugi á því að hafa frumkvæði að löggjöf á sviði umhverfismála eða umhverfisréttar og það sem þó var gert til bóta var vegna þess að menn urðu að gera það.

Hér hafa einnig orðið nokkrar umræður um hvað Ísland og Íslendingar hafi að segja eða hvort við höfum eitthvað fram að færa eða hvort einhver muni hlusta á okkur. Ég verð að viðurkenna það, frú forseti, að ég botna ekki alltaf í þessum fullyrðingum. Ísland er lítil þjóð, það er alveg rétt, við erum örsmátt ríki í hinu stóra samhengi en við tilheyrum hins vegar miklum fjölda smáríkja sem sumir mundu kalla öryggi. Við erum hins vegar bæði sjálfstæð og fullvalda þjóð og förum í samstarf við aðrar þjóðir sem sjálfstæð og fullvalda þjóð. Rödd okkar skiptir alveg jafnmiklu máli innan alþjóðastofnananna og á hinum alþjóðlega vettvangi og rödd þeirra þjóða sem hafa milljónir eða jafnvel hundruð milljóna manna á bak við sig.

Það er þannig sem við tökum þátt í alþjóðlegu samstarfi. Og af hverju vil ég taka dæmi um samstarf á sviði umhverfismála? Þegar fulltrúar íslenskra stjórnvalda mæta til fundar til samninga í loftslagsviðræðum um loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna sitjum við oft með vinum okkar frá Indlandi vegna þess að stafrófsröðin er þannig. Við fáum alveg jafnmörg sæti við borðið. Það vill hins vegar þannig til að við erum 300 þúsund en Indverjar eru líklega orðnir rúmur milljarður. Rýmið sem hvert sjálfstætt og fullvalda ríki tekur á hinum alþjóðlega vettvangi mælist ekki í magni eða fjölda íbúa heldur í styrk þeirra hugsjóna sem ríkið byggir á og í þeim styrk sem alþjóðarétturinn og þjóðarétturinn veitir hverju fullvalda og sjálfstæðu ríki. Þannig vinnum við á alþjóðavettvangi og þannig eigum við auðvitað að vinna á alþjóðavettvangi og þannig mun Ísland vinna innan Evrópusambandsins ef íslenska þjóðin ákveður að við eigum að ganga þar inn.

Í þessu felst að sjálfsögðu mikil pólitísk ákvörðun og pólitísk skref sem gæti markað mikil skil í sögu lýðveldisins. Líklega erum við að taka hér einhverja veigamestu ákvörðun sem við höfum staðið frammi fyrir lengi, áratugum saman. Verði það niðurstaðan að sótt verði um aðild og síðan gengið til atkvæða um aðildarsamninginn verður það auðvitað einhver mesti viðburður í sögu lýðveldisins sem er 65 ára.

Það skiptir máli að með þessari ákvörðun erum við líka að gefa umheiminum til kynna hvert við viljum fara og hver samastaður Ísland er í samfélagi þjóðanna. Það er einlæg sannfæring mín að samastaður Íslands er á meðal annarra lýðræðisríkja í Evrópu innan Evrópusambandsins þar sem ríki eiga í samvinnu á jafnréttisgrundvelli. Og það er þá einnig þannig að ákvörðun um að fara í aðildarviðræður og taka það pólitíska skref sendir mjög skýr skilaboð til umheimsins um það hvert Ísland stefni. Það skiptir verulega miklu máli á þessari stundu. Það skiptir verulega miklu máli fyrir ríki sem situr uppi með gríðarlegar skuldbindingar og skuldir vegna bankahrunsins, erfiða stöðu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum og að mínu viti ónýtan gjaldmiðil. Það að við gefum til kynna hvert við stefnum, með

hverjum við viljum vinna, að við stefnum að því að taka upp nýjan gjaldmiðil, mun efla trú og traust og skilning annarra ríkja og annarra þjóða á því hver vegferð okkar sé. Það eitt og sér hefur pólitískt gildi.

Ef við snúum okkur síðan aðeins betur að stöðunni innan lands þá er það þannig að svokallaðir aðilar vinnumarkaðarins, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands, stærstu atvinnurekenda- og launþegasamtök á Íslandi eru sammála um að aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru sé skref í rétta átt fyrir Ísland, fyrir efnahagslífið, fyrir atvinnulífið, fyrir okkur öll.

Það er mér nokkurt umhugsunarefni þegar sá flokkur sem lengi vel hefur a.m.k. talið sig vera í forsvari fyrir atvinnulíf á hinum frjálsa markaði og framsækni, Sjálfstæðisflokkurinn, hefur orðið með þessum hætti svona algjörlega viðskila við það sem ég hélt að væri eða taldi vera hrygglengjuna í flokknum. En svona geta tímarnir breyst og mennirnir með.

Það hefur verið farið yfir það vandlega í umræðunni í dag hvernig skoðanir einstakra hv. þingmanna sjálfstæðismanna hafa breyst á liðnum vikum, mánuðum og missirum. Við vitum öll að niðurstaða landsfundar Sjálfstæðisflokksins var að hagsmunum Íslands væri betur borgið utan Evrópusambandsins en innan þess. Samt er forusta Sjálfstæðisflokksins og þingflokkur hans tilbúinn til að undirbúa umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Það er reyndar Framsóknarflokkurinn líka sem kemur ekki eins mikið á óvart nema þar virðast menn heldur hafa slegið af kröfunum.

En ég tek undir með þeim sem hafa bent á að það eru í raun mjög gleðileg tíðindi þegar menn eru tilbúnir til að taka þátt í þessari vinnu, vera gerendur í ferlinu, taka þátt í því að mynda hér samstöðu, vonandi þverpólitíska samstöðu um að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið. Og best væri, við vitum það öll, að sem mest samstaða væri um þá ákvörðun á hinu háa Alþingi. Það verður auðvitað ekkert fram hjá því litið.

Það fallega við það að þessi mikilvæga ákvörðun skuli vera rædd sem stjórnartillaga inni á hinu háa Alþingi er að hér gefst öllum þingmönnum, hverjum einasta hv. þingmanni tækifæri til að ræða málið í þaula, kynna sér þær umsagnir sem berast munu til umfjöllunar í utanríkismálanefnd og taka síðan afstöðu til málsins á grundvelli sannfæringar sinnar. Eins og við vitum öll mun það væntanlega ekki fara eftir flokkslínum hvernig hv. þingmenn greiða atkvæði í því máli. En við sjáum það væntanlega betur þegar þar að kemur.

Sem fullvalda og sjálfstæð þjóð innan Evrópusambandsins, sem fullgildir aðilar eigandi sæti við borðið eins og það er oft nefnt, færist ekki aðeins pólitískt ákvörðunarvald um þau málefni sem mestu varða til okkar sjálfra og svo pólitíska ábyrgð sem því fylgir að vera í slíku samstarfi, heldur færir það einnig ríki eins og Íslandi dagskrárvald innan þessa samstarfs. Þar getum við sett á dagskrá og tekið upp þau málefni sem varða hagsmuni okkar mestu og eru brýnust fyrir Ísland og fengið aðra til að ræða þau með okkur og leita lausna. Það gera öll ríki í slíku samstarfi. Þar höfum við jafnmikla möguleika á því og allir aðrir.

Allt tal um að ekki verði á okkur hlustað gengur einfaldlega þvert á reynslu ríkja og fólks, bæði reynslu okkar af öðru alþjóðasamstarfi og einnig reynslu ríkja innan Evrópusambandsins. Við megum heldur ekki vera hrædd við að láta til okkar taka, við höfum fullt erindi. Við megum ekki láta þessa umræðu sveiflast á milli eiginlega oflætis og minnimáttarkenndar, liggur mér við að segja. Ísland á fullt erindi inn í Evrópusambandið. Við getum þar staðið vörð um þá hagsmuni sem mestu varða fyrir þessa þjóð, fyrir atvinnulíf og efnahagslíf og með samvinnu við aðrar sjálfstæðar og fullvalda þjóðir getum við bæði bætt hag Íslendinga, sett nýjar stoðir undir íslenskt efnahagslíf og í raun hafið þá endurreisn sem við þurfum að hefja strax í dag.

[16:52]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega vakti athygli mína í ræðu hv. þingmanns að hún telur að rödd okkar á alþjóðavettvangi skipti miklu máli. Þar er ég alveg sammála henni. En að hún skipti jafnmiklu máli og rödd milljónaþjóða verður manni að umhugsunarefni.

Hvað verður þegar komið er að því að taka ákvarðanir? Er það skoðun hv. þingmanns að rödd okkar og atkvæðavægi okkar skipti jafnmiklu máli og vegi jafnþungt og stærri þjóða? Er það virkilega sá málflutningur sem Samfylkingin ber á borð fyrir íslenska þjóð og fyrir hið háa Alþingi? Snýst þetta ekki allt saman um eitthvað allt annað?

Í kosningabaráttunni var algjörlega ljóst að umræðan um Evrópusambandið snerist um gjaldmiðilinn. Hún snýst um upptöku evrunnar og hv. þingmaður gerði það að umtalsefni sínu og telur að lausn efnahagsvandans, eftir því sem ég skildi hv. þingmann, sé sú að ganga inn í Evrópusambandið.

Málið er hins vegar það að við uppfyllum ekki Maastricht-skilyrðin og getum þess vegna ekki tekið upp evruna fyrr en eftir nokkuð mörg ár. Hvert er plan B hjá Samfylkingunni ef þetta plan gengur ekki eftir? Hvað ef Íslendingar samþykkja ekki að ganga í Evrópusambandið? Er þá einfaldlega engin lausn á efnahagsvanda okkar? Hver er afstaða þingmannsins til þessarar spurningar?

[16:54]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Rödd okkar skiptir miklu máli og hún skiptir máli m.a. vegna þess að í ráðherraráði Evrópusambandsins, þegar ráðherrar einstakra málaflokka koma saman, situr einn ráðherra frá hverju ríki en ekki í samræmi við íbúafjölda ríkjanna. Ég hygg að 85% ákvarðana í ráðherraráðinu séu teknar í „consensus“ eða sem sagt án þess að atkvæðagreiðsla fari fram samhljóða. Það ríki sem oftast er ofurliði borið með atkvæðagreiðslu eða öðru við slík tækifæri er stærsta ríkið, Þýskaland. Og bara til gamans má benda á að í stjórn Evrópska seðlabankans þar sem peningastefna Evrópusambandsins er mótuð fengi Ísland eitt sæti eða jafnmörg og önnur ríki, t.d. Þýskaland. Þannig að þegar til á að taka hafa ríki bæði afl og getu til þess að koma skoðunum sínum á framfæri, hafa áhrif á ákvarðanir og hafa áhrif á önnur ríki í þeim málum a.m.k. sem mestu varða fyrir hagsmuni hverrar þjóðar. Það er ekkert sem bendir til þess hvorki í þessu samstarfi né í öðru samstarfi sem Íslendingar eru í á alþjóðlegum vettvangi að þar neyti

menn aflsmunar vegna þess að Íslendingar séu svo fáir.

[16:56]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var afskaplega athyglisvert. Við Íslendingar erum sem sagt að fara inn í Evrópusambandið þar sem við komum til með að stjórna því sem okkur langar til að stjórna. Það er augljóst.

Hins vegar svaraði hv. þingmaður ekki seinni spurningu minni varðandi evruna og hvernig hv. þingmaður sér fyrir sér lausn efnahagsvandans ef við göngum ekki inn í Evrópusambandið. Er eitthvert plan B hjá Samfylkingunni? Get ég fengið svör við því? (Gripið fram í.)

[16:56]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er miklu frekar að þeir sem ætla að halda lífi í krónunni með gjaldeyrishöftum næstu missirin og árin svari því. (**VigH:** Þið eruð í ríkisstjórn?) Svari íslenskum kjósendum því hvernig þeir vilja reisa við efnahagslífið og hvernig þeir vilja bjarga efnahagslífinu og gjaldmiðli Íslands? (**UBK:** Hvenær fáum við evruna?)

Þetta er mjög fróðlegt vegna þess að hér æpa og góla tvær hv. þingkonur, önnur úr Sjálfstæðisflokki og hin úr Framsóknarflokki: Þið eruð í ríkisstjórn, hvenær fáum við evruna, hvað er í gangi? En þær styðja væntanlega báðar málsmeðferðartillögu (Gripið fram í.) flokka sinna um það hvernig sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu. (**VigH:** Þú ert að tala um efnahagsmál.)

Það er ósköp einfaldlega þannig að það er engin (Forseti hringir.) önnur leið fyrir Ísland út úr þeim gjaldmiðilsvanda sem Ísland á í en að taka upp evru og þeir sem halda (Forseti hringir.) öðru fram verða að skýra það út fyrir Íslendingum hvernig þeir ætla að bjarga gjaldmiðlinum. (**UBK:** Ekkert plan B?)

[16:58]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ísland á heima í nánu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir, ég held að ég hafi þetta rétt eftir hv. þingmanni sem hún sagði í ræðu sinni. Ég verð að segja að þar er ég algerlega sammála þingmanninum. Ég vil taka fram að enginn þeirra sem mælir gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu talar gegn nánu samstarfi okkar við aðrar Evrópuþjóðir. Við erum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Við erum aðilar að fjórfrelsinu og við erum nú þegar í afar nánu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir. Við höfum sent þessi skilaboð um margra ára skeið og ég held að enginn efist um að við séum í nánu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir. Þingmaðurinn talaði um að þetta væri minnimáttarkennd hjá okkur. Mér finnst það vera ákveðin minnimáttarkennd að halda því fram að eina leiðin til að fólk fái það á tilfinninguna að við séum Evrópubúar og við séum í nánu samstarfi við Evrópuþjóðir sé að ganga í Evrópusambandið. Ég vil andmæla þessu.

Ég vil líka, og vísa til umræðna okkar hv. þm. Valgerðar Bjarnadóttur áðan, taka fram að það er skoðun mín að það sé hlustað á okkur. Við höfum margvísleg tæki til að láta til okkar taka á mótunarstigi ESB-gerða en við höfum ekki verið að nota þau. Ég held, burt séð frá skoðunum mínum eða hv. þingmanns, að það verði að liggja klárt og kvitt fyrir að Ísland er í nánu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir.

[17:00]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að andmæla því. Auðvitað er Ísland í nánu samstarfi við Evrópuþjóðir hvort heldur er í gegnum EES-samninginn eða aðra þá samninga sem tengja þessar þjóðir saman eða tengja Ísland við ríki heims um alla jarðarkringluna. Ég er hins vegar ósammála hv. þingmanni Ragnheiði Elínu Árnadóttur um þessi miklu áhrif sem við gætum haft á EES-samninginn. Ég tel að fimmtán ára starf okkar innan þess samnings sýni svo ekki verði um villst að ekki einungis höfum við ekki nýtt þær leiðir sem þar eiga að vera í boði, höfum ekki haft áhuga á því, heldur hafa þær heldur ekkert alltaf verið í boði. Það er mjög mikilvægt að hv. þingmenn geri sér grein fyrir því að EES-samningurinn er embættismannasamningur. Hann er ekki pólitískur samningur í raun. Hann er embættismannasamningur þar sem sérfræðingar koma saman. (**VigH:** Hann er samþykktur á Alþingi.) Ég er að tala um hvernig samningnum er haldið við og hvernig starfað sé eftir honum.

Þar geta jú sérfræðingar komið inn með faglegar athugasemdir á frumstigi eins og hefur verið bent hér á og er auðvitað alveg rétt. En það er stundum gert, stundum ekki. En það breytir því ekki að hinar pólitísku ákvarðanir sem á endanum eru teknar um þær gerðir sem ráðherraráð Evrópusambandsins eða framkvæmdarstjórnin leggur til við ráðherraráðið að verði færðar í lög eru pólitískar og þær hafa ekkert með það að gera hvort einhverjir embættismenn frá Íslandi hafi komið inn á fund við upphaf ferlisins í Brussel. Þetta eru á endanum pólitískar ákvarðanir.

[17:02]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þingmaðurinn er ósammála því að áhrif okkar innan EES-samningsins séu eins mikil og ég vildi gefa til kynna. Ég er ósammála hv. þingmanni um að áhrif okkar innan Evrópusambandsins verði með þeim stórkostlega hætti sem hún vill vera láta. Við höfum haft áhuga á því að hafa áhrif á EES-samninginn. Við höfum haft reglur hér í þinginu allt frá upphafi EES-samningsins. Við höfum bara ekki farið eftir því. Það er ekki einbeittur brotavilji heldur er það einfaldlega það að ekki hafa verið settir í það nægir fjármunir, nægur mannafli, nægir „rísorsar“ ef ég má sletta aðeins og þess vegna höfum við ekki sinnt því.

En ég held að það hafi verið pólitískur áhugi á því að við stæðum okkar plikt og sinntum þessu betur. En við erum lítil og fámenn og það þó Samfylkingin haldi því fram að margt muni koma til með að breytast með Evrópusambandsaðild þá held ég að okkur fjölgi nú ekki (Forseti hringir.) í einu vetfangi þannig að við höfum fleiri líkama til þess að manna (Forseti hringir.) stöðurnar í Brussel.

[17:03]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nei, það mun auðvitað ekki leiða til þess hvorki að Íslendingum fjölgi sjálfkrafa — líklega verður

bara að nota gömlu aðferðina í það — né breyta hitastigi, veðri eða einhverju öðru slíku.

Það er ósköp einfaldlega þannig að þetta snýst um pólitíska forgangsröðun og samvinnu. Auðvitað er mikill ávinningur af náinni samvinnu ríkja. (**Gripið fram í:** Við erum í náinni samvinnu.) Við erum í mjög náinni samvinnu um ákveðin atriði í Evrópusambandinu á innri markaði. Þessi ákvörðun, ákvörðun um að sækja um aðild að Evrópusambandinu snýst einmitt um það að efna til náinnar samvinnu við önnur Evrópuríki um öll hin atriðin sem Evrópusambandssamstarfið snýst um, að sitja við borðið, að vera pólitískur gerandi eins og fullvalda og sjálfstæð ríki eins og það íslenska eiga að vera. (**REÁ:** Strax farin að gefa eftir.)

[17:04]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og fleiri trúboðar þá lifir hv. þingmaður í núinu og sér hvorki framtíð né fortíð, lærir ekkert af fortíðinni um hvernig Evrópusambandið hefur þróast né áttar sig á því hvað gerist með Ísland í Evrópusambandinu í framtíðinni. Hún notar loforð, töfrabrögð og fagurgala í bland við hótanir. Hún segir: „Það er engin önnur leið til.“ Það er hótunin. Og svo segir hún að allt verði miklu betra þegar við göngum inn, að við fáum að hafa áhrif þarna og allt svoleiðis. Það eru loforðin og töfrabrögðin.

Hv. þingmaður ætti að geta þess að Ísland mun ekki uppfylla Maastricht-skilyrðin fyrr en í fyrsta lagi eftir sex, átta, tíu ár, hugsanlega 30 ár vegna þess að Evrópusambandið kúgaði þjóðina, þetta sama Evrópusamband. Þetta elskulega Evrópusamband er búið að kúga þjóðina til að taka yfir Icesave-skuldbindingarnar sem Ísland á ekki að taka yfir, sem eru mistök í regluverki Evrópusambandsins.

Svo segir hv. þingmaður að ASÍ og Samtök iðnaðarins séu með þessu. Það eru hvor tveggja samtök sem fá sitt félagsgjald á hreinu, annað með lögum og hitt með útilokun á vinnuaðstöðu þannig að þetta eru hvor tveggja samtök sem nota sér það að fá iðgjöld frá fólki sem hugsanlega vill alls ekki ganga í Evrópusambandið og nota þessa sömu peninga til þess að berjast fyrir því að ganga í Evrópusambandið. (**Fél.- og trmrh.:** Hvaðan fær Sjálfstæðisflokkurinn peninga?) Þeir eru búnir að breyta samtökunum í stjórnmálaflokk.

Talandi um að menn geti haft áhrif og að þetta sé oflætis- eða minnimáttarkennd. Ég vil geta þess að við fáum reyndar þrjá af (Gripið fram í.) 600 þingmönnum. Ókey, það eru heilmikil áhrif. En ég ætla að benda hv. þingmanni á að ég hef vissu fyrir því að þýska atkvæðið vegi miklu þyngra en öll önnur atkvæði vegna þess að þeir borga allt batteríið. (Forseti hringir.)

[17:07]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Hæsrtv. forseti. Ég ætlaði nú ekki að ræða hér við hv. þm. Pétur H. Blöndal um bankahrunið eða þær hörmungar sem riðið hafa syfir íslensku þjóðina hvort sem það er vegna Icesave-skuldbindinganna eða bankastarfsemi sem átti meira skylt við fjárhættu- og glæfrastarfsemi en venjulega bankastarfsemi. Það getur vel verið að það henti Sjálfstæðiflokknum núna að kenna því um að allt hafi þetta verið hægt vegna þess að við erum aðilar að EES. En ég man ekki betur en að Sjálfstæðisflokkurinn hafi samþykkt þann samning og verið með fullri meðvitund líklega síðastliðin fimmtán ár og fylgst með því hvernig löggjöfin — meðal annars með því að mæta á sérfræðingafund í Brussel eins og hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir bendir á — fylgst með því hvernig löggjöfin hefur breyst.

En við höfum ekki tíma til að fara nánar út í þá sálma hér. Mér þykir þó hv. þm. Pétur H. Blöndal senda Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands heldur kaldar kveðjur héðan úr þingsalnum og gera lítið úr hlutverki þeirra, stærð og mikilvægi í íslensku samfélagi. Við hv. þingmenn skulum ekki stunda það hér að gera lítið úr aðilum vinnumarkaðarins, framlag þeirra til samfélagsins og framlagi þeirra núna til þess að halda stöðugleika og stuðla að endurreisn efnahagslífsins.

Ég hef aldrei sagt að evran væri handan við hornið. Það getur vel verið að hv. þingmann hafi dreymt það. Mér er fullkunnugt um Maastricht-skilyrðin og hversu langan tíma það gæti tekið Ísland að ná þeim. Það er öllum fullkunnugt um það. En ég spyr hv. þingmann á móti. Hvernig hyggst hann, frú forseti, bjarga (Forseti hringir.) íslensku efnahagslífi frá örmyntinni krónu og gjaldeyrishöftunum?

[17:09]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er ekki haldinn sömu oflætis- eða minnimáttarkennd og hv. þingmaður. Ég sé fullt af tækifærum Íslendinga í stöðunni eins og hún er núna. Það er nefnilega þannig að Ísland ólíkt öðrum löndum sem hafa lent í vandræðum hefur óvenjusterkan útflutning og hann styrkist með hverjum deginum vegna þess að við erum með krónu sem hjálpar honum. Ef við værum með evru þá mundum við lenda í nákvæmlega sömu vandamálunum og Írar og fleiri sem eru í Evrópusambandinu og eru með evru og sjá enga lausn á sínum vanda vegna þess að þeir sjá ekkert annað en gjaldþrot í staðinn fyrir að fella gengið á viðkomandi mynt. Hv. þingmaður heldur áfram að lofa og hóta og svo framvegis.

Varðandi ASÍ og SA. Þessi samtök eiga að vinna að því að berjast fyrir kjörum sinna félagsmanna en ekki (Forseti hringir.) blanda sér í pólitík. Þau eiga ekki að breyta sér í pólitíska stjórnmálaflokka.

[17:10]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég treysti því að hv. þm. Pétur H. Blöndal komi því til Landssambands íslenskra útgerðarmanna að vera ekki að blanda sér í pólitík frekar en aðrir aðilar á vinnumarkaði. (Gripið fram í.) Ég hef ekki heyrt það sama frá forsvarsmönnum útflutningsfyrirtækja og hv. þingmaður er að greina hér frá. Forsvarsmenn útflutningsfyrirtækja kvarta sáran yfir krónunni og segja að það sé ekki nema skammgóður vermir að hafa gengið eins og það er um (Gripið fram í.) þessar mundir. Þeir kvarta sáran undan kostnaðinum sem fylgir því að hafa krónuna bæði til skamms og langs tíma.

Mig langar til að greina hv. þingmanni frá því að á fundi

heilbrigðisnefndar í morgun kom fram að Landspítali – háskólasjúkrahús (**REÁ:** Hann hefur ráðið sér almannatengil.) borgaði á síðasta ári — kostnaður þessa stærsta vinnustaðar á Íslandi vegna íslensku krónunnar, vegna gengismismunar var 2.100 (Forseti hringir.) millj. kr., 2.100 millj. kr. Væntanlega (Forseti hringir.) koma þær beint úr ríkissjóði.

[17:11]

Útbýting:

Björgunarþyrlur, 55. mál, fsp. RM, þskj. 56.

Fjármálafyrirtæki, 33. mál, nál. meiri hluta viðskn., þskj. 55.

[17:12]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Það var fróðlegt að heyra hér á undan orðaskipti hv. þingmanna Þórunnar Sveinbjarnardóttur og Péturs H. Blöndals um krónuna, sérstaklega þegar maður skoðar þá tillögu sem við ræðum hér, tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, vegna þess að eins og formaður Sjálfstæðisflokksins benti á í upphafi umræðunnar í dag er ekki minnst á krónuna í þeirri tillögu frekar en önnur þau atriði sem mæla með Evrópusambandsaðild. Ég vildi bara skjóta þessu að í upphafi í tilefni af orðum hv. þingmanna.

Margt hefur verið sagt og margt fram komið í umræðunni í dag sem hefur verið á köflum fróðleg og skemmtileg. Ég ætla ekki að endurtaka það hér. En ég tek undir í aðalatriðum ræðu hv. þm. Illuga Gunnarssonar sem fór vel yfir mörg þau sjónarmið sem ég hafði ætlað mér að reifa og ég læt þeirra þá frekar getið með að vísa í þá ræðu í staðinn fyrir að endurtaka þau.

Í upphafi vil ég þó segja og taka undir með félögum mínum í stjórnarandstöðunni sem hafa talað á undan mér að tillagan sem við erum að ræða er ekki góð. Hún er illa ígrunduð og hún er ekki boðleg þinginu. Málið er ekki nægilega undirbúið og alls ekki til þess fallið að ná um það sátt, hvort sem er í þinginu eða í samfélaginu öllu, sátt um þetta mikilvæga og umdeilda mál, og tillagan óháð afstöðu manna til málefnisins verður að segjast gerir ekkert til að leysa það mál.

Það er engin sannfæring í þessari tillögu, það vantar hjartað í hana. Það er enginn sem heldur því fram að okkur vegni betur innan ESB og að innan ESB muni íslensku þjóðinni farnast betur en utan þess. Það er ekkert talað um það. Þessi tillaga er sett fram sem málamiðlun um ákveðið ríkisstjórnarsamstarf. Það var reyndar mjög fróðlegt að heyra hæstv. fjármálaráðherra, sem fór mikinn í ræðu áðan, reyna að koma sér undan því að svara og lýsa sjónarmiðum sínum en hann talaði um það núna að það væru tólf ríkisstjórnir. Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með þessu stjórnarsamstarfi.

Ég er sammála hv. þingmanni sem hér situr í salnum, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, að það væri réttast að leggja þessa tillögu til hliðar og einbeita sér að því að ræða frekar tillögu okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna sem er að öllu leyti, óháð því hvað mönnum finnst um málið, miklu betri tillaga um málsmeðferð.

Það er alveg með ólíkindum að ekki skuli vandað betur til verka með þetta stóra mál og að ekki sé gerð nein tilraun til að ná utan um þau atriði málsins sem eru mikilvæg og reynt að gera þetta þannig úr garði að Alþingi sé sómi að og íslenska þjóðin fái það á tilfinninguna að hún geti með einhverjum hætti tekið afstöðu til þessa mikilvæga máls eftir umfjöllun á Alþingi. Það skortir algjörlega upp á það.

Þessar tillögur hafa verið bornar saman í dag og menn hafa, aðallega samfylkingarmenn, haldið því fram að þær séu nánast samhljóða, það væri hægt að slá þeim saman og ræða þær saman. Það er algjörlega rangt. Það er nefnilega grundvallarmunur á tillögunum eins og þingmenn hafa farið hér í áður. Stærsti munurinn á tillögunum er sá að ekki er búið að taka um það ákvörðun að fara í aðildarviðræður samkvæmt tillögu okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna heldur er lögð til málsmeðferð sem nær ákveðinni niðurstöðu. Sett er saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðunum og síðan er lagt til að gerður verði vegvísir sem taki á öllum þessum álitamálum. Að þessu loknu, og við gefum okkur sumarið í þessa vinnu, er gert ráð fyrir að Alþingi ákveði næstu skref. Þar er ekki eins og í tillögu stjórnarflokkanna eða stjórnarflokkanna mínus einhverjir, ég er ekki með alveg á hreinu hverjir leggja þessa tillögu fram, ályktað að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn áður en nokkuð er skoðað. Það er verið að biðja okkur þingmenn að veita hæstv. utanríkisráðherra opinn tékka, opið umboð til að fara til Brussel og semja.

Ég er ekki tilbúin í það og því styð ég ekki þessa tillögu. En jafnvel þótt skoðun mín sé sú, og ég er sammála því hagsmunamati sem landsfundur Sjálfstæðisflokksins komst að, að hagsmunum okkar sem þjóðar sé betur komið utan Evrópusambandsins, styð ég tillögu okkar og er meðflutningsmaður að því máli vegna þess að í landsfundarályktun okkar sjálfstæðismanna segir — ég er með hana hér einhvers staðar — með leyfi forseta:

„Komist Alþingi eða ríkisstjórn að þeirri niðurstöðu að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu er það skoðun Sjálfstæðisflokksins að fara skuli fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þá ákvörðun á grundvelli skilgreindra markmiða og samningskrafna.“

Við gerum okkur grein fyrir því að við erum í minni hluta, jafnvel þótt við höfum þessa skoðun og landsfundurinn árétti hana, að það gæti komið til þess að meiri hluti þingsins ákveði að fara í viðræður eins og hér er lagt til með tillögunni og þá viljum við passa upp á að málsmeðferðin verði með þeim hætti að Alþingi og okkur sé sómi að.

Í lokaorðum greinargerðar með tillögunni, segir með leyfi forseta:

„Þegar niðurstaða utanríkismálanefndar liggur fyrir er gert ráð fyrir að Alþingi ákveði næstu skref, þ.e. hvort gengið skuli til aðildarviðræðna við Evrópusambandið eða eftir atvikum hvort ákvörðun þar um skuli borin undir þjóðina í atkvæðagreiðslu.“

Þarna er búið svo um hnútana að niðurstaðan er ekki gefin fyrir fram. Við ætlum að fara í þessa vinnu og við ætlum að tryggja að öll álitamál sem við þurfum að taka tillit til séu rædd fyrir fram en ekki eftir á þegar umboðið er komið. Þar er stór munur á. Með þessari tillögu eru stjórnarandstöðuflokkarnir að gera tilraun til að ná víðtækari sátt

um þetta mál og sáttin felst í undirbúningnum og því ferli að Alþingi ákveði næstu skref. Þetta felst í því að við leggjum til að málið verði undirbúið, rætt og afgreitt á Alþingi áður en ákvörðun um aðildarviðræður yrði tekin, þ.e. hvort gengið skuli til viðræðna. Það er nefnilega samráð. Það er ekki samráð þegar fyrst er ákveðið að veita einum ráðherra opið umboð til að ganga til aðildarviðræðna í þeim eina tilgangi að því er virðist samkvæmt tillögunni sjálfri að athuga hvort íslenska þjóðin hafni henni eða samþykki. Það er dálítið kostulegt að lesa tillöguna, það er fyrst talað um að íslenska þjóðin geti hafnað en svo er sagt á að hún geti samþykkt. Það hefur verið gert mikið úr því hér að vinstri grænir hafi ekki fengið að koma neinu að, ég held að þarna sé fingrafar þeirra á tillögunni að orðið hafna kemur á undan að samþykkja.

Það er nefnilega ekki nóg að tala um sátt og samráð á tyllidögum eins og þessi ríkisstjórn virðist gera og hún sýnir það í verki með önnur mál í þinginu að það er ekki trúverðugt og alls ekki þannig að ég sé tilbúin að gefa ríkisstjórninni eða öðrum flokknum þennan opna tékka í aðildarviðræðum.

Við getum tekið mjög nærtækt dæmi um þetta samráðsleysi. Við ræddum í gær af hverju ekki færi fram áður boðuð utandagskrárumræða sem Framsóknarflokkurinn hafði beðið um um hag heimilanna. Forsætisráðherra hafði fyrir sitt leyti veitt leyfi fyrir þessari umræðu og samráð var haft við forsætisráðuneytið um þennan tíma. Síðan komu með engum fyrirvara skilaboð um að umræðan hafi verið slegin af. Það var ekkert samráð, umræðan var bara slegin af. Þegar við fórum að inna eftir því hverju sætti varð fátt um svör en þó kom hv. þingflokksformaður Samfylkingarinnar upp í umræðunni og sagði að umræðan hefði verið slegin af vegna þess að hæstv. forsætisráðherra væri upptekinn í samráði, ekki við þingið eða stjórnarandstöðuna heldur við aðila vinnumarkaðarins við gerð svokallaðs stöðugleikasáttmála, sem er líka nýtt og fínt orð Samfylkingarinnar. Allt í lagi, þarna var forsætisráðherra upptekin í samráði. Í gærkvöldi var svo annar samráðsfundur, tók ég eftir í fréttum, þar voru stjórnarflokkarnir í Þjóðminjasafninu með samráð um niðurskurð og tillögur í ríkisfjármálum. Þar er greinilega fínt samráð, en hvar er hið margumtalaða samráð við Alþingi, við stjórnarandstöðuna? Við höfum ekki fengið þessar tillögur, við höfum ekki fengið að sjá þær. Það er fólk úti í bæ, aðilar vinnumarkaðarins, sem veit hverjar tillögur ríkisstjórnarinnar eru um niðurskurð í ríkisfjármálum á meðan við þingmenn, sem kallað er statt og stöðugt eftir að eigum nú að leggja niður skotgrafahernað eða koma okkur upp úr skotgröfunum, eigum að leggjast á árarnar með ríkisstjórninni vegna þess að nú eru erfiðir tímar. Ég tek undir það, við eigum öll að hjálpast að, en það er ekki nóg að koma alltaf eftir á með tillögurnar þegar búið er að kynna þær út um víðan völl og segja svo: Nú ber ykkur í stjórnarandstöðunni skylda til að vera stór og þroskuð og hætta að karpa, hætta að sýna aðhald og kaupa strax það sem við erum að segja. Ég kaupi þetta ekki, ég kaupi ekki að þetta sé samráð. Samráð felst í því að tala fyrst og ákveða svo. Það er ekki það sem við höfum heyrt hér.

Virðulegi forseti. Það hefur verið mjög fróðlegt að heyra í þingmönnum Vinstri grænna í þessari umræðu og ég verð að taka undir með nokkrum þeirra. Hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir flutti hér mjög athyglisverða ræðu þar sem hún var mjög hreinskilin með það að hún væri algjörlega andvíg Evrópusambandsaðild og mundi ekki styðja það og hefði gert fyrirvara, ef ég tók rétt eftir, við ríkisstjórnarmyndunina út af þessu. Það var mjög athyglisvert. Og ég var alveg sammála hæstv. fjármálaráðherra Steingrími J. Sigfússyni þegar hann sagði að vandi heimilanna, vandi Íslands verði einungis leystur á Íslandi. Hann sagði líka að vandinn væri brýnn og við mættum ekki eyða tíma í önnur minna mikilvæg mál á meðan við værum að takast á við þennan vanda. Ég tek undir þetta með hæstv. fjármálaráðherra.

Þess vegna segi ég: Hættum að karpa um þetta mál. Ég legg til að ríkisstjórnin dragi tillögu sína til baka og sameinist um tillögu okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna sem hefur miklu betri málsmeðferð í för með sér. (**Fél.- og trmrh.:** Er þetta samráð?) Þetta er samráð vegna þess að samráðið er eftir. (**Gripið fram í:** … afgreiða?) Nei, samráðið er eftir. Við erum að leggja þetta til til að spara tíma m.a. (Gripið fram í.) Nei, þetta er ekki það. Við skulum koma þessu í þennan farveg þannig að þingið verði starfhæft. Ef svo er eins og sagan segir að það eigi að klára þetta fyrir júnílok. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson bar á móti því að það væru einhverjar fyrirskipanir um það en samt fyrir mikla tilviljun rennur tímaplan hans í utanríkismálanefnd út 25. júní. Hvernig getur hann verið viss um að þá sé allt samráð búið? Við skulum ekki karpa um þetta, samþykkjum tillögu okkar. Þá höfum við sumarið til að ræða þessi mál og getum einbeitt okkur að því sem máli skiptir núna á þinginu — að koma bönkunum í gang.

Ég var á fundi í hv. viðskiptanefnd í morgun. Það var ekki bjart fram undan í þeim efnum. Við þurfum að einbeita okkur að því að koma bönkunum af stað, koma fyrirtækjunum, atvinnulífinu í gang, einbeita okkur að því sem máli skiptir. Setjum þetta í þann farveg að það taki ekki tíma frá því sem skiptir máli og taki tíma frá því (Forseti hringir.) sem við getum ekki vikið okkur undan að gera og gera strax.

[17:27]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hnaut um það í ágætri ræðu hv. þingmanns að hún kallaði eftir samráði. Hún kallaði eftir að leitað væri samráðs um málið. Samráðið sem hún býður hins vegar upp á er að fresta ákvörðun í málinu enn einn ganginn þegar ljóst er að atvinnulífið í landinu hefur brýna þörf fyrir skýra sýn og við vitum að við höfum ekki gjaldmiðil sem við getum byggt efnahagslega endurreisn á. Sem sagt frestun á máli þar sem við vitum að brýnir hagsmunir eru af tafarlausum ákvörðunum. Þetta er auðvitað ekki samráð. Þetta þýðir náttúrlega að við eigum enn einn ganginn að nálgast Evrópumálin á forsendum tafaherdeildarinnar í Sjálfstæðisflokknum, þess arms Sjálfstæðisflokksins sem aldrei vill koma að þessu verki og vill ekki vinna þetta verk og leitar að hverri útgönguleið og hverri leið til undanbragða til að komast hjá því að ræða Evrópumálin efnislega.

Við þekkjum alveg vegferðina hingað til og við vitum við hverju er að búast. Og það er mjög athyglisvert að í þeirri tillögu sem nú er lögð fram af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna tveggja, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, virðist einmitt þessi armur í Sjálfstæðisflokknum hafa fullan sigur ekki bara yfir öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins heldur líka yfir Framsóknarflokknum, því að tillagan felur það eitt í sér að tefja málið, búa til nýjan umræðufarveg og ákveða seinna hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu. Það getur auðvitað aldrei verið svar við tillögu sem hér lögð fram um að sótt verði um aðild strax.

Þeirri spurningu verður Sjálfstæðisflokkurinn náttúrlega einhvern tímann að fara að svara hvers vegna hann er á móti því að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu.

[17:29]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er merkilegt að heyra hæstv. félagsmálaráðherra tala í hæðnistón um umræðufarveg, enn einn umræðufarveginn. Mér verður orða vant. Umræðufarvegur innan umræðustjórnmálaflokksins Samfylkingarinnar hlýtur að vera eitthvað sem ætti að vera jákvætt.

Auðvitað er ekki verið að leggja til að fresta einhverju, það er verið að leggja til að málsmeðferðin verði bætt. Það er ekki boðlegt, hæstv. forseti, að þingið veiti framkvæmdarvaldinu og þar að auki í því tilviki að það er ekki einu sinni samstíga, það er ekki boðlegt að framkvæmdarvaldið, ósamstíga eins og það er, fái opinn tékka til samningaviðræðna við Evrópusambandið þegar ekkert er skilgreint í hverju það samningsumboð á að felast. Það er gefin einhver tímasetning um júní segir sagan. Og við það hvernig hæstv. ráðherra bregst við tillögu okkar þá rennur mér í grun að sú saga sé rétt. Ég ætti kannski að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það sé satt að það eigi að ljúka þessu máli fyrir júnílok til að koma því inn í Evrópusambandið. Vegna þess að tillaga okkar sem hann kallar umræðufarveg gerir ráð fyrir að málinu verði lokið með niðurstöðu til ákvörðunar á Alþingi í seinasta lagi 31. ágúst. Það er nú öll töfin sem tafaherdeildin, sem hann nefnir svo smekklega, leggur til.

[17:31]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmanni verður tíðrætt um hinn meinta opna tékka sem felist í þeirri tillögu sem lögð hefur verið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það stendur auðvitað ekki til að ganga fram hjá þinginu hvað það varðar, auðvitað mun þingið fylla út í þann tékka og auðvitað mun þingið í þinglegri meðferð þessarar tillögu taka afstöðu til þess hvernig það vill haga viðræðunum nákvæmlega. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að utanríkismálanefnd eigi að leika þar lykilhlutverk og ég er þeirrar skoðunar að öll sú vinna sem greind er í tillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eigi að fara fram í sumar í utanríkismálanefnd að samþykktri þeirri tillögu sem ríkisstjórnin leggur fram núna. Ágreiningurinn stendur bara um einn hlut: Ætlum við að sækja um aðild að Evrópusambandinu núna, taka þá grundvallarákvörðun sem er mjög mikilvæg fyrir atvinnulífið í landinu, sem öll helstu hagsmunasamtök, jafnt launþegamegin sem atvinnurekendamegin, kalla eftir, sem er mjög mikilvæg til þess að hægt sé að leggja hér grunn að sjálfbærum efnahagslegum stöðugleika? Eða ætlum við enn einn ganginn að tefja þetta mál?

Það þýðir lítið að nefna 31. ágúst sem niðurstöðudag fyrir þessa nefnd því að það er alveg ljóst að þá þarf að hefja að nýju umfjöllun málsins í þinginu. Af fenginni reynslu og vegna þeirra fjöldamörgu þröskulda sem lagðir hafa verið í veg þessara hugmynda sé ég þann kost vænstan að við vinnum málið með faglegum hætti í utanríkismálanefnd í sumar, að tekinni þessari ákvörðun sem er mjög mikilvægt að taka sem fyrst. Auðvitað á að taka ákvörðun um aðildarumsókn fyrir lok júnímánaðar, það liggur í augum uppi. Annars værum við ekki að ræða þetta hér á þessu sumarþingi.

[17:33]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi mjög svo skýru svör sem eru í hróplegu ósamræmi við það sem hv. formaður utanríkismálanefndar talaði um áðan að búið væri að taka ákvörðun um að klára þetta í júnímánuði. Hæstv. ráðherra staðfesti þá sögusögn sem uppi er. Þá vil ég hvetja hv. þingmenn Vinstri grænna sem eru í salnum til þess að kynna sér málið og vita að þeir hafa ekki tækifæri til að ræða þessi mál nema til júníloka.

Þingið á að fylla út tékkann, segir hæstv. ráðherra. Það er nákvæmlega það sem ég var hrædd um og fór aðeins yfir í ræðu minni að hið svokallaða samráð stjórnarflokkanna hræðir. Það er ekki samráð að koma með eitthvað og segja svo: Þetta leggjum við til. Viljið þið vera með, viljið þið — eins og í þessu tilfelli — hjálpa okkur við að koma þessu í gegn? Ýmsir hv. þingmenn Vinstri grænna (Gripið fram í.) hafa lýst því yfir að þeir ætli ekki að styðja þetta mál. Samfylkingin er orðin drulluhrædd um að málið komist ekki í gegn og ég held að þeim væri best að íhuga og skoða tillögu okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna vegna þess að ég held að það séu miklu meiri líkur á að hún fari í gegn. Ég heyri það á málflutningi hv. þingmanna Vinstri grænna að þeir eiga mun meiri samleið með málsmeðferð okkar.

Reyndar er það svo að hv. þm. Atli Gíslason hefur ákveðið að sitja hér og hlusta og fræðast um hvað er að gerast í stað þess að tjá skoðanir sínar og það kemur að vissu leyti á óvart. Við vitum svo sem hver skoðun hans er og við vitum að hann vill ekki frekar en velflestir þingmenn Vinstri grænna (**Gripið fram í:** … kominn í andsvör.) fara inn í Evrópusambandið. (Forseti hringir.)

Fyrst hv. þm. Árni Þór Sigurðsson (Forseti hringir.) er mættur væri fróðlegt að heyra álit hans á júníspurningunni.

[17:36]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Evrópumálin hafa nú verið rædd mjög lengi á Íslandi og það er kannski ástæða til þess að vekja athygli á því að upp úr 1960 veltu menn því mjög vandlega fyrir sér hvort skynsamlegt væri fyrir Íslendinga að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Að vel yfirlögðu ráði varð

niðurstaðan sú að það væri ekki skynsamlegt. Síðan hafa málin þróast með ýmsum hætti eins og allir vita en umræðan um Evrópumálin og sérstaklega tengsl okkar við Evrópusambandið hafa staðið mjög stríð alveg frá því að við gerðum hinn góða EES-samning. Þá voru umræðurnar mjög harðar en reynslan hefur sýnt okkur að það var skynsamleg ákvörðun á þeim tíma. Samningurinn hefur dugað og reynst okkur vel. Hann er ekki úreltur eins og margir hafa látið orð falla um, m.a. úr ræðustóli Alþingis. Þvert á móti er þetta lifandi og sívirkur samningur sem hefur komið okkur mjög að notum.

Ástæðan fyrir því að þessi umræða kviknar nú af meiri þrótti en áður er mjög einföld, við erum í vandræðum með gjaldmiðil okkar. Það hrun sem varð hér í efnahagsmálum sl. haust gerði það að verkum að menn fóru að velta fyrir sér hvort það gæti verið lausn á þeim vanda að ganga inn í Evrópusambandið með það í huga að taka upp evruna. Það er drifkrafturinn á bak við þá umræðu sem nú á sér stað. Það er ekkert annað sem hefur knúð á um að þessi umræða ætti sér stað vegna þess að við höfum þennan góða EES-samning og þurfum í raun og veru ekki að sækja nokkurn skapaðan hlut til Evrópusambandsins í þeim skilningi. Auk þess er alveg ljóst mál að í mjög veigamiklum atriðum mundi hagur okkar og ýmissa atvinnugreina okkar versna við aðild að Evrópusambandinu.

Á undanförnum árum hafa þessi mál verið rædd mjög mikið og menn hafa reynt að kafa ofan í ýmsa efnisþætti Evrópumálanna. Ýmsir hlutir eru okkur miklu betur ljósir nú en áður. Við vitum í raun og veru hver aðalatriðin eru, þau eru alveg skýr. Það er því mikill misskilningur sem stundum er haldið á lofti, að til þess að vita hvað er í boði þurfi menn að láta reyna á aðildarumsókn. Það er ekki rétt. Við vitum í raun og veru hverjir megindrættirnir eru. Það sem við þurfum hins vegar að átta okkur er hvernig við viljum setja þau mál sem við setjum í forgang inn í tiltekið samhengi og það er verkefnið sem fram undan er. Það verður ekki leyst með því að ganga til skilyrðislítilla aðildarviðræðna eins og hér er lagt til, það verður eingöngu gert með því að hafa eðlilegt verklag í þessum efnum.

Aðildarviðræður við Evrópusambandið eru ekki neitt áhlaupsverk. Við þurfum að leggja það algjörlega niður fyrir okkur hverjir eru okkar mikilvægustu hagsmunir og það verður ekki gert í einhverjum símskeytastíl eins og gert er í þessari þingsályktunartillögu. Það verðum við að gera með miklu vandaðri hætti. Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir hvernig þessi mál ríma við það sem við vitum nú þegar um stöðu Evrópusambandsins og mögulega stöðu okkar innan Evrópusambandsins. Þess vegna er það alveg augljóst mál að það verklag sem hæstv. ríkisstjórn — nei, afsakið, nú varð mér á mismæli, það er ekki hæstv. ríkisstjórn — ríkisstjórnarhlutinn hefur ákveðið að fara í er auðvitað algjörlega óviðunandi. (Gripið fram í.)

Ríkisstjórnarhlutinn sem stendur að þessu máli leggur það til að við byrjum á því að ákveða að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og þegar það hefur verið ákveðið förum við í undirbúningsvinnuna. Það er mjög sérkennilegt verklag. Menn nálgast þessi mál algerlega í öfugri röð. Tillagan gengur sem sagt út á að slá því föstu að fara í viðræður og reyna síðan að átta okkur á því hvort mikilvægustu hagsmunir okkar geti rímað við mögulega aðild.

Við sjáum líka að þetta er hrærigrautur, tilraun til þess að ná saman mjög ólíkum sjónarmiðum sem að baki þessari tillögu liggja og gleggst kemur það fram í þeirri makalausu málsgrein sem hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Málsaðilar áskilja sér rétt til að mæla með eða leggjast gegn samningnum þegar hann liggur fyrir enda eru settir margvíslegir fyrirvarar …“

Það er eins og þegar maður les auglýsingar um sölu á bílskrjóðum þar sem stendur: „Sá sem selur áskilur sér rétt til að taka tilboði eða hafna þeim öllum.“ Þannig ganga menn ekki til alvöruviðræðna um kannski eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar. Þetta er ekki eins og að selja bílskrjóð. Þegar menn ganga til slíkra viðræðna er það gert af fullum heilindum og fullri alvöru og þá á að liggja fyrir hverjir þessir málsaðilar eru. Það var ekki einu sinni skýrt, það þurfti að skýra það í umræðunni hér hvað hugtakið „málsaðilar“ þýðir. Er það ekki nokkuð ljóst mál að málsaðilar í þessu sambandi eru þeir sem bera ábyrgð á því að reyna að gera samninginn?

Það kæmi mér mikið á óvart ef Evrópusambandið tæki gott og gilt plagg sem byggist m.a. á þessari undarlegu málsgrein þegar það liggur ekki einu sinni almennilega fyrir við hvern er verið að semja. Er það ekki augljóst mál að sá sem gerir samninginn ætlast til þess að gagnaðilinn standi við samninginn, beri hann upp, fylgi honum eftir og reyni að fá hann samþykktan? Þeir a.m.k. sem staðið hafa í verkalýðsbaráttu vita að það skiptir öllu máli til þess að hafa trúverðugleika í samningagerð að sá sem gerir og undirritar samninginn standi að honum, vilji fylgja honum eftir og leggi allt sitt undir til þess að hann verði samþykktur. (Gripið fram í.)

Þess vegna liggur það ljóst fyrir, virðulegi forseti, að menn ganga til þessa leiks með hálfum huga, ekki síst Vinstri grænir, og er það mjög skiljanlegt vegna þess að við vitum að Vinstri grænir eru á móti því að ganga í Evrópusambandið. Um það hafa þeir margoft ályktað og þetta plagg er bara tilraun til þess að brúa hið óbrúanlega bil, það er ekkert flóknara en það. Samfylkingin lagði á það ofuráherslu í lok kosningabaráttunnar að það kæmi ekki til greina að mynda ríkisstjórn nema hún mundi sjá til þess að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu. Það vildu Vinstri grænir ekki. Þess vegna var hnoðast á orðalaginu vikum saman þangað til menn fundu eitthvað sem þeir gátu orðið sammála um, sumir hverjir, annars hefði þessi ríkisstjórn ekki verið mynduð. Það var aðgöngumiðinn að ríkisstjórninni.

Ég minni á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft mjög eindregna afstöðu varðandi Evrópusambandið. Ég sat á sínum tíma í nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna, sem þá sátu á Alþingi, sem fór yfir Evrópumálin. Vinstri grænir skrifuðu undir það álit með okkur sjálfstæðismönnum en skiluðu síðan séráliti vegna þess að þeir töldu okkur væntanlega ekki hafa gengið nægilega hart fram í Evrópusambandsandstöðunni. Þeir gengu í raun svo langt að í séráliti Katrínar Jakobsdóttur, varaformanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Ragnars Arnalds, sem var hinn fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns fram-

boðs í nefndinni, er sagt að skynsamlegast væri að þróa EES-samninginn frá því sem hann er núna í átt til einfaldari tvíhliða ramma um viðskipti og samvinnu. Með öðrum orðum, þau veltu því ekki fyrir sér hvort hugsa ætti um Evrópusambandsaðild, hvað þá að sækja um Evrópusambandsaðild. Hugmyndir þeirra gengu út á að fara alveg í þveröfuga átt.

Nú hefur það gerst á þessum vordögum að hluti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur ákveðið að kúvenda, snúa við 180°, sigla í þveröfuga átt. Þegar hin opinbera stefna og hið opinbera álit flokksins eru að reyna eigi að stefna út úr EES-samningnum inn í tvíhliða samninga, sem er allt annað mál, segir flokkurinn nú á vordögum að það sé þá betra að reyna að sækja um aðild núna án nokkurra skuldbindinga, eftir því sem mér sýnist.

Ég er ekki undrandi á því að menn verði órólegir þegar þessi mál eru rædd. Það er auðvitað ákveðið feimnismál þegar svona er komið. En það verður að hafa það, þetta er orðið opinbert mál, það liggur fyrir.

Það er eðlilegast þegar verið er að ræða um Evrópusambandsmálin að þau séu rædd og að fjallað sé um þau í eðlilegri röð og í rökréttu samhengi alveg eins og tillaga okkar og Framsóknarflokksins gengur út á. Þar er talað um að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands og vinna vegvísi að mögulegri aðildarumsókn. Hér var talað um að það væri einhver tafarpólitík. Er það tafarpólitík að reyna að vinna þessi mál efnislega, eitt stærsta málið sem er viðfangsefni þessarar ríkisstjórnar og okkar hér í dag, vegna þess að málið er hér á dagskrá? Er það tafarpólitík að reyna að vinna málið þannig að við gerum okkur nákvæmlega grein fyrir því hverjir okkar helstu hagsmunir eru og setja þá í samhengi við þá þekkingu sem við höfum á Evrópusambandsmálunum, sem er mikil, áður en við tökum afstöðu til þess hvort það sé ómaksins vert að leggja upp í þá miklu vegferð að ganga til samninga við Evrópusambandið? Auðvitað er það ekki tafarpólitík, það er skynsamleg, efnisleg og heiðarleg pólitík sem miðar að því að reyna að vinna þetta mikilvæga mál þannig að hægt sé að taka um það upplýsta, samviskusamlega ákvörðun á réttum tíma.

Það hefur margt verið gert til þess að reyna að skýra þessi mál. Ég sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á sínum tíma átti til að mynda fundi bæði með framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála Evrópusambandsins, Joe Borg, og framkvæmdastjóra landbúnaðarmála, Mariann Fischer Boel, til þess að fara yfir þessi mál. Við gerum okkur auðvitað alveg grein fyrir helstu efnisatriðunum um þau mál eftir þá fundi og eftir allt það sem skrifað og skrafað hefur verið. Að mínu frumkvæði á sínum tíma fór skrifstofustjóri úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Stefán Ásmundsson, til starfa á skrifstofu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á sviði sjávarútvegsmála vegna þess að eftir því var kallað af hálfu Evrópusambandsins. Það hafði áhuga á því að leita eftir þeirri sérþekkingu sem við hefðum í sjávarútvegsmálum.

Hér hefur mikið verið talað um að nú séu að renna upp góðir tímar í Evrópusambandinu í sjávarútvegsmálum. Mér er kunnugt um að á skrifstofu Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum er mikill vilji til þess að reyna að koma einhverju lagi á þessa sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins en Einar Oddur Kristjánsson heitinn sagði einhvern tíma að engar tölur væri að marka í þeim plöggum nema blaðsíðutölin á skjölunum. Auðvitað veit ég að það er fullur vilji af hálfu forustumanna Evrópusambandsins í þessum málaflokki að koma þessum málum í betra horf en það liggur hins vegar fyrir að það eru mjög ólíkir hagsmunir innan Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum. Þó að framkvæmdastjórinn vilji vel og reyni sitt besta hefur hann drösul að draga, það eru ólíkir hagsmunir innan sambandsins. Við vitum að það eru ákveðnir hlutir þar sem eru ófrávíkjanlegir í sambandi við sjávarútvegsmálin svo sem að löggjafarvaldið er hjá Evrópusambandinu, hámarksaflinn er ákveðinn af ráðherraráðinu, hlutfallslegi stöðugleikinn er ekki nema fugl í skógi og allt tal um að við fáum sérstök stjórnunarsvæði er margoft búið að afgreiða út af borðinu, svo mikið veit ég.

Þetta eru hlutir sem við áttum okkur á og sem við vitum. Þetta eru hlutir sem við þurfum að setja í samhengi með skipulegum hætti núna og átta okkur á því hvort það sé samrýmanlegt fyrir okkur á grundvelli þessara hagsmuna að ganga til samningaviðræðna við Evrópusambandið. Það er það sem tillaga okkar gengur út á og það er það sem greinir hana frá hinni vanhugsuðu tillögu ríkisstjórnarhlutans sem stendur að þessari tillögu.

Sama er að segja um landbúnaðarmálin. Búið er að fara rækilega yfir þau, ég minni t.d. á skýrslu fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, um Evrópumál, sem er mjög gott grundvallarplagg fyrir þessi mál. Þar er farið rækilega yfir þetta. Þar er sagt að tekjur sauðfjárbænda geti orðið svipaðar og núna en þá gleyma menn því að að kjötmarkaðurinn yrði augljóslega í uppnámi vegna þess að tollarnir falla niður — það er grundvallaratriði — frá fyrsta degi. Um leið og samningurinn við okkur yrði samþykktur mundi tollverndin falla burtu gagnvart Evrópusambandinu. Sama er varðandi mjólkina. Í þessari skýrslu segir einfaldlega: Tekjur bænda mundu lækka um helming. Tekjur í nautakjötsframleiðslu mundu lækka verulega. Svín, kjúklingar og egg — sú framleiðsla er nánast slegin af. Sagt er að íslenskur matvælaiðnaður muni eiga mjög undir högg að sækja enda má ekki gleyma því að það eru sögð vera ein mestu og helstu rökin fyrir því að ganga í Evrópusambandið, að lækka matarverð í landinu. Það gerist þá væntanlega ekki nema með því að verð til bænda lækkaði alveg eins og við vitum út frá reynslunni í Finnlandi þar sem verð til bænda lækkaði miklu meira en það gerði til neytenda af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja.

Virðulegi forseti. Kvartað var undan því áðan í þessari umræðu að það skorti efnislega umræðu um Evrópusambandið. Ég kaus þess vegna að eyða einhverjum nokkrum mínútum í þann þátt sem ég hef kynnt mér nokkuð. Ég segi það hispurslaust að það er enginn vafi í mínum huga að þessar atvinnugreinar yrðu verr settar, værum við innan Evrópusambandsins en utan þess. Hitt getur vel verið að menn telji að einhverjir aðrir hagsmunir séu svo veigamiklir að ástæða sé til að láta reyna á Evrópusambandsaðild. Þá hef ég sagt: Þá skulum við bara skoða þetta í réttu samhengi og þegar við erum búin að láta þá vinnu fara fram skulum við setja þá þekkingu, þá vinnu og þá yfirsýn sem

við höfum í eðlilegt samhengi þannig að við getum tekið afstöðu til málsins. Menn eiga ekki að vaða út í aðildarumsókn til Evrópusambandsins með það í huga að koma síðan með einhver skilyrði sem enginn veit á þessari stundu hver eiga að vera. Það er ekki heiðarlegt gagnvart okkur sjálfum, það er ekki heiðarlegt gagnvart Evrópusambandinu og það er ekki líklegt til þess að skila okkur góðum árangri.

[17:51]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Virðulegi forseti. Hér ræðum við um tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Fyrir þessari tillögu mælti hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson. Ljóst er að um þetta mál eru deildar meiningar bæði innan einstakra stjórnmálaflokka og meðal þjóðarinnar allrar. Nú þegar málið er komið inn í þingið er mikilvægt að hver og einn fylgi sannfæringu sinni og að málið fái málefnalega meðferð. Það er sameiginleg niðurstaða stjórnarflokkanna að afdrif þessa máls muni ekki hafa áhrif á samstarf innan ríkisstjórnarinnar enda er þessi ríkisstjórn ekki mynduð um það mál eitt að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Ég sakna þess að lítið hefur borið á því að þingmenn tali málefnalega um það mál sem hér er til umræðu, dragi fram sínar persónulegu skoðanir á Evrópusambandinu og hvort möguleg aðild að sambandinu sé það sem sé íslensku þjóðinni fyrir bestu. Mín skoðun varðandi þetta mál er mjög skýr, ég tel Íslandi best borgið utan ESB. Evrópusambandið felur í sér dýpra og víðtækara samstarf milli aðildarríkja og dregur úr möguleikum til sjálfstæðrar ákvarðanatöku í hinum ýmsu málaflokkum. Sambandið getur sjálft sett lög sem gilda sjálfkrafa í öllum aðildarríkjum og síaukin völd eru flutt frá aðildarríkjum til Brussel.

Sambandið starfar á sviðum frá heilsugæslu og efnahagsmálum að utanríkis- og varnarmálum. Dæmi um mál sem eru á höndum Evrópusambandsins eru peningastefna, landbúnaðarmál, sjávarútvegsmál, viðskipti, umhverfismál o.fl. Í framkvæmdastjórn ESB sitja nú 27 kommissarar, einn tilnefndur af hverju aðildarríki. Á Evrópuþinginu sitja alls 785 kjörnir fulltrúar og þar af fimm frá Möltu sem er fámennasta ríki sambandsins með um 400 þúsund íbúa. Ef við göngum út frá því að Ísland fái þar kjörinn sama fjölda fulltrúa og Malta eða fimm talsins erum við með innan við 1% af kjörnum fulltrúum á þinginu og dæmi svo hver fyrir sig um áhrif Íslendinga innan sambandsins.

Evrópusambandinu fylgir mikil samþjöppun valds á sama tíma og krafan um aukið lýðræði er mjög hávær, sér í lagi í íslensku samfélagi. Áhugi almennings á störfum Evrópuþingsins er að jafnaði mjög lítill. Kemur það m.a. fram í lítilli kosningaþátttöku til Evrópuþingsins sem víða er minni en til þjóðþinga og dæmi eru um að það séu innan við 20%.

Einnig má nefna að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna samræmir Evrópusambandið afstöðu aðildarríkja sinna og talar nær alltaf einni röddu á allsherjarþinginu gegnum fulltrúa þess ríkis sem fer með formennsku hverju sinni. Innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, fer Evrópusambandið með samningsumboð allra ríkja. Evrópusambandið talar auk þess einni röddu á öllum stórum alþjóðaráðstefnum Sameinuðu þjóðanna þannig að einstök aðildarríki koma þar ekki fram með sjálfstæðum hætti. Ef Ísland yrði aðili að ESB mundi sjálfstæð rödd þess að mestu hljóðna hjá Sameinuðu þjóðunum og á alþjóðaráðstefnum á þeirra vegum.

Það er alveg ljóst hvert Evrópusambandið stefnir, samruni í átt að sambandsríki sambærilegu Bandaríkjum Norður-Ameríku er markmiðið og er Lissabon-sáttmálinn dæmi um skref í þá átt. Um það ríkja miklar deilur og má nefna þjóðaratkvæðagreiðslu í Íran um Lissabon-sáttmálann í því samhengi þar sem sáttmálinn var felldur og á reyndar að fara aftur í atkvæðagreiðslu nú síðar á þessu ári.

Evrópusambandið hefur tekið yfir fjölþætt verkefni af aðildarríkjum, t.d. á sviði utanríkis- og öryggismála. Í Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins er kveðið á um skyldu aðildarríkja til að leggja af mörkum til sameiginlegra varna og öryggismála ESB. Samkvæmt þessu er einnig kveðið á um að ESB hafi sameiginlega öryggis- og varnarstefnu. Aðildarríkin skulu útvega það sem þarf til, t.d. til hernaðaraðgerða bæði innan og utan sambandsins. Það sjá allir hvert stefnir þarna. Virðulegi forseti. Menn verða að gera sér grein fyrir því að ef Ísland gengur í ESB göngum við í samband sem stefnir að því að verða hernaðarbandalag og þá er Ísland ekki lengur hlutlaust ríki.

Evrópusambandsaðild mundi veikja fæðuöryggi Íslands og byggðir landsins, það er staðreynd. Bændasamtök Íslands, Landssamband sláturleyfishafa og fleiri hafa farið ítarlega yfir þessi mál og ég hvet þingmenn til þess að kynna sér það sem þeir hafa gefið út í þessum efnum. Niðurstaða þessa er sú að Evrópusambandsaðild mundi þýða endalok fyrir íslenskan landbúnað eins og hann er í dag og menn skulu bara viðurkenna það ef það er það sem þeir vilja. Allar vangaveltur um annað eru byggðar á misskilningi og lítilli þekkingu á innviðum íslensks landbúnaðar.

Hvað varðar sjávarútveg er gríðarlega mikilvægt að Íslendingar fari með öll mál þegar kemur að íslenskum sjávarútvegi, bæði hvað varðar eigin fiskveiðistjórn og samninga við nágrannaríki. Evrópusambandið hefur átt í miklum vandræðum með sjávarútvegsstefnu sína og nýlegar yfirlýsingar um að sambandið hyggist flytja valdið í auknum mæli frá Brussel til aðildarríkja sýna þau vandamál sem sambandið er í. Það er hins vegar ekki komið í gegn og þrátt fyrir að svo væri minni ég á að þessari aðgerð er hægt að breyta aftur og um það mundu Íslendingar hafa lítið að segja því að þeir yrðu jú með fimm menn á Evrópuþinginu eða innan við 1%.

Það liggur ljóst fyrir að komist Alþingi að þeirri niðurstöðu að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu verður það ávallt í höndum íslensku þjóðarinnar að hafna eða samþykkja slíkan samning, það er staðreynd. Um aðildarviðræður og aðildarumsókn eru skiptar skoðanir en ég skil ekki tímasetninguna á aðildarviðræðunum, hvorki þingsályktunartillöguna sem utanríkisráðherra hefur mælt fyrir né tillögu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem felur í sér aðildarumsókn að Evrópusambandinu, mér hugnast hvorug þessara tillagna. Ég skil reyndar ekki að sú seinni sé alltaf að taka breytingum. En hvorug tillagan hugnast mér og raunar gerði ég þann fyrirvara við stuðning þessarar rík-

isstjórnar um að ég mundi ekki styðja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Í mínum huga er núverandi tímasetning í ofanálag algjörlega röng. Fyrir liggja mjög stór, erfið og umfangsmikil verkefni hér á landi sem mikilvægt er að takast á við af fullum krafti, t.d. að tryggja að gjaldeyristekjur landsins dugi til að standa undir erlendum skuldbindingum og nauðsynlegum innflutningi, að koma bankakerfi landsins í gang og ná jafnvægi á ríkisfjármálunum. Í því sambandi minni ég á að halli ríkissjóðs á þessu ári verður um 170 milljarðar. Já, virðulegi forseti, halli ríkissjóðs verður yfir 500 þúsund á hvern Íslending á þessu ári. Þeim halla þarf að ná niður og það er gríðarlega stórt og erfitt úrlausnarefni. Það er ástæða þess að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa rætt við aðila vinnumarkaðarins og fleiri um að ná þjóðarsátt um það sem fram undan er.

Um Evrópusambandið eru jú skiptar skoðanir, eins og ég hef komið inn á, en ég er þeirrar skoðunar að aðild að Evrópusambandinu aðstoði okkur á engan hátt í þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir. Það er mjög slæmt að binda mannskap, embættismenn, í ráðuneytum, eyða dýrmætum tíma í þinginu og eyða fjármunum í þessar viðræður á næstu árum á sama tíma. Fyrir liggur niðurskurður á öllum sviðum samfélagsins.

Að undanförnu hefur Evrópusambandsumræðan verið drifin áfram af umræðu um lækkun vaxta, afnám verðtryggingar og upptöku evru. Þeir þættir nást ekki í gegn um leið og gengið er inn í Evrópusambandið. Það er lykilatriði að hér á landi ríki góð og sterk hagstjórn og að við Íslendingar náum tökum á þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir. Ég er því fylgjandi að skoða alla möguleika hvað varðar myntstefnu Íslendinga og vil að slík vinna sé sett í gang en ég vara við því að Evrópusambandsumræðan sé hvött áfram á þeim forsendum sem gert hefur verið.

Að lokum vil ég segja að við skulum hafa það hugfast um hvað Evrópusambandið snýst raunverulega og að það skuli vera að þróast í þá átt að verða eitt ríki. Í því sambandi er mikilvægt að spyrja sig hvernig Evrópusambandið verði, ekki eftir 2–3 ár heldur eftir 30–40 ár eða 50–100 ár og hver staða, möguleikar og sjálfsákvörðunarvald Íslendinga innan sambandsins verða bæði nú og þá.

Með leyfi forseta, vil ég vitna í orð sem norskur sérfræðingur í Evrópumálum lét falla í Kastljóssþætti 19. maí sl. þar sem hann spurði Íslendinga að því að ef Evrópusambandið væri svarið, hver væri þá spurningin.

[18:01]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get að öllu leyti tekið undir ræðu hv. þingmanns og greiningu hans á því að aðild að Evrópusambandinu sé í reynd einangrunarstefna og að Evrópusambandið sé að þróast í átt til ríkis og ég hef svo sem sagt það líka sjálfur. Mér finnst mjög ánægjulegt — þetta er eiginlega í fyrsta skipti sem ég heyri það, frú forseti, að hér sé talað til framtíðar um stöðu Evrópusambandsins.

Mig langar því til að spyrja hv. þingmann af því að svo vill til að sú tillaga sem við ræðum hér, aðildarumsókn að Evrópusambandinu, er flutt af ríkisstjórninni og þar stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“

Ríkisstjórnin flytur þessa tillögu og hv. þingmaður styður ríkisstjórnina, hann er í rauninni að stuðla að því að ríkisstjórnin leggi fram aðildarumsókn um Evrópusambandið þó að hann sé svona hjartanlega á móti því. Hvernig ætlar hann að réttlæta það fyrir kjósendum sínum að Ísland sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu með stuðningi hans því að hann styður ríkisstjórnina? Eða er hann horfinn frá stuðningi við ríkisstjórnina og mundi hann greiða vantrausti á ríkisstjórnina atkvæði hér og nú í kjölfar þessarar tillögu til þingsályktunar? Ríkisstjórnin hefur ekki nema 34 þingmenn í meiri hluta og ekki þarf nema tvo eða þrjá af þingmönnum, stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar til að greiða atkvæði með vantrausti á ríkisstjórnina og þá er hún fallin og þar með er þetta vandamál, sem hv. þingmaður er svo eindregið á móti, horfið. En hann er í rauninni að stuðla að því að Ísland sæki um aðild og það kann að verða til þess þegar fólk fer að lofa þetta, töfrabrögðin og fagurgalinn og allt þetta og hótanirnar, að þetta verði samþykkt (Forseti hringir.) þegar það kemur frá Evrópusambandinu.

[18:03]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir hans innlegg. Það er nú svo að hver þingmaður er bundinn sannfæringu sinni og stuðningur minn við ríkisstjórnina var með fyrirvara um að ég mundi ekki styðja þessa þingsályktunartillögu, báðir flokkar voru meðvitaðir um það. Já, ég styð þessa ríkisstjórn enda er hún mynduð, eins og kom fram í ræðu minni, um fleiri málefni en þetta eitt. Í þessu máli styð ég ekki þessa tillögu og mun ekki gera það.

[18:04]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit ekki hvað í huga hv. þingmanns er mikilvægt en í mínum huga er það afskaplega mikilvægt að þjóðin haldi fullveldi sínu og sjálfstæði og það gengur yfirleitt yfir allt annað. Nú er spurningin: Hvaða hagsmunir eru það sem vega meira í huga hv. þingmanns svo hann styðji ríkisstjórnina en þeir að Ísland lendi hugsanlega inni í Evrópusambandinu? Mig langar til að spyrja að þessu. Eru einhverjir hagsmunir hv. þingmanni meira virði en þeir að Ísland tapi fullveldi sínu og sjálfstæði?

[18:04]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get upplýst hv. þingmann um að það er lykilatriði fyrir íslensku þjóðina að halda sjálfstæði sínu, það er alveg grundvallaratriði. Ég undra mig á þessari spurningu því að ég held að þetta liggi ljóst fyrir eftir ræðu mína. (Gripið fram í.) Ríkisstjórnin leggur fram þingsályktunartillögu sem kemur til meðferðar í þinginu og það sorglega er í mínum huga, af því að ég er mótfallinn því að farið verði í aðildarviðræður eins og kom fram í ræðu minni, að

hér eru tvær þingsályktunartillögur. Hv. þm. Pétur H. Blöndal lagði fram aðra þeirra því að nafn hans fylgir með á þingsályktunartillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Það sorglega er ef þinglegur styrkur verður fyrir því að fara í aðildarviðræður. (Gripið fram í.) Því er ég mótfallinn og ég mun greiða atkvæði gegn því, af því að eins og kom fram í ræðu minni þá er sjálfstæðið sívirk auðlind. Ég taldi mig hafa skýrt þetta nokkuð vel út í ræðunni.

[18:06]

Skúli Helgason (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta er stór dagur. Í dag má segja að formlega hefjist ferli sem vonandi mun innan fárra missira leiða til þess að íslenska þjóðin fái tækifæri til að taka um það upplýsta ákvörðun hvort hún vilji að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu í sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir þinginu gerir ráð fyrir því að Alþingi samþykki að fela ríkisstjórninni að senda inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu strax í sumar og að aðildarviðræður geti hafist síðar á þessu ári að loknu ítarlegu samráðsferli um samningsmarkmið Íslendinga. Þetta er stór dagur fyrir þjóðina en þetta er líka stór dagur fyrir Alþingi. Þessi stofnun hefur legið undir ámæli árum og jafnvel áratugum saman fyrir að vera afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið í stað þess að vera fullburða og sjálfstæð löggjafarsamkoma sem hefur forræði í mikilvægri lagasetningu jafnframt því að veita framkvæmdarvaldinu málefnalegt og faglegt aðhald. Með þeirri málsmeðferð sem hér er lögð til er Alþingi Íslendinga fengið í hendur mikilvægt vald til að koma á rekspöl máli sem hefur verið í þjóðfélagsumræðunni í tæpan aldarfjórðung og hefur kallað fram heitar tilfinningar með og á móti. Stuðningsmenn hafa kallað ESB-aðild mesta þjóðþrifamál samtímans en andstæðingar látið í veðri vaka að aðild fylgdi afsal ekki bara fullveldis heldur hvorki meira né minna en yfirráða yfir mikilvægustu auðlindum þjóðarinnar.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar, og í fullu samræmi við stefnu Samfylkingarinnar allt frá árinu 2005, að samningsmarkmið skuli móta í samráði allra flokka og helstu hagsmunaaðila í samfélaginu og það ferli mun væntanlega hefjast strax í næstu viku. Ég mun því ekki eyða miklum tíma í að fjölyrða um samningsmarkmiðin að sinni en tel einboðið að krafan um forræði Íslendinga yfir sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar, hvort sem er í sjó eða landi, hljóti að vera helsta samningsmarkmið okkar í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Ég kvíði ekki niðurstöðu þeirra viðræðna og tel reyndar að það liggi í augum uppi að það væru ekki 27 ríki í Evrópusambandinu ef gjaldið sem þau greiddu fyrir aðild að því væri að fórna yfirráðum yfir helstu náttúruauðlindum sínum.

Á sama hátt tel ég umræðuna um fullveldisafsal á nokkrum villigötum því að þó að það sé vissulega rétt að ESB-aðild felur í sér ákveðið valdaafsal er að mörgu leyti nákvæmara að tala þar um afsal á hluta ríkisvalds en afsal á fullveldi. Fullveldi er stórt orð sem í huga flestra kallar fram tilfinningar um sjálfstæði og sjálfsforræði í málum sem varða þjóðarhag. Ég tel að fáir komist langt með þá röksemdafærslu að þjóðir á borð við Þýskaland, Frakkland eða Bretland hafi fórnað sjálfstæði sínu með aðild að Evrópusambandinu nú eða frændur okkar Svíar, Finnar og Danir. Hins vegar tel ég að halda megi því fram að við Íslendingar höfum á undanförnum 15 árum með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu afsalað okkur umtalsverðum hluta af sjálfsforræði okkar með því að lögleiða 4 þúsund gerðir Evrópusambandsins án þess að hafa formlega aðkomu að innihaldi þeirra gerða.

Virðulegi forseti. Að þessum orðum sögðum vil ég undirstrika að sú tillaga sem hæstv. utanríkisráðherra mælti fyrir í dag kallar ekki á það að þingheimur skipi sér í fylkingar með og á móti aðild að Evrópusambandinu. Þvert á móti er hlutverk Alþingis í þessu máli fyrst og fremst að setja af stað ferli sem í fyllingu tímans gefi þjóðinni tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun um það hvort hagsmunum hennar er betur borgið innan eða utan Evrópusambandsins. Í því felst krafa um víðtækt samráð allra stjórnmálaflokka á þinginu en einnig hagsmunaaðila, launþegahreyfingar, atvinnurekenda, bænda, sjómanna, útvegsmanna, neytenda, fræðimanna, landsbyggðar og höfuðborgar. Ef þessi þingsályktunartillaga um aðildarumsókn fær meirihlutastuðning í þinginu hefst langur ferill sem kallar á mikla og vandaða vinnu jafnt á Alþingi, í Stjórnarráðinu, meðal hagsmunasamtaka, í háskólasamfélaginu og í opinberri umræðu almennings og fjölmiðla. Allir þessir aðilar þurfa að koma að því mikilvæga verki sem er að skilgreina og útfæra hver eigi að vera samningsmarkmið Íslendinga í aðildarviðræðum við Evrópusambandið og þá skiptir engu minna máli að hlusta á og taka tillit til röksemda þeirra sem eru andvígir inngöngu í sambandið en hinna sem eru henni fylgjandi. Hver sem afstaða okkar er til aðildar að Evrópusambandinu erum við öll Íslendingar sem berum hag þjóðarinnar fyrir brjósti jafnt nú og í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Þjóðin ber takmarkað traust til Alþingis samkvæmt nýlegum viðhorfskönnunum. Einungis 20% þjóðarinnar báru mikið traust til þessarar stofnunar í könnun sem fyrirtækið Markaðs- og miðlarannsóknir birti í gær og tekin var fyrr í þessum mánuði. Traustið hefur að vísu heldur aukist frá því í desember þegar einungis 13% báru mikið traust til Alþingis en þetta er engu að síður falleinkunn hvernig sem á hana er litið. Það er á ábyrgð okkar allra, hvar í flokki sem við stöndum, og á að vera sameiginlegt metnaðarmál okkar allra að hefja Alþingi til vegs og virðingar á ný. Það gerum við með því að sýna í verki að við séum traustsins verð. Það gerum við með málefnalegri umræðu hér í þinginu, með því að hefja okkur upp úr skotgröfum hefðbundinna flokkastjórnmála, með því að setja hagsmuni þjóðarinnar í fyrsta sæti og með því að fylgja sannfæringu okkar eins og stjórnarskráin boðar okkur. Ég leyfi mér að láta í ljós þá von að þingmenn í öllum flokkum hafi þetta hugfast við meðferð og afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu.

Sú tillaga sem hér er til umræðu er söguleg því að hún byggir á sátt sem er að verða til í samfélaginu og meðal stjórnmálaflokkanna um meðferð máls sem hefur klofið þjóðina í andstæðar fylkingar. Sáttin felst í því að jafnt fylgjendur sem andstæðingar aðildar eru sammála um að málið eigi að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þessari sátt felast mikilvæg skilaboð til stjórnmálaflokkanna um

að bera virðingu fyrir því að málið er ekki aðeins örlagaríkt fyrir þjóðina, það er í eðli sínu einstakt því að það verður ekki þingið heldur þjóðin sem mun eiga síðasta orðið í þessu máli. Hlutverk okkar á þinginu er að tryggja að þjóðin hafi nægilegar upplýsingar til að geta tekið rökstudda afstöðu til málsins. Sérstaklega er málið prófsteinn á það hvort flokkarnir eru þess umkomnir að sýna í verki að þeir treysti þjóð sinni til að taka upplýsta ákvörðun.

Í dag eru Evrópumálin loksins komin í skýran farveg eftir þöggun, hunsun og tafir á hinu pólitíska sviði um árabil, og ég fagna því að allir flokkar skuli nú tilbúnir að setja þetta mál á dagskrá með afgerandi hætti. Það er mikið framfaraskref og vekur vonir um að nú séu að hefjast nýir tíma í íslenskum stjórnmálum þar sem hversdagslegar pólitískar skylmingar víki fyrir vandaðri málsmeðferð a.m.k. þegar brýnir þjóðarhagsmunir eru í húfi.

Virðulegi forseti. Þetta er sögulegur dagur fyrir Alþingi, fyrir þjóðina, fyrir lýðræðið.

[18:13]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu og hefur verið rædd í allan dag er um margt söguleg í ljósi þess að þessi mál, málefni Evrópusambandsins og hagsmunir Íslands af inngöngu í sambandið, hafa auðvitað verið til umræðu í hinu pólitíska lífi í mörg ár og í raun allt frá því að aðild Íslands að EES-samingnum var til umræðu hér í kringum 1990.

Sú sem hér stendur hefur þegar setið í nokkrum nefndum um tengsl Íslands og Evrópusambandsins, þeirri fyrstu sem Björn Bjarnason stýrði og tók til starfa árið 2004 og skilaði af sér ítarlegri skýrslu árið 2007, og einnig í þeirri nefnd sem stýrt var af hv. þingmönnum Illuga Gunnarssyni og Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrrverandi varaformanni Samfylkingarinnar, á síðasta kjörtímabili. Þessi málefni hafa því verið til umræðu í hinni pólitísku orðræðu árum saman og ljóst að sitt hefur sýnst hverjum og mjög margvíslegir hagsmunir tengjast þessari umræðu.

Það sem oftast er rætt þegar rætt er um Ísland og Evrópusambandið eru auðlindirnar, aðgangurinn að fiskveiðiauðlindinni, hugsanleg framtíð landbúnaðarins og yfirráð yfir auðlindum, hvort sem þær eru á sjó eða á landi, og hvernig Íslandi mundi farnast innan auðlindastjórnunar Evrópusambandsins. Þar hafa ýmis álit verið lögð fram og margir haft sína skoðun á því hvernig okkur mundi farnast en það er ljóst að menn eru ekki á eitt sáttir um það þó að sú sem hér stendur telji ljóst að hagsmunum okkar sé betur borgið utan sambandsins út frá þeirri auðlindastefnu sem þar hefur ríkt, bæði fiskveiðistjórnarstefnu og landbúnaðarstefnu.

Fleiri pólitískar spurningar tengjast Evrópusambandinu, það er Evrópusambandið sjálft, hvernig það hefur þróast á undanförnum árum og áratugum. Þróunin þar hefur verið mjög hröð og mikil allt frá því að það var stofnað á sínum tíma sem fyrst og fremst viðskiptabandalag í kringum kol og stál. Samskipti þeirra ríkja sem myndað hafa Evrópusambandið, sem áður hét Evrópubandalagið, hafa síðan orðið umfangsmeiri og hagsmunirnir hafa orðið æ margvíslegri. Þannig hefur sambandið stækkað, ríkjunum fjölgað, íbúum á svæði þess fjölgað og sambandið farið að ná til fleiri og fleiri þátta í daglegu lífi fólks. Það hefur ekki bara snúist um viðskipti heldur líka um löggjöf á margvíslegum sviðum hvort sem það er á sviði atvinnumála, félagsmála, umhverfismála eða annarra málaflokka.

Hvert sambandið stefnir nú er í raun og veru ekki alveg ljóst. Mótuð voru drög að ítarlegri stjórnarskrá fyrir Evrópusambandið sem voru felld á sínum tíma í þjóðaratkvæði í Frakklandi og Hollandi og var það ákveðið bakslag í þróun sem hafði verið í Evrópusambandinu sem snerist í raun og veru um að færa ríkin nær hvert öðru, að þróa þetta meir í átt að sameiginlegu ríki fremur en ríkjasambandi. Stjórnarskráin miðaði að meiri sameiningu í ýmsum málaflokkum, sameiginlegri rödd t.d. í utanríkismálum, og þetta varð því ákveðið bakslag fyrir þá sem hefðu viljað sjá Evrópusambandið þróast hraðar í átt að sameiginlegu evrópsku ríki. Stjórnarskráin var svo endurskoðuð og henni breytt í það sem kallað hefur verið Lissabon-sáttmálinn sem var svo felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi, sem var enn eitt bakslagið fyrir Evrópusambandið eða þá aðila innan þess sem hafa viljað sjá sambandið þróast í átt að ríki. Í raun má segja að enn sé allt óljóst um þá framtíð því að Lissabon-sáttmálinn verður svo aftur til afgreiðslu á Írlandi núna í haust og auðvitað mun afgreiðsla Íra á sáttmálanum ráða miklu um það hver þróunin verður.

Þeir sem hafa fylgst með þróuninni átta sig líka á því að stækkun sambandsins hefur breytt áherslum innan þess og sumir helstu Evrópusinnar innan Evrópusambandsins — ég get nefnt sem dæmi hinn þekkta þýska græningja Joschka Fischer — hafa bent á að stækkunin leiði í raun og veru til þess að minni líkur séu á því að Evrópusambandið verði ríki, að það verði í raun og veru laustengdara samband. Evrópusambandið er ekki eitt óumbreytanlegt fyrirbæri, það er ljóst að þróunin innan þess hefur verið hröð og enn þá sér ekki fyrir endann á því hver hún mun verða. Það virðist vera erfitt fyrir marga að taka skýra afstöðu til Evrópusambandsins og hvert eigi að stefna í þeim málum, bæði út af því að fólk telur sig ekki vita hvernig hagsmunum Íslands verði best borgið, fólk telur sig ekki vita nákvæmlega hvernig samningurinn við Evrópusambandið muni koma út fyrir Ísland, út frá t.d. yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindinni, út frá hvernig landbúnaður verði skilgreindur en líka spilar þar inn í að þróunin innan Evrópusambandsins er ekki skýr og ekki ljóst hvert stefnir.

Þeir sem hafa haft efasemdir um Evrópusambandið sem fyrirbæri á annað borð benda á það líka að þetta er yfirþjóðlegt batterí og sem slíkt er það auðvitað útilokandi fyrir aðrar þjóðir sem standa utan Evrópu. Það hefur verið eitt helsta gagnrýnisatriði, t.d. róttækra vinstri manna, á Evrópusambandið að það er í raun og veru kapítalísk eining sem byggist á ákveðnum markaðshvötum og útilokar um leið aðrar fátækari þjóðir frá þeim viðskiptahagsmunum sem þar stjórna, enda hafa yfirlýst markmið Evrópusambandsins verið að gera Evrópu að samkeppnishæfasta hagkerfi heims.

Enn ein gagnrýnin sem hefur verið nefnd í tengslum við Evrópusambandið eru auðvitað lýðræðismálin og sá lýðræðishalli sem hefur því miður tíðkast innan sambandsins og er í raun viðurkenndur innan þess og snýr að því að

ákvarðanir eru ekki endilega teknar mjög lýðræðislega. Það sést á því að t.d. er ekki farið með Lissabon-sáttmálann í þjóðaratkvæði nema hjá einu aðildarríki. Enn fremur að mjög margar ákvarðanir eru teknar eingöngu í framkvæmdastjórninni og ráðherraráðinu en færri ákvarðanir hafa verið teknar á Evrópuþinginu. Þó að ætlunin með þessum sama Lissabon-sáttmála sé einmitt að reyna að styrkja Evrópuþingið hafa menn lýst áhyggjum af því að lýðræðishallinn sé of mikill, hinn almenni kjósandi hafi lítil áhrif á það hvert sambandið þróist og hver þróun mála verði af því að atkvæði greitt Evrópuþinginu skili í raun og veru ekki áhrifum. Þetta hefur því miður sést í bágri þátttöku í kosningum til Evrópuþingsins en sú þátttaka á það til að fara niður í 30–40% sem hlýtur auðvitað að vera sérstakt áhyggjuefni fyrir Evrópusambandið, þ.e. hversu bág þátttakan er.

Hafandi sagt þetta er auðvitað ljóst að álitamálin eru mörg. Eitt hef ég auðvitað ekki nefnt hér og það eru hin efnahagslegu rök sem hafa verið hvað mest áberandi á undanförnum mánuðum, eðlilega, í umræðunni um Evrópusambandið á Íslandi. Hin efnahagslegu rök tengjast að sjálfsögðu því að Evrópusambandið hefur þróast í þá átt á undanförnum árum að taka upp æ meiri sameinaða efnahagsstjórn og þegar evran var tekin upp á sínum tíma var það lokastig á ákveðnu peninga- og myntsamstarfi sem ætlað var að skapa meiri stöðugleika í efnahagsmálum innan Evrópusambandsins.

Þetta hafa auðvitað verið notuð sem rök hér á Íslandi nú þegar við eigum í okkar miklu efnahagserfiðleikum að þetta gæti verið leið út úr vandanum, þ.e. að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Sá hængur er á þeirri hugmynd að til að taka upp evru þarf að uppfylla ýmis skilyrði, Maastricht-skilyrðin svokölluðu, og þau er að sjálfsögðu ekki auðvelt að uppfylla miðað við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi en þau miðast við ákveðin verðbólgumörk, ákveðinn viðskiptahalla, ákveðna skuldastöðu sem við erum langt frá því að uppfylla og því má efast um að þessi efnahagslegu rök séu sérstaklega gild í því samhengi sem við ræðum þessi mál hér og nú. Enn fremur er auðvitað ljóst að staða mála á evrusvæðinu er ekki sérstaklega góð um þessar mundir frekar en nokkurs staðar annars staðar og sérstaklega vil ég nefna atvinnuástand en atvinnuleysi á því svæði hefur verið í kringum 8–9% að undanförnu sem er auðvitað áhyggjuefni að atvinnuleysið sé í raun nýtt sem hagstjórnartæki á þessu svæði en það má segja að í staðinn komi ákveðinn stöðugleiki í öðrum efnum þannig að lausnin sem þessu fylgir er kannski ekki einlit og einhlít.

Þetta eru aðeins nokkur af þeim álitamálum sem tengjast Evrópusambandinu og gera það að verkum að umræðan er oft og tíðum erfið því að þetta er ekki svart/hvít umræða, þetta er að mörgu leyti umræða sem er á gráu svæði, það eru kostir og það eru gallar. Þegar öllu er á botninn hvolft, man ég að einhver ágætur Evrópufræðimaður sagði einhvern tíma, snýst þetta um það hvernig okkur líður í hjarta okkar með það að afsala okkur fullveldi að hluta. Og um það snýst auðvitað málið, það er verið afsala ákveðinni stjórn til Brussel, stjórn á fiskveiðum, stjórn á landbúnaði, stjórn mála í auknum mæli. Aðrir koma á móti og segja að við höfum þegar afsalað okkur fullveldi með EES-samningnum og við eigum frekar að sitja við þetta borð og þótt við munum ekki eiga marga fulltrúa við það skipti það máli.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir og ég hef í raun og veru ekki rætt — enda hef ég fyrst og fremst verið að ræða þau álitamál sem hafa verið uppi í umræðunni um Evrópusambandið og hafa sett svip sinn á þá umræðu — snýr fyrst og fremst að því að með því að sækja um aðild að Evrópusambandinu fari málið í þann farveg að út úr því komi samningur sem hægt verði að vísa til íslensku þjóðarinnar þannig að hún komi að þessu máli, þannig að hún fái það á hreint hvað felst í þessari aðild, þannig að umræðan verði upplýst, að komið verði á hreint ýmsum málum sem tengjast t.d. sjávarútvegsstefnunni og sem tengjast t.d. landbúnaðinum. Að því leytinu til held ég að það skipti máli að þessi tillaga sé komin fram því að hún snýr að því að þetta mál fái lýðræðislega niðurstöðu. Það er það sem skiptir máli í þessum efnum, að þjóðin komi að þessu máli og ákveði það lýðræðislega hvort hún vilji gerast aðili eða ekki.

Á öllum Norðurlöndum þar sem sótt hefur verið um aðild að Evrópusambandinu, í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörku, kannski sérstaklega þó í þremur fyrstnefndu löndunum, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi, hafa skoðanir verið mjög skiptar um aðildarumsókn. Í Finnlandi var fjögurra flokka ríkisstjórn sem sótti um á sínum tíma, tveir voru mjög fylgjandi aðild, tveir flokkanna voru tvístígandi í málinu. Í Svíþjóð voru mjög skiptar skoðanir bæði meðal almennings og í pólitíkinni, og bæði fyrir og eftir kosninguna var sagt að þjóðaratkvæðagreiðslan um samninginn í Svíþjóð hefði verið eina skoðanakönnunin sem hefði skilað jái um langt skeið bæði fyrir og eftir, því að það var ávallt meiri hluti á móti aðild bæði fyrir og eftir í Svíþjóð um langt skeið. Í Noregi var það klofinn Verkamannaflokkur sem setti fram umsóknina á sínum tíma og stór hluti hans greiddi atkvæði á móti umsókninni þegar Gro Harlem Brundtland lagði þetta mál fram á sínum tíma í norska þinginu.

Þetta sýnir í raun og veru að málið er umdeilt og klýfur þjóðir og ég held að það sé líka mjög mikilvægt að sú umræða sem á eftir að fara fram í samfélaginu verði ekki til að kljúfa þjóðina heldur verði í þá átt að upplýsa málið, ræða það út frá því sem við þekkjum og vitum, að umræðan verði ekki í skotgröfum, því að þetta er auðvitað gríðarlega stórt mál fyrir íslenska þjóð að taka afstöðu til á einhverjum slíkum forsendum. Og það er auðvitað stóra málið, að íslenska þjóðin taki þessa ákvörðun á endanum með lýðræðislegum hætti.

[18:28]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Hér er um stórt mál að ræða, hvort Íslendingar eigi að leita eftir því að fá samninga upp á borðið hjá Evrópusambandinu. Ég tel að svo sé. Við höfum hér á þessu ágæta landi okkar rætt um þetta mál um langt árabil og ég tel brýnt að það fáist niðurstaða í það..

Niðurstaða í málið fæst ekki með öðrum hætti en að við leitum samninga, fáum samninginn upp á borðið. Og sá sem hér talar er ekki slíkur Evrópusinni að honum sé sama hvernig sá samningur lítur út. Ég held að það sé enginn svo

mikill Evrópusinni hér á Íslandi að honum sé sama um hvernig samningurinn lítur út. En þennan samning fáum við ekki að sjá fyrr en við förum í samningaviðræður. Það er lykilatriði í þessu máli.

Þá ber annað að hafa í huga, við þurfum að undirbúa mjög rækilega það ferli sem fram undan er svo við komum ekki tómhent til samninga við Evrópusambandið þegar og ef þetta mál fer með þeim hætti. Ég vona að meiri hluti þings vilji að við leggjum inn aðild að Evrópusambandinu og leitum samninga við það um það samningsmarkmið sem við erum sátt um. Sú sátt verður að vera breið. Hún þarf að byggja á sátt alls atvinnulífsins til sjávar og sveita. Hún þarf að byggja á sátt iðnaðarins svo og allra annarra atvinnugreina hér á landi en ég vil líka nefna að hún þarf að byggja á sátt allra byggða í landinu.

Hugsanleg Evrópusambandsaðild er að mínu viti byggðaaðgerð. Reykjavíkurvaldið hefur ekki leikið byggðirnar í landinu neitt sérstaklega vel. Það hefur verið upptekið af því að halda fram einhverri mestu byggðaaðgerð Íslandssögunnar sem er stjórnsýslan á Reykjavíkursvæðinu og hún hefur að mörgu leyti skilið eftir byggðirnar úti um land sem afgangsstærð í íslensku samfélagi. Það er mjög miður.

Ég tala fyrir sókn í byggðamálum. Ég tala fyrir sókn í atvinnumálum úti á landi með flestum þeim ráðum sem þar duga og ég tel að það séu sóknarfæri falin í því fyrir byggðirnar úti á landi að leita eftir samningi við Evrópusambandið.

Það hefur ekki falist nein sérstök sókn fyrir byggðasvæðin úti á landi að láta ríkisvaldinu í Reykjavík eftir málefni. þess. Við sjáum það ekki einvörðugu í atvinnuleysistölum úti á landi. Við sjáum það líka í öðrum tölum sem eru miklu merkilegri, það eru íbúatölurnar. Íbúatölurnar (Forseti hringir.) segja okkur kannski fyrst og fremst hvernig landsbyggðin hefur verið leikin á síðustu árum (Forseti hringir.) en ég tel að það sé mjög mikilvægt að við skoðum þá möguleika sem landsbyggðin sérstaklega hefur þegar kemur að aðildarumsókn að Evrópusambandinu. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti spyr hv. þingmann hvort hann sé með lengra mál eða hvort hann ætli að fresta ræðu sinni þar sem forseti hyggst fresta þessari umræðu nú og nýr fundur verður boðaður. Síðan heldur umræðan áfram. Vill hv. þingmaður fresta ræðu sinni eða ljúka henni?)

Frú forseti. Ég skal gera hlé á ræðu minni. Ég get svo sem haldið áfram lengi kvölds. [Hlátur í þingsal.] Ég var byrjaður á að ræða þann þátt sem lýtur að landsbyggðinni og mér hún mjög kær. En ef ég fæ að koma aftur að þeim lið ræðunnar seinna meir skal ég verða við ósk frú forseta hér og nú.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti er afar þakklát hv. þingmanni fyrir að vilja hliðra til varðandi fundarfyrirkomulagið.)

[18:33]

Útbýting:

Lokafjárlög 2007, 57. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 59.

Olíugjald og kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki o.fl., 56. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 57.

Úthlutun byggðakvóta, 11. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 58.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 18:33.

---

9. FUNDUR

fimmtudaginn 28. maí,
að loknum 8. fundi.

Dagskrá:

1. Olíugjald og kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki o.fl., stjfrv., 56. mál, þskj. 57. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38. — Frh. fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:36]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 45:4 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, EKG, EyH, GuðbH, GStein, GBS, HHj, IllG, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SER, SII, SkH, SJS, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞBack, ÖS.

nei: BirgJ, MT, ÞSa, ÞrB.

14 þm. (BÁ, BJJ, GLG, GÞÞ, HöskÞ, JóhS, JónG, KLM, SIJ, SF, SVÓ, SSv, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Olíugjald og kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 56. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 57.

[18:39]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækj-

um, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til hækkanir á tilgreindum gjöldum á ökutæki, eldsneyti, áfengi og tóbak. Um er að ræða 15% hækkun á áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi, 10% hækkun á bifreiðagjaldi, 10 króna hækkun á almennu bensíngjaldi og 5 króna hækkun á olíugjaldi. Á móti þessu vegur 20% lækkun á kílómetragjaldi auk þess sem endurgreiðsluhlutfall olíugjalds vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum er hækkað úr 80% í 85%.

Nýleg endurskoðun á fyrri spám um þróun ríkisfjármála fyrir árin 2009 til 2013 hefur leitt í ljós að sé ekki gripið til viðeigandi ráðstafana þegar á þessu ári verður halli ríkissjóðs á árinu 2009 umtalsvert meiri en áætlað var og meiri en viðunandi getur talist. Því er talið nauðsynlegt að grípa fyrr en ella til tekjuöflunaraðgerða og sparnaðaraðgerða samhliða því að dregið verði frekar úr útgjöldum ríkissjóðs í framhaldinu. Í ljósi þess er frumvarp þetta lagt fram sem liður í nauðsynlegum aðhaldsaðgerðum stjórnvalda í ríkisfjármálum og í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Með frumvarpinu er lögð til minni hækkun á olíugjaldi en bensíngjaldi til að gera rekstrarumhverfi dísilbifreiða hagstæðara í samanburði við bensínbifreiðar, en dísilbifreiðar eru almennt álitnar umhverfisvænni valkostur en bensínbifreiðar. Þar sem útsöluverð á dísilolíu hefur verið nokkru hærra en útsöluverð á bensíni undanfarin ár hefur ekki orðið sú fjölgun dísilfólksbifreiða sem vonast var til og ætlunin var að stuðla að með upptöku olíugjalds í stað þungaskatts árið 2005. Þá var lagt upp með að það yrði verðmunur á bensíni og olíu því síðartalda í hag, enda bæði um að ræða umhverfisvænni orkugjafa og sparneytnari bílvélar sem nýta orkuna betur þannig að almennt hefur verið talið að það væri hagstætt að stuðla að slíkri þróun. En alþjóðleg verðþróun á þessum vörum hefur hins vegar leitt til þess að innkaupsverð á olíum hefur hækkað meira og eftirspurn í heiminum eftir dísilolíu hefur orðið meiri en reiknað var með og það verð því hækkað umfram verðhækkanir á bensíni.

Eins og segir í frumvarpinu er lögð til lækkun á kílómetragjaldi á móti hækkun á olíugjaldi. Með því er reynt að koma til móts við og tryggja að þessar breytingar hafi ekki áhrif á flutningskostnað með sama hætti og ella yrði og þeim árangri náð með lækkun kílómetragjalds sem þýðir auðvitað nokkurt tekjutap á móti eða upp á um 490 millj. kr. á ársgrundvelli, sú 20% lækkun kílómetragjalds af stórum bifreiðum sem þar er ákveðin.

Enn fremur er lögð til þessi hækkun á endurgreiðsluhlutfalli olíugjalds vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum en ástæða þess er að viðkomandi rekstraraðilar njóta ekki þeirrar lækkunar á kílómetragjaldi sem kveðið er á um í frumvarpinu þar sem kílómetragjald leggst ekki á ökutæki sem er í fólksflutningum. Til að tryggja að almenningssamgöngur verði ekki fyrir íþyngingu af þessum breytingum er því þessi leið farin. Ég held að óhætt sé að fullyrða að í báðum tilvikum er komið vel til móts við viðkomandi aðila þannig að ef eitthvað er muni menn njóta heldur góðs af en hitt þrátt fyrir hækkun olíugjaldsins.

Með því að hækka olíugjaldið minna en bensínið er sem sagt verið að ná fram ýmsum umhverfismarkmiðum og stilla þessa hluti aftur af eins og upphaflega var lagt til þegar lagt var af stað með olíugjald í stað þungaskatts á árinu 2005. Viðbótartekjur ríkissjóðs af þessum gjaldskrárhækkunum eða því sem þetta frumvarp felur í sér eru áætlaðar um 4,4 milljarða á ársgrundvelli en áhrif þeirra á tekjur ríkissjóðs á þessu ári nema um 2,7 milljörðum kr. Áhrif þessara hækkana á vísitölu neysluverðs eru metin á 0,5%.

Að lokum er rétt að geta þess að samhliða þessu eru til skoðunar breytingar á vörugjöldum af ökutækjum og er það gert á grundvelli skýrslu sem fyrir liggur frá starfshópi um heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis með það fyrir augum að auka hlut vistvænna og sparneytinna fólksbifreiða. Það sem til skoðunar er sérstaklega er að lækka tolla og aðflutningsgjöld af sparneytnum bílum þannig að endurnýjun bílaflotans verði hagstæðari og beinist frekar í þann farveg að gera innkaup á sparneytnum bílum hagstæðari.

Ég legg áherslu á það, virðulegur forseti, að hér er eingöngu um fyrsta hluta áformaðra aðgerða á þessu sviði að ræða. Næsti skammtur er væntanlegur innan skamms en náttúra þessara breytinga er slík að nauðsynlegt er að gera þær hratt eins og ég veit að allir hv. þingmenn hafa skilning á og þess vegna eru þær settar saman í eitt frumvarp. Innan ekki langs tíma er væntanlegur viðameiri bandormur um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem meira verður horft til samdráttar- og sparnaðaraðgerða og tekjuöflun, að því marki sem hún verður þar á ferðinni, verður þá vonandi þess eðlis að hún hefur óveruleg eða engin verðlagsáhrif. Það er engin dulur dregin á að það er neikvæður þáttur samhliða þessu máli, þ.e. þau verðlagsáhrif sem þarna eru á ferðinni. En það verður ekki bæði sleppt og haldið og veruleikinn er því miður sá að valið stendur ekki milli einhverra góðra leiða sem hafa engin óþægindi í för með sér heldur eingöngu um ráðstafanir og aðgerðir sem allar eru erfiðar og allar fela í sér í einhverjum mæli íþyngjandi eða erfiða hluti hvort heldur sem er á sviði tekjuöflunar eða sparnaðar og niðurskurðar.

Í þriðja og síðasta lagi mun svo væntanlega koma fram í síðari hluta júlímánaðar skýrsla um áætlun í efnahagsmálum og ríkisfjármálum fyrir árin 2009–2013 með útfærðum leiðum um það hvernig í þær aðgerðir verður ráðist, hver aðlögunarþörf í ríkisfjármálum er, hvernig því er stillt upp á einstök ár og hvernig ætlunin er að ná þeim hlutum fram þannig að markmiðunum um jöfnuð í rekstri ríkissjóðs á árinu 2013 náist. Það verður erfitt og það þarf mikið til og einkum og sér í lagi þarf að stíga gríðarlega stór skref í þeim efnum á næsta og jafnvel þar næsta ári.

Virðulegi forseti. Ég vona að samkvæmt hefðum sem hér ríkja fáist skjót og vönduð afgreiðsla á þessu máli eins og eðli málsins samkvæmt þarf að verða. Ef ég man rétt tók það 80 mínútur í desember sl. að gera nánast algerlega sambærilegt frumvarp að lögum, frá því að fyrir því var mælt 12. desember og þangað til það var orðið að lögum innan við einni og hálfri klukkustund síðar. Ég vil ekki endilega segja að svo hratt þurfi að vinna hlutina í kvöld en ég held að allir skilji að það er mikilvægt að þetta nái fram að ganga og verði að lögum á þessu kvöldi. Undirbúningur er

allur á fullri ferð við að framkvæma breytingarnar þannig að allt geti gengið snurðulaust fyrir sig í fyrramálið.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[18:45]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hefði viljað heyra hæstv. fjármálaráðherra útskýra betur hvaða áhrif hann gerir ráð fyrir að þessar verðhækkanir hafi á vísitöluna sem mikið af lánum almennings eru reiknuð út frá og hvaða áhrif þetta muni þá hafa á lánin. Við höfum mikið rætt það hér á síðustu vikum og mánuðum hversu mikill vandi hækkanir á fasteignalánum og öðrum lánum almennings er þó að reyndar sé hæstv. félagsmálaráðherra, sem ekki er hér staddur, ekki sammála því, telur þetta ekki áhyggjuefni. Ég held hins vegar að flestir séu þeirrar skoðunar að það sé mikið áhyggjuefni hversu mikið þessi lán hafa hækkað svo að við hljótum að setja aðgerðir sem þessar í samhengi við það. Þar af leiðandi spyr ég ráðherrann hvort lagt hafi verið mat á þessi áhrif. Ég vil raunar ítreka það sem rætt hefur verið í þinginu áður að ekki er búið að sýna fram á það af hálfu þessarar ríkisstjórnar hvernig hún ætlar að fara að því að skapa verðmæti með skattahækkunum. Sér ríkisstjórnin fyrir sér að þeir 4,4 milljarðar sem hún áætlar að fá í tekjur af þessu feli í sér einhverja raunverulega verðmætasköpun?

[18:47]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vísitöluáhrifin eru útlistuð í töflu á bls. 4 í greinargerð með frumvarpinu eftir þeim þáttum sem frumvarpið felur í sér, bensíngjald, olíugjald, kílómetragjald, bifreiðagjald, áfengisgjald og tóbaksgjald, og þar eru útreiknuð áætluð vísitöluáhrif hverrar aðgerðar um sig sem í frumvarpinu felast. Ég tók það skýrt fram að að sjálfsögðu væri það neikvætt samhliða þessu máli að það hefur þessi verðlagsáhrif. Það er miður en ekki verður bæði sleppt og haldið og flestar aðgerðir sem lúta að neysluskattöttum og öðru slíku hafa að sjálfsögðu verðlagsáhrif. Það verður ekki undan því vikist. Hér er reynt að velja vöruflokka sem eru þó ekki eins lífsnauðsynlegir í daglegri neyslu fólks eins og ýmislegt annað, auk þess er hér um að ræða hluti sem unnt er að breyta innan árs. Það bindur auðvitað nokkuð hendur stjórnvalda að ráðast í viðamiklar aðgerðir í ríkisfjármálum á miðju fjárlaga- og skattaári eins og allir skilja sem glímt hafa við þá hluti.

Ég vil líka leggja áherslu á það að þrátt fyrir þessar hækkanir og þrátt fyrir hækkanir á þessum gjöldum í desember vantar enn mikið upp á að þau hafi fylgt verðlagsþróun frá því að t.d. olíugjald var ákveðið árið 2005 og frá því að áfengisgjöldum og tóbaksgjöldum var síðast breytt áður en til breytinganna kom í tíð fyrri ríkisstjórnar í desember. Það má almennt reikna með að það vanti um 38–40% þangað til í desember að þróun þessara gjalda hafi fylgt verðlagi. Eftir á að hyggja var það mjög miður að menn skyldu ekki láta þessi gjöld nokkurn veginn fylgja verðlagsþróun, þá hefðum við haft meiri tekjur og búið við betri afkomu á þeim tíma og síður þurft að grípa til hækkana á þeim nú.

[18:49]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við gerum okkur öll grein fyrir mikilvægi þess að skapa tekjur fyrir ríkið. En í ljósi þess að hæstv. fjármálaráðherra gengst þó við því að ekki sé gott að þurfa að fara út í þessar hækkanir vegna þeirra áhrifa sem þær hafa hefði verið æskilegt að ráðherrann hefði fært sterkari rök fyrir því hvers vegna hann gerir þetta með þessum hætti og hvernig þetta verði nýtt. Þar hefðu líklega gagnast þær upplýsingar sem ráðherrann kynnti fyrir þingflokkum stjórnarflokkanna í Þjóðminjasafninu en hefur ekki enn séð sér fært að setja Alþingi inn í. Það hefði líklega gefið okkur betri forsendur til að fara út í umræðu um þetta mál og svo þær skattahækkanir, þær mörgu skattahækkanir, sem ráðherrann sagði okkur að von væri á.

Jafnframt hljótum við að velta því fyrir okkur hvort ekki hefði verið æskilegt, þegar útlit var fyrir, að mati ríkisstjórnarinnar, að ekki væri um annað að ræða en að ráðast í skattahækkanir sem þessar, að gera þá fyrst einhverjar breytingar á því hvernig vísitala verðlags hefur áhrif á lánin, þ.e. að ráðast að því mikla vandamáli sem þessi verðtenging er.

[18:50]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil leggja áherslu á að hér er um að ræða 2,7 milljarða kr. áætlaða tekjuöflun á þessu ári upp í annars áætlaðan 20 milljarða viðbótarhalla á ríkissjóði. Hér er sem sagt lagt af stað. Þetta dregur ekki langt en að sjálfsögðu munar umtalsvert um þetta ef þessar tekjur skila sér og þær þýða þá að við erum að ná í áttina að því að eyða þessum halla og/eða niðurskurðarþörf verður minni sem þessu nemur. Þannig held ég að menn verði að glíma við þetta. Það er að sjálfsögðu ljóst að þetta eitt og sér er aðeins lítið brot af þeim aðgerðum sem þarf að ráðast í. Þetta hefur þann ágalla í för með sér, sem ég dreg enga dul á, að þetta hefur verðlagsáhrif en ég sagði líka að vonandi er það þannig að í næstu aðgerðum verði um óveruleg áhrif af því tagi að ræða því þá verður borið niður á öðrum stöðum, sem sagt meira í sparnaði, niðurskurði, frestun framkvæmda eftir atvikum hvað það verður og tekjuöflun sem ekki hefur þá í för með sér nema í óverulegum mæli verðlagsáhrif.

Það er að sjálfsögðu auðvelt að reikna það út ef menn hafa handbærar tölur um heildarlánastabbann í verðtryggðum lánum hvaða áhrif þetta hefur. Þau eru að sjálfsögðu þó nokkur en dreifast náttúrlega yfir afborgunartíma langra verðtryggðra lána eins og kunnugt en að sjálfsögðu hækkar þetta höfuðstól þeirra eins og gengur þegar verðlag hækkar.

[18:52]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Með leyfi forseta langar mig aðeins til að lesa tvær setningar úr athugasemdum við þetta lagafrumvarp. Þar segir:

„Nýleg endurskoðun á fyrri spám um þróun ríkisfjár-

mála árin 2009 til 2013 hefur leitt í ljós að sé ekki gripið til viðeigandi ráðstafana þegar á þessu ári verður halli ríkissjóðs á árinu 2009 meiri en áætlað var og meiri en viðunandi getur talist.“

Þetta er sem sagt efnahagsaðgerðin sem verið er að grípa til, þ.e. að hækka skatta á þá vöruflokka sem hér voru upp taldir, fá með því tekjur upp á 2.700 millj. kr. en hækka um leið skuldir heimilanna um 8.000 millj. kr. Ég skal setja þetta aðeins betur í samhengi. Vaxtaójafnvægið sem nú ríkir í bönkunum kostar mánaðarlega á bilinu 8–10 milljarða. Hefði ekki verið nær að einbeita sér að því að leysa vandamálið með bankana? Þú hefðir getað, hæstv. fjármálaráðherra, lokað þessu gati ef þú hefðir gert þetta tveim mánuðum fyrr. Þá hefði ekki þurft að koma til skattahækkana, ekki neinna. Þetta eru skattahækkanir á fjölskyldurnar í landinu sem mega síst við því að missa tekjur núna. Þrátt fyrir að þetta sé kannski á vöruflokka sem sumum finnst óæskilegir þá eru neytendur að þessum vöruflokkum. Hæstv. fjármálaráðherra benti reyndar á að þetta væri hluti af þeirri neyslustýringu sem nú á að fara að eiga sér stað þar sem fólk velur ekki sjálft heldur eru það ráðuneytin sem velja hvað það er sem fólkið á að neyta. Gott og vel.

Það er líka hægt að setja þetta í samhengi við vaxtapólitík Seðlabankans. Er þetta til að auðvelda það að vextir verði lækkaðir í landinu á næstunni þegar skapaður er verðbólguþrýstingur? Það er kannski það allra mikilvægasta að við þingmenn erum ekki í neinu sambandi við hvað raunverulega er að gerast. Okkur er sagt að hér sé allt á heljarþröm, hvort sem það er hæstv. forsætisráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra, að við skulum búa okkur undir þá mestu óáran sem yfir þessa þjóð hefur riðið en samhengið vantar algerlega. Svo fáum við einhverja 2.700 milljarða skattahækkun á nokkra vöruflokka. Ég hef reyndar aðeins hugmynd um hvað er að gerast en ekkert hefur komið fram í þinginu um það í hvaða samhengi þetta er.

Ég held að kominn sé tími til að stjórnarflokkarnir, ríkisstjórnin, sýni á spilin, hvert er vandamálið, hvernig á að leysa það, hvar á að hækka skattana. Nú vitum við að það er á brennivín og tóbak og bensín. Eru frekari skattahækkanir í bígerð? Hvar á að skera niður? Hvernig á að uppfylla þau skilyrði sem við höfum undirgengist við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn? Hvernig á að gera það? Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spyr að því. Ég spyr líka að því. Ég á kannski meiri heimtingu á að vita það en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn en það er annað mál.

Ég legg til, hæstv. fjármálaráðherra, að þú segir okkur í nokkrum vel völdum orðum — partur af hvaða plani er þetta? Útskýrðu fyrir okkur líka hvernig þið hafið geð í ykkur til að afla 2.700 millj. kr. fyrir ríkissjóð en leggja í leiðinni 8.000 milljarða hækkun á heimilin í landinu og sennilega þrisvar sinnum það á atvinnulífið.

[18:57]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að nota rétt ávarpsorð í þingsal.

[18:58]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra. Þingheimur. Ég verð að lýsa óánægju minni með þau einkennilegu vinnubrögð sem viðgangast á þinginu. Ég skal setja þau ummæli aftast í ræðu mína úr því að hæstv. fjármálaráðherra þarf að fara í beina útsendingu en ég vil taka undir orð kollega míns, hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar. Hann var kominn með tölu á hækkanirnar sem lenda á heimilunum sem ég var ekki með. Ég sá það hér að það var hálft prósent sem þetta mundi hækka vísitölu neysluverðs.

Á meðan vísitala neysluverðs er til grundvallar nánast öllum lánum sem til eru í hagkerfinu þá eru svona vinnubrögð við fjárlög algerlega óásættanleg. Með því að hækka skuldir heimilanna í landinu, eins og hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson sagði áðan, um 8 milljarða kr., til að ná inn 2,5 milljörðum í tekjur fyrir ríkissjóð, er verið að reka hníf í bakið á fólki hér á landi. Það er ömurlegt að verða vitni að þessu. Þetta eru ömurlegar aðferðir. Það sem heimilin þurfa á að halda er að vísitala neysluverðs verði aftengd af lánum til að fólk geti náð að koma fjárhag sínum á réttan kjöl og tapi ekki öllu því sem það á. Hér er verið að fara í þveröfuga átt.

Ég leyfi mér að spyrja hv. þingmenn Vinstri grænna hvort þetta hafi verið eitt af kosningaloforðunum, að fara svona með heimilin í landinu. Það er kallað til sumarþings vegna vandans í efnahagsmálum og hér er verið að ræða ferkantaðar marglyttur og rusl, eins og ég kalla það. Svo kom Evrópusambandsmálið að vísu inn í morgun sem er mál málanna á þessu þingi og verður mál málanna næstu ár. Það er ekki verið að ræða að neinu marki vanda heimilanna, það er ekki verið að ræða að neinu marki vanda efnahagslífsins. Inn í miðja umræðuna um Evrópusambandið, sem er merkilegasta og mikilvægasta mál ríkisstjórnarinnar, er komið með þennan rýting í bakið á heimilunum.

Frú forseti. Ég veit ekki hvort þetta teljast eðlileg vinnubrögð á Alþingi en fyrir venjulegt fólk sem kemur inn af götunni og er nýbyrjað í vinnunni sinni — þetta mundi hvergi viðgangast þar sem heilindi væru höfð til hliðsjónar í vinnu af þessu tagi. Ég átta mig ekki á hvers vegna verið er að afgreiða þetta mál í dag og í kvöld. Farið var með þetta sem mannsmorð á einhverjum fundum í dag. Það mátti ekki upplýsa um hvað væri í gangi. Það er annað mál í gangi sem farið hefur verið með sem mannsmorð líka, það lýtur að breytingum á lögum vegna Kaupthings Edge sem var tekið inn í þingið á þeim forsendum að greiða þyrfti laun til starfsmanna SPRON á Íslandi.

Ég er búinn að vera með óbragð í munninum í allan dag út af þessum vinnubrögðum. Ég átta mig vel á því að Alþingi nýtur trausts 13% þjóðarinnar. Ég er ekkert hissa á því. Svona á ekki að vinna á Alþingi. Það var fundur í morgun, sameiginlegur fundur efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar, sem átti að vera trúnaðarmál. Það er verið að afgreiða mál á Alþingi Íslendinga sem trúnaðarmál. Auðvitað á að vera bannað að vera með mál á Alþingi Íslendinga sem eru trúnaðarmál nema í þeim algeru undantekningartilvikum sem varða öryggi ríkisins. Hvers konar Alþingi er það sem pukrast svona með löggjöf sína fyrir öðrum þingmönnum og fyrir almenningi í landinu? Hvers

konar virðing er það fyrir lýðræðinu að fara svona með málin?

Einn nefndarmanna á fundinum í morgun stóð upp og labbaði út af fundinum vegna þess að hann gaf sig ekki undir þetta pukur með þingmál. Ég óska honum til hamingju með það. Það væri óskandi að fleiri þingmenn hefðu kjark til að mótmæla svona vinnubrögðum. Ég mundi gera það ef ég stæði í þeim sporum.

Frú forseti. Þetta eru ekki góð vinnubrögð fyrir utan það sem allir vita sem nenna að horfa á málið af einhverju viti, að fjárlagagati íslenska ríkisins verður ekki hægt að loka. Það er ekki hægt að loka því með skattahækkunum, það er ekki hægt að loka því með niðurskurði og það er ekki hægt að loka því með því að nota hvort tveggja. Skuldir íslenska ríkisins eru einfaldlega orðnar það miklar að þær eru ekki viðráðanlegar. Ég starfa sjálfur enn þá að vísu sem sérfræðingur í skuldastýringu ríkissjóða fyrir OECD. Ég tala við sérfræðinga í skuldastýringu ríkissjóða í hverri viku. Þegar ég segi þeim hvað er í gangi á Íslandi þá segja þeir mér að Íslendingar séu brjálaðir að ætla að reyna þetta. Þeir segja að skuldastaða Íslands sé slík að það sé einfaldlega sjálfsagt mál að óska eftir niðurfellingu skulda í miklum mæli. Það mundi engin nágrannaþjóða kippa sér upp við það ef beðið væri um það. Það hefur aldrei verið minnst á það í þessum þingsal.

Það er kominn tími til að aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði afþökkuð. Það er kominn tími til að hætt verði að knésetja heimilin og almenning í landinu. Það er kominn tími til að Alþingi taki hausinn undan teppinu og ríkisstjórnin taki hausinn undan teppinu og fari að líta betur í kringum sig að öðrum lausnum. Við erum á algerlega vonlausri vegferð, því miður.

Nú erum við að fara að borga meira af húsnæðislánunum okkar í næsta mánuði af því að verð á sígarettupakka hækkar. Verðbólgan eykst þegar allir eru að bíða eftir vaxtalækkun vegna þess að verðbólgan á að vera á niðurleið. Vextir munu ekki lækka. Hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gerir og það er slæmt fyrir þjóðina að þurfa að búa við hagstjórn sem er svona. Eins og ég segi, ég greiddi atkvæði gegn þessum afbrigðum áðan vegna þess að mér finnst að ekki eigi að fara með mál í gegnum þingið með þeim hætti sem verið er að gera hér. Ég mun greiða atkvæði gegn þessu máli. Ég mun fagna því á eftir, þegar það kemur fyrir efnahags- og skattanefnd, að fá upplýsingar frá formanni nefndarinnar um það hvað þetta mun nákvæmlega kosta fyrir heimilin. Ég mun fagna því að fá að færa það til bókar með hvaða hætti stjórnvöld eru hér að reka hníf í bakið á heimilunum. Það er vont að verða vitni að þessu og ég hafna þessum vinnubrögðum.

Það er ekki langt síðan ég stóð hérna fyrir utan og kallaði: Vanhæf ríkisstjórn, í takt við þúsundir annarra. Ég held að ég verði því miður að halda áfram að endurtaka það, frú forseti. Vanhæf ríkisstjórn.

[19:05]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Mig undrar ekki þó að sumum líði ömurlega og aðrir kunni að vera með óbragð í munninum. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að þannig mun okkur ýmsum líða á ýmsum stundum á næstu missirum því að það verkefni sem við okkur blasir er gríðarlegt. Það þarf að fást við fjárlagahalla sem nemur 170 milljörðum kr. eða hátt í 2 millj. kr. á hvert heimili í landinu. Því þarf að loka. Það vita það allir sem í þessum sal sitja að það mun þýða margar erfiðar ákvarðanir og það mun þýða að á tekjuhlið ríkissjóðs og gjaldahlið ríkissjóðs mun þurfa að fara yfir hvert einasta atriði og spara á öllum þeim stöðum sem hægt er spara á og auka tekjur þar sem því verður helst við komið án þess að það bitni, nema eins mildilega og mögulegt er, á þeim sem verst eru settir í landinu.

Þetta er ein af þeim aðgerðum. Hér er um að ræða að mæta því sem bæst hefur við þetta gat. Núna á þessu vorþingi horfum við því miður á það að þær áætlanir sem lagt var af stað með inn í árið af Sjálfstæðisflokknum — sem talar nú af ólíkt meira ábyrgðarleysi (Gripið fram í.) en hann hefur verið vanur — og af Samfylkingunni í fyrri ríkisstjórn fyrir þetta ár, og eins og ýmsir höfðu áhyggjur af voru þar ofmetnar tekjur að hluta og vanmetin gjöld að hluta. Við okkur blasir því viðbótarvandi kannski nálægt 20 milljörðum kr. sem taka verður á með tekjuöflun og með sparnaðaraðgerðum nú þegar því að það er skammt eftir af árinu. Það liggur fyrir að þau gjöld sem hér um ræðir hafa langt því frá fylgt verðlagi þann tíma sem liðinn er frá því að þau voru sett, þ.e. fyrir desember á síðasta ári, t.d. olíugjaldið 2005 og áfengisgjaldið. Það er því miður óhjákvæmilegt að til þeirra sé litið í þeirri erfiðu stöðu sem við erum í.

Það hefur auðvitað óæskileg verðlagsáhrif og því miður er það svo að allar þær skattbreytingar og gjaldabreytingar sem teknar verða ákvarðanir um á næstu missirum og árum leiða með einum eða öðrum hætti á endanum til verðlagsbreytinga. Sumar gera það vissulega hraðar en aðrar og í meira mæli en þær leiða allar til verðlagsbreytinga, þær leiða allar til breytinga á verðtryggingu. Ég held vissulega að full ástæða sé til að gagnrýna það samspil og að taka það til endurskoðunar enda hefur ríkisstjórnin falið Seðlabankanum að taka til skoðunar með hvaða hætti megi mest og best draga úr áhrifum verðtryggingar hér í samfélaginu. Við verðum að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á þessu ári. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að hafa gert góða grein fyrir tillögum sínum og ég hef gert ráðstafanir til þess að hægt sé að kalla saman fund í efnahags- og skattanefnd þegar að lokinni þessari umræðu og hún geti fengið til sín gesti til þess að fjalla þar um málið. Það hefur verið venja hér í þinginu að afgreiða tillögur sem þessar með hraði eðli málsins samkvæmt vegna þeirra beinu áhrifa sem það hefur.

Ég vil segja það um ræðu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu að það er einhver allt annar stjórnmálaflokkur sem stóð í ræðustól en stjórnmálaflokkurinn sem ég sat með ríkisstjórn í desember. (Gripið fram í.) Í desember talaði ráðherra Sjálfstæðisflokksins fyrir nákvæmlega sams konar máli hér. (Gripið fram í.) Og formaður efnahagsnefndar Alþingis, samþingmaður og samflokksmaður hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar og meðnefndarmaður hans í efnahags- og skattanefnd, formaður hennar, tók málið þar inn. Sjálfstæðisflokkurinn afgreiddi þá sambærilegar hækk-

anir á þessi gjöld á 80 mínútum, virðulegi forseti. Það má heita ótrúlegur umskiptingur sá stjórnmálaflokkur sem þannig hegðar sér í stjórn í desember en talar svo með þessum hætti hér í stjórnarandstöðu í maí, ekki síst þegar haft er í huga hversu mikla ábyrgð (Gripið fram í.) hann ber á þeirri stöðu sem við erum í nú. Það verður auðvitað bara að segja það á íslensku, þó að hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni þyki kannski erfitt að heyra það, að verði þessar skattahækkanir að lögum í kvöld eru þær ekki síður í boði Sjálfstæðisflokksins en þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr.

[19:11]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að flestir ef ekki allir hérna inni hafi skilning á því að það þarf að afla tekna fyrir ríkissjóð og auglýst er hvað eftir annað eftir einhverri heildaráætlun í því samhengi þannig að hægt sé að taka afstöðu til heildarmyndarinnar. Ég hlýt enn að nota tækifærið til þess að auglýsa eftir þeirri heildaráætlun af þessu tilefni og að menn vinni hratt og vel í því samhengi. Kannski leyfist líka þingmönnum stjórnarandstöðunnar að sjá þær upplýsingar sem lagðar voru fyrir þingmenn stjórnarflokkanna á Þjóðminjasafninu í gærkvöldi. Þær eru augljóslega til og er sjálfsagt að við fáum að sjá þær líka.

Ég vona að hv. þm. Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar, hafi skilning á því að í þeirri stöðu sem íslenskt samfélag er í og í því sérislenska skuldafangelsi sem Íslendingar eru í með verðtryggð lán er ekki hægt — og ég tala fyrir mitt leyti — að samþykkja tillögu af þessu tagi. Hún veltir of miklum byrðum á heimilin. Það er alls ekki hægt að samþykkja þetta þegar enginn skilningur virðist vera sýndur á því að það þarf að takast á við hið sérislenska skuldafangelsi sem birtist í verðtryggingunni. Það þarf að takast á við þann forsendubrest sem varð á íslenskum lánamarkaði sem birtist í því að höfuðstóll lána hefur hækkað upp úr öllu valdi. Það þarf að sýna skilning á því að það eru þingmenn hér inni sem ekki geta stuðlað frekar að hækkun höfuðstóls í hinu sérislenska skuldafangelsi. Ég hlýt að spyrja hv. formann efnahags- og skattanefndar hvort hann hafi skilning á þessum sjónarmiðum og hvort hann ætli þá að reyna að stuðla að því að tekist verði á við þennan vanda, að tekist verði á við verðtrygginguna og hún jafnvel afnumin í skrefum. Að hugsanlega verði sett þak á hversu mikið vísitala neysluverðs getur haft áhrif á verðtryggðar skuldbindingar eða eitthvað í þeim dúr eða hvort hv. þingmaður ætlar á einhvern hátt að beita sér fyrir því að farið verði í (Forseti hringir.) lækkun höfuðstóls á íslenskum lánum.

[19:13]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir málefnalegt andsvar og hef fullan skilning á þeim sjónarmiðum sem hann lýsti og geri engar athugasemdir við það þó að einstaka þingmenn geti ekki stutt málið. Ég gerði einvörðungu athugasemdir við að stjórnmálaflokkur sem var í stjórn og flutti sams konar tillögu fyrir nokkrum mánuðum skuli leyfa sér að tala með þeim hætti sem hann hefur gert hér við umræðuna og kemur manni á óvart það ábyrgðarleysi í okkar erfiðu stöðu sem hann sýnir með því.

Ég held að það sé sannarlega stórt og mikið verkefni sem hv. þingmaður vísar til sem er skuldavandi heimilanna og það er fáum blöðum um það að fletta að þar verða menn að leita frekari leiða til þess að koma til móts við þann vanda sem fólk er í. Þar, eins og í ríkisfjármálunum yfir höfuð, eru hendur okkar bundnar af því að við höfum úr takmörkuðu fé að spila, þar verðum við að taka eitt skref í einu. Búið er að grípa til margvíslegra ráðstafana til þess að mæta þeim vanda og ef það er svo, sem ég hygg að sé, að það dugi ekki nema að hluta — þó að það kunni að duga langt í því að mæta vandanum — munum við þurfa að skoða frekari úrræði í þeim efnum.

Það er heldur engum blöðum um það að fletta og ég held að allir stjórnmálaflokkarnir hafi því lýst yfir að það er nauðsynlegt að ráðast í endurskoðun á verðtryggingunni, m.a. vegna óheppilegs samspils eins og þessa. Án þess að ég ætli mér að taka endanlega afstöðu til málsins hér við 1. umr. verð ég þó að segja að ég held að sú fjárhagsstaða sem við stöndum frammi fyrir á þessu ári, þ.e. að við séum ekki bara að eyða 170 þúsund milljónum um efni fram heldur 20 þúsund milljónum meira og erum nú komin fram á mitt ár, geri það einfaldlega að verkum að við verðum að horfast í augu við veruleikann eins og hann er. Það er enginn sem er tilbúinn til þess að hækka yfirdráttarheimildina (Forseti hringir.) hjá okkur og það verður einfaldlega að grípa til erfiðra ákvarðana á þessu sumarþingi.

[19:16]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég hef mikinn skilning á því að ríkið þurfi að afla sér tekna við núverandi aðstæður. Ég vil hins vegar segja að ég hafði töluvert minni skilning á því hvað fyrri ríkistjórn, minnihlutastjórnin, gerði lítið fram að kosningum. Það lágu fyrir fyrirætlanir um ákveðnar aðgerðir sem vörðuðu sparnað hjá ríkinu. Því var öllu frestað. Ég verð að segja að ég hafði mjög lítinn skilning á því að menn væru þar nánast að misnota aðstöðu sína í kosningabaráttunni.

Þar sem ég hef skilning á því að ríkið þurfi að afla sér tekna hlýt ég náttúrlega að gera þá kröfu að ríkið og ríkisvaldið og þeir þingmenn sem sitja í ríkisstjórn sýni heimilunum og fyrirtækjunum í landinu skilning. Það verði að sýna þeim skilning á því að gengistryggð lán hafa tvöfaldast, að kaupmáttarskerðingin er nú þegar á ársgrundvelli um 11%, að vörukarfan samkvæmt neyslukönnun ASÍ hefur hækkað um 25% og verðtryggð lán hafa hækkað um 20%. Höfuðstóll verðtryggðra lána hefur hækkað um 20%.

Það kom fram í lok viðræðnanna á milli stjórnarflokkanna að það skipti miklu máli að vinna samkvæmt þeirri reglu, í orðum forsætisráðherra, að skattbyrðin verði aukin hjá þeim sem megi við því frekar en þeim sem hafi litlar eða meðaltekjur. Ég hlýt því að gagnrýna að hér eru að koma fram hækkanir á sköttum sem munu líka hvíla þungt á þeim sem eru með litlar eða meðaltekjur án þess að fram komi nokkrar upplýsingar um það hvernig ríkisstjórnin ætlar að verja þessi áhrif af skattahækkunum á heimilin. Engar upplýsingar koma fram um það. Það kemur ekki fram í orðum hæstv. ráðherra hvernig ríkisstjórnin ætlar að auka skattbyrðina einmitt hjá þeim sem mega frekar við því en

þeir sem hafa litlar eða meðaltekjur. Það kom ekkert fram um það í orðum hæstv. ráðherra.

Hins vegar er það svo að við í stjórnarandstöðunni þurfum að lesa fréttir af því hvað ríkisstjórnin ætlar að gera í sambandi við þetta stóra gat, þennan 170 milljarða halla, í blöðunum. Við erum ekki boðuð á neina fundi í Þjóðmenningarhúsinu. Við erum ekki einu sinni boðuð á fundi hér innan þingsins til að fá upplýsingar um hvað ríkisstjórnin hyggst gera. Við erum bara látin mæta hérna með hálftíma fyrirvara til að ræða um skattahækkanir og auknar álögur á heimilin og fyrirtækin í landinu.

Ég var hins vegar svo heppin, ef má orða það svo, að ég var að tala við fjölmiðlamann fyrir rúmum klukkutíma síðan sem sagði mér að þetta væri í bígerð. Hann sagði mér meira að segja nákvæmlega tímasetninguna, að það ætti að leggja þetta mál fyrir klukkan hálfsjö í kvöld. Ég kom náttúrlega af fjöllum, hafði ekki hugmynd um þetta.

Ég hef líka lesið, eins og kannski fleiri þingmenn, í Fréttablaðinu að það var einmitt fyrst og fremst ætlunin að auka tekjurnar með hækkun vörugjalda, það var talað um sérstakan skatt af ökutækjum, eldsneyti, áfengi og tóbaki og einnig er til skoðunar að leggja á hátekjuskatt. Við megum væntanlega þakka fyrir að við skulum alla vega fá þessar upplýsingar í fjölmiðlum.

Það var líka nefnt í fjölmiðlum að ríkisstjórnin ætlar að miða við að heildarskattheimtan verði ekki hærri en hlutfall af landsframleiðslu eins og hún var 2005. Við verðum því væntanlega að setjast niður og reikna út hvað verið er að tala um því að ekki virðist vera hægt að fá þessar upplýsingar í þinginu.

Það kemur síðan fram þegar við lesum greinargerðina með frumvarpinu að talað er um 0,5% hækkun á vísitölu neysluverðs. Það kom heldur ekki fram í orðum hæstv. ráðherra heldur sagði hún að við hefðum getað lesið það í í frumvarpstextanum sem við vorum akkúrat að fá í hendurnar. (Gripið fram í.) Þó að við lesum hratt er varla hægt að reikna með að við komumst í gegnum þetta á einum, tveimur eða þremur mínútum áður en umræðan byrjaði.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa lagt til að hámarkshækkun á vísitölu neysluverðs verði bundin við 4%. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að ríkisstjórnin grípi til þeirra aðgerða að takmarka hækkun á vísitölu neysluverðs, sérstaklega í ljósi þess að ríkið er orðinn meiri háttar hagsmunaaðili við að viðhalda verðbólgu í landinu. Ríkið er orðinn stóreigandi að verðtryggðum eignum. Hækkun á vörugjöldum mun því leiða til 0,5% hækkunar á vísitölu neysluverðs eða, eins og kom hér fram, 8–9 þús. milljarða af lánum almennings í landinu. Hér erum við ekki að tala um lán fyrirtækja heldur lán almennings.

Ég hef áður nefnt hér í ræðustóli að mér hefur fundist þingmenn Vinstri grænna vera nánast eins og umskiptingar í þinginu. Ég ætla að fá að nefna tvö dæmi, með leyfi forseta.

Þann 17. nóvember 2008 lögðu þingmenn Vinstri grænna og nú sitja þrír þeirra í ríkisstjórn, hæstv. ráðherrar Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason og Katrín Jakobsdóttir, til að lögum um vexti og verðtryggingu yrði breytt á þann máta að verðtryggð lán samkvæmt 14. gr. laganna skyldu ekki bera hærri vexti en 2%. Það var talið að þetta væri mikið réttlætismál miðað við þær aðstæður sem voru í samfélaginu, óðaverðbólga og háir vextir, og bent var á að sá sem tekur verðtryggt lán er með öllu óvarinn á tímum verðbólgu, því hækki verðlagið þá hækki lánin.

Annað dæmi um umskipti hv. þingmanna Vinstri grænna er frumvarp sem flutt var mánuði seinna, nákvæmlega mánuði seinna. Þar var lagt til að bæta við ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga þessara og ákvæði lánasamninga verðtryggðra fasteignaveðlána til íbúðakaupa um að lánin skuli verðtryggð á grundvelli vísitölu neysluverðs skal hækkun vísitölunnar til verðtryggingar 1. janúar 2009 – 31. desember 2009 að hámarki vera í samræmi við þær forsendur sem fjárlagafrumvarp fyrir árið 2009 byggðist á þegar það var lagt fram 1. október 2008, þ.e. 5,7%.

Í framhaldi af gildistöku ákvæðis þessa skal ríkisstjórnin taka upp viðræður við þær lánastofnanir sem í hlut eiga um nánari útfærslu ákvæðisins, m.a. með hvaða hætti þeir aðilar sem ákvæðið tekur til mæti sameiginlega þeim áhrifum sem aðgerð þessi hefur í för með sér.“

Þetta frumvarp fluttu þingmenn Vinstri grænna, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, sem hefur að vísu yfirgefið okkur, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, sem situr hér enn þá sem formaður viðskiptanefndar, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, sem er nú formaður utanríkismálanefndar, og hæstv. menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir, þann 19. desember 2008.

Við hljótum því að gera þá kröfu að ríkisstjórnin kynni ráðstafanir sínar til að koma í veg fyrir þessa víxlverkun, þennan vítahring kaupmáttarskerðingar og hækkun á höfuðstóli lána. Ef ekki, þá munum við áfram búa þar sem erlendur gestur okkar, bandarískur prófessor sem heitir Michael Hudson, talaði um að við værum búin að búa til, í paradís lánardrottna á Íslandi. Hann sagði í grein sem birtist í Fréttablaðinu, með leyfi forseta:

„Í gegnum söguna hafa skuldugar þjóðir oftast farið þá leið að losa sig við skuldirnar með hjálp verðbólgu, þ.e. borgað skuldirnar með „ódýrum peningum“. Ríkisstjórnir prenta peninga og viðhalda fjárlagahalla til þess að hækka verðlag og þannig er meira fjármagn í boði, en vöruframboð óbreytt. Þessi verðbólga og gengisfall minnka skuldabyrðina svo framarlega sem laun og aðrar tekjur hækka samhliða. Ísland hefur snúið þessari lausn á hvolf. Í stað þess að auðvelda hina hefðbundnu skuldaleiðréttingu hefur verið sköpuð paradís lánardrottna og hinni sígildu flóttaleið skuldsettra þjóða lokað. Þjóðin hefur fundið leið til að steypa sér í skuldir með hjálp verðbólgunnar, í stað þess að vinna sig úr þeim með henni. Með verðtryggingu skulda hefur Ísland komið upp einstöku kerfi fyrir banka og aðra lánardrottna sem stóreykur tekjur þeirra af lánastarfsemi, á kostnað launa og tekna af raunverulegri atvinnustarfsemi.“

Ríkisstjórnin getur ekki verið stikkfrí frá því að halda niðri verðbólgunni í landinu. Hún getur ekki verið stikkfrí frá því að gæta hagsmuna þeirra sem minna mega sín og þeirra sem eru með litlar eða meðaltekjur, almenningur í landinu. Og ríkisstjórnin getur ekki verið stikkfrí frá því að gæta hagsmuna íslenskra heimila og fyrirtækja í landinu.

[19:26]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Aðeins örstutt. Ég held að það sé rétt að fram komi að við kynntum forustumönnum stjórnarandstöðunnar þetta mál í morgun eða í hádeginu. Ég skil alveg þau sjónarmið að menn hefðu gjarnan þegið að hafa lengri aðdraganda að því að vita af því að það væri í vændum. En ég held ég verði bara aftur að minna á og benda á að eðli þessara mála er slíkt að svona breytingar verður að gera hratt og ég held að fordæmin séu öll þannig að þau hafi yfirleitt verið afgreidd í gegn að kvöldi dags og reynt að stuðla að því að að morgni eða á næsta virkum degi væru breytingarnar um garð gengnar þannig að þetta gæti gengið snurðulaust fyrir sig.

Ég held að það hafi komið fram í mínu máli, alla vega er það í mínum talpunktum hver verðlagsáhrif þessa frumvarps eru. Það er að sjálfsögðu ekki nein ætlan að draga það neitt undan. Ég hef verið alveg hreinskilinn með það að það er að sjálfsögðu neikvætt að þetta hefur þessi verðlagsáhrif. En það verður ekki bæði sleppt og haldið og við bindum vonir við að í næstu aðgerðum viðameiri verði komist hjá verðlagsáhrifum, það verði þá borið þannig niður að þau verði óveruleg.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að hin víðtæka verðtrygging í okkar hagkerfi er mikið vandamál. Ég held að allir séu sammála um það. Við þurfum að komast út úr henni. Það á að vera forgangsverkefni að vinda ofan af henni og skapa aðstæður til þess að draga úr umfangi hennar. Það er bæði félagslegt og hagstjórnarlegt og efnahagslegt vandamál að sitja föst í þeim vítahring sem við erum í, Íslendingar því miður, á grundvelli hinnar víðtæku verðtryggingar. Og þess vegna verður það að vera í sjónmáli og reyndar held ég að það sé mikil pólitísk samstaða um það að stefna í þá átt.

Það eru eðlilega uppi miklar kröfur um frekari aðgerðir í þágu skuldsettra heimila. Þær eru skiljanlegar. En við skulum hafa í huga að yfirleitt beinast þær kröfur fyrst og fremst að opinberum aðilum og þá ekki síst ríkissjóði sem hér er þó verið að reyna að afla tekna. Það er gert til þess að minnka hallann. Það er gert til þess að minna þurfi að skera niður. Það er gert til þess að ríkissjóður geti sinnt sínu ómissandi hlutverki. Það er gert til þess t.d. að ríkissjóður ráði við byrðarnar af stórauknum útgjöldum vegna vaxandi atvinnuleysis (Gripið fram í.) sem er hluti af því sem veldur núna að óbreyttu og ef ekki væri á því tekið auknum halla á ríkissjóði.

Það eru því miður engar sársaukalausar og gallalausar leiðir færar í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Þær eru misgóðar.) Það er alveg hárrétt, enda verður reynt að velja þær með hliðsjón af því. Ég vona að við getum rætt þessi mál á þeim grundvelli að stjórnvöld, og engan í þessum sal skortir viljann til þess að bæði reyna að útfæra allar aðgerðir þannig að þær séu sem sanngjarnastar og að gera það sem geta þjóðarbúsins ræður við í þeim efnum að koma til móts við fjölskyldur og atvinnulíf. Það er ekki viljann sem vantar heldur eru það í raun og veru aðstæðurnar sem setja okkur mjög þröngar skorður í þeim efnum.

Að öðru leyti þakka ég hv. þingmönnum fyrir umræðuna og endurtek tillögu mína um að málið gangi til efnahags- og skattanefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[Fundarhlé. — 19:30]

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38.

[20:29]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) (frh.)**:**

Frú forseti. Ég held þá áfram þar sem frá var horfið. Ég ræddi það hér áður en hlé gert var á ræðu minni að mikilvægt væri að horfa til kostanna í umræðunni um Evrópusambandið, að horfa til hinna dreifðu byggðarlaga og athuga kosti Evrópusambandsaðildar fyrir hinar dreifðu byggðir. Ég tel mjög mikilvægt að skoða þá hluti með opnum huga. Þegar málefni Evrópusambandsins eru skoðuð, t.d. með landbúnað í huga, leggur Evrópusambandið áherslu á þrennt í þeim efnum:

Í fyrsta lagi leggur það mjög mikla áherslu á fjölbreytni tegunda, sem segir í okkar tilviki að landbúnaðarstefna Evrópusambandsins leggur mikla áherslu á að viðhalda þeim upprunategundum sem þrífast í hverju landi og mundi fyrir vikið að mínu mati styrkja mjög hefðbundinn landbúnað ef samningsmarkmið okkar nást með viðunandi hætti. Þar á ég við sauðfjárrækt, kvikfjárrækt og hrossarækt og má jafnvel nefna íslenska hundinn í þessu sambandi líka.

Í öðru lagi leggur Evrópusambandið mikla áherslu á matvælaöryggi fyrir viðkomandi land og gerir miklar kröfur til vara frá öðrum löndum ef matvælaöryggi bregst í viðkomandi landi.

Í þriðja lagi er það sýnt og sannað í þeim löndum sem hafa gengið til liðs við Evrópusambandið á síðustu árum og áratugum að hinar dreifðu byggðir hafa fengið töluverðan stuðning og í mörgum tilfellum hafa þær fengið mikinn stuðning frá Evrópusambandinu þegar kemur að samtvinnun hins hefðbundna landbúnaðar og menningartengdrar ferðaþjónustu. Það er að mínu viti mjög mikilvægt vegna þess að þarna eru vissulega gríðarleg sóknarfæri fyrir hinar dreifðu byggðir á Íslandi þegar kemur að þeim áhugaverða þætti sem menningartengd ferðaþjónusta er og viðhaldi á þeim stofnum sem við þekkjum til í sauðfjárrækt, hrossarækt og kvikfjárrækt.

Síðan er tvennt sem ekki má gleymast í þessari umræðu, sérstaklega þegar bændur ganga í sal, að lega landsins skiptir hér sköpum þegar kemur að landbúnaði í hinum dreifðu byggðum og Evrópusambandsumræðan er til tals. Fjarlægðaráhrifin eru gríðarlega mikil og ég tel að þegar kemur að samningsgerð við Evrópusambandið muni það hafa veruleg áhrif að Ísland er einfaldlega eyja og það mun mjög verða litið til þess þegar kemur að matvælaöryggi og smitsjúkdómum að raska ekki því öryggi sem Ísland hefur vegna landfræðilegrar legu sinnar. Það eru gríðarlega mikilvæg atriði fyrir íslenskan landbúnað en líklega mun vega þyngst á vogarskálunum, að mínu viti og margra annarra,

þegar kemur að landbúnaði og Evrópusambandsumræðunni að lagðir verða miklir tollar á flutning matvæla þegar fram líða stundir og þarna koma enn til fjarlægðaráhrifin sem Ísland mun njóta góðs af.

Ég tel að horfa verði að til sóknarmöguleika hinna dreifðu byggða þegar kemur að umræðunni um Evrópusambandsaðild. Við getum ekki dvalið einvörðungu við varnarumræðuna í þessu efni. Við verðum að sækja fram, ekki síst á sviði landbúnaðar þegar kemur að því að setjast við samningaborðið og leita að sterkustu samningsniðurstöðu fyrir Íslendinga þegar og ef við göngum til samninga. Þar tala ég sérstaklega um að tvinna saman menningartengda ferðaþjónustu og landbúnað og auka fjölbreytni starfa til sveita en töluvert hefur verið skrifað um að Evrópusambandið hefur lagt gríðarlega mikla áherslu á að tryggja fjölbreytni starfa í hinum dreifðu byggðum landsins og sér þess stað. Ég get nefnt dæmi um lönd og staði eins og Grikkland, Finnland og Norður-Svíþjóð þar sem fjölbreytni starfa hefur aukist, að því er ég best veit. Þetta er einmitt það sem við þurfum mjög á að halda á Íslandi vegna þess að einhverra hluta vegna hefur Reykjavíkurvaldið séð til þess að atvinnustefna úti á landi er einsleit á meðan hún er fjölbreytt hér á suðvesturhorninu.

Þá komum við að því sem ég gat um í upphafi máls míns að Reykjavíkurvaldið hefur ekki reynst hinum dreifðu byggðum neitt sérstaklega vel. Einsleitni atvinnulífs hefur verið fest í sessi úti á landi um áratugaskeið af þeirri einföldu ástæðu, að því er mér sýnist, að stjórnvöld hér, Alþingi og framkvæmdarvald, hafa lítinn skilning á atvinnumálum úti á landi. Það er margsannað.

Þess vegna held ég að við eigum að horfa til þess varðandi mögulega aðildarumsókn að Evrópusambandinu að sækja fram með sóknarhug landsbyggðinni til heilla, skoða rækilega hvort það er ekki einmitt sú leið sem getur komið hinum dreifðu byggðum betur af stað en fullreynt Reykjavíkurvaldið. Á síðustu árum höfum við ekki einungis talað um atvinnuleysi úti á landi, við tölum miklu fremur um aðra hagstærð sem er íbúafjöldinn, flóttinn úr hinum dreifðu byggðum. Og þegar kemur að vanda heimilanna, sem hefur mikið verið ræddur í þessum þingsal á síðustu dögum, hefur einhverra hluta vegna ekki mjög mikið verið talað um vanda heimilanna úti í landi í því samhengi (Gripið fram í.) síðustu áratugi. Það hefur gert það að verkum að fólk situr uppi með glataðar eignir sem að markaðsvirði ættu að kosta 25 milljónir en einhverjar 5 miljónir fást fyrir. Það er sjaldnast talað um þann vanda þegar kemur að vanda heimilanna á Íslandi. Eru menn þá kannski einvörðungu að tala um vanda heimilanna á suðvesturhorninu? Það kann að vera.

Það sem ég er að reyna að segja er að við eigum að sækja fram af heilindum einmitt fyrir hinar dreifðu byggðir þegar kemur að mögulegri Evrópusambandsaðild. Við eigum að skoða mjög gaumgæfilega hvernig Evrópusambandið getur aukið lífsgæði fólks úti á landi. Þar hef ég nefnt margt og vil nefna eitt til viðbótar en það eru samgöngumál. Þess sér stað t.d. á Írlandi að Evrópusambandið hefur mjög komið því landi til hjálpar hvað stoðbrautagerð varðar. Ég held að landsbyggðin — tökum Vestfirði sem dæmi — hafi ekki sérstaklega mikið dálæti á Reykjavíkurvaldinu þegar kemur að samgöngumálum. Hvers vegna ekki að skoða þá með opnum huga það sem býðst í þeim málum í mögulegum aðildarviðræðum að Evrópusambandinu?

Þegar á allt er litið eigum við að skoða alla þá möguleika sem okkur bjóðast með opnum huga. Ég veit ekki hvað við fáum upp á borð í væntanlegri samningsgerð. Ég mun hins vegar sjá það þegar samningurinn kemur á borðið en að sjálfsögðu mun ég aldrei vita það frekar en aðrir Íslendingar ef við þorum ekki að leggja í þá samningsgerð sem væri landsmönnum (Forseti hringir.) hugsanlega til mikilla heilla og þá ekki síst fólki úti á landi.

[20:40]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Bæði núna í seinni hálfleiknum og fyrri hálfleiknum í ágætri ræðu hv. þm. Sigmundar Ernis Rúnarssonar kom margt fram sem er mjög í anda þeirrar þingsályktunartillögu sem stjórnarandstaðan var að leggja fram í dag. Ég er alveg sammála honum um að það er ekki sama hvernig samningurinn lítur út. Ég er líka sammála honum um að það skiptir miklu máli að undirbúa rækilega það ferli sem við erum að fara í. Ég er líka sammála honum að um það þarf breiða sátt. Þá er ég sammála honum að um það sé sátt sem flestra og helst allra og líka að það þurfi sátt allra byggða í landinu eða sem flestra byggða.

Ég er hins vegar ósammála honum um það að hægt sé að setja málið þannig fram að aðild að Evrópusambandinu sé byggðaaðgerð því að við hljótum alltaf að þurfa að vega og meta hvað við erum að fá í staðinn og hverju við erum að tapa. Og ég velti því fyrir mér hvort það geti verið byggðaaðgerð ef við erum að stefna sjávarútvegi, sem er undirstöðuatvinnugrein á flestum stöðum á landsbyggðinni, og landbúnaði í einhverja hættu með slíkum samningum. Við erum greinilega sammála um að það þurfi að fara í ákveðið ferli. Ég vona svo sannarlega að hv. þingmaður leggist á sveif með okkur að gera það ferli eins vandað og við erum að kynna í tillögu okkar. Mig langar hins vegar að fá skýringu á því hvað hann kallar Reykjavíkurvaldið.

Ég vil að lokum benda á ágæta grein í *Bændablaðinu* sem er með fyrirsögninni „Hverjir njóta landbúnaðarstyrkja ESB?“ Þetta eru að vísu tölur frá 2006. Meðal þess sem þar kemur fram — þarna er verið að vísa í skýrslu — er að fimm af sex stærstu styrkþegum landbúnaðarstyrkja í Evrópusambandinu eru ítölsk fyrirtæki, þrjú sykurfyrirtæki og tveir bankar og sjötta fyrirtækið er fjölþjóðlegur matvælarisi að vísu (Forseti hringir.) á Írlandi.

[20:42]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni fyrir hans innlegg, við erum ekki fjarri hvor öðrum í þessu máli. Aðalatriðið er að fá upp á borðið þá möguleika sem eru til staðar, einnig í sjávarútvegsmálum. Ég er hvergi hræddur við þann kafla samningsins. Hvað er t.d. það sem sjávarútveginn vantar hvað mest núna? Það er fjármagn. Ótti margra í þessum efnum hefur verið erlent fjármagn inn í sjávarútveginn. Kannski er það akkúrat það sem hann vantar. Hverjir hafa fjárfest mest í sjávarútvegi í Evrópu á síðustu árum? Ég segi kannski ekki endilega mest en alla

vega mjög mikið, það eru jú Íslendingar sjálfir.

Það er nú hjákátlegt í sjálfu sér ef svo færi að við færum í annað þorskastríð, sem ég ætla að við gerum ekki, að þá værum við sennilega að berjast mest við okkur sjálf, Íslendingar. Það erum við sem höfum verið að fjárfesta mjög mikið í erlendum sjávarútvegi á síðustu árum og hvers vegna þá ekki að hleypa erlendu fjármagni inn í íslenskan sjávarútveg sem að sögn, með leyfi forseta, ég held að ég fari með réttar tölur, skuldar u.þ.b. 500 milljarða?

Allt þetta verður að vera uppi á borðinu í galopinni umræðu um kosti og galla þessa máls. Ég ætla ekki að halda því fram að möguleg aðild að Evrópusambandinu sé gallalaus. Það væri fjarstæða. En við erum að leggja upp í þennan leiðangur til að athuga hvort kostirnir séu fleiri en gallarnir.

[20:44]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 33. mál, nál. minni hluta viðskn., þskj. 62.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 56. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 63.

Verðmat Deloitte/Oliver Wyman á eignasöfnum nýju bankanna, 58. mál, fsp. EyH, þskj. 60.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 20:45.

---

10. FUNDUR

fimmtudaginn 28. maí,
að loknum 9. fundi.

Dagskrá:

Olíugjald og kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki o.fl., stjfrv., 56. mál, þskj. 57, nál. 63. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:47]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 35:5 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BjG, EKG, EyH, GuðbH, GStein, GBS, HHj, JBjarn, JRG, KJak, KÞJ, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, RR, SDG, SER, SII, SF, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: BirgJ, MT, SIJ, ÞSa, ÞrB.

23 þm. (ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, BJJ, BjarnB, BjörgvS, GLG, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KaJúl, KLM, ÓN, REÁ, RM, SkH, SVÓ, SSv, UBK, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Olíugjald og kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 56. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 57, nál. 63.

[20:48]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Efnahags- og skattanefnd hefur tekið til umfjöllunar 56. mál og meiri hluti nefndarinnar að lokinni umfjöllun leggur til við þingið að málið verði samþykkt með óverulegum breytingum, tekið er út ákvæði til bráðabirgða sem hefur í sjálfu sér ekki efnislega þýðingu heldur er aðeins til áréttingar og er í samræmi við þá afgreiðslu sem var á sambærilegu máli hér í desembermánuði sl. Nefndarálitið er að finna á þskj. 63 sem hefur verið dreift.

Nefndin fékk á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneytinu. Sömuleiðis Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands og kann nefndin þeim bestu þakkir fyrir að bregðast skjótt og vel við og gera grein fyrir sjónarmiðum samtaka sinna á fundi nefndarinnar. Það var sammerkt með Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandinu að lýsa andstöðu við málið og áhyggjum af því og ekki síst ýmsum óæskilegum hliðarafleiðingum þess, og þá einkum þeim áhrifum sem það hefði á verðtryggðar skuldir landsmanna og hugsanleg áhrif á stýrivaxtaákvarðanir á næstunni.

Undir nefndarálitið rita auk þess sem hér stendur, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Magnús Orri Schram, Lilja Mósesdóttir og Álfheiður Ingadóttir.

[20:50]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að koma orðum að þessu en í stuttu máli er þetta þannig að persónufrádráttur er vísitölubundinn. Það segir í 67. gr. skattalaganna, með leyfi forseta:

„Persónuafsláttur manna, sem um ræðir […] skal í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils.“

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það að persónufrádráttargrunnurinn, sem er rétt rúmir 100 milljarðar, mun við þessa skattbreytingu hækka um 0,5%, sem eru 5,2 milljarðar, [Leiðr. ræðumanns: 500 milljónir. Sjá ræðu hans 28. maí kl. 23.15.] þannig að við þessa skattbreytingu eykst fjárlagahallinn um 1,5 milljarða. Ég skora á ykkur, stjórnarþingmenn, að greiða þessu ekki atkvæði. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Skora á háttvirta þingmenn.)

Á hv. þingmenn, fyrirgefið. Þið aukið fjárlagahallann með þessu. Ef þið ýtið á já núna á eftir berið þið ábyrgð á þeirri hækkun.

[20:52]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmann á að ávarpa þingmenn í 3. persónu.

[20:52]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra, ég vona að ráðherrann hafi heyrt það sem kollegi minn, Tryggvi Þór Herbertsson, hafði fram að færa. Verðtryggðar íbúðarskuldir heimilanna eru um 1.500 milljarðar þannig að hækkunin sem lendir á skuldabyrði heimilanna mun verða um 8 milljarðar.

Alþýðusamband Íslands er alfarið á móti þessu, Samtök atvinnulífsins eru alfarið á móti þessu. Það fellur aukinn kostnaður á ríkissjóð vegna þessara mála, t.d. vegna hækkunar vaxtabóta. Sá kostnaður er ekki reiknaður inn í forsendur frumvarpsins. Það fellur aukinn kostnaður á ríkissjóð vegna verðtryggðra bóta ríkissjóðs. Sá kostnaður er ekki reiknaður inn í forsendur þessa frumvarps. Eins og við heyrðum áðan falla um 5 milljarðar í aukinn kostnað hjá ríkissjóði vegna hækkunar á persónufrádrætti. Sá kostnaður er ekki reiknaður inn í forsendur þessa frumvarps. Að auki hækka verðtryggðar skuldir ríkissjóðs sjálfs.

Þar er kannski athyglisvert dæmið sem við fengum frá fjármálaráðuneytinu, að verðtryggðar skuldir ríkissjóðs eru upphaflega 270 milljarða kr. skuldabréf sem var gefið út til Seðlabanka Íslands til að bæta honum upp það tap sem hann varð fyrir þegar hann afhenti hér fjárglæframönnum 350 milljarða næstum því á einu bretti. Þær skuldir lentu á ríkissjóði og standa í 307 milljörðum í dag. Þessar skuldir munu hækka um 1,5 milljarða við þessa vísitölubreytingu þannig að það er orðið dagljóst að þessi aðgerð hæstv. fjármálaráðherra mun leiða til stórfelldrar aukningar á skuldum ríkissjóðs og hafa þveröfug áhrif.

Ég ætla ekki að skattyrðast um þetta lengur. Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra einfaldlega til þess að draga þetta frumvarp til baka og fá það lagfært með einhverjum hætti (Gripið fram í.) þannig að breytingar er lúta að skattalöggjöfinni leiði ekki beinlínis — og ég segi beinlínis — til þess að skuldir ríkissjóðs hækki. Það sér það hver maður hér inni, virðulegi forseti og hæstv. fjármálaráðherra hljóta að sjá það líka, að þetta mál hefur ekki verið nægilega vel undirbúið og það er engin vansæmd að því að draga það baka vegna þess að málið er einfaldlega gallað í sinni upprunalegu útgáfu.

Ég hvet því þingheim — ef hæstv. fjármálaráðherra vill láta á það reyna að greiða um það atkvæði — til að taka ekki þátt í þeirri atkvæðagreiðslu. Lokaorð mín eru samt þau að málið verði dregið til baka.

[20:55]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Þeir gestir sem komu til efnahags- og skattanefndar tóku í raun undir sjónarmið stjórnarandstöðunnar sem komu fram við 1. umr. um áhrif hækkunar á vísitölu neysluverðs. Ekki nóg með það heldur bentu þeir á það sem við ræddum við 1. umr., að víxlverkunin væri í raun enn meiri en við höfðum gert okkur grein fyrir.

Það kom fram í orðum hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar að við erum raunverulega að tala um aukinn taprekstur hjá ríkissjóði ef þetta frumvarp um hækkanir á þessum vörugjöldum verður samþykkt.

Það kom líka fram hjá gestum nefndarinnar — og þetta var einhvern tíma rætt m.a. hjá nefndarmönnum líka — að hugsanlega gæti þetta líka haft áhrif á samningaviðræður við aðila vinnumarkaðarins um stöðugleikasáttmála. Ég hlýt því að spyrja, frú forseti: Vann ríkisstjórnin ekki neitt á þeim 100 dögum sem hún sat hér við völd? Hafa tillögur um hvað ætti að gera í sambandi við fjárlagahallann hjá ríkissjóði ekkert verið undirbúnar? Hafa menn ekki skoðað hvaða áhrif tillögurnar hafa, bæði náttúrlega núna þar sem við erum að tala um aukin útgjöld fyrir heimilin og fyrirtækin og síðar líka þar sem mér skilst að væntanlegur sé einhvers konar bandormur eins og kom fram í orðum hæstv. fjármálaráðherra? Er þetta eitthvað sem verið er að kasta fram núna kannski af því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er búinn að vera í heimsókn hjá okkur og við þurfum að gera eitthvað einn, tveir og þrír? Þetta virkar svolítið þannig.

Ég hvet eindregið til þess, frú forseti, að ríkisstjórnin taki þetta mál til baka og leggist virkilega yfir það hvernig raunverulega er hægt að rétta af þann 170 milljarða króna halla sem við erum að fást við án þess að gera stöðu íslensks almennings enn verri.

[20:58]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ágætu þingmenn. Eins og fram hefur komið í ræðum meðnefndarmanna minna höfum við Íslendingar þróað í okkar efnahagslífi býsna flókið og stagbætt kerfi með víxlverkunum og verðtryggingum sem gera það að verkum að ákvarðanir eins og sú sem hér er tekin geta haft áhrif á ýmsa aðra liði. Það eru alveg nákvæmlega sömu áhrif og sömu aðgerðir fyrr í vetur höfðu þá og Sjálfstæðisflokkurinn fór fyrir og Framsóknarflokkurinn greiddi atkvæði. Ég held hins vegar að það sé algerlega óhjákvæmilegt að eftir þeim leiðangri sem lýst var yfir í stjórnarsáttmálanum, um að fela Seðlabankanum að kanna með hvaða hætti draga megi úr áhrifum verðtryggingarinnar í okkar efnahagslífi og samfélagi og þeim víxlverkunum sem hún veldur, sé ýtt og ég gerði grein fyrir því á fundi nefndarinnar að við mundum nýta nefndardagana í það að taka stöðuna á þeirri vinnu og þeim áætlunum sem um hana eru.

Ég verð hins vegar að leiðrétta það að þau áhrif sem þetta getur haft á persónuafsláttinn, sem væru þó raunar sennilega einu jákvæðu hliðaráhrifin í því að skattar á þessar vörur, áfengi, tóbak og bensín, yrðu til þess að létta sköttunum hjá láglaunafólki og fólki með lægri meðaltekjur, eru þættir sem lúta að fjárlögum næsta árs (Gripið fram í.) og verður tekin ákvörðun um í fjárlagafrumvarpi sem fram kemur á hausti komanda. Þessum aðgerðum er auðvit-

að fyrst og fremst miðað að því að vinna bug á þeim vanda sem við eigum við að stríða á yfirstandandi ári sem er einfaldlega sá að við höfum farið 20 þúsund milljónum (Gripið fram í.) fram úr þeim hallarekstri sem upp var lagt með. Við því verður einfaldlega að bregðast. Þegar við horfum á þann mikla vanda er það einfaldlega býsna augljóst að það eru málefnaleg sjónarmið fyrir því að við núverandi aðstæður þurfum við að greiða hærra verð fyrir áfengi, tóbak, bensín og dísilolíu. En það er fullt tilefni til þess fyrir Alþingi Íslendinga að fara ítarlega og vel yfir víxlverkanir, hliðaráhrif og þau áhrif sem þetta kerfi allt saman hefur á fjárlagagerðina fyrir næsta ár og lágmarka hin neikvæðu áhrif sem af því verða.

[21:01]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar að spyrja hv. þingmann Helga Hjörvar, vegna þess að honum er tíðrætt um það sem miður fór í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins, um 18 ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins og það sem miður fór á þeim tíma: Hvers vegna í ósköpunum viðheldur hann þá þeim afglöpum sem hann talar um sjálfur með því að mæla með því frumvarpi sem hér er lagt fram þar sem í ljós kemur að frumvarp um þær hækkanir sem hér eru lagðar til auka skuldir ríkissjóðs?

Er það er að mati hv. þm. Helga Hjörvars réttlætanlegt, frú forseti, að endurtaka sömu vitleysuna aftur og aftur af því að Sjálfstæðisflokkurinn gerði það í 18 ára valdatíð sinni? Er það þá vonin sem við eigum í breyttum vinnubrögðum sem núverandi ríkisstjórn segist ætla að halda uppi, að viðhalda því sem hv. þm. Helgi Hjörvar hefur kallað afglöp í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins? Hann ætlar að stuðla að því að sömu vinnubrögð og sömu afglöp verði áfram haldið í þeirri ríkisstjórn sem hann situr nú í.

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur hv. þm. Helga Hjörvars er honum ósæmandi.

[21:03]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ætli ég ráði nú ekki mestu um það hvað mér er sæmandi. Þau mistök sem við horfumst fyrst og fremst í augu við eru þau að Alþingi Íslendinga lækkaði skatta á alversta tíma. Hér á Alþingi Íslendinga voru skattar lækkaðir gríðarlega í hámarki þenslunnar, einmitt þegar ástæða var til þess að standa vörð um þá. Það gerir það að verkum að núna þegar dregur úr öllum umsvifum í samfélaginu, úr allri neyslu og atvinnu, hrapa tekjurnar niður. Þær skattprósentur sem við höfðum áður hafa verið lækkaðar einmitt þegar ekki átti að gera það.

Það veldur því að við þurfum nú á allra erfiðasta og versta tíma (Gripið fram í.) að standa fyrir gjaldahækkunum og skattahækkunum með alls kyns neikvæðum hliðarverkunum, því miður. Ég játa að ég tel að þær hækkanir sem hér um ræðir, þ.e. hækkanir á áfengi, tóbaki, olíu og bensíni, séu sannarlega hækkanir sem séu ákjósanlegri en margar aðrar skattahækkanir sem lagst geta á fjölskyldufólk í landinu.

[21:04]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar er tíðrætt um það sem var og hvernig hlutirnir voru. Hann ætlar samt, samkvæmt því sem hann sagði hér, að halda áfram sömu vitleysunni, gera sömu mistökin og hann talar um að gerð hafi verið í tíð Sjálfstæðisflokksins.

Það vill nú þannig til, frú forseti, að í desember þegar fjárlögin fyrir árið 2009 voru afgreidd sátu tveir flokkar í ríkisstjórn, Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin. En það er eins og Samfylkingin hafi aldrei komið nálægt stjórn þessa lands. Hún gleymir algjörlega setu sinni í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum frá því í maí 2007 þar til 1. febrúar 2009.

Hún ber jafna ábyrgð og Sjálfstæðisflokkurinn. Hún ber jafna ábyrgð á öllu því sem gert var á stjórnartíma þeirrar ríkisstjórnar á nákvæmlega sama hátt og hv. þm. Helgi Hjörvar segir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi borið ábyrgð á í 18 ára valdatíð sinni. Það er ekkert flóknara en það.

Menn skulu því tala hér mannamál, íslensku, og segja það sem satt er og rétt en reyna ekki alltaf að skjóta sér undan ábyrgð með því að vísa á einhvern annan. Það er að mínu mati ósæmandi. Menn bera ábyrgð á gjörðum sínum hvort sem þær eru góðar eða vondar. Og menn vísa ekki alltaf á það sem er illa gert af hálfu hinna til þess að réttlæta sinn eigin málflutning. Það er ekki bara ósæmilegt, það er afburðahallærislegt.

[21:06]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Nú verður hver þingmaður að ráða því sjálfur hvað henni þykir hallærislegt. Ég held hins vegar að hv. þingmaður hafi verið að hlusta á ræður einhverra annarra manna en mín eftir orðum hennar að dæma því að ég dró enga dul á að við áttum aðild að sams konar ákvörðunum með Sjálfstæðisflokknum í vetur. Ég bar fulla ábyrgð á þeim þá eins og nú. Það eina sem ég undraðist var hvílíkur umskiptingur sá flokkur er í málinu.

Ég hef leitast við í þessari umræðu að tala íslensku. Þegar blasir við svo gríðarlegur vandi eins og nú þarf að taka erfiðar ákvarðanir og þá þarf að hækka verð á áfengi, (Gripið fram í.) tóbaki, olíu og bensíni. (Gripið fram í.) Það er einfaldlega það sem við blasir og það er erfitt. Það er ein af fjölmörgum erfiðum ákvörðunum sem við munum þurfa að taka.

En ég talaði ekki um að Samfylkingin bæri ekki ábyrgð heldur held ég að ég hafi sagt orðrétt, hv. þingmaður, að Sjálfstæðisflokkurinn bæri ekki minni ábyrgð á þessum skattahækkunum en sú ríkisstjórn sem nú situr. Ég undanskildi okkur ekki ábyrgðinni. En Sjálfstæðisflokkurinn ber ekki minni ábyrgð á þeim gjaldahækkunum sem hér eru að verða en þeir sem fyrir í ríkisstjórninni fara í dag.

[21:08]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get tekið undir það að hv. þm. Helgi Hjörvar ráði sér svo sannarlega sjálfur og hann er ekkert hallærislegur að mínu mati. En samt sem áður skrifaði flokkurinn sem hv. þingmaður er í undir stjórnaryfirlýsingu

í samstarfi við Vinstri græna. Þar kemur fram að ætlunin sé að láta Seðlabanka Íslands skoða verðtrygginguna og hvernig hægt sé að afnema verðtrygginguna.

Ég geri ráð fyrir því að Seðlabanki Íslands ætli að skoða verðtrygginguna og áhrif hennar á íslensk heimili og íslenskt samfélag þegar hann hefur reiknað sig fram til þess að staða íslenskra heimila sé nú ekkert svo slæm, að neikvætt eigið fé sé ekkert svo bagalegt fyrir heimilin og það að tugi þúsunda heimila eigi ekkert sé kannski bara allt í lagi, miðað við þau skilaboð sem maður hefur fengið frá Seðlabanka Íslands á undanförnum missirum.

En Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. forsætisráðherra, ásamt fjölda samfylkingarmanna lagði ár eftir ár fram tillögu á þingi um að stofna nefnd á vegum viðskiptaráðherra um afnám verðtryggingar. Hvað gerðist síðan þegar Samfylkingin fór í ríkisstjórn? Það gerðist nefnilega nákvæmlega ekki neitt varðandi þetta mál. Það var ekki fyrr en við hrun bankanna í október að sett var á fót nefnd sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Ég spyr því hv. þm. Helga Hjörvar, formann efnahags- og skattanefndar: Hvað hyggst hann gera til þess að klippa á þessa víxlverkun, á áhrif verðtryggingarinnar í íslensku samfélagi? Telur hann það koma til greina að setja hámark á verðtryggingu eða hreinlega að banna hana?

[21:10]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég held að það sé, eins og fram hefur komið í máli mínu, full ástæða til þess hjá fjölmörgum þingmönnum að hafa áhyggjur af stöðu heimilanna, af versnandi hag ríkissjóðs, af þeim gjaldahækkunum sem nauðsynlegar eru og þeim erfiðu afleiðingum sem þær geta haft fyrir ýmsa hópa í samfélaginu. Og ekki síst þeim mikla vef alls kyns tenginga fram og til baka og víxlverkunum í þeim vísitölum sem við höfum byggt upp til þess að reyna að lifa við þann óstöðugleika sem einkennt hefur efnahagslíf okkar um áratugaskeið.

Það er sannarlega stærsta verkefni okkar í efnahagsmálum þjóðarinnar að sigrast á þessari arfleifð, vinna okkur út úr óstöðugleikanum í stöðugleika og losna út úr verðtryggingunni og víxlverkunum.

En hvernig best er að vinna að því treysti ég mér ekki til að svara hér í andsvari og jafnvel ekki á þeim stutta tíma sem við höfum til umfjöllunar á þessu máli. En ég hef hins vegar gert efnahags- og skattanefnd grein fyrir því að við tökum strax nú á nefndardögum tíma í að fara yfir þá vinnu sem í gangi er í þessum málum. Ég tel að nefndir þingsins eigi að hafa frumkvæði að því að vinna að brýnum málefnum eins og hér um ræðir og mikilsverðum efnahagsmálum eins og áhrifum verðtryggingarinnar og víxlverkunum í efnahag okkar, þjóðarbúskap og ríkisfjármálum. Ég treysti á gott samstarf við nefndarmenn í efnahags- og skattanefnd um þá vinnu.

[21:12]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Það liggur orðið nokkurn veginn ljóst fyrir hver víxláhrifin af þessu frumvarpi eru. Til þess að ríkissjóður geti hækkað tekjur sínar um 2,7 milljarða á að hækka ríkisskuldir um — ég veit ekki nákvæmlega um hvað marga milljarða. Það á að hækka skuldir heimilanna um 8 milljarða. Það á að hækka skuldir fyrirtækjanna um að minnsta kosti annað eins. Og ekki nóg með það heldur lækkar skattheimta af beinum sköttum ríkissjóðs við þetta vegna þess að persónufrádráttur er vísitölubundinn og mun hækka við þetta. Nettóáhrifin af því eru minni tekjur fyrir ríkissjóð upp á rúma 5 milljarða. [Leiðr. ræðumanns: 500 milljónir. Sjá ræðu hans 28. maí kl. 23.15.]

Þarna erum við ekki búin að taka tillit til almannatrygginganna. Það sem mig langar til þess að spyrja um er: Ætla menn að beita sér fyrir því að vísitölutengingin verði afnumin í almannatryggingum til þess að fá ekki út þessi heildaráhrif? Það er rétt að ég spyrji formann efnahags- og skattanefndar að því.

Það eru mjög erfiðir tímar og erfiðar ákvarðanir sem þarf að taka, margar mjög erfiðar. En það er algjörlega á hreinu að það er óþarfi að taka rangar ákvarðanir. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Þess vegna skora ég á hæstv. fjármálaráðherra að draga þetta frumvarp til baka og alla vegana að athuga hvort ekki sé eitthvert vit í þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram. Það er ósvinna að gera þetta.

Það er rétt að það voru sambærilegar hækkanir sem gengu í gegn fyrir áramót í tengslum við fjárlagagerðina fyrir árið 2009. Það var í einhverju heildarsamhengi og sennilega hefur verið þá eins og núna að ekki hefur verið hugsað fyrir heildaráhrifunum, víxláhrifunum. Því fer fjarri að ég ætli að verja þá ákvörðun.

En það er munur á þeirri ákvörðun og þessari. Sú ákvörðun var tekin í einhverju heildarsamhengi. Hér er verið að taka ákvörðun sem líkist bút í einhvers konar bútasaumi. Hvert er hæstv. ríkisstjórn að fara með þessum málum sínum? Ætlar hún ekki — mér liggur við að segja, afsakið hæstv. forseti — að skammast til þess að gera þetta almennilega og af einhverri hugsun? Á þetta allt saman að vera einhver handarbakavinna þar sem ekki er búið að hugsa fyrir neinu?

Vinstri flokkarnir hafa mikið talað um að þeir ætli að vernda alþýðu þessa lands og passa upp á að stóri vondi Sjálfstæðisflokkurinn komist ekki nálægt þeim … (**Utanrrh.:** Stóri? Þú meinar litli.) [Hlátur í þingsal.] Hann var stór á þeim tíma.

Það er eitt sem hægt er að segja vinstri flokkunum til hróss, það er að þeim tókst að hræða hinn almenna kjósanda frá Sjálfstæðisflokknum. (Gripið fram í.) Með alls konar útúrsnúningum og brigslyrðum. En að þetta sé sá faðmur sem lofað var að mundi vernda alþýðu þessa lands — ég held að þið ættuð að skammast ykkar.

[21:17]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram hér aftur og aftur hvers konar vanhugsun býr að baki þessu frumvarpi. Ég kem hérna upp aftur einfaldlega til þess að ítreka það sem ég sagði áðan, að niðurstaðan úr þessu frumvarpi þýðir einhverja milljarða króna aukningu á skuldum ríkissjóðs.

Við í Borgarahreyfingunni áttum ágætissamtal við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í gær í hinum mjúku stólum á Hótel Holti. Ég get nú ekki sagt annað en að eftir þann

fund líði mér mun verr yfir efnahagsástandinu. En það sem kom fram þar var einmitt það sem kristallast í þessu frumvarpi. Þeir sögðu ítrekað að það hefði gengið of seint að koma með tillögur, það hefði gengið of seint af hálfu stjórnvalda að gera þetta og hitt. Þeir voru ekki ánægðir með viðbrögð stjórnvalda. Að mínu viti er það góðs viti ef Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er óánægður en það er annað mál.

Það sem kristallast í þessu frumvarpi er að ríkisstjórnin hleypur upp til handa og fóta og flýtir sér af stað með frumvarp til þess að þjónka Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna þess að hann hristir hornin framan í hana. Ríkisstjórnin kemur fram með frumvarp sem er einfaldlega illa unnið og vont. Ég skora á fjármálaráðherra að draga frumvarpið til baka og laga það og fá álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í staðinn, heyra hvað honum finnst um svona frumvörp sem lögð eru fram og auka skuldir ríkissjóðs. Það væri áhugavert að fá álit þeirra á þessu máli.

Að öðru leyti ætla ég ekki að tala meira um þetta mál nema að ríkisstjórninni væri sómi að því draga þetta frumvarp til baka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:22]

1. gr. samþ. með 28:20 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BjG, GuðbH, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ÁsbÓ, BirgJ, BJJ, EKG, EyH, GStein, GBS, KÞJ, MT, ÓN, PHB, RR, SDG, SIJ, SF, TÞH, VigH, ÞKG, ÞSa, ÞrB.

1 þm. (LMós) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁÞS, BjarnB, BjörgvS, GLG, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KaJúl, KLM, REÁ, UBK, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [21:21]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Þau gjöld sem lagt er til á Alþingi að séu hækkuð hafa ekki verið hækkuð í fjölda ára. Það hefur orðið til þess að þau hafa ekki valdið þeirri hækkun á verðbólgu sem ella hefði orðið. Þess vegna gæti ég alveg samþykkt þetta frumvarp. En á móti kemur að staða heimilanna er þannig í dag að það er ekki á þau bætandi. Það er ekki á bætandi í þeirri stöðu sem nú er að fara þessa leið.

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að fara heldur þá leið að auka fjölda starfa á landinu. Bæta stöðu heimilanna með því að auka störfin, t.d. með því að losa um bankana svo að þeir geti farið í gang og geti farið að veita fé til atvinnulífsins svo atvinnulífið ráði fólk til starfa. Við breytum þá atvinnuleysingjum í vinnandi fólk sem borgar skatta. Það er miklu skynsamlegri aðgerð og gefur mikið meira fyrir utan það að (Forseti hringir.) það veldur ekki kostnaði annars staðar.

2.–5. gr. samþ. með 27:21 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁsmD, ÁRJ, BjG, GuðbH, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BJJ, EKG, EyH, GStein, GBS, KÞJ, MT, ÓN, PHB, RR, SDG, SIJ, SF, TÞH, VigH, ÞKG, ÞSa, ÞrB.

1 þm. (LMós) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁÞS, BjarnB, BjörgvS, GLG, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KaJúl, KLM, REÁ, UBK, ÖJ) fjarstaddir.

6.–9. gr. samþ. með 27:21 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁsmD, ÁRJ, BjG, GuðbH, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BJJ, EKG, EyH, GStein, GBS, KÞJ, MT, ÓN, PHB, RR, SDG, SIJ, SF, TÞH, VigH, ÞKG, ÞSa, ÞrB.

1 þm. (LMós) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁÞS, BjarnB, BjörgvS, GLG, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KaJúl, KLM, REÁ, UBK, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 63 (ákv. til brb. falli brott) samþ. með 29:20 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁsmD, ÁRJ, BjG, GuðbH, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BJJ, EKG, EyH, GStein, GBS, KÞJ, MT, ÓN, RR, SDG, SIJ, SF, TÞH, VigH, ÞKG, ÞSa, ÞrB.

14 þm. (ÁJ, ÁÞS, BjarnB, BjörgvS, GLG, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KaJúl, KLM, REÁ, UBK, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til efh.- og skattn.

[Fundarhlé. — 21:24]

Fundi slitið kl. 22:33.

---

11. FUNDUR

fimmtudaginn 28. maí,
að loknum 10. fundi.

Dagskrá:

1. Olíugjald og kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki o.fl., stjfrv., 56. mál, þskj. 64, frhnál. 67. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38. — Frh. fyrri umr.

3. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 33. mál, þskj. 33, nál. 55 og 62. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

[22:34]

Útbýting:

Bílalán í erlendri mynt, 60. mál, fsp. BJJ, þskj. 65.

Háskólinn á Akureyri, 61. mál, fsp. BJJ, þskj. 66.

Olíugjald og kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki o.fl., 56. mál, þskj. 64.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:36]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. dagskrármáls og útbýtingu þskj. 55. — Afbrigði samþ. með 40:4 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjG, BjörgvS, EKG, GuðbH, GStein, GBS, HHj, IllG, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KÞJ, KLM, LMós, MSch, OH, RR, RM, SER, SII, SF, SkH, SJS, SSv, TÞH, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: BirgJ, MT, ÞSa, ÞrB.

19 þm. (ÁJ, BjarnB, EyH, GLG, GÞÞ, HöskÞ, JónG, KaJúl, LRM, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, SDG, SIJ, SVÓ, UBK, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 22:37]

Um fundarstjórn.

Leiðrétting mismæla.

[23:15]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem ekki mikið við fundarstjórnina að athuga. En ég ætlaði að biðja þingheim afsökunar á því að það munaði einu núlli hjá mér í umræðu áðan þannig að í staðinn fyrir 5 milljarða vildi ég hafa sagt 500 milljónir. Það minnkar alvöru málsins eitthvað en ekki nægilega mikið til þess að þið eigið að greiða því atkvæði.

(**Forseti** (RR)**:** Það er ljóst að hv. þingmaður ræddi ekki fundarstjórn forseta.)

[23:16]

Útbýting:

Olíugjald og kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki o.fl., 56. mál, nál. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 67.

Olíugjald og kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 56. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 64, nál. 67.

[23:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Eins og kom fram hjá hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni var á milli 2. og 3. umr. farið yfir nokkrar áhyggjur sem vöknuðu hjá ákveðnum þingmönnum af miklum neikvæðum áhrifum málsins á fjárhag ríkissjóðs. Við fundum út úr því að þar hefði skeikað einu núlli en ég bý svo vel að því sem formaður efnahags- og skattanefndar að hafa ekki færri en fjóra hagfræðinga hjá mér í nefndinni og þakka ég þeim fyrir að hafa greitt úr þessu (Gripið fram í.) máli öllu saman.

Það er frá því að greina að þau markmið sem málið varðar fyrst og fremst, sem eru fjárlög yfirstandandi árs og að vinna að þeim vanda sem við blasir nú, standa og hliðaráhrif eru ekki á yfirstandandi ári.

Venjan er sú að þær kostnaðartölur sem birtar eru í frumvörpunum eru um nettóáhrif skattabreytinganna. Það kom fram á fundi nefndarinnar í dag að tekið hefði verið tillit til áætlaðs samdráttar í sölu á þeim vörum sem hér um ræðir og enn fremur er venjan sú að óbein áhrif af þessum breytingum eru innreiknuð í þær tölur sem fyrir þinginu liggja og við fengum Þorstein Þorgeirsson, yfirmann tekjuskrifstofu fjármálaráðuneytisins, til að fara yfir þær venjur með okkur þó að hann gæti ekki staðfest nákvæmlega hversu langt væri gengið í því að tína inn hin óbeinu áhrif.

Það er auðvitað svo að hér er um að ræða hækkanir á sköttum og gjöldum og það er óhjákvæmilegt að það hafi umtalsverðar neikvæðar afleiðingar fyrir ýmsa hópa í samfélaginu. En hér er verið að bregðast við verulegum fjárhagsvanda ríkissjóðs og þetta er fyrsta skrefið af þeim mörgu erfiðu skrefum sem við þurfum að stíga hér á næstu mánuðum og missirum. Ég þakka hv. nefndarmönnum fyrir gott samstarf um þetta og hef fyrir hönd nefndarinnar komið því á framfæri við fjármálaráðuneytið að framvegis verði í þessu efni lagðar fyrir sundurliðaðri og greinarbetri upplýsingar um hin óbeinu áhrif svo þingmenn geti með gleggri hætti en verið hefur fram að þessu áttað sig á hinum ýmsu hliðaráhrifum frumvarpa.

[23:19]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Eygló Harðardóttir) (F):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti frá minni hluta efnahags- og skattanefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleira, lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á milli 2. og 3. umræðu og fékk á sinn fund Þorstein Þorgeirsson frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Minni hlutinn telur að af athugasemdum við frumvarpið verði ekki ráðið hver áhrif umræddar gjaldahækkanir muni hafa á útgjöld hins opinbera, svo sem vegna persónuafsláttar og annarra skuldbindinga sem bundnar eru vísitölu neysluverðs.

Þrátt fyrir ummæli hv. þm. Helga Hjörvar get ég ekki tekið undir að það hafi komið skýrt fram í svörum fulltrúans frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins hvort búið væri að taka tillit til þessara áhrifa í frumvarpinu og þeim athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu. Það var ekki hægt að greina það af töflunni sem fylgir með í athugasemdun-

um. Ég efast ekki um að þetta sé verklag hjá fjármálaráðuneytinu en það kemur engan veginn fram í athugasemdum við frumvarpið hvort það hafi verið tekið inn í útreikningunum.

Þá er ljóst að frumvarpið mun hafa veruleg neikvæð áhrif á verðtryggð lán heimila og fyrirtækja og það hefur enginn sem hér hefur stigið í ræðustól efast um að við erum að leggja miklar auknar byrðar á íslensk heimili og fyrirtæki með þessu frumvarpi.

Minni hlutinn gagnrýnir einnig verklag við framsetningu frumvarpsins. Hann mælist eindregið til þess að úr því verði bætt svo að kjörnir fulltrúar geti tekið upplýstar ákvarðanir um svo mikilvægt mál.

Minni hlutinn leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

Undir nefndarálitið skrifa sú sem hér stendur, Tryggvi Þór Herbertsson, Pétur H. Blöndal og Þór Saari.

[23:21]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég áttaði mig engan veginn á því hvers konar ferli ég mundi setja af stað með minni fyrstu athugasemd hér í kvöld en þetta hefur verið ánægjulegur skóli að horfa upp á vinnubrögðin á Alþingi og hvernig þau gerast.

Það er rétt sem hv. þm. Eygló Harðardóttir sagði að það er alls ekki hægt að ráða af tölunum í þessu frumvarpi að þar sé um nettóáhrif að ræða. Meiri hluti nefndarmanna viðurkenndi það þegar ég spurði þau að því og þau voru að lesa töfluna að það væri nánast greinilegt að það væri ekki um nettóáhrif að ræða í tölunum þar.

Við skulum samt ekki gleyma því að þetta byrjaði á því að þetta frumvarp mun hækka skuldir heimilanna um 8 þús. millj. kr. og heimilin mega ekki við því. Þetta þýðir að verðbólgan mun aukast og þetta þýðir jafnframt að það verður frekari töf á vaxtalækkunum sem mikil þörf er á.

Hvað varðar nettóáhrifin fyrir ríkissjóð eru þau mjög óljós en það er alla vega vitað að persónuafsláttur mun sennilega hækka um rúmlega 400 millj. kr. Verðtryggt lán ríkissjóðs til Seðlabankans mun hækka um 1,5 milljarða. Millifærslur í kerfinu munu hækka sennilega um 500 millj. kr. Heildartekjur af þessum sköttum eru reiknaðir um 2,6 milljarðar á þessu ári. Þetta er því ekki sú búbót sem fjármálaráðherra væntir og aðferðin við að vinna þetta mál er með ólíkindum að auki.

Þetta sýnir okkur öllum og þá ekki síst okkur sem erum ný á þingi að við megum ekki taka við og kokgleypa vinnubrögð sem hafa viðgengist hér að mér virðist árum og jafnvel áratugum saman. Ég hafði orð á því fyrr í kvöld að ég hefði verið með óbragð í munninum í dag út af vinnubrögðum á Alþingi vegna ýmissa trúnaðaratriða og ýmiss þess háttar. Mér finnst rétt að forseti taki það til athugunar að það væri einfaldlega bannað það verklag á Alþingi að fundir séu bundnir trúnaði nema það varði beinlínis öryggi ríkisins. Þetta er óhæfa að Alþingi geti ekki fjallað um mál öðruvísi en að menn séu bundnir trúnaði um það.

Þetta sýnir okkur líka hve nauðsynlegt er að afnema þessa verðtryggingu því að það er sama hvað gjört er, það hefur áhrif langt úr fyrir ætluð frumvörp og eins og í þessu tilviki hefur það örugglega ekki verið ætlun fjármálaráðherra að velta 8 þús. millj. í viðbót yfir á heimilin til að borga. Ég ætla honum það ekki.

En þetta er vond afleiðing af vondri lagasetningu og við skulum bara reyna að muna hvernig hlutirnir geta gerst hér ef fólk vandar sig ekki í vinnunni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:27]

Frv. samþ. með 32:22 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BJJ, EKG, EyH, GStein, GBS, IllG, KÞJ, MT, ÓN, PHB, RR, SDG, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞKG, ÞSa, ÞrB.

9 þm. (ÁJ, BjarnB, GLG, GÞÞ, HöskÞ, JónG, REÁ, SIJ, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:25]

Birkir Jón Jónsson:

Frú forseti. Það er dapurlegt kvöld hér á haustþingi að þurfa að greiða atkvæði um það að … [Hlátrasköll í þingsal.] Ja, það haustaði snemma þetta sumar hjá þessari ríkisstjórn.

Hér er verið að grípa til aðgerða sem hækka verðbólguna, munu hækka skuldir íslenska heimila um 8 þús. millj. kr. Aðgerð sem mun líka leiða til þess að við munum seinna en ella geta lækkað himinháa stýrivexti Seðlabankans. Það er dapurlegt að horfa upp á þetta. Á meðan stjórnarandstaðan ákallar ríkisstjórnarflokkana um að koma til móts við skuldug heimili og fyrirtæki stendur stjórnarmeirihlutinn á Alþingi að því að hækka enn frekar skuldir íslenskra heimila, heimila sem eru mörg hver að lenda í greiðsluþroti. Ríkisstjórnin er gjörsamlega úr sambandi við raunveruleikann í samfélaginu og því segi ég nei, frú forseti.

[23:26]

Guðmundur Steingrímsson:

Frú forseti. Hér hefur verið lagt á borðið einfalt reikningsdæmi sem sýnir að þessi aðgerð sem á að auka tekjur ríkisins eykur skuldir ríkisins og þar með skuldbindingar ríkisins og sá tekjuauki sem lagt er upp með í þessu verður ekki. Þetta er bara einfalt reikningsdæmi. En hið alvarlega er að verið er að auka skuldir heimilanna um 8 milljarða.

Þegar ég horfi á töfluna og leiði líkum að því að þetta hafi verið samþykkt hlýt ég að spyrja í ljósi allra þeirra yfirlýsinga um að nýtt þing sé komið saman og þar eigi að vera ný vinnubrögð: Hvar er gagnrýna hugsunin? Hvar er atkvæðagreiðsla samkvæmt samvisku þingmanna? Mér sýnist að hér ríki bara sami (Forseti hringir.) aginn í stjórnarliðinu og hefur alltaf (Forseti hringir.) ríkt og að ekkert hafi breyst. Ég segi nei.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 68).

Fjármálafyrirtæki, 2. umr.

Stjfrv., 33. mál (heimild til útgreiðslu úr þrotabúum gömlu bankanna). — Þskj. 33, nál. 55 og 62.

[23:28]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta hv. viðskiptanefndar, sem er að finna á þingskjali 55, um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Þetta mál, sem er 33. mál þingsins, var tekið á dagskrá með afbrigðum á þriðjudaginn var. Hv. viðskiptanefnd hefur þegar fjallað um það á þremur fundum sínum en það verður að segjast eins og er að sá mikli hraði sem var á þessu máli var gagnrýndur af nefndarmönnum í hv. viðskiptanefnd sem og þeim umsagnaraðilum sem beðnir voru um umsagnir um frumvarpið.

Sú breyting sem kveðið er á um í frumvarpinu lýtur að því að skilanefndum fjármálafyrirtækjanna, gömlu bankanna og þeirra annarra fjármálastofnana sem eru í greiðslustöðvun, verði heimilað, þrátt fyrir að slitaferlið sé hafið með nýjum lögum nr. 44/2009, að greiða skuldir fjármálafyrirtækis eða efna aðrar skuldbindingar þess telji skilanefndin víst að nægilegt fé sé til að greiða að fullu kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð. En hin nýsamþykktu lög gera ekki ráð fyrir að unnt sé að hefja slíkar greiðslur þótt um forgangskröfur sé að ræða fyrr en í fyrsta lagi að loknum fyrsta fundi með kröfuhöfum þegar kröfulýsingarfrestur er liðinn.

Málið snýr annars vegar að launagreiðslum, en bagalegt þykir að ekki sé fyrir hendi lagaheimild fyrir því að greiða laun starfsmanna í uppsagnarfresti. Á það einkum við um fyrirtækin Straum-Burðarás annars vegar og Sparisjóðabankann hins vegar. Hins vegar er um að ræða greiðslur til innlánseigenda Kaupþings í Þýskalandi (Kaupthing Edge) upp á 300 millj. evra sem samið hefur verið um. Ljóst er að ef þær innstæður verða ekki greiddar út fyrr en að loknum fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests, sem mundi vera í nóvember næstkomandi, gætu þessar skuldir fallið á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Hv. nefndarmenn í viðskiptanefnd voru sammála um að það væri eðlilegt að skoða þessar sérstöku aðstæður með jákvæðum hætti en telja nauðsynlegt að takmarka gildissvið við þetta tvennt, annars vegar við skuldir vegna launa í uppsagnarfresti og hins vegar vegna innlána sem veittur var forgangsréttur með 6. gr. neyðarlaganna nr. 125/2008.

Við teljum brýnt að það verði sem minnst hreyft við þessu ferli og meginreglan eigi eftir sem áður að vera sú að greiðslur fari ekki fram fyrr en fyrir liggur hverjir eru kröfuhafar og hvaða stöðu þeir hafa í kröfuröðinni.

Það verður að viðurkennast að það er ekki auðvelt eða gott að breyta aftur lögum sem eru rétt rúmlega mánaðargömul en þetta er þriðja breytingin sem gerð er á neyðarlögunum sem sett voru við mjög svo óvenjulegar aðstæður í byrjun októbermánaðar síðastliðins. Síðan var þeim breytt aftur í nóvember, aftur í apríl og svo er hér gerð tillaga í fjórða sinnið.

Meiri hlutinn leggur til, í samræmi við það sem ég sagði áðan, þrengingu á frumvarpinu og leggur til að efnisgrein frumvarpsins orðist svo sem rakið er í nefndarálitinu og að við bætist ný grein sem snertir það að lögin öðlist þegar gildi.

Sex umsagnir bárust og við fengum nokkuð marga gesti á fundi nefndarinnar en eftir að nefndin lauk störfum í dag bárust tvær umsagnir til viðbótar og reyndar sú þriðja í kvöld. Með því að allir hv. nefndarmenn í viðskiptanefnd eru sammála um að það sé nauðsynlegt að þetta mál gangi aftur til nefndar leyfi ég mér að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem nefndin leggur til en að málið gangi aftur til nefndar. Ef það er samþykkt mun nefndarfundur verða boðaður í fyrramálið klukkan níu með gestum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:36]

Brtt. í nál. 55,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, EyH, GuðbH, GStein, GBS, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, RR, RM, SDG, SER, SII, SF, SVÓ, SSv, TÞH, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

9 þm. (BÁ, BirgJ, EKG, IllG, KÞJ, MT, UBK, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, GLG, GÞÞ, HöskÞ, JónG, ÓN, REÁ, SIJ, SkH, SJS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 55,2 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, EyH, GuðbH, GStein, GBS, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, RR, RM, SDG, SER, SII, SF, SVÓ, SSv, TÞH, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

11 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, EKG, IllG, KÞJ, MT, ÓN, UBK, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, GLG, GÞÞ, HöskÞ, JónG, REÁ, SIJ, SkH, SJS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til viðskn.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 23:37.

12. FUNDUR

föstudaginn 29. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38. — Frh. fyrri umr.
3. Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
4. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 33. mál, þskj. 69. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Ásbjörn Óttarsson, 1. þm. Norðvest.
Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Norðaust.
Ögmundur Jónasson heilbrrh., 10. þm. Suðvest.

[10:31]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 33. mál, þskj. 69.
Gengistryggðar og verðtryggðar eignir og skuldir bankanna, 59. mál, fsp. EyH, þskj. 61.
Vextir og verðtrygging, 62. mál, frv. EyH o.fl., þskj. 70.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að gert er ráð fyrir atkvæðagreiðslu um afbrigði að loknum 1. dagskrárliðnum, um kl. 11.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Frumvarp um þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki.

[10:32]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Á þriðja fundi hv. efnahags- og skattanefndar 22. maí 2009 kom Mats Josefsson fyrir fundinn og fór í gegnum fyrsta mál þingsins, endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægara atvinnufyrirtækja. Hann kom inn á það að hann teldi að það væri æskilegt að gera mjög miklar breytingar á því frumvarpi og í rauninni líta allt öðruvísi á tilgang þess þannig að í stað þess að taka yfir þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki ætti að ráðleggja bönkunum — eftir því sem ég skildi það — að ráðleggja bönkunum varðandi meðhöndlun þessara fyrirtækja en ekki að eiga þau.

Mig langar til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort Mats Josefsson hafi þá komið að gerð þessa frumvarps á síðustu stigum því að það kom fram á fundinum að hann hefði í raun ekki séð það fyrr en stuttu áður en fundurinn var og þá í enskri þýðingu og að hann hefði reyndar unnið að gerð þess á fyrri stigum en þá hefði ekki verið tekið tillit til athugasemda hans að fullu. Mig langar til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé sáttur við þessar breytingar sem Mats Josefsson leggur til og hvort það gæti þá verið umræðugrundvöllur fyrir nefndina til að vinna frekar að.

[10:34]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er alveg rétt að hinn ágæti ráðgjafi bæði fyrrverandi ríkisstjórnar og núverandi í þessum bankamálum, Mats Josefsson, hefur sterkar skoðanir á þessu máli eins og fleiru. Honum var sent frumvarpið rétt áður en það var sent til framlagningar á þingi. Hann kom sínum athugasemdum að. Það var vissulega skammur tími þá til stefnu því að við lögðum áherslu á að koma málinu fram. En eitt af þeim atriðum sem hann lagði til var að frumvarpinu yrði breytt í þá átt að eignaumsýslufélagið gæti eftir atvikum verið ekki síður ráðgefandi aðili og veitt bönkunum stuðning og faglega aðstoð við endurskipulagningu fyrirtækja frekar en taka þau yfir og 1. gr. frumvarpsins var nákvæmlega breytt í þessa átt þannig að nú er málið opnara en það var þegar það kom fyrir þing í vetur.

Mér er sömuleiðis kunnugt um að hann hefur komið á fund nefndarinnar og lýst þar sínum sjónarmiðum. Formaður og varaformaður nefndarinnar hafa rætt þau við mig og að sjálfsögðu er það í höndum þingnefndarinnar að vinna úr þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið, þessum eins og öðrum og ég mun fyrst og fremst fagna því ef nefndin nær góðri samstöðu um að afgreiða málið. Okkar áherslur hafa verið þær, og liggja skýrt fyrir, að þeim mun fleiri mál sem bankarnir á eigin vegum geta leyst þeim mun betra og æskilegast væri auðvitað að þetta tæki væri til staðar ef á þyrfti að halda en þyrfti sem minnst og jafnvel þess vegna aldrei að taka nein verkefni til sín ef þau leystust farsællega með öðrum hætti. Það er með öðrum orðum alls ekki ætlunin að sækjast eftir því að verkefni, hvort heldur þau eru í formi ráðgjafar eða aðstoðar við endurskipulagningu fyrirtækja eða beina yfirtöku fyrirtækja, færist þangað heldur að þetta tæki sé til staðar ef á þurfi að halda.

[10:36]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Það er mjög mikilvægt að hv. nefndir þingsins og hæstv. ráðherra vinni náið að því að finna góða lausn á þessu máli því það skiptir verulega miklu að fundin verði góð lausn.

Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson lét bóka á þessum fundi eftirfarandi, með leyfi frú forseta:

„Tryggvi vill að fram komi í fundargerð að Mats hafi fengið tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið á síðasta þingi en ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda hans að öllu leyti. Þá hefur honum borist ensk þýðing á nýju frumvarpi í morgun ...“ — þ.e. rétt fyrir fundinn.

Það er spurning hvernig þetta fer saman við ummæli hæstv. fjármálaráðherra þann 19. maí þar sem hann segir við hv. þm. Tryggva Þór Herbertsson, með leyfi forseta:

„Ég vona að hv. þingmaður sé ekki að reyna að halda því fram að ég fari með rangt mál.“

En Tryggvi Þór Herbertsson segir að Mats Josefsson hafi ekki komið að gerð þessa síðara frumvarps.

[10:37]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni. Það er mikilvægt að hv. þingnefnd nái farsælli lendingu í þetta mál og Alþingi allt en ég held að það sé skynsamlegt að þetta verði gert, að þetta tæki verði stofnað.

Varðandi athugasemdir Mats Josefssons þá liggur það einfaldlega þannig að sólarhring áður en málið var sent þingflokkum var honum send ensk þýðing á frumvarpsdrögunum eins og þau lágu þar fyrir. Athugasemdir hans bárust um kvöldið og að morgni þess dags voru gerðar breytingar á frumvarpinu og það síðan sent til þingflokka og lagt fram á Alþingi. Síðan var endanleg útgáfa frumvarpsins aftur þýdd á ensku og það mun hafa verið hún sem Mats Josefsson barst að morgni þess dags sem hann mætti fyrir þingnefndina. Vonandi útskýrir þetta þennan misskilning sem enginn á að þurfa að vera og ég hef það skjalfest og sannað og mörg vitni að því að ráðgjafanum var send ensk þýðing á frumvarpsdrögunum daginn áður en lögð var lokahönd á það í fjármálaráðuneytinu og það sent til ... (Forseti hringir.) — fór inn í ríkisstjórn og þingflokka.

Kjarasamningar og ESB-aðild.

[10:38]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég beini orðum mínum til hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra. Hér voru rædd Evrópumál í gær og þau halda áfram í dag. Þar kom hæstv. ráðherra upp og reifaði lífsýn sína á ástandinu á Íslandi í dag og hvernig það lítur út af hans hálfu og þar kom ýmislegt athyglisvert í ljós. Ráðherrann lítur svo á að við Íslendingar vinnum allt of lengi og berum of lítið úr býtum miðað við núverandi aðstæður sem kannski lýsir því frekar að það er ekki Íslendingum sjálfum að kenna heldur kannski frekar samningaaðilum verkalýðshreyfingarinnar að fólk geti ekki lifað hér á átta klukkustunda vinnuviku.

Það kom einnig fram í máli ráðherra að nú stæðu yfir samningalotur og aðilar vinnumarkaðarins eru komnir að því samningaborði eins og fram hefur komið. Því langar mig til að spyrja hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra: Er það rétt sem kom fram í máli hans hér í gær að miðað við núverandi ástand væri ekki hægt að leggja grunn að kjarasamningum þar sem ekki væri fast í hendi hver þróun Alþingis verður varðandi Evrópumálin? Er það svo að aðilar vinnumarkaðarins krefjist þess að aðild að Evrópusambandinu sé skilyrði þess að hér geti verið samið á næstu mánuðum? Eru aðilar ekkert að huga að því að hér eru heimili og fyrirtæki að brenna upp og fleiri þúsundir manna atvinnulausar? Er það Evrópusambandið sem skiptir máli akkúrat á þessum tímapunkti?

[10:40]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Að því er varðar afstöðu aðila vinnumarkaðarins til Evrópumála verða þeir auðvitað að svara fyrir sig. Það er ekki mitt að svara fyrir þá. Það sem ég var að lýsa hér í gær var það viðhorf mitt og skilningur minn á því hvað þeir hafa látið frá sér fara á undanförnum mánuðum, að það stefnuleysi sem ríkti nú í efnahagsmálum og það stefnuleysi sem ríkti hvað varðaði aðild okkar að Evrópusambandinu torveldaði frið á vinnumarkaði bæði til skemmri og lengri tíma. (Gripið fram í.) Það er þess vegna sem við höfum lagt fram tillögu á Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu til að binda enda á þetta stefnuleysi. En það er hins vegar einlægur ásetningur Sjálfstæðisflokks og nú nýlega Framsóknarflokksins líka að viðhalda þessu stefnuleysi sem mér þykir mjög sérkennilegt. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður virðist hins vegar aðeins misskilja orð mín þannig að það sé á færi aðila vinnumarkaðarins að búa til laun þegar verðmæti eru ekki sköpuð. Það er ekki þannig að samningsaðilar á vinnumarkaði geti samið um laun ef verðmætasköpunin stendur ekki undir þeim. (Gripið fram í.) Það sem ég var að vísa til í gær er sú staðreynd, óumdeilda staðreynd að framleiðni í íslensku atvinnulífi er lakari en í nágrannalöndunum og við erum að bera minna úr býtum fyrir hverja unna vinnustund vegna þess sem þjóð, vegna þess að við búum við mjög lakan gjaldmiðil og kostnaður okkar af honum, vaxtakostnaður atvinnulífsins, vaxtakostnaður heimila dregur niður lífskjör, dregur niður samkeppnisstöðu fyrirtækjanna á alþjóðamörkuðum. Til þess var ég að vísa. (Gripið fram í.) Aðilar vinnumarkaðarins skipta auðvitað þeirri köku (Gripið fram í.) sem sköpuð er í þjóðarbúinu. En ef ekki eru sköpuð verðmæti þá er náttúrlega eðlilega minna til skiptanna.

[10:42]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að það er ríkisstjórnar á hvers tíma að skapa það svigrúm fyrir atvinnulífið til að það geti þróast, þroskast og eflst þannig að það er raunverulega það sem skiptir máli hér. En núverandi ríkisstjórn hefur gert ansi lítið í því og virðist skella skollaeyrum við því að bæði fyrirtæki og fjölskyldur og heimili séu að brenna upp, svo því sé haldið til haga hér.

Það hefur komið fram í máli verkalýðshreyfingarinnar að þeir séu hættir að tala við embættismenn. Þeir eru komnir að samningaborði ríkisstjórnarinnar. Það er verið að búa hér til stöðugleikasáttmála að mér skilst og ég get ekki túlkað þau orð á annan hátt en að fyrsta atriðið í þeim stöðugleikasáttmála sé það að þvinga ríkisstjórnina og Íslendinga til aðildar að Evrópusambandinu til að hér skapist stöðugleiki. En ég vil líka benda á að stöðugleikinn (Forseti hringir.) næst ekki því að í fyrsta lagi getum við jafnvel gengið inn eftir þrjú eða fjögur ár. Og á þá ekki að semja á meðan eða?

[10:43]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður má halda áfram að reyna að rangtúlka það sem ég er að segja og reyna að halda því fram að ég hafi sagt eitthvað annað en ég sagði. Ég hef hvergi sagt þetta og aldrei látið að því liggja að ég væri að tala fyrir aðila vinnumarkaðarins í þessu máli. Þeir tala fyrir sig og útskýra sín sjónarmið sjálfir. Ég var að ræða hér með almennum hætti þau sjónarmið sem liggja til grundvallar tiltekinni tillögu sem liggur fyrir þinginu.

Það er hins vegar þannig að aðildarumsókn að Evrópusambandinu er mikilvægt skref í átt að því að treysta stöðugleika og leggja grunn að skýrri framtíðarsýn fyrir atvinnulífið í landinu. Þetta viðurkenna flokkssystkin hv. þingmanns. Þess vegna samþykkti flokksþing framsóknarmanna aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Hv. þingmaður (Gripið fram í.) virðist vera í bullandi mótsögn við sinn eigin flokk og maður veltir því fyrir sér á hvaða vegferð hv. þingmaður er og sumir aðrir þingmenn Framsóknarflokksins sem virðast (Gripið fram í.) ekkert vera að gera með þá afstöðu Framsóknarflokksins (Gripið fram í.) að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu. Það virðist vera sem þau séu á harðahlaupum undan þeirri stefnu sem (Gripið fram í.) flokksfólk er búið að marka og það er náttúrlega undarlegt. Það er algerlega óþarfi að reyna að gera mér upp skoðanir til að breiða yfir þennan augljósa klofning í Framsóknarflokknum. (**Gripið fram í:** ... svara spurningunni?)

Tilraun með erfðabreyttar lífverur.

[10:45]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Umhverfisstofnun hefur haft til meðferðar umsókn fyrirtækisins ORF Líftækni hf. um leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi. En við málsmeðferðina gilda lög um erfðabreyttar lífverur.

ORF er íslenskt hlutafélag sem hefur þróað aðferð við framleiðslu á sérvirkum próteinum fyrir læknarannsóknir, lyf og iðnað. Aðferðin er afrakstur öflugs vísinda- og þróunarstarfs til margra ára en með henni er hægt að lækka verulega framleiðslukostnað þessara próteina og auka gæði þeirra. ORF Líftækni hefur skipað sér í fremstu röð fyrirtækja af þessu tagi í öllum heiminum.

Fyrir liggur jákvæð umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur en þeir aðilar eru lögbundnir umsagnaraðilar varðandi leyfi til útiræktunar erfðabreyttra lífvera.

Fyrr í vikunni mælti hæstv. umhverfisráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á nefndum lögum um erfðabreyttar lífverur. Leitað var afbrigða til að koma því máli á dagskrá hérna í þinginu. Í lok málsins tók ráðherrann fram að sér væri bæði ljúft og skylt að upplýsa að Umhverfisstofnun íhugaði að lengja umsóknarferlið til að hægt væri að halda kynningarfund á höfuðborgarsvæðinu um málið. Nú hefur stofnunin staðfest að athugasemdafrestur vegna umsóknarinnar hafi verið framlengdur til 12. júní.

Líkt og alþjóð veit þá dugar skammt að sá byggi um miðjan júní og því ljóst að drátturinn á leyfisferlinu veldur því að verkefnið er í óvissu. Í verkefninu eru fólgin mikil tækifæri til atvinnusköpunar og til þess að skapa gjaldeyristekjur fyrir framtíðina fyrir þessa þjóð sem virkilega þarf á því að halda.

Er þetta atvinnustefna nýju ríkisstjórnarinnar og er þetta rétta leiðin í okkar vegferð til að byggja hér upp efnahagslíf? Ég spyr hæstv. umhverfisráðherra. Beitti ráðherra sér í málinu í þeim tilgangi að Umhverfisstofnun lengdi þetta ferli? Og er hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að þessi aðferð, að nýta þessa tækni til framleiðslu efna til lyfjagerðar, sé ekki við hæfi hér í landinu og er þetta atvinnustefna ríkisstjórnarinnar?

[10:47]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur hennar fyrirspurn að því er varðar umsókn ORF Líftækni um leyfi og heimild til útiræktunar á sértækum próteinum í byggi í Gunnarsholti. Það er hárrétt sem hún reifaði hér að þetta fyrirtæki er í fremstu röð og að umsóknin fékk jákvæða umfjöllun Náttúrufræðistofnunar og þeirrar nefndar sem fjallaði um umsóknina sérstaklega.

Að því er varðar það frumvarp sem ég talaði fyrir hér í þinginu þá held ég að það sé nú ekki rétt eftir haft að það hafi verið leitað afbrigða til þess að koma málinu á dagskrá heldur var það sett á dagskrá og var eitt af fyrstu málunum hér. Reyndar vorum við komin í skömm með þá lagabreytingu sem þar lá fyrir gagnvart EES-samningnum og var komið að því. Raunar hafði verið mælt fyrir þessu máli á vetrarþingi, á síðasta þingi, og það hafði ekki náð fram að ganga þannig að ekki var um það að ræða að það hefði verið sett hér á dagskrá vegna einhverra ytri aðstæðna.

Það sem það frumvarp hins vegar felur í sér fyrst og fremst er aukið samráð við almenning og aukið gagnsæi, meiri umræða um málið. Hvort umhverfisráðherra hafi beitt sér gagnvart Umhverfisstofnun í málinu þá er svarið að svo er ekki. Umhverfisstofnun hefur málið á sínu borði. Málið er ekki á borði umhverfisráðherra. Umhverfisstofnun er stjórnsýslustofnun sem hefur þessa umsókn með höndum en hefur í ljósi stöðunnar tekið ákvörðun um að framlengja frestinn til að taka við athugasemdum og ég held að það sé í samræmi við góða stjórnsýslu.

[10:49]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Vissulega vakti það athygli mína að hæstv. umhverfisráðherra gerði það að umtalsefni þegar hún flutti mál sitt hér fyrr í vikunni að Umhverfisstofnun væri að íhuga að lengja leyfisveitinguna. En ókei, ég tek orð hæstv. ráðherra góð og gild um það að hún hafi ekki beitt sér í málinu.

Hins vegar svaraði hún ekki spurningunni hver skoðun ráðherrans væri á því að nýta þessa aðferð til þess að framleiða þessi prótein á Íslandi og þá að nýta erfðabreyttar lífverur í þeim tilgangi.

Jafnframt fékk ég ekki svör við þeirri spurningu minni hvort atvinnustefna ríkisstjórnarinnar byggist á því að bregða fæti fyrir öll stór og góð verkefni sem hér eru í píp-

unum. Er það atvinnustefna ríkisstjórnarinnar að hindra það að við getum skapað hér fleiri störf á þessum vettvangi og hindra að verkefni af þessu tagi geti orðið að veruleika til þess að við getum skapað meiri gjaldeyristekjur í framtíðinni?

[10:50]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Frú forseti. Nei, það er ekki atvinnustefna núverandi ríkisstjórnar að bregða fæti fyrir öll stór verkefni enda væri það nú annað hvort ef svo væri og sérkennileg staða.

Það er hins vegar stefna núverandi ríkisstjórnar að viðhafa opna og gagnsæja stjórnsýslu á öllum stigum. Í því efni sem þingmaðurinn nefndi er ekkert annað í gangi en að það er verið að fara að þeim lögum og reglugerðum sem um slíka starfsemi gilda og framlenging á umsagnarfresti er algjörlega innan þeirra marka sem þar er á ferðinni til þess að tryggja öfluga kynningu á þeirri starfsemi sem um er að ræða.

Atvinnustefna nýrrar ríkisstjórnar er fyrst og fremst í þágu sjálfbærrar þróunar enda höfum við ekki efni á því miklu lengur að ganga á umhverfið og þann sáttmála sem við höfum við jörðina, þ.e. að skila henni betri til barnanna okkar.

Atvinnuleysisbætur.

[10:52]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram eftirfarandi setning, með leyfi forseta:

„Mikilvægasta verkefni velferðarþjónustunnar og leiðarljós við forgangsröðun í núverandi aðstæðum er að vernda hag og stöðu barna og fjölskyldna þeirra, sem og þeirra sem lakast standa í samfélaginu.“

Þessi málaflokkur, börn og fjölskyldur þeirra, fellur undir félagsmálaráðuneytið. Félagsmálaráðuneytið er hið svokallaða velferðarráðuneyti. Að undanförnu hafa þrír ráðherrar Samfylkingarinnar setið í félagsmálaráðuneytinu, hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. forseti Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og núverandi ráðherra Árni Páll Árnason.

Það kemur fram þegar maður les upplýsingar um atvinnuleysisbætur og lög um atvinnuleysisbætur, með leyfi forseta, að:

„Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla og hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára skal eiga rétt á 4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum með hverju barni frá upphafi tímabils skv. 29. gr. nema annað leiði af lögum þessum.“

4% af óskiptum grunnatvinnuleysisbótum eru 276 kr. á dag og mig langar til að spyrja. Hvað fær maður fyrir 276 kr. á dag fimm daga vikunnar? Hefur hæstv. ráðherra kynnt sér hvað hann getur fengið fyrir 276 kr. á dag? Það er hægt að kaupa sér appelsínusafa á 199 kr., Frón heimiliskex er of dýrt, en það kostar 289 kr. og bleyjupakki kostar um 1.000 kr. eða um fjögurra daga greiðslu með einu barni.

Það stendur líka í lögunum að félags- og tryggingamálaráðherra sé heimilt að breyta fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta og reglum sem tengjast atvinnuleysisbótum. Ég mundi gjarnan vilja heyra frá ráðherra hvenær hann telur rétt að lagfæra greiðslur til barna atvinnulausra þannig að það verði raunverulega (Forseti hringir.) hægt að kaupa eitthvað eða að leggja fram framlag til framfærslu barna.

[10:54]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er nú þannig að fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta er á pari nokkurn veginn við lægstu taxtalaun. Því til viðbótar koma auðvitað viðbætur eins og hér eru raktar. Það er hins vegar þannig að önnur úrræði koma til þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum og hafa ekki aðra hluti sér til framfærslu sem auðvitað spila inn í framfærslu barna.

Ég held að við þær aðstæður sem við búum við núna þá sé grundvallaratriðið að verja framlög til atvinnuleysistrygginga. En ég vil minna á það hér að fyrr í þessari viku eða í síðustu viku ræddum við stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og það liggur fyrir að við þetta mikla atvinnuleysi sem við búum við núna þá verður fé í hann upp urið fyrir árslok og við blasir að obbi bóta sem greiddur verður á næsta ári mun koma úr ríkissjóði. En eins og hv. þingmaður veit er ekki til fé í ríkissjóði fyrir því. Það fé þarf því að taka að láni.

Ég tel fulla ástæðu til að taka þetta atriði til athugunar sem hv. þingmaður bendir á og horfa á heildarmyndina í þessu efni. Ég get ekki svarað því nákvæmlega hér án nokkurra gagna. En ef hv. þingmaður vill leggja fram skriflega fyrirspurn skal ég svara því og reyna þá að koma með frekari talnagögn um það.

En svigrúm til hækkunar atvinnuleysisbóta með einum og öðrum hætti er ekki mikið annars vegar vegna stöðu ríkissjóðs og hins vegar vegna þess að ég er bjargfastlega þeirrar skoðunar að við megum ekki hækka atvinnuleysisbætur umfram það sem launavinna gefur af sér. Það er auðvitað mikilvægt að hækka lægstu laun og þá geta atvinnuleysisbæturnar fylgt. (Forseti hringir.) En að hækka bætur umfram laun er mjög erfitt.

[10:56]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég tel það áhyggjuefni að þar sem Samfylkingin hefur verið með félagsmálaráðuneytið í þetta langan tíma að þetta skuli ekki hafa verið skoðað þegar af þeim þremur ráðherrum sem ég nefndi hérna áður.

Eins og hæstv. ráðherra benti á þá er það staðreynd að líkur eru á að Atvinnuleysistryggingasjóður muni tæmast núna í október. Hins vegar er alveg greinilegt í þeim reglum sem eru til staðar núna varðandi atvinnuleysisbætur að ósanngirni er í kerfinu. Það er núna þannig að hvort sem menn búa hjá mömmu og pabba eða eru að borga af eigin húsnæði eða leigja húsnæði þá eru þeir að fá sömu atvinnuleysisbæturnar. Ég sé ekki hver sanngirnin er í því.

Ég sé heldur ekki hvernig í ósköpunum það eigi að vera hægt að greiða fyrir þarfir barna (Forseti hringir.) með 276 kr. á dag fimm daga vikunnar og væntanlega eiga börn ekki að borða (Forseti hringir.) um helgar.

[10:58]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að af hálfu Samfylkingarinnar var staðið fyrir umfangsmiklum fjárfestingum í almannatryggingakerfinu og atvinnuleysistryggingakerfinu eftir að við tókum sæti í ríkisstjórn árið 2007. Nefni ég bara eina tölu, þ.e. að hagur lakast settu lífeyrisþeganna batnaði um 42% á þessum tíma. (Gripið fram í.) Þar var verið að bæta fyrir vanrækslusyndir Framsóknarflokksins úr stjórnartíð hans.

Ég ætla nú bara að segja alveg eins og er að það er svolítið undarlegt að sitja hér líka undir því að heyra frá þingmanni Framsóknarflokksins ávirðingar um að ekki sé hér bætt í útgjöld til atvinnuleysistrygginga þegar flokkurinn stóð hér gegn tekjuöflun í gær. (**Gripið fram í:** Nei ...) Það verður nú þannig að tekjuöflun hlýtur alltaf að vera forsenda þess að við getum gert betur í þessu kerfi. Fyrir liggur einlægur vilji okkar til að tryggja eins sanngjörn framlög til atvinnuleysisbóta og mögulegt er. En það takmarkast af getu ríkisins annars vegar og hins vegar af því innbyrðis samræmi sem hlýtur alltaf að vera (Forseti hringir.) á milli bótagreiðslna annars vegar og vinnulauna hins vegar.

Fyrirtæki í opinberri eigu.

[10:59]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Þeir geta verið ansi fróðlegir þessir fyrirspurnatímar og þó svo ráðherra svari ekki þeim fyrirspurnum alltaf sem til þeirra er beint þá erum við alla vega búin að fá röksemd fyrir því af hverju ríkisstjórnin vill fara í Evrópusambandið. Það kom fram hjá hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra að það er til þess að ná friði á vinnumarkaði á Íslandi. Þá liggur það fyrir.

Ég ætla að spyrja hæstv. fjármálaráðherra um fyrirtæki sem eru í opinberri eigu. Þeim hefur fjölgað nokkuð mikið og meðal annars bönkum og fjármálafyrirtækjum. Þá er ég að spyrjast fyrir um hvaða starfsmannastefna þar sé í gangi. Það hefur verið nokkur umræða um bankastjóra, um að auglýsa stöður þeirra. Það hefur dregist ansi mikið. En það er svo að bankastjórar eru í miklum minni hluta þegar kemur að starfsmönnum banka og fjármálastofnana. Ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvaða starfsmannastefna sé í gildi hvað varðar ráðningu í störf hjá þessum fyrirtækjum og öðrum þeim sem verið er að taka yfir núna. Er sú stefna viðhöfð að auglýsa stöður? Ef svo er ekki, hvaða aðrar forsendur liggja þá til grundvallar þegar ráðið er í stöður í þessum fyrirtækjum og öðrum þeim sem hið opinbera, ríkið hefur verið að taka yfir á undanförnum mánuðum?

[11:01]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að ástunda skuli fagleg vinnubrögð við mannaráðningar, að sjálfsögðu, og það skuli auglýst í störf. Það á að vera hin almenna regla. Stöður bankastjóranna verða auglýstar um leið og þeir hafa fengið sinn efnahagsreikning og því bráðabirgðaástandi sem þar hefur ríkt linnir sem vonandi verður innan skamms. Ríkið er að móta betur sína eigendastefnu og hún verður væntanlega skýrð og kynnt innan skamms. Hún kann að verða tvískipt, þ.e. annars vegar almenn eigendastefna sem gildir almennt um aðkomu ríkisins að fyrirtækjum og stofnunum og hins vegar sértækari reglur sem snúa að þeim fjármálafyrirtækjum sem eru komin í hendur ríkisins. Að sjálfsögðu er það einlægur ásetningur ríkisstjórnarinnar að fylgt sé vönduðum vinnubrögðum í þessum efnum, að stöður séu auglýstar, ráðningar faglegar og þar fram eftir götunum.

[11:02]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Þetta voru mjög skýr svör. Það er þá stefna ríkisstjórnarinnar varðandi þessi fyrirtæki og hefur verið að auglýsa stöður og ráða faglega inn. Það er gott að það kemur skýrt fram hjá hæstv. fjármálaráðherra. Það liggur þá bara fyrir og ágætt að aðilar viti af því að þannig hefur verið unnið. Menn geta þá farið yfir þau mál.

Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir skýr svör. Stefnan hefur verið og þannig hefur það verið unnið að stöður eru auglýstar og ráðið faglega. Það liggur þá bara fyrir.

[11:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég kýs að skilja það svo að hv. þingmaður hafi verið sérstaklega ánægður með svar mitt og var hann hér með miklum gleðibrag þegar hann þakkaði fyrir svarið. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta öðru en leggja á það áherslu að sambúð eigandans í þessu tilviki og síðan þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga er að sjálfsögðu ekki þannig að þó að ríkið tímabundið eigi banka eða að bankar í eigu ríkisins hafi neyðst til að yfirtaka fyrirtæki þá er ekki ætlunin að eigandinn sé að skipta sér af dagsdaglegum ákvörðunum fyrirtækjanna. Eigendastefna á fyrst og fremst að vera hin almenna leiðsögn af hálfu eigandans á almennum forsendum en síðan bera að sjálfsögðu stjórnendur viðkomandi fyrirtækja ábyrgð á framkvæmd, mannaráðningum og öðru slíku og ég geri ekki ráð fyrir því að hv. fyrirspyrjandi (Forseti hringir.) vilji það fyrirkomulag að fjármálaráðherra sé með puttana ofan í því hvernig stjórnendur einstakra fyrirtækja (Forseti hringir.) standa að dagsdaglegum ákvörðunum.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38.

[11:06]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum áfram aðild að Evrópusambandinu og þær tvær tillögur — ég leyfi mér að tala um þær tvær tillögur sem hafa verið til umræðu frá stjórn og stjórnarandstöðu, þ.e. hluta af stjórn. Það þarf ekkert að undirstrika það. (**Gripið fram í:** Og hluta af stjórnarandstöðu?) Já, kannski líka ef maður undanskilur Borgarahreyfinguna þá er það líka hluti af stjórnarandstöðu.

Í tillögu ríkisstjórnarinnar kemur hvergi fram af hverju á að sækja um en maður hefur heyrt í gegnum ræðurnar til hvers og mér finnst sá málflutningur minna mig á áróður eða trúboð. Það er í fyrsta lagi fagurgali og loforð. Menn segja: Við þurfum evru, krónan er ónýt. Við þurfum evru, göngum í Evrópusambandið og þá fáum við evru. En samt vita þessir menn að þetta er rangt. Þeir vita þegar þeir segja það að þetta er rangt. Vegna þess að menn fá ekkert evru fyrr en þeir eru búnir að uppfylla Maastricht-skilyrðin. Það vita þeir. Og það gerist, ef menn eru bjartsýnir, eftir svona sjö ár, kannski tíu ár, sumir segja 30 ár. (**Gripið fram í:** Fimm ár.) Vegna þess að hið ágæta Evrópusamband kúgaði Íslendinga til að taka yfir Icesave-reikningana, þannig að skuldsetning ríkissjóðs verður mjög myndarleg um alla framtíð, um langa framtíð.

Svo segja menn að vextir lækki þegar evran kemur sem gerist ekki strax. Þetta eru loforðin, áróðurinn og fagurgalinn. Það eru mjög mismunandi vextir á evrusvæðinu. Vextir eru ekki alls staðar eins og þeir eru að sjálfsögðu háðir framboði og eftirspurn og trausti manna á viðkomandi gjaldmiðli og viðkomandi ríkisstjórn. Menn þurfa fyrst að byggja upp traust og fyrst verður að minnka eftirspurn eftir lánsfé áður en vextir fara að lækka.

Síðan segja menn að verðlag verði lægra og það byggir aðallega á því að landbúnaðarvörur lækki. En hvað ætla menn að gera fyrir landbúnaðinn í staðinn? Svo tala menn um stöðugleika. Og það er kannski helst það sem ég gæti fallist á.

Svo tala menn um alþjóðahyggju, að við ætlum að vera svo voða alþjóðleg. En það er akkúrat öfugt, við erum að fara inn í lokaðan klúbb. Eftir að við erum gengin inn í Evrópusambandið gerum við ekki samninga við önnur ríki. Danir gera ekki viðskiptasamninga við Kína. Þeir eru ekki sjálfstæð þjóð að því leyti. Þetta er ekki alþjóðahyggja, þetta er svona sveitamennska.

Og svo tala menn um verðtryggingu og meira að segja hæstv. forsætisráðherra, sem er nú ekki viðstödd umræðuna af því að hún er ekki merkilegri en það. Hæstv. forsætisráðherra sagði í gærkvöldi meira að segja að vandamál með verðtrygginguna væri það af því við að hækkuðum hér skatta, að þá hækki lán íbúðareigenda o.s.frv. Og hver er lausnin? Töfrasprotinn, bing, bing, ganga í Evrópusambandið. En það leysir ekki vandann því að við þurfum að leysa verðtrygginguna hvort sem er. Hvað ætla menn að gera við verðtryggðan samning þegar við tökum upp evru? Í samningnum stendur að hann eigi að vera verðtryggður og hann er samningur á milli tveggja aðila og sá sem á kröfuna er ekki sáttur við að geta allt í einu ekki fengið verðtrygginguna sem hann treysti á og sætti sig við lægri vexti út af. Menn þurfa því að leysa verðtrygginguna áður en þeir taka upp evru. Vandamálið er alveg nákvæmlega jafnmikið eftir sem áður. Svona fagurgali, áróður og trúboð er ekki sæmandi. Þetta er ekki sæmandi fyrir Alþingi.

Og svo lofa menn undanþágum. Já, já, göngum inn í Evrópusambandið. Þeir hafa ákveðnar reglur en það skiptir engu máli þeir veita okkur undanþágur. Undanþágur varðandi sjávarútveg og varðandi allt það sem við biðjum um. Þetta segja þeir og vita ekki að eiginlega eina undanþágan sem hefur fengist varanleg sem mér er kunnugt um var eitthvað snufftóbak í Svíþjóð. Það getur vel verið að þegar sótt er um Evrópusambandsaðild fái menn undanþágu við sjávarútveg í tíu ár vegna þess að Evrópusambandið hugsar til langtíma en Íslendingar skammtíma, eða þeir sem eru að sækja um. Ég hef aðeins heyrt einn þingmann ræða um málin til langtíma. Allir hinir eru að tala um að redda næstu viku en ekki næstu tveim mánuðum eða kannski næstu tveimur árum. Hjá Evrópusambandinu er hugsað til langtíma og þar segir: Ef við gerum samning við Íslendinga skulum við bara leyfa þeim að veiða fisk í tíu ár. Eftir tíu ár gerum við eitthvað, tökum af þeim fiskinn. Ég hugsa að við fáum líka undanþágu með hákarl. Hann telst skemmdur matur í Evrópusambandinu. Við megum kannski borða hákarl í 15 ár og Vestfirðingar mega borða hnoðmör á laun ef þeir lofa að láta engan vita. En þetta verða undanþágurnar. Ég lofa ykkur því, hv. þingmenn.

Svo segja menn: Þegar við komum þarna inn hættum við að vera hlutlausir þolendur ákvarðana í Evrópusambandinu. Við förum að stjórna — draumurinn að 0,3 milljónir á Íslandi geta farið að stjórna 500 milljónum. Ég bara skil ekki þetta fólk, það er svo veruleikafirrt. Við fáum fimm þingmenn að hámarki af 600 þingmönnum. (**Gripið fram í:** Sex.) Hér kemur einn draumaprinsinn og vill fá sex og þá ræður hann allt í einu öllu, 1% af öllum þingmönnum. Hann veit ekki einu sinni að þýska atkvæðið vegur miklu þyngra en atkvæði allra hinna (**Gripið fram í:** Það eru vinir okkar.) vegna þess að Þjóðverjar borga. (**Gripið fram í:** Það eru vinir okkar.) Nú eru þeir sagðir vinir okkar. Ókei, þeir voru miklir vinir okkar í Icesave-reikningunum, skilst mér. Það voru aldeilis vinir. (Gripið fram í.) Það voru þeir aldrei, þeir kúguðu okkur. Og hvað sagði ekki hæstv. utanríkisráðherra á þeim tíma? Ég læt aldrei beygja mig í svaðið og viku seinna var hann beygður í svaðið. (**ÖS:** Ég kyssi ekki á vönd kvalara minna.) Hann kyssti ekki á vönd kvalaranna. Og hverjir voru kvalararnir? Það voru Þjóðverjar. (**Gripið fram í:** Nei, það voru Bretar og þeir voru …)

Menn eru með áróður og trúboð, þeir eru með fagurgala og loforð en þeir eru líka með hótanir. Hér kom meira að segja hæstv. félagsmálaráðherra og sagði: Það verður ekki samið á Íslandi nema við göngum í Evrópusambandið. Svo segja menn að Evrópska efnahagssvæðið sé í uppnámi ef við göngum ekki í Evrópusambandið. Og svo segja aðrir: Við erum ein í heiminum ef við göngum ekki í Evrópusambandið. Það eru engir vinir okkar. Við erum ein í heiminum, hvað eigum við að gera? — Eins og hræddir kjúklingar.

Þetta eru hótanirnar. Svo kemur óðaverðbólgan, hún er náttúrlega þekkt sem hótun. Og svo koma menn með það að ef við ekki göngum í Evrópusambandið flytji allir Íslendingar á brott. Það höfum við heyrt líka. (**Gripið fram í:** Og þú.) Nema ég og ég held einn í viðbót. (Gripið fram í.) Það er reyndar kona.

Það er sem sagt fagurgali og loforð og hótanir ef menn vilja ekki gera þetta, brottflutningur o.s.frv. Það liggur við að menn ætli að leysa allan vanda með Evrópusambandinu. Það er sama hvort það er heimilisofbeldi, vandamál í umferðinni, vont veður eða hvað það nú er, það er bara að ganga í Evrópusambandið og bingó — allt í lagi. Að láta sig dreyma um þetta og vera að bjóða þetta viti bornum þingmönnum á hv. Alþingi. Þetta er ekki sæmandi. (Gripið fram í.) Ekki með veðrið reyndar. Ég tek það aftur.

Núna þegar ríkisstjórnin stendur frammi fyrir því að bankarnir eru lokaðir, fyrirtækin eru stopp, atvinnulífið fær ekki fjármagn þó að það sé nóg af því í bönkunum o.s.frv. hvað gera menn þá? Út af ákvarðanafælni taka þeir upp hvert málið á fætur öðru til að þurfa ekki að taka á vandanum. Fyrst var það Seðlabankinn, að koma einhverjum manni út úr Seðlabankanum. Það tókst, flott. Svo var það stjórnlagaþing. Það tókst ekki, flott. Það tók þó tíma, menn þurftu ekki að taka á vandanum á meðan. Og nú er það Evrópusambandið. Á meðan eru bankarnir stopp. Og svo á að fara að eyða núna bæði fjármagni sem þjóðin á ansi lítið af og mannskap því að ráðuneytin verða á fullu á næstu tveim, þrem árum að sækja um Evrópusambandsaðild. Allir litlu ráðuneytismennirnir sem dreymir um að fá að vinna í Brussel. Fókusinn fer frá þeim raunverulega vanda sem er við að glíma gagnvart heimilum og fjölskyldum og fyrirtækjum í landinu yfir á eitthvað allt annað sem hugsanlega leysir vandann eftir tíu, fimmtán ár, hugsanlega. Ég hef enga trú á því reyndar.

Þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar er galopin. Þar er bara sagt: Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sækja um, ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn. Og hver skyldi gera það? Það er hæstv. utanríkisráðherra samkvæmt stjórnarskránni. Hann fer suður til Brussel og semur. Hann langar svo mikið til að fara þangað inn og það vita allir að hann hefur enga samningsstöðu af því hann langar svo mikið til að fara inn. Og þeir sem eru að semja við hann vita það. Samningsstaðan verður mjög slæm einmitt með því að senda hann.

Svo er enginn tilgangur með tillögunni. Hver er tilgangurinn með þingsályktunartillögunni? Hann er að þjóðin fái tækifæri til að hafna eða samþykkja samning um aðild að sambandinu. Þetta er tilgangurinn. Við getum gert bara hvað sem er og leyft þjóðinni að hafna því eða samþykkja það. Þetta er náttúrlega enginn tilgangur í sjálfu sér. Þetta er fáránleg tillaga.

Svo segir að umsókn sé ekki sama og aðild. Merkilegt nokk, menn ætla að sækja um en þeir ætla ekki að ganga inn. Hvað halda menn að viðræðuaðilar okkar í Brussel haldi þegar þeir lesa þetta? Hér koma menn og ætla að sækja um en þeir ætla ekkert að ganga inn. Þetta er bara í plati. Það stendur þarna. Þetta er í plati. Svo á að skipa faglega viðræðunefnd, það er þekkt. Víðtækt samráð, það er líka þekkt. Aðilar vinnumarkaðarins þekkja það og eru ekkert sérstaklega hrifnir af því.

Svo eru það málsaðilar, stendur hér, málsaðilar áskilja sér rétt til að mæla með eða leggjast gegn samningnum. Hverjir eru málsaðilar? (Gripið fram í.) Hver er málsaðili? Hann er einn því að Alþingi felur ríkisstjórninni að gera þetta. Ríkisstjórnin er málsaðili og/eða utanríkisráðherra. Því samkvæmt stjórnarskránni fer hann með þetta mál. Málsaðilinn er einn og hann ætlar að semja og hann áskilur sér rétt til að hafna eigin samningi því að hann er málsaðili og enginn annar er málsaðili. Hvað halda menn að aðilar úti í Brussel haldi þegar þeir lesa þetta þegar búið er að þýða þetta yfir á ensku, frönsku eða þýsku eða hvað það nú er? Þeir segja: Hvað, hér kominn maður og hann ætlar að semja við okkur og hann ætlar ekki að standa við samninginn. Hvað halda menn? Þetta er náttúrlega bara galið.

Og svo eru, merkilegt nokk, taldar upp einhverjar staðhæfingar þarna, að meðal grundvallarhagsmuna Íslands sé að tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum. Ég vissi þetta allt saman. Þetta er ekkert merkilegt. Þetta er í engum tengslum við þingsályktunartillöguna. Þetta er bara talið upp þarna. Það hefði alveg eins verið hægt að segja þarna: Þekkt er að sólin kemur upp á Austfjörðum. Þeir hefðu getað sagt það. Einhverjar svona staðreyndir. Það er ekki sagt að það eigi að taka tillit til þessara atriða. Nei, þau eru bara talin upp þarna af einhverjum ástæðum, algjörlega úr tengslum við þingsályktunartillöguna sjálfa.

Sú tillaga sem stjórnarandstaðan leggur fram er um mögulega umsókn og henni lýkur með því að það skuli kannað hvort gengið skuli til aðildarviðræðna. Þetta get ég vel skrifað undir af því það er ekki einu sinni á hreinu að það eigi að gera það. Það byggir á því hvort meiri rök séu með því að ganga inn en á móti. Það finnst mér skynsamlegt. Og líka hvort eigi að leggja það fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort eigi að fara í aðildarviðræður yfirleitt. Það er líka í þessari tillögu. Ég ætla að biðja menn um að lesa þetta.

Þá ætla ég að fara í gegnum ýmis atriði. Vinstri grænir eru í miklum vanda. Þingmenn Vinstri grænna — ég held ég sjái einn, tvo — eru í miklum vanda vegna þess að þeir styðja ríkisstjórnina þ.e. þeir ætla að verja hana vantrausti, en nú er hún að gera hlut sem gengur þvert á stefnuskrá þeirra. Hvað mundi gerast ef í tengslum við þetta mál kæmi fram vantraust á ríkisstjórnina? Hvað mundu þeir gera? Eða eru aðrir hagsmunir meiri en þessir? Ætla menn að segja að það séu meiri hagsmunir en þessir, þ.e. að það séu til meiri hagsmunir sem þeir séu að verja en þeir að afsala sér sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar? (**Gripið fram í:** Leyfa fólkinu að ráða.) Já, að leyfa fólkinu að ráða. (Gripið fram í.) Hvort það ætli að ganga inn? Já. Eru til meiri hagsmunir. Ég ætla bara að biðja hv. þingmenn Vinstri grænna að segja mér það.

Öll umræða um Evrópusambandið er skammtímahugsun. Ég bið menn um að líta 60 ár aftur í tímann og sjá hvernig Evrópusambandið hefur þróast og hvernig það er að breytast. Það er að breyta fiskveiðistefnunni núna og það getur breytt henni aftur til baka. Það getur breytt öllu. Ef við hugsum næstu 60 ár fram í tímann þá verður þetta pikkfast ríki eftir 60 ár. Við Íslendingar höfum 600 ára reynslu

af því að vera í sambandi við ríki suður í Evrópu sem var ekki góð reynsla af. Það er ekki vegna þess að Danir hafi verið vont fólk, heldur höfðu þeir ekki þekkingu eða skilning eða áhuga á vandamálum Íslendinga. Og það nákvæmlega sama verður upp á teningnum þegar við erum gengin inn í Evrópusambandið. Við verðum pínulítill hreppur á jaðri risastórs ríkis og við þurfum að fara að rifja upp eldgamlar bænaskrár frá 17. öld.

[11:21]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það eru náttúrlega ákveðin forréttindi að fá að hlusta á svona ræðu eins og hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Það er ágætur föstudagsgalsi í þessu, meira að segja veðrið er í höfn við það að ganga í Evrópusambandið.

Ég skal hafa það í huga að það er sitthvað að sækja um og sætta sig við samninginn. Um það snýst umræðan í dag og á að snúast. En mig langar að spyrja að gefnu tilefni hv. þm. Pétur H. Blöndal: Hver er peningastefna Péturs H. Blöndals? Hver er peningastefna Sjálfstæðisflokksins? Er hún sú að halda í krónuna eða gera eitthvað annað? Um það snýst m.a. þessi umræða.

[11:22]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Umræðan um aðild að Evrópusambandinu snýst að mínu mati um sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar. Peningastefnan er skammtímavandamál. Við verðum væntanlega að hafa krónuna næstu tvö þrjú árin þar til vöruskiptajöfnuðurinn, sem er stórlega jákvæður, er búinn að borga niður Icesave-krónurnar og aðrar krónur sem eru hræddar og vilja fara úr landi. Þegar það er leyst skulum við huga að því að taka upp aðra mynt ef áhugi er á því þá. Vegna þess að þá verðum við komin með gjaldeyrisvarasjóð. Þá munum við væntanlega allt að því eiga meira en við skuldum. Og það er ágætismarkmið því að þá getum við tekið upp hvaða mynt sem er án þess að spyrja kóng eða prest hreinlega með því að kaupa hana. Við getum bara keypt evrur, sett inn á innlánsreikninga og breytt þannig í evru. Og eigum fyrir henni. Það verður ekkert „run“ á krónunni eða neitt slíkt við það.

Við Íslendingar búum í þeirri undarlega góðu stöðu í þessu slæma ástandi að útflutningurinn malar gull. Það er afleiðing af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins eins í 18 ár, af því að hann var víst einn við stjórnvölinn. Þess vegna er álið svona svakalega sterkt, þess vegna er sjávarútvegurinn svona sterkur og ferðamennskan af því að Sjálfstæðisflokkurinn var einn við stjórn í 18 ár. Það er þessi útflutningur sem núna er að vinna á jöklabréfunum hægt og rólega, mjög hægt reyndar, og hann mun eftir þrjú, fjögur ár vera búinn að vinna þau niður. Þetta er mín peningastefna. Á þeim tímapunkti skulum við hugleiða hvort ástæða sé til að skipta út krónunni og taka upp aðra mynt. Ég viðurkenni að þetta er ansi lítil mynt og alveg sérstaklega þegar við leyfum okkur að vera með tvær myntir, þ.e. verðtryggðu myntina líka því að það er sérmynt. Ég held að við þurfum að vinna að því að afnema þá mynt, þessa verðtryggðu, sem allra fyrst á þeim samningum sem eru ógerðir, (Forseti hringir.) að sjálfsögðu.

[11:24]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ákaflega gott að fá nokkuð afdráttarlaust svar frá hv. þm. Pétri H. Blöndal. En mig langar að vita hvort hann talar hér fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Er það stefna Sjálfstæðisflokksins nú að afleggja krónuna og taka upp aðra mynt?

[11:24]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef ekki verið mikill talsmaður flokksræðis eða ráðherraræðis eða slíks og hef yfirleitt haft mínar eigin skoðanir og túlka þær og tjái. Þetta hefur verið rætt mikið í Sjálfstæðisflokknum og menn verið að skoða þetta og þegar að sá tími rennur upp að við erum komin yfir þennan hjalla sem tekur tvö, þrjú ár ef vöruskiptajöfnuðurinn helst svona jákvæður, þá höfum við þann tíma til að skoða hvað þá tekur við. Það má vel vera að eftir tvö, þrjú ár bindi menn krónuna við einhverja mynt. Það hefur verið talað um það. Það hefur líka verið talað um að taka upp aðra mynt og þá er spurning hvaða mynt. Menn hafa nefnt að norska krónan sé mjög nálægt íslensku atvinnulífi vegna þess að Norðmenn, eins og við, eru bæði fiskútflytjendur og orkuútflytjendur. Íslendingar eru, ég nærri fullyrði, mesta orkuútflutningsþjóð í heimi og þess vegna eigum við að gleðjast núna þegar olíuverðið hækkar af því að við flytjum út svo mikla orku í formi áls. Norðmenn eru mjög nálægt okkur en það getur vel verið að dollarinn sé líka góður kostur eða SDR sem Kínverjar vilja taka upp sem alþjóðlega mynt. Ég hygg að á næstu tveim, þrem árum verði gífurlegar breytingar einmitt á alþjóðasviðinu varðandi myntir og það má vel vera að þá verði komnar lausnir. En fyrst þurfum við að vinna okkur út úr þeim vanda sem eru jöklabréfin og krónur í eigu útlendinga því að þær krónur vilja fara út. Og þegar við erum búin að því með jákvæðum vöruskiptajöfnuði þá tökum við upp aðra stefnu, vænti ég, eða viðhöldum krónunni ef okkur sýnist hún orðin svo sterk.

[11:26]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við höfum rætt um mjög langt skeið í íslensku samfélagi um hvort sækja eigi um aðild að ESB eða ekki. Menn hafa dregið fram kosti og galla aðildar og velt vöngum yfir því hvernig unnt væri að ná samningum ef farið væri í aðildarviðræður. Gjaldmiðilsmálin hafa einnig verið mjög mikið til umræðu, sérstaklega núna í kjölfar bankahrunsins og hafa mjög margar skýrslur verið unnar sem skoðað hafa það mál. Þessar skýrslur hafa verið unnar bæði á vegum stjórnvalda og hagsmunaaðila og ég vil undirstrika að Framsóknarflokkurinn, að öðrum stjórnmálaflokkum ólöstuðum, hefur lagt mesta vinnu í að greina stöðu okkar og gefið út nokkrar mjög vandaðar skýrslur sem fjalla um hagsmuni Íslands og ESB. Þær skýrslur hafa fjallað um gjaldmiðilsmál og samningsmarkmið okkar, um landbúnaðarmál, sjávarútvegsmál o.s.frv. Við höfum líka ályktað sérstaklega um Evrópusambandsmál á flokksþingi okkar.

Til að víkja aðeins að tillögunni sem við ræðum hér,

sem er tillaga ríkisstjórnarinnar, vil ég segja um hana í stuttu máli að hún er að mínu mati alls ekki galin eins og sumir hafa látið liggja að hér í þingsal, en hún er mjög rýr í roðinu. Ég hef spurt sjálfa mig: Af hverju er það? Hún er óvenju rýr í roðinu miðað við umfang málsins og með afar góðum vilja er hægt að túlka það með þeim hætti að það sé e.t.v. hugsun hæstv. utanríkisráðherra, sem ber málið inn í þingið, að hafa hana svona rýra í roðinu og umfangslitla til að skapa meiri möguleika svo að aðrir flokkar geti sett fingrafar sitt á þá vinnu sem fara mun fram í þinginu. Það má því vera að sú hafi verið hugsunin, að koma fram með svona litla og umfangslitla tillögu í því augnamiði.

Í henni er fjallað um að sækja eigi um aðild og svo eru tilgreind nokkur grundvallarhagsmunamál. Ég er sammála þeim grundvallaratriðum sem þar koma fram enda eru það nákvæmlega sömu skilyrðin og framsóknarmenn hafa sett við aðildarumsókn.

Við framsóknarmenn erum einnig með tillögu ásamt sjálfstæðismönnum sem verður reyndar rætt um síðar í dag. Hún er ekki mjög ólík tillögu ríkisstjórnarinnar, það eru ekki himinn og haf þar á milli en það er þó ákveðinn munur á þessum tveimur tillögum. Í tillögu framsóknarmanna og Sjálfstæðisflokks fær þingið miklu veigameira hlutverk en í tillögu ríkisstjórnarinnar. Það er skilgreint miklu betur hvaða hlutverk þingið fær, hvaða málum utanríkismálanefnd á að einbeita sér að. Hún er því mun lýðræðislegri að mínu mati því að þar er meira útfært hvað þingið á að gera.

Einhverjir hafa sagt að tillaga okkar sé tafartillaga en ég vil taka það fram að svo er alls ekki. Í tillögugreininni, í síðustu setningunni, kemur sérstaklega fram að nefndin, og þá er verið að vísa í utanríkismálanefnd, eigi að ljúka framangreindum verkefnum sem allra fyrst og eigi síðar en 31. ágúst 2009. Þarna stendur ekki að þeim eigi að ljúka 31. ágúst 2009 og ekki í síðasta lagi 31. ágúst 2009 heldur í allra síðasta lagi í lok ágúst 2009, þannig að verið er að undirstrika að þetta er ekki tafartillaga.

Ég vil líka benda á eitt, af því að hér hafa sumir hv. þingmenn og þar á meðal sá er síðast talaði, hv. þm. Pétur Blöndal, verið að stríða vinstri grænum svolítið, hvernig geta þeir skrifað undir ríkisstjórnartillöguna, af því að hún er ekki alveg í anda stefnu þeirra flokks? Það eru atriði í tillögu framsóknarmanna og sjálfstæðismanna sem eru ekki alveg í anda Framsóknarflokksins. Ég skrifa samt undir þessa tillögu þó að ég sé þar ósammála einu atriði. Það er atriðið sem er um að það komi til greina að vera með tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Framsóknarflokkurinn ályktaði um það á sínum tíma á miðstjórnarfundi á síðasta ári en við breyttum um skoðun. Við teljum að ekki sé þörf á því. Við erum komin fram hjá þeirri ályktun, ef svo má segja, og teljum að hægt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu með ákveðnum skilyrðum. Ég skrifa samt undir þessa tillögu þó að ég sé ekki alveg sammála öllu innihaldinu. Það er að sjálfsögðu gert til þess að reyna að nálgast sjálfstæðismenn í þessu máli þannig að við getum staðið saman um þessa tillögu af því að hún er ágæt að öðru leyti.

Ég vil líka koma þeirri skoðun minni á framfæri að það er hægt að vinna að þessu máli þó að það sé mikið hagsmunamál og frekar stórt sem slíkt. Þó að maður eigi ekki að tala of mikið um það er það mín skoðun að hægt sé að vinna að því í stjórnsýslunni og í þinginu og vinna að efnahagsmálum á sama tíma, það er alveg hægt. En það hefur valdið okkur í stjórnarandstöðunni miklum vonbrigðum hvað ríkisstjórnin vinnur, að okkar mati, lítið í efnahagsmálum en það er óháð þessu máli. Ég tel að hægt sé að vinna þessi mál samhliða.

Hér hefur líka verið sagt í umræðunum, hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson, að það væri alveg fráleitt að senda hæstv. ráðherra í þessa för af því að hann muni taka öllu því sem Evrópusambandið réttir að okkur, eins og það hefur verið kallað, og koma heim með slakan samning. Ég held að það sé ákveðin rökvilla að halda því fram. Ég held að hver svo sem fær umboðið til þess að semja, hvort sem það verður hæstv. ráðherra, ríkisstjórnin, einhver í samstarfi við þingið eða hvernig sem það nú verður, muni þeir sem í þessa samningagerð fara leggja sig alla fram um að reyna að ná hagstæðum samningi. Af hverju ættu menn ekki að gera það? Þeir sem koma hingað heim með samning hljóta auðvitað að vilja hafa hann þannig að hann eigi möguleika á að ná í gegn. Ég trúi því t.d. ekki að það muni einhver fara fyrir okkar hönd og semja og koma með slakan samning heim, ég sé það ekki fyrir mér. Ég held einmitt að í þessari stöðu sé mjög nauðsynlegt að fá góðan samning, annars verður hann stráfelldur hér í þjóðaratkvæðagreiðslu og hver vill það? Varla þeir sem fara út til að semja, varla þeir sem leggja mikla áherslu á að við förum inn í Evrópusambandið. Ekki fara þeir að koma hingað með slakan samning, mér finnst það mjög ólíklegt. Mér finnst ákveðin rökvilla í þessum málflutningi.

Virðulegur forseti. Aðeins til þess að skauta hratt yfir forsöguna vil ég nefna að framsóknarmenn ræddu EES-samninginn mjög mikið á sínum tíma og sitt sýndist hverjum og reyndar samfélaginu öllu. Við tókum djarft skref og fórum inn í EES. Það hefur reynst okkur mjög vel og enginn talar um að fara út úr EES í dag.

Framsóknarmenn gáfu út skýrslu árið 2001 um Evrópumál. Árið 2006 hélt Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, mikla ræðu á viðskiptaþingi. Þar lagði hann áherslu á og spáði því að Ísland yrði komið inn í Evrópusambandið 2015. Hann tengdi sína spá aðallega við gjaldmiðilinn og taldi að gjaldmiðilsumræðan yrði ráðandi í umræðunni. Hann nefndi einnig í ræðu sinni að hann undraðist litla umræðu atvinnulífsins um Evrópumálin og tiltók að launþegahreyfingin hefði staðið fyrir þeirri umræðu.

Það hefur breyst síðan og í dag vilja langflestir aðilar atvinnulífsins — ekki allir — fara inn í Evrópusambandið. Ég vil nefna hérna Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök bankamanna, íslenska stórkaupmenn, Alþýðusambandið. Þeir sem eru helst á móti, ef við getum flokkað aðilana í með og á móti, eru Bændasamtökin, BSRB og LÍÚ, ef ég man það allt rétt. Það hefur því breyst þannig að það má vera að Halldór Ásgrímsson hafi rétt fyrir sér með sína spá, að við verðum komin inn í Evrópusambandið 2015.

Árið 2007 gaf Framsóknarflokkurinn út aðra skýrslu um Evrópumál og árið 2008, þ.e. í fyrra, gáfum við út skýrslu um gjaldmiðilsmál. Það var Jóhannes Geir Sigurgeirsson sem var í forsvari í þeirri nefnd sem vann það verk. Þar er

sérstaklega tilgreint að við höfum ekki mjög marga kosti, við höfum tvo kosti, annaðhvort að halda krónunni sem framtíðargjaldmiðli og þá með fjölbreyttari framkvæmd peningastefnunnar og stóreflda gjaldeyrisvarasjóði, eða að taka upp evru. Rökin fyrir því að taka upp evru eru þau að við þurfum nýjan gjaldmiðil sem endurspeglar utanríkisviðskipti þjóðarinnar sem best og þessi alþjóðlegi gjaldmiðill þarf að vera stór. Sá gjaldmiðill sem er besti samnefnari þessara þátta fyrir Ísland er evran. Þessu komst gjaldmiðilsnefnd Framsóknarflokksins að, að þetta væru þær tvær leiðir sem við stæðum frammi fyrir.

Ég hef einnig skrifað grein um evruna og færi þar rök fyrir því að hún sé sá gjaldmiðill sem við eigum að stefna á.

Síðan ákváðum við framsóknarmenn á miðstjórnarfundi 2008 að hafa tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu en féllum svo frá því á flokksþingi 2009. Við samþykktum þá að sækja ætti um aðild að ESB en með ákveðnum skilyrðum sem ég ætla ekki að tilgreina sérstaklega hér.

Það sem er mikilvægast er að fá úr því skorið hvað er rétt, hverju við getum náð fram. Mér finnst að þjóðin eigi rétt á því að fá að vita það. Við eigum ekki endalaust að togast á um eitthvað sem við vitum ekki. Við eigum að fara í þessar samningaviðræður, komast að niðurstöðu um hvað hægt er að fá, hvað er í pakkanum, eins og það heitir. Svo fær þjóðin að velja og segir já eða nei við því hvort hún telur hagsmunum okkar betur borgið innan eða utan Evrópusambandsins.

Ég tel að norrænt samstarf verði mjög mikilvægt í þessum viðræðum og fagna því að við höfum nálgast Erik Solheim, umhverfisráðherra Noregs, og ég veit að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur rætt við hann. Ég veit einnig til þess að hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefur rætt við Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi ráðherra í Noregi, og fleiri aðila. Ég hef sjálf rætt við forsætisráðherra Finnlands um þessi mál í lok síðasta árs og hann er mjög jákvæður gagnvart því að aðstoða Íslendinga í samningaviðræðum og þá kannski sérstaklega gagnvart sjávarútvegi. Ég hef því mikla trú á því að norrænt samstarf geti aðstoðað okkur í því samningsferli sem við erum hugsanlega að fara í.

Nú fer málið til utanríkismálanefndar og hún talar við hagsmunaaðila sem er svo sjálfsagt að það þarf ekki að tiltaka það, það eru hefðbundin vinnubrögð í þinginu. En það væri mjög farsælt ef utanríkismálanefnd getur teygt sig í þá átt að ná sáttum milli stjórnar og stjórnarandstöðu og ræði báðar þessar tillögur, tillögu ríkisstjórnarinnar og tillögu frá Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki, og að reynt verði að búa til leið sem felur í sér það besta úr báðum tillögum, ef svo má að orði komast. Að tekið verði tillit til ábendinga stjórnarandstöðunnar, unnið verði faglega að þessu máli og að þingið fái veigameiri sess en við höfum áður séð fyrir okkur í þessu máli. Ég hef mikla trú á formanni nefndarinnar, hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni. Ég tel að hann sé afar heppilegur til þess að leiða þetta starf í nefndinni, m.a. vegna þess að hv. þingmaður er úr flokki Vinstri grænna þar sem hverjum sýnist sitt um þetta mál og ég tel að hv. þingmaður hafi það næmi sem þarf til þess að geta náð niðurstöðu.

Ég heiti á utanríkismálanefnd, alla fulltrúana sem eru í henni og hv. formann hennar, Árna Þór Sigurðsson, að leggja mjög mikinn metnað í þetta mál og sýna fagleg og góð vinnubrögð, að draga ekki af sér þar og ná sem víðtækastri samstöðu. Ég held að íslensk þjóð eigi rétt á því að við förum í þessar samningaviðræður til þess að útkljá hvað í boði er. Hver ætti að vera á móti því að útkljá það? Þá sjáum við sannleikann, hver hefur rétt fyrir sér, hvað er í boði. Síðan fær þjóðin sjálf að gera það upp við sig, hver og einn í sínu hjarta: Er svarið já, þetta er góður samningur, eða er svarið nei, þetta er slakur samningur?

Eins og þið heyrið sem hafið hlýtt á mál mitt tel ég að við eigum að sækja um aðild til að komast á þann stað að við getum svarað og gert upp við okkur hvort er betra að vera innan eða utan Evrópusambandsins.

[11:41]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanninum fyrir afar vandaða, málefnalega og góða ræðu. Ég er sammála svo að segja öllu sem hv. þingmaður sagði.

Ég er henni algjörlega sammála um að það er ekki rétt aðferð að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, það hefur engin þjóð gert. Rökin sem menn hafa teflt gegn því er að það mundi veikja samningsstöðuna að fara í viðræður með slíka atkvæðagreiðslu að baki.

Í öðru lagi vil ég líka upplýsa að áður en ég lagði fram þessa tillögu ræddi ég og þáði ráð frá öllum utanríkisráðherrum Norðurlandanna. Ég ætla ekki að greina frá því hvers eðlis þau ráð voru en þau voru mjög mikilvæg. Það er ekki tilviljun að ég legg áherslu á þessar tímasetningar, ástæðan er vitaskuld sú að eitt öflugasta ríki Norðurlandanna verður þá með forustu í Evrópusambandinu og það skiptir okkur mjög miklu máli að það sé það ríki sem veitir umbúnaðinn um þessa umsókn.

Ég er svo algjörlega sammála því sem hv. þingmaður sagði, það er hægur leikur að þætta þessar tvær tillögur saman. Ég get ekki skilið þá tillögu sem hv. þingmaður er aðili að og ræddi lítillega, öðruvísi en svo að þar er því bókstaflega slegið föstu að þeir sem flytja þá tillögu eru reiðubúnir til þess að skoða það mjög ítarlega að fara þá leið að sækja um aðild að Evrópusambandinu svo fremi sem víðtæk sátt náist og að meginhagsmunir Íslands í aðildarviðræðum hafi fengið fullnægjandi faglega umfjöllun. Þar með tel ég að við séum komin á sömu slóð.

Það sem lagt er til í þeirri tillögu að gert verði er þess eðlis að það er hægur leikur að ljúka a.m.k. öðru verkefninu á fimm dögum, hinu á hálfum mánuði. Gögnin liggja fyrir. Það er sjálfsagt að utanríkismálanefnd og þingið fái aðild að þessu máli með þeim hætti sem hún vill, því hef ég lýst yfir. Það breytir ekki hinu að samningur af þessu tagi verður alltaf gerður af framkvæmdarvaldinu en það getur gert það í mjög nánu samráði við löggjafarvaldið.

[11:43]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég er líka þeirrar skoðunar að æskilegt væri að nýta formennsku Svía í Evrópusambandinu til þess að sækja um fyrir hönd Íslands. Það er ekki nauðsyn-

legt en það er mjög æskilegt þannig að ég tel að þingið eigi að leggja mikla vinnu og skoða þessi mál fljótt. Ef hægt er að ná saman væri gott að geta gert það á frekar stuttum tíma, segjum á einhverjum vikum. Það þýðir auðvitað að utanríkisnefnd þarf að vinna ansi þétt.

Ég tel líka að unnt sé að samþætta þessar tvær tillögur og ég heyri að hæstv. utanríkisráðherra undirstrikar það hér sérstaklega og er með því að mínu mati að teygja sig í átt til stjórnarandstöðunnar. Það hlýtur að felast í því að hæstv. utanríkisráðherra er tilbúinn til þess að skoða mjög náið skilyrði þau sem Framsóknarflokkurinn hefur sett fyrir aðildarumsókn.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að þingsályktunartillaga framsóknarmanna og Sjálfstæðisflokks gengur út á að utanríkismálanefnd undirbúi mögulega umsókn um aðild að Evrópusambandinu enda er það í anda Framsóknarflokksins að gera það. Það er algjörlega skýrt að Framsóknarflokkurinn samþykkti á mjög stóru flokksþingi að sækja um aðild en með vissum skilyrðum þannig að það þarf ekki að fara í grafgötur með það. Ég vil því túlka orð hæstv. utanríkisráðherra sem svo að hann sé allur af vilja gerður til að teygja sig eftir skilyrðum Framsóknarflokksins (Forseti hringir.) og þeirri tillögu sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafa lagt fram hér í þinginu.

[11:45]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þarf ekki að teygja mig neitt, ég er sammála skilyrðum Framsóknarflokksins í öllu nema hugsanlega einu. Ég er hugsi yfir einu skilyrði sem mér finnst ganga skemur en EES-samningurinn, en þær viðræður sem ég hef átt við framsóknarmenn bera það með sér að þeir hafa líka skilning á því.

Í þeirri tillögu sem Framsókn og Sjálfstæðisflokkur hafa lagt fram eru tvö verkefni. Það er annars vegar að búa til vegvísi og verkefni þess vegvísis eru rakin á bls. 2 í greinargerð. Þau verkefni eru þannig að engan tíma tekur að ljúka þeim, það er bara spurning um ákvarðanatöku. Það eru ýmsir valkostir uppi í ýmsum efnum, það er engin spurning um að velja úr þeim.

Í öðru lagi að því er varðar síðan hitt verkefnið, sem er að setja saman greinargerð um mikilvæga hagsmuni, vill svo til að allir stjórnmálaflokkarnir hafa sett saman greinargerð um mikilvæga hagsmuni. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa dregið ramma sem nánast má fella saman eins og mismunandi skapalón. Allir stjórnmálaflokkarnir virðast vera þeirrar sömu skoðunar hverjir grundvallarhagsmunirnir eru og síðan er spurning um hvernig beri að útfæra það. Ekki má heldur gleyma því að af þeim 35 köflum sem við þurfum að semja um má heita að niðurstaða liggi fyrir kannski um 22 vegna þess að við erum aðilar að EES. Við erum búin að vera aðilar í 15 ár. Við þekkjum þetta, erum búin að taka upp um 65 gerðir. Ef maður skoðar t.d. sjávarútvegsmálin kemur í ljós að varlega áætlað eru kannski 90%, hugsanlega 95% af öllu því sem samþykkt hefur verið þess eðlis að við getum gengið að því.

Það eru ákveðnir hlutir sem út af standa, þeir varða landbúnað. Við höfum séð hvernig Evrópusambandið náði samkomulagi við aðrar Norðurlandaþjóðir, það samkomulag fer ansi langt með að duga okkur. Ákveðnir hlutir tengjast sjávarútvegi og þar höfum við líka á takteinum ýmsar snjallar lausnir sem ekki hafa verið notaðar áður vegna þess að Ísland hefur sérstöðu sem ekkert aðildarland hefur, þ.e. það á enginn sameiginleg landamæri. (Forseti hringir.) Það skapar möguleika sem við getum útfært með hugvitssamlegum hætti. Ég á því fulla von á því að okkur takist (Forseti hringir.) að ná góðri samstöðu um þessar tillögur tvær.

[11:48]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram kom að þar sem við höfum verið aðilar að EES til margra ára ætti samningaferlið eða viðræðuferlið ekki að þurfa að taka geysilega langan tíma. Við getum vaðið bara beint í þá kafla sem út af standa og einbeitt okkur að þeim. Hitt er allt búið og við erum vön þessari vinnu, við erum vön því að innleiða hér gerðir og kunnum það. Þetta er því miklu auðveldara fyrir okkur en fyrir aðrar Evrópuþjóðir sem eru að koma að þessu í fyrsta skipti.

Það sem verður langflóknast í þessu eru auðvitað sjávarútvegsmálin og landbúnaðarmálin. Mér heyrist að allir flokkar leggi ofuráherslu á þá tvo málaflokka. Svo er ýmislegt annað í viðbót sem menn vilja undirstrika en þetta eru stóru málin. Reyndar komu ágætisfréttir um daginn frá Evrópusambandinu, þeir eru að opna á sjávarútvegsstefnu sína og ætla að gefa löndunum miklu meira svigrúm varðandi það hvernig eigi að stýra nýtingu á þeirri náttúruauðlind. Það er því margt að breytast í jákvæða átt í Evrópusambandinu að þessu leyti, að minnsta kosti hefur það verið mín skoðun. Ég spyr: Af hverju ætti Evrópusambandið — ef við tölum bara um sjávarútveginn sem er kannski einn af þessum tveimur höfuðstólpum sem við þurfum að einbeita okkur að — að vilja gína yfir sjávarútvegsauðlind okkar? Er það eitthvað þeim í hag? Er það eitthvað þeim í hag að við förum illa út úr því? Ég sé það ekki.

Ég stórefa að sú gryla sem búið er að teikna svolítið upp í kringum sjávarútveginn standist þegar á hólminn er komið. Ég veit að þetta verður flókið en ég tel, ég ber þá von í brjósti, að við getum náð ásættanlegum samningi um sjávarútveginn af því að ég deili þeirri skoðun sem kom fram og hefur komið fram í ræðum margra að til að örva fjárfestingu (Forseti hringir.) er æskilegt að ganga inn í sambandið og það er talsverð þörf núna á næstunni að fara í það.

[11:50]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir afskaplega málefnalega og yfirvegaða ræðu um þetta mál. Ég held að mjög mikilvægt sé að við ræðum þær tillögur sem hér hafa verið og eru til umfjöllunar á þeim nótum. Ég vil sérstaklega þakka þingmanninum fyrir vinsamleg orð í minn garð og get eiginlega ekki sagt annað en að ég hafi komist eiginlega við við þessi orð hv. þingmanns (Gripið fram í.) — og er það þó, já, svona á góðri stund a.m.k.

Ég tók eftir því í máli þingmannsins að þótt hún sé einn af flutningsmönnum þeirrar tillögu sem stjórnarandstaðan

leggur fram heyri ég í máli hennar mikinn vilja til þess að reyna að láta þær tillögur sem liggja fyrir í umræðunni flétt-ast saman með einhverjum hætti. Ég hef heyrt þennan málflutning líka hjá ýmsum öðrum bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, m.a. hjá hæstv. utanríkisráðherra og hjá varaformanni Sjálfstæðisflokksins. Ég er því sannfærður um að hægt er með góðum vilja að reyna að flétta þær hugmyndir sem þessar tvær tillögur sýna saman í vinnu utanríkismálanefndar, en að sjálfsögðu verður að vera vilji til þess af beggja hálfu, það gerist auðvitað ekki öðruvísi en að menn séu reiðubúnir til þess að horfa á málsrök hvors annars og reyna að finna sameiginlegan farveg fyrir þau.

Eins og ég gat um í ræðu minni í gær hef ég fullan vilja til þess að reyna að vinna þannig að málum að sem breiðust samstaða náist bæði um vinnubrögð og vinnulag í nefndinni og að sjálfsögðu einnig um hina efnislegu niðurstöðu, að við getum komið með eitthvað sameiginlegt út úr nefndinni sem allir eða flestir geti prýðilega við unað.

[11:52]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson þurfi ekkert sérstaklega að fara hjá sér við þau orð sem hér voru sögð. Það er nefnilega svo heppilegt að í sama manni kemur margt saman að þessu sinni. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur unnið á mjög fjölbreyttu sviði í stjórnsýslunni, á sveitarstjórnarstiginu og í þinginu, hefur verið langdvölum í Brussel og kynnt sér aðstæður þar. (**Gripið fram í:** Og í Rússlandi.) Og í Rússlandi, já, ekki má gleyma því. Ég tel því að hv. þingmaður hafi ákveðna yfirsýn sem mun nýtast mjög vel í starfi utanríkismálanefndar einmitt í þessu máli.

Ég held að það sé líka svolítið heppilegt í þeirri stöðu þegar ríkisstjórn kemur fram með þingsályktun sem er af þessu kalíberi eða þessari þyngd, þetta er auðvitað stórt og þungt mál, og það er ráðherra úr Samfylkingunni sem ber kannski meginábyrgð á málinu í ríkisstjórninni, að þá sé það fulltrúi úr Vinstri grænum sem er formaður utanríkismálanefndar, sem er flokkur sem hefur miklar efasemdir og ekki bara miklar efasemdir heldur er eiginlega í hjarta sínu á móti Evrópusambandinu. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson með sína víðtæku reynslu, kemur úr flokki sem er á móti, hv. þingmaður þarf að sitja svolítið á girðingunni, ef maður má svo að orði komast, og taka tillit til beggja sjónarmiða. (**Gripið fram í:** ... ekki mjög lengi.) Nei, nei, það má ekki sitja kannski of lengi á girðingunni en þetta er staðan. Ég tel því að það sé svolítið farsælt að vera með málin svona uppteiknuð í máli af þessari tegund, sem er umsókn að Evrópusambandinu.

Ég tel að það sé vilji og það blasir við að auðvitað er það vilji Framsóknarflokksins að ná niðurstöðu í utanríkismálanefnd sem er á þeim nótum að sótt verði um, (Forseti hringir.) menn fari í viðræðurnar en með ákveðnum skilyrðum. Það er stefna okkar. Auðvitað viljum við ná henni fram.

[11:55]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Í umræðum um þetta mál hafa menn farið um víðan völl. Ég ætla að reyna að nálgast umræðuna frá örlítið öðru sjónarmiði en hingað til hefur verið gert og spyrja út í það á hvaða forsendum ríkisstjórnin vilji sækja um aðild að Evrópusambandinu. Fyrst er til að taka að draga má þá ályktun eðlilega og setja fram að sú tillaga sem hæstv. ríkisstjórn hefur borið upp sé gerð í þeirri fullvissu og trú að ríkisstjórnin telji sig færa um og treysti sér til að ganga til samninga við Evrópusambandið, ljúka þeim farsællega og markmiðið með þingsályktunartillögunni sé það að Ísland komist sem fyrst í hóp þeirra ríkja sem mynda Evrópusambandið. Ef við erum sammála um að þetta sé markmiðið með málflutningnum getum við aðeins farið að spá í það hversu raunhæft þetta er. Ljóst er að á þeirri vegferð sem ríkisstjórnin vill leggja í eru fyrirsjáanlega nokkrar hindranir sem miserfitt verður að stíga yfir. Því miður er ekki í greinargerð þingsályktunartillögunnar að finna umfjöllun eða svör í mörgum atriðum sem kallað er eftir.

Fyrst er til að taka að stjórnarskrá Íslands heimilar ekki, að mati flestra fræðimanna, aðild Íslands að Evrópusambandinu. Því er eðlilegt að spurt sé hvort umsókn um aðild sé heimil á grunni stjórnskipunar okkar. Hver svo sem niðurstaða lögspekinga verður í þeim efnum er engu að síður ljóst að í væntanlegum aðildarviðræðum verða samningamenn Íslands a.m.k. að fara til viðræðnanna með ríka fyrirvara á allri sinni vinnu. Í fyrsta lagi á eftir að gera breytingar á stjórnarskrá Íslands og í öðru lagi á eftir að leiða í lög ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Spyrja má hvort þeir fyrirvarar séu ekki þess eðlis að trúverðugleiki samningamanna okkar verði dreginn í efa. En hvernig svo sem úr því spilast hlýtur það að vera bæði eðlilegt og fullkomlega sjálfsagt að hæstv. ríkisstjórn svari landsmönnum því áður en allt þetta ferli hefst í þessu mikilvæga máli hvenær og þá með hvaða hætti fyrirhugað er að breyta stjórnarskránni til að geta fullnustað þann vilja sem opinberast í þessari þingsályktunartillögu ríkisstjórnarflokkanna. Hver eru tímasett áform ríkisstjórnarinnar um nauðsynlegar breytingar á stjórnskipuninni?

Í máli hæstv. fjármálaráðherra í umræðum um málið á Alþingi í gær kom fram að ekki væri ætlast til þess að þingmenn samþykktu greinargerðina með ályktunartillögunni. Vil ég þakka honum sérstaklega þá hugulsemi að leiða hv. alþingismenn í þann stóra sannleika. Engu að síður hlýtur greinargerðinni að vera ætlað að skýra út vilja ríkisstjórnarinnar um framgang tillögunnar. Því miður er þar margt óljóst, þar á meðal um þau stóru atriði sem lúta að breytingu á stjórnarskrá og lagasetningu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér þætti eðlilegt að í greinargerð með máli af því tagi sem hér er til umræðu væri með afar skýrum hætti gerð grein fyrir þessum grundvallaratriðum, en svo er ekki. Talsmenn þingsályktunartillögunnar hafa heldur ekki, ekki einn einasti þeirra, séð ástæðu til þess að gera þau grundvallaratriði að umtalsefni í umræðunni.

Einnig liggur fyrir að mati þeirra sem vel þekkja til Evrópusambandsins að samkvæmt núgildandi eða núverandi stofnsáttmála sambandsins verður aðildarríkjum þess ekki fjölgað. Mér fróðari menn fullyrða að engar ákvarðanir um frekari fjölgun aðildarríkja verði teknar fyrr en afdrif svokallaðs Lissabon-sáttmála verði ljós. Áformað er að laugardaginn 31. október í haust gangi Írar að kjörborði þar sem þeir taka afstöðu til Lissabon-sáttmálans í annað sinn. Því

nefni ég þetta hér að úrslit þeirrar atkvæðagreiðslu hljóta óhjákvæmilega að hafa áhrif á fullnustu þeirra áforma sem ríkisstjórnin hefur um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ef Írar fella sáttmálann má telja nokkuð víst að ekki verði um frekari fjölgun aðildarríkja Evrópusambandsins að ræða í bráð. Að auki má gera ráð fyrir að ef niðurstaðan verður þessi hafi það óhjákvæmilega í för með sér að átök og innanbúðarerjur innan Evrópusambandsins muni magnast til mikilla muna.

Ef svo færi hins vegar að írska þjóðin samþykkti Lissabon-sáttmálann segja þeir sem best þekkja til að Evrópusambandið muni taka verulegum breytingum í þá átt að vart verði lengur um ríkjasamband að ræða, miklu frekar og fremur verði um að ræða að Evrópusambandið verði nokkurs konar lögpersóna eða sambandsríki. Það hefði í för með sér frekari dýpkun og samruna ríkjanna innan vébanda Evrópusambandsins og þá á kostnað áhrifa hvers og eins aðildarríkis. Ef það gerist og þær hugleiðingar leiða óhjákvæmilega hugann að því ákvæði í samstarfssáttmála núverandi ríkisstjórnarflokka þar sem rætt er um fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um frekari jöfnun atkvæða hér á landi. Eins og kom fram í ágætri grein Vífils Karlssonar í *Morgunblaðinu* 17. maí sl. mun Ísland eiga um það bil hálfan þingmann á Evrópuþinginu ef vægi atkvæða yrði þar jafnað að fullu. Spyrja má hvort það séu áform ríkisstjórnarinnar að í væntanlegum aðildarviðræðum verði gerð þessi sama krafa um jafnt atkvæðavægi þjóða á Evrópuþinginu. Ef ekki á þá bara að gera þessa kröfu um kosningar til Alþingis Íslendinga en ríkisstjórnin mun í aðildarviðræðum fara fram á að misvægi atkvæða gildi áfram á Evrópuþinginu.

Ég vil einnig nefna í þessu sambandi varðandi mögulegar hindranir á leið ríkisstjórnarinnar í átt að Evrópusambandinu að ýmsir af forustumönnum sambandsins hafa sett fram fyrirvara á aðild fleiri ríkja að sambandi Evrópuríkja. Þar má sérstaklega vísa til yfirlýsinga sem hafðar hafa verið eftir forseta Frakklands. Ekki er heldur langt síðan Þýskalandskanslari lét hafa það eftir sér í fjölmiðlum að ef Þjóðverjar fengju einhverju um það ráðið væri Króatía eina ríkið sem fengi aðild í bráð að Evrópusambandinu. Vafalaust má halda því fram að Ísland eigi þann sama möguleika og Króatía en engu að síður sýnir þetta ágætlega þau viðhorf sem eru ofarlega á baugi meðal ráðandi ríkja Evrópusambandsins.

Jafnframt má minna á umfjöllun í erlendum fjölmiðlum sem vitnað hefur verið til í umræðunni um þetta mál á Alþingi og lýtur að því að víða erlendis er því haldið fram í fjölmiðlum að umsókn Íslands að Evrópusambandinu byggi á eiginhagsmunasemi.

Meiri fyrirstöðu við málið er þó að finna hér innan lands. Að flestra ef ekki allra dómi sem rætt hafa þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar er umsókn Íslands um Evrópusambandið eitt allra stærsta mál sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir frá stofnun lýðveldisins. Ef litið er fram hjá dæmigerðum pólitískum orðaskylmingum hafa flestir sem hér hafa talað enn fremur lagt mikla áherslu á það að nauðsynlegt sé að ná sem mestri sátt og samstöðu um allt ferlið frá upphafi til loka, ekki einungis á hinu háa Alþingi heldur einnig í þjóðfélaginu. Lítum þá á stöðuna í þeim efnum.

Samfylkingin er heil og óskipt að baki tillögu ríkisstjórnarinnar. Vinstri grænir fara eins og köttur í kringum heitan graut og greinilegt er að sá flokkur er ekki heill í stuðningi við eigið mál. Borgarahreyfingin hefur gert þrjá fyrirvara á stuðningi sínum við málið og enn er óljóst hvort ríkisstjórnin muni kaupa þá til stuðnings. Þingflokkar Framsóknar og Sjálfstæðisflokks eru andvígir tillögu ríkisstjórnarinnar og hafa gert tillögu um aðra nálgun á málinu.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að á Alþingi ríkir ekki sá eindregni meirihlutastuðningur sem flestir vonuðust eftir að gæti náðst um svona viðamikið og mikilvægt mál. Í þjóðfélaginu er ástandið svipað. Skoðanakannanir leiða í ljós mismunandi mikinn stuðning eða andstöðu við aðildarumsókn og einnig sveiflast andstaðan eða stuðningurinn við aðild milli kannana. Hin ýmsu hagsmunasamtök hafa mismunandi afstöðu til aðildar en sérstaklega mikil andstaða er innan landbúnaðarins og sjávarútvegsins. Mat mitt á þeirri stöðu sem við blasir, hvoru tveggja á Alþingi og sömuleiðis úti í þjóðfélaginu, er það að sú tillaga ríkisstjórnarinnar til þingsályktunar sem liggur fyrir leggi ekki þann grunn að nauðsynlegri og langþráðri niðurstöðu í þessu magnaða máli sem hefur verið rætt svo lengi, svo víða, svo oft og mikið að sumum þykir nóg um.

Þegar öllu er á botninn hvolft má ályktа í þá veru að hagsmunum Íslands við mat á kostum og göllum aðildar megi skipta í fernt:

1. Aðgangur að innri markaði Evrópusambandsins. 2. Yfirráð yfir náttúruauðlindum. 3. Gjaldmiðill og myntsamstarf. 4. Fullveldi.

Mat á innbyrðis vægi þessara hagsmuna mun á endanum ráða úrslitum um hvort fýsilegt verður fyrir Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusambandinu og þá ekki síður hvernig þessum hagsmunum verður raunverulega borgið annars vegar innan Evrópusambandsins og hins vegar utan þess.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ítrekaði þann 27. mars sl. þá afstöðu sína að það væri andstætt hagsmunum Íslands að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Ef Alþingi eða ríkisstjórn kæmist hins vegar að þeirri niðurstöðu að sækja bæri um aðild að Evrópusambandinu var það skoðun landsfundarins að fram ætti að fara þjóðaratkvæðagreiðsla um þá ákvörðun á grunni skilgreindra markmiða og samningskrafna. Skoðun landsfundarins var einnig sú að hugsanlegar niðurstöður úr samningaviðræðum ætti ávallt að bera undir þjóðaratkvæði.

Hugmyndin um svokallaða tvöfalda atkvæðagreiðslu hefur m.a. verið andmælt af formanni Samfylkingarinnar með þeim orðum að tvöföld atkvæðagreiðsla hafi lítinn tilgang þegar þjóðin veit ekki hvað í boði er með aðild að Evrópusambandinu. Um þessa afstöðu vil ég segja eftirfarandi: Hún er afstaða gærdagsins. Hvers vegna tekur Evrópusambandið ekki við umsóknum um viðræður um aðild? Hvers vegna skyldi það vera að einungis er tekið á móti umsóknum um aðild? Jú, það er vegna þess að Evrópusambandið gerir ráð fyrir því að lysthafendur hafi kynnt sér öll helstu gögn um starfsemi sambandsins, stofnsáttmála þess, laga- og dómasöfn og margt fleira. Þessi gögn eru öllum aðgengileg og því er litið svo á að aðildarskilmálar Evrópusambandsins séu væntanlegum aðildarríkjum að fullu kunnir í öllum megindráttum áður en til viðræðna kemur. Evr-

ópusambandið lítur með öðrum orðum þannig á eins og eðlilegt er að umsóknarríkið hafi metið kosti og galla aðildar áður en viðræður hefjast. Umsóknarríkið leiti eftir aðildarviðræðum til að ljúka samningum þar að lútandi og meti stöðu sína þannig að ávinningurinn af aðild sé meiri en tap við aðild að sambandinu.

Íslendingar eru upp til hópa ágætlega upplýst þjóð. Þeir sem vilja hafa aðgang að flestum þeim sömu upplýsingum og alþingismenn hafa aðgang að, m.a. í því máli sem hér er til umræðu. Hinn almenni borgari á þar af leiðandi álíka mikla möguleika og hinn kjörni fulltrúi til að fræðast um og móta sér afstöðu til málefna líðandi stundar. Þess vegna má líta á tillögu um tvöfalda atkvæðagreiðslu um þetta mál sem tillögu um það að íslensk stjórnvöld fari að laga starfshætti sína að þeirri kröfu tímans sem birtist þjóðinni á liðnum vetri. Það var krafan um aukið lýðræði og aukin áhrif hins almenna borgara á ákvarðanatöku á öllu stigum mála. Hvers vegna, ef ekki í þessu stærsta máli þjóðarinnar frá lýðveldisstofnun eins og menn ræða oft, ættu stjórnmálamenn ekki að horfast í augu við þann veruleika sem við blasir og viðurkenna kröfu tímans um aukið lýðræði? Tillaga ríkisstjórnarinnar kemur að þessu leytinu til ekki til móts við strauma nýrra tíma. Þjóðinni er ekki gefið færi á því að taka með ákveðnari hætti þátt í helstu ákvörðunum í því ferli sem ríkisstjórnin lét setja af stað þegar í stað. Því miður er þetta mikilsverða mál sett á dagskrá losaralega undirbúið og því ekki svo búið um hnútana að stuðli að sem víðtækastri sátt með þjóðinni.

Sú tillaga sem þingflokkar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa lagt fram og verður rædd í þinginu síðar í dag gefur alþingismönnum færi á því að þetta mikilvæga mál verði fært úr þeim átakafarvegi sem það hefur verið fært í síðastliðna tvo áratugi. Tillaga stjórnarandstöðunnar miðar að því að tryggja faglega almenna umfjöllun um alla meginhagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið áður en Alþingi tekur ákvörðun í þessu gríðarlega mikilvæga máli. Þingsályktunartillaga Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er tillaga um að Alþingi vinni að þessu stærsta máli í sögu lýðveldisins í takt við kröfu tímans, í takt við þjóðina.

[12:08]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Hvað er lýðræði? Lýðræði er sú stjórnunaraðferð sem kallar fram og endurspeglar vilja fólksins í málefnum sem varða almannaheill og samfélagslega hagsmuni. Algengasta lýðræðisform vestrænna samfélaga er fulltrúalýðræðið. Það birtist m.a. í þingræðinu, þar sem kjörnir fulltrúar hafa það hlutverk að gæta hagsmuna almennings og endurspegla vilja kjósenda sinna. Það er vandasamt hlutverk, það kallar á djúpa virðingu fyrir megingildum lýðræðis og mannréttinda.

Annað form lýðræðisins er hið svokallaða beina lýðræði sem byggir einfaldlega á því að almenningur sjálfur segir til um vilja sinn í þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál. Beint lýðræði býður þó upp á þá hættu að verða misnotað ef ekki er gulltryggt að þjóðin hafi skýran valkost og fulla vitneskju um það sem kosið er um.

Frú forseti. Oft hefur þessum tveimur lýðræðisformum verið teflt hvoru gegn öðru en í þeirri þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir eru helstu kostir þessara tveggja lýðræðisaðferða sameinaðir. Hér er lagt til að hv. þingmenn, kjörnir fulltrúar fólksins, setji af stað lýðræðislega málsmeðferð í einu veigamesta hagsmunamáli þjóðarinnar á síðari tímum. Tillagan gerir ráð fyrir að Alþingi beiti þingræðinu til þess að leiða málið til lykta utan þingsins með beinu og milliliðalausu lýðræði, þ.e. í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þetta er sögulegt tækifæri fyrir Alþingi Íslendinga til að sýna í verki ómetanlegt fordæmi um framkvæmd sjálfs lýðræðisins. Þetta er mikilvæg stund vegna þess að hún markar spor í lýðveldissöguna. Hér hafa tveir stjórnmálaflokkar komið sér saman um meðferð á máli sem þeir þó eru ósammála um í grundvallaratriðum. Þeir eru sammála um málsmeðferðina vegna þess að báðir virða þeir lýðræðið. Þeir hafa ákveðið að treysta þjóðinni og hlusta eftir vilja hennar.

Frú forseti. Í þessu tiltekna máli má líkja flokkunum tveimur við tvö knattspyrnulið sem etja kapps um lyktir leiksins en hafa komið sér saman um að virða leikreglur og hlýða dómaranum. Dómarinn í þessu máli er þjóðin. Ég fagna þess vegna þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu. Þetta er merkileg tillaga, hvernig sem á hana er litið, frú forseti.

Nú hefur það gerst að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa lagt fyrir þingið aðra þingsályktunartillögu um sama mál, tillögu sem er í meginatriðum efnislega samhljóða þeirri sem hér er til umræðu. Það sem skilur á milli er orðalag um það hvernig samningsmarkmið þjóðarinnar verði sett fram í aðildarviðræðunum. Hér er bitamunur en ekki fjár og augljóst að stjórnarandstöðunni er mjög í mun að fá að koma að þessu máli og setja á það fingraför sín. Það er góðra gjalda vert, enda er málið veigamikið og ég hef fulla trú á því að Alþingi Íslendinga muni leiða málið til lykta með fullum sóma eins og fullt tilefni er til.

Eins og ég nefndi í umræðum í gær, frú forseti, er rétt að halda því til haga að Ísland er mjög vel í stakk búið til að ganga til viðræðna við Evrópusambandið nú, því að sjálfsagt hefur ekkert ríki í sögunni verið jafn vel undirbúið undir aðildarumsókn eins og við erum á þessari stundu. En ég get ekki skilið við umræðuna án þess að deila með þingheimi þeirri framtíðarsýn sem ég hef fyrir hugskotssjónum í tengslum við þetta mál, frú forseti.

Ég ber í brjósti þá von að aðildarumsókn í Evrópusambandið muni leiða í ljós margþætta kosti þess að ganga í Evrópusambandið. Ég vona og vil að við Íslendingar, sú sjálfstæða og fullvalda þjóð sem við erum, getum óhrædd stigið inn á vettvang Evrópusamfélagsins, sótt okkur þangað tilstyrk og fyrirmynd til frænda okkar og nágranna, verið þjóð meðal þjóða í samráði og samstarfi um málefni sem varða ekki aðeins okkur sem eyland, heldur tilvist okkar í heimsþorpinu Jörð. Ég trúi því staðfastlega að innganga í Evrópusambandið muni þýða fyrir okkur bætt lífskjör í landinu með stöðugra efnahagsumhverfi, styrkari stjórnsýslu og virkara lýðræði, bætt markaðs- og viðskiptaumhverfi atvinnuveganna, byggðaþróun á víðum grunni, aukna sjálfbærni og vistvænni framleiðsluhætti og síðast en ekki síst fjölbreyttari menntunar- og atvinnumöguleika fyrir ungt fólk.

Engum vafa er undirorpið að brýnasta hagsmunamálið

um þessar mundir er að endurheimta jafnvægi í efnahagslífinu. Það er von mín að með inngöngu í Evrópusambandið verði stigin skref í átt til stöðugra efnahagslífs og bættra lífskjara með upptöku evru innan fárra ára. Að hér verði hagstæðara rekstrarumhverfi fyrir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg og landbúnað, með áherslu á samkeppnishæfi, umhverfis- og náttúruvernd í sveitum, bætt lífsgæði, fullvinnslu afurða og hreinleika, vistvænar veiðar, vöruþróun og markaðssetningu.

Ég bind vonir við byggðastefnu Evrópusambandsins um styrkingu veikra svæða, aukna samkeppnishæfni, styrkingu nýsköpunar, þekkingar og grunngerða á borð við samgöngur og fjarskipti í dreifbýli. Líkt og aðrir jafnaðarmenn læt ég mig dreyma um sambærileg lífskjör landsmanna óháð búsetu og að þeir eigi greiðan aðgang að menntun, atvinnu og þjónustu. Stefna Evrópusambandsins er m.a. að jafna félagslega og fjárhagslega stöðu íbúa í álfunni með áherslu á menntun og að styrkja stöðu hópa sem eiga undir högg að sækja, þar á meðal innflytjenda, fatlaðra, ungmenna, aldraðra o.fl.

Frú forseti. Aðildarumsókn og síðan samningsdrög eru einu haldbæru vísbendingarnar sem við getum fengið um þá möguleika sem innganga í Evrópusambandið getur falið í sér. Mikilvægt er að samningsmarkmið viðræðnanna séu skýr, að ekki verði fallið frá forræði yfir fiskimiðum eða öðrum auðlindum, svo dæmi sé tekið, og að kynningin á samningsdrögunum verði öflug og hnökralaus þegar þar að kemur. Að þessu uppfylltu held ég að við þurfum ekki að óttast dóm þjóðarinnar. En fyrst af öllu verðum við þó að búa svo um hnútana að þjóðin fái málið til úrskurðar; að hún hafi eitthvað haldbært sem hún getur tekið afstöðu til.

Þær þingsályktunartillögur sem hafa verið hér til umræðu og liggja fyrir þinginu eru báðar í rauninni til þess fallnar að greiða þá leið. Ég vil líka nota þetta tækifæri og fagna þeim málflutningi sem hér hefur verið í dag í málinu og þá sérstaklega tóninn sem sleginn hefur verið hjá hv. þingmönnum Siv Friðleifsdóttur og Árna Þór Sigurðssyni og hæstv. utanríkisráðherra, Össuri Skarphéðinssyni, því að sá málflutningur hefur verið í anda eindrægni og samkomulagsvilja og óskandi væri að fleiri slíkir tónar væru slegnir í málflutningi á hinu háa Alþingi á þeim erfiðu tímum sem við lifum nú. En síðast en ekki síst, svo ég taki mál mitt saman í eina einlæga von, hún er sú að Alþingi Íslendinga muni afgreiða þetta mál í þeirri sátt sem málinu sæmir.

[12:18]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Afstaða mín til þessarar þingsályktunartillögu liggur fyrir skýr og afdráttarlaus, heiðarleg og gegnsæ. Hún lá fyrir við ríkisstjórnarmyndun áður en ríkisstjórnin var sett saman og samþykkt innan flokkanna, þannig að menn ganga að þessu skýru. Kannski er þetta tákn um hið nýja Ísland, menn geta og munu fylgja sannfæringu sinni og samvisku í meira mæli en áður hefur tíðkast í íslensku flokksræði.

Hvað rökstuðning fyrir þessari afstöðu varðar gæti ég hreinlega látið staðar numið og vísað í prýðilegar ræður samþingmanna minna, hv. þingmanna Ásmundar Einars Daðasonar og Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, en allténd geri ég orð þeirra að mínum. Ég hef sest yfir þetta mál, vegið það og metið frá öllum hliðum, metið kosti Evrópusambandsaðildar, sem hvarflar ekki að mér að neita að séu til staðar, vegið gallana þar á móti og komist að þeirri niðurstöðu að innganga í ESB sé ekki gæfuspor fyrir Ísland. Gallarnir séu sem sé veigameiri og sýnu alvarlegri en kostir aðildar.

Ég var þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar enn að kostir og gallar og inngönguskilyrði og annað liggi fyrir nákvæmlega, hvaða kjör við fáum innan Evrópusambandsins, 95–98%, jafnvel meira. Við vitum hvað tíu nýjustu þjóðir ESB hafa fengið og hvað þær hafa ekki fengið, hvað þær hafa sótt um og ekki fengið. Við vitum líka að allar Evrópuþjóðirnar 26 þurfa að samþykkja aðild Íslands, verði af samningum og samþykki hér heima í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hef sagt að það sé vandséð að hinar nýju þjóðir í ESB sem ekki hafa fengið undanþágur frá meginreglum sambandsins muni samþykkja það að Íslandi verði veittar þær undanþágur sem okkur eru svo nauðsynlegar og allir vilja sækjast eftir. Ég hefði kosið að það færu fram könnunarviðræður nákvæmlega um ákveðin tilgreind atriði sem eru brýnust í mínum huga, í báðum tilvikum auðlindir, þ.e. auðlindir til sjávar og sveita. Ég lít á fiskinn í sjónum sem auðlind, það sem er á hafsbotninum og undir honum sem auðlind og ég lít líka á jarðnæði, hreint vatn, hreint og tært loft og gróðurmold sem auðlind sem nýtist landbúnaði okkar ákaflega vel. Þetta eru okkar dýrmætustu auðlindir og þetta eru afar dýrmætar auðlindir í þeirri stöðu sem heimurinn er í í dag.

Það sem blasir við heiminum í dag og alvarlegustu vandamál heimsins í dag, ef maður er alheimssinni eða alþjóðasinni eins og ég er, það er í fyrsta lagi skortur á vatni, sem við höfum gnægð af, í öðru lagi skortur á fæðu, sem við höfum gnægð af. Ég hygg að Evrópusambandið hafi mikinn áhuga, og sýni hann beinlínis t.d. með yfirlýsingum varðandi sjávarútvegsmálin, að komast hingað

Það segir í þingsályktunartillögunni að meðal grundvallarhagsmuna Íslands sé:

„Að tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum og ráðstöfun þeirra.

Að tryggja forræði þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni, o.s.frv.

Að tryggja öflugan íslenskan landbúnað á grundvelli fæðuöryggis og matvælaöryggis.“

Miðað við meginreglur ESB og miðað við þá samninga sem nýjar þjóðir innan ESB hafa gert munum við ekki ná þessum markmiðum. Það er að mínu mati tálsýn. Ég hefði sem sagt kosið könnunarviðræður með eftirfarandi spurningu: Fáum við undanþágu frá sjávarútvegsstefnu ESB varanlega, fáum við undanþágu frá landbúnaðarstefnu ESB varanlega? Ef það hefði orðið niðurstaða könnunarviðræðna hefði ég hugsanlega getað farið í þessa vegferð sem menn eru að leggja upp í sem ég er ósammála.

Það er tálsýn að mínu mati að við fáum varanlegar undanþágur í sjávarútvegsstefnu og landbúnaðarstefnu. Mér nægir vafinn. Ég vil túlka vafann, eins og menn gera í lögfræðinni, íslensku þjóðinni og íslenskum hagsmunum í hag. Meðan vafi er fyrir hendi í málinu get ég ekki skrifað undir þessa þingsályktunartillögu. Ég hefði talið að við gætum

komist að því 98–99% eða tekið grundvallarhagsmunina og fengið já eða nei við því og lagt svo umsóknaraðild undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Það veldur mér vissum vonbrigðum að Borgarahreyfingin skuli ekki styðja þá leið að það fari undir atkvæðagreiðslu þjóðarinnar hvort við eigum að sækja um eða ekki. En það er annað mál.

Meginatriðið varðandi þessar röksemdir mínar gagnvart auðlindunum, gagnvart landbúnaði, gagnvart fiskveiðum, er sú að aðrar þjóðir hafa ekki fengið þessa hluti. Undanþágur að þessu marki ganga gegn grundvallarhugmynd Evrópusambandsins, þ.e. að mynda eitt sameiginlegt markaðssvæði. Það kann að vera góðra gjalda vert ef það samræmist hagsmunum Íslands. Það er verið að búa til eitt markaðssvæði, eitt ríki, og Evrópusambandið getur aldrei samþykkt að hluti af þessum vörum, fiskurinn, landbúnaðarvörur og annað, sé tekið undan meginreglunni, grunnstoð Rómarsáttmálans. Það er mín niðurstaða. Engin þjóð hefur fengið varanlegar undanþágur, eingöngu aðlögunartíma í þrjú til fimm ár, það eru ekki forsendur fyrir því. Finnar fengu þetta ekki nema fyrir norðursvæði Finnlands í landbúnaði, nyrstu svæði Finnlands. Við erum ekki í sömu stöðu.

Ég verð að segja að Heimssýn hefur gefið út ákaflega góðan bækling þar sem eru tilfærðar 12 ástæður til að hafna Evrópusambandsaðild og ég hvet þá sem á mál mitt hlýða og horfa að kynna sér þennan bækling og ganga til liðs við Heimssýn í baráttu gegn þessu máli, því að ég lít svo á líka, og það held ég að allir samþykki sem nærri þessu máli koma, að samningar kalli á afsal á tilteknu fullveldi okkar. Fyrir mér er þetta sjálfstæðisbarátta. Ég virði sjónarmið þeirra sem ganga fram fyrir skjöldu og kjósa Evrópusambandsaðild, hagsmunamat þeirra lýtur öðrum rökum og grundvallarsjónarmiðum en mitt og ég veit að stuðningsmenn Evrópusambandsaðildar virða gagnsjónarmið flutt fram af rökum og reynslu.

Fullveldisframsal sagði ég, vegna þess að við missum yfirráðin yfir fiskveiðilögsögunni, að gera fiskveiðisamninga við önnur ríki, að gera viðskiptasamninga, að afnema eða leggja á tolla sem okkur eru mjög brýnir í dag til að vernda innlenda framleiðslu og atvinnu og spara gjaldeyri. Hluti dómsvaldsins eða dómsvaldið flyst út.

Í þessum bæklingi Heimssýnar er talað um að nýtt stórríki myndist, völd litlu ríkjanna fari minnkandi, samþjöppun valds sé ólýðræðislegt, valdamiðstöðin verði fjarlægð. Ég þekki það hér á Íslandi hvernig valdamiðstöðin er fjarlægð landsbyggðaríbúum á Íslandi, ég þekki það hvernig valdið hverfist um Reykjavík. Stofnanir eru í Reykjavík, stjórnmálaflokkar starfa í Reykjavík og starfsfólk þeirra, þingið er í Reykjavík, allar æðstu stofnanir og stjórnvöld eru þar. Íbúum landsbyggðarinnar, sérstaklega þegar lengra er komið frá Reykjavík í mesta dreifbýlinu, finnst þeir vera afskiptir. Góðærið kom aldrei þangað, það er bundið við höfuðborgarsvæðið og ruglið.

Þeir tala um í þessum bæklingi að atvinnuleysi sé eitt helsta einkenni ESB. Það er rétt. 20% atvinnuleysi á Spáni. Þeir tala um myntsvæði, úrslitavald yfir auðlindum. Við eigum gnótt auðlinda sem ESB sækir í. Við eigum hafsvæðið í kringum Ísland sem ég hygg að sé stærra en allt hafsvæði ESB-landanna. Þess vegna leggja þeir fyrir okkur beitur. Þeir tala um að hernaðarveldi sé í uppsiglingu og þeir tala í tíunda lagi um kvótalaust sjávarþorp. Verður Ísland verstöðin Ísland? Getum við yfirfært reynslu okkar af óskertu framsali á Íslandi til þess að Ísland verði verstöðin Ísland? Er það hugsanlegt? Hverjum eigum við að túlka þennan vafa í hag? Eigum við að taka áhættu, eigum við að taka þennan vafa?

Hvað gerðist í framsalsmálum kvótakerfis og fiskveiðistjórnar á Íslandi? Hvað gerðist á Breiðdalsvík, Flateyri, Ísafirði? Verður ekki verstöðin Ísland ein samfelld Breiðdalsvík, kvótalaus Breiðdalsvík? Er það hugsanlegt? (**Utanrrh.:** Nei.) Nei, segir hæstv. utanríkisráðherra, en hann hefur ekki sannfært mig enn þá með reynsludæmum úr aðildarumsóknarsögu ESB. Reynslan er ólygnust. Samningsréttur glatast og það liggur líka fyrir að aðild er þungt högg fyrir landbúnaðinn og ekki bara fyrir landbúnaðinn, ef landbúnaðurinn kiknar þá kiknar búseta á landsbyggðinni. Það er líka alvarlegt mál.

Bændasamtök Íslands hafa unnið afar faglega úttekt á stöðu landbúnaðarins og búnaðarþing samþykkti andstöðu gegn ESB-umsókn. Þar eru fulltrúar allra flokka sem samþykktu það samhljóða að ESB-umsókn og ESB-aðild væri andstæð hagsmunum bænda. Ég tek mark á því. Þar er a.m.k. verulegur rökstuddur vafi ef ekki fullvissa vegna þess að við getum borið okkur saman við Finna í þeim efnum.

Hingað kom fyrir skemmstu merkismaður frá Noregi, Dag Seierstad, fyrrverandi þingmaður á norska þinginu, sem hefur fylgt nei-baráttunni í Noregi frá upphafi, frá 1970, og hann flutti fyrirlestra uppi í háskóla og mætti á fundi. Hann hefur fylgst mjög grannt með Evrópusambandsmálum allt frá 1971. Hann tók þátt í baráttunni í Noregi 1971 til 1972 og hann tók þátt í baráttunni 1994. Fengu Norðmenn tilslakanir í sjávarútvegsstefnu- og landbúnaðarmálum 1994? Nei. Fengu Finnar það, fengu Pólverjar það, fengu Maltverjar það, fengu Kýpurbúar það? Nei. (**Gripið fram í:** Maltverjar fengu það.) Nei, mjög takmarkaðar undanþágur sem hafa ekkert með þetta mál að gera sem hér er um rætt.

Dag Seierstad, þessi reynslubolti, þessi reynsluríki maður, málefnalegur og faglegur á alla kanta, sem flytur mál sitt með rökum og faglegum hætti, hann segir: Engar undanþágur í boði hjá ESB. Ég vil hafa það á borðinu.

Þess vegna er það svo að í tillögunni til þingsályktunar er tekið fram, ég held að það sé af fullum vilja og fullum heilindum, að það eigi að tryggja þá grundvallarhagsmuni sem ég gerði að umtalsefni. Þar segir: „Meðal grundvallarhagsmuna Íslands eru: Að tryggja forræði o.s.frv.“, eins og ég hef rakið fyrr í ræðu minni. Þetta eru ekki samningsskilyrði, þetta er góður hugur, en þetta eru ekki forsendur þess að samningur verði gerður.

Ég hef ekki haft tíma í ræðu minni til að rekja kosti ESB en ég tel okkur ágætlega vel setta innan EES þó að ég velti því stundum fyrir mér hvort það séu ekki þeir ágallar á því að það megi snúa af þeirri braut.

[12:33]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur flutt hér afstöðu sína

og eins og ég sagði í framsögu minni virði ég fullkomlega þá afstöðu. Ég tel að þau rök sem hv. þingmaður flutti séu fullkomlega lögmæt. Ég hef líka sagt það hreinskilnislega að ég er þeim algjörlega andstæður. Ég hef skoðað sögu Evrópusambandsins eins og hann en ég kemst ekki að sömu niðurstöðu. Ég skil vel að hv. þingmaður beri hagsmuni landbúnaðarins fyrir brjósti, það geri ég líka. Ég tel, eins og ég sagði í framsögu minni, að miðað við þá samninga sem fram undan eru á næstu árum og kannski næsta áratug hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni og gjörbreyta munu umhverfi landbúnaðarins, kunni landbúnaði að vera betur borgið í skjóli ESB en utan þess. Ég er líka sannfærður um — það á kannski eftir að koma betur í ljós — að þessar hefðbundnu greinar landbúnaðar eins og sauðfjárrækt og mjólkuriðnaður muni ekki bera skarðan hlut frá borði þó að við gengjum inn í Evrópusambandið.

Hv. þingmaður nefndi hér t.d. reynslu Finna. Hann taldi af og frá, eins og ég skildi hann, að við mundum ná svipuðum samningum. Gott og vel, hann má hafa þá skoðun. Hv. þingmaður vísaði til reynslu Norðmanna varðandi sjávarútvegssamninga. Það skiptir engu máli þó að Dag Seierstad komi hingað mörgum sinnum og hv. þingmaður segi þetta oft og mörgum sinnum, það er grundvallarmunur á afstöðu Norðmanna og okkar. Hann felst í því að Norðmenn hafa sameiginlega lögsögu með Evrópusambandsríkjunum, það höfum við ekki. Það gerir stöðu okkar allt öðruvísi og gerir okkur mun auðveldara fyrir vikið að verja stöðu okkar í samningum.

Hv. þingmaður kann að hafa rétt fyrir sér í öllum atriðum og ég rangt fyrir mér. Það er bara ein leið til þess að skera úr um það, það er að láta á það reyna hvað við komumst langt. Hv. þingmaður er málflutningsmaður, snjall meira að segja. Heldur hv. þingmaður að það mundi duga mjög til þess að vinna mál að koma með slíka afstöðu til dóms (Forseti hringir.) að gefa sér niðurstöðuna fyrir fram án þess að flytja og tefla fram staðreyndum sem kunna að koma í ljós við rannsókn málsins?

[12:35]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka þessi andsvör hæstv. ráðherra, við deilum ekki skoðunum. Láta á málið reyna? Það er einmitt það sem ég vil, með opinni lýðræðislegri umræðu. Ég sagði í ræðu minni að ég tel mig vita það 95% af reynslu annarra þjóða hvað er í boði. Ég tel að könnunarviðræður um stóru hagsmunina gætu leitt þetta aðeins betur í ljós þannig að við værum með 98% vissu. Þá vil ég leggja slíka spurningu fyrir þjóðina: Vill þjóðin sækja um? Það er grundvallarafstaða mín, að lýðræðið fái að ráða. Lýðræðið er dómarinn í þessu máli. Okkur greinir hér á um leiðir en stríðið er auðvitað allt eftir þegar þjóðin kemur að borði.

Að því er varðar grundvallarmun á Noregi vegna sameiginlegrar lögsögu eigum við sameiginlegra hagsmuna að gæta með Norðmönnum og fiskveiðiþjóðum Evrópusambandsins í svipuðum mæli og við ættum sameiginlega lögsögu. Þar á ég við deilistofnana sem við erum þó samningsaðilar að en verðum ekki.

Að því er varðar landbúnaðinn sérstaklega er matvælaöryggið fyrir mér algjört grundvallaratriði. Við búum hér við búfjárstofna sem eru einstakir, íslenskir búfjárstofnar, sauðfé, hestar, kýr, sem eru mjög næmir fyrir veirum erlendis, sem hafa ekki ónæmi eða mótefni fyrir þeim. Með því að fara inn með óheftan innflutning á hráu kjöti og öðru til Íslands stefnum við þjóðinni í stórfellda hættu. Það er ekki frá mér komið heldur vitna ég þar til okkar besta sýklafræðings, Margrétar Guðnadóttur, (Forseti hringir.) prófessors emerítus.

[12:38]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Atli Gíslason hefur getið sér orð fyrir að hafa unnið mál fyrir dómi sem ýmsir töldu að væru óvinnanleg. Hvernig gerði hann það? Með því að rannsaka þau og leggja fram nýjar staðreyndir sem sannfærðu dómarann. Með öðrum orðum, afstaða manna kann að breytast þegar nýjar staðreyndir koma fram í málinu. Hv. þingmaður hefur í frammi alls konar röksemdir sem eru umdeilanlegar. Af hverju vill hann ekki að gengið verði úr skugga um það með þeim eina hætti sem fáanlegur er, þ.e. menn láti á það reyna? Og þegar niðurstaða liggur fyrir getum við tekið afstöðu til þess.

Ég þekki hv. þingmann að því að hann tekur rökum. Hann hefur sjálfur beitt rökum á mig og sannfært og látið mig skipta um skoðun í mikilvægum málum hér fyrr á árum. Ég vænti þess að hv. þingmaður vilji beita afli sínu vitsmunalega til þess að skoða mál á grundvelli þess sem fyrir liggur, annað finnst mér fráleitt.

Ég spyr líka hv. þingmann: Telur hann að það skapi mjög góða samningsstöðu að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort sækja eigi um þar sem menn vita ekkert hvað verið er að tala um. Ég þykist vita hver niðurstaðan yrði, yfirgnæfandi meiri hluti. En ég vildi ekki fara í samninga með það á bakinu vegna þess að það mundi veikja samningsstöðu mína og okkar Íslendinga ef Evrópusambandið sæi það þar svart á hvítu: Já, heyrði, þetta lið vill bara stökkva inn í Evrópusambandið. Við þurfum ekki að gera neitt sérstakt fyrir það.

Lýðræðið kemur þegar staðreyndirnar liggja allar fyrir, þá geta menn tekið upplýsta afstöðu. Það er skoðun mín og ég hélt að hv. þingmaður væri raunverulegur lýðræðissinni.

Varðandi svo smitsjúkdómana og innflutning á hráu kjöti yrði það auðvitað aldrei með þeim hætti. Ég spyr líka hv. þingmann: Ætlar hann að setja lög sem banna fuglum himinsins að fljúga á milli landa? Hvernig ætlar hv. þingmaður t.d. að koma í veg fyrir það? Þar geta líka komið sóttkveikjur og hafa komið, eins og við vitum, þannig að þau rök finnast mér veik.

Allt um það, það eina sem ég mælist til (Forseti hringir.) af hv. þingmanni er að hann leyfi fólkinu að taka upplýsta afstöðu.

[12:40]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég efast ekki um lýðræðisást hæstv. utanríkisráðherra og ég held að hann ætti ekki að sá frækornum efasemda um lýðræðiskenndir mínar, (**Utanrrh.:** Nei, nei, ég geri það heldur ekki.) þær eru djúpstæðar og mannrétt-

indin þar með.

Af hverju ekki að nota lýðræðið? Jú, ég tók það skýrt fram að ég vildi það, ég vildi færa það til þjóðarinnar með upplýstri umræðu af því að við vitum hvað við fáum, af því að við vitum reynslu annarra þjóða. Ég spyr hæstv. utanríkisráðherra: Af hverju fáum við sérmeðferð og undanþágur sem aðrar þjóðir hafa ekki fengið, þær síðustu tíu sem gengið hafa í ESB? Af hverju er sérstaða okkar slík að við fáum undanþágu frá auðlindamálunum, fiskveiði og landbúnaði?

Ég hygg að hæstv. utanríkisráðherra ætti að lesa hvað landbúnaðinn varðar skýrslu Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi utanríkisráðherra, um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi sem lögð var fram á Alþingi 1999–2000. Það er alveg sama inn í hvaða grein landbúnaðar er komið þar, mjólk, sauðfé, nautgripi, Halldór Ásgrímsson kemst að þeirri niðurstöðu að það yrði um mikla afturför að ræða fyrir íslenska bændur, fyrir íslenskan matvælaiðnað, að ganga inn í Evrópusambandið.

Okkur stafar ekki hætta af fuglum, hæstv. ráðherra, en okkur stafar hætta af hráu kjöti og smitsjúkdómum … (**Gripið fram í:** … fuglaflensuna?) Okkur hefur ekki stafað hætta af því en við lentum í hryllilega vondum málum vegna karakúlfjárins og mæðiveiki og vegna fleiri slíkra atburða. (Forseti hringir.) Ég vil ekki taka neina áhættu þar. Ég vil að bændur og útvegsmenn og íslenska þjóðin (Forseti hringir.) njóti vafans í þessu máli.

[12:42]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka þá ágætu og málefnalegu umræðu sem hefur verið um það mikilvæga þingmál sem hér liggur fyrir og ég vil lýsa mínum eindregna stuðningi við. Ég fagna því sérstaklega að komin er fram stjórnartillaga í þinginu þrátt fyrir að hjá öðrum stjórnarflokknum gæti efasemda um Evrópusambandið og andstöðu almennt um það að við tökum hið mikilvæga skref að sækja um aðild að Evrópusambandinu og fá úr því skorið hvaða kostir okkur bjóðast í þeim viðræðum.

Ég held líka að það sé gríðarlega mikilvægt að um þetta takist þverpólitísk sátt í þinginu og sem allra flestir geti komið hér að, að okkur takist að lyfta þessu máli upp úr skotgröfum flokkanna og setja það í sem mestri samstöðu í lýðræðislegan farveg sem lyktar með því að almenningur á Íslandi fær úr því skorið hvaða kostir bjóðast og getur tekið afstöðu til þess.

Það liggur einfaldlega fyrir að ríkur vilji er hjá íslenskum almenningi, ríkur meirihlutavilji til þess að þannig sé farið að. Ég held að það yrði að mörgu leyti frelsun fyrir flokkana, þá ekki fyrir Samfylkinguna en ýmsa aðra stjórnmálaflokka þar sem deilur um þetta málefni hafa skipt mönnum í hópa innan flokkanna. Það yrði að mörgu leyti frelsun fyrir flokkana til að ná þessu máli upp úr þeim farvegi.

Þess vegna held ég að það væri mikilvægur áfangi ef okkur tækist að vinna málið þannig í utanríkismálanefnd að sú tillaga sem hér liggur fyrir gæti hugsanlega tekið einhverjum breytingum er tækju mið af sjónarmiðum í tillögum tveggja stjórnmálaflokka á þinginu, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, ef það gæti orðið til þess að skapa algjöra einingu um umsóknina. Ég held að slík eining væri gríðarlega mikilvæg fyrir okkur, bæði í viðræðunum og alþjóðlega séð, vegna þess að við Íslendingar þurfum á því að halda núna að sýna það bæði inn á við í landinu, þ.e. stjórnmálaforustan, og út á við að á þessari ögurstundu í lífi þjóðarinnar sé stjórnmálaforusta sem geti hafið sig upp yfir karp og hversdagsþrætur og sameinast um að setja brýn álitaefni í lýðræðislegan farveg og leiða þau með þeim hætti.

Ég vil þó segja að að því leyti sem vísað er til tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu í tillögu þessara tveggja flokka þá tel ég að það sé algjörlega útilokað að huga að þeim þætti því hvort tveggja er tímaþáttur málsins sem auðvitað er mjög brýnn en um leið hitt að þjóðin verður að hafa það fyrirliggjandi hvað það er sem hún á að taka afstöðu til. Það verður aðeins gert að loknum aðildarviðræðunum, auk þess sem það getur veikt samningsstöðu okkar. Það er mikilvægt að við höfum sterka samningsstöðu í þessum mikilvægustu viðræðum lýðveldissögunnar. Það getur einfaldlega veikt samningsstöðuna að fyrir liggi þjóðarvilji um aðildarumsókn í allsherjaratkvæðagreiðslu þegar farið er að semja við sambandið.

Ég lýsi þeirri skoðun minni að ég hef fyrir fram ákaflega jákvæða afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu en auðvitað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ég held að það sé engin þjóð í raun og veru eins vel í stakk búin til þess, eða fáar þjóðir, því við höfum átt í nánu samstarfi við Evrópuþjóðirnar og í gegnum EES-samninginn tekið upp býsna mikið og eigum býsna náið samstarf þar. Sá samningur er ein af þeim ástæðum fyrir því að við eigum að gerast fullgildir aðilar að Evrópusambandinu.

Það sem hefur gerst á umliðnum árum og áratugum er að fyrirtækin í heiminum stækka og markaðirnir í heiminum stækka. Heimurinn minnkar og samskipti milli þjóða aukast hratt og stig af stigi. Við, 300.000 manna þjóð, höfum gerst aðili að gríðarlega stórum markaði, mörg hundruð milljóna manna markaði. Það er einfaldlega skoðun mín að við eigum að vera aðilar bæði að hinu lýðræðislega skipulagi sem sett er yfir þennan markað og að þeim félagslegu stofnunum sem menn skipuleggja yfir þennan markað. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að ég er í grundvallaratriðum bæði lýðræðissinni og félagshyggjumaður. Þess vegna er það djúp sannfæring mín að við eigum utan um þann markað sem við störfum á að skipuleggja félagskerfið og margháttaða samvinnu og yfir hana lýðræðisskipulag til þess að við megum njóta farsældar.

Hver er ástæðan fyrir því? Ástæðan fyrir því er sú að markaðir bresta. Markaðir og hin frjálsa samkeppni getur gengið ákaflega vel og skilað okkur miklum framförum. En með reglubundnum hætti bresta markaðir. Þess vegna er það að við höfum skipulagt félagskerfi yfir markaði og lýðræðiskerfi til þess að geta tekið á því.

Hvað var það sem gerðist hjá okkur í haust? Það varð hrun. Ég held að við höfum fundið tilfinnanlega fyrir því. Hér voru fyrirtæki vaxin stjórnkerfi okkar, lýðræðisskipulagi okkar og eftirlitskerfi langt yfir höfuð. Kannski með svipuðum hætti og varð á Sturlungaöld og endaði með hruni þar. Við eigum af því að læra að við eigum að verða hluti af því sambandi, því lýðræðislega samstarfi og stjórn-

kerfi sem hefur verið byggt upp í Evrópu utan um þetta með því að gerast aðilar að Evrópusambandinu á þeirri forsendu auðvitað að við fáum sanngjarnan samning.

Ég er líka jákvæður gagnvart aðild að Evrópusambandinu af menningarpólitískum ástæðum. Það er einfaldlega svo, eins og hér hefur verið vísað til og við þekkjum, að við höfum tengsl bæði austur og vestur yfir hafið. Ég tel hins vegar að sögulega og menningarlega liggi samleið okkar fyrst og fremst með Evrópuþjóðunum og við eigum að taka þá menningarpólitísku afstöðu að við viljum vera virkir og fullgildir þátttakendur í samstarfi evrópskra þjóða og í lýðræðislegu starfi evrópskra þjóða vegna þess að það er tiltekið menningarsvæði og fyrir því eru pólitískar ástæður.

Ég er líka jákvæður gagnvart aðild að Evrópusambandinu vegna þess að Evrópusambandið er fyrst og fremst hugsjón um frið. Það er sett á stofn til að ryðja úr vegi hindrunum yfir landamæri til að auka samskipti og viðskipti á milli þjóða og binda þjóðirnar þannig hagsmunatengslum sín á milli sem gerir það að verkum að ekki verði stríð á meðal þeirra. Það er auðvitað einhver mesti og stærsti ávinningurinn sem við höfum af starfi Evrópusambandsins þann tíma sem það hefur starfað og mestu varðar fyrir langtímahagsmuni álfunnar. Við eigum að taka fullan og eindreginn þátt í því. Líka vegna þess að á hinum alþjóðlega vettvangi er Evrópusambandið friðarafl í þeim alþjóðlegu hagsmunum þar sem við eigum mest undir sem eru umhverfismálin, loftslagsmálin, hlýnun andrúmsloftsins og hinar skelfilegu afleiðingar sem það getur haft í för með sér. Þar hefur Evrópusambandið einnig hina pólitísku forustu um að vekja þjóðir heims til vitundar um málið og fara fyrir í því að ná um það alþjóðlegum samningum. Við eigum einnig að vera þar samverkamenn þjóðanna á meginlandinu og starfa með þeim að slíkum markmiðum en ekki einangra okkur hér. Þetta eru nokkur af þeim langtímasjónarmiðum sem ég vil lýsa í málinu. Einnig eru sjónarmiðin um efnahagsmálin. Vissulega eru ýmis skammtímasjónarmið í efnahagsmálunum eins og vísað hefur verið til. Kannski sérstaklega það að aðildarumsóknin, að ég tali nú ekki um aðild, mun auðvitað auka trúverðugleika Íslands og íslensks efnahagslífs um leið og af öðru hvoru verður, ef af verður.

En efnahagslegu ávinningarnir eru fyrst og fremst langtímamál. Vegna þess að staðreyndin er einfaldlega sú að okkur hefur, ekki bara nú hin síðustu missiri heldur um margra áratuga skeið, verið það um megn að skapa efnahagslegan stöðugleika á Íslandi. Til að reyna að leysa úr því höfum við byggt upp hin flóknustu kerfi, m.a. kerfi um verðtryggingar og víxlverkanir sem nokkuð var til umfjöllunar á þingfundi okkar í gær, til að reyna að lifa með stöðugleikanum og þó er það ekki hægt. Annmarkarnir á hagsveiflunum hér, hinar slæmu afleiðingar fyrir áætlanagerð fyrirtækja, fyrir langtímauppbyggingu atvinnulífs og fyrir áætlanagerð heimila eru öllum löngu kunnir og ljósir, fyrir nú utan hitt sem ég hygg að allir geti fallist á, að sá gjaldmiðill sem við höfum notast við hefur reynst íslenskum almenningi bæði erfiður og dýr. Hér hefur löngum verið mikil verðbólga. Verðtrygging lögð á almenning og einhverjir hæstu raunvextir í heimi með tilheyrandi áhrifum á lífskjör skuldsetts fjölskyldufólks þó í því kunni að hafa falist ákveðinn ábati fyrir aðra hópa í samfélaginu.

Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur, til langs tíma efnahagslega séð, að verða hluti af efnahagskerfi Evrópusambandsins, að myntbandalaginu og eiga aðild að seðlabanka Evrópu til lengri tíma litið. Vegna þess að það eru einmitt slíkar stofnanir sem skipta máli þegar á bjátar þegar markaðir hrynja eins og við fundum fyrir í haust.

Þetta eru sannarlega ekki töfralausnir. Það er ekki þannig að maður sendi bréf til Brussel og gangi í Evrópusambandið og þar með séu verkefni okkar almennt leyst um alla framtíð. Þó að Ítalía sé í Evrópusambandinu er mafía þar enn þá. En það er hins vegar þannig, að ég hygg, að nokkuð betur gangi að halda við einhverjum stöðugleika þar í efnahagslífinu og eiga við hin efnahagslegu verkefni með evruna að gjaldmiðli heldur en það var með þeirri líru sem fyrir löngu varð heimsfræg rétt eins og íslenskur efnahagur varð nú í haust.

Það er einnig svo að við eigum og viljum vera hluti af þessu nána evrópska samstarfi vegna þess að á næstu árum og áratugum mun það eitt gerast að viðskipti og samskipti okkar við þessa helstu markaði okkar munu aukast ár frá ári og áratug frá áratug. Börnin okkar munu sækja menntun sína þangað jafnvel í ríkari mæli en verið hefur. Þau munu leita starfa í ólíkum löndum á þessum hundruð milljóna markaði vegna þess að þau hafa rétt til þess. Fólk giftist í ríkari mæli yfir landamærin, fjölskyldur verða þannig evrópskar og við viljum líka hafa áhrif á það hvernig allt það samfélag til lengdar mun þróast.

Ég bind miklar vonir við það að sú málefnalega umræða sem hefur farið fram um málið í þessa tvo daga gefi okkur góða von í utanríkismálanefnd um að vinna okkar næstu daga og vikur geti skilað okkur góðri samstöðu og bætt málið ef það er hægt.

[12:58]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum tillögu ríkisstjórnarflokkanna um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Ég skil tillöguna þannig að ríkisstjórnin fái svo til opið umboð til viðræðna og útkoman verði svo lögð í dóm kjósenda.

Afstaða mín til aðildar að Evrópusambandinu er sú að ég tel hagsmunum þjóðarinnar betur borgið utan sambandsins en innan. Mín skoðun er sú að það þjóni ekki hagsmunum íslensks landbúnaðar að ganga inn í Evrópusambandið og það þjóni ekki hagsmunum íslensks sjávarútvegs að ganga þar inn. Sú staðreynd að atvinnuleysi er fast í sessi í aðildarríkjum Evrópusambandsins fellur mér ekki í geð.

Mikil umræða hefur skapast í þjóðfélaginu um aðild að Evrópusambandinu í kjölfar bankahrunsins. Það er eðlilegt enda eru allir Íslendingar að keppast við það að finna lausnir á þeim efnahagsvanda sem við Íslendingar höfum ratað í. Í raun hefur öll umræðan um Evrópusambandið snúist um gjaldmiðilsmál en ekki um innviði sambandsins og ekki um allt hitt sem fylgir með.

Staða krónunnar er veik og því eðlilegt að rætt sé um hvaða stefnu við eigum að taka varðandi peningamálastefnuna. Staðreyndin er hins vegar sú að til þess að geta tekið upp evru með aðild að Evrópusambandinu þurfum við að uppfylla Maastricht-skilyrðin. Það gerum við ekki í dag og ég tel að það séu reyndar allir sammála um að við eigum að

uppfylla þessi skilyrði. Þetta eru góð skilyrði og ákveðið heilbrigðisvottorð um að efnahagslífinu gangi vel. En það tekur langan tíma að ná því markmiði á Íslandi og þess vegna er ekki rétt að halda því fram að aðild að Evrópusambandinu sé einhver töfralausn sem komi til með að vera lykillinn að því að við komumst upp úr þessari efnahagslægð. Því miður er það ekki svo að lausnin sé svona einföld. Slík töfralausn er ekki til og við verðum að tala hreint út um þetta mál. Ýmsir talsmenn þess að við göngum inn í Evrópusambandið tala með allt öðrum hætti. Vekjum ekki falskar væntingar hjá fjölda manns hér í samfélaginu og það er rangt að beita slíkum málflutningi. Við verðum að tala um málin eins og þau eru.

En þrátt fyrir andstöðu mína við aðild að Evrópusambandinu skil ég þá þörf sem íslenska þjóðin hefur fyrir svör. Ýmsir þeir talsmenn sem tala með þessum hætti að aðildin sé eina rétta lausnin hafa skapað þær aðstæður að fólkið í landinu þarf að fá skýr svör um kosti og galla aðildar. Menn hafa jafnframt haldið því fram að eina vonin til að ná samningum við aðila vinnumarkaðarins sé aðild. Eina vonin fyrir heimilin sé að ganga þarna inn. Eina vonin fyrir atvinnulífið og í rauninni bara eina vonin fyrir einhverja tilveru hér í landinu. Það er ekki boðlegur málflutningur. En af þeim ástæðum, vegna þarfa fyrir skýr svör tel ég mig geta verið aðili að þeirri þingsályktunartillögu sem við sjálfstæðismenn höfum lagt fram í samvinnu við framsóknarmenn um vandaða málsmeðferð að gerð greinargerðar um mikilvægustu hagsmuni Íslands og um gerð vegvísis í málinu. Grundvallarmunurinn á tillögum okkar og tillögum ríkisstjórnarinnar felst í því að þegar niðurstaða utanríkismálanefndar liggur fyrir samkvæmt tillögu okkar er gert ráð fyrir því að Alþingi ákveði næstu skref, þ.e. hvort gengið skuli til aðildarviðræðna við Evrópusambandið eða eftir atvikum hvort sú ákvörðun verður borin undir íslensku þjóðina. Þetta er grundvallarmunur og í því felst stærsti munurinn á þessum tveimur tillögum.

Virðulegi forseti. Mikið hefur verið talað um undanþágur og allar þær undanþágur sem okkur Íslendingum kunna að bjóðast og komi til með að bjóðast í þessum viðræðum. Við þekkjum reynslu annarra landa og við þekkjum hvaða undanþágur þau hafa fengið. Reyndar eru talsmenn ríkisstjórnarinnar alls ekki sammála um hvaða undanþágur eru í boði. Hæstv. fjármálaráðherra sagði í gær að hann teldi að engar slíkar undanþágur væru í boði. Hann sagði jafnframt að menn ættu ekki að fara í einhverjar þykjustuviðræður heldur alvöruviðræður. Þess vegna skýtur það svolítið skökku við og maður áttar sig einfaldlega ekki á því hvort Samfylkingin stendur ein að þessari tillögu eða hvort Vinstri grænir eru þar með.

Vandamál Íslands verða einfaldlega leyst á Íslandi. Það verður erfitt. Við þurfum að gera þetta sjálf. Evrópusambandið er ekki einhver töfralausn sem kemur til með að koma okkur út úr þessu. Við Íslendingar erum duglegt fólk, kraftmikið fólk, sem komum til með að komast upp úr þessu með því að treysta á einkaframtakið og með því að treysta á okkur sjálf og okkar eigin kunnáttu. Evrópusambandið kemur ekki til með að leysa þetta fyrir okkur.

[13:02]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég vil í lok umræðunnar þakka öllum þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í málefnalegum viðræðum við okkur sem höfum flutt þessa tillögu. Ég tel að þessi umræða hafi fleytt málinu verulega fram. Mér finnst að í máli hv. þingmanna komi það glöggt fram að það er góður samkomulagsflötur milli annars vegar okkar sem flytjum tillöguna og hins vegar þeirra sem utan ríkisstjórnar standa núna.

Ég hef í máli mínu reynt að svara þeim spurningum sem fram hafa komið frá hv. þingmönnum. Mig hefur stundum undrað að hv. þingmenn hafa í sjálfu sér ekki komið með mjög flóknar tæknilegar spurningar, umræðan hefur að verulegu leyti snúist um með hvaða hætti eigi að fara til þessara viðræðna og með hvaða hætti Íslendingar eigi að búa sig undir þær. Þegar ég les þær tvær tillögur sem hér liggja fyrir, annars vegar þá sem ég hef sjálfur mælt fyrir og hins vegar þá tillögu sem hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur mælt fyrir fyrir hönd Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, finnst mér vera bitamunur en ekki fjár á þeim. Þegar ég les þá tillögu sem hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er 1. flutningsmaður fyrir kemst ég ekki að annarri niðurstöðu en þeirri að flutningsmenn virðast vera þeirrar skoðunar að hægt sé að ná viðtækri sátt um að sækja um aðild að Evrópusambandinu og leggja síðan málið til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sem talaði fyrr í dag gerði ítarlega grein fyrir því og þetta var skoðun hennar líka. Það kemur sömuleiðis fram í þingsályktunartillögunni sem ég vísaði til og verður rædd hér síðar í dag að menn telja að hægt sé að ganga til þeirra viðræðna svo fremi sem utanríkismálanefnd hafi áður tryggt það með hvaða hætti meginhagsmunir Íslendinga hljóti brautargengi í viðræðunum og það er talað um í tillögunni að þar eigi að fela utanríkismálanefnd að fjalla faglega um þessa meginhagsmuni. Þeir eru síðan raktir í tillögunni. Það kemur í ljós þegar þeir eru lesnir og bornir saman við það sem við höfum kallað grundvallarviðhorf okkar sem flytjum tillöguna sem ég mælti fyrir að þar er nánast enginn munur. Ég hef sagt það hér líka áður að ég er þeirrar skoðunar að þetta mál sé þannig vaxið að það eigi að reyna að skapa sem víðtækasta sátt um það.

Ég var algjörlega sammála þeim hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem spurðu mig í upphafi umræðunnar hvort ég teldi ekki að það væri sterkara að fara með meginþorra þingmanna að baki slíkum málabúnaði en að vera hugsanlega með nauman meiri hluta á þinginu. Að sjálfsögðu er ég þeirrar skoðunar að samningsstaða Íslendinga verður miklu sterkari eftir því sem stærri hluti Alþingis er að baki. Ég er þeirrar skoðunar að þetta eigi ekki að vera einkamál eins flokks, ekki einkamál ríkisstjórnar heldur eigi að reyna að fá sem flesta geira samfélagsins og sem stærstan hluta Alþingis að málinu. Þess vegna ítreka ég það sem ég hef lýst yfir í mínu máli ítrekað hér að ég vil sem nánast samstarf við stjórnarandstöðuna í þessu máli, ég vil sem nánast samstarf við utanríkismálanefnd. Og það er alveg ljóst að þó að það hljóti auðvitað alltaf að vera framkvæmdarvaldið sem gengur til þessara samninga, verða þeir aldrei viðunandi meðal þjóðarinnar nema fulltrúar hennar

séu í mjög nánu samráði bæði um mótun samningsmarkmiða og um hvert það skref sem tekið er.

Þegar menn ganga til samninga við Evrópusambandið er það gert í þrepaskiptum áföngum, þ.e. við höfum 35 kafla sem við þurfum að semja um og það er tekinn einn fyrir í einu. Ég hef leyft mér að slá því föstu að það sé kannski ekki mikil þörf á að semja um obbann af þessum köflum, þ.e. 22 þeirra eru meira og minna kaflar sem eru í þeim málaflokkum sem við höfum verið í nánu samstarfi við Evrópusambandið um í 15 ár og þar sem við höfum meira og minna tekið upp allt það sem Evrópusambandið hefur látið frá sér fara um það efni. Það eru hins vegar önnur efni sem við eigum eftir að fara mjög ítarlega yfir og í öllum þessum efnum þegar köflum yrði lokað yrði bæði haft samráð við þingið, utanríkismálanefnd eða aðra þá hópa sem þingið sjálft telur að það vilji setja saman fyrir sína hönd til þess að hafa samráð við framkvæmdarvaldið.

Við ræddum hér um Evrópunefnd. Ef menn vilja hafa hana er ég svo sannarlega til viðræðu um það og við í ríkisstjórninni. Ef menn vilja hafa utanríkismálanefnd finnst mér það líka hin ágætasta niðurstaða. En ég legg áherslu á það, frú forseti, að samningsvilji minn kemur t.d. fram í því og okkar í ríkisstjórninni að á eftir verður rædd tillagan sem hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson flytur ásamt hópi annarra þingmanna. Hún var tekin á dagskrá með afbrigðum. Ég var sjálfur þeirrar skoðunar, en ég lagðist gegn því þegar tillagan sem ég mælti fyrir var lögð fram í þinginu, þó að ýmsir í mínum hópi vildu að hún yrði tekin fyrr til umræðu með afbrigðum. Ég taldi að svona veigamikið mál ætti ekki að koma á dagskrá með þeim hætti. Ég fellst hins vegar algjörlega á það að tillaga stjórnarandstöðuflokkanna tveggja verði rædd í dag til þess að þessar tvær tillögur geti farið saman til utanríkismálanefndar. Mér finnst sjálfsagt að það verði fjallað um þær saman vegna þess að ég tel að munurinn á þeim sé svo lítill.

Þá skal ég koma að því sem ég tel að sé helsti munurinn og sá sem skiptir mig sem flutningsmann málsins verulegu máli, en það eru tímafrestirnir. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur ef við á annað borð ætlum að ganga til samninga við Evrópusambandið að við gerum það núna í sumar, þ.e. að umsókn okkar verði lögð inn í júlí þegar okkar bestu vinir, þ.e. Svíar, fara með formennsku í Evrópusambandinu. Ég hef sagt það í þessari umræðu að áður en ég lagði fram tillöguna hafði ég samráð og leitaði ráða hjá öllum utanríkisráðherrum okkar helstu vinaþjóða, þ.e. Norðurlandaþjóðanna. Þó að ég ætli ekki að greina frá því í einhverjum smáatriðum hverjar þær ráðleggingar voru þá voru þær nokkuð á eina lund og ég taldi eftir þær viðræður og eftir að hafa metið þetta sjálfur og reyndar líka leitað ráða utan þess hóps sem menn geta kallað ríkisstjórnarflokkana að það væri langfarsælast fyrir okkur Íslendinga að koma málinu fram það fljótt að hægt væri að ná því að þegar Svíar taka við forustu í Evrópusambandinu gætum við afhent þeim þetta og falið þeim að koma umsókninni í gegnum það ferli sem mundi þá, ef allt gengi upp, leiða til þess að Ísland væri samþykkt til umsóknar og til viðræðna sem gætu þá hafist á næsta ári. Þetta tel ég skipta máli. Þetta er ástæðan fyrir því að þessi tímanlega nauður er í þeirri tillögu sem ég mælti fyrir.

Ég tek auðvitað eftir smáatriðum sem er líka að finna en eru mikilvæg í tillögunni sem stjórnarandstöðuflokkarnir tveir hafa flutt. Ég tek eftir því að þó að dagsetningin 31. sé nefnd þá segir að þeim tilteknu verkefnum sem lagt er til þar að utanríkismálanefnd vinni, skuli lokið eigi síðar en 31. Það þýðir að ef menn slá nú í klárana og gætu komist að niðurstöðu, ef sátt yrði um þá leið með einhverjum hætti, þá væri hægt að ljúka því fyrr. Ég segi það bara hreinskilnislega þegar ég skoða þau tvö verkefni sem hv. þm. Sigmundur Davíð og þeir félagar sem flytja þetta mál setja utanríkismálanefnd, þá þekki ég málið það vel að ég tel að það taki ekki mikinn tíma að vinna það .

Að því er vegvísinn varðar er verkefnið skilgreint, það vill svo heppilega til að hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur skilgreint verkefnið. Það er finna á bls. 2 í sex liðum. (**Gripið fram í:** Þér líst vel á tillöguna?) Mér líst vel á margt í tillögunni. Ég tel að ef ég og hv. þm. Sigmundur Davíð mundum fá okkur kaffibolla, (**Gripið fram í:** Gunnlaugsson.) Gunnlaugsson, ég nauðaþekki föður hv. þingmanns og raunar alla hans kynkvísl, a.m.k. á annan veginn. Ég bið hv. þingmann afsökunar á því að hafa ekki feðrað hann, það var ekki með vilja gert og ekki af ókunnáttu. Ef við mundum setjast niður yfir kaffibolla og fara yfir þetta mundum við á augabragði sennilega geta tekið ákvarðanir um ýmsa þá valkosti sem eru til staðar varðandi sum af þessum verkefnum, ekki öll.

Meginniðurstaða mín varðandi vegvísinn, sem er gamalkunnugt hugtak í þessum efnum, er að það tæki ekki mjög langan tíma að komast að niðurstöðu um það. Það var síðara verkefnið. Fyrra verkefnið, að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum, ég tel nú ekki heldur að þroskaðir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar þyrftu mikinn tíma til þess. Hvers vegna? Vegna þess að það hefur gerst á þessum vetri að allir stjórnmálaflokkarnir hafa lokið ítarlegri úttekt á þessum málum. Sumir, eins og Framsóknarflokkurinn, í lok margra ára vinnu. Það verður því hvorki viðurhlutamikið né erfitt verk, ef menn kjósa að fara þá leið. Þess vegna tel ég að hv. utanríkismálanefnd eigi að skoða báðar þessar tillögur, vinna þær saman, kalla til sín fólk og athuga hvort ekki sé hægt að búa til úr þessu vandaðan smíðisgrip sem allir geta stutt að lokum.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

[Fundarhlé. — 13:13]

[13:45]

Útbýting:

Efling þorskeldis, 65. mál, fsp. GBS, þskj. 73.

Háskólasetur á Ísafirði, 63. mál, fsp. GBS, þskj. 71.

Hvalveiðar, 64. mál, fsp. GBS, þskj. 72.

Vegaframkvæmdir á Vestfjörðum, 66. mál, fsp. GBS, þskj. 74.

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, fyrri umr.

Þáltill. SDG o.fl., 54. mál. — Þskj. 54.

[13:46]

Forseti (Þuríður Backman):

Samkomulag er um tilhögun umræðunnar á þann veg að tveir þingmenn frá hverjum flokki taki til máls. Flutningsmaður hefur 15 mínútur og aðrir ræðumenn 10 mínútur hver.

[13:46]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu. Tillagan er lögð fram af öllum þingmönnum í þingflokkum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Meginefni tillögunnar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela utanríkismálanefnd Alþingis að undirbúa mögulega umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Nefndinni er falið eftirfarandi hlutverk:

1. Að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

2. Að vinna vegvísi að mögulegri aðildarumsókn sem taki til umfjöllunar öll álitamál varðandi upphaf aðildarviðræðna og hvernig að þeim skuli staðið, auk þess að fjalla um nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við staðfestingu mögulegs aðildarsamnings.

Nefndin ljúki framangreindum verkefnum sem allra fyrst og eigi síðar en 31. ágúst 2009.“

Þessi tillaga er lögð fram í beinu framhaldi af þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu og ber að skoða hana í því ljósi. Hún er sem sagt viðbrögð við þeirri tillögu sem upprunnin er hjá utanríkisráðherra og til þess ætluð að reyna að ná sem víðtækastri sátt í þessu máli, sátt um að taka næsta skref og það skref feli í sér áframhaldandi umræðu og að menn geri sér grein fyrir þeim hagsmunum sem í þessu máli liggja en séu þá jafnframt undirbúnir hver svo sem niðurstaðan verður. Það er rétt að hnykkja á því, sérstaklega í ljósi umræðu sem hefur farið fram um tillögu ríkisstjórnarinnar bæði í þinginu og í fjölmiðlum, að með þessari tillögu erum við ekki að taka ákvörðun um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Við erum að undirbúa þá ákvörðun, gera okkur betur kleift að taka ákvörðunina, í rauninni að móta forsendurnar sem eru nauðsynlegar til að þingið geti tekið upplýsta ákvörðun þar um. Svo kann menn að greina á um það hversu mikið vanti upp á að við höfum allar forsendur til þess en í svona stórri ákvörðun hljóta menn þó að geta náð saman um það að fara þurfi fram einhver grundvallarundirbúningsvinna í þinginu áður en ákvörðunin er tekin. Um það hefur umræðan að miklu leyti snúist varðandi tillögu ríkisstjórnarinnar hvort hægt væri að taka ákvörðunina fyrst og ræða síðan ástæðurnar sem er að mínu mati og þeirra sem flytja þá tillögu sem ég mæli fyrir öfug röð, að ætla fyrst að taka ákvörðun um einhvern hlut og reyna síðan að ræða málið til að átta sig á því hvers vegna maður tók ákvörðunina. Með tillögu okkar viljum við snúa þessari röð við og koma á eðlilegri röð við ákvarðanatöku en jafnframt að þessi vinna verði öll mun faglegri en við teljum að tillaga ríkisstjórnarinnar feli í sér.

Það góða við þessa tillögu, eitt af mörgu góðu reyndar, er það að bæði þeir sem eru fyrir fram hlynntir aðildarviðræðum við Evrópusambandið og hinir sem hafa um það miklar efasemdir eiga að geta sæst á þessa niðurstöðu, því að eins og ég nefndi er þetta ekki spurning um að taka ákvörðun af eða á heldur að málið fái að fara í gegnum eðlilega umræðu. Nú þegar líklega meira en nokkru sinni fyrr í íslenskum stjórnmálum hefur verið hamrað á mikilvægi þess að fram fari upplýst umræða og umfram allt sé haft samráð um hlutina og ákvarðanir teknar í sameiningu hljótum við í svona stóru máli, hugsanlega einhverju stærsta máli sem Alþingi Íslendinga hefur nokkru sinni tekið ákvörðun um, að vera sammála um að þar eigi samráðið að gilda og samráðið eigi að eiga sér stað áður en ákvörðunin er tekin.

Ríkisstjórnin verður að fyrirgefa okkur það ef við höfum dálitlar efasemdir um málflutning hennar þess efnis að það sé óhætt að taka ákvörðunina fyrst og eiga samráðið síðan, þó ekki væri nema í ljósi þess að þrátt fyrir að ekkert hafi vantað upp á mörg orð hjá núverandi ríkisstjórn um mikilvægi samráðs og samvinnu hafa efndirnar því miður ekki verið eftir því. Stjórnarandstaðan hefur ekki fengið að finna fyrir þeim nýju vinnubrögðum sem svo mjög er talað fyrir, vinnubrögðum samráðs og samvinnu. Við sjáum það bara í þeim gríðarlega stóra og erfiða málaflokki sem úrlausn efnahagsvandans er, þingið hefur til að mynda ekki enn fengið að heyra þá stöðu efnahagsmála sem kynnt var fyrir þingflokkum stjórnarflokkanna, Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í Þjóðminjasafninu fyrir nokkrum dögum. Enn bíða þingflokkarnir eftir að fjármálaráðherra geri þeim grein fyrir þessu mikilvæga máli og raunar á það sama við um flest önnur stór mál. Þrátt fyrir öll orðin um samstöðu og samvinnu hefur þetta ekki birst í raun. Þar af leiðandi er ekki nema eðlilegt að þrátt fyrir öll fögru fyrirheitin í Evrópumálunum, um að þegar búið verði að senda umsókn verði farið út í samráð, hafi menn dálitlar efasemdir um að við það verði staðið að fullu. Og þar af leiðandi, og raunar ætti ekki að þurfa þessa reynslu til, leggjum við til að málið fái þessa faglegu meðferð eins og eðlilegt væri að miklu, miklu minni mál en þetta fengju.

Menn hafa brugðist við þessari tillögu á ólíkan hátt í þinginu. Að langmestu leyti hafa fulltrúar stjórnarflokkanna tekið tiltölulega vel í þessa tillögu og það er mikið fagnaðarefni. Sérstaklega vil ég nefna að hæstv. utanríkisráðherra hefur fjallað vel um tillöguna og raunar haft tiltölulega lítið út á hana að setja. Og í ljósi þess að hún felur í sér mikla sáttargjörð, tilraun til þess að ná sátt, víðtækri sátt um þetta mál, teldi ég eðlilegast að við ræddum málið fyrst og fremst út frá þessari tillögu en það liggur þó fyrir núna að þær verða alla vega ræddar saman og það tel ég að sé vel.

Hins vegar hafa ekki allir slegið þennan sama tón og hæstv. utanríkisráðherra og ég tek fram, ég ítreka það, að ég er ánægður með viðbrögð utanríkisráðherra að því leyti, og margra annarra stjórnarliða, að hann heldur þó alla vega áfram að tala um mikilvægi samvinnunnar í þessu máli. Það

á svo eftir að koma í ljós hvort staðið verður við það, hvort þessi tillaga verður rædd í fullri alvöru. Ég treysti á að sú verði raunin en það á eftir að koma í ljós. Alla vega er ég ánægður með að hæstv. ráðherra skuli tala á þessum nótum. Það hefur hins vegar gleymst, virðist vera, að setja hæstv. félagsmálaráðherra inn í þá taktík sem til stóð að spila í þessu máli, því að hann fór af stað hér í gær og fer mikinn enn um að þetta tefji mál og fann þessu allt til foráttu hjá stjórnarandstöðunni. Það eru dálítið leiðinleg viðbrögð verð ég að segja og einn eða tveir af þingmönnum Samfylkingarinnar hafa ákveðið að fara þessa sömu braut og ber ekki mikinn vott um þann mikla samstarfsvilja sem menn tala svo mikið fyrir, því að auðvitað er algjörlega fráleitt að tala um þetta sem töf í þessu stóra máli. Hér erum við að koma mjög til móts við þá sem liggur hvað mest á við afgreiðslu þessa máls með því að taka fram að þessu skuli lokið fyrir 31. ágúst á þessu ári. Jafnvel þó að það væri 31. ágúst á næsta ári held ég að það væri ekkert sérstaklega rúmur tími fyrir svona stórt mál en við ætlum að reyna að vinna þetta hratt til að óþreyjufullir menn sem fyrir löngu eru búnir að gera upp hug sinn, eins og hæstv. félagsmálaráðherra, geti andað rólega. Það veitir ekkert af því að halda aðeins í við menn í þessu efni því að það virðist vera að menn hafi ekki einu sinni verið tilbúnir til að gefa þinginu almennilegan tíma til þess að ræða þetta mál. Svo mikið lá þeim á að koma því áfram að hér gekk maður undir manns hönd við að reyna að fá stjórnarliða til að hætta við að ræða tillögu stjórnarinnar, fella sig út af mælendaskrá og nokkrir virðast hafa gert það, en fyrir vikið komst reyndar tillaga stjórnarandstöðunnar á dagskrá þeim mun fyrr og það er svo sem ágætt.

Ég vona að hér fari fram málefnaleg umræða um þessa tillögu því að nú reynir á hjá stjórninni sem talað hefur svo mikið fyrir samráði og samvinnu og — höfum það sérstaklega í huga — talað fyrir því að hver eigi að greiða atkvæði samkvæmt samvisku sinni. Nú reynir á hvernig viðbrögðin verða við tillögu stjórnarandstöðunnar, hvort menn muni í framhaldinu reyna að svæfa hana, ýta henni út af borðinu, eða hvort þeir ræði hana af fullri alvöru og verði tilbúnir til þess, ef hún fellur þeim ágætlega, að styðja tillöguna. Tillagan er öll þess efnis að hún ætti að falla að skoðunum flestra, líklega allra flokka sem sæti eiga á Alþingi. Hún snýst um fagleg vinnubrögð, að málið sé unnið vel í þinginu áður en ákvörðunin er tekin. Ég vona því að þeir sem tala á eftir og svo í umræðum um þessi mál í framhaldinu líti á þetta eins og þetta raunverulega er, tilraun til að vinna málið vel og í sátt og tjá sig í samræmi við það.

[13:56]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna og þá áherslu sem hann lagði á að þetta væri tilraun til að eiga gott samstarf um þessi mál og aðildarumsóknina. Mér þykir líka mjög mikilvægt að benda á það í þessari umræðu, vegna þess að hv. þingmanni varð tíðrætt um skort á samráði, að á síðustu tveimur þingum var hér starfandi þverpólitísk Evrópunefnd þar sem allir stjórnmálaflokkar áttu aðild að og sömuleiðis atvinnulífið og verkalýðshreyfingin. Þessi Evrópunefnd skilaði af sér um miðjan apríl síðastliðinn. Nefndin sendi spurningar um hagsmunamat til á annað hundrað aðila hvaðanæva í samfélaginu, hagsmunaaðila og samtaka, og fékk svör frá um 70 aðilum sem þetta hagsmunamat byggðist á. Það er því ekki hægt að segja að hér hafi ekki átt sér stað víðtækt samráð í gegnum tíðina og nú síðast þessi niðurstaða í apríl.

Þá er líka mikilvægt að benda á að Samfylkingin skilaði áliti með um 80% atvinnulífsins, sameiginlegu áliti um að sækja bæri um aðild. Eftir þessa víðtæku umræðu þar sem svör bárust frá 70 hagsmunaaðilum komust þessir aðilar að þeirri niðurstöðu að sækja bæri um aðild að Evrópusambandinu og leggja samninginn undir atkvæði þjóðarinnar. Samfylkingin, Alþýðusamband Íslands, Viðskiptaráð, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar. Mér finnst mikilvægt að halda þessu til haga vegna þess að á þessu víðtæka samráði getum við síðan byggt í sumar þegar við undirbúum umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

[13:58]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit að það er mikið að gera hjá hæstv. iðnaðarráðherra og þar af leiðandi hefur hún líklega ekki gefið sér tíma til að lesa þá tillögu sem hér er til umræðu því að í tillögunni eða greinargerð með henni er sérstaklega fjallað um Evrópunefndina sem hæstv. ráðherra talaði um, nefnd sem skilaði af sér í apríl 2009. Við skulum hafa það í huga að þessi nefnd var ekki sammála, ég held að það hafi verið fimm sérálit, en menn voru þó sammála um eitt, að málinu væri ekki lokið, það þyrfti að vinna meira í þessu, það þyrfti meira samráð. Í áliti nefndarinnar segir m.a., áliti allra nefndarmanna vel að merkja:

„Samhljómur er […] meðal nefndarmanna um að nauðsynlegt sé að halda áfram umræðum um kosti og galla Evrópusambandsaðildar fyrir íslenskt samfélag á opinn og lýðræðislegan hátt.“

Svo segir:

„Nefndin telur […] að næsta ríkisstjórn ætti að leitast við að tryggja áframhaldandi umræðu um efni og málsmeðferð tengdum aðild Íslands að Evrópusambandinu.“

Við erum í rauninni ekki að gera annað en að halda áfram þeirri vinnu sem sú nefnd sem iðnaðarráðherra vitnaði hér í var ekki búin að klára.

[13:59]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar svona merkilegt mál kemur fram gefur sú er hér stendur sér auðvitað tíma til að skoða og lesa málið, enda tel ég hér afar gott mál á ferðinni. Hins vegar vildi ég draga það fram að þó að sá samhljómur sem hér er vitnað til um áframhaldandi umræðu hafi náðst á milli allra þeirra aðila sem áttu sæti í þessari nefnd er engu að síður mikilvægt að draga það fram hvernig sérálitum var síðan skilað og um hvað þau snerust vegna þess að þar liggur meginniðurstaðan. Mikill meiri hluti þeirra aðila sem áttu sæti í nefndinni skilaði einu áliti. Samfylkingin, Alþýðusamband Íslands, Viðskiptaráð, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar

skrifuðu undir það að niðurstaða þeirra eftir þetta víðtæka samráð og hagsmunamat væri sú að sækja bæri um aðild að Evrópusambandinu og leggja síðan þann samning undir atkvæði þjóðarinnar. Þetta vildi ég draga fram.

Síðan skilaði Framsóknarflokkurinn sínu eigin áliti sem var í raun og veru bara stefna flokksins frá landsfundi hans. BSRB skilaði hlutlausu áliti þar sem þeir sögðust ekki taka afstöðu. Sjálfstæðisflokkurinn skilaði sínu áliti og Vinstri hreyfingin – grænt framboð sínu. Að öðru leyti var samstaða milli þeirra aðila sem ég taldi upp áðan.

Það er þetta, virðulegi forseti, sem ég taldi mikilvægt að draga fram í þessari umræðu þó svo að lægsti mögulegi samnefnari hafi verið sá sem nefndur er í annars ágætri greinargerð með þessu ágæta máli hv. þingmanns.

[14:01]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Lægsti mögulegi samnefnari, já, það var niðurstaða nefndarinnar. Við þekkjum öll afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli og í máli hæstv. iðnaðarráðherra birtist líklega sá reginmisskilningur sem er grundvöllurinn að tillögu stjórnarinnar. Hann er sá að samráð þurfi bara að eiga sér stað innan Samfylkingarinnar og meðal helstu bandamanna Samfylkingar í Alþýðusambandinu og víðar og þegar það samráð hafi átt sér stað og kominn samhljómur þar hafi samráðið verið klárað.

Samráð verður að ná víðar en til Samfylkingarinnar og helstu bandamanna hennar. Samráð verður að ná til annarra flokka … (Gripið fram í.) Já, já, við getum kastað hér fram ýmsum nöfnum. Þið getið líka eflaust nefnt einhverja þekkta vini ykkar í Evrópu eins og ykkur er svo gjarnt, en samráð verður að ná til fleiri en nánasta hópsins og nánustu vina. Samráð verður að ná til alls Alþingis og um það snýst þetta mál, að Alþingi hafi samráð. Og ég vonast til þess að Samfylkingin muni, þrátt fyrir að hafa fengið 30% fylgi í þessum kosningum — og ég óska ykkur til hamingju með það — ekki ofmetnast svo að hægt sé að gleyma hinum 70% alveg. Samráð verður að ná víðar en til þessara 30% — eða það voru 30%, ég veit ekki hvert fylgið er núna, við skulum sjá til með það. Samráðið verður að ná til sem flestra, öðruvísi er þetta ekki raunverulegt samráð. Við höfum líka séð afleiðingar þess þegar Samfylkingin fer ein af stað. Ég ætla að nefna hérna eitt orð, Icesave, þar sem Samfylkingin var tilbúin til þess að fórna nánast hverju sem er. Nefndu upphæðina, sögðu þeir, bara til þess að setja ekki hugsanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið í uppnám. Ég held því að það veiti ekki af samráði við fleira fólk og að einhver haldi í höndina á Samfylkingunni þegar kemur að hugsanlegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

[14:03]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sem er 1. flutningsmaður tillögunnar, óskaði eftir því að menn tækju hér með málefnalegum hætti þátt í umræðu um hana. Það ætla ég að gera. Þess vegna ætla ég ekki að falla í sömu gryfju og hv. þingmaður gerði sjálfur undir lok ræðu sinnar sem var ákaflega ómálefnalegt af honum. Ég ætla ekki að eyðileggja þessa umræðu með því að svara honum um Icesave. Það er tóm vitleysa sem hv. þingmaður segir en við skulum ræða það síðar.

Það sem ég vil segja er að það er algjörlega hárrétt hjá hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni að í svona mikilvægu máli þarf víðtækt samráð. Það samráð þarf að ná um allt samfélagið til allra hagsmunasamtaka en hér innan þings þarf samráðið líka að ná til allra stjórnmálaflokka, ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um það.

Hann sagði í framsögu sinni áðan að sú þingsályktunartillaga sem hann flytur ásamt öllum öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar væru viðbrögð við þeirri tillögu sem ég mælti fyrir í gær. Það finnst mér ágætt. Mér finnst þetta vera góð tillaga. Nú hefur mér gefist tími til þess að tyggja hana, melta og sofa á henni og finnst hún að mörgu leyti mjög góð. Það er eitt atriði sem ég felli mig kannski ekki algjörlega við í henni. Lykilatriðin í þessari tillögu eru þau að með henni er beinlínis lagt til að utanríkismálanefnd verði falið það hlutverk að tryggja að meginhagsmunir Íslands í aðildarviðræðum fái fullnægjandi faglega umfjöllun áður en ákvörðun um aðildarumsókn er tekin. Ég er því algjörlega sammála.

Þarna tel ég hins vegar að því sé slegið föstu að menn séu að búa sig undir aðildarumsókn. Það er niðurstaðan í þessu, reyndar er það heiti þessarar tillögu. Það kemur fram að flutningsmenn í greinargerð skýra hana út með þeim hætti að markmið þeirra sé að ná víðtækri sátt um málið í þjóðfélaginu. Um hvað ætla menn að ná víðtækri sátt? Það hlýtur að vera um umsókn um aðild að Evrópusambandinu þannig að ég fagna því alveg eins og ég fagna yfirlýsingu hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur í gær.

Í þessari þingsályktunartillögu eru tvenns konar verkefni sem flutningsmenn vilja fela utanríkismálanefnd. Fyrra verkefnið er að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum um Evrópusambandið. Ég tel að það sé alveg hið prýðilegasta mál og tel að það muni ekki taka mikinn tíma. Hvers vegna? Af tveimur ástæðum:

Í fyrsta lagi vegna þess að á síðustu missirum hefur einvala lið úr hópi stjórnmálaflokka og atvinnulífsins verið sett í tvær nefndir til þess að draga einmitt þetta saman. Þessi gögn liggja að verulegu leyti fyrir, þó hugsanlega ekki að öllu leyti. Það sem skiptir meira máli varðandi þetta er að allir stjórnmálaflokkarnir hafa fjallað ítarlega um málið innan sinna flokksstofnana. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa á þessum vetri lokið landsfundum eða flokksþingum þar sem þeir hafa mótað afstöðu til þess með hvaða hætti nálgast eigi málið en líka hvernig beri að skilgreina og hverjir eru grundvallarhagsmunirnir. Grundvallarhagsmunirnir liggja fyrir í þeirri ágætu tillögu sem stjórnarandstöðuflokkarnir tveir hafa lagt fram, markaðir með svipuðum hætti í þingsályktunartillögunni sem ég mælti fyrir í gær. Það er sjálfsagt mál að menn setjist niður og vinni saman að því að búa til samningsmarkmið á þeim grundvelli.

Í öðru lagi er verkefnið það að vinna vegvísi að mögulegri aðildarumsókn. Það verður ekki erfitt verk. Það vill svo til að þeir ágætu þingmenn sem að þessari tillögu standa hafa lýst því í sex atriðum hver verkefnin eru sem eigi að leysa í þessum vegvísi. Þau ganga m.a. út á að taka

ákvarðanir um tiltekna hluti. Í sumum þeirra eru vissir valkostir þar sem stjórnarflokkar og stjórnarandstöðuflokkar þyrftu að ræða og ná samkomulagi um. Ég tel að ef ég og nokkrir hv. þingmenn mundum setjast niður yfir kaffibolla mundum við fara ansi langt með það en auðvitað vinnum við ekki málið þannig. Það verður væntanlega utanríkismálanefnd sem fjallar um það. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að þau tvö verkefni sem þarna eru lögð fyrir utanríkismálanefnd séu góð og að það taki ekki langan tíma að vinna þau. Það er sjálfsagt að vinna þau í sameiningu.

Hverjir eru hagsmunir mínir sem utanríkisráðherra? Það kom fram í svari við fyrirspurn eins hv. þingmanns Framsóknarflokksins í gær. Ég var spurður: Hvort telur utanríkisráðherra að það sé betra að ganga til samninga við Evrópusambandið með nauman þingmeirihluta að baki eða breiðan, jafnvel samstöðu? Það er engin spurning í mínum augum að að sjálfsögðu eru hagsmunir Íslands fólgnir í því að okkur takist hér innan Alþingis að ná sem víðastri samstöðu. Ég hef lýst því yfir alveg eins og hv. þingmaður, formaður utanríkismálanefndar, hefur ítrekað sagt sjálfur að menn vilja gera það sem hægt er til þess að ná þessari breiðu samstöðu, við viljum ganga langt til þess. Ég tel að við eigum að hafa náið samráð við stjórnarandstöðuflokkana, ekki bara um undirbúninginn heldur líka þegar leiðangurinn sjálfur hefst. Þá þurfum við að hafa mjög ítarlegt og varanlegt samráð við þingið alveg eins og við fulltrúa hagsmunasamtaka utan þings um það hvernig loka beri hinum einstöku af þeim 35 köflum sem tengjast þessum samningaviðræðum. Það verður aldrei farið í samningaviðræður um neinn kafla án þess að ráðgast sé við þá nefnd eða þann hóp sem þingið telur að eigi að vera fulltrúi þess í þessum viðræðum og sömuleiðis eftir þær. Því lýsti ég kannski ekki svona nákvæmlega vegna þess að mér vannst ekki tími til þess í gær en það er vilji minn. Þetta vil ég gera, svona vil ég vinna það. Ég vil miklu frekar hugsa taflið alveg til enda og það sem vakir fyrir mér er að þegar upp er staðið, hvernig sem þjóðaratkvæðagreiðsla kann að leggjast í þessu máli, geti allir gengið frá málinu án þess að skilja eftir flakandi undir á samfélaginu. Það finnst mér skipta mjög miklu máli.

Þá kem ég að því atriði sem ég er kannski ekki að öllu leyti sáttur við en það er tímasetningin. Það kemur fram í 2. tölulið tillögunnar að þessum verkefnum eigi að vera lokið eigi síðar en 31. ágúst. (Gripið fram í.) Menn hafa talað um það hér — og þá hafa kannski helst menn úr mínum röðum ekki talað nógu virðulega um þessa tillögu, svo ég vísi í mat hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar — að þarna sé verið að slá því föstu að verkefnum eigi að vera lokið 31. ágúst. Ég les auðvitað orðin á undan, „eigi síðar“, þ.e. um leið og menn hafa gengið frá þessum verkum eru þeir til í að sækja um, ekki satt?

Af hverju er ég áfram um að klára þetta eins og ég hef sagt bæði við formenn stjórnarandstöðuflokkanna og sagt hér í ræðustóli? Ég er áfram um að ljúka þessu máli helst fyrir lok júní, helst ekki síðar en í fyrstu viku júlí og ég skal segja mönnum af hverju. Áður en ég lagði fram þessa tillögu ráðgaðist ég við menn hér heima og líka erlendis. Ég ráðgaðist við utanríkisráðherra allra helstu vinaþjóða okkar, þ.e. Norðurlandaþjóðanna. Án þess að ég vilji fara út í hvað okkur fór á milli var niðurstaða mín sú að hagsmunum okkar varðandi umsókn yrði best borgið ef hægt væri að koma henni inn á þeim tíma þegar sú þjóð sem er í hópi okkar öflugustu vina af langri fortíð, þ.e. Svíar, tekur við forustunni í Evrópusambandinu. Ég hef rætt þessi mál við Carl Bildt. Ég hef rætt þessi mál við fleiri og ég er þeirrar skoðunar að hagsmunum Íslands væri best borgið ef okkur tækist að koma þessari umsókn til afgreiðslu þar þannig að undir forustu Svía væri hægt að ganga frá henni á desemberfundi leiðtoganna. Þá gætu samningaviðræður síðan hafist, ef svo verkast vill, í upphafi næsta árs og mundu standa eftir því sem því ári yndi fram. Það er ástæðan fyrir því að ég vil ljúka málinu sem fyrst og það er ástæðan fyrir því að ég óska eftir samvinnu við alla flokka á Alþingi um hvort mögulegt sé að ná fyrir því sterkum meiri hluta, að uppfylltum viðhorfum og forsendum þingsins, til þess að geta lokið því með þessum hætti.

Frú forseti. Þetta er í stórum dráttum afstaða mín til þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir og ég hef orðið við þeim tilmælum hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, sem er 1. flutningsmaður hennar, að reifa þetta málefnalega. Ég tel sem sagt að eftir þær umræður sem hér hafa staðið með litlum sleitum í hartnær tvo daga sé miklu skemmra á milli manna (Gripið fram í.) og flokka en menn töldu kannski þegar lagt var af stað til umræðunnar og ég og minn flokkur greiddum fyrir því að þetta mál stjórnarandstöðunnar yrði tekið á dagskrá með afbrigðum. Ég á kannski sök á því sem hv. þm. Sigmundur Davíð skammaðist út af við forseta áðan, kannski átti ég sök á því að óska eftir því a.m.k. við suma af mínum félögum að þeir drægju sig til baka til þess að þessi umræða gæti átt sér stað í dag, að menn gætu lokið henni og þessi mál færu saman til nefndar. Ég tel að menn eigi að reyna að þætta saman meginásana í báðum þessum tillögum. Það held ég að sé hagsmunum Íslendinga í þessu mikla máli fyrir langbestu.

[14:14]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi tímasetninguna þykir mér dálítið sérstök umræðan um að þetta þurfi að gerast á meðan Svíar eru í forsæti í Evrópusambandinu. Ég er alveg sammála því að það gæti skipt máli en í þessum rökstuðningi birtist hins vegar viðhorf hæstv. utanríkisráðherra til þessarar umsóknar, að frændur okkar þurfi einhvern veginn að redda okkur þarna inn. Við séum ekki í stöðu til þess að fara í viðræður við Evrópusambandið nema við séum með einhverja kunningja okkar þarna sem geti kannski aðeins horft í gegnum fingur sér og smeygt okkur inn í sambandið.

Erum við þá ekki að fara í viðræður við Evrópusambandið sem sjálfstætt fullvalda ríki sem hefur eitthvað fram að færa, getur boðið eitthvað, hefur eitthvað sem Evrópusambandið mundi hugsanlega sækjast eftir? Ætlum við bara að láta redda okkur inn af því að við erum í vandræðum?

[14:15]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er margt sem við höfum fram að færa.

Það eru þau lýðræðislegu gildi sem Evrópusambandið hefur alltaf tekið fast að brjósti sér. Það er sú staðreynd að við erum í EES og höfum þegar kynnst innviðum þess og þeir okkur. Það sem við höfum sérstaklega fram að færa gagnvart Evrópusambandinu er auðvitað sérþekking okkar og reynsla t.d. á sviði fiskveiðistjórnar.

Hvers vegna er það svo að menn leita til vinaþjóða sinna eða vilja heldur vinna með þeim? Það er vegna þess að þeir þekkja þær af reynslunni. Við höfum alltaf litið svo á að Norðurlandaþjóðirnar séu þær þjóðir sem hafa verið okkur vinveittastar og ég held að í svona máli skipti það máli. Í þessu efni munu skipta máli þau tengsl sem íslenskir stjórnmálamenn og íslenska ríkið hefur við vinaþjóðir og stjórnmálamenn. Þetta verða harðir samningar ef í þá verður lagt og takast þarf á við hvert einasta atriði af fornískensku harðfylgi og við munum þurfa á öllu að halda. Því eins og hv. þingmaður hefur bent á í ræðum sínum eru viðfangsefnin erfið, eins og sjávarútvegsmál, eins og landbúnaður og hugsanlega fleiri. Við munum þurfa á öllu okkar atfylgi og líka stuðningi hefðbundinna vinaþjóða að halda.

[14:16]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Verða þetta harðir samningar, hæstv. utanríkisráðherra? Verða þetta harðar samningaviðræður ef Samfylkingin fer út í þessar viðræður ein með ekki meira bakland en sína eigin flokksmenn sem hafa á undanförnum mánuðum og árum talað þannig að Evrópusambandið væri hin eina lausn, lausn allra vandamála? Væri ekki miklu betra fyrir hæstv. utanríkisráðherra að hafa helst allt þingið á bak við sig ef út í aðildarviðræður við Evrópusambandið væri farið eða a.m.k. einhverja úr öllum flokkum? Væri ekki miklu betra fyrir hæstv. utanríkisráðherra að gefa sér tíma í nokkrar vikur til þess að reifa málið og sjá hvort ekki sé hægt að ná breiðari samstöðu en eingöngu í hans eigin flokki?

[14:17]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Jú.

[14:17]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir ræðu hans þar sem hann tekur efnislega undir þau sjónarmið sem búa að baki þessu þingmáli og skilur sig þannig frá sumum hv. þingmönnum sem skipa sér í flokk með honum og hafa haldið uppi mjög harðri gagnrýni á málið.

Mig langar að spyrja hæstv. utanríkisráðherra, í tilefni af því að hann bendir á að völ sé á nokkrum leiðum þegar kemur að þeim vegvísi sem fjallað er um í þingmálinu, um sýn hans á það með hvaða hætti staðið verði að staðfestingu samnings við Evrópusambandið, ef slíkir samningar nást á endanum. Erum við sammála um það, ég og hæstv. utanríkisráðherra, að það geti aldrei komið til þess að slíkur samningur verði borinn undir þetta þing?

[14:18]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ósammála hv. þingmanni um það að þingmenn úr mínum flokki hafi farið harkalega gagnvart þessari tillögu. Ég rifja það upp að t.d. hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir og ýmsir aðrir þingmenn sem hafa flutt ræður um þetta hafa talað með jákvæðum hætti um það meginefni sem er að finna í tillögunni.

Varðandi það atriði sem hv. þingmaður spurði mig um áðan eru ýmsar leiðir sem menn geta hugsað sé um það með hvaða hætti samningur er staðfestur. Eins og málið liggur fyrir núna þegar stjórnarandstaðan óskar eftir því að utanríkismálanefnd marki vegvísi, þá held ég að rétt sé að við hlustum bara á það sem þingmenn hafa að segja. Ég sit ekki í utanríkismálanefnd en ef hv. þingmaður sem þar situr vill kalla á mig þangað er sjálfsagt að ég ræði það við nefndina.

[14:19]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á því svari sem var gefið vegna þess að þegar um er að ræða samninga um framsal á fullveldi, eins og óumflýjanlega væri um að ræða í samningi við Evrópusambandið, gilda um það ákveðnar reglur hér á þinginu. Það getur aldrei komið til þess að utanríkisráðherra skrifi undir og fullgeri slíkan samning án þess að hann verði síðan í framhaldinu borinn undir þingið. Í því máli sem við ræðum hér er sá vandi uppi að ekki eru að stjórnskipunarrétti heimildir fyrir þingið til þess að staðfesta slíkan samning.

Við hljótum því að vera sammála um það í það minnsta, ég og hæstv. utanríkisráðherra, að samningur gerður við Evrópusambandið verður aldrei borinn undir þetta þing til staðfestingar. Erum við ekki örugglega sammála um það?

[14:20]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Utanríkisráðherra skrifar aldrei undir samning eða staðfestir hann nema með fyrirvara, það liggur alveg ljóst fyrir.

Um það atriði sem hv. þingmaður er hér að reifa, ja, það er mál sem við skulum ræða um í utanríkismálanefnd og við skulum líka fá stjórnskipunarfræðinga til að ræða það við okkur. Við höfum lesið það í fjölmiðlum að þeir eru ekki alveg á eitt sáttir um það, það eru fleiri en ein leið sem því tengjast. Við skulum bara, eins og sæmir mönnum sem vilja undirbúa málin með vönduðum hætti, hlusta á öll sjónarmið í þeim efnum. (Gripið fram í.)

[14:21]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að í þessu máli sannist eins og kannski í mörgum öðrum málum nú til dags að eftirspurn eftir gargandi flokkspólitík er mjög á undanhaldi í samfélaginu. Ég held að það þurfi að hafa mjög í huga í þessu máli að menn geta náð sáttum. Ég endurtek það að gargandi flokkspólitík er ekki endilega lausn allra mála hér í þessum

sal. Sú pólitík er vonandi að baki sem hafnar hugmyndum allra annarra en þeirra sem teljast vera í flokki manns. (Gripið fram í.)

Gott og vel, þá skulum við líka hafa það í huga að þetta mál fari til utanríkismálanefndar og þar takist mönnum einfaldlega að ná því besta út úr báðum þessum tillögum, stjórnartillögunni og stjórnarandstöðutillögunni. Þær eru vel samrýmanlegar, eða er ekki svo, hæstv. utanríkisráðherra?

[14:22]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í ljósi þess að hæstv. utanríkisráðherra segist vera búinn að tyggja tillöguna og búinn að melta hana þá vakna nokkuð aðkallandi spurningar um það hvað hann ætlar að gera næst við hana. Í ljósi þessa líkingamáls hlýt ég að spyrja ráðherrann að því hvernig hann sjái fyrir sér feril tillögunnar og hvort hann muni þá beita sér fyrir því að hún verði samþykkt í utanríkismálanefnd og verði þar með grundvöllur að því verklagi sem utanríkismálanefnd notar í þessari vinnu sinni eða hvort hann sjái fyrir sér einhverja aðra atburðarás.

[14:23]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. Guðmundur Steingrímsson veit var utanríkisráðherra í sínu fyrra lífi lífeðlisfræðingur, hann veit því mætavel hvað tekur við af meltingunni.

Það er hins vegar svo að þegar mál er komið til þingsins er það á forræði þingsins hvað verður gert við það. Ég hef stuðlað að því, eins og hv. þingmaður veit og ég hef greint frá, að þessi tillaga verði afgreidd hér í dag og hún verði tekin til utanríkismálanefndar og þar verði fjallað um hana samhliða — ég ætla ekki að gefa skipanir um það, það er utanríkismálanefnd sem ræður því, en mér finnst ekki óeðlilegt að um þessar tillögur verði fjallað saman og reynt verði að vefa saman þá sameiginlegu þætti sem eru mjög miklir í þessum tveimur tillögum.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að á grundvelli þessara tillagna tveggja eigi að vera hægt að framfylgja ályktun þess góða flokks sem hv. þingmaður tilheyrir í dag a.m.k., þ.e. að sækja um aðild á grundvelli skilyrða og ég hef sagt (Forseti hringir.) að þau skilyrði styð ég nánast öll þannig að við erum a.m.k. vinir í dag, ég og hv. þingmaður.

[14:24]

Bjarni Benediktsson (S):

Frú forseti. Mér sýnist að smám saman sé að renna upp ljós fyrir stjórnarliðum, þ.e. að sú tillaga sem við ræðum er þörf, afar mikilvæg fyrir þá umræðu sem er fram undan vegna fyrri tillögu ríkisstjórnarinnar. Hún setur málið, ef rétt er á spilunum haldið, í skynsamlegan farveg, nefnilega þann að áður en þingið taki ákvörðun um það af eða á hvort sækja beri um aðild, eða eftir atvikum hvort slíka ákvörðun eigi að bera undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu, sé tryggt að fyrir liggi í greinargerð samantekt á þeim meginhagsmunum sem við Íslendingar höfum að verja í viðræðum okkar við Evrópusambandið um fulla aðild að því.

Það er sannarlega rétt sem komið hefur fram í ræðum í dag að mikið undirbúningsverk hefur verið unnið á þessu sviði. Menn geta þar vísað ýmist til skýrslunnar frá árinu 2007, sem Björn Bjarnason leiddi — (**Utanrrh.:** Og ég var í.) já, og hæstv. utanríkisráðherra sat í þeirri nefnd. Menn geta líka vísað til skýrslunnar sem kom út núna í apríl, skýrslu nefndar um þróun Evrópumála, en sú nefnd var sett á laggirnar til að starfa mun lengur en raun varð og gaf út eins konar áfangaskýrslu. Í báðum þessum skýrslum er að finna umfjöllun um það hagsmunamat sem þarf að eiga sér stað. Að mati flutningsmanna er þeirri vinnu ekki lokið og það þarf að taka þetta saman á einn stað með heildstæðum hætti og láta eftir atvikum reyna á það hvort stjórnmálaflokkarnir eru sammála um þá hagsmuni sem ber að verja í viðræðunum, ég tel að það geti skipt miklu máli. Það getur skipt máli varðandi forgangsröðun þeirra atriða sem um er að semja við Evrópusambandið.

Það er síðan alveg sérkapítuli þegar menn tala um að samningarnir verði harðir og þeir verði erfiðir. Hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að við séum í góðri samningsstöðu og við getum komið heim með fínan samning. Í þeirri umræðu gleyma menn því oft að við erum ekki bara að semja við Evrópusambandið, það er ekki einn viðsemjandi í þeim viðræðum. Nei, þegar Evrópusambandið hefur náð niðurstöðu við okkur gengur sá samningur auðvitað til 27 aðildarríkja Evrópusambandsins og hann þarf að fást samþykktur í hverju og einu þeirra ríkja. Þeim mun betri sem hinn frábæri samningur sem við teljum okkur geta náð í viðskiptum við samningamenn Evrópusambandsins er fyrir okkur má færa að því líkur að hann geti gengið verr ofan í þjóðríkin 27, sem hvert fyrir sig þurfa að blessa þá niðurstöðu. Ég ætla ekki að fara dýpra ofan í það atriði vegna þess að ég tel að menn hafi almennt gert allt of mikið úr möguleikum okkar til þess að ná frábærum samningi.

Ég tek miklu meira mark á þeim sem eru í Evrópuumræðunni að mæla fyrir umsókn og hafa sannfæringu fyrir því að við eigum að ganga inn á þeim forsendum að við eigum samleið með Evrópusambandinu, að kostirnir við fulla Evrópusambandsaðild vegi upp ókostina og gallana eins og Evrópusambandið blasir við, eins og stefna þess er. Ég tek miklu meira mark á þeim sem mæla fyrir Evrópusambandsaðild á þeim forsendum og tala fyrir því að við förum í umsóknarferlið en þeim sem segja að við eigum að fara í umsóknarferlið til þess eins að tékka á hvort við fáum ekki frábæran samning. Ég held að sá málflutningur sé ekki á eins traustum rökum reistur.

Í þessari þingsályktunartillögu er, eins og fram hefur komið í umræðunni, lagt til að utanríkismálanefnd felli málið í ákveðinn farveg. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga í raun og veru tillaga um ákveðna málsmeðferð. Menn hafa gagnrýnt hér að hún snúist ekki um það hvort við eigum að sækja um eða ekki, gott og vel, það stóð aldrei til að hún ætti að fjalla um það. Hérna hafa tveir þingflokkar komið sér saman um málsmeðferð vegna þess að ekki er boðið upp á hana í tillögu utanríkisráðherra, ég veit ekki hvort ég get kallað hana tillögu ríkisstjórnarinnar, a.m.k. er ekki fullur stuðningur við hana hjá öllum ráðherrum.

Það kemur í ljós að ýmis atriði hafa ekki verið hugsuð

til fulls þegar maður fer að ræða þá tillögu. Þó að ég sé að tala um hina síðari er hún auðvitað til komin, eins og segir í greinargerð með henni, vegna hinnar fyrri. Það er t.d. þetta með samráðið sem átti að vera svo mikið við hagsmunaaðila eftir að þingið var búið að ákveða að fara í aðildarviðræður. Ég hef gagnrýnt það hér áður.

Ég vil nefna annað mál. Í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra kom fram að hún hefði falið Seðlabankanum að leggja mat á kosti og galla þess að breyta umgerð peningastefnunnar á Íslandi en ekki bara það, heldur hafi hún líka óskað eftir því við Seðlabankann að hann skili áfangaskýrslu, þ.e. skýrslu um fyrirkomulag peningamála með hliðsjón af hugsanlegri aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Hefði nú ekki verið eðlilegt að einhver slík skýrsla fylgdi þessu þingmáli, þingmálinu um að ganga í Evrópusambandið og taka upp evruna í framhaldinu? Hefði ekki verið eðlilegt að einhver slík skýrsla, einhver slík samantekt, hefði verið grunnur að þeirri ákvörðun þar sem Seðlabankinn væri fyrir fram búinn að leggja mat á kosti þess að gangast undir sameiginlegu myntstefnuna á því svæði? Það hefði verið góður grundvöllur að þingmálinu en ekki þannig að það gerist eftir á.

Höfum þá í huga hvað er að gerast á evrusvæðinu í dag. Í Slóveníu, eftir að þeir tóku upp evruna, lækkaði til að mynda lánshæfismatið þar vegna þess að þeir voru búnir að gefa frá sér sveigjanleika sem þeir höfðu áður í sjálfstæðri mynt. Hvað er síðan að gerast í Svíþjóð, sem er fyrir utan evruna? Jú, Svíþjóð er með hæsta lánshæfismat allra Evrópusambandsríkjanna, m.a. á grundvelli þess að þeir eru með sjálfstæða mynt. Engu að síður er það lagt til í tillögu ríkisstjórnarinnar að við festum gengið nú þegar áður en grundvallarþættirnir í hagstjórninni hér hafa náð jafnvægi, áður en við höfum náð tökum á ríkisfjármálunum og hagstjórninni að öðru leyti. Ég held að í því atriði einu og sér felist gríðarlega mikill veikleiki í tillögu ríkisstjórnarinnar. Þess vegna leggjum við til í þeirri þingsályktunartillögu sem við teflum hér fram, þingflokkar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, að fjallað verði um gerð stöðugleikasamnings, og þá erum við auðvitað að tala um að rætt verði um kosti þess og galla að gangast undir stöðugleikasamning og festa gengið nú þegar við Evrópusambandið á þeim tímum sem svona mikið ójafnvægi er í íslenska þjóðarbúskapnum, gríðarlegt ójafnvægi, meira ójafnvægi en við höfum nokkru sinni áður, í langan tíma a.m.k., séð.

Við vitum öll hvaða afleiðingar slíkt gæti haft, þ.e. að við festum gengið. Það geta menn sagt okkur í þeim ríkjum þar sem atvinnuleysið er hvað mest í Evrópusambandinu í dag. Það er nákvæmlega þar sem menn munu taka á þessu. Í atvinnuleysinu munu menn þurfa að taka út afleiðingarnar af því að gera þetta of snemma.

Ég vil að lokum nota þann skamma tíma sem mér er úthlutaður til að benda á að það gengur ekki að menn setji hér fram mál af þessum toga án þess að hafa t.d. ígrundað það hvernig málið horfir við stjórnskipulegri stöðu gagnvart þinginu. Mér finnst ótrúlegt að hæstv. utanríkisráðherra geri sér ekki grein fyrir því að þingið hefur á endanum ekkert vald til þess að klára þennan samning. Því sjónarmiði hefur meira að segja verið hreyft við mig — þó að ég hafi kannski efasemdir um að það sé rétt — að málið sé ekki einu sinni þingtækt vegna þess að stjórnskipun gerir ekki ráð fyrir því að samning eins og þann sem hér er verið að óska eftir að ganga til viðræðna um sé hægt að staðfesta.

Í mínum huga mun röðin augljóslega verða þessi, verði gengið til aðildarviðræðna: Frá því að slíkur samningur klárast gerist þetta með þeim hætti að hingað inn koma tillögur um breytingar á stjórnarskránni og síðan verður þingi slitið. Eftir það kemur nýtt þing saman og staðfestir þær stjórnarskrárbreytingar. Fyrst eftir að nýja þingið hefur staðfest stjórnarskrárbreytingar kemur samningurinn sem utanríkisráðherra óskar eftir að fá að gera á dagskrá nýja þingsins til staðfestingar vegna þess að þá fyrst er komin stjórnskipuleg heimild til þess að staðfesta slíkan samning.

Ég sakna þess auðvitað líka þegar maður er að reifa svona augljós mál, þetta eru stóru málin í samhengi við þá tillögu sem hér er verið að bera undir þingið, að menn geri sér hvorki grein fyrir þessu né því hvernig eigi að virkja þjóðaratkvæðagreiðslu. Á hún bara að vera leiðbeinandi eða ætla menn að koma með tillögur um stjórnarskrárbreytingar sem gefa þjóðaratkvæðagreiðslunni þann status (Forseti hringir.) að geta verið til staðfestingar á lögum, vegna þess að þá þarf stjórnarskrárbreytingu til?

[14:35]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel það vera almenna reglu að fólk eigi alltaf að vanda sig, í smáum málum sem stórum, og auðvitað þarf að vanda sig í þessu stóra og mikla máli. Sumum okkar finnst nauðsynlegt að skrifa það nákvæmlega niður hvað þurfi að gera, öðrum þykir liggja í hlutarins eðli að fólk vandi sig. Þess vegna tel ég að margt í þeirri tillögu sem hér er mælt fyrir sé sjálfsagður hlutur og hljóti að vera unnið í utanríkismálanefnd. Mig langar samt sem áður að benda á annað sem mér finnst svolítið kostulegt í málflutningi sjálfstæðismanna. Hv. þm. Bjarni Benediktsson segir, réttilega, að 27 þjóðir þurfi að samþykkja samninginn. Við þurfum ekki bara að semja við Evrópusambandið, það er alveg hárrétt. Ég þekki ekki dæmi þess að nein þjóð hafi hafnað slíkum samningi til þessa en ég bendi á að á hinn bóginn sjá þingmenn Sjálfstæðisflokksins ofsjónum yfir því að Evrópusambandið sé að verða sambandsríki. Núna er mjög erfitt af því að við þurfum að semja við 27 þjóðir. En svona er þetta, Evrópusambandið er samvinna þjóða, ekki sambandsríki eins og Bandaríkin.

[14:36]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni ábendingarnar. Mér finnst mikilvægt að það sé alveg skýrt vegna þessarar þingsályktunartillögu að ég lít svo á að ekki dugi að vísa henni til bara utanríkismálanefndar og fella hana þannig einhvern veginn inn í störf nefndarinnar samhliða hinum þingmálunum. Nei, þeir sem flytja þetta mál ætlast til þess að utanríkismálanefnd afgreiði tillöguna til þingsins og þingið taki afstöðu til þess hvort þetta er málatilbúnaðurinn sem menn fara fram á að verði lagður hinu málinu til grundvallar. Það er það sem málið snýst um, að það fari ekki bara til utanríkismálanefndar og verði grautað saman við hina tillöguna, heldur að það verði afgreitt og staðfest á

þinginu að það er svona sem þingið vill standa að málinu.

Varðandi Evrópusambandið sem sambandsríki er auðvitað hárrétt hjá hv. þingmanni að Evrópusambandið er ríkjasamband með þessum hætti. Það breytir hins vegar ekki hinu að meira að segja heilu þinghóparnir á Evrópusambandsþinginu hafa stefnu, eins og t.d. European People's Party, EPP, um að Evrópusambandið eigi að þróast yfir í sambandsríki. Sú umræða er lifandi og hún er raunveruleg, og það er ríkur vilji hjá mörgum til að þróa Evrópusambandið meira í þá átt. Núna síðast er Lissabonsáttmálinn til vitnis um að fyrstu einkenni þess að menn sjái glitta í einhvers konar sambandsríki eru að birtast þó að ég haldi því ekki fram að Evrópusambandið sé orðið að slíku í dag.

[14:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Hér er til umfjöllunar tillaga frá þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu. Áður en ég held lengra með ræðu mína fer ég fram á það við forseta að formaður Sjálfstæðisflokksins verði við þessa umræðu. (**BjarnB:** Ég verð hérna.) Það er með ólíkindum að formaður Sjálfstæðisflokksins skuli kjósa, um leið og hann hefur haldið sína ræðu, að yfirgefa þingsalinn þegar þessi tillaga er til umfjöllunar. Ég geri alvarlegar athugasemdir við það.

Við höfum í dag og í gær rætt þessi Evrópusambandsmál, annars vegar tillögu sem hæstv. utanríkisráðherra mælti fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar í gær og svo þá tillögu sem hér er komin til umfjöllunar. Í þessari umræðu sem hefur að mínu mati að mestu leyti verið málefnaleg og yfirveguð hefur komið fram ríkur vilji til að reyna að ná sem breiðastri samstöðu um vinnubrögð, vinnulag og efni þessara tveggja tillagna vegna þess að í grunninn er ekki ýkja mikill munur á því hvert þær stefna, þessar tvær tillögur, þó að aðferðafræðin sé aðeins mismunandi. Þess vegna varð ég aðeins undrandi á framsöguræðum formanna Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í þessari umræðu vegna þess að þá fannst mér allt í einu kveða aðeins við annan tón en í ræðum annarra þingmanna þessara flokka, bæði í dag og í gær. Nú segir formaður Sjálfstæðisflokksins að það sé krafa hans að þessi tillaga komi sjálfstætt út úr utanríkismálanefnd og að til hennar verði tekin sérstök afstaða án samhengis við hina tillöguna. Hér hafa hins vegar fleiri talað um að það séu möguleikar á því að flétta þetta saman. Mér fannst t.d. varaformaður Sjálfstæðisflokksins vera á þeim nótum í sínu máli og mér fannst t.d. hv. þm. Siv Friðleifsdóttir í morgun tala á þeim nótum að það ætti að leita leiða til að flétta þessar tillögur saman með einhverjum hætti.

Hv. formaður Framsóknarflokksins talar eins og að aldrei hafi annað staðið til en að tillaga stjórnarinnar færi inn í utanríkismálanefnd og kæmi þaðan óbreytt út og óunnin. Það hefur auðvitað aldrei staðið til og það vita allir sem hafa tekið þátt í þingstörfum og nefndarstörfum, og t.d. hv. formaður Sjálfstæðisflokksins sem hefur verið formaður utanríkismálanefndar veit mætavel, að þingnefnd sem fær mál til umfjöllunar, þó að það komi frá ríkisstjórn, tekur það til faglegrar og vandaðrar umfjöllunar og getur gert á því ýmsar breytingar, getur til að mynda tekið vinnuferlið sem lýst er í þingsályktunartillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og gert það að sínu í vinnu nefndarinnar — það er ekkert sem kemur í veg fyrir það — og komið með tillöguna út úr nefndinni að slíkri vinnu lokinni. (**BJJ:** Hvað vilt þú?) Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það. Ég hef verið mjög jákvæður gagnvart því að koma á einhverju vinnulagi sem samstaða getur tekist um milli allra stjórnmálaflokkanna sem eiga sæti á Alþingi.

Viljinn verður auðvitað að vera gagnkvæmur. Ríkisstjórnin hefur lagt fram tillögu sem hæstv. utanríkisráðherra hefur mælt fyrir. Við höfum sagt, talsmenn stjórnarflokkanna, að við séum reiðubúin til þess að taka við sjónarmiðum annarra, m.a. þeirri tillögu sem hér liggur fyrir, og kanna hvort hægt sé að vinna þær saman með einhverjum hætti. Viljinn verður að vera gagnkvæmur til þess. Ég kalla eftir því og spyr, vegna þess að mér finnst ekki alveg samhljómur í þeim málflutningi sem fulltrúar þessara tveggja flokka hafa verið með í þessari umræðu, sérstaklega núna þegar ég hef heyrt formenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins: Er ekki raunverulegur vilji til þess? Er eitthvað sem kemur í veg fyrir það að utanríkismálanefnd taki þessar tillögur tvær og ræði þær saman, fari í það vinnuferli í umfjöllun sinni um þessi mál sem lýst er m.a. í tillögunni sem stjórnarandstöðuflokkarnir tveir leggja fram og komi með málið þannig út úr nefnd, þannig unnið? Er eitthvað sem kemur í veg fyrir það? Getur ekki orðið samstaða um að reyna að vinna málið með þeim hætti? Ég spyr vegna þess að eins og ég segi finnst mér ekki alveg hafa verið sá tónn sem þeir slógu hér, félagarnir, hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson.

Burt séð frá þessu vil ég segja um þetta mál að ég tel að það sem verið er að fjalla um í báðum þingmálunum sé að undirbúningsvinna eigi sér stað vegna umsóknar um aðild að Evrópusambandinu. Ég geng út frá því að það eigi við um tillögu stjórnarandstöðuflokkanna tveggja að það sé ætlast til að aðildarsamningur, ef til hans kemur, verði borinn undir atkvæði allrar þjóðarinnar. Það segir líka tillaga stjórnarinnar, að þjóðin taki af skarið í þessu efni. Ég tel að það sé fyrst og fremst blæbrigðamunur á því hvernig menn vilja vinna þessi mál, hvaða gögn þeir vilja hafa á borðinu þegar þeir taka afstöðu. Uppleggið með tillögu stjórnarinnar er að sjálfsögðu að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið en í athugasemdum í þeirri þingsályktunartillögu er líka gerð grein fyrir þeim meginhagsmunum sem við teljum að eigi að leggja til grundvallar. Ég get ekki séð að það sé munur á þeim sjónarmiðum varðandi grundvallarhagsmunina í þeirri tillögu og í hinni tillögunni. Það kann vel að vera að það þurfi að leggja meiri gögn á borðið, það þurfi að vinna meira og skrifa meiri texta í kringum þessi sjónarmið, þessa grundvallarhagsmuni, en það er ekki þannig að tillögurnar tali í austur og vestur í þessu efni, alls ekki. Mér finnst að það eigi að sjálfsögðu að vinna málið og ég mun, a.m.k. að svo miklu leyti sem ég fæ einhverju um það ráðið, beita mér fyrir því að þannig vinnubrögð verði viðhöfð í nefndinni og ég óska eftir því að um það geti orðið góð samstaða á milli allra flokka.

Síðan hefur verið nokkuð talað um niðurlag í greinargerð með þingsályktunartillögu stjórnarandstöðuflokkanna

þar sem talað er um að þegar, með leyfi forseta, „niðurstaða utanríkismálanefndar liggur fyrir er gert ráð fyrir að Alþingi ákveði næstu skref, þ.e. hvort gengið skuli til aðildarviðræðna við Evrópusambandið eða eftir atvikum hvort ákvörðun þar um skuli borin undir þjóðina í atkvæðagreiðslu“.

Það er kannski það sem hefur helst verið ágreiningur um og ég er ekki alveg sannfærður um að allir þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna sem flytja þetta mál séu í raun fylgjandi þessari svokölluðu tvöföldu þjóðaratkvæðagreiðsluleið. Það kann vel að vera en mér hefur ekki alveg fundist það þannig að það getur vel verið að ekki einu sinni þetta atriði þurfi að vera til fyrirstöðu fyrir samstöðu um málið í þinginu að svo miklu leyti sem menn yfirleitt vilja fara í einhverjar viðræður við Evrópusambandið. Auðvitað vitum við að það eru ýmsir sem eru algerlega andvígir því yfir höfuð að það verði gert. Það eru sjónarmið sem við berum að sjálfsögðu virðingu fyrir líka.

Virðulegur forseti. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að í umræðum um þessi mál í gær lýsti ég yfir miklum vilja til að reyna að ná góðri samvinnu við alla þingflokka. Jafnvel eftir að þessi tillaga frá stjórnarandstöðuflokkunum kom fram gerði ég það sömuleiðis. Ég vonast til þess að hugur fylgi máli hjá forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna sem hafa líka talað um að það sé nauðsynlegt fyrir íslenska hagsmuni í þessu máli að sem breiðust samstaða verði á bak við okkur Íslendinga og íslensk stjórnvöld ef ákveðið verður að fara í viðræður við Evrópusambandið. Ég er sammála því mati, því breiðari samstaða því sterkari er staða fyrir íslensk stjórnvöld í slíkum viðræðum. Það eru hagsmunir okkar allra að góð samstaða náist um málið og þess vegna vonast ég til þess að þá fylgi hugur máli, líka af hálfu forustumanna stjórnarandstöðuflokkanna sem mér fannst ekki alveg skína í gegn í þeirra máli. Það getur verið að ég sé eitthvað viðkvæmur fyrir þessu og hafi misskilið þá. Þeir leiðrétta það þá ef svo er, en mér fannst eitthvert yfirbragð í þeirra máli gefa til kynna að það væri ekki endilega mikil sannfæring á bak við það af þeirra hálfu. Ég vænti þess að þeir skýri það þá frekar og að sjálfsögðu ríður svo mestu á um það hvaða umfjöllun þetta mál fær í nefnd (Forseti hringir.) og hvaða samstöðu við náum um vinnubrögð og vinnulag á þeim vettvangi.

[14:49]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var ekki stjórnarandstaðan sem tefldi fram tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Nei. Það voru stjórnarflokkarnir, eða a.m.k. nokkrir ráðherrar í ríkisstjórninni. Kannski bara utanríkisráðherrann.

Þegar Samfylkingin og Vinstri grænir voru að koma sér saman um það þingmál, sem þeir á endanum gátu ekki gert, og fyrst ekki var samstaða um hvort ætti að fara í aðildarviðræður, þá var auðvitað heldur ekki nein samstaða um málsmeðferðina. Það er það sem birtist í þessu skjali. Það var engin samstaða um það milli Samfylkingar og Vinstri grænna yfir höfuð um neitt sem snertir þetta mál annað en að — fyrst þeir gátu ekki komið sér saman um það — best væri að leggja það bara fyrir þingið og sjá hvað mundi gerast. Þegar menn standa þannig að málum finnst mér nú býsna langt seilst í gagnrýninni þegar vinir þeirra í stjórnarandstöðunni koma fram og segja: Jæja, strákar mínir og stúlkur, það er svona sem nauðsynlegt er að standa að þessu.

Ef við erum að fara að taka ákvörðun af þessum toga þarf að eiga sér stað einhver lágmarksundirbúningur, vegna þess að tillaga ríkisstjórnarinnar gekk einmitt út á það, eða tillaga hæstv. utanríkisráðherra, að fara bara í aðildarviðræður. Það hefur komið fram bæði í máli hans og annarra, að það átti að drífa í þessu núna strax um mánaðamótin júní/júlí. Ekki að undangengnu mati á þeim hagsmunum sem átti að verja. Ekki átti að kynna það fyrir þinginu. Ekki átti að kynna áhrifin af því að gangast undir sameiginlegu myntstefnuna fyrir þinginu. Nei. Það var bara mál sem var í sjálfstæðum farvegi á milli ríkisstjórnar og Seðlabankans. Enginn sérstakur undirbúningur átti að eiga sér stað. Það átti bara að knýja fram á grundvelli yfirlýsingar frá einstökum þingmönnum um að þeir væru nú hlynntir því að skoða möguleikana (Forseti hringir.) á að fara í aðildarviðræður, jáið við því að leggja bara strax af stað.

[14:51]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þótt hv. þm. Bjarni Benediktsson sé nú orðinn formaður Sjálfstæðisflokksins fyndist mér nú fara honum betur að fara í þau föt sem hann var venjulega í þegar hann var formaður utanríkismálanefndar og talaði af meiri yfirvegun um mál en hann gerir hér og nú.

Staðreyndin er sú að tillaga ríkisstjórnarinnar gengur út á það að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Það er ljóst. Það segir líka að að loknum slíkum viðræðum eigi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Síðan er í athugasemdunum lýst ákveðnu ferli. Talað er um að víðtækt samráð verði haft við hagsmunaaðila um viðræðurnar, leitað verði eftir sem breiðastri samstöðu um umræðugrundvöll þeirra viðræðna. Það þýðir að sjálfsögðu m.a. samningsmarkmið um grundvallarhagsmuni okkar eðlilega, og að skipuð verði fagleg viðræðunefnd.

Hér er líka viðruð sú hugmynd að sett verði á laggirnar sérstök Evrópunefnd til að fara með tengslin milli þingsins og viðræðunefndarinnar. Það gæti út af fyrir sig orðið utanríkismálanefnd eins og tillaga stjórnarandstöðunnar gengur út á. Ég meina, það er að sjálfsögðu opið til umræðu. Ríkisstjórnin leggur þetta fram sem sínar hugmyndir. Þingið hefur að sjálfsögðu allan rétt til þess og alla möguleika að ræða það hvort það vill hafa hlutina með öðrum hætti og hvort það vill hafa meiri aðkomu að málinu en gert er ráð fyrir í upphaflega þingmálinu og þá gerir þingið það.

Það hefur að sjálfsögðu allt umboð til þess og þetta veit hv. þm. Bjarni Benediktsson mætavel, og hefur sjálfur oft einmitt sem formaður utanríkismálanefndar tekið þingmál frá ríkisstjórn sem hann studdi og gert á því breytingar vegna þess að þingið vildi hafa hlutina öðruvísi. Það er það sem við eigum að temja okkur. Við eigum einmitt að temja okkur það að þingið hafi meira að segja, styrkja þingræðið í sessi og við teljum að við séum að gera það.

[14:53]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er allt hárrétt hjá hv. þingmanni. Stjórnarandstaðan getur farið fram á breytingar á þingmáli sem hér liggur fyrir. Hún getur líka bara ákveðið að tefla fram þingmáli. Það er akkúrat það sem hún gerði. Ég vænti þess að hv. þingmaður sé alveg eins sáttur við það eins og hún hefði farið fram á einhverjar breytingar á hinu málinu.

Munurinn á þessum málum er sá að annað fjallar um að leggja fram umsókn um Evrópusambandsaðild en hitt um undirbúning þess að slík ákvörðun verði tekin á þinginu. Mér sýnist því á öllu að við séum á endanum sammála, nema þá kannski um eitt, sem hv. þingmaður vísaði til og kemur fram í þingsályktunartillögu hæstv. utanríkisráðherra um að að loknum samningi skuli fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Getur hv. þingmaður útskýrt fyrir mér um hvað sú þjóðaratkvæðagreiðsla á að vera? Varla til staðfestingar á samningnum. Ekki er hægt að ætlast til þess af þjóðinni að hún fari að staðfesta samninginn áður en við breytum stjórnarskránni? Það eru engar heimildir í stjórnarskránni til þess að vísa því til þjóðarinnar að staðfesta lög eða alþjóðlega samninga.

Ég átta mig ekki á því hvað átt er við með því í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar þar sem talað er um að fram skuli fara þjóðaratkvæðagreiðsla eftir að samningurinn er gerður. Getur hv. þingmaður útskýrt fyrir mér um hvað sú þjóðaratkvæðagreiðsla á eiginlega að snúast?

[14:55]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við áttum nokkur orðaskipti um þjóðaratkvæðagreiðslumálið í umræðum í gær, ég og hv. þm. Illugi Gunnarsson, þar sem við veltum vöngum einmitt um hvað svona þjóðaratkvæðagreiðsla á að snúast um og hvernig hún færi fram. Ég tel að þetta sé atriði sem við förum betur yfir. Við höfum ekki tíma til þess í stuttum andsvörum að ræða það til þrautar hvernig með þau mál eigi að fara.

Því var lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún hygðist leggja fram stjórnarfrumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur sem myndaði ákveðinn ramma um þjóðaratkvæðagreiðslur almennt séð. Ég upplýsti það og vísaði til þess að í Noregi á sínum tíma voru sett sérstök lög um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn eftir að aðildarsamningurinn lá fyrir. Þá tók norska þingið hann til umfjöllunar. Setti síðan lög um þjóðaratkvæðagreiðsluna um samninginn þar sem spurningin í þjóðaratkvæðagreiðslunni var njörvuð niður í lagatextann og þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram sjö mánuðum síðar. Þetta var ferlið sem þar var viðhaft og mér finnst að við getum skoðað það hvernig aðrir hafa staðið að þessum málum í öðrum löndum.

Hvað stjórnarskrána varðar tel ég, eins og hæstv. utanríkisráðherra nefndi, að eðlilegt sé að við förum yfir það með sérfræðingum í stjórnskipunarrétti vegna þess að greinilega eru ekki allir á einu máli um hvernig málið ber að þjóðinni eða þinginu gagnvart stjórnarskránni. Ég hefði haft tilhneigingu til að halda að fyrst ætti að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem þjóðin ákveddi hvort hún vildi aðild að Evrópusambandinu eða ekki á grundvelli þess samnings sem fyrir liggur.

Aðeins ef þjóðin segir já er tilefni til þess að gera stjórnskipulegar breytingar eða breytingar á stjórnarskránni hvað þetta varðar. (**BjarnB:** En ef þingið gerir það ekki?) Þetta eru mín fyrstu viðbrögð. En ég sagði það líka í gær í umræðunni um málið að ég hefði ekki kafað ofan í saumana á þessu stjórnskipunarmáli og mér finnst eðlilegt að við förum ofan í það á vettvangi hv. utanríkismálanefndar og fáum til okkar fróða sérfræðinga í þessu efni. Ég ætla ekki að kveða neitt upp úr með það á þessu stigi. Þetta (Forseti hringir.) eru aðeins mín fyrstu viðbrögð og ég vísa til þess hvernig menn stóðu að málinu í Noregi. (**IllG:** Samt ætlarðu utanríkisráðherra að hlaupa af stað.)

[14:57]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. og formaður utanríkismálanefndar, Árni Þór Sigurðsson, bað um skýringar og leiðréttingar ef einhverjar væru. Ég ætla að reyna að leiðrétta þann misskilning sem enn virðist vera til staðar og stafar líklega af því að menn eru svolítið fastir í því að þetta séu í raun sams konar tillögur þegar á þeim er þessi grundvallarmunur, reyndar er nú ýmis munur á þeim, en eitt af grundvallaratriðunum er að tillaga stjórnarandstöðunnar snýst um að undirbúa ákvarðanatökuna. Tillaga stjórnarinnar er tillaga um að taka þessa sömu ákvörðun.

Ég skal nefna dæmi af því að þetta er líklegast einhver stærsta ákvörðun sem Alþingi mun nokkurn tíma taka, ein af þeim a.m.k., og er gríðarlegt hagsmunamál. Ef við skoðum þetta út frá einni fjölskyldu, þá er það oftast ein stærsta ákvörðun fjölskyldu, a.m.k. ein stærsta fjárfesting, að kaupa sér húsnæði. Þá má segja að tillaga stjórnarinnar sé um það að einhver fjölskylda ætli að taka ákvörðun um að kaupa eitt tiltekið hús og gerir tilboð í það á ákveðnu verði. Tillaga stjórnarandstöðunnar beinist hins vegar að því að þessi sama fjölskylda ætlar skoða hvaða fasteignir eru til, hvaða peninga hún á fyrir húsnæði, hvaða greiðsluaðferðir mundu henta henni, hvaða kröfur þarf að gera til húsnæðis o.s.frv. Þetta er sem sagt spurning um það að menn fari í gegnum þá eðlilegu vinnu sem er nauðsynleg til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun.

[14:59]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var nú einhver með þessa samlíkingu með húsakaupin í gær við umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Ég sagði þá, ég man ekki hvort það var þessi hv. sami þingmaður eða einhver annar, að ég kynni ekki alveg við þá samlíkingu, að það að sækja um aðild að Evrópusambandinu og fara í það ferli sem því viðvíkur og bera síðan niðurstöðuna undir þjóðaratkvæðagreiðslu væri sambærilegt við ákvörðun fólks um að kaupa sér hús. En látum það liggja á milli hluta. Það skiptir engu máli í þessu samhengi.

Tillaga stjórnarandstöðuflokkanna beggja gengur út á það að undirbúa ákvörðun, þessa sömu ákvörðun og tillaga stjórnarinnar gengur út á, segir hv. þingmaður. Já, gott og vel. Það þýðir að báðar tillögurnar ganga samt í þessa sömu átt. Kannski í aðeins mismunandi skrefum en því fer víðs

fjarri að hægt sé að skilja málið þannig að önnur fari í austur en hin í vestur. Það er ekki. Þær ganga báðar í sömu átt, hugsanlega með aðeins öðruvísi göngulagi en í sömu átt ganga þær.

Þess vegna höfum við viðhaft þann málflutning, fulltrúar stjórnarflokkanna, að það eigi að vera unnt að flétta þessar tillögur saman með vandaðri vinnu á vettvangi þingnefndarinnar með því að fá þau gögn, þær upplýsingar sem kallað er eftir í tillögum stjórnarandstöðuflokkanna, gera um það greinargerð sem gæti komið fram í nefndaráliti og fléttað þannig inn þau skref sem stjórnarandstöðuflokkarnir tveir leggja til inn í textann í tillögu stjórnarflokkanna.

Ég tel því að engin ástæða sé til að óttast að það sé ekki hægt ef viljinn er fyrir hendi. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er alveg ljóst að ef viljann skortir þá verður auðvitað ekki farið langt. En ég vænti þess að sá vilji sé raunverulegur og hann sé til staðar. Við höfum lýst honum yfir, ég fyrir mína hönd sem formaður utanríkismálanefndar, (Forseti hringir.) hæstv. utanríkisráðherra hefur einnig gert það og ég vænti þess svo sannarlega að þessi vilji sé til staðar.

[15:01]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Jú. Við erum farin að endurtaka okkur líklega dálítið mikið í þessari umræðu, en þetta snýst líka um í hvaða átt er verið að fara. En vissulega, eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson bendir á, er sú átt sem verið er að horfa í nokkuð ljós. En fyrsta skrefið er í tillögu stjórnarandstöðunnar. Tillaga stjórnarinnar gerir ráð fyrir því að skref tvö sé tekið fyrst og svo fyrra skrefið. En látum það vera.

Aðalatriðið er að til þess að geta rætt tillögu stjórnarandstöðunnar af einhverri alvöru verðum við að líta svo á málið að gert sé ráð fyrir því að hún fari alla leið. Að menn byrji á að ganga frá því að þeir ætli að fara í þetta ferli sem fjallað er um í greinargerð með tillögu stjórnarandstöðuflokkanna, þar á meðal hvaða ráðstafanir þurfi að gera varðandi stjórnarskrá. Ætlar hv. þingmaður og formaður utanríkismálanefndar að framkvæma allt þetta sem lýst er í greinargerð utanríkismálanefndar áður en kemur að því að greiða atkvæði um tillögu stjórnarinnar?

[15:03]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var nefnilega nokkuð gott sem hv. þingmaður endaði hér með vegna þess að í raun má segja að tillaga stjórnarandstöðuflokkanna tveggja gæti verið lýsing á vinnuferlinu í utanríkismálanefnd við vinnuna við hitt þingmálið. Hún gæti allt eins verið það. Hún gæti allt eins verið það, að segja: Það er þetta sem utanríkismálanefnd á að gera í vinnunni við hitt þingmálið. Þegar þessi vinna liggur fyrir þá er hægt að taka ákvörðun.

Það hefur aldrei staðið til af hálfu stjórnarflokkanna að taka ákvörðun um stjórnartillöguna fyrr en að lokinni vinnu í utanríkismálanefnd. Það hefur aldrei staðið til að hún kæmi til atkvæða fyrr en nefndarvinnunni væri lokið. Og nefndarvinnan getur m.a. falið í sér það sem tillaga stjórnarandstöðuflokkanna leggur til að verði gert. (**BJJ:** Styðurðu það?) (**SDG:** Ertu samþykkur því?)

Ég hef sagt að ég vilji vanda vinnubrögðin við vinnuna í utanríkismálanefnd. Ég hef greint hv. þingmanni, (Gripið fram í.) formanni Framsóknarflokksins, frá þeim hugmyndum sem ég hef um vinnulag í nefndinni. Það hef ég líka gert gagnvart formanni þingflokks Borgarahreyfingarinnar og boðið formanni Sjálfstæðisflokksins upp á fund um sama efni sem hann hefur að vísu ekki séð sér fært að þiggja enn þá en ég vona að það verði nú áður en yfir lýkur.

Ég tel að í þessu liggi viss kjarni, að tillaga stjórnarandstöðuflokkanna tveggja gæti sem sagt verið lýsing á þessu vinnulagi og þegar þeirri vinnu nefndarinnar er lokið komi fram nefndarálit með einhverri tillögu um málsmeðferð, t.d. tillögu um að samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir, annaðhvort óbreytta eða breytta með lýsingum í nefndaráliti um hvernig vinnuferlarnir ættu að ganga fyrir sig o.s.frv. Þess vegna segi ég það og meina það einlæglega að ég tel að hægt sé (Forseti hringir.) að flétta þessar tillögur saman.

[15:05]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Ég fagna því að viðbótartillögur komu við tillögu hæstv. utanríkisráðherra því mér þótti hún frekar fátækleg. Mér fannst það góð viðbót og þar eð ég á sæti í utanríkismálanefnd ásamt formönnunum úr stjórnarandstöðunni, þá held ég að það sé alveg öruggt að við getum fundið fleti á því að samþætta þetta og tvinna saman.

Mig langaði aðeins að ræða um — þegar við erum búin að vinna vinnuna okkar í utanríkismálanefnd og göngum til kosninga um tillöguna er ætlast til þess að við kjósum eftir eigin samvisku út af því að flokkarnir sem eru í stjórn gátu ekki komið sér saman um hana. Ætlast er til þess að við séum ekki með flokkadrætti heldur kjósum einmitt eftir eigin samvisku.

Þá ætlast ég til þess að þingið, gjörvallt þingið geri það í málefnum þegar maður sér og veit að þingmenn eru ekki endilega sammála í málum eins og gerðist í gær og samt var fólk að kjósa gegn sinni eigin samvisku. Það kaus líka án þess að vita um hvað málið snerist. Hvers konar vinnubrögð eru það eiginlega um svona mikilvægt mál?

Ég vil einnig ítreka að Borgarahreyfingin er ekki að ganga í bandalag við Evrópusambandið heldur erum við, ég vona eins og allir hinir, að athuga hvað er í boði, hvað við getum boðið þeim og hvað þeir geta boðið okkur. En mér finnst persónulega þetta ekki vera góður tími til að fara í þessar viðræður. Mér finnst að verið sé að þvinga okkur áfram á ögurstundu inn í mál sem er svo stórt og er að taka frá okkur svo mikinn tíma og svo mikla orku þegar allt er hér hrunið. Eitt stærsta hrun í heiminum, og við eigum að vera að fókusera á þetta núna. Það er ekkert plan B. Hvað á þetta eiginlega að þýða?

En ég vona varðandi þetta mál, úr því það er komið fram og mun fara fyrir utanríkisnefnd, að við getum unnið einmitt á mjög vandaðan hátt allar þær tillögur sem þar koma inn. Ég legg til að við gefum okkur allan þann tíma sem við þurfum til þess að klára málið.

[15:08]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. En hún lenti svona í ákveðinni mótsögn við sjálfa sig vegna þess að hún sagði að það væri margt sem brynni á þjóðinni, margt sem þyrfti að gera. En samt ætti að taka allan þann tíma og orku í að vinna þetta mál í hv. utanríkismálanefnd á meðan landið brennur, á meðan eitthvað þarf að gera. Þetta er ákveðin mótsögn finnst mér.

En mig langar til að spyrja hv. þingmann. Vill hv. þingmaður ganga í Evrópusambandið? Ef nei, þá er önnur spurning: Vill hv. þingmaður engu að síður sækja um aðild að Evrópusambandinu og þá til hvers? Síðan er þriðja spurningin, og þá kem ég inn á það sem hv. þingmaður gat um. Nú er mikil vá fyrir dyrum, koma þarf bönkunum í gang, lækka þarf stýrivexti, gera þarf heilmiklar ráðstafanir og eiginlega ætti þingið og öll ríkisstjórnin að vera upptekið af því alla daga. Telur hv. þingmaður í þessari stöðu ástæðu til að eyða tíma þingsins fyrst og síðan tíma ráðuneyta? Þau verða upptekin af þessu í tvö, þrjú ár, og allt meira og minna undirlagt af því að sækja um Evrópusambandið.

Telur hv. þingmaður í þessari stöðu rétt að styðja beiðni um aðild að Evrópusambandinu? Væri hv. þingmaður tilbúin til þess að fresta því svo sem eins og um tvö ár? Vegna þess að þetta breytir í sjálfu sér engu varðandi það að taka upp evru eða annað slíkt. Það breytir engu. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Vegna þess að við tökum ekki upp evruna fyrr en við erum búin að uppfylla Maastricht-skilyrðin og það gerist óháð því hvort við göngum inn í Evrópusambandið eða ekki. Það má meira að segja rökstyðja það. Ef við værum dugleg við að koma vandanum í lag, vanda heimilanna, fjölskyldnanna og fyrirtækjanna þá uppfyllum við Maastricht-skilyrðin fyrr.

[15:10]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningarnar. Varðandi tímann mundi ég vissulega kjósa að við værum að fara í þessa vinnu á einhverjum öðrum tímapunkti. Ég mundi vissulega kjósa það. Ég er sammála hv. þingmanni. Á meðan allt er að hrynja hérna og er hrunið og við þurfum að fara í þá vinnu að endurreisa bankakerfið, þá finnst mér það ekki vera góður tímapunktur að vera að fókusera á þetta. Þó að ég sé nú ekki mikið hlynnt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vil ég fylgja leiðbeiningum þeirra um að stjórnsýslan ætti ekki að fara í sumarfrí. Vegna þess að ef hún fer í sumarfrí þýðir það tveggja mánaða töf á því að lækka stýrivexti. Og ekki megum við við því.

En varðandi spurninguna um hvort ég sé hlynnt því að fara í Evrópusambandið eða ekki, þá er ég svona eins og flestir Íslendingar, einn daginn er ég með því og næsta dag er ég á móti því vegna þess að ég hef ekki nægilega miklar upplýsingar. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að við förum í annaðhvort aðildarviðræður eða könnunarviðræður.

Ég hafði reyndar lagt þann skilning í það og skildist það þegar ég ræddi við fólk sem er hlynnt því að fara í Evrópusambandið að aðildarviðræður væru ekki miði á það að við ætluðum að fara í bandalagið. Ég hefði verið miklu hlynntari því og fundist það eðlilegra að við færum í könnunarviðræður.

[15:12]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Um fyrra atriðið, tímann, hvort rétti tíminn sé núna, þá er spurning mín til hv. þingmanns hvort hún muni beita sér í hv. utanríkismálanefnd fyrir því að málinu verði frestað. Að það verði bara hreinlega saltað og sagt: Við skulum taka þetta upp eftir tvö ár, því þá er betri tími til að taka það upp. Það breytir engu varðandi evru og annað slíkt vegna þess að við uppfyllum Maastricht-skilyrðin nákvæmlega jafnhratt eftir sem áður, hugsanlega hraðar ef við förum að taka á vandanum. (**ÁÞS:** Vill ekki þingmaðurinn að þetta verði ekki seinna en í ágúst?) Gert er ráð fyrir að það verði kannað hvort farið verður í aðildarviðræður yfirleitt, þannig að hugsanlega fella menn það. Ég ætla að spyrja hv. þingmann að þessu.

Síðan varðandi það að hún ætli hugsanlega að fara inn og hugsanlega ekki, hún sveiflast á milli þess, ég hugsa að margir séu þannig. Segjum nú að sótt verði um og gengið yrði að öllum skilyrðum, það undur gerðist að Evrópusambandið mundi bara hlusta og segja: Íslendingar eru rosalega skynsamir, við ætlum að breyta öllu okkar kerfi fyrir þá. 500 milljónir manna mundu bara breyta öllum sínum strúktúr og öllu Evrópusambandinu eins og Íslendingar vildu hafa það. Mundi þá hv. þingmaður ganga inn?

Þá vil ég biðja hv. þingmann að skoða reynslu síðustu 60 ára, hvernig Evrópusambandið hefur breyst og fara í söguskoðun. Og hugsa síðan 60 ár fram í tímann, hvernig það muni breytast áfram, breytast í pikkfast ríki og hvernig hv. þingmaður sér fyrir sér Ísland sem pínulítinn hrepp í risastóru ríki og muna svo eftir því að í sögubókunum lærði hún um það að Íslendingar voru í 600 ár í sambandi við ríki í Evrópu og það var dapur tími get ég upplýst hv. þingmann um.

[15:14]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Það er nú nánast eins og verið sé að biðja mann um að verða einhvers konar völva og sjá 60 ár fram í tímann. Ég held að það sé engum fært þó maður geti vissulega reynt að ímynda sér hvernig heimurinn verði þá. Ég verð bara að viðurkenna að ég get það ómögulega. (**PHB:** Börnin okkar lifa þá.)

Mig langar til þess að biðja hv. þingmann um að svara því bara sjálfur hvernig hann ætlar að hafa þetta. Ég get ekki tekið ákvörðun hvað eigi að gera fyrr en ég hef allar upplýsingar á borðinu. Þetta snýst ekki bara um að við fáum alla okkar skilmála samþykkta heldur hefur maður heyrt ýmislegt eins og t.d. hernaðarbandalag Evrópusambandsins og að börnin okkar mundu hugsanlega verða að gegna herskyldu. Það er ýmislegt sem maður heyrir. Mig langar að fá þetta allt upp á borðið áður en ég tek ákvörðun, ég get því hvorki sagt já eða nei því að upplýsingar eru ekki allar komnar upp á borðið. (**PHB:** Evrópusambandið er að breytast.) Það mun alltaf breytast. Það gerum við líka.

[15:15]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Birgittu Jónsdóttur fyrir ágæta ræðu og málefnalega. Ég get um margt tekið undir með hv. þingmanni í málflutningi hennar, sérstaklega hvað varðar þann dapurlega atburð sem átti sér stað hér í gærkvöldi þegar ríkisstjórnin ákvað að hækka lán skuldugra heimila um 8.000 millj. kr., hækka verðbólguna í ofanálag, sem mun leiða það af sér að við munum geta lækkað stýrivexti mun síðar en ella hefði orðið. Það sem gerðist hér í gærkvöldi voru mjög dapurlegir atburðir, og eins og hv. þm. Birgitta Jónsdóttir benti á greiddi hver einasti stjórnarliði atkvæði með þeirri óhæfu sem átti sér stað í gærkvöldi.

Í dag óskar ríkisstjórnin eftir því að hver og einn þingmaður stjórnarandstöðunnar og stjórnarinnar fylgi afstöðu sinni í þessu máli. Það er því holur tónn, frú forseti, í lýðræðismálflutningi ríkisstjórnarinnar þegar kemur að þessum málum.

Við hv. þingmaður erum hjartanlega sammála um að það þurfi að taka góðan tíma til að fara yfir það mikilvæga mál sem Evrópumálin eru. Við höfum lagt hér fram í fullri einlægni þingsályktunartillögu sem kveður á um það að utanríkismálanefnd eigi að fá góðan tíma til þess að fara yfir málið og við höfum rætt um tímafresti allt til loka ágústmánaðar, enda er hér jafnvel um að ræða eitt stærsta hagsmunamál í sögu lýðveldisins.

Í ljósi þess að við leggjum til að algjör þingræðisleg meðferð verði hér með aðkomu allra flokka með rúmum tímaramma spyr ég hvort hv. þingmaður gæti verið reiðubúin til að samþykkja þá þingsályktunartillögu sem við ræðum hér.

[15:17]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Forseti. Alveg örugglega. Við eigum eftir að fara betur yfir þetta saman, en mér finnst mjög mikilvægt að við skoðum alla fleti og mér finnst, eins og ég hef sagt áður, mjög margt í þessari tillögu sem kom frá ykkur verulega gott og gagnlegt fyrir vinnu okkar í utanríkismálanefnd.

Ég vona að við finnum flöt á því að samþætta þessar tvær tillögur. Eins og ég sagði áðan fannst mér það frekar rýrt sem kom frá hæstv. utanríkisráðherra og endalaust hægt að tvinna við það. Það sem mér finnst mjög mikilvægt er að það er ekki alveg ljóst hvernig þjóðaratkvæðagreiðslur eiga að fara fram og hvort það sé hægt og ég mundi mjög gjarnan vilja fá upplýsingar um hvort það sé rétt að hugsanlega sé það á skjön við stjórnarskrá að hægt sé að kjósa um það.

[15:18]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill áminna þingmann og þingmenn um að ávarpa forseta en ekki þingmenn úti í sal.

[15:18]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni þetta svar og óska henni góðs gengis í sínum störfum í utanríkismálanefnd.

Svo aðkallandi vandamál hrópa á okkur í samfélaginu að ég tek undir með hv. þingmanni að vitaskuld ættum við líka að einhenda okkur í þau raunverulegu vandamál sem blasa við heimilunum í landinu og fyrirtækjunum. Við framsóknarmenn höfum m.a. á vettvangi þingsins lagt fram tvö frumvörp, annars vegar um leiðréttingu á skuldum heimilanna og fyrirtækjanna í landinu og í annan stað lögðum við fram í dag frumvarp þess efnis að verðtryggð lán geti aldrei hækkað um meira en 4% á ári hverju þannig að lánveitandinn taki hluta af samfélagslegri ábyrgð fari verðbólgan úr skorðum.

Ég hef beint fyrirspurn til viðskiptaráðherra er snýr að bílalánum. Þúsundir landsmanna, heiðarlegra Íslendinga, tóku bílalán í góðri trú og horfa upp á að þau hafa margfaldast að umfangi ofan á allan annan vanda sem blasir við heimilunum. Ég tek undir með hv. þingmanni, við eigum að ræða um raunveruleg vandamál heimilanna í landinu og í ljósi þess að stjórnarandstaðan hefur nú þegar lagt fram mjög róttækar hugmyndir til að koma til móts við erfiða stöðu heimilanna og fyrirtækjanna hljótum við að fara að óska eftir því að ríkisstjórnin fari að gera eitthvað í þeim efnum, annaðhvort taka undir með okkur eða koma fram með sínar lausnir. Mér finnst ansi takmarkað hvað ríkisstjórnin hefur lagt fram. Það verður að segjast eins og er, og sérstaklega eftir gærkvöldið, að ég held að óþolið í samfélaginu aukist núna dag frá degi. Um leið og ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta innlegg hljótum við að hvetja ríkisstjórnina til að fara að gera eitthvað í málefnum heimilanna og fyrirtækja, það þolir enga bið.

[15:20]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Einu sinni þegar ég var pistlahöfundur á Ríkisútvarpinu flutti ég pistil um það hvernig við mundum sem þjóð einhvern tíma ákveða að sækja um aðild að Evrópusambandinu, við mundum væntanlega gera það í flýti á sumarþingi eftir einhverja katastrófu. Ég vona að þingheimur hafi skilning á því að mér finnst dálítið fyndið að standa núna sem þingmaður og vera að ræða það á sumarþingi í flýti hvort það eigi ekki alveg örugglega eftir katastrófu að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Ég hef að mörgu leyti skilning á þessum flýti og er í hjarta mínu sammála því að við eigum að fara í þetta ferli, sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég tel það einfaldlega mikilvægt vegna þess að mér finnst að þjóðin eigi að fá tækifæri til þess að taka afstöðu í þessu máli, þessu stóra máli sem við höfum rætt í þjóðfélaginu mjög lengi. Framsóknarflokkurinn hefur ályktað að hann styðji það að farið verði í aðildarumsókn en hann setur líka kröfu um að það verði gert á réttan hátt, að við vitum í hvað við erum að fara og við skilgreinum samningsmarkmið, setjum skilyrði fyrir því hvers konar samning við viljum fá.

Ég tek ekki undir að núna liggi sérstaklega á að senda inn umsóknina vegna þess að bara það að senda inn umsóknina muni leysa mjög aðkallandi efnahagsleg vandamál sem blasa núna við í samfélaginu. Ég held t.d. ekki að þegar bréfið fer til Brussel muni höfuðstóll íslenskra lána lækka, ég held ekki að þá þegar muni vextir lækka, ég held ekki að þá þegar muni atvinnuleysi minnka. Ég held að það sé með öðrum orðum afskaplega mikilvægt að við gerum

okkur fulla grein fyrir því að þó að aðildarumsóknin fari jafnvel í júlí og það verði Svíi sem taki á móti henni, og allt, munu þessi vandamál ekki hverfa og við þurfum að ræða þau. Það er algjört lykilatriði.

Ég hef hins vegar skilning á því að við eigum að flýta okkur í þessu máli vegna þess að við þurfum einmitt að verja tíma frekar í að ræða þessi mál sem ég tíundaði hér, atvinnuleysið, vextina, verðtrygginguna, skuldastöðu heimilanna og hvernig við ætlum að takast á við það í bráð, og það fljótt og það vel.

Gott og vel, ég segi að það sé að mörgu leyti skynsamlegt að fara í aðildarviðræður og það geti legið á af ákveðnum orsökum, en að því sögðu verðum við líka að hafa í huga að við erum ekki að ræða hér efnislega hvort þjóðin eigi að gerast aðili að Evrópusambandinu. Sú ákvörðun bíður og við verðum að gera okkur grein fyrir því að það getur orðið mjög langt þangað til sú ákvörðun verði sett í hendur þjóðarinnar. Það getur vel verið að það standi jafnvel upp á aðra ríkisstjórn en þá sem nú situr að gera það. Það gerðist t.d. í EES-málinu, það var ein ríkisstjórn sem ákvað að hefja það ferli en önnur ríkisstjórn sem lauk því. Það getur orðið langt þangað til. Við skulum ekki blekkja okkur neitt í þessu máli, í því felst ekki nein sérstök töfralausn á aðkallandi vanda íslenskra heimila og fyrirtækja.

Þess vegna er líka skiljanlegt að út af því að við erum ekki að ræða efnislega um það hvort þjóðin eigi heima í Evrópusambandinu eða ekki og að margir telja að samningur verði að vera fyrirliggjandi áður en afstaða sé tekin til þeirrar spurningar séum við hér einungis að ræða um hvernig við eigum að standa að umsókn að Evrópusambandinu. Um það snýst tillagan sem við erum að ræða hér núna. Hún kemur fram vegna þess að í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar, að hluta eða í heild, kemur ekki nægilega vel fram hvernig menn sjá fyrir sér að þetta ferli verði. Hér er um mjög skiljanlega tillögu að ræða og það hefur komið fram í máli bæði formanns utanríkismálanefndar og hæstv. utanríkisráðherra að þeir hafa djúpan og ríkan skilning á þessari tillögu. Hún snýst bara um það að utanríkismálanefnd geri greinargerð um helstu hagsmuni Íslendinga og hver samningsmarkmiðin eigi að vera í viðræðum við Evrópusambandið ef til þeirra viðræðna kemur. Hún snýst líka um það að við ætlum að gera vegvísi, ef til viðræðna kemur, þar sem tilgreint er hvernig við ætlum að meðhöndla væntanlegan aðildarsamning, hvernig hann verður lagður fyrir þjóðina, hver upplýsingaskyldan verður við þjóðina, hvernig þetta ferli verður. Þetta eru mjög skiljanlegar kröfur.

Mér finnst mjög undarlegt að heyra þau sjónarmið, en þau hafa sem betur fer ekki farið hátt, að þetta sé á einhvern hátt óskynsamlegt ferli. Því hefur verið fleygt hér í umræðunum að menn telji jafnvel skynsamlegra að setja þessi samningsmarkmið eftir á og jafnvel að þau séu á einhvern hátt leynileg eins og hefur komið fram í máli sumra, jafnvel hæstv. ráðherra. Ég held að það sé mjög skynsamlegt að við reynum eftir fremsta megni að setja áður niður þessi samningsmarkmið og við áttum okkur á því hver ferill málsins verði á undan og svo tökum við ákvörðun um það og hver greiðir atkvæði samkvæmt sinni samvisku um það hvort við sækjum um aðild að Evrópusambandinu. Mér finnst þetta vera hið rétta ferli.

Við flutningsmenn þessarar tillögu segjum að þetta ferli eigi að geta gengið hratt og vel fyrir sig. Við segjum að í allra síðasta lagi 31. ágúst verði þessari vinnu lokið. Við erum ekki að tefja málið, hreint ekki, og ég held að þessi umræða hafi sýnt að þó að einhverjir hafi verið á þeirri skoðun í gær að við værum að tefja málið hafa þær skoðanir ekki skotið rótum í stjórnarliðinu.

Ég vek líka athygli á því að hér erum við ekki að gera tillögu um að það verði stofnuð einhver ný nefnd, það er bara hv. utanríkismálanefnd sem fjallar um þetta mál og því er í raun og veru ekkert því til fyrirstöðu að álykta, eftir að hafa hlustað á alla þessa umræðu í dag og í gær, að í raun og veru sé komin niðurstaða, a.m.k. tímabundið. Ef maður les í orð hv. formanns utanríkismálanefndar og orð hæstv. utanríkisráðherra heyrist mér sem þeir séu reiðubúnir til að láta þetta verða verklagið í umfjöllun þingsins um þetta stóra mál, láta verklagið verða það sem birtist í tillögu stjórnarandstöðuflokkanna, að gerð verði greinargerð fyrir helstu hagsmunum Íslands og hver samningsmarkmiðin eigi að vera og það verði gerður vegvísir um það í hvaða ferli umsóknin á að fara. Þá er eðlilegt að maður spyrji: Er ekki komin þessi sátt um málsmeðferðina að sinni og er það ekki gott dagsverk?

Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. forseti Íslands, bað um að við reyndum að vinna þetta mál í sátt. Ég er stoltur af því að tilheyra þeim stjórnmálaflokki sem hefur haft forgöngu um það á þinginu í samvinnu við annan stjórnarandstöðuflokk að við setjum þetta mál, a.m.k. að sinni, í farveg sem getur orðið til þess að sátt skapist. Þá er kannski bara ástæða til að vitna að lokum í annan Ólaf Ragnar, sem ekki er hæstv., a.m.k. ekki að sinni, en er starfsmaður á plani, og segja: Þarf þá að ræða það eitthvað frekar?

[15:29]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Hérna er að ljúka merkilegri umræðu að mínu mati sem fróðlegt hefur verið að fylgjast með núna í dag og í gær. Þetta eru sögulegir dagar á Alþingi Íslendinga fyrir þær sakir að hér er, eins og kom fram í máli margra, um að ræða eitt stærsta og brýnasta hagsmunamál Íslendinga. Menn geta verið með því eða á móti en þetta er örugglega eitt af okkar stærri og afdrifaríkari málum.

Ég hef verið á þeirri skoðun í mörg ár að við ættum að sækja um aðild að Evrópusambandinu og fara með slíkan samning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sá söngur að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið væri nægjanleg eða fullnægjandi tenging við þennan 500 milljóna manna markað er að mínu mati blekking. Við skutum þessu stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar ítrekað á frest í því skjóli. Það reyndist rangt, hefur komið mjög afgerandi fram og það stendur upp á Alþingi Íslendinga að leiða þetta mál til lykta. Það er sérstakt fagnaðarefni að sú ríkisstjórn sem núna situr hafi sjálfstraust til að skjóta þessu stóra máli til þings og þaðan til þjóðar. Það er að öðru leyti nokkuð söguleg málsmeðferð, sem er líka sérstakt ánægjuefni í sjálfu sér, að dýrkeypt bið eftir því að mál þetta sé raunverulega tekið á dagskrá, er á enda.

Tillagan sem við ræðum núna, þingsályktunartillaga

stjórnarandstöðuflokkanna tveggja, er alveg prýðileg tillaga. Ég tek undir með þeim sem hafa talað um hana í dag og ég get tekið undir hana í öllum aðalatriðum. Menn geta rætt um það hvort málinu þurfi að ljúka í júní, júlí eða ágúst en í öllum aðalatriðum tek ég undir þá tillögu og fagna henni mjög. Mér þykir hún skynsamlegt innlegg stjórnarandstöðunnar til málsins þó að hún sé að sjálfsögðu samnefnari ólíkrar stefnu þessara tveggja flokka í málinu. Framsóknarflokkurinn hefur þá afdráttarlausu stefnu, ég vona að það verði leiðrétt af formanni flokksins ef það er ekki rétt — sem hér hefur yfirgefið salinn, að sinni alla vega — að flokkurinn vill sækja um aðild að Evrópusambandinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það liggur alveg skýrt fyrir. Það vill Sjálfstæðisflokkurinn ekki en þeir sameinast um þessa tillögu hér sem er tillaga um málsmeðferð.

Á henni og tillögu ríkisstjórnarflokkanna tveggja er að mínu mati óverulegur munur. Þær falla að mínu mati, eins og hæstv. utanríkisráðherra nefndi áðan, vel saman með tiltölulega litlum breytingum. Þess vegna studdi ég það mjög eindregið í gær á fundi þingflokksformanna með forseta að þessi tillaga yrði rædd hér í dag, strax í kjölfar tillögu ríkisstjórnarflokkanna. Þær færu saman til nefndar þar sem, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, nefndi í dag, þær yrðu samþættar og samofnar. Eftir ítarlega og vandvirknislega vinnu frá utanríkismálanefnd kæmi öflug tillaga sem er þeirrar náttúru að um hana sé hægt að ná breiðri samstöðu um að sækja um aðild að Evrópusambandinu að tilteknum skilyrðum uppfylltum og með ákveðnum bakgrunni og á grundvelli tiltekinnar málsmeðferðar, sem umræðan hér í tvo daga hefur að miklu leyti snúist um eðlilega. Rík og öflug samstaða verði um það að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Eins og hæstv. utanríkisráðherra nefndi líka áðan skiptir það auðvitað miklu máli fyrir þetta stóra mál að stór hluti Alþingis sé á bak við þá tillögu.

Eins og ég nefndi er óverulegur munur á þessum tveimur tillögum. Það er auðvelt að mínu mati og hægur leikur í nefndinni að komast að niðurstöðu um málsmeðferð af því að að fram kominni þessari tillögu stjórnarandstöðuflokkanna er samhljómur um að stefna skuli að því að sækja um aðild að Evrópusambandinu þó að margir þingmenn hafi að sjálfsögðu aðra skoðun. Það er talsverður munur á nálgun flokkanna í málinu en ef marka má umræðuna í dag og þessar tvær mjög svo líku tillögur er að skapast um það breið samstaða að sækja um aðild að sambandinu. Hér er rætt nokkuð ítarlega um málsmeðferð — og fyrst formaður Framsóknar er mættur aftur ætla ég að ítreka það að ég tel að það standi mjög lítið á milli þessara tveggja tillagna. Ég tel að þær falli saman með litlum breytingum og ég held að það verði hægur leikur í nefndinni að fella þær nokkuð vel saman. Ég tel að Alþingi sé að ná mjög góðri samstöðu um málsmeðferðina og það er að sjálfsögðu sérstakt fagnaðarefni. Þess vegna var það ánægjulegt að það tókst að ræða þessa tillögu beint í kjölfar hinnar tillögunnar og senda þær saman til nefndar þar sem utanríkismálanefnd vinnur úr þeim, af því að við erum að hefja vegferðina hér. Við eigum eftir að ræða um efni máls oft og lengi innan nefndarinnar og í þinginu en þar skiptir mestu að ná breiðri samstöðu um málið strax á upphafsreitnum. Til þess er leikurinn gerður, til þess eru refirnir skornir og það er sá samnefnari sem við erum að ná saman.

Eins og ég nefndi áðan, hv. formaður Framsóknar, er tillaga stjórnarandstöðuflokkanna tveggja — sem ég tel mjög góða og vandaða tillögu, og styð hana í öllum aðalatriðum og fagna henni alveg sérstaklega, tel að þessar tvær tillögur falli mjög vel saman — að sjálfsögðu um leið samnefnari ólíkra stefna tveggja flokka af því að annar flokkurinn, Framsóknarflokkurinn, hefur þá skoðun afdráttarlaust og stefnu frá flokksþingi sínu frá því í febrúar, að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ég tek undir þau meira og minna öll líka og er mjög hlynntur stefnumörkun Framsóknar í málinu. Sjálfstæðisflokkur hefur hins vegar ekki þá stefnu að sækja beri um aðild. Þannig ná þessir tveir flokkar saman alveg eins og ríkisstjórnarflokkarnir tveir ná saman í sinni tillögu. Svo geta menn rætt um það hvernig er hægt að ná fram sem ítarlegastri og bestri málsmeðferð og það mun okkur alveg örugglega takast, sérstaklega ef marka má umræðurnar hérna í þinginu í dag.

Með þessum hætti er stærsta einstaka hagsmunamáli þjóðarinnar vísað til þingsins og þjóðarinnar til úrlausnar. Það er að mínu mati besta, sanngjarnasta og lýðræðislegasta leiðin til að leiða þetta mál til lykta. Við höfum deilt um það árum saman hvað við gætum fengið út úr aðild og hvað það kostar okkur að standa utan. Við munum aldrei komast að niðurstöðu í þeirri umræðu fyrr en við sækjum um aðild og förum síðan með þann samning í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ýmislegt hafa menn nefnt, t.d. hvort þessi tillaga núna eftir undangengin áföll skipti máli, hvort hún leysi allar okkar þrautir og hvort hún sé patentlausn á núverandi ástandi. Að sjálfsögðu ekki. En að mínu mati styrkir hún mjög verulega stöðu Íslendinga. Hún mundi bæta stöðu okkar til að vinna okkur út úr áföllunum, hún mundi styrkja stöðu þjóðarinnar á erlendum vettvangi, fyrirtækjanna til að afla sér lánsfjár o.s.frv. Þannig mætti svo sem rekja áfram.

Við höfum rætt um það hvað hækki og lækki höfuðstól lána. Ekkert hefur meiri áhrif á vísitöluna og gengi höfuðstóls verðtryggðra lána en gengi íslensku krónunnar. Allt sem styrkir hana og styrkir stöðu hennar lækkar höfuðstól lánanna meira en nokkuð annað. Ég held því að þessi tillaga skipti gríðarlega miklu máli bæði í bráð og lengd. En mestu skiptir að þetta stóra mál er komið fram. Lítið hefur verið deilt eða rætt um það hér á þinginu þessa tvo daga hvort ætti að sækja um aðild heldur með hvaða hætti eigi að vinna málið. Þessar tillögur munu falla vel saman, ég er sannfærður um það.

Ákveðnir hlutir standa út af þegar kemur að samningagerðinni sjálfri. Við munum að sjálfsögðu fara inn í harðsnúið samningaferli um okkar ýtrustu hagsmunamál, yfirráð yfir auðlindunum til lands og sjávar, varðstöðu um landbúnaðinn og fjöldamargt annað mætti þannig tína til. Ísland hefur sérstöðu. Við munum örugglega vera í stöðu til að ná ágætum samningi, það kemur ekki í ljós fyrr en síðar.

Það er eðlilegt að þorri þjóðarinnar sé óviss um það hvort hagsmunum okkar sé betur borgið innan en utan sambandsins, en góður meiri hluti virðist lengi hafa verið á

þeirri skoðun að sækja beri um aðild að sambandinu og sjá hvað við fáum út úr slíkum viðræðum. Ég tel að við munum geta náð ásættanlegum samningi sem hvetur allt okkar efnahags- og mannlíf til að eflast og styrkjast. Mestu skiptir möguleikinn um aðgang að stóru myntsvæði. Fjármagns- og vaxtakostnaður mundi minnka um tugi milljarða á ári, eins og utanríkisráðherra kom inn á í ræðu sinni í gær, og ekki þarf að tíunda lífskjarabæturnar fyrir almenning og örryggis- og velferðarmálin fyrir bæði fjölskyldur og fyrirtæki í landinu ef við sæjum á bak djúpum gengissveiflum, háum vöxtum, viðvarandi hærri en á evrusvæðinu, og verðtryggingu sem mundi heyra sögunni til. Efni máls eigum við eftir að ræða síðar. Málsmeðferðin er að nálgast samstöðu í þinginu og því fagna ég sérstaklega.

[15:40]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ánægjuefni hér í þinginu að menn skuli ræða tvær tillögur í þá veru hvort og hvernig sækja eigi um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Við erum í þeirri stöðu, Íslendingar, að við þurfum að leita okkur að pólitískum og efnahagslegum bandamönnum og það er skoðun mín að þá sé frekar að finna í Evrópu en annars staðar.

Þessar tvær tillögur eru ólíkar að því leyti að tillaga framsóknarmanna og sjálfstæðismanna gengur út á það að skoða með hvaða hætti við förum í þessa vegferð á meðan hin ákveður að fara í málið. Mig langar að spyrja hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson um tvennt: Hvað er það í tillögu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna sem hann telur að gagni ekki? Í öðru lagi, hvernig sér hann þjóðaratkvæðagreiðslu um þessi mál fara fram? Er það í einni spurningu að loknum samningaviðræðum eða er það með einni spurningu til þjóðarinnar fyrir umræður og hvers konar þjóðaratkvæðagreiðslu sér hann? Er hún tvöföld, er hún einföld og er hún í beinhörðum (Forseti hringir.) spurningum til þjóðarinnar, já eða nei?

[15:41]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir þessar spurningar og tek undir það að ég held að okkar pólitísku og efnahagslegu bandamenn sé að finna í Evrópu, sérstaklega af því að við erum eins og flestir vita með nokkurs konar aukaaðild að Evrópusambandinu í gegnum EES-samninginn þó að það hafi reynst veikari stoð en efni stóðu til.

Það er ekkert í tillögu stjórnarandstöðuflokkanna tveggja sem ég get ekki fellt mig við. Hún er bara ekki eins afdráttarlaus og gengur ekki eins langt og tillaga okkar um að sótt verði um aðild eftir vinnu í utanríkismálanefnd. Ég get í sjálfu sér fellt mig við meira og minna allt í henni.

Hvernig þjóðaratkvæðagreiðslan muni fara fram og líta út hlýtur að vera hlutverk utanríkismálanefndar að útfæra. Einhvers konar niðurstaða samnings verður borin undir já og nei til þjóðar eftir allan þann feril líkt og hefur verið gert í Noregi og þeim löndum þar sem málin hafa verið leidd til lykta með þeim hætti.

[15:42]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni svar hans. Mig langar að spyrja hann að öðru. Telur hann að ef samræming næst í utanríkismálanefnd um þessar tvær tillögur og vegvísi þann sem þingflokkar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar leggja til og þá tillögu til Alþingis ef að því kemur að farið verði í aðildarviðræður við Evrópusambandið, að þau markmið og þær leiðir sem utanríkismálanefnd kemst að í samvinnu við hagsmunaaðila verði þá fært í hendur svokallaðrar fagnefndar sem tillaga stjórnarflokkanna gerir ráð fyrir og þannig farið í viðræður við Evrópusambandið?

[15:43]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það sem mér finnst umræðan í dag og í gær að mörgu leyti hafa leitt fram er að ég held að það verði nokkuð auðvelt viðfangs í nefnd utanríkismála að vinna að sameiginlegum vegvísi og málagjörð utan um málið allt saman í heild sinni út frá þessum tveimur tillögum sem hér liggja fyrir og þar með náist ágæt samstaða í þinginu um málsmeðferð alla.

Þingmaðurinn spurði hvort það yrði síðan lagt upp í faglega nefnd, já, það yrði örugglega ferlið út úr nefndarvinnunni, að það færi síðan til faglegrar nefndar sem færi með samningsumboðið með einhverjum hætti eins og utanríkisráðherra gerði grein fyrir í tillögu sinni.

[15:44]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. trúboði, hv. þingmaður veifaði töfrasprotanum, það var gengið, það var evran, það voru vextirnir og það var verðtryggingin, allt tóm loforð, innantóm.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann ætli að halda áfram með svona innantóm loforð á meðan landið brennur, meðan fyrirtækin eru stopp, meðan atvinnuleysi vex, meðan fjölskyldurnar og heimilin eru stopp. Ætlar hv. þingmaður að halda áfram að sækja um? Veit hann hvað þetta kostar og veit hann hvaða mannafla þarf í ráðuneytunum þann tíma sem það tekur? Á þá allt annað að vera stopp á meðan? Ætlar hann að keyra Ísland í kaf vegna þess að hann er í trúboði við að koma Íslendingum inn í Evrópusambandið með innantómum loforðum, frú forseti.

[15:45]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi ræða var uppfull af makalausum dylgjum og óvild og engu öðru. Hún var á mörkum þess að vera svaraverð. Ég ætla samt að svara hv. þingmanni á þeim stutta tíma sem hér er uppi.

Að sjálfsögðu er enginn að lofa neinu. Ég vísaði í tölur sem hæstv. utanríkisráðherra nefndi í ræðu sinni í gær hvað það gæti fært íslenskum heimilum ef. En óttaþrungnir stjórnmálamenn, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal, hafa haldið þjóðinni frá því árum saman að leiða þetta stærsta hagsmunamál sitt til lykta með þeim undarlega og óttaþrungna áróðri um hvað ef, hvernig verður sambandið eftir 100 ár og hvernig var það fyrir 20 árum? Og hafa þannig

haldið þjóðinni frá því og fært henni þá blekkingu í fangið sem hin veika EES-stoð reyndist vera. Það er þingmaðurinn sem er með trúboð og hræðsluáróður, við erum einungis að benda á hugsanlega kosti og hugsanlega galla. Hér erum við fyrst og fremst að ræða um málsmeðferð í málinu.

[15:46]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í morgun fór ég í gegnum öll þessi mál, vextina, verðtrygginguna og evruna. Við tökum ekki upp evru fyrr en í fyrsta lagi eftir sjö ár, sumir segja 30 ár. Þetta eru allt saman tóm loforð, allt. En munurinn á þessum tveim tillögum felst í niðurlagi tillögu stjórnarandstöðunnar sem segir, með leyfi frú forseta:

„Þegar niðurstaða utanríkismálanefndar liggur fyrir er gert ráð fyrir að Alþingi ákveði næstu skref, þ.e. hvort gengið skuli til aðildarviðræðna við Evrópusambandið …“ — Hvort gengið skuli.

Menn geta líka hætt við. Það getur verið að Borgarahreyfingin segi: Við skulum snúa okkur að fyrirtækjunum og fjölskyldunum. Það getur verið að Sjálfstæðisflokkurinn segi: Það borgar sig ekki að fara inn. Síðan segir:

„… eða eftir atvikum hvort ákvörðun þar um skuli borin undir þjóðina í atkvæðagreiðslu.“

Það er að segja ákvörðun um það hvort menn vilji yfirleitt ganga í þetta hernaðarbandalag og viðskiptabandalag sem er heimóttarleg stefna vegna þess að það útilokar okkur frá alþjóðasamstarfi.

[15:47]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér hefur sáralítil umræða átt sér stað um efni máls. Við höfum aðallega verið að ræða um málsmeðferð á þessu stóra máli og flestir hafa einskorðað ræður sínar við það. Það er ekkert undarlegt af því að það er síðan Alþingis að taka ákvörðun um það hvort sótt verður um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Ef það er sérstakt deiluefni að ríkisstjórn vísi þessu máli til Alþingis en sæki ekki um án þess að vísa því hingað, þá hlýtur þingmaðurinn að þurfa að útskýra það aðeins nánar, en þetta er einhver sanngjarnasta og eðlilegasta málsmeðferð á þessu stóra máli. Hér hefur enginn lofað einu eða neinu hvað fengist með hugsanlegri aðild ef þjóðin mundi samþykkja slíkan samning. Það er hins vegar undarlegt keppikefli hjá hv. þingmanni að reyna að setjast ofan á alla þá umræðu um hugsanlega kosti og galla aðilar. Það er enginn að veifa neinum sprotum, við erum að ræða um kosti og galla, hvað við þurfum að sækja og hvað við þurfum að verja.

[15:49]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í ummælum hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar að hann talaði um að málsmeðferðin yrði frá þingi til þjóðar. Ég vil þá inna hann sérstaklega eftir því hvort hann er þeirrar skoðunar að áður en málið fari til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. mögulegur samningur, þurfi málið áður að hafa komið til Alþingis til samþykkis eða synjunar og þaðan til þjóðarinnar, og þá um leið hvort það sé nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni þannig að þjóðaratkvæðagreiðslan verði marktæk.

Ástæðan fyrir að ég spyr að þessu er sú að einn af hornsteinum tillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er sá að við viljum tryggja að öll málsmeðferðin og jafnviðkvæmar og mikilvægar spurningar eins og þær sem ég nefni hér liggi fyrir áður en farið er af stað vegna þess að ef ræða þarf þær í mikilli deilu og miklum hita mun niðurstaða af því máli jafnvel litast af þeim æsingi sem getur orðið í þjóðfélaginu vegna þessara mála.

[15:50]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef séð þetta þannig fyrir mér að málsmeðferðin verði með þeim hætti að samþykki Alþingi að sótt verði um aðild að sambandinu færi af stað ferli sem gæti væntanlega tekið á bilinu 2–3 ár að ganga til enda. Þá lægi fyrir samningur sem stæði upp á okkur að fara með í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá væri væntanlega búið að vinna frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur og ljúka því máli og leiða það til lykta. Við vitum öll að það kallar á stjórnarskrárbreytingar, þingrof og aðrar kosningar. Nákvæmlega á hvaða tímapunkti við færum með samninginn fyrir þjóðina, það er sjálfsagt eðlilegast að það sé gert um leið og samningurinn liggur fyrir og ef hann er samþykktur þá liggur fyrir þörfin á því hvort breyta þurfi stjórnarskrá eða ekki til að einfalda ferlið. Við erum að tala um ferli sem tekur væntanlega 2–3 ár og síðan, áður en stjórnarskrárbreyting gengur í gegn og samningurinn tekur að fullu gildi, þarf að rjúfa þing og kjósa aftur. Ég sé þetta fyrir mér einhvern veginn með þeim hætti.

[15:51]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Sú málsmeðferð sem hér er lýst mundi í raun og veru þýða að það væri bara einhvers konar skoðanakönnun sem færi fram meðal þjóðarinnar, þ.e. ef hún yrði spurð, en það væri ekki endanlegt svar eða bindandi svar af hennar hálfu hver niðurstaðan væri vegna þess að í framhaldi af þessari þjóðaratkvæðagreiðslu, sem væri ekkert annað en skoðanakönnun, þyrfti að fara í aðra kosningu sem sneri að því að breyta stjórnarskránni og ef menn ætla síðan að komast að einhverri endanlegri niðurstöðu þarf að staðfesta það á þingi og þingmenn eru, enn og aftur, bundnir sannfæringu sinni. Og þar með stæðu þeir jafnvel í þeirri stöðu, við skulum taka sem dæmi að það hafi verið mjög mjótt á mununum í þjóðaratkvæðagreiðslunni og ekki mikil þátttaka, að vera áfram bundnir sannfæringu sinni í salnum, ekki slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu eða skoðanakönnun eins og hv. þingmaður lýsti hér. Ég ítreka að þetta er dæmi um það hversu mikilvægt það er að áður en Alþingi samþykkir að fara af stað og hleypa hæstv. utanríkisráðherra til Brussel (Forseti hringir.) til að reyna að semja, þurfum við að vera búin að teikna það út nákvæmlega hvernig við ætlum að standa að þessum málum. Annað kallar voðann heim.

[15:52]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir það í öllum aðalatriðum en við munum aldrei ná niðurstöðu um það úr ræðustól í

fyrri umræðu um þessar tvær tillögur heldur verður það alltaf verkefni utanríkismálanefndar þingsins að útfæra það og ákveða, leggja það til hvernig sá málatilbúnaður allur verði og það verður þá samþykkt sérstaklega í atkvæðagreiðslu á þinginu hvernig haldið verði nákvæmlega á því. En það er hins vegar sjálfsagt og nauðsynlegt að velta upp möguleikum á því hvað nefndin þurfi sérstaklega að skoða því að nefndin tekur auðvitað mið af þeim umræðum sem fara fram í þinginu þessa tvo daga um tillöguna. Allt sem þingmaðurinn nefndi eru réttmætar ábendingar og nauðsynleg úrlausnarefni um þá málagjörð og þann tilbúnað sem þarf að vera í kringum eins flókið, viðamikið og mikilvægt mál og aðildarumsókn að Evrópusambandinu svo sannarlega er.

[15:53]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sé ástæðu til að ítreka eina ferðina enn að tillaga stjórnarandstöðunnar snýst ekki um það hvort sótt verði um aðild að Evrópusambandinu heldur um málsmeðferðina fram að því. En ég skil vel taktíkina hjá hæstv. utanríkisráðherra og öðrum sem hafa kynnt þetta þannig og hún er hreint ekki vitlaus og miklu sniðugri en það sem nokkrir aðrir þreifuðu fyrir sér með, tafaumræðan sem dó sem betur fer.

Ég spyr þá bara mjög einfaldrar spurningar: Í ljós þess sem hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar hafa sagt um þessa tillögu, að hún geti orðið vegvísir að vinnu utanríkismálanefndar, er þá eitthvað því til fyrirstöðu að þingið einfaldlega staðfesti að svo sé og samþykki tillöguna, hugsanlega með dálitlum breytingum eftir umræður, og er ekki sjálfsagt mál að Alþingi Íslendinga staðfesti að þetta sé aðferðin sem við ætlum að nota við þessa vinnu?

[15:55]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vildi líka nota tækifærið til að endurtaka spurninguna sem ég lagði fyrir hv. formann áðan í ræðu minni: Er það ekki örugglega rétt að tillaga stjórnarandstöðuflokkanna er samnefnari á milli tveggja mjög ólíkra stefna þar sem annars vegar Framsóknarflokkurinn hefur þá afdráttarlausu skoðun að sækja eigi um aðild? Þetta þarf hann að staðfesta hér.

Hvað varðar vegvísinn að vinnunni. Jú, þetta er svo sannarlega mjög gott upplegg að vegvísi í vinnuna. Það er engin taktík að fagna tillögunni og taka undir hana og styðja hana, það er einfaldlega skoðun mín, skoðun utanríkisráðherra að þetta sé mjög góð og vönduð tillaga og til þess gerð að verða grunnur að öflugum vegvísi að vinnubrögðunum sem þarf að viðhafa í þessu ferli öllu saman. Ég ítreka einfaldlega aftur að hér er um að ræða mjög heppilegt upplegg í málsmeðferð þar sem utanríkismálanefnd mun örugglega finna bestu leiðina og að koma frá sér til þingsins í hvaða formi við göngum til atkvæða, þingið, um þá vinnu síðar í sumar.

[15:56]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Taktíkin felst í því að tala stöðugt um að tillagan snúist um hvort farið skuli í aðildarviðræður við Evrópusambandið eða ekki. En látum þetta nægja, umræðuna um það. Ég þarf hins vegar að ítreka spurninguna og reyndar náði ég ekki alveg — ég verð að viðurkenna það, ég var spurður spurninga í hliðarsal þannig að ég náði ekki alveg því sem hv. þingmaður sagði um það. Hélt hann því fram að ég segði að sækja ætti um aðild að Evrópusambandinu? (Gripið fram í.) Erum við aftur farin að greina stefnu Framsóknarflokksins? Gott og vel. Ég ætla að ítreka spurninguna: Er eitthvað sé því til fyrirstöðu, ef menn geta fallist á að nokkurn veginn svona eigi vinnan að vera, að Alþingi einfaldlega staðfesti það með því að samþykkja þessa þingsályktunartillögu? (**Gripið fram í:** Hver er stefna Framsóknarflokksins?)

[15:57]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get svarað því aftur. Ég tel að það eigi að leggja málatilbúnaðinn svona upp. Utanríkismálanefnd velur að sjálfsögðu hvernig hún vísar því til þingsins, hvort hún þurfi að fá það staðfest eitthvað sérstaklega hér eða hvort það komi ein tillaga frá utanríkismálanefnd um málsmeðferð og hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu á þeim forsendum og þeim grunni. Ég treysti nefndinni fullkomlega til þess.

En ég spurði hv. formann að því í ræðu minni fyrr í dag hvort það væri ekki örugglega rétt að tillaga stjórnarandstöðuflokkanna tveggja væri samnefnari á milli flokka með mjög ólík sjónarmið, Sjálfstæðisflokks sem vildi ekki sækja um og Framsóknarflokks sem vildi afdráttarlaust sækja um á tilteknum forsendum. Það var bara þetta sem ég vildi koma inn í umræðuna og biðja hv. formann flokksins að staðfesta við okkur í þessari umræðu. Flokkarnir hafa því náð þarna saman um býsna ólík sjónarmið alveg eins og ríkisstjórnarflokkarnir gerðu með tillögu sinni en báðar tillögurnar eru samhljóða að mjög mörgu leyti og verður auðvelt að fella þær saman.

[15:58]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 33. mál, frhnál. meiri hluta viðskn., þskj. 77; frhnál. minni hluta viðskn., þskj. 78.

Niðurstaða nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum, 67. mál, fsp. GStein, þskj. 75.

Skipting byggðakvóta, 12. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 76.

Vátryggingastarfsemi, 53. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 53.

[15:58]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegur forseti. Það er enginn vafi á því að mál sem varðar hugsanlega umsókn Íslands að Evrópusambandinu er án efa eitt stærsta mál sem Alþingi Íslendinga hefur tekist á herðar á liðnum árum. Hér er um að ræða mál af þeirri stærðargráðu að óhjákvæmilegt er að skoðanir á því séu

skiptar og einnig að þær séu jafnvel afar tilfinningaþrungnar margar hverjar.

Þeir sem kallast geta aðildarsinnar hafa mjög ákveðna sýn á hvernig farið er með þetta mál og vilja auðvitað fá sem mestan hljómgrunn fyrir málflutningi sínum. Á hinum endanum hafa þeir sem eru eindregið andstæðingar þess að gengið sé til aðildar að Evrópusambandinu fyrir því veruleg rök og þarf líka að nálgast sjónarmið þeirra af mikilli virðingu. Þess vegna þarf að fara afar varlega þegar þetta mál er til umræðu og menn þurfa að vera sanngjarnir og rökfastir í skoðunum sínum.

Hér hafa verið til umræðu tvær þingsályktunartillögur. Önnur var lögð fram af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um að við skulum nú þegar sækja um aðild að Evrópusambandinu. Sú þingsályktunartillaga hefur kallað fram tillögu af hálfu stjórnarandstöðunnar, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sem er töluvert annars eðlis en þar er lagt til að þegar til ákvörðunar kemur skuli ákveðnir hlutir þegar liggja fyrir. Það skuli liggja fyrir hvernig málsmeðferðin í þessu máli verður, hvernig samskiptum við þingið verður háttað. Í þessu máli skiptir jafnvel enn meira máli en í mörgum öðrum að þingið hafi aðkomu að málinu á öllum stigum þess. Í síðari hluta þingsályktunartillögu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er talað um að mikilvægt sé að menn geri grein fyrir því í greinargerð hvað það er sem skiptir máli þegar og ef Alþingi tekur þá afstöðu að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu og það er einmitt það sem mér finnst mjög mikilvægt, að Alþingi Íslendinga ræði málið.

Það er alveg rétt sem fram hefur komið ítrekað að afar margt hefur verið skrifað um Evrópusambandið. Það hafa margar skýrslur verið skrifaðar og hér hefur verið nefnd skýrslan frá því 2007 sem er ítarleg skýrsla um málefni Evrópusambandsins með aðkomu allra stjórnmálaflokka. Enn fremur hefur verið nefnd til sögunnar niðurstaða tvíhöfða nefndarinnar svokölluðu frá því í vor sem lauk raunar ekki störfum eins og til var ætlast vegna stjórnarskipta en engu að síður var þar verulega mikil vinna unnin í þessu efni. Í niðurstöðu þeirrar nefndar kom fram að skoða þyrfti málið betur áður en menn gætu tekið endanlega afstöðu til þess hvort aðildarumsókn að Evrópusambandinu væri æskileg fyrir þjóðina. Einnig kom fram, og það finnst mér skipta miklu máli, að þegar við förum í mál af þessum toga verði stjórnmálaflokkarnir og við sem berum ábyrgð á hag þjóðarinnar meðan við sitjum á þingi að athuga hvort við getum með einhverjum hætti náð samkomulagi um hvernig á málum skuli haldið. Þegar við vinnum svona mál og förum síðan með það til Brussel, ef af verður, endurspeglum við þjóðina sem býr í þessu landi. Við skulum vanda okkur þegar kemur að því og mér finnst skipta máli að um það sé sem víðtækust samstaða og samráð milli flokka.

Hvaða atriði eru það sem okkur finnst skipta máli þegar kemur að aðildarviðræðum að Evrópusambandinu, ef af þeim yrði? Það er mikið fjallað um það og meginþungi röksemdafærslunnar er af tvennum toga: Annars vegar eru það auðlindamál, þ.e. sjávarútvegurinn, sú mikilvæga auðlind, sem við Íslendingar höfum lifað af í gegnum aldirnar. Hins vegar er það staðan sem uppi er í efnahagsmálum þjóðarinnar, ekki bara undanfarin ár heldur hefur gjaldmiðillinn, íslenska krónan, verið mjög sveiflukennd í nokkuð langan tíma. Spurningin er hvort ástæða sé til þess að skoða aðildarviðræður að Evrópusambandinu í efnahagslegu tilliti. Þá tiltaka menn gjarnan þau atriði sem nauðsynlegt er að gæta sérstaklega að ef farið yrði í slíkar samningaviðræður, þ.e. að við mundum ekki tapa yfirráðum yfir þessari auðlind okkar.

Það er eitt sem ég vil gjarnan nefna í þessu samhengi og mér hefur fundist skipta máli en hefur ekki verið nefnt sérstaklega við þessa umræðu. Umræðan hefur fyrst og fremst snúist um málsmeðferðina sem er það sem við ræðum hér. Þriðja atriðið sem mér finnst skipta máli er: Hvar viljum við Íslendingar skipa okkur meðal þjóða? Hver er staða Íslendinga meðal þjóða? Það getur vel verið að það ofsaveður og þau tíðindi sem urðu í haust og raunar í allan vetur hafi orðið til þess að við veltum fyrir okkur hvar við stöndum meðal þjóða. Það getur líka vel verið að vaknað hafi spurningar hjá mörgum okkar um brotthvarf bandaríska hersins af landinu, hvort það hafi haft víðtækari afleiðingar en við gerðum okkur grein fyrir, að við hefðum nú ekki sama samband við Bandaríkjamenn og við höfðum. Það er þriðja atriðið sem verður að ræða þegar kemur að því að skoða hvort æskilegt sé fyrir okkur að endurskoða utanríkismál okkar. Mér finnst að við eigum líka að ræða um það þegar við ræðum þetta mál á Alþingi. Mér finnst að við eigum að biðja utanríkismálanefnd að taka það mál til skoðunar og segja við utanríkismálanefnd: Skoðið þessa þætti líka, veltið fyrir ykkur í þeirri greinargerð sem gera skal hvort þetta sé ekki líka eitt af því sem þarf að skoða. Síðan getum við í kjölfarið tekið afstöðu til þess hvort eitthvað af þessu skiptir okkur svo miklu máli að aðild að Evrópusambandinu verði okkur ekki þóknanleg, eða þá á hinn veginn eftir því hvernig úr þessu spilast. Undirbúningurinn skiptir verulega miklu máli.

Mér fannst líka dálítið athyglisvert og ég furðaði mig mest á því þegar ég las tillögu ríkisstjórnarflokkanna um aðild að Evrópusambandinu — það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem ég les eitthvað í þá veru — að það kom ekki nógu greinilega fram af hverju við Íslendingar ættum að skipa okkur á bekk Evrópuþjóða, hvaða kosti það hefði. Ég held nefnilega að grundvallarspurningin í allri umræðunni sé — og hún verður ekki umflúin þegar málið þroskast á vettvangi þingsins: Telur Ísland sig eiga heima meðal þjóða innan Evrópusambandsins? Teljum við að Ísland eigi að vera á bekk þeirra þjóða? Hvað er það sem við sækjumst eftir hjá Evrópusambandinu? Hvað er það í raun og veru í skipulagi Evrópusambandsins — ég held að við verðum að spyrja okkur að því — í þeirri pólitík sem þar er viðhöfð, líka hvað varðar sjálfsmynd okkar sem þjóðar? Allt eru það þættir sem þarf að skoða þegar við veltum fyrir okkur svo mikilvægu máli sem aðild okkar að Evrópusambandinu er. Í ræðum í gær kom m.a. fram hjá einum hv. þingmanni Samfylkingarinnar og raunar fleirum að sú staða sem við erum í núna í efnahagslegu tilliti sé svo alvarleg að það sé óumflýjanlegt annað en sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þá spyr maður sig: Hvers vegna stendur það þá ekki í tillögunni? Hvers vegna stendur ekki í tillögunni að við séum í slíkum vanda að mati flutningsmanna í efnahagslegu tilliti, með gjaldmiðil okkar, að við þurfum að sækja styrk annars staðar frá? Hvers vegna kemur það ekki

fram? Af þeim sex punktum sem tilgreindir eru fjalla a.m.k. fimm fyrst og fremst um varðstöðu um ákveðna hagsmuni sem við Íslendingar teljum skipta verulegu máli. Ég ætla ekki gera lítið úr þeim en það þarf líka að koma fram hvað það er í huga flutningsmanna sem skiptir svo miklu máli að ástæða sé fyrir okkur að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Ég dreg þessa þætti fram til að vekja þingheim til umhugsunar. Nú fara bæði málin í utanríkismálanefnd til umræðu, síðan koma þau væntanlega til seinni umræðu og það verður sú umræða sem verður grundvöllur niðurstöðu þingsins. En við þingmenn verðum að velta þessum hlutum fyrir okkur í aðdraganda þeirrar umræðu. Hvað er það sem skiptir okkur máli? Hvaða hugsanlegir kostir og gallar eru á ferðinni? Þess vegna segi ég að þó að málsmeðferðin skipti verulegu máli er þetta atriði sem ekki verður horft fram hjá.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]

Of skammt var liðið frá útbýtingu frhnál. í 4. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjG, BjörgvS, EyH, GuðbH, HHj, IllG, JBjarn, JRG, KaJúl, LMós, MSch, OH, ÓN, PHB, RR, SDG, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

2 þm. (BirgJ, ÞSa) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁPÁ, ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BjarnB, EKG, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, JóhS, JónG, KJak, KÞJ, KLM, LRM, MT, ÓÞ, REÁ, RM, SIJ, SF, SSv, ÞKG, ÞrB, ÖJ) fjarstaddir.

Fjármálafyrirtæki, 3. umr.

Stjfrv., 33. mál (heimild til útgreiðslu úr þrotabúum gömlu bankanna). — Þskj. 69, frhnál. 77 og 78.

[16:12]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti meiri hluta hv. viðskiptanefndar sem er að finna á þskj. 77, en auk þeirrar sem hér stendur rita undir álit þetta hv. þingmenn Magnús Orri Schram, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Eygló Harðardóttir, Lilja Mósesdóttir og Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Viðskiptanefnd hefur í dag haldið tvo fundi og fékk til sín eftirtalda gesti: Kristin Bjarnason, aðstoðarmann Landsbanka Íslands í greiðslustöðvun og stjórnarmann í slitastjórn bankans, Jón Ármann Guðjónsson frá skilanefnd Sparisjóðabankans, Ragnar Þ. Jónasson frá skilanefnd Straums Burðaráss, Ragnar Hall frá slitastjórn Straums Burðaráss, Áslaugu Árnadóttur og Jónínu S. Lárusdóttur, frá viðskiptaráðuneyti, og Gylfa Magnússon viðskiptaráðherra. Þá bárust nefndinni frá síðasta fundi sem var í gær umsagnir og upplýsingar frá fjórum aðilum til viðbótar, þ.e. frá skilanefnd Straums, frá lögmannsstofunni BBA-Legal, skilanefnd Sparisjóðabankans og skilanefnd Kaupþings.

Eins og fram kom í stuttri umræðu sem var hér í gærkvöldi þá töldu allir nefndarmenn í hv. viðskiptanefnd nauðsynlegt að nefndin fjallaði enn og aftur um þetta mál í dag og eins og ég nefndi áðan þá var það gert á tveimur fundum, fyrst í morgun og síðan í hádegishléi. Ég tel að það hafi tekist að fara vandlega yfir málið þó að ekki hafi verið nema þrír sólarhringar til ráðstöfunar, en nefndin hélt sex fundi, fékk tólf gesti og ein tíu álit auk minnisblaða frá ráðuneyti.

Um hvað snýst þetta mál, hv. þingmenn? Hinn 22. apríl síðastliðinn tók gildi allvíðtæk breyting á lögum um slit fjármálafyrirtækja þar sem lagður var upp rammi til framtíðar ef fjármálafyrirtækin okkar mundu nú enn eiga eftir að fara á hausinn. Þarna var lagður upp rammi og ferli sem byggðist beint á lögum um gjaldþrotaskipti. Í þessari lagasetningu var einnig greiðslustöðvun þeirra fjármálafyrirtækja sem hrundu síðastliðið haust og í vetur sett í nýjan farveg þannig að eiginlegt slitaferli þeirra fyrirtækja hófst við gildistöku laganna, sem var 22. apríl síðastliðinn og sérstakri slitastjórn sem héraðsdómur tilnefnir er falið að innkalla kröfur og í framhaldinu meta rétthæð þeirra og boða kröfuhafa til fundar eftir lok innköllunarfrests. Allt byggir þetta í grófum dráttum á lögum um gjaldþrotaskipti.

Enda þótt ferli þetta varðandi gömlu bankana, bráðabirgðaákvæði þessara laga, sé áfram kennt við greiðslustöðvun og skilanefndum áfram falið að reka búin með sem hagkvæmustum hætti þá var með lögunum tekinn úr sambandi IV. kafli gjaldþrotaskiptalaganna en í honum er að finna heimildir meðal annars til þess að greiða kröfur á greiðslustöðvunartímanum. Skilanefndir bankanna ráku sig því fljótlega eftir gildistöku laganna á það að þeim var ekki lengur heimilt að halda áfram að greiða fyrrverandi starfsmönnum laun í uppsagnarfresti enda þótt sýnt væri að viðkomandi fjármálafyrirtæki gætu greitt allar forgangskröfur og óskuðu því eðlilega eftir atbeina viðskiptaráðuneytisins til þess að breyta þeirri stöðu. Jafnframt var sýnt eftir gildistöku laganna að ekki mundi að óbreyttu heimilt að standa skil á samningum Kaupþings við innlánseigendur í Þýskalandi — Kaupthing Edge — en þar er um að ræða 300 milljóna evra skuld sem er eitthvað milli 50 og 60 milljarðar kr.

Ég vil taka fram að þær kröfur sem ég hef hér nefnt, annars vegar launakröfur á uppsagnarfresti og hins vegar innlánskröfurnar — ég vil taka fram að innlánskröfurnar í Þýskalandi eru samkvæmt 6. gr. neyðarlaganna forgangskröfur — eru forgangskröfur og Kaupþing hefur þegar greitt aðrar innstæður í útibúum sínum víða um heim á þeim grunni, á 6. gr. neyðarlaganna nr. 125/2008. Launakröfur á uppsagnarfresti eru einnig forgangskröfur. Þetta eru þær forsendur fyrir breytingum sem ráðuneytið lagði fram og teknar voru á dagskrá hér á þriðjudaginn var með afbrigðum.

En viðskiptanefndarmenn töldu brýnt, samanber nefnd-

arálit sem dreift var hér í gær á þskj. 55, að hafa þessa heimild eins þrönga og mögulegt væri eða eins og þar segir, með leyfi forseta:

„... að brýnt væri að takmarka gildissvið þess [þ.e. frumvarpsins] við skuldir vegna launa í uppsagnarfresti og vegna innlána sem veittur var forgangsréttur samkvæmt svonefndum neyðarlögum, nr. 125/2008.“

Nefndin taldi mjög brýnt að sem minnst væri hreyft við þessu ferli og að meginreglan eigi að vera að greiðslur fari ekki fram fyrr en fyrir liggur hverjir séu kröfuhafar og hvaða stöðu þeir hafa í kröfuröðinni. En hér erum við auðvitað að gera undantekningu á því.

Um þessar brýnu forsendur, annars vegar að starfsmenn fái áfram laun í uppsagnarfresti um þessi mánaðamót og næstu tvenn mánaðamót og að innstæðueigendur í Þýskalandi fái forgangskröfur sínar greiddar, fjölluðum við aftur um í morgun vegna þess að efasemdir voru uppi um að ákvæðið svo breytt dygði til þess að heimila skilanefndunum að greiða full laun. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að því leyti er sú að veita skilanefndunum umbeðna lagaheimild. En það verður að segjast eins og er að eftir sem áður fer það auðvitað eftir stöðu búanna í hverju tilfelli fyrir sig og er háð mati skilanefndanna á því hvort búin eigi fyrir forgangskröfum að öllu leyti eða að hluta og þá auðvitað ræður það hvort og þá hversu mikið er greitt af launum.

Það hefur verið til umræðu að innköllunarfrestur í stóru gömlu bönkunum er einir sex mánuðir og að ekki komi til útgreiðslu krafna þar fyrr en í fyrsta lagi í lok nóvember næstkomandi. En í þeim fjármálafyrirtækjum sem hér um ræðir og enn eru að greiða flestum laun í uppsagnarfresti er aðeins um tveggja mánaða innköllunarfrest að ræða. Það er því sýnt að óvissuástandi, ef það skapast eftir gildistöku þessara laga, verði aflétt ekki síðar en í lok ágúst.

Frú forseti. Á framhaldnefndaráliti á þskj. 77 er að finna breytingu sem meiri hluti nefndarinnar leggur til eins og þar segir, en í breytingunni felst að það er tiltekið mjög skýrt til hvaða tímabils þessi heimild nær, þ.e. að þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 102. gr. laganna sé skilanefndinni heimilt, og hér kemur viðbótin, með leyfi forseta:

„... á tímabilinu frá gildistöku laga þessara og þar til skilyrði eru fyrir efndum krafna á grundvelli 6. mgr. 102. gr., að greiða skuldir vegna launa, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti, og vegna innlána sem veittur var forgangsréttur með 6. gr. laga nr. 125/2008, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, ef víst er að nægilegt fé sé til að greiða að fullu eða í jöfnu hlutfalli [þ.e. pro rata] kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð.“

Frú forseti. Ég tel að með þeim breytingum og þeim þrengingum sem hér er gerð tillaga um sé komið til móts við þá brýnu þörf sem leiddi til þess að hæstv. viðskiptaráðherra lagði þetta mál hér fyrir, annars vegar að tryggja að laun geti verið greidd út um þessi mánaðamót og tvenn næstu í tilteknum fjármálafyrirtækjum — það er málefni sem snertir um 200 starfsmenn — og hins vegar að hægt sé að standa við gerða samninga og yfirlýsingar um útgreiðslu á forgangskröfum í Kaupthing Edge í Þýskalandi.

[16:22]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta viðskiptanefndar og ég ætla að lesa það hér upp, með leyfi virðulegs forseta:

„Minni hlutinn átelur hversu skammur tími gafst til að fjalla um málið í þinginu. Nefndin hafði málið einungis til meðferðar í tvo daga og ljóst er eftir umfjöllunina í nefndinni að um flókið og vandmeðfarið mál er að ræða. Nefndin fékk gesti á sinn fund og leitaði einnig eftir umsögnum en fáir umsagnaraðilar náðu að senda umsögn þar sem tímafrestur var afar knappur.

Að mati minni hlutans hafa ekki komið fram sannfærandi rök fyrir því að vinna málið í jafnmiklum flýti og gert var. Helstu rökin sem nefnd hafa verið fyrir flýtimeðferðinni eru launagreiðslur til fyrrum starfsmanna tiltekinna fjármálastofnana á uppsagnarfresti. Minni hlutinn hefur skilning á því sjónarmiði. Efasemdir hafa komið um að umrædd lagabreyting muni nægja til þess að hægt verði að greiða út launakröfur og því alls óvíst að því markmiði laganna verði náð. Ef málið hefði komið fyrr inn í þingið og skipulegar hefði verið unnið að því hefði mögulega verið unnt að finna á þessu lausn. Minni hlutinn lýsti sig tilbúinn að koma að slíkri vinnu og ýmsar hugmyndir voru reifaðar sem ekki náðist að skoða.

Það sem snýr að launagreiðslunum er hins vegar mjög lítill hluti þeirra fjármuna sem um ræðir. Stærsti hluti umsagnaraðila vöruðu við að samþykkja frumvarpið óbreytt og töldu að það gæti ógnað íslenskum hagsmunum á þessum óvissutímum vegna inngripa í þá slitameðferð sem nú er hafin. Alþekkt er að uppgjörsmál föllnu bankanna eru mjög viðkvæm, bæði innan lands og utan. Þess vegna er mikilvægt að öll inngrip verði mjög vel ígrunduð og vönduð. Minni hlutinn leggur ekki mat á það hvort fullyrðingar umsagnaraðila hvað þetta varðar standist. Til þess var tíminn of skammur.“

Virðulegi forseti. Það skal hins vegar alveg tekið fram að samstarfið í nefndinni hvað þetta mál varðar var með miklum ágætum og má hv. þm. Álfheiður Ingadóttir eiga það að hún gerði þetta lipurlega og við funduðum jafnmikið og við gátum frá síðasta miðvikudegi í tengslum við þetta. Það var hins vegar kallað eftir umsögnum og út af þessum skamma tíma gátu alls ekki allir sem við vildum fá umsagnir frá komið með þær og aðrir nefndu eðlilega að þeir væru að vinna þessa hluti í miklum flýti.

Það er með þetta mál hins vegar, svo að því sé til haga haldið, og þau mál sem við höfum rætt hér sem tengjast uppgjörum gömlu bankanna og samskiptum okkar við aðrar þjóðir og stundum deilur, að þetta er bara einn angi af því máli. Það er alveg augljóst að lagasetningin sem var afgreidd í apríl hefur ekki náð því markmiði sem til var ætlast. Það er alveg ljóst að vegferðin sem menn hófu hefur ekki orðið sú sem þeir lögðu upp með. Það er í okkar huga alveg skýrt að við erum ekki búin að fá heildarmyndina og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í viðskiptanefndinni og er þetta einungis partur af því. Í okkar huga væri þess vegna ábyrgðarlítið að greiða þessu atkvæði miðað við þær upplýsingar sem við höfum í tengslum við þetta mál. Vera

má að meiri hlutinn hafi meiri upplýsingar. Ég vil, virðulegi forseti, ekkert fullyrða um það. En það er algjörlega ljóst í mínum huga að við þurfum að fá meiri upplýsingar og skýrari mynd af þessu máli öllu saman og við þurfum að fá það mjög hratt.

Ráðgerðir eru fundir við fulltrúa annarra þjóða strax í næstu viku. Ég vil þó taka fram að eftir því sem ég best veit er búið að boða til fundar í viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd um þessi mál og ég vonast til þess að við tökum allan þriðjudaginn þegar þing kemur saman á ný til þess að fara yfir þessi mál því að umfjöllun um þetta mál núna á þessum tveim dögum, sem er búin að vera mjög mikil — ég efast um að við hefðum getað fundið fleiri tíma til að funda, alla vega ekki mjög marga — varpaði ljósi á það að við vorum hér rétt að skoða toppinn á ísjakanum og það vantar mjög mikið af upplýsingum um þetta mál.

Virðulegi forseti. Það sem helst hefur verið nefnt í tengslum við þetta, í það minnsta á síðustu metrunum, varðar launagreiðslur til ákveðinna starfsmanna á uppsagnarfresti. Við erum og erum áfram tilbúin til þess að leggja mikið á okkur til þess að leysa úr þeim málum. Það er mikilvægt. En því miður, miðað við þær umsagnir sem komu inn, er ekki einu sinni ljóst að þessi lagabreyting muni duga til þess að leysa það mál. Ég vona að það sé rangt. Ég vona að það verði þó til þess. En því verður að halda til haga að þau sjónarmið hafa komið fram. Það vantaði ekkert upp á það hjá minni hlutanum og að vísu hjá meiri hlutanum líka — ég bara þakka fyrir samstarfið hvað varðar þetta mál. Það var mjög gott — að nefndarmenn voru tilbúnir að leggja sig alla fram til þess að leysa úr því máli og öðrum og ekki er hægt að halda öðru fram en að menn voru til í að víkja öllu öðru til hliðar til þess að vinna í þessu máli. Missti ég til dæmis af heimsókn heilbrigðisnefndar til Landspítalans sem mér þótti mjög miður því að ég hef mikið dálæti á þeirri stofnun eftir að hafa kynnst henni sem heilbrigðisráðherra og þykir miður að hafa ekki getað hitt fólkið við það tækifæri. En það gefast önnur tækifæri til þess að fara yfir málefni þess spítala. Það er nú algjört aukaatriði, virðulegi forseti. Stóra málið er að þetta er enn eitt dæmið um að að við verðum að fá vandaða umfjöllun um þessi mál. Við verðum að fá upplýsingar. Ég treysti því að það verði gert í síðasta lagi á þriðjudaginn og að þá förum við vel yfir þau mál því að hér eru gríðarlegir hagsmunir í húfi. Það var algjörlega ljóst á þeim umsagnaraðilum sem komu fyrir nefndina og sendu inn umsagnir að þeir mátu það svo að hér væri mikið í húfi. Ég vona að aðvörunarorð umsagnaraðilanna eigi ekki rétt á sér og ég vona að þetta hafi verið óþarfa áhyggjur. En, virðulegi forseti, ég get ekki vitað það miðað við þá umfjöllun sem við höfum haft og það sem við erum búin að vinna fram til þessa og er það auðvitað miður.

[16:30]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég kýs að nota mér þetta andsvarsform enda þó ég ætli ekki að andmæla hv. þingmanni sérstaklega. Ég vil taka undir það sem hann sagði um þann knappa tíma sem nefndin hafði til að fjalla um þetta mál. En ég vil líka nota tækifærið og þakka hv. nefndarmönnum í viðskiptanefnd góð störf og það að hafa sett þetta mál í algeran forgang eins og reyndar þingið óskaði eftir þegar það tók það hér á dagskrá með afbrigðum á þriðjudaginn var.

Ég vil, vegna þess að hér stendur í framhaldsnefndaráliti minni hluta viðskiptanefndar á þskj. 78, að alls óvíst sé að því markmiði laganna verði náð að unnt verði að greiða út laun um þessi mánaðamót og næstu tvenn til starfsmanna í uppsagnarfresti hjá þessum fjármálafyrirtækjum, þ.e. þá vil ég ítreka að það er þá ekki vegna þess að það sé hægt að kenna því um að það skorti lög sem heimila það heldur verður þá um að ræða skort á fjármagni, þ.e. að viðkomandi fjármálafyrirtæki treysti því ekki að geta greitt forgangskröfur eins og laun að öllu leyti.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, virðulegi forseti. Mig langaði aðeins til að ítreka þakkir til nefndarmanna og koma þessu atriði á framfæri.

[16:31]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni og formanni viðskiptanefndar fyrir þessa athugasemd. Ég held hins vegar að stóra málið og eins og flestir nálgist þetta sé með þeim hætti að þetta snerist um það að leysa þetta mál fyrir þessa fyrrverandi starfsmenn fjármálafyrirtækjanna þannig að það kemur í raun á sama stað niður fyrir viðkomandi starfsmann hver ástæðan er ef viðkomandi fær ekki greidd laun. Ég veit hins vegar að formaður hv. viðskiptanefndar er mér hjartanlega sammála og örugglega allur þingheimur um að við vonum svo sannarlega að þessar áhyggjur séu óþarfar alveg á sama hátt og ég vona svo sannarlega að þessar viðvaranir sem komu nokkurn veginn fram hjá langflestum, næstum öllum umsagnaraðilum varðandi það að varhugavert sé að samþykkja þetta sökum þessara stóru hagsmuna, út af því að við séum að ganga inn í þá slitameðferð sem nú þegar er hafin, ég vona svo sannarlega, virðulegi forseti, að það séu óþarfa áhyggjur. En eins og fram hefur komið náðum við ekki að fara nógu vel yfir það til að geta lagt á það fullnægjandi mat.

[16:33]

Útbýting:

Verkefnastaða í vegaframkvæmdum á Vestfjarðavegi 60, 68. mál, fsp. ÓÞ, þskj. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:35]

Brtt. í nál. 77 samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjG, BjörgvS, EyH, GuðbH, HHj, JBjarn, JRG, KaJúl, LMós, MSch, OH, SDG, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ÞSa.

9 þm. (ÁJ, BirgJ, GÞÞ, IllG, ÓN, PHB, RR, TÞH, UBK) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BjarnB, EKG, GLG, GStein, GBS, HöskÞ, JóhS, JónG, KJak, KÞJ, KLM, LRM, MT, ÓÞ, REÁ, RM, SIJ, SF, SSv, ÞKG, ÞrB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. svo breytt samþ. með 28:2 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjG, BjörgvS, EyH, GuðbH, HHj, JBjarn, JRG, KaJúl, LMós, MSch, OH, SDG, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: BirgJ, ÞSa.

8 þm. (ÁJ, GÞÞ, IllG, ÓN, PHB, RR, TÞH, UBK) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BjarnB, EKG, GLG, GStein, GBS, HöskÞ, JóhS, JónG, KJak, KÞJ, KLM, LRM, MT, ÓÞ, REÁ, RM, SIJ, SF, SSv, ÞKG, ÞrB, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 80).

Fundi slitið kl. 16:36.

13. FUNDUR

miðvikudaginn 3. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

2. Útflutningsskylda dilkakjöts, fsp. EKG, 8. mál, þskj. 8.

Til viðskiptaráðherra:

3. Starfsemi banka og vátryggingafélaga, fsp. ÁÞS, 19. mál, þskj. 19.

4. Flutningskostnaður á landsbyggðinni, fsp. BJJ, 22. mál, þskj. 22.

Til menntamálaráðherra:

5. Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri, fsp. EKG, 42. mál, þskj. 42.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:33]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Borist hefur bréf frá hv. 4. þm. Suðurk., Atla Gíslasyni, um að hann geti ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur af persónulegum ástæðum.

Í dag tekur sæti á Alþingi 1. varamaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Arndís Soffía Sigurðardóttir ferðaþjónustubóndi. Kjörbréf hennar hefur þegar verið rannsakað. Hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Arndís Soffía Sigurðardóttir, 4. þm. Suðurk., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:33]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Arndís Soffía Sigurðardóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[13:34]

Útbýting:

Listamannalaun, 69. mál, frv. menntmn., þskj. 81.

Starfsmenn í hlutastörfum, 70. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 82.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti tilkynnti að um kl. þrjú færi fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 8. þm. Reykv. n.

[13:34]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Um klukkan 3 í dag fer fram utandagskrárumræða um stöðu heimilanna. Málshefjandi er hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 3. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í tæpa klukkustund.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Staðan í Icesave-deilunni.

[13:35]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Getur hæstv. fjármálaráðherra upplýst þingið um stöðu mála í viðræðum við bresk stjórnvöld vegna Icesave-reikninganna og hvort rétt sé að til standi að undirrita einhvers konar samkomulag við bresk stjórnvöld jafnvel á morgun og ef ekki á morgun, hvenær þá og hvað í slíku samkomulagi felist eða hvað ráðherrann gerir ráð fyrir að í því muni felast?

[13:35]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Eins og þingmönnum er kunnugt var afgreidd ályktun um það á þingi þar sem stjórnvöldum var falið það verkefni að ræða við bresk og hollensk stjórnvöld um lyktir þessarar deilu og síðan hefur með reglubundnum hætti verið skýrt frá því hvað aðhafst hefur verið í þeim efnum og m.a. utanríkismálanefnd verið haldið upplýstri um það. Viðræður eða þreifingar milli aðila hafa gengið hægar en ætlunin var, m.a. vegna þess að Bretar hafa ítrekað óskað eftir frestun á fundum sem fyrirhugaðir voru. Það er verið að reyna að koma í gang formlegum samningaviðræðum en þær eru ekki hafnar heldur eru könnunarþreifingar eða könnunarviðræður í gangi. Ég held að ég geti fullvissað hv. þingmann um að það standi ekki til að ganga frá einhverju samkomulagi á morgun eða einhverja næstu daga og áður en til slíks kæmi yrði að sjálfsögðu haft samráð við utanríkismálanefnd og aðra þá aðila sem þingið hefur haft til að fylgjast með framvindu þessara mála. Staða málsins er sú að það eru könnunarviðræður eða könnunarþreifingar í gangi.

Lög um fjármálafyrirtæki og bréf frá Kaupthing Edge.

[13:37]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. viðskiptaráðherra. Í síðustu viku afgreiddi Alþingi eins og kunnugt er á methraða frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki. Við í minni hlutanum lögðumst á eitt með meiri hlutanum um að afgreiða frumvarpið hratt og funduðum ítrekað um málið, m.a. tvisvar með hæstv. ráðherra, og bæði þar og líka í umræðum á þinginu var kallað eftir öllum upplýsingum sem máli gæti skipt fyrir afgreiðslu málsins. Útgreiðsla Kaupthing Edge var þar nefnd sem ein ástæða fyrir flýtimeðferð málsins en þó taldi hæstv. viðskiptaráðherra það ekki eiga að skipta sköpum því að lykilatriði væri að þýsk stjórnvöld sæju að verið væri að vinna að málinu í þinginu. Þess vegna kom það mér sem og öðrum nefndarmönnum í viðskiptanefnd mjög á óvart að á

föstudaginn, sama dag og lögin voru samþykkt, kom frétt á Stöð 2 þess efnis að þýsk stjórnvöld hefðu hótað Íslendingum í bréfi til skilanefndar Kaupþings að ef lögin væru ekki samþykkt hefði það, svo ég vitni í fréttina, slæmar afleiðingar fyrir Ísland og áhrif á viðræður við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn svo eitthvað sé nefnt.

Þremur dögum síðar tjáði hæstv. ráðherra sig um málið og lét hafa eftir sér að það væri sitt mat að það væri ekkert í bréfinu sem túlka mætti sem hótun í garð Íslendinga. Þarna væru þýsk stjórnvöld að lýsa áhyggjum sínum. Formaður viðskiptanefndar, sem ég verð að hrósa sérstaklega fyrir sinn þátt í þessu máli, hefur kallað eftir því að fá bréfið frá viðskiptaráðuneytinu en viðskiptaráðuneytið vísar því til skilanefndarinnar sem svaraði nefndinni í morgun að hún sæi sér ekki fært að afhenda bréfið nema að undangengnu samþykki við viðkomandi aðila. Mér finnst með ólíkindum að ráðherrann — sem annars staðar, á Austurvelli fyrr í vetur, kallaði eftir opnu og gagnsæju efnahagslífi — treysti ekki hv. viðskiptanefnd fyrir þessum tölvupósti og spyr hvort hann ætli að beita sér fyrir því að nefndin fái þessi gögn eða hann feli sig hreinlega á bak við skilanefnd Kaupþings í þessu máli. Ég vil spyrja hann um þetta því að það er óþolandi að þingmenn þurfi að heyra af þessum meintu (Forseti hringir.) bréfaskriftum í fjölmiðlum. Og er eitthvað annað sem hæstv. ráðherra vill deila með okkur varðandi þessi mál?

[13:39]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fá tækifæri til að skýra þetta undarlega mál en vil fyrst halda því til haga að ég kom, eins og hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir hefur bent á, tvisvar á fund viðskiptanefndar í síðustu viku og skýrði þá skilmerkilega frá sjónarmiðum aðila, þar á meðal Þjóðverja, í þessu máli. Það er alveg rétt að Þjóðverjar hafa og höfðu áhyggjur af því að útgreiðsla þessara innstæðna mundi dragast. En ég get hins vegar fullyrt og stend við það og það mun koma í ljós þegar viðkomandi skeyti verður birt, sem verður vonandi sem fyrst og ráðuneytið hefur þegar gripið til ráðstafana til að reyna að flýta því, að Þjóðverjar hafa ekki með neinum hætti haft í hótunum við Íslendinga, hvorki varðandi Evrópusambandið né Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða á annan hátt í þessu máli. Það er hreinlega röng fullyrðing eins og mun koma á daginn þegar þetta skeyti verður birt sem verður vonandi sem fyrst.

Ég vil segja við þá sem hafa verið með þann málflutning að halda því fram, og byggja það að því er virðist ekki á öðru en frétt í einum fjölmiðli, að hið stóra og mikla vinaland okkar Þýskaland stundi þau vinnubrögð í alþjóðasamskiptum að hóta vinaþjóðum sínum með því að láta starfsmann í ráðuneyti skrifa bankastarfsmanni og vera þar með einhver skilaboð sem eru ekki ljósari en svo að þegar ég hef lesið viðkomandi skeyti get ég á engan hátt skilið að þar sé verið að hóta Íslendingum, að þá eru menn að gera Þjóðverjum upp ansi miklar sakir. Það má kannski spyrja, ef Þjóðverjar hafa ekki betri leið til að koma skilaboðum til íslenskra stjórnvalda en að gera það með þessum hætti, hvort menn telji þá að næsta skref Þjóðverja í málinu verði að setja flöskuskeyti í höfnina í Hamborg og vonast til þess að með þeim hætti nái Íslendingar því hvað þeir eru að fara. Þjóðverjar hafa ýmsar leiðir til þess að tala við íslensk stjórnvöld. Ég hef m.a. hitt sendiherra Þýskalands margoft á undanförnum mánuðum og þeir þurfa ekki að grípa til þessa ráðs sem hér er verið að dylgja um.

[13:41]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Bara til að forðast allan misskilning var ég ekki að amast út í þýsk stjórnvöld í fyrirspurn minni heldur var ég að inna hæstv. ráðherra eftir því af hverju í ósköpunum hann lætur þennan tölvupóst þá ekki bara flakka og koma honum í umræðuna vegna þess að eins og hann sjálfur nefndi í ræðu sinni er það einungis opin umræða sem gæti komið í veg fyrir svona málflutning eins og hann kann að nefna það.

Það að tala um flöskuskeyti í Hamborgarhöfn er ekki til að upplýsa um þetta mál og gerir ekki mikið fyrir málefnalega umræðu. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra aftur: Er ekki langbest í stöðunni til að upplýsa þetta mál og koma í veg fyrir að samskipti okkar við okkar ágætu vini Þjóðverja, sem ég vona svo sannarlega að hafi ekki verið að beita okkur neinum þrýstingi og á ekki sérstaklega von á en ég heyrði í fjölmiðlum eins og aðrir hér? Er ekki málið að upplýsa um þennan tölvupóst til að koma í veg fyrir að svona málflutningur haldi áfram?

[13:42]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég gæti ekki verið meira sammála hv. þingmanni að besta leiðin til að upplýsa þetta mál er að birta þetta tölvuskeyti. Þegar ráðuneytið frétti að skilanefnd Kaupþings hefði talið að sér væri það ekki heimilt nema að fengnu samþykki þess sem skrifaði það, þá óskaði ráðuneytið þegar eftir því að skilanefnd Kaupþings útskýrði sjónarmið sín í málinu og mun reka á eftir því að skeytið verði birt hið fyrsta og það verður enginn fegnari en ég þegar það loksins kemur fyrir almenningssjónir.

Erindi utanríkisráðherra til Möltu.

[13:43]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Í gær bárust fréttir af því að hæstv. utanríkisráðherra væri staddur á Möltu í viðræðum við þarlenda um málefni sem tengjast aðild Íslands að Evrópusambandinu eftir því sem ráða mátti af fréttaflutningi. Í ljósi þess að málefni af því tagi eru afar mikilvæg um þessar mundir og jafnframt viðkvæm vildi ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra, sem leiðtoga annars stjórnarflokksins og annan af helstu ábyrgðarmönnum ríkisstjórnarinnar, hvert nákvæmlega var erindi hæstv. utanríkisráðherra til Möltu? Var hann þar, eins og kom fram í einhverjum fréttatímum, að leita stuðnings við aðild Íslands að Evrópusambandinu og ef svo er, í hvers umboði var hann í þeim erindagerðum? Eftir því sem mér skilst hefur Alþingi Íslendinga ekki falið honum slíkt verkefni og þá er spurningin hvort ríkisstjórn Íslands er á bak við þann erindrekstur hæstv. utanríkisráðherra.

[13:45]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Nú er það svo að hæstv. utanríkisráðherra ber ekki sín ferðaplön undir mig sérstaklega og ég bara hreinlega hef engar upplýsingar um það af hvaða meginástæðum hæstv. utanríkisráðherra hefur lagt leið sína til Möltu. Ég hef séð eitthvað fjallað um þetta í fjölmiðlum eins og gengur. Hæstv. ráðherra er að sjálfsögðu frjálst að heimsækja þá sem hann telur sig eiga erindi við og þeim sem taka á móti honum að gera það rétt eins og við fáum okkar gesti og tökum á móti þeim þó að ekki líki öllum vel í sumum tilvikum.

Hæstv. utanríkisráðherra er einfaldlega frjáls ferða sinna og stjórnar sínum ferðaplönum. Ég geri ráð fyrir að hann hafi talið sig eiga erindi á þennan vettvang. Kannski er hann þarna fyrst og fremst í fræðsluskyni til að læra af eyþjóðinni sem þarna býr. Og ef marka má af fjölmiðlafréttum hefur hann rætt eitthvað við þá um reynslu þeirra af því að ganga inn í Evrópusambandið og ég held að enginn geti láð honum það þó að hann vilji spjalla um það. Hæstv. utanríkisráðherra er kunnur áhugamaður um það mál. En hitt er ljóst að hann fer þarna í krafti embættis síns sem utanríkisráðherra og hefur ekki borið það undir ríkisstjórn, enda ekki venjan í sjálfu sér að ráðherrar beri ferðaplön sín undir samráðherra sína í ríkisstjórn. Hæstv. utanríkisráðherra er örugglega vel kunn staða málsins hér á Alþingi þannig að ég treysti því að hann fari með sitt umboð og sitt erindi í samræmi við hina formlegu stöðu málsins eins og hún er, að málið er í höndum Alþingis.

[13:46]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svörin. Þau voru ágæt svo langt sem þau náðu en auðvitað gat hann ekki upplýst nákvæmlega um hvað hæstv. utanríkisráðherra og Maltverjum hefur farið á milli í þessum viðræðum.

Það er auðvitað áhugavert og athyglisvert að ferðin hefur ekki verið rædd í ríkisstjórn og þess vegna eru það ekki ríkisstjórnarmál sem hæstv. utanríkisráðherra er að ræða þarna eftir því sem mér skilst, og hlýtur það að takmarka mjög hvað hann getur rætt því að þrátt fyrir að hæstv. utanríkisráðherra sé frjáls ferða sinna og hafi almennt málfrelsi þá er það auðvitað ábyrgðarhlutur hvað menn í hans stöðu (Gripið fram í.) ræða við fulltrúa erlendra ríkja. Það er auðvitað ekki ótakmarkað sem menn geta leyft sér í því sambandi.

Hins vegar kann að vera rétt (Forseti hringir.) sem hæstv. fjármálaráðherra sagði að hæstv. utanríkisráðherra sé bara að afla upplýsinga um það hvernig Maltverjum tókst að tryggja það að þeir halda strandveiðum (Forseti hringir.) eða smábátaveiðum rétt fyrir utan landsteinana án afskipta Evrópusambandsins. Það kann að vera að hann sé að afla sér þeirra upplýsinga (Forseti hringir.) og það er út af fyrir sig ágætt.

[13:48]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hv. þingmaður verður náttúrlega að hafa í huga að hæstv. utanríkisráðherra er utanríkisráðherra. Það er náttúrlega ekki venjan að utanríkisráðherrar almennt þurfi að bera verkefni á sínu verksviði undir samráðherra sína eða þess vegna Alþingi frekar en ráðherrar þurfa yfirleitt að gera, samanber hina margtuggnu klisju að ríkisstjórn er ekki fjölskipað stjórnvald og ráðherra er ábyrgur á sínu sviði fyrir sínum málaflokki og á það við sjálfan sig í hvaða mæli hann upplýsir samráðherra sína um hluti eins og t.d. það hvert hann hyggst ferðast eða hvert hann á erindi hverju sinni.

Ég held að við hljótum að treysta hæstv. utanríkisráðherra til að fara þarna vel og gætilega með vald sitt og kunna orðum sínum stað eins og hann er þekktur fyrir af sinni hógværð. Ég hef engar áhyggjur af því að þessi ferð hæstv. utanríkisráðherra verði til annars en gagns og honum vonandi til gleði.

Þjóðlendur.

[13:49]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kem upp í fyrirspurn er í raun frétt sem ég rakst á á netmiðlunum og varðar þjóðlendur. Það kom mér verulega á óvart að núverandi hæstv. fjármálaráðherra virðist ætla að halda áfram með það ólukkans mál sem hið svokallaða þjóðlendumál hefur verið á þjóðinni og ekki síst á landsbyggðinni og bændum og sveitarfélögum. Það kom mér því mjög á óvart að sjá 28. maí sl. svohljóðandi frétt, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra hefur, fyrir hönd íslenska ríkisins, afhent óbyggðanefnd kröfur sínar um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi (nyrðri hluta). Óbyggðanefnd kallar nú eftir kröfum þeirra sem þar kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta.“

Ég hafði og margir fleiri einhvern veginn túlkað orð a.m.k. sumra frambjóðenda flokks þess sem hæstv. fjármálaráðherra er í forsvari fyrir á þann veg að rétt væri að taka upp önnur og betri vinnubrögð varðandi þessar þjóðlendur. Því kemur það mjög á óvart að núverandi ráðherra ætli sér að halda áfram því sem ég vil kalla a.m.k. að hluta til aðför að eignarrétti bænda, landeigenda og sveitarfélaga.

Ég vil benda á að á vef Alþingis er að finna fjölmargar ræður þar sem hæstv. núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hæstv. fjármálaráðherra og fleiri ræða þessi mál og þar virðist koma fram annað sjónarmið en nú er haldið á lofti. Ég vil því spyrja ráðherrann hvort hann hyggist halda áfram af fullri hörku með þjóðlendumálið eins og það leit út þegar hann tók við embætti. Mun hann halda því áfram eða mun hann gera einhverjar breytingar og þá hvaða breytingar á málsmeðferð og öðru?

[13:51]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Forsaga þessa máls er orðin alllöng. Eins og kunnugt er voru sett á Alþingi lög og síðan fór málið í hendur ríkisstjórnar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna og framkvæmdin hófst í þeirra tíð. Kom nokkuð á óvart hversu víðtæk kröfugerð ríkisins var í fyrstu tilvikum. Menn bundu síðan vonir við að dómavenjur mundu skapast

sem gerðu framkvæmdina einfaldari í framhaldinu. Það gekk síðan ekki eftir og þessu hafa fylgt miklar deilur og mikill kostnaður.

Þegar ég kom í ráðuneytið í vetur spurðist ég fljótlega fyrir um stöðu þessa máls og var þá upplýst að nokkurn veginn væri tilbúin kröfulýsing á því svæði sem næst átti að taka fyrir, þ.e. Mið-Norðurlandinu eða á vestanverðum Tröllaskaganum. Sú vinna var frágengin og hafði þegar verið stofnað til hennar með miklum kostnaði. Ég lét bíða með málið og kynnti mér kröfulýsinguna og var sannfærður um að hún væri mun hógværari af hálfu ríkisins en áður hefði verið og tæki mið af þeirri meginniðurstöðu sem smátt og smátt hefði orðið í dómum og úrskurðum á undangengnum svæðum. Framkvæmdin er meira en hálfnuð og vandasamt að snúa við úr þessu. Jafnræðis vegna m.a. verður vandséð annað en að ljúka verði þessari framkvæmd. Vonandi er hægt að gera það á mildilegri hátt en farið var af stað með og lagt var upp með. Ég hvet hv. þingmann m.a. til að skoða nú kröfulýsinguna á þessu svæði. Ég held að hann komist að raun um að þar er hvergi nærri gengið eins langt eins og var af hálfu ríkisins þegar kröfum var lýst á fyrstu svæðunum.

[13:53]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Ég get upplýst hæstv. ráðherra um að ég hef bæði sem sveitarstjórnarmaður og nú sem alþingismaður kynnt mér þessi mál og ég verð að segja það að mér finnst ekki stór breyting á þeirri kröfugerð sem nú er verið að fara fram með og hvernig hún er sett fram, frá því sem áður var.

Ég túlka orð ráðherrans þannig að hann ætli sér að halda áfram með þá vinnu sem er í gangi varðandi óbyggðanefnd, þ.e. að hún haldi áfram vestur eftir landinu — hún er á norðvestanverðu landinu núna — og hann ætli að senda nefndina áfram og klára landið með þeim vinnubrögðum sem nú eru í gangi.

Það er verið að seilast mjög langt í núverandi kröfugerð og þeirri kröfugerð sem ég vitnaði í áðan sem var í fréttum á netinu. Það er farið mjög langt, í raun niður undir byggð. Það er verið að fara í afrétti sem tilheyrt hafa landeigendum og sveitarfélögum svo öldum skiptir. Og ég vil því spyrja ráðherrann hvort hann ætli (Forseti hringir.) virkilega að beita áfram sömu hörku og verið hefur.

[13:54]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Varðandi þetta mál hefur engin ákvörðun í sjálfu sér verið tekin um annað en það að ég féllst á, eftir að hafa skoðað þá vinnu sem lá nokkurn veginn tilbúin í ráðuneytinu og kostað hafði verið umtalsverðum fjármunum til að útbúa, að hún yrði birt.

Hvað verður síðan um framhaldið er í sjálfu sér sjálfstætt mál en ég verð þó að segja það sem ég sagði áðan að þeim mun lengra sem komið er í framkvæmdinni þeim mun vandséðara er að það sé auðvelt mál að snúa við eða breyta í grundvallaratriðum aðferðafræðinni vegna þeirra jafnræðissjónarmiða og ýmissa slíkra hluta sem þá koma upp. Þessi leiðangur var farinn til að eyða réttaróvissu og koma á hreint skipulagsmörkum og almannaeignarhaldi á þeim svæðum einkum á miðhálendinu sem enginn gat sannað eignarrétt sinn á, hvorki einstaklingar, sveitarfélög eða ríkið, og þannig verður til hugtakið þjóðlenda. Ég held að það sé gilt í sjálfu sér að reyna að fá botn í þessi mál.

Hins vegar andmæli ég (Forseti hringir.) því að ekki hafi orðið breyting þarna á hvað varðar aðkomu ríkisins eða kröfulýsingu ríkisins. Og ég endurtek að ég var sannfærður um að svo væri í þessu tilviki, t.d. er tekið meira mið af hæðarlínum og öðru slíku en (Forseti hringir.) gert var í fyrri kröfulýsingu.

Orkufrekur iðnaður.

[13:55]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Atvinnuleysi er eitthvert versta böl sem þjóðin býr við og er án efa alvarlegasta ógnin við stöðu margra heimila. Sennilega er atvinnuleysi stærsta vandamálið sem okkur hrjáir með þeim skelfilegu afleiðingum sem það hefur á stöðu margra heimila. Og ef eitthvað eitt getur hjálpað mest er það að við náum eflingu í atvinnulífið, að við náum að skapa fleiri atvinnutækifæri og náum að ráðast á þessa alvarlegu ógn.

Við höfum þurft að horfa fram á glötuð tækifæri á undanförnum árum, glötuð tækifæri sem hefðu skapað hér mikil verðmæti, mikla atvinnu. Þau tækifæri hafa fyrst og fremst glatast vegna óvissu, vegna aðgerðaleysis og vegna misvísandi skilaboða. Þar er ég að vitna í tækifæri eins og verksmiðjubyggingu í Þorlákshöfn og stækkun álversins í Straumsvík sem hefði fært okkur mikla atvinnustarfsemi og við værum ekki að horfa upp á það atvinnuleysi sem við búum við í dag ef þessi verkefni hefðu fengið eðlilega meðferð og væru í gangi nú.

Hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra talaði um að í iðnaðarráðuneytinu væri mikil undirbúningsvinna í gangi við að leita tækifæra og ræða við aðila sem vildu koma með starfsemi til Íslands. Núverandi hæstv. iðnaðarráðherra sagði í ræðustóli Alþingis fyrir ekki löngu síðan að aldrei fyrr hefðu verið eins mörg verkefni til skoðunar í iðnaðarráðuneytinu. Aldrei fyrr hefði verið eins mikið að gera þar við að ræða við aðila sem vildu koma með starfsemi til Íslands.

Ég vil því inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig viðræður við þessi fyrirtæki ganga. Hvenær megum við vænta þess (Forseti hringir.) að fyrstu verkefnin líti dagsins ljós og hver eru svör til þeirra fyrirtækja sem eru að leita eftir því að koma með orkufrekan iðnað til Íslands?

[13:58]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn og deili með honum þeirri skoðun að atvinnuleysi sé eitthvert mesta böl sem við getum horfst í augu við. Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól að atvinnuleysi á ekki heima í því velferðarsamfélagi sem núverandi ríkisstjórn ætlar að treysta í sessi. Ég er honum hjartanlega sammála um þetta.

Hann talaði mikið um glötuð tækifæri vegna óvissu og þar er ég honum líka hjartanlega sammála. Við höfum horft upp á glötuð tækifæri á Íslandi vegna þess að þegar við höf-

um verið að laða að erlenda fjárfestingu til landsins höfum við hingað til horft á hvert einstakt tilvik fyrir sig. Við höfum ekki haft heildræna löggjöf um ívilnanir eða ramma utan um það hvernig og hvað við ætlum að bjóða nýrri fjárfestingu sem hingað vill koma.

Þess vegna lagði ég, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, fram mál í ríkisstjórn í gær sem fjallar einmitt um þetta, þ.e. að hér verði settur á laggirnar starfshópur sem vinni hratt og örugglega í sumar að því að marka heildarlöggjöf um ívilnanir þannig að það sé gagnsæi og heill pakki sem erlendar fjárfestingar geta gengið hér að.

Þarna komum við inn á t.d. Þorlákshöfn. Mér skilst að það verkefni höfum við misst til Kanada sem er einmitt einn af okkar helstu samkeppnisaðilum á þessu sviði vegna þess að Kanadamenn hafa gríðarlega mikið af endurnýjanlegri orku en þeir hins vegar hafa líka mjög öflugt ívilnanakerfi sem tekur á móti nýrri fjárfestingu í Kanada. Við það höfum við verið að keppa þannig að við erum ekki og höfum ekki verið samkeppnishæf hingað til.

Núverandi ríkisstjórn hefur sagt það skýrt í stjórnarsáttmála sínum að það sé vilji hennar að nota ívilnanir til að fá hingað erlenda fjárfestingu í grænum hátækniiðnaði og að því stefnum við. Ég hef sagt það hér líka að það eru fjölmörg verkefni á borðinu hjá okkur. Þau hafa mörg hver verið nefnd í fjölmiðlum eins og (Forseti hringir.) greint hefur verið frá og ég skal fara betur yfir það í seinna svari mínu.

[14:00]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki á þessum svörum. Í þeim liggur einfaldlega það að ríkisstjórnin er ekkert að gera í atvinnumálum, akkúrat ekki neitt. Þannig er það bara.

Hæstv. iðnaðarráðherra rakti hvaða sorglegu sögu við höfum að baki, sorglegu staðreyndir. Hún svaraði í engu hverju viðræðurnar eru að skila, hver staða þeirra mörgu verkefni sem eru á borði iðnaðarráðherra er, hvenær við megum vænta einhverrar útkomu úr þeim.

Nei, áherslur þessarar ríkisstjórnar liggja í skattahækkunum. Þær liggja ekki í atvinnuuppbyggingu til að efla það að fleiri geti borgað skatta og leyst þar með vanda heimilanna, þær liggja ekki þar. Hvað er t.d. að gerast hjá hæstv. ráðherra varðandi Helguvík? Er hæstv. ráðherra að staðfesta fjármögnunarsamning vegna Helguvíkur? Það er beðið eftir aðgerðum þar. Hvað annað er á borðinu? Það á að fara að stofna einhvern starfshóp. Ætli það verði ekki fyrst að hækka fleiri skatta? Ég reikna með því.

[14:01]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Auðvitað er hv. þingmaður svekktur yfir því að þessi ríkisstjórn skuli vera að gera það sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks (Gripið fram í.) hafði aldrei dug til að gera, sem var að setja heildarramma utan um erlenda fjárfestingu. (Gripið fram í.) Það er það sem við erum að gera.

Virðulegi forseti. Hér er ég spurð beint að því … (Gripið fram í.) Enda er þetta afrakstur þess að við erum núna langt komin með að byggja þá heildarlöggjöf sem við ætlum að fara í.

Virðulegi forseti. Ég er spurð beinna spurninga sem hv. þingmenn virðast ekki vilja fá svar við. Því er haldið fram hér af hv. þingmanni að það standi á einhverju varðandi Helguvík í iðnaðarráðuneytinu og líka félögum hans í Sjálfstæðisflokknum í fjölmiðlum. Það er auðvitað alrangt og það kom fram við meðferð málsins í þinginu í vetur hjá hv. iðnaðarnefnd að ESA þyrfti tíma að öllum líkindum fram á sumarið. Hér er því allt á áætlun til að fara (Forseti hringir.) yfir það hvort samningurinn samræmist þeim reglum.

Virðulegi forseti. Það er heilmikið að gerast hjá ríkisstjórninni í atvinnumálum. (**Gripið fram í:** Nei.) Á það skal bent að aðgerðirnar eru bæði stórar og smáar. (Forseti hringir.) Ég geri fastlega ráð fyrir og vonast til þess og mun róa að því öllum árum að í sumar komi hingað erlend öflug fjárfesting. (Gripið fram í.)

Lög um atvinnuleysistryggingar.

[14:03]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín tengist lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með áorðnum breytingum frá 2008–2009. Í efnahagsólgunni sem yfir þjóðina gekk á haustdögum 2008 og er enn við lýði var gripið til ýmissa aðgerða. Meðal annars var lögum um atvinnuleysistryggingar breytt í þá veru að þær eru greiddar að hluta samhliða minnkuðu starfshlutfalli, samanber greinar 22 og 24. Þessi ráðstöfun hefur gert ýmsum fyrirtækjum kleift að halda áfram starfsemi sinni og halda starfsmönnum sínum sem skiptir afar miklu máli bæði efnahagslega og félagslega.

Hins vegar virðist ekki liggja alveg ljóst fyrir hvert er vinnuréttarsamband launagreiðendanna annars vegar og launþegans hins vegar þann tíma sem atvinnuleysistryggingabætur eru greiddar. Tökum dæmi um að starfshlutfall sé minnkað með þeim hætti að einn dagur í viku, föstudagur, sé greiddur sem atvinnuleysisbætur. Þá vaknar sú spurning hvort vinnuréttarsamband rofni þegar vinnu lýkur á fimmtudegi og fram á mánudagsmorgun þegar vinna hefst að nýju eða ef ein vika er greidd sem atvinnuleysisbætur hvort vinnuréttarsamband rofnar þá vikuna.

Þetta skiptir, frú forseti, launþegann afar miklu máli. Það þarf að vera algjörlega skýrt hvort vinnuréttarsamband er á milli launagreiðanda og launþegans eða hvort rof verður á vinnuréttarsambandi sem hlýtur þá sjálfkrafa að skerða réttindi launþegans á ýmsum sviðum, þar á meðal greiðslur í lífeyrissjóð, félagsleg réttindi, veikindaréttindi, örorkubætur, slysabætur og margt annað. Því spyr ég hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra: Telur hann tryggt að vinnuréttarsamband haldist á milli launagreiðanda og launþega eða verður rof þarna á milli?

[14:05]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það úrræði í lögum sem hv. fyrirspyrjandi gerir að umtalsefni er mjög mikilvægt. Það gagnast mjög vel við núverandi aðstæður. Fyrirtæki þurfa þá ekki að segja fólki upp og þeir sem ella mundu horfa fram á að

missa vinnu að öllu leyti haldast áfram á vinnumarkaði og í virku starfi.

Varðandi þetta tiltekna atriði treysti ég mér ekki til þess að svara því hér og nú án þess að horfa betur á þau lagaákvæði sem um ræðir. Það þarf satt að segja nokkra textaskýringu til að svara til hlítar þessari fyrirspurn. En hér er hreyft mjög athyglisverðu álitamáli og mjög mikilvægt að þarna sé enginn vafi á, því að það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það getur haft áhrif á réttarstöðu starfsmanns hvernig vinnuréttarsambandinu er í reynd lagalega háttað þó svo að um vinnuskyldu sé alveg augljóslega ekki að ræða á þeim tíma sem greiddar eru bætur fyrir.

[14:06]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið svo langt sem það nær. Ég óska þess að hann kalli eftir eða skoði með hvaða hætti þessu er háttað og ef ekki er annað fært að hann sendi fyrirspyrjanda tölvupóst þar að lútandi.

[14:07]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég skal glaður láta ganga í athugun á þessu og kanna þetta mál og glaður skal ég senda hv. fyrirspyrjanda tölvupóst eða svara skriflegri fyrirspurn ef hv. fyrirspyrjandi kýs frekar. En eins og ég sagði er auðvitað mikilvægt að það leiki enginn vafi á réttarstöðunni við slíkar aðstæður.

Útflutningsskylda dilkakjöts.

Fsp. EKG, 8. mál. — Þskj. 8.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Á sínum tíma þegar unnið var að gerð sauðfjársamningsins var mjög tekist á um það hvort framlengja ætti svokallaða útflutningsskyldu á dilkakjöti. Niðurstaðan varð sú að ákveðið var að hætta útflutningsskyldu á árinu 2009 og nú er það merka ár runnið upp, en jafnframt var reynt að koma til móts við hagsmuni bænda með því að bæta inn í sauðfjársamninginn sérstakri greiðslu, 300 millj. kr. viðbótargreiðslu sem kemur til framkvæmda á þessu ári.

Það er ekki nein launung á því að þetta var kannski einn helsti ásteytingarsteinninn í þessu máli þegar þessir samningar voru í burðarliðnum og eins í þeirri umræðu sem fór fram meðal bænda þegar samningurinn var borinn undir atkvæði á sínum tíma. Niðurstaðan varð samt sem áður sú sem bændur og ríkisvaldið skrifuðu upp á, að fella niður útflutningsskylduna frá og með árinu 2009 og bæta síðan inn í samninginn upphæð eins og ég gerði grein fyrir.

Nú hafa aðstæður hins vegar á margan hátt breyst. Við vitum að erfiðleikarnir sem dunið hafa yfir þjóðfélagið hafa haft m.a. þær afleiðingar að ríkisstjórnin hefur gert nýjan samning við bændur þar sem gert er ráð fyrir því að bændur taki á sig skerðingu á vísitölubindingu búvörusamninganna eins og við ræddum hér í síðustu viku. Við vitum líka að það eru erfiðleikar á kjötmarkaði, við sjáum það á tilboðum og útsölum sem hafa orðið að það er mjög hart barist á þessum markaði, aðstæðurnar eru á margan hátt mjög þröngar sem hefur valdið miklum erfiðleikum víða í kjötframleiðslunni. Þess vegna hefur komið upp sú hugmynd meðal bænda, m.a. samtaka bænda, hvort ekki væri eðlilegt að taka ákvæðið sem sneri að útflutningsskyldunni upp að nýju, að freista þess að taka upp útflutningsskylduna þó ekki væri nema um stundarsakir meðan við erum að komast í gegnum mestu erfiðleikana.

Sjálfur tel ég það vera eðlilega kröfu af hálfu bænda að svo sé gert og hafði raunar rætt þetta við forustumenn bænda á liðnu hausti. Ég hafði hugsað mér að það gæti orðið hluti af þeim samningum sem við reyndum að ná milli bænda og ríkisvaldsins varðandi framlengingu á búvörusamningunum en það hefur greinilega ekki orðið niðurstaðan í þeim samningum sem tókust á milli bænda og ríkisvaldsins og bændur hafa nýverið staðfest með atkvæðagreiðslu sinni. Ýmis rök mæla með þessu, aðstæður á kjötmarkaðnum, það er nauðsynlegt að hafa möguleika til að jafna framboð á markaði og því er mikilvægt að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi heimild til að setja á útflutningsskyldu ef útlit er fyrir að kjötmarkaðurinn sé að taka dýfu eins og hann hefur verið að gera upp á síðkastið. Við vitum líka að innlend kjötvara hefur frekar stuðlað að lægra verði innan lands en hitt og það er ljóst að útflutningsskyldan hefur alls ekki hamlað því.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hver sé afstaða hans til þess að framlengja útflutningsskyldu á dilkakjöti.

[14:11]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir þessa spurningu, hver afstaða ráðherra sé til þess að framlengja útflutningsskyldu á dilkakjöti. Eins og þingmaðurinn minntist á var við afgreiðslu samnings við sauðfjárbændur um starfsskilyrði sauðfjárræktar, sem undirritaður var 25 janúar 2007, kveðið á um eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Frá og með 1. júní 2009 fellur útflutningsskylda kindakjöts skv. 29. gr. laga nr. 99/1993 brott. Fram til 1. júní 2009 gilda ákvæði 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um útflutning á dilkakjöti, eftir því sem við á.“

Samningur þessi var síðan staðfestur á Alþingi með lögum nr. 58 frá 27. mars 2007, um breytingar á búvörulögum. Sá samningur hefur síðan verið framlengdur. Það er mjög ánægjulegt að bændur samþykktu nýlega, í gær var einmitt talið, samninginn fyrir sitt leyti og endurnýjaður og framlengdur samningur er nú til meðferðar á Alþingi og ég vona að hann fái einnig góðan og farsælan framgang hér. Samkvæmt samningnum var ljóst að útflutningsskyldan yrði felld brott þann 1. júní.

Eins og þingmaðurinn kom inn á var það mjög umdeilt á Alþingi að fella útflutningsskylduna brott. Hún var eins konar jöfnunar- og stýritæki fyrir framleiðsluna. Þetta var samningur við bændur um ákveðna tiltekna framleiðslu sem átti að tryggja bæði framleiðslu og framboð hér á landi og þetta var líka eins konar trygging fyrir því að kæmi til

útflutnings mundi öll greinin taka þátt í því jafnt, til þess var þessi heimild inni.

Ég get rifjað það upp að ég sem var þá í stjórnarandstöðu á þinginu flutti breytingartillögu við samninginn um að haldið yrði inni heimild til ráðherra til að taka upp útflutningsskyldu að gefnum mjög ströngum skilyrðum. Ég minnist þess einnig að hv. þáverandi þingmaður, Einar Oddur Kristjánsson heitinn, flutti einmitt sams konar tillögu þá og við vorum alveg sammála í þeim málflutningi að það hefði verið styrkur í því að halda þessari heimild inni fyrir ráðherra. Tillögur okkar beggja voru felldar á Alþingi. Ég held að einungis þingmenn Vinstri grænna og hv. þáverandi þingmaður, Einar Oddur Kristjánsson, hafi greitt atkvæði með þeirri tillögu. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson greiddi atkvæði gegn henni að því að ég best veit.

Hins vegar er samningurinn orðinn að veruleika með þessum hætti og ekki séð hversu auðvelt það er að taka hann upp, ekki síst í ljósi þess mikla og yfirgnæfandi þingmeirihluta sem lagðist gegn því að þessi heimild væri inni á sínum tíma. Engu að síður tel ég að horfa eigi til þess að leita leiða til að skoða alla möguleika á að framleiðendur geti fengið heimild til að vinna sameiginlega að útflutningsmálum landbúnaðarins án þess að það stangist á við önnur lög eða reglur, enda tel ég að slíkt fyrirkomulag þjóni best hagsmunum landbúnaðarins og þjóðarinnar í heild.

Ég tel að möguleikar okkar í framleiðslu á landbúnaðarvörum til útflutnings séu miklir en við þurfum jafnframt að hafa í huga að það gildir líka samningur við bændur um að tryggja framboð og framleiðslu á innanlandsmarkaði, um það höfum við gert samning. Þessa hagsmuni alla þarf að vega og meta saman og gæta þess, hefjist útflutningur, segjum á lambakjöti, að hann lendi ekki á ákveðnum hluta framleiðenda og öðrum ekki ef ekki er um sambærileg verð að ræða.

Ég vona svo sannarlega og bind miklar vonir við það að hér geti orðið vaxandi útflutningur á landbúnaðarvörum og þá ber einnig að horfa til þess fyrir okkar litla land, fyrir okkar fáu framleiðendur, að hægt sé að bindast samtökum og standa sameiginlega eða í samstarfi að slíkum útflutningi þannig að bæði útflutningshagsmunir, markaðsstarf og verð gangi jafnt yfir alla eins og nokkur kostur er.

[14:16]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina. Það er ljóst að inn í þennan búvörusamning komu 300 millj. gegn því að útflutningsskyldan færi út. Um þetta voru mjög skiptar skoðanir meðal bænda á þeim tíma og var meðal annars flutt breytingartillaga um þetta í þinginu. Persónuleg afstaða mín gagnvart þessu er sú að ekki væri rétt að hefja útflutningsskyldu á nýjan leik á dilkakjöti. Það voru ákveðnir vankantar á þessari útflutningsskyldu og hún var umdeild meðal bænda. Það tóku ekki allir bændur þátt í henni, þeir sem þekkja svokallaða 0,7 reglu þekkja það. Mín persónulega skoðun á þessu máli er sú að skoða beri aðrar leiðir og hugsanlega að skoða útflutning landbúnaðarafurðanna í heild sinni eða a.m.k. að tryggt verði að allir sauðfjárbændur taki þátt í þeim útflutningi.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Það er eins og endranær. Hæstv. ráðherra svarar aldrei spurningum sem fyrir hann eru lagðar. Hins vegar held ég að ég hafi getað skilið ræðu hans einhvern veginn þannig að hann hafi í hjarta sínu áhuga á því að taka upp útflutningsskyldu en telji sig ekki hafa til þess pólitískan styrk í ríkisstjórninni. Með öðrum orðum, að hann hafi verið þar ofurliði borinn. Þetta er auðvitað nokkuð skýrt svar að því leyti til að þegar maður les í orð hans má a.m.k. draga þessa ályktun. Það kemur mér út af fyrir sig ekkert á óvart. Ég þekki alveg þau sjónarmið sem samstarfsflokkur hæstv. ráðherra hefur varðandi þessa hugmynd um útflutningsskylduna.

Ég get alveg tekið undir það sem hér hefur verið sagt að það megi vel hugsa sér annars konar útfærslu á útflutningsskyldunni og gera einhverjar breytingar frá því sem áður var. Það er auðvitað skynsamlegt að reyna að læra af reynslunni en það breytir ekki því að eins og ég nefndi áðan eru aðstæður á kjötmarkaðnum að ýmsu leyti öðruvísi en þær hafa verið. Það eru erfiðleikar núna á kjötmarkaðnum og þess vegna standa tiltekin rök til þess að við gerum þessar breytingar.

Það er alveg rétt að á sínum tíma varð það niðurstaðan í samningum ríkisvaldsins og bænda að falla frá útflutningsskyldunni gegn því að greiða 300 millj. til viðbótar inn í samninginn. Ég rakti það að tvennt hefði breyst, annars vegar þetta sem ég nefndi með kjötmarkaðinn og hins vegar hitt að við höfum gripið til þess að skerða búvörusamninginn og þess vegna hefði ég talið að það væri útlátalaust fyrir ríkið að opna á þessa heimild að nýju. Það kostar enga peninga fyrir ríkissjóð. Það liggur líka fyrir vilji bænda í þessum efnum. Það hefur margoft komið fram, m.a. frá Samtökum sauðfjárbænda sem ræddu um þessi mál við mig á haustdögum. Þess vegna ítreka ég þá spurningu til hæstv. ráðherra hvort hann hyggist ekki beita sér í þessu máli, vitandi að um þetta kunni að vera ansi víðtækur stuðningur, við vitum um stuðning bænda. Ég tel að það væri ómaksins vert fyrir hæstv. ráðherra að láta á það reyna hvort hann hefði til þess pólitískan stuðning á Alþingi.

[14:19]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Það vill svo til að formaður og framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda voru á fundi hjá mér í morgun og þeir eru ekki sömu skoðunar og fyrrverandi ráðherra og núverandi hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Mér finnst endilega að hv. þingmaður ætti að vita betur en hann lætur í ræðustól.

Ég minni aftur á af því að hv. þingmaður er að gera sig breiðan að hann greiddi atkvæði gegn tillögu um að þessi heimild væri inni fyrir landbúnaðarráðherra í samningnum en þáverandi samþingmaður hans, Einar Oddur Kristjánsson heitinn, flutti þá tillögu. Hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni var því ekki meira umhugað um málið en það. (**EKG:** Hver er skoðun þín núna?) Ég er þeirrar skoðunar að útflutningur eigi að vera unninn á sameiginlegum grunni og það eigi að bera alla hagsmuni þar saman. Ef bændur finna

aðra leið sem þeir lögðu upp fyrir mig í morgun og ég ætla ekki að rekja hér, forsvarsmenn Landssamtaka sauðfjárbænda lögðu upp fyrir mig í morgun og ég mun skoða með þeim, hygg ég að þeir geti komist að sömu niðurstöðu og til sama gagns en það á að skoða þetta allt saman.

Frú forseti. Mér finnst að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson eigi að horfa á og ræða málið jákvætt en ekki stöðugt að vitna til þess þegar hann sveik samninga á bændum síðastliðið haust, (Gripið fram í.) t.d. varðandi skerðingu á þeim samningi. Hagsmunir sauðfjárræktarinnar eru þeir að geta verið með öfluga og góða framleiðslu og líka til útflutnings og það á reyndar við um landbúnaðinn allan. Þar liggja hagsmunir okkar, að vera með þessa framleiðslu og geta hafið arðsaman útflutning á landbúnaðarvörum og að því stefnum við. (**BJJ:** Nú ertu búinn að staðfesta það.) En það má vera félagslegur grunnur á bak við.

Umræðu lokið.

Starfsemi banka og vátryggingafélaga.

Fsp. ÁÞS, 19. mál. — Þskj. 19.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram tvær fyrirspurnir til hæstv. viðskiptaráðherra er varða starfsemi banka annars vegar og vátryggingafélaga hins vegar. Okkur er öllum ljóst að eftir hrun bankakerfisins hafa vaknað margar spurningar um það fyrirkomulag sem við höfum valið á starfsemi banka hér á landi, viðskiptabanka, fjárfestingarbanka. Það er rétt í því sambandi að rifja það upp og minna á að á hv. Alþingi hafa á undanförnum árum verið lögð fram þingmál, frumvörp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og m.a. á 135. löggjafarþingi frumvarp til laga sem hæstv. núverandi ráðherrar og hv. þáverandi þingmenn, Ögmundur Jónasson og Jón Bjarnason, sem sitja í ríkisstjórn með hæstv. viðskiptaráðherra eins og kunnugt er, voru flutningsmenn að, frumvarp sem þeir hafa svo sem flutt áður, um að skipta upp starfsemi banka í viðskiptabanka annars vegar og fjárfestingarbanka hins vegar. Meginrökin fyrir því eru að reyna að lágmarka það tjón sem almennir viðskiptavinir bankanna geta orðið fyrir þegar í slíkt óefni er komið eins og við lentum í í kjölfar bankahrunsins. Þetta er fyrirkomulag sem er þekkt víða í kringum okkur, að takmarka starfsemi almennra viðskiptabanka annars vegar og fjárfestingarbanka hins vegar en ekki að súrra því öllu saman eins og við höfum valið að gera með gríðarlega miklum og slæmum afleiðingum eins og dæmin sanna.

Hið sama má í raun og veru segja með tryggingafélögin. Meginverkefni þeirra er auðvitað að sjá um vátryggingar fyrir einstaklinga og lögaðila og það er mikilvægt að þeir sem nýta sér þessa þjónustu, kaupa tryggingar, geti treyst því að verða ekki fyrir tjóni vegna annarrar starfsemi sem vátryggingafélögin stunda. Allt er þetta afleiðing af græðgisvæðingunni sem reið húsum í okkar samfélagi og víðar á undanförnum árum, að menn voru fyrst og fremst að hugsa um að græða sem allra, allra mest en ekki endilega um það hvað væri best fyrir hina almennu viðskiptavini. Ég tek eftir því að í Morgunblaðinu 17. maí sl. tjáir hæstv. viðskiptaráðherra sig um þetta mál að því er varðar tryggingafélögin og segir þar að farið verði yfir þessi mál og reyndar margt fleira og segir þar, með leyfi forseta:

„Augljóst er að þessar fjárfestingar orka mjög tvímælis þótt ekki sé dýpra í árinni tekið.“

Ég hef verulegar áhyggjur af þessu máli og af því tilefni hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka verði aðskilin í lögum?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að starfsemi vátryggingafélaga og fjárfestingarfélaga verði aðskilin í lögum?

[14:25]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir þessa ágætu fyrirspurn. Þetta er hugmynd sem er vissulega vert að skoða og er raunar verið að skoða og þótt atburðir undanfarinna missira hérlendis og raunar erlendis líka gefi kannski meira tilefni til að skoða þetta nú en alla jafna þá er umræðan gamalkunn og alls ekki sérískensk.

Aðskilnaður fjárfestingarbanka og viðskiptabanka er eitt af þeim úrræðum sem var beitt í Bandaríkjunum í kjölfar kreppunnar miklu með svokallaðri Glass-Steagall löggjöf frá árinu 1933 sem skildi á milli þessara tveggja tegunda banka og var ekki afnumin fyrr en árið 1999 og raunar eru menn nú að takast á um það í Bandaríkjunum hversu heppileg eða óheppileg sú breyting var, þ.e. að afnema þessi lög.

Helsti kostur við að aðskilja fjárfestingarbanka og viðskiptabanka er augljóslega sá að ekki er verið að hætta innstæðum almennings eða annarra í fjárfestingarbankastarfsemi. Sem dæmi má nefna að fall stórbankans Lehman Brothers sem var eingöngu fjárfestingarbanki hafði ekki nein bein áhrif á sparifé almennings ólíkt því sem gerst hefur þegar viðskiptabankar hafa lent í verulegum vandræðum. Jafnframt gæti löggjöf þessa efnis sett framtíðarvexti banka nokkrar skorður en við Íslendingar þekkjum vitaskuld afar vel á eigin skinni þau vandræði sem hlotist geta af ofvexti banka þótt vitaskuld sé ekki alltaf óheppilegt að bankar vaxi eitthvað. Viðskiptabankar gætu þá ekki hagnast og vaxið vegna fjárfestingarbankastarfsemi og jafnframt gætu fjárfestingarbankar ekki vaxið vegna þess að þeim tekst að laða til sín innlán almennings. Þá gæti þetta auðveldað eftirlit með fjármálafyrirtækjum. Þetta eru helstu kostirnir. Það mætti reyndar rekja þetta í mun lengra máli en hér er tími til en ég ætla ekki að gera það nú.

Ókostirnir við slíka löggjöf eru aðallega vegna ýmissa hagkvæmnissjónarmiða sem hægt er að rekja í stuttu máli. Íslendingar eru vitaskuld fámenn þjóð og það gæti reynst frekar óhagkvæmt að reka hér marga litla viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Jafnframt er mikilvægt að geta þess að menn eru raunar ekki á eitt sáttir um það hvort og að hversu miklu leyti hremmingar sem dunið hafa yfir alþjóðleg fjármálafyrirtæki eru því að kenna að þar hafa verið í sömu stofnun oft bæði viðskiptabanki og fjárfestingarbanki. Ef horft er á það hvaða alþjóðlegir bankar hafa staðið best af sér kreppuna þá eru það raunar alhliða bankar með íhaldssama fjárfestingarstarfsemi eins og finna má mörg

dæmi um í Kanada, en kanadíska bankakerfið er með réttu oft tiltekið sem dæmi um eitt af fáum heilbrigðum bankakerfum nú á dögum. Kanadískir bankar hafa ekki orðið fyrir neinu verulegu útlánatapi og eru enn með mjög hátt lánshæfismat ólíkt t.d. bönkum sunnan við landamærin, í Bandaríkjunum.

Það er hins vegar vilji minn sem ráðherra að ef við leyfum áfram alhliða bankastarfsemi, þ.e. bæði viðskipta- og fjárfestingarbanka í einni og sömu stofnun, verði það með mun strangari löggjöf og mun meira eftirliti, sérstaklega með fjárfestingarstarfsemi bankanna, en hefur verið hingað til. Í þeim mæli sem slík bankastarfsemi yrði leyfð yrði hún því í strangara umhverfi laga og undir strangara eftirliti en til þessa. Í þessu samhengi verður auðvitað að huga sérstaklega að stöðu Íslands gagnvart regluverki Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins um fjármálaþjónustu sem gildir hér á landi. Það kann að vera varhugavert að Ísland skeri sig þar mjög úr og ríði á vaðið og setji í lög takmarkanir á starfsheimildum fjármálafyrirtækja áður en fyrir liggur hvaða breytingar verða gerðar á evrópsku regluverki.

Hvað varðar vátryggingafélög sérstaklega skal á það bent að fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi. Í því frumvarpi er að finna skýra afmörkun á starfsheimildum vátryggingafélaga gagnvart annarri starfsemi. Hvorki er heimilt samkvæmt gildandi lögum né samkvæmt frumvarpinu að reka vátryggingafélag og fjárfestingarfélag í einu og sama félaginu. Vátryggingafélögum er heimilt að reka viðskiptabanka eða aðra fjármálastarfsemi í sérstöku félagi enda sé viðkomandi starfsemi háð opinberu eftirliti. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram að brjóti vátryggingafélag gegn þeim lögum sem um starfsemi þess gilda á Fjármálaeftirlitið að hafa öll nauðsynleg úrræði til að grípa inn í og fréttir undanfarinna vikna af íslenskum tryggingamarkaði og fjárfestingum tryggingafélaga gefa tvímælalaust tilefni til að skoða þessi mál og sérstaklega fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir tryggingafélaga.

[14:31]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir að vekja máls á þessum mikilvægu spurningum, aðskilnaði viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi annars vegar og fjárfestingarfélaga og vátryggingafélaga hins vegar.

Hér var útbýtt nýlega, eins og hæstv. ráðherra nefndi, nýju frumvarpi um vátryggingastarfsemi. Ég tel mjög mikilvægt að hv. viðskiptanefnd fái mjög gott tækifæri til að fara vandlega yfir þessi mál sem hér hafa verið rædd í yfirferð um það frumvarp, ekki síst í ljósi þeirra frétta sem hafa verið uppi á undanförnum dögum um erfiða stöðu einstakra vátryggingafélaga og bótasjóða þeirra. Ég hef af því nokkrar áhyggjur og lýsti því fyrr í vetur að þetta frumvarp væri svolítið í samræmi við tíðarandann 2007 og þyrfti að koma því til ársins 2009 með einhverjum hætti (Forseti hringir.) og ég vona að hv. viðskiptanefnd auðnist það að þessu leyti.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir svörin. Ég túlka þau þannig að þau sé í raun jákvæð við báðum þeim spurningum sem ég bar fram við hæstv. ráðherra. Sérstaklega vil ég brýna þetta með bankastarfsemina að ég tel mjög mikilvægt að þarna sé skilið á milli, að menn fari í gegnum þá umræðu í gegnum rökin sem hæstv. ráðherra nefndi hér bæði með og móti. Menn stefni á það að skilja á milli, hvort sem það er gert beinlínis þannig að hér sé alltaf um aðskilin félög að ræða eða aðskilnað með öðrum hætti sem er auðvitað hægt að hugsa sér þó í einu félagi sé. En ég tel að aðskilnaður þarna sé mikilvægur til að lágmarka þá áhættu sem almennir sparifjáreigendur geta þurft að taka á sig.

Ég held að það sem þurfi ekki síst að hafa í huga við uppbyggingu þessarar starfsemi, bæði banka- og vátryggingastarfsemi, séu hinir almennu hagsmunir almennings í landinu, það sé það sem mestu máli skiptir og þurfa að hugsa vel um þá. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að enda þótt svona löggjöf mundi setja vexti bankanna skorður er það ekki endilega neikvætt í sjálfu sér eins og dæmin sanna. Ég held að við getum alveg fullyrt það. Það eru auðvitað takmörk fyrir vexti yfirleitt og við eigum að temja okkur hóf í þessu eins og öðru.

Varðandi frumvarpið um vátryggingafélög sem hér liggur fyrir vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann líti svo á að í því sé í raun og veru tekið á því álitaefni sem ég var að viðra og sem hæstv. ráðherra getur um í viðtali við Morgunblaðið 17. maí síðastliðinn þar sem verið er að ræða um fjárfestingar tryggingafélaga. Lítur hæstv. ráðherra þannig á að í því frumvarpi sé tekið á þessu máli á fullnægjandi hátt?

[14:34]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég tel að í frumvarpinu sé tekið a.m.k. á nokkrum þeirra álitamála sem hér hafa verið nefnd, sérstaklega starfsemi vátryggingafélaga í óskyldri starfsemi. Ég get hins vegar alveg fyllilega tekið undir að atburðir og fréttir undanfarinna vikna og reyndar mánaða gefa fullt tilefni til þess að skoða sérstaklega fjárfestingarheimildir vátryggingafélaga og fjárfestingarstefnu þeirra. Þannig að það væri mér alveg að meinalausu og raunar mundi ég styðja það ef það yrði skoðað sérstaklega hvort heldur af viðskiptanefnd eða ráðuneytinu og mun beita mér fyrir því að það verði gert.

Umræðu lokið.

Flutningskostnaður á landsbyggðinni.

Fsp. BJJ, 22. mál. — Þskj. 22.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns óska hæstv. ráðherra Gylfa Magnússyni alls velfarnaðar í vandasömum störfum. Það veitir ekki af að búa vel að embætti viðskipta-

ráðuneytisins og ég fagna því að það eigi að styrkja það með öllum tiltækum ráðum nú.

En það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra út í er flutningskostnaður á landsbyggðinni. Í síðustu viku ræddum við þingmenn hér á vettvangi Alþingis um húshitunarkostnað á landsbyggðinni. Um 9% heimila í landinu greiða umtalsvert hærri húshitunarreikninga en aðrir landsmenn og fólk á þessum svæðum þarf jafnframt að greiða og búa við himinháan flutningskostnað sem hefur hamlað vexti viðkomandi byggðarlaga og í raun og veru komið í veg fyrir að fólk hafi sömu tækifæri í leik og starfi til að lifa eðlilegu lífi.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um eftirfarandi og ég treysti því að hæstv. ráðherra hafi rætt það við embættismenn í ráðuneyti sínu: Á fjárlögum ársins 2008 var áætlað að veita 100 millj. kr. til þess að lækka flutningskostnað hjá heimilunum á landsbyggðinni, hvers vegna var sú heimild ekki nýtt? En Samfylkingin fór í þá daga með ráðuneyti viðskiptamála þar sem átti að greiða þessa fjármuni út.

Alþingi Íslendinga setur lög og í þetta skiptið voru það fjárlög og það er framkvæmdarvaldið sem á að fylgja þeim eftir. Það er með ólíkindum og í raun framkvæmdarvaldinu til háborinnar skammar að þessar 100 millj. skyldu ekki hafa verið greiddar út til að lækka flutningskostnað fyrir íbúa á landsbyggðinni, nógu hár hefur kostnaðurinn verið fram að þessu. Ég held þess vegna að við þingmenn ættum að fara fram á mjög skýr svör frá viðskiptaráðherra, sem vel að merkja ber ekki ábyrgð á embættisfærslunni árið 2008 heldur Samfylkingin. Hvers vegna fór viðskiptaráðherra árið 2008 og ráðuneyti hans ekki að vilja Alþingis sem setti í fjárlög 100 millj. kr. til að lækka flutningskostnað á landsbyggðinni?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra í ljósi hástemmdra yfirlýsinga félaga hans í ríkisstjórninni: Hver er fyrirætlan núverandi ríkisstjórnar um að lækka flutningskostnað á landsbyggðinni? Miklu var lofað í aðdraganda kosninga. Sérstaklega vil ég minna á að hæstv. núverandi samgönguráðherra, Kristján Möller, og hæstv. núverandi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, Jón Bjarnason, lofuðu með mjög hástemmdum hætti að eitt af fyrstu verkum þeirrar ríkisstjórnar sem tæki við ætti að vera að lækka flutningskostnað á landsbyggðinni.

En það veit ekki á gott, hæstv. forseti, ef marka má fortíðina þar sem Samfylkingin var að störfum að hún nýtti sér ekki 100 millj. kr. sem Alþingi Íslendinga veitti til þess að lækka og jafna flutningskostnað um allt land. Og þess vegna spyr ég hvað hæstv. núverandi (Forseti hringir.) viðskiptaráðherra ætli sér að gera í þeim efnum.

[14:38]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Ég vil vísa til þess sem fram kom í svari þáverandi viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jón Bjarnasonar á 135. löggjafarþingi 2007–2008, um beinar aðgerðir til þess að jafna flutningskostnað, sem sjá má á þingskjali 1317, að stjórnvöld hættu þá við áform um að leggja niður flutningsjöfnunarsjóð olíuvara miðað við septemberlok 2008 eins og gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir það ár.

Vegna þessarar breyttu afstöðu, sem leiddi til um 150 millj. kr. aukaútgjalda samkvæmt fjárlögum, var ákveðið að nýta ekki 150 millj. kr. fjárhæð á fjárlögum fyrir það ár í flutningsjöfnun almenns eðlis á landsbyggðinni. Í fjárlögum fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir áframhaldandi starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara og 475 millj. kr. útgjöldum sjóðsins á árinu. Í drögum að fjárlögum fyrir árið 2010 er einnig gert ráð fyrir áframhaldandi starfsemi sjóðsins og nokkurri hækkun á útgjöldum hans. Að öðru leyti hefur ekki verið tekin ákvörðun um framtíð sjóðsins.

Þá virðist því miður vart í kortunum á þessu ári eða hinu næsta vegna stöðu ríkissjóðs að gera ráð fyrir sérstökum framlögum til almennrar flutningsjöfnunar á landsbyggðinni en það er vitaskuld á endanum þó ákvörðun Alþingis sem fer með fjárveitingavaldið.

Ég vil bæta því við að ég er sjálfur almennt ekki mjög hrifinn af þeirri aðferð að leggja gjöld á einstakar vörur um land allt til að jafna kostnað við dreifingu á þeim heldur tel ég að önnur tæki séu skilvirkari og geti gert meira gagn við að hafa áhrif á lífskjör landsmanna til jafnaðar. Má þá t.d. beita Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða öðrum slíkum tækjum en sérstakar álögur á vörur sem síðan eru notaðar til niðurgreiðslna eru almennt ekki mjög skilvirkar að mínu mati.

[14:41]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Lækkun flutningskostnaðar hefur mikið verið rædd og mikið verið skoðuð. Ég vil vekja athygli á því að í tíð hæstv. samgönguráðherra Sturlu Böðvarssonar var á sínum tíma lögð fram skýrsla sem sýndi fram á að flutningskostnaðurinn væri sérstaklega íþyngjandi á þeim svæðum sem byggju við mjög lélegar vegasamgöngur. Þess vegna var það niðurstaða nefndar sem samgönguráðuneytið setti á laggirnar að nota ætti tiltekna upphæð til þess að greiða niður sérstaklega flutningskostnað til þeirra svæða sem byggju við mjög lélegar vegasamgöngur þar sem flutningskostnaður þar væri hlutfallslega meiri.

Það var tilefni þess á sínum tíma að sett var inn í fjárlögin 150 millj. kr. upphæð sem átti að vera fyrsta greiðsla til að koma til móts við þessi svæði sérstaklega. Ég er sammála hæstv. viðskiptaráðherra um að það eru auðvitað einhver takmörk fyrir því hvað menn geta gengið langt í slíkri niðurgreiðslu. En niðurgreiðsla á flutningskostnaði þar sem hann er sannarlega mestur eins og á þeim svæðum sem ég nefndi, og fer sem betur fer fækkandi með batnandi vegasamgöngum, er réttlætismál. Ég vil hvetja hæstv. viðskiptaráðherra til að skoða (Forseti hringir.) sérstaklega þennan þátt málsins.

[14:42]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að koma með þetta mál upp í pontu. Við ræddum í síðustu viku um olíugjald og frekari álögur á flutninga og alla þá sem þurfa nauðsynlega, bæði starfa sinna vegna og búsetu, að nota bíla og geta ekki notast við almenningssamgöngur. Það er í ljósi þess sem umræða um jöfnun flutningskostnaðar er kannski enn mikilvægari.

Það er líka áhugavert að sjá hæstv. samgönguráðherra ganga í salinn, því að á meðan ég var úti í samfélaginu og

ekki hér inni kveikti ég einstaka sinnum á sjónvarpinu og alltaf var hv. þingmaður þáverandi í pontu að ræða um flutningskostnað á landsbyggðinni og jöfnun hans. Mér finnst því að ríkisstjórnin ætti að einhenda sér í það að koma með einhverjar aðgerðir til hagsbóta fyrir landsbyggðina alla, bæði jöfnun flutningskostnaðar og annað, en ekki leggja auknar álögur á það fólk sem þar býr og þarf (Forseti hringir.) að starfa.

[14:43]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Hér er um mjög stórt mál að ræða. Flutningskostnaður fyrirtækja sem starfa og eru að reyna að halda uppi atvinnulífi á landsbyggðinni er mjög mikill og aðstöðumunurinn er gríðarlegur ef við miðum við þau fyrirtæki á suðvesturhorninu sem eru næst útflutningshöfnum landsins.

Því er ósköp eðlilegt að við veltum fyrir okkur hvers vegna í ósköpunum þeir fjármunir sem voru veittir í sérstaka aðgerð til að lækka flutningskostnað og gera tilraun með því, hafi ekki verið nýttir í það heldur settir í þennan þó mikilvæga sjóð til að jafna olíuverðið.

Mig langar því að spyrja viðskiptaráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því að farið verði í einhvers konar jöfnuð á flutningskostnaði fyrir fyrirtæki sem starfa fjær útflutningshöfnum okkar til þess að atvinnulífið búi við sams konar skilyrði. Það eru mjög öflug og góð nýsköpunar- og sprotafyrirtæki, framleiðslufyrirtæki út um allt land sem þurfa að greiða hátt verð fyrir flutning á sínum vörum til að standa jafnfætis öðrum fyrirtækjum í landinu.

[14:45]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Frú forseti. Það er verst að ég hef bara eina mínútu til að ræða hér um flutningskostnaðinn. Ég tók eftir því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson var að spyrja um hann. Ég heyrði að vísu ekki ræðu hans en það er rétt að rifja aðeins nokkur atriði upp.

1999–2003 var Framsóknarflokkurinn í viðskiptaráðuneytinu og þá var aldrei gerður nokkur skapaður hlutur í jöfnun flutningskostnaðar. (**GBS:** Nú getur þú gert eitthvað.) Í ríkisstjórn 2003–2007 sat Framsóknarflokkurinn enn í viðskiptaráðuneytinu og það var ekki gerður nokkur skapaður hlutur í jöfnun flutningskostnaðar á landsbyggðinni.

Hins vegar tók sú ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ákvörðun, við gerð fjárlaga fyrir árið 2008, um að leggja olíujöfnunarsjóð niður eins og kom fram áðan. Og það var ákvörðun þeirrar ríkisstjórnar, þeirra sömu flokka, að leggja niður flutningsjöfnunarsjóð á sementi. (**GBS:** Hvað hyggst þú gera?) Þess vegna, virðulegi forseti, ættu þeir að líta sér aðeins nær, en vonandi fer þetta að ganga.

Ég vil aðeins geta þess, og menn ættu kannski að hafa það í huga eins og hv. þingmaður sem var að ræða þetta áðan, að við þá breytingu að hækka bensín og olíu og brennivín og tóbak, sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur studdu í desember síðastliðnum, (Forseti hringir.) var stigið það skref að þungaskattur er í fyrsta skipti lækkaður (Forseti hringir.) um 20% í aðgerðum núverandi ríkisstjórnar núna. Hvenær hefur það gerst áður, virðulegi forseti? Það gerðist (Forseti hringir.) akkúrat núna í samstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna að fyrstu skrefin eru stigin í þessa átt.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Það er einkenni á þessari ríkisstjórn að hæstv. samgönguráðherra kom hér upp og talaði eingöngu um fortíðina en ekki framtíðina, ekki hvað þessi ríkisstjórn ætlaði sér að gera (Gripið fram í.) til þess að lækka flutningskostnað á landsbyggðinni. Ég vil minna hæstv. ráðherra á, af því að hæstv. ráðherra fór með ósannindi hér um að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefði lagt fram tillögur um að leggja flutningssjóð olíuvara niður þá vil ég rifja það upp með hæstv. ráðherra að það frumvarp kom oftsinnis í þingflokk Framsóknarflokksins og þingflokkur Framsóknarflokksins sagði nei við því að fella niður flutningssjóð olíuvara. Hin vegar var það á fyrsta þingi ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks að sú tillaga var lögð fram. Þar var hæstv. ráðherra í þeirri ríkisstjórn Kristján Lúðvík Möller og það var mín fyrsta fyrirspurn hér það haust á Alþingi til hæstv. viðskiptaráðherra Björgvins G. Sigurðssonar hvort virkilega stæði til að leggja niður flutningssjóð olíuvara. Sú ríkisstjórn var hrakin frá þeirri ákvörðun sinni þannig að mér finnst það vera býsna langsótt hjá hæstv. ráðherra að ætla að kenna Framsóknarflokknum um það sem ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks lagði fram. Þetta kallast að snúa málum gjörsamlega á haus. Sú ákvörðun sem ríkisstjórnin ákvað núna í vikunni, að hækka verð á olíu sérstaklega, mun enn frekar leiða til þess að flutningur á landsbyggðinni mun hækka.

Við heyrðum ræðu hæstv. ráðherra hér áðan sem talaði bara um fortíðina. Það eru engar lausnir. Það eru engar tillögur. Þegar menn koma hér upp og ræða um vanda atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og heimilanna þá fá þeir bara hér skít og skömm. Það er bara talað um eitthvað sem gerðist árið 1990 og eitthvað. Það er ekkert rætt um hvað eigi að fara að gera. (**Samgrh.:** Hvað hefur Framsóknarflokkurinn gert?) Síðan eru menn mjög undrandi á því að óþol gagnvart þessari ríkisstjórn sé að aukast í samfélaginu. (Gripið fram í.)

Hins vegar vil ég að lokum enn og aftur óska hæstv. viðskiptaráðherra góðs gengis í sínum störfum og ég vona að hann verði málefnalegri í sínum málflutningi (Forseti hringir.) en hæstv. samgönguráðherra.

[14:48]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir viðbrögðin. Það verður bara því miður að viðurkennast að það er ákaflega lítið útlit fyrir að hægt verði að auka framlög til þessa málaflokks á næstu missirum. Ég held að við verðum bara að horfa á það alveg blákalt. Síðan þegar betur árar verður að sjálfsögðu hægt að taka þessa umræðu upp á ný og þá hefði ég mjög gaman af því að fjalla reyndar á breiðari grundvelli um það hvernig sé hægt og æskilegt að beita

sér fyrir jöfnun á aðstöðumun eftir landshlutum. Þess má reyndar geta þótt það skipti kannski ekki öllu máli í þessu samhengi að ég varði nokkrum árum ævi minnar í að skrifa doktorsritgerð um byggðaþróun og búsetuþróun á Íslandi þannig að mér er þetta mál mjög skylt og hugleikið þótt ég hafi ekki sérstaklega fjallað þar um verðjöfnunarsjóð olíuvara.

Eins og staðan er núna held ég að það sé því miður varla á dagskrá að setja meira fé í þetta. Hins vegar held ég að hið háa Alþingi hljóti á næstu árum vitaskuld eins og reyndar á undanförnum áratugum að taka til skoðunar byggðamál og lífskjör eftir landshlutum og hvað sé æskilegt og hvað sé eðlilegt að gera þar. Ég er ekkert viss um að út úr þeirri umræðu komi endilega að menn vilji leggja gjöld á vörur um allt land til þess að niðurgreiða flutning þeirra til einstakra landshluta. Það getur vel verið að menn komi með einhverjar betri aðferðir og auðvitað verður það allt saman skoðað í samhengi við framlög til vegamála og samgöngumála almennt. Þeirri umræðu fagna ég. En því miður er varla núna tími til þess að vera með umræðu um frekari ríkisútgjöld.

Umræðu lokið.

Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri.

Fsp. EKG, 42. mál. — Þskj. 42.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Fyrr á þessu ári ákvað hæstv. menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir að setja á laggirnar nefnd til þess að kanna það sem hefur verið kallað fýsileiki þess að sameina Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands. Að sönnu hefur þessi nefnd býsna opið umboð en þetta út af fyrir sig opnar líka á umræðuna um hvort skynsamlegt sé að sameina þessa skóla. Inn í þessa umræðu blandast líka óhjákvæmilega þær umræður sem hafa orðið í kjölfar álits nefnda sem hafa lagt það til að fara í stórar sameiningar á háskólastiginu.

Það er út af fyrir sig ekki efni þeirrar fyrirspurnar sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra. Engu að síður ýtir þetta allt saman undir þá umræðu sem hefur verið í gangi um að sameina Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri við Háskóla Íslands. Auðvitað er hægt að tína til ýmiss konar rök bæði með og á móti slíkri sameiningu en því er ekki að neita að í héraði, Borgarfirði og víðar hefur verið uppi talsvert mikil tortryggni og efasemdir um að skynsamlegt sé að sameina þessa tvo skóla. Það er bent á að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hafi vaxið mjög mikið á undanförnum árum og gegnt sínu hlutverki með miklum sóma og ágætum eftir að honum var komið á laggirnar. Hér er um að ræða á margan hátt einstæðan skóla sem fékk í heimanmund heila rannsóknarstofnun, þ.e. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og hefur verið gríðarlega öflugur skóli. Hann hefur farið í gegnum faglegt mat og staðist það með miklum ágætum. Þarna fer fram fjölþætt kennsla og ekki síður gífurlega verðmæt rannsóknastarfsemi í þágu landbúnaðarins og almennt fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi í landinu.

Þegar við ræðum um sameiningu skóla hlýtur markmiðið að vera fyrst og fremst tvennt, í fyrsta lagi að stuðla að því að efla skólastarfsemi almennt, gera skólastarfsemina betri, gera menntun þess fólks sem nýtir sér hana betri, en jafnframt hitt að reyna að spara fjármuni og að minnsta kosti að stuðla að því að fá jafngott eða betra nám fyrir þá peninga sem við verjum til þessarar starfsemi. Uppbyggingin á Hvanneyri hefur verið á margan hátt ævintýri líkust. Þar hafa menn stofnað nýjar námsbrautir sem hafa verið vaxtarbroddur. Það má til dæmis nefna í þessu sambandi hvers konar nám sem þar hefur verið sett á laggirnar og hefur skipt mjög miklu máli fyrir uppbyggingu skólans.

Þess vegna vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. menntamálaráðherra í tilefni af því að þessi nefnd var sett á laggirnar og vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið almennt um sameiningu háskólastofnana hver sé afstaða ráðherrans til hugmynda um að landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri verði sameinaður Háskóla Íslands.

[14:54]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni þessa fyrirspurn en þingmaðurinn tók einmitt upp málefni Hólaskóla í þessum fyrirspurnatíma fyrir viku og það er ljóst að það er mikill áhugi á framtíð landbúnaðarmenntunar í landinu og er það mjög gott mál.

Ég held að sú sameining sem hv. þingmaður spyr sérstaklega um eða þessar hugmyndir um sameiningu verði að setja í samhengi við þá almennu vinnu sem nú stendur yfir. Í desember síðastliðnum, eins og hér hefur komið fram, voru skipaðar tvær nefndir til að fjalla um möguleg viðbrögð stjórnvalda við því hvernig mætti þróa háskólakerfið áfram í því erfiða efnahagsástandi sem þá var við að eiga og er enn við að eiga. Verkefnisstjórn um háskóla og vísindi og erlend sérfræðinganefnd, þessar tvær nefndir, hafa báðar lokið úttekt sinni á háskólastiginu og stofnanaumhverfi rannsókna. Meðal þeirra tillagna sem þar eru settar fram eru fækkun háskóla og sameiningar stofnana.

Í skýrslu erlendu ráðgjafanefndarinnar, bara svo að því sé haldið til haga, koma fram mjög afgerandi tillögur um uppstokkun háskólakerfisins og lagt er til að stofnaðir verði í raun og veru tveir háskólar og að sameinaðar verði stofnanir undir hatti tveggja háskóla og það sé besta módelið til að tryggja langtímaárangur, viðhalda ákveðnum hugsjónum um samkeppni en efla um leið samstarf og verkaskiptingu skólanna.

Í ráðuneytinu er þegar hafin vinna við að skoða og rýna í þessar tillögur og rýnihópur um þessi háskólamál heldur sinn fyrsta fund í dag því að ég held að mjög mikilvægt sé að háskólasamfélagið taki þátt í þessari vinnu og átti sig á því hvaða leiðir það telji vænlegastar til árangurs þannig að sá rýnihópur starfar og vonandi mun hann skila af sér. Honum hefur verið sett að starfa núna í júní og skila af sér fyrir mánaðamót og móta tillögur um hvernig sé best að útfæra þær tillögur sem settar eru fram í skýrslum sérfræðinganefndanna tveggja. Það er því litið svo á að þær fái ákveðna meðferð hjá þeim sem þekkja bæði innlent og erlent háskólaumhverfi, starfa í umhverfinu og geta horft á það án

þess að horfa á það eingöngu út frá stofnunum heldur út frá heildinni.

Hvað varðar Landbúnaðarháskólann Hvanneyri þá hafa að sjálfsögðu orðið miklar breytingar í starfsumhverfi landbúnaðar á undanförnum árum og miklar breytingar á starfsemi landbúnaðarskólanna beggja. Við höfum séð mikla uppbyggingu eins og hv. þingmaður kom hér að í fyrirspurn sinni. Skólarnir hafa farið upp á háskólastig, námsbrautum hefur fjölgað og þverfaglegar rannsóknir hafa aukist og við höfum séð mikla uppbyggingu í báðum skólunum. Síðan voru þeir færðir frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis og það í rauninni lítum við líka á sem mikilvægt innlegg til að horfa heildstætt á háskólamenntun í landinu.

Í ljósi þessara vangveltna allra um breytingar á stofnanakerfi háskóla var stofnuð nefnd 4. mars, eins og hv. þingmaður nefndi, til að skoða hvaða ávinning sameining stofnananna hefði i för með sér fyrir háskólakerfið í heild, fyrir eflingu fræðasviða, auðlinda- og búvísinda og náttúruvísinda, áhrif sameiningar á gæði kennslu, námsframboð og eflingu rannsókna og hvort menn sæju líka einhverjar ógnanir eða galla við hugsanlega sameiningu. Þessi nefnd átti einnig að skoða starfsnámið í landbúnaðarháskólunum en þar er um að ræða fimm námsbrautir: Búfræði, garðyrkjuframleiðsla, blómaskreytingar, skrúðgarðyrkja og skógur/umhverfi. Búfræðin er kennd á Hvanneyri en auðvitað fer stór þáttur starfseminnar fram á Reykjum í Ölfusi og að þessu þarf að huga í þessu starfi öllu saman.

Fjármögnun skólans er enn með þeim hætti að hann fær ekki fjármuni samkvæmt reiknilíkaninu sem aðrir háskólar fá fjármunum úthlutað eftir samkvæmt nemendaígildum í kennslu heldur er fjármögnunin einfaldlega eitt fjárframlag frá menntamálaráðuneyti og síðan framlag frá landbúnaðarráðuneyti til rannsókna og að því þarf líka að huga, þ.e. hvernig þessum skólum verður komið fyrir innan þess reiknilíkans sem notað er til að móta fjárveitingar til háskóla.

Fýsileikanefndin er komin mjög áleiðis í sinni vinnu en hún hefur ekki enn þá skilað af sér. Hún skilar af sér núna um miðjan júní. Nefndin hefur heimsótt bæði HÍ og landbúnaðarháskólann og sjálf hef ég farið núna í heimsókn í landbúnaðarháskólann og rætt þar við starfsfólk og nemendur. Ég held að lykilatriðið í þessu sé að það stendur ekkert annað til en að viðhalda öflugri starfsemi á Hvanneyri áfram. Þetta er gríðarlega mikilvægur staður fyrir menntasamfélagið og samfélagið allt í Borgarbyggð og í Borgarfirðinum þannig að ekkert annað stendur til. Hins vegar munum við skoða niðurstöður nefndarinnar með opnum huga þegar þær koma og hvaða tækifæri geta hugsanlega falist í þessari stöðu.

[14:59]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir þessa fyrirspurn rétt eins og fyrirspurnina um Hólaskóla í síðustu viku.

Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég tel Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri gegna mjög mikilvægu hlutverki, ekki bara þegar kemur að menntun heldur líka að samfélagslegu gildi í Borgarfirði sem starfsstaður. Skólinn hefur dafnað hratt á undanförnum árum. Það er nokkuð ljóst að skólinn verður að taka á sig róttækan niðurskurð rétt eins og aðrir skólar. Það verður þröngt í ári á næstu árum. En ég hef haft ákveðnar efasemdir um sameiningu hans við Háskóla Íslands og hefði talið hyggilegri, eins og reyndar er bent á í þessari skýrslu, möguleikann á samstarfi þarna á milli.

Ég hef miklar áhyggjur af sérstaklega búfræðináminu og því starfsnámi sem þarna fer fram ef þetta yrði sameinað en það gegnir mjög mikilvægu hlutverki fyrir landbúnaðinn og atvinnulífið, (Forseti hringir.) garðyrkjuna í landinu.

[15:00]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram. Mér hefur fundist frá því að þessi ágæta ríkisstjórn tók við, eða í þá 120–130 daga sem þessir flokkar eru búnir að starfa saman, að það hafi ríkt mikil óvissa um einmitt framtíð þessara skóla, og nú tala ég í fleirtölu og á þá við landbúnaðarskólana og í rauninni þessa svokölluðu sjálfstæðu skóla. Þess vegna er mikilvægt að ráðherra eyði sem fyrst allri óvissu um framtíð þeirra. Mér finnst ekki hafa komið nógu vel fram hjá ráðherranum hver er skoðun hennar á þessu máli.

Er það rétt skilið hjá mér að í lok júní muni liggja fyrir niðurstöður eða sú nefndarvinna sem hún nefndi eða erum við að tala um að það verði enn þá síðar? Telur ráðherra að það séu verulegar líkur á því að þessir skólar muni starfa áfram sem sjálfstæðir skólar (Forseti hringir.) eða sér hún fyrir sér einn stóran ríkisháskóla?

[15:01]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna orðum hæstv. ráðherra sem um leið, að mínu mati, telur sig þá vera ósammála hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar sem hæstv. ráðherra fagnaði því sérstaklega að landbúnaðarskólarnir Hvanneyri og Hólar hefðu verið fluttir yfir til menntamálaráðuneytisins einmitt til þess að hægt sé að móta heildstæða menntastefnu á sviði háskóla og háskólamála.

Ég vil sérstaklega geta þess að það var nefnd sem skilaði ákveðinni niðurstöðu um Hólaskóla sem fól það í sér að fara ætti svonefnda sameignarleið, að virkja fólkið heima í héraði og hagsmunaaðila við að reka skólann á Hólum. Þeirri skýrslu var í rauninni stungið undir stól. Þess vegna spyr ég sjálfa mig og vil spyrja hæstv. ráðherra að því: Ef niðurstaða nefndarinnar sem er að skoða málefni Hvanneyrar verður sú að sameina eigi Háskóla Íslands og Hvanneyri, hver er afstaða ráðherra til slíkrar tillögu?

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin og öðrum sem hafa tekið þátt í umræðunni. Ég hefði að vísu kosið að fá miklu afdráttarlausari svör við spurningu minni um afstöðu hæstv. ráðherra til þeirrar hugmyndar að sameina Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands en það verður að virða það að hæstv. ráðherra vill ekki sýna á þessi spil sín. Það hefði samt verið

liður í því að reyna að draga úr þeirri óvissu sem á margan hátt hefur verið að umlykja bæði Hólaskóla og skólann á Hvanneyri síðustu mánuði

Við skulum ekki gleyma því að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í núverandi mynd er tiltölulega nýleg stofnun. Eins og ég nefndi áðan fékk hann í heimanmund þá öflugu rannsóknarstofnun sem var Rannsóknarstofnun landbúnaðarins hin gamla sem auðvitað skiptir gríðarlega miklu máli fyrir uppbyggingu skólans og rannsóknarstarfsins þar. Það er svo að samþættingu þess starfs sem var verið að setja undir einn hatt með stofnun skólans á Hvanneyri er ekki lokið og það hefur út af fyrir sig skapað ákveðna óvissu, t.d. varðandi framtíð Garðyrkjuskólans á Reykjum. Þeim spurningum hefur ekki verið svarað nákvæmlega hvernig því námi eigi að vera háttað. Þess vegna er að mínu mati mjög slæmt að skólinn skuli núna búa við aukna óvissu sem umlykur skólann um þessar mundir og að því leyti skiptir gríðarlega miklu máli að reyna að eyða þeirri óvissu þannig að skólinn geti farið að átta sig á hvaða hlutverk honum verður ætlað í framtíðinni.

Það fer ekkert á milli mála að ástæðan fyrir því að þessir skólar, bæði á Hvanneyri og Hólum, hafa verið að þróast með svo jákvæðum hætti sem raun ber vitni er sú staðreynd að þeir hafa verið að breyta mjög starfsemi sinni. Ég vek t.d. athygli á því að námið í umhverfisskipulagi á Hvanneyri, sem er tiltölulega nýlegt, dregur núna að sér hér um bil helming nemenda við skólann og skólinn er því sannarlega að taka á í þeim efnum að reyna að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Það breytir ekki því að skólinn þarf auðvitað ákveðna vissu. Ég hvet þess vegna hæstv. ráðherra til að taka á þessum málum sem allra fyrst og reyna að eyða þessari óvissu þannig að menn geti farið að skipuleggja skólann (Forseti hringir.) og marka honum þann sess sem honum sannarlega ber.

[15:04]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að hafna því að ríkt hafi aukin óvissa um málefni þessara skóla frá því að sú sem hér stendur tók við embætti menntamálaráðherra 1. febrúar. Við skulum ekki gleyma því að þau tímamót urðu í starfi skólanna um áramótin 2007–2008 að þeir voru færðir frá landbúnaðarráðuneytinu til menntamálaráðuneytisins. Ég var, eins og kom fram í máli hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, ánægð með þá breytingu því að mér finnst það skipta máli að horfa heildstætt á háskólamenntun í landinu og landbúnaðarháskólarnir eiga að sjálfsögðu að vera hluti af því samhengi.

Hins vegar er það alveg ljóst að enn hefur ekki gengið að fella þessa skóla að reiknilíkani því sem aðrir háskólar vinna samkvæmt þannig að óvissan hefur verið allmiklu lengur en ég hef verið starfandi í menntamálaráðuneytinu svo það liggi algjörlega ljóst fyrir.

Ég vil líka segja út af orðum um að skýrslunni um Hóla hefði verið stungið undir stól að hún hefur verið til umræðu a.m.k. nokkrum sinnum í þessum sal síðan ég tók við sem ráðherra, nú síðast fyrir viku. Það liggur fyrir að báðir skólarnir hafa átt í rekstrarvanda og það hefur alltaf verið algjörlega ljóst af minni hálfu að mér finnst mjög mikilvægt að úr honum sé leyst áður en framtíðarákvarðanir verða teknar um rekstrarform skólanna. Að sama skapi finnst mér mjög mikilvægt að niðurstöður þeirrar endurskipulagningar sem hefur verið unnið að síðan í desember 2008, í vinnu sem hófst að frumkvæði forvera míns í ráðuneytinu, hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, liggi fyrir áður en ráðist verður áfram í þessi mál.

Það er alveg rétt að þarna er óvissa en það er óvissa almennt á háskólastiginu. En ég held líka að í þeirri óvissu felist mikil tækifæri, ég skynja það innan úr háskólunum að þar er fólk mjög reiðubúið til að skoða þessi mál. Hér eru margir háskólar, það hefur orðið fjölgun á háskólanemum sem ég held að við getum öll verið sammála um að er mjög jákvætt en það er líka þörf á því að staldra núna við og skoða þetta kerfi í samhengi. Það snýst ekki um að búa til einn stóran skóla. Hins vegar skiptir máli að efla samstarf, auka verkaskiptingu, ná fram samlegðaráhrifum því að við erum að tala um framtíð íslensks háskólasamfélags í samkeppni við útlönd (Forseti hringir.) á mjög erfiðum tímum þar sem skiptir miklu máli að standa vörð um þetta samfélag og efla það enn frekar.

Umræðu lokið.

Umræður utan dagskrár.

Staða heimilanna.

[15:07]

Forseti (Þuríður Backman):

Nú fer fram áður boðuð utandagskrárumræða um stöðu heimilanna. Málshefjandi er hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir verður til andsvara.

Umræðan fer fram samkvæmt 3. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í tæpa klukkustund.

[15:07]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Hæstv. forseti. Það er tímabært að við ræðum á Alþingi um stöðu íslenskra heimila. Raunar ættum við að vera betur í stakk búin til að fara í þessa umræðu en við erum vegna þess að ríkisstjórnin hefur vanrækt það að upplýsa þingið og raunar þjóðina alla um hvert ástandið er svo ekki sé minnst á hvaða lausnir hún sér fyrir sér.

Í dag bárust mér upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu sem gefa dálitla innsýn í þróun mála varðandi stöðu einstaklinga gagnvart bönkunum. Þar koma fram alvarleg vanskil einstaklinga, þ.e. vanskil sem hafa varað í þrjá mánuði eða lengur, fólk sem sér ekki fram á að geta borgað. Inni í þessu eru ekki þeir sem hafa gert einhverjar ráðstafanir, hafa fengið lengt í lánum eða frystingu lána eða eitthvað slíkt. Þetta eru sem sagt þeir sem hafa ekki með nokkru móti getað staðið í skilum og kemur á daginn að það hefur orðið sjöföldun frá því á sama tíma í fyrra, þ.e. á fyrsta ársfjórðungi 2009 eru sjöfalt fleiri í alvarlegum vanskilum en árið áður. Á síðustu mánuðum, eftir að bankakerfið hrundi í október, hefur orðið tvöföldun svo ástandið heldur áfram að versna og hefur gert það alveg fram á þennan dag væntanlega. Við höfum ekki upplýsingar um síðustu vikurnar en

ástandið hefur jafnt og þétt verið að versna, stöðugt fleiri lenda í hópi þeirra sem geta ekki með nokkru móti staðið í skilum og ekki gert neinar ráðstafanir.

Ef fyrirtæki eru tekin inn í þetta er ástandið enn svartara og þá er rétt að hafa í huga að ástand einstaklinga og heimila er að sjálfsögðu nátengt stöðu atvinnulífsins og fyrirtækjanna en því virðist þessi ríkisstjórn ætíð gleyma. Síðasta árið hefur orðið tuttugu og fjögur földun á alvarlegum vanskilum hjá bönkunum. Ef við lítum á hvernig þetta hefur þróast frá því síðasta haust eftir hrunið er fimm- til sexföldun alvarlegra vanskila ef saman eru tekin heimili og einstaklingar og ef við lítum bara á fyrirtækin, og þetta eru enn nýjar upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu, er þrjátíuföldun frá síðasta ári. Þrjátíufalt fleiri fyrirtæki eru nú í alvarlegum vanskilum, búin að vera í vanskilum þrjá mánuði eða lengur, hafa ekki getað gert neinar ráðstafanir, ekki getað nýtt öll þau góðu úrræði sem ríkisstjórnin kvartar undan að fjölmiðlar hafi ekki kynnt nógu vel, þrjátíufalt fleiri en fyrir ári síðan og sex- til sjöfalt fleiri en þau voru í vetur.

Svo eru hér enn nýjar upplýsingar, frá Creditinfo á Íslandi, sem bárust einnig fyrr í dag. Þar segir að í dag séu 18.733 einstaklingar 18 ára og eldri á vanskilaskrá. Hér er enn verið að tala um alvarleg vanskil og ég tek fram að þetta eru einungis þeir sem eru í alvarlegum vanskilum, ekki þeir sem eru með frystingar lána eða nokkur önnur úrræði eða hafa bara verið í vanskilum í vikur, heldur þeir sem eru lentir í alvarlegum vanskilum og hafa lent í því að lögmenn og kröfuhafar hafa bankað upp á og reynt að innheimta. Þeir eru tæp 19 þúsund og er gert ráð fyrir að á næstu 12 mánuðum bætist 10.271 í þennan hóp þannig að það verði u.þ.b. 30 þúsund einstaklingar á Íslandi í alvarlegum vanskilum að ári liðnu og áætlað að botninum verði ekki náð hvað þetta varðar fyrr en í fyrsta lagi vorið 2010 og svo séu fram undan a.m.k. 4–5 mjög erfið ár til viðbótar ef fram heldur sem horfir. Þá er rétt að hafa í huga að Creditinfo hefur að undanförnu tekist að þróa aðferðir sem hafa spáð aftur og aftur rétt fyrir um þróun mála og reynist þeir sannspáir í þessu efni stefnir í ógurlegt ástand hjá íslenskum heimilum næstu 5–6 árin ef ekkert verður að gert, ef ekki verður ráðist í róttækar úrbætur.

Svo getum við kannski klárað þessa yfirferð á því að líta á þær upplýsingar sem komið hafa frá fjármálaráðuneytinu. Þar er gengist við því að það stefni í að í árslok 2009 verði tæplega 30 þúsund heimili komin með neikvætt eiginfjárhlutfall, 30 þúsund heimili tæknilega gjaldþrota. Þá segja stjórnvöld sem hafa svarað þessu á þann veg fram að þessu, að það sé ekki svo mikið mál, svo framarlega sem fólk geti haldið áfram að borga skipti ekki svo miklu máli þó að eignirnar séu minna virði en skuldirnar. Það kann að vera að hægt sé að halda fram slíkum rökum þegar aðeins er um nokkur tilvik að ræða og menn í aðstöðu til að vinna sig út úr vandanum og auka tekjurnar og horfa hugsanlega fram á að verðmæti eigna þeirra komi til með að aukast aftur. En þannig er ekki staðan núna, verðmæti eignanna fer áfram hratt lækkandi og á sama tíma dragast tekjurnar hratt saman. Verði ekki gripið inn í mun þessi þróun bara halda áfram og óumflýjanlega munum við standa frammi fyrir því, ef ekki á þessu ári þá á því næsta eða þar næsta, að það er ekki til innstæða fyrir öllum þessum lánum sem verið er að reyna að innheimta. Við munum fyrr eða síðar þurfa að horfast í augu við það að afskrifa þarf lán til íslenskra fjölskyldna og íslenskra fyrirtækja að miklu leyti. Því seinna sem við horfumst í augu við þessa staðreynd þeim mun meiri verður skaðinn fram að því og þeim mun minni eru líkurnar á að þegar loksins verður ráðist í aðgerðir hafi þær nægileg og tilætluð áhrif.

Ekki þarf að hafa mörg orð um atvinnuleysið, það er mikið búið að fjalla um það þó að staða þeirra mála virðist koma ríkisstjórninni stöðugt á óvart. Síðast í gærkvöldi sagði hæstv. forsætisráðherra að ástandið væri líklega enn alvarlegra en hún hefði gert sér grein fyrir. Stjórnarandstaðan og raunar samfélagið allt er búið að reyna að benda þessari ríkisstjórn á það vikum og mánuðum saman að ástandið sé miklu alvarlegra en hún gerir sér grein fyrir. Ég held að það sé orðið tímabært að ríkisstjórnin geri sér grein fyrir ástandinu, heildarumfangi ástandsins, og upplýsi síðan þjóðina um það hvernig hún ætlar að leiða okkur út úr þessu. Það þýðir ekki að bíða og bíða og sjá, bíða eftir því að hin eina rétta lausn, hin eina rétta leið lendi allt í einu í fanginu á ráðherrunum. Það verður ekki svoleiðis. Við þessar aðstæður verða allar aðferðir umdeilanlegar. Þá þarf ríkisstjórn sem þorir að taka af skarið og er það ekki bara vandinn núna að sú ríkisstjórn sem nú situr þorir ekki að taka af skarið, þorir ekki að taka ákvarðanir? Hvaða ákvarðanir hefur þessi ríkisstjórn tekið nú þegar liðinn er þriðjungur úr ári? Ég var bara að átta mig á því fyrr í dag að það er liðinn þriðjungur úr ári frá því að núverandi ríkisstjórn tók við. Hún hefur tekið eina ákvörðun, fór í sögubækurnar og skoðaði hvað menn höfðu gert og sá hækkun á tóbaki, áfengi og bensíni. Og notuð var þessi gamla aðferð sem skilar hverju? Hún skilar 8 milljarða kr. hækkun á lánum til íslenskra fjölskyldna og í hvað stefnir svo í framhaldinu? Creditinfo upplýsir um það í dag að spá fyrir um að 3.500 fyrirtæki fari í greiðsluþrot á árinu 2009 sé að ganga eftir og þungi þeirra greiðsluþrota verði á haustmánuðum. Hvernig verður atvinnuleysið á haustmánuðum þegar þessi fyrirtæki fara í þrot? Hvernig verður staða heimilanna þá? Er ekki rétt að við tökum af skarið núna, jafnvel þó að það feli í sér að taka ákvarðanir sem orka tvímælis, og ríkisstjórnin sýni að hún hafi þor til að takast á við ástand íslensks samfélags?

[15:15]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Þensluhvetjandi aðgerðir ríkisvaldsins og fjármálastofnana frá árinu 2004 er stór ástæða þess að mörg heimili standa nú frammi fyrir mikilli skuldasöfnun og greiðsluerfiðleikum. Hæst láta þeir nú, eins og hér kom fram, sem voru í fararbroddi fyrir þessum þensluhvetjandi aðgerðum. Hvað sem öllum úrtöluröddum líður og hvernig hér er máluð svört mynd af ástandinu þá er það staðreynd að ríkisstjórnin hefur gripið til margþættra og viðamikilla aðgerða til að koma til móts við skuldavanda heimilanna. Það veit allur þorri almennings, enda hafa tugþúsundir heimila þegar nýtt sér úrræði ríkisstjórnarinnar en gegndarlaus yfirboð um skuldaniðurfellingar í ýmsu formi sem dynja á almenningi eru hins vegar fullkomlega ábyrgðarlausar.

Seðlabankinn hefur nú lagt mat á helstu tillögur um almenna niðurfellingu skulda og komist að þeirri niðurstöðu að þær séu ófærar í núverandi stöðu og mundi leggja á ríkissjóð 100 milljarða skuldbindinga sem ekki er nokkurt svigrúm fyrir án þess þó að leysa vandann sem við er að etja. Fram kemur að tillögur um flata niðurfellingu skulda séu enda ómarkvissar og kostnaðarsamar leiðir til að leysa úr vanda þeirra sem brýnast þurfa á slíku að halda og þær færa líka mikið fjármagn frá skattgreiðendum til þeirra sem ekki þurfa á aðstoð að halda. Það liggur jafnframt fyrir nú mat Seðlabankans á tillögum talsmanns neytenda sem er eitt form af niðurfellingu skulda og í mati Seðlabankans kemur fram að tillögur hans mundu setja allt endurreisnarferli bankanna í uppnám yrðu þær að veruleika. Með þessu er ég alls ekki að draga úr þeim vanda sem fjöldi fólks stendur frammi fyrir vegna gerbreyttra efnahagsaðstæðna í samfélaginu þar sem skuldir fólks hafa vaxið, kaupmáttur rýrnað, eignir fallið í verði og margir hafa misst atvinnu sína. Það hefur því þrengt verulega að fjárhag allra venjulegra íslenskra heimila. Engu að síður vitum við að langflest heimili munu komast yfir þessa erfiðleika, sum hver hjálparlaust, önnur með þeim úrræðum sem standa fólki til boða til að laga skuldir sínar að greiðslugetu ásamt ýmsum öðrum aðgerðum sem hrint hefur verið í framkvæmd.

Í úttekt Seðlabankans frá því í mars er mikilvæg greining á skuldavanda heimilanna. Af heimilum með neikvæða eiginfjárstöðu eru tæplega 5 þúsund þeirra með neikvæða stöðu upp á 5 millj. kr. eða meira og skulda samanlagt tæplega 20% af öllum heildarhúsnæðisskuldum. Þessi heimili standa verst og eru í mestri hættu á að fara í þrot verði þau fyrir tekjumissi. Hins vegar eru um 60% heimila með meira en 5 millj. kr. í jákvæða eiginfjárstöðu með samtals um 44% af heildarhúsnæðisskuldum.

Nú hefur Seðlabankinn fengið ítarlegri upplýsingar um stöðu þessara sömu heimila, bæði varðandi tekjur þeirra og einnig stöðu bílalána og verða þær niðurstöður kynntar með ítarlegum hætti á næstu dögum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef þegar fengið virðast þessar nýju upplýsingar staðfesta að skuldavandi heimilanna sé ekki eins víðtækur og ýmsir halda fram. Tölurnar sýna að um þrír fjórðu hlutar heimila með fasteignaveðlán eða um 74% verja innan við 30% ráðstöfunartekna sinna til að standa undir fasteignalánum sínum og um 80% heimila verja innan við 20% af ráðstöfunartekjum sínum í bílalán. Langstærstur hluti heimila landsins býr því við viðráðanlega greiðslubyrði vegna fasteigna- og bílalána samkvæmt nýjum niðurstöðum Seðlabankans. Um er að ræða um 60% af húsnæðisskuldum landsmanna. Helmingur þeirra heimila sem greiða yfir 30% af ráðstöfunartekjum sínum í afborganir af fasteignaveðlánum er einnig í viðkvæmri eiginfjárstöðu og um 60% þeirra eru með minna en 250 þús. í ráðstöfunartekjur á mánuði. 12% heimila greiða hins vegar yfir 50% af ráðstöfunartekjum sínum í fasteignaveðlán og er helmingur þeirra, um 6% eða um 5 þúsund heimili, einnig með viðkvæma eiginfjárstöðu í húsnæði. Þetta eru hátt í 5 þúsund heimili. Þetta eru heimilin sem sannarlega þurfa á aðstoð að halda og það þarf ekki að koma á óvart að þeir sem hafa tekið lán í erlendum myntum eru fyrirferðarmiklir í þessum hópi.

Rétt er hins vegar að minna á að frá því að þessar upplýsingar voru veittar hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir greiðslujöfnun myntkörfulána og því má vænta þess að staða þeirra einstaklinga sem hafa slík lán hafi batnað talsvert hafi þeir nýtt sér það úrræði. Þessar nýju upplýsingar frá Seðlabankanum sýna hins vegar svart á hvítu að skuldavandi heimilanna er ekki eins skelfilegur og málshefjandi í dag og ýmsir aðrir vilja láta í veðri vaka.

Það er einnig athyglisvert að nýjustu tölur varðandi nauðungarsölu fasteigna og gjaldþrotabeiðnir einstaklinga virðast síður en svo benda til aukningar. Að meðaltali á árinu 2008 bárust sýslumanni um 559 beiðnir um nauðungarsölu fasteigna á mánuði samanborið við 547 beiðnir að meðaltali á mánuði á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs eða aukning um 2%. Fasteignir seldar á uppboðum voru að meðaltali á mánuði á síðasta ári 62 en fyrstu fjóra mánuði þessa árs voru uppboðin 61 að meðaltali á mánuði eða einu færra.

Eftir að lög ríkisstjórnarinnar sem heimiluðu frestun á nauðungarsölu tóku gildi hefur nauðungarsölum eðlilega fækkað stórlega. Frá lokum mars var 71 eign seld á nauðungaruppboði en 354 uppboðum var frestað. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa því komið að miklu gagni hvað þetta varðar þó að ekki hafi allir nýtt sér heimild til frestunar uppboðanna. Fjöldi einstaklinga sem úrskurðaðir voru gjaldþrota á árinu 2008 voru að meðaltali 33 á mánuði en á fyrstu fimm mánuðum þessa árs voru gjaldþrotabeiðnir hins vegar að meðaltali 18 á mánuði en gjaldþrotabeiðnir eru alltaf fleiri en gjaldþrot og því bendir allt til helmingsfækkunar á gjaldþrotum einstaklinga. Það blasir því við að úrræði ríkisstjórnarinnar eru að virka. Ég ítreka að þau ættu að duga langstærstum hluta þeirra sem nú eru í vanda vegna húsnæðisskulda enda ætti greiðslubyrði þeirra sem nýta sér greiðslujöfnun að vera svipuð eða jafnvel lægri en hún var hjá viðkomandi fyrir hrun. Við þurfum hins vegar að tryggja að þeir sem eru í vanda fái nauðsynlegan stuðning og ekki síður upplýsingar um þau úrræði sem eru í boði.

Nú starfa á vegum Ráðgjafarstofunnar um 30 starfsmenn en við hrunið voru þeir sjö. Enginn biðlisti er lengur eftir þjónustu Ráðgjafarstofunnar og munum við kappkosta að tryggja að svo verði áfram. Í samræmi við 100 daga áætlun ríkisstjórnarinnar er í undirbúningi öflugt kynningarátak með útgáfu bæklings sem dreift verður á öll heimili í landinu til að upplýsa almenning um greiðsluerfiðleikaúrræði stjórnvalda sem og fyrirbyggja misskilning um einstök úrræði. Í samræmi við 100 daga áætlunina er nú einnig unnið að endurmati á aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna skuldavanda heimilanna. Ný greining Seðlabankans sem ég lýsti áðan mun gegna þar lykilhlutverki en einnig er til skoðunar að rýmka heimildir fjármálastofnana ríkisins til einstaklingsbundinna afskrifta í anda greiðsluaðlögunar án þess að til opinberrar innköllunar þurfi að koma eða að niðurfellingin verði skattlögð eins og nú er. Greiðsluaðlögun er afar mikilvægt úrræði en e.t.v. er óþarfi að gera ráð fyrir því að allar aðlaganir skuldabyrði að greiðslugetu fari í gegnum þetta ferli. Það er mikilvægt að skapa forsendu fyrir því að bankar taki á skuldamálum einstaklinga og fyrirtækja eins og kostur er án milligöngu dómskerfisins. Að tillögu ríkisstjórnarinnar var skattalögum breytt í lok síðasta árs til að greiða fyrir slíkum aðgerðum.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins er nú verið að leggja lokahönd á reglugerð um beitingu þessa úrræðis þannig að afskriftir eru ekki skattlagðar sem greiða mun mjög fyrir því að bankar geti mætt þörfum viðskiptavina um aðlögun skulda að greiðslugetu og veðrými eigna. Forsendan er að settar verði almennar reglur um slíka greiðsluaðlögun eða skuldaaðlögun sem tryggir jafnræði, gagnsæi og málefnalega meðferð. Einnig er verið að meta betur stöðu einyrkja gagnvart greiðsluaðlögunarúrræðinu. Þá er einnig verið að meta hvort og hvernig koma mætti til móts við þann hóp sem hvað verst er staddur vegna myntkörfulána, ekki síst þeirra sem hafa bílalán í erlendri mynt. Eins og menn þekkja hefur greiðslubyrði þeirra aukist svo um munar og greiðslujöfnun tekur enn sem komið er aðeins til fasteignalána. Þá minni ég á að samkvæmt samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skal unnið að því að draga úr vægi verðtrygginga og auka vægi óverðtryggðra íbúðalána á kjörtímabilinu. Ég hef því þegar falið Seðlabankanum að koma með tillögur um leiðir í þessu efni og vænti þeirra áður en langt um líður.

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram hefur margt verið gert til að styrkja stöðu heimilanna og gera fólki kleift að standa af sér storminn og sú vinna verður viðvarandi verkefni ríkisstjórnar minnar á meðan við göngum í gegnum efnahagserfiðleikana. Margir munu bogna en rétta úr sér aftur þegar um hægist. Þessar staðreyndir breyta hins vegar ekki því að fjárhagsstaða heimilanna hefur versnað gríðarlega á undanförnum missirum og flest ef ekki öll heimili landsins finna fyrir þeim miklu breytingum sem orðið hafa vegna hækkandi verðlags og samdráttar í tekjum. Þann mikla vanda heimilanna getum við aðeins tekist á við á vettvangi efnahagsmálanna með því að styðja við krónuna m.a. með aðhaldi í ríkisfjármálum, vinna gegn verðbólgu og skapa þannig forsendur fyrir enn frekari vaxtalækkunum. Aðeins þannig geta fyrirtækin eflst að nýju og heimilin notið vaxandi kaupmáttar.

[15:25]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum stöðu og vanda heimilanna í landinu, vanda sem byggist á bankahruni, gengi krónunnar, verðbólgu liðinna mánaða, verðtryggingu og háum vöxtum, vanda sem eykst þrátt fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar. En til þess að geta komið heimilunum til bjargar þarf að leysa önnur brýn verkefni. Það þarf fyrst og síðast að koma bankakerfinu í gang og hafa heildarframtíðarsýn í ríkisfjármálum. Það er líka nokkuð ljóst, frú forseti, að atvinnulífið fer ekki almennilega í gang fyrr en við búum við skilvirkt bankakerfi, nýja peningastefnu, lækkun vaxta og afnám gjaldeyrishafta. Þá fyrst dregur úr atvinnuleysi, hjólin fara að snúast á nýjan leik til hagsbóta fyrir fjölskyldur í landinu. Þessir þættir eru forsenda þess, frú forseti, að möguleiki verði að koma þjóðinni til bjargar.

Frá hruni bankanna hefur verið gripið til ýmissa aðgerða með lögum. Má þar nefna greiðsluaðlögun, breytingar á greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, greiðslu séreignarsparnaðar, vaxtabóta og annað í þeim dúr. En þetta, frú forseti, dugar ekki fyrir fjölskyldurnar í landinu, því miður.

Við sjálfstæðismenn höfum talað um að íbúðareigendur eigi að geta lækkað greiðslubyrði sína um allt að helming í þrjú ár og framlengt lánstímann á móti. Jafnframt að hugað verði að höfuðstólslækkun til að mæta þeim forsendubresti í hagkerfinu sem orðið hefur. Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram tillögu um 20% flatan niðurskurð og hv. þm. Lilja Mósesdóttir hefur talað fyrir áþekkri tillögu eða nefnt 4 millj. kr. Ekkert af þessu er skoðunarvert af hálfu ríkisstjórnarinnar, öllu er ýtt út af borðinu og, frú forseti, það eru óásættanleg vinnubrögð í því árferði sem nú er og þeim vanda sem fjölskyldur í landinu standa frammi fyrir.

Ég tel að ekki verði hjá því komist að grípa til sérstakra aðgerða vegna þeirra sem eiga í verulegum vanda. Margar leiðir eru á þeirri vegferð en hver þeirra sem farin er þá er nauðsynlegt fyrir fjölskyldurnar að meta markaðsverð eigna þeirra og það verði síðan þekkt stærð því að ef bankinn eða Íbúðalánasjóður gengur að skuldara og selur eignina þarf þetta að vera ljóst. Síðan þarf að meta greiðslugetu viðkomandi fjölskyldu. Ef greiðslugeta fjölskyldunnar nær markaðsvirði eignarinnar græðir enginn á því að ganga að fjölskyldunni ef skuldirnar eru hærri en markaðsvirðið og senda fjölskylduna í gjaldþrot og út á götu. Bankar og Íbúðalánasjóður þyrftu að afskrifa sömu tölu hvort sem gengið væri að fjölskyldunni eður ei og það vinnst ekkert svo það sé ítrekað, frú forseti, með því að ganga að fjölskyldunni, gera hana gjaldþrota og senda hana á götuna. Vandamálið kann að vera stærra þar sem skuldir eru meiri en markaðsvirði eigna og greiðslugeta minni. Þá má hugsa sér að þeirri fjölskyldu gæti gefist frestun á greiðslu á þeim mismun sem er á greiðslugetu og markaðsvirði í einhvern tíma. En hvaða leið sem valin er núna sem sértæk leið þá þarf alltaf að afskrifa skuldir umfram markaðsvirði. Það er staðreynd og það þarf ríkisstjórnin að horfast í augu við.

Hvort er skynsamlegra, frú forseti, að það verði gert í þágu fjölskyldna í landinu eða banka, fjárfesta og Íbúðalánasjóðs? Svarið er einfalt, frú forseti: Að sjálfsögðu í þágu fjölskyldna í landinu. Og hópurinn sem er í þessari stöðu er á aldrinum 20–40 ára, fólkið sem á að standa í því að endurbyggja þetta land þegar til framtíðar er litið. Einhverjir úr þessum hópi í dag, frú forseti, eru nú í hópi atvinnulausra eða hafa tekið á sig launalækkun. Flestar þessar fjölskyldur réðu við afborganir sínar í upphafi árs 2008 en ytri aðstæður, hrun krónunnar og verðbólga hafa sett þær fram á bjargbrúnina. Allt tal um hugsanleg brot á jafnræðisreglu ef við tökum til hendinni og hjálpum þessum hópi er bull, frú forseti, vegna þess að við brutum jafnræðisregluna þegar við settum 200 milljarða inn í peningamarkaðssjóðina í upphafi árs. Það kann að hafa verið, frú forseti, til að viðhalda trú á kerfinu en það er brýn nauðsyn nú til að koma fjölskyldum í landinu til hjálpar. (Forseti hringir.) Við þurfum að huga að því, frú forseti, að við sem erum á Alþingi erum hér fyrir fólkið í landinu en ekki vegna fólksins í landinu.

[15:30]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hv. málshefjandi útlistaði hér ágætlega erfiðleikana sem við er að glíma. En ég verð að segja að mér fannst minna fara fyrir raunsæi í máli hans eða uppbyggi-

legum tillögum um úrlausnir. Það minnti mig dálítið á málflutninginn hér fyrir helgi þegar talsmaður Framsóknarflokksins fór hamförum gegn hugmyndum um að auka tekjur ríkissjóðs en fór þó hér upp í óundirbúnum fyrirspurnatíma daginn eftir og krafðist hækkunar atvinnuleysisbóta. Er þetta alveg svona auðvelt?

Ef ríkissjóður á að leggja af mörkum í aðgerðir af hvaða tagi sem er verður hann að hafa til þess tekjur og bolmagn. Heimilin í landinu hafa að sjálfsögðu orðið fyrir miklu áfalli, sérstaklega þau sem misst hafa tekjur, þar sem menn hafa misst atvinnuna og orðið fyrir tekjusamdrætti á sama tíma og þeir glíma við þyngri skuldabyrði.

En það er ágætt að hafa það í huga að mikill skuldavandi íslenskra heimila er því miður ekki nýtilkominn. Hann er ekki bara afleiðing bankahrunsins frá því í haust. Þegar Framsóknarflokkurinn settist í ríkisstjórn 1995 voru skuldir heimilanna rétt undir 150% af ráðstöfunartekjum. Þær voru þá þegar með því hæsta sem þekktist. Þær gerðu ekkert annað en að aukast árin á eftir og svo var komið að árin 2001–2002 að þær voru rétt undir 200% af ráðstöfunartekjum. Ískyggileg mörk. Þær lækkuðu lítillega árin 2003 og 2004 en hvað gerðist árið 2005 í góðærinu mikla? Þær fóru yfir 200% af ráðstöfunartekjum og hafa verið þar síðan, hækkuðu árin á eftir í góðærinu 2006 og 2007. Og hvar stóðu þær um síðustu áramót? Jú. Það má ætla að þær hafi verið 272% af ráðstöfunartekjum, það má ætla að þær hafi verið um 136,5% af landsframleiðslu.

Það er alveg sama á hvaða mælikvarða við skoðum þetta og þegar við berum þetta saman við skuldir heimila t.d. í öðrum OECD-ríkjum var staðan orðin grafalvarleg og ískyggileg á Íslandi fyrir mörgum árum síðan. Menn voru ótrúlega dofnir gagnvart þeim mikla vanda sem þarna hlóðst upp þegar skuldir íslenskra heimila og skuldir atvinnulífsins slógu metið innan OECD um svipað leyti.

Mér finnst undarlegt að menn skuli ræða þessa hluti hér á þeim forsendum að það sé spurning um vilja hvort einhverjir vilji reyna að aðstoða heimilin eða ekki, að okkur greini á um það í þessum sal. Spurningin er um úrræði og getu til þess og með hvaða aðferðum við beitum takmörkuðum fjármunum þannig að það komi sem mest að gagni.

Það er alveg ljóst og ítrekuð talnagögn staðfesta að það er um einn tíundi til einn sjötti hluti heimilanna sem á við umtalsverðan vanda að stríða og einhver hluti þess hóps mun ekki ráða við skuldir sínar nema með umtalsverðri aðstoð. Á þeim tímum sem við gríðarlegan vanda í ríkisfjármálum er að kljást, þegar ríkissjóður tekur á sig næstum því óviðráðanlega skuldabyrði af öðrum ástæðum, verðum við ekki þá að leita leiða til að nota það bolmagn sem við höfum með markvissum og hnitmiðuðum hætti í þágu þeirra sem sannarlega og mest þurfa á aðstoð að halda? Jú, ég held það. (Gripið fram í.)

Það eru slíkar leiðir sem menn leita að og hafa verið að leita að. Töfralausnirnar, yfirboðin og popúlisminn hjálpa ekki nokkrum manni nokkurn skapaðan hlut heldur raunhæfar aðgerðir (Gripið fram í.) sem eru í samræmi við getu þjóðarbúsins og við gætum orðið sammála um að séu viðráðanlegar. Það er það sem við erum að ræða og ég vona að sama raunsæi eigi eftir að ríkja í þessum herbúðum og ríkir núna í samtölum okkar við aðila vinnumarkaðarins. Þar horfast menn í augu við alvöru málsins en ég held að stjórnarandstaðan eigi svolítið eftir í þeim efnum. (Gripið fram í.)

Ég vil svo að lokum geta þess að reglugerð um skilyrði þess að eftirgjöf skulda manna utan atvinnurekstrar, sem er mikilvægur þáttur í því að bankakerfið geti síðan (Forseti hringir.) farið í þá skuldaúrvinnslu sem þar stendur yfir, er nú tilbúið í drögum og verður gefin út einhvern næsta dag. (Forseti hringir.)

[15:34]

Þráinn Bertelsson (Bhr):

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði hér áðan eitthvað á þá leið að um 60% heimila virtust ætla að pluma sig í kreppunni án þess að lenda í vanskilum. Því ber auðvitað að fagna. Það er dásamlegt. 60% heimila ætla að komast í gegnum kreppuna án þess að lenda í verulegum vandræðum.

Hitt er ekki jafnjákvætt að þá er eftir að huga að þeim 40% heimila sem ekki virðast ætla að pluma sig í gegnum kreppuna án þess að lenda í verulegum vanskilum. Rétta talan er reyndar ekki 40%, nýjasta talan er 42%. Það eru 42% heimila á Íslandi sem hafa neikvæða eða afar þrönga eiginfjárstöðu. Og hvað um þau? Hvað er verið að gera þeim til hjálpar? Í stað hjálpar búa þessi heimili við sértækar, flóknar og jafnvel lítillækkandi aðgerðir af hálfu stjórnarinnar. Teygjulán, bómullargjaldþrot og því um líkt.

Þau búa við handstýrða vísitölu, þau búa við handstýrða okurvexti og þau búa við þá vitneskju að alþýðu Íslands verður falið að greiða ekki bara sínar skuldir upp í topp heldur líka skuldir verstu óreiðumanna sem Íslandssagan kann frá að greina. Þetta er sá hluti af stöðu heimilanna sem við hjá Borgarahreyfingunni höfum sérstakan áhuga á jafnvel þótt við sendum árnaðaróskir okkar til þeirra 60% eða 58% sem betur mega sín.

Það eru engar heildstæðar eða altækar aðgerðir fyrirhugaðar. Skeytingarleysið um vanda og hagsmuni heimilanna er svo himinhrópandi að ég yrði ekki hissa þótt ég heyrði hérna frammi í okkar ágæta mötuneyti hæstv. forsætisráðherra spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Af hverju borðar fólkið ekki kökur? (**Gripið fram í:** Góð vísa er aldrei of oft kveðin.)

[15:38]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni voru Íslendingar tæp 319.500 í ársbyrjun 2009. Samkvæmt sömu heimild frá fyrsta ársfjórðungi 2009 eru einungis 123.500 einstaklingar í fullu starfi á vinnumarkaði og 42.000 einstaklingar í hlutastarfi. Það er því minna en helmingur þjóðarinnar sem er á vinnumarkaði í dag og enn færri miðað við þessar tölur því að nú er annar ársfjórðungur að renna sitt skeið á enda.

Hvernig á svo smá og fámenn þjóð sem varla er fjölmennari en meðalstórt fyrirtæki erlendis að standa undir þeirri fjárglæfrastarfsemi sem teygði anga sína um allan heim og olli hér að lokum á haustdögum bankahruni? Engu var eirt og nú hefur verið sannað að bótasjóður tryggingafélags var veðsettur þvert á lög og reglur. Sjávarútvegsfyrir-

tæki voru rekin sem fjármögnunarfyrirtæki og lífeyrissjóðirnir voru í afar áhættusömum og hæpnum fjárfestingum sem líklega fást aldrei bættar. Þessu eiga 148.000 einstaklingar að standa undir með skatttekjum sínum. Hér er eitthvað galið á ferðinni, frú forseti.

Hæstv. forsætisráðherra lét hafa eftir sér í *Morgunblaðinu* í morgun að staða landsins væri mun verri en áður var talið. Bíðið þið við. Eru þetta fréttir? Eru þetta nýjar fréttir? Framsóknarflokkurinn hefur bent á þessa staðreynd í marga mánuði, að hér séu fjölskyldur sem eru í verulegum vandræðum og heimili þeirra eru að brenna upp vegna eignaupptöku og eignarýrnunar í boði ríkisstjórnarflokkanna.

Á Framsóknarflokkinn er ekki hlustað frekar en aðra sem koma með góð ráð. Hrokinn er slíkur. Hér lét einn hv. stjórnarþingmaður hafa eftir sér í ræðu að sjónarmið Framsóknarflokksins hefðu orðið undir í kosningunum og þess vegna ættum við ekki að halda þeim fram hér í umræðu á Alþingi. Þessi málflutningur sýnir það eitt að ekki skuli taka undir neitt af því sem stjórnarandstaðan hefur fram að færa, hversu gott sem það er og jafnvel þótt það bjargi hér heimilum og fjölskyldum í landinu frá þroti.

Þetta er vinstri græna velferðarríkisstjórnin sem einhverjir voru að bíða svo lengi eftir. Það er augljóst að ríkisstjórnin hefur engan skilning á verkefni sínu eða ástandi mála hvað varðar íslenskar fjölskyldur. Áfram skal staðið með fjármagnseigendum og lánardrottnum. Ríkisstjórnarflokkarnir, fjármagnseigendur og lánardrottnar vita sem er að íbúðalánaeigendur eru bestu skuldarar sem völ er á. Því kemur niðurfelling skulda hjá þessum hópi ekki til greina hjá ríkisstjórninni.

Þess vegna, frú forseti, á ekkert að gera fyrir heimilin í landinu. Þau eiga að standa af sér storminn eins og hæstv. forsætisráðherra sagði hér áðan úr þessum ræðustól. Jafnframt vil ég benda á að sá einstaklingur sem fer í gjaldþrot stendur ekki af sér neinn storm. Honum er kastað á dyr. Honum er kastað út úr samfélaginu og því skulum við taka eftir og muna.

Hér hefur orðið alvarlegt siðrof í boði ríkisstjórnarinnar. Því spyr ég enn á ný úr þessum ræðustól: Ætlar ríkisstjórnin að nota tillögu Framsóknarflokksins? Á að fara í skuldaniðurfellingu til að bjarga því sem bjargað verður? Tíminn er að hlaupa frá þjóðinni. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í málefnum heimilanna annað en að skuldajafna, lengja lán, loka augunum og fara í kynningarátak? Þjóðin vill fá svör.

[15:42]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Frú forseti. Trúverðug áætlun um aðlögun ríkisfjármála að gjörbreyttum aðstæðum er eitt mikilvægasta hagsmunamál heimilanna auk atvinnustigsins. Ríkisstjórnin vinnur því að tillögum til útgjaldalækkunar og tekjuöflunar ríkissjóðs og skuldir ríkisins eru einnig skuldir heimilanna í landinu. Lánshæfismat íslenska ríkisins byggir á trúverðugri áætlun í ríkisfjármálum og hefur því mikil áhrif á greiðslubyrði ríkissjóðs og þar með möguleika til að veita opinbera þjónustu og beinar greiðslur til heimilanna.

Á sama tíma og stjórnvöld vega og meta þá kosti sem eru í stöðunni fara fjölskyldur landsins yfir fjármál sín og leita allra leiða til að draga úr kostnaði til að geta greitt af lánum sínum. Verðtrygging af húsnæðislánum er nánast séríslenskt fyrirbæri vegna óstöðugleika í efnahagslífinu. Í öðrum löndum hefur efnahagskreppan þau áhrif að á sama tíma og tekjur heimilanna dragast saman lækka vextir af húsnæðislánum þegar seðlabankar lækka vexti til að örva hagkerfin. Á Íslandi erum við ekki eingöngu að fást við hrun fjármálakerfisins og djúpa efnahagslægð. Gjaldmiðillinn hrundi um leið og bankakerfið og verðbólga hefur því verið mun meiri hér en í öðrum Evrópuríkjum. Áhrifin verða þau að húsnæðisskuldir hækka vegna verðbótaþáttarins.

Frú forseti. Óstöðugt verðlag hefur lengst af verið mikið böl fyrir íslensk heimili. Verðtryggingin er leið til að draga úr sveiflum á greiðslubyrði skulda heimilanna og í stað breytilegra vaxta á húsnæði erum við með fasta vexti og verðtryggingu. Þannig auðveldar verðtryggingin heimilunum að komast í gegnum tímabil efnahagslægða því að aukin greiðslubyrði greiðist jafnt á eftirstöðvar lánsins en kemur ekki fram í vaxtastiginu sem væri nú hátt í 20%.

Á síðustu mánuðum hefur verið gripið til margra aðgerða til að lækka greiðslubyrði heimilanna og einnig lögfest úrræði fyrir þær fjölskyldur sem ekki sjá fram úr efnahagsvandræðum sínum eins og fram kom í máli hæstv. forsætisráðherra. Meiri hluti heimilanna í landinu getur staðið undir greiðslubyrði sinni óháð því hver eiginfjárstaða í húsnæði er og erlendar rannsóknir sýna að eiginfjárstaða í húsnæði hefur ekki áhrif á afkomu fólks svo lengi sem það heldur atvinnu sinni.

Við göngum nú í gegnum tímabundna efnahagslægð. Hún er vissulega djúp og það mun reyna mjög á stjórnvöld og landsmenn alla á næstu árum. En þegar tekjur fara að aukast mun íbúðaverð og eiginfjárhlutfall fara hækkandi.

Virðulegi forseti. Framtíðarsýn Samfylkingarinnar byggir á jafnvægi og velferð. Við erum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að flýta endurreisn Íslands og tryggja að hún verði á varanlegum grunni. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu er að okkar mati eitt mikilvægasta skrefið sem við verðum að stíga nú í sumar. Við teljum það efnahagslega nauðsyn. Samhliða aðlögunarferlinu að evru munum við fylgja áætlun um endurreisn íslensks efnahags.

Okkar mat er það að til að hér verði efnahagsstöðugleiki til framtíðar verðum við að taka upp evru. Stöðugt verðlag og gengi er eitt af mikilvægustu hagsmunum heimila og fyrirtækja. Fáir vita það betur en Íslendingar. Gengisstöðugleiki er jafnframt mikilvæg forsenda þess að innlendir jafnt sem erlendir aðilar vilji fjárfesta hér á landi. Ef fyrirtækin hafa ekki trú á íslensku hagkerfi mun draga úr verðmætasköpun. Þá getum við ekki tryggt gott velferðarkerfi og fjölbreytt atvinnutækifæri. Þá mun verðtryggingin verða förunautur okkar til framtíðar. Þess vegna leggur Samfylkingin svo ríka áherslu á aðild að Evrópusambandinu því að hún er eitt (Forseti hringir.) af mikilvægustu hagsmunamálum íslenskra heimila. (Forseti hringir.)

[15:46]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Hafi einhverjir hv. þingmenn eða landsmenn gert sér vonir um að hæstv. forsætisráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra mundu skýra með einhverjum hætti

í þessari umræðu hvernig þau og ríkisstjórnin hygðust koma til móts við skuldavanda heimila í landinu hafa viðkomandi orðið fyrir sárum vonbrigðum. Hér töluðu leiðtogar ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, og hvorugur þessara leiðtoga ríkisstjórnarinnar kom með nokkuð sem hönd á festi til að leysa úr þeim vanda sem mörg heimili í landinu vissulega standa frammi fyrir. Við getum deilt um það hversu margir nákvæmlega eiga í verulegum greiðsluvanda, við vitum hins vegar að það eru þúsundir fjölskyldna í landinu sem eiga í þeim vanda. Þúsundir fjölskyldna hafa orðið fyrir þungum áföllum vegna hækkandi greiðslubyrði, vegna atvinnumissis eða verulegs tekjumissis sem kemur hart niður á þeim.

Hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra notuðu a.m.k. ekki þetta tækifæri sem gafst við þessa umræðu til að koma með svo mikið sem eitt einasta atriði sem mætti verða til að bæta stöðu þessa fólks, ekki eitt einasta atriði. Þau voru með ýmsar lýsingar á vandanum, sögulega upprifjun á ýmsum aðgerðum sem gripið hefur verið til á undanförnum mánuðum, aðgerðir sem ég get tekið undir með hv. síðasta ræðumanni, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, að eru ágætar svo langt sem þær ná.

Ég tók þátt í því í vor að samþykkja lög um greiðsluaðlögun o.fl. sem vissulega getur komið til móts við ákveðna hópa, ákveðna einstaklinga sem eru komnir í veruleg vandræði, sem í raun og veru eru komnir á barm gjaldþrots. En varðandi alla hina sem eru miklu, miklu fleiri, öll hin heimilin sem eiga við gríðarlegan greiðsluvanda að stríða er svar ríkisstjórnarinnar ekki neitt, við bara bíðum af okkur vandann. Það er útspil ríkisstjórnarinnar ef marka má ræður hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra.

Ég ætla ekki að fara yfir það í sjálfu sér, það hefur komið ágætlega fram við umræðuna þannig að ég ætla ekki að fara sérstaklega yfir þau vandamál sem við er að stríða. Það er hins vegar rétt sem kom fram hjá hv. fyrsta ræðumanni í þessari umræðu, hv. formanni Framsóknarflokksins, að vandinn er ekki að minnka, hann er að aukast, vandinn hvað varðar greiðsluvandræði einstaklinga og heimila og raunar fyrirtækja líka, vandinn varðandi atvinnustöðuna. Við vitum líka að vandi fyrirtækjanna er ekki að minnka, hann er að aukast og hann getur orðið töluvert meiri á næstu mánuðum með hörmulegum afleiðingum, gjaldþrot í fyrirtækjum hafa áhrif á fjölda heimila eins og menn þekkja.

Með þessu er ég ekki, eins og hæstv. forsætisráðherra gaf í skyn áðan, að mála skrattann á vegginn. Það vil ég ekki en við getum heldur ekki reynt að mála yfir skrattann á veggnum, við getum ekki reynt að fela vandann með því að þykjast ekki horfast í augu við hann, við getum það ekki. Við verðum að takast á við þau vandamál sem við eigum við að glíma, við verðum að leggja fram tillögur og úrræði og miðað við hvernig ríkisstjórnin skilar auðu í þessari umræðu mun það koma í hlut okkar í stjórnarandstöðunni að leggja fram tillögur (Forseti hringir.) sem geta horft til úrbóta.

[15:50]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Í dag eru mörg heimili í miklum vanda þar sem ráðstöfunartekjur þeirra hafa rýrnað vegna launalækkana, hækkandi verðlags og aukinnar greiðslubyrði lána. Verst er ástandið hjá þeim sem hafa misst vinnuna. Það verður aldrei hægt að ná þjóðarsátt um endurreisn hagkerfisins nema tekið verði á skuldavanda heimilanna. Ef gripið hefði verið til aðgerða strax í haust væri vandinn í ríkisfjármálum eða tekjufall ríkissjóðs ekki jafnmikið og raun ber vitni.

Á síðasta og þessu ári er gert ráð fyrir að verðbólgan verði um 26% sem mun að öllu óbreyttu leggjast með fullum þunga á skuldsett heimili sem búa við verðtryggingu. Ef húsnæðislán landsmanna hefðu verið með föstum nafnvöxtum til fimm ára, eins og víða þekkist á Norðurlöndunum, hefði verðbólguskotið lent að mestu leyti á lánveitendum eða bönkum, sparisjóðum og Íbúðalánasjóði en ekki lántökum eins og heimilunum. Rúmlega 40 lönd hafa frá árinu 1970 þurft að kljást við banka- og gjaldeyriskreppu og flest þeirra tókust á við kreppuna án þess að vera með verðtryggingu. Verðbólguskotið sem fylgdi í kjölfar hrunsins létti því skuldabyrði heimilanna í þessum löndum og varnaði því að kreppan yrði eins djúp og hún á eftir að verða hér á landi ef ekki er brugðist við hið fyrsta.

Nauðsynlegt er að leiðrétta höfuðstól húsnæðislána til að draga úr fjölda þeirra sem verða gjaldþrota og til að ná fram sanngjarnri skiptingu skuldabyrða af völdum fjármálakreppunnar. Við gjaldþrot heimila hverfa fasteignalán ekki heldur falla beint og óbeint á skattgreiðendur. Auk þess draga gjaldþrot heimila enn frekar úr eftirspurn í hagkerfinu og kreppan dýpkar þar af leiðandi.

Á undanförnum mánuðum hafa komið fram kröfur um að verðbólguhækkun höfuðstóls fasteignalána og afborgana verði leiðrétt. Mörgum mun finnast slík leiðrétting óréttlát gagnvart þeim sem ekkert skulda. Það má hins vegar ekki gleyma því að verulega hallar á skuldsett heimili í þeim björgunaraðgerðum sem nú þegar hefur verið gripið til. Jafnframt er lítið réttlæti falið í því að láta skuldsett heimili taka á sig auknar byrðar í hlutfalli við skuldastöðu þeirra.

Í byrjun mars sl. taldi Seðlabankinn að um 34 þúsund heimili væru komin með eða væru nálægt því að hafa neikvæða eiginfjárstöðu. Bankinn hefur jafnframt spáð því að raunvirði fasteignaverðs muni lækka um 30% til ársins 2010. Brugðist hefur verið við með því að bjóða upp á greiðslujöfnun og greiðsluaðlögun fyrir þá sem eru komnir í þrot með lánin. Þetta eru sértækar aðgerðir sem byggja á mati á þörf hvers og eins fyrir aðstoð. Áhersla á sértækar aðgerðir eins og greiðslujöfnun og greiðsluaðlögun eru ekki í samræmi við grundvallarmarkmið norræna velferðarkerfisins þar sem öllum er tryggður sami réttur án tillits til þjóðfélagsstöðu og síðan er skattkerfið notað til að ná fram jöfnuði.

Að minnsta kosti sex leiðir hafa verið lagðar til um hvernig taka megi á skuldavanda heimilanna. Þessar leiðir felast annaðhvort í því að lækka höfuðstól eða lækka greiðslubyrði. Aðgerðir þessar munu fela í sér eignatilfærslu frá einum hópi einstaklinga til annars þar sem ekki er búið að afskrifa öll fasteignalán landsmanna og leiðréttingin mun því að einhverju leyti falla á ríkissjóð og þar með á skattgreiðendur.

Frú forseti. Ég legg því til að hæstv. forsætisráðherra

skipi nefnd með fulltrúum (Forseti hringir.) allra hagsmunaaðila til að fara yfir og ná samkomulagi um leiðir til að leiðrétta (Forseti hringir.) óréttlætið sem skapast hefur af völdum verðtryggingarinnar. Slík samráðsnefnd er forsenda þess að hér náist þjóðarsátt um endurreisnina.

[15:55]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra upplýsti okkur um að ekki séu eins mörg heimili í vanda stödd og almennt var talið. Það sem mestu máli skiptir er að of mörg heimili eru í vanda en ekki hve mörg.

Leiðrétta þarf alvarlega stöðu heimilanna með því að færa vísitölu verðtryggingarinnar handvirkt fram fyrir hrun hagkerfisins og hækkanir höfuðstóls og afborganir húsnæðislána til samræmis við það. Skuldabyrði heimila vegna gengistryggðra íbúðalána verður að lagfæra í samræmi við lagfæringu verðtryggðra íbúðalána. Afnema þarf verðtrygginguna eftir að skuldir heimilanna hafa verið leiðréttar. Fólkið í landinu vill greiða þær skuldir sem það sannarlega stofnaði til en þar við situr. Fólk almennt vill reka heimili sín af ábyrgð og skynsemi. Heimilin eiga ekki að bera ábyrgð á glórulausri efnahagsstjórn síðustu ára.

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra minntist á þá staðreynd að fjármunir séu takmarkaðir. Ríkisstjórnin hæstv. hefur ráðist í það óvinnandi verk að greiða skuldir óreiðumanna í útlöndum. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að það er ekki hægt og hætta að reyna það og gera það sem svo mörg heimili hafa neyðst til að gera. Að hætta að borga. Við þurfum að semja um skuldirnar og reyna að fá þær niðurfelldar. Þá fyrst er hægt að bjarga heimilunum og fyrirtækjunum.

[15:57]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Hæstv. forseti. Ég, eins og aðrir stjórnarandstæðingar hér, varð fyrir miklum vonbrigðum með svör fulltrúa stjórnarflokkanna. Raunar virtist hæstv. fjármálaráðherra vera hálfönugur yfir því að þurfa eina ferðina enn að ræða þetta mál. Það væri náttúrlega einfaldast fyrir hann að losna við þessa umræðu með því að leggja til einhverjar lausnir og þá hugsanlega líka að hætta að slá fyrir fram út af borðinu allar hugmyndir að lausnum sem koma frá öðrum.

Hæstv. forsætisráðherra talaði enn um kostnaðinn sem lendi á ríkinu við það að ráðast í leiðréttingu skulda en gleymir því líka eina ferðina enn að það er ekki búið að færa lánin úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju. Þegar það verður gert verður það gert með verulegri afskrift og eðlilegt að sú afskrift sé umtalsverð í ljósi þess að væru þessi lánasöfn bankanna, ég tala nú ekki um ef við tökum sem dæmi húsnæðislánin, seld á uppboði á alþjóðlegum markaði fengist fyrir þau bara brot af því sem nú stendur til að innheimta. Möguleikinn er fyrir hendi að ríkið kaupi þessi lán á sanngjörnu verði en þó ekki hærra verði en svo að afskriftirnar geti að einhverju leyti gengið áfram til þeirra sem skulda og á endanum skilist þá meira til baka út úr hagkerfinu sem þá fer ekki algjörlega á hliðina heldur geta heimilin haldið áfram að borga og fyrirtæki vonandi sem flest haldist áfram í rekstri.

Ég tek undir með hv. þm. Lilju Mósesdóttur um að nú væri ráð að forsætisráðherra skipaði nefnd til að kanna möguleikann á því að vinda ofan af verðtryggingunni. Tækifærið til þess er að skapast núna og við eigum að nýta það tækifæri. Raunar held ég, svona í framhaldi af þessum umræðum í dag, að það gæti verið ráð að stjórnarandstaðan eða einhverjir úr stjórnarandstöðunni settust niður með fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna, til að mynda hér í húsinu, og tækju í það einn dag, svona einhvers konar vinnudag, til að skiptast á hugmyndum um lausnir því að ríkisstjórnin kemur ekki með lausnir en kallar þó eftir lausnum frá öðrum og þær munum við svo sannarlega halda áfram að koma með hér á Alþingi. En það hvarflar að mér að það gæti verið heppilegra og þægilegra fyrir ríkisstjórnina ef þessar lausnir væru fyrst ræddar í lokuðu herbergi svoleiðis að henni þætti ekki eins og verið væri að stilla henni upp við vegg, hún væri að taka við lausnum frá einhverjum öðrum, því að það virðist henni mislíka stórkostlega.

Ef við settumst nú niður saman og reyndum í sameiningu að verja í það þó ekki væri nema einum degi til að finna lausnir á vandanum sem allir flokkar á Alþingi geta skrifað upp á að tilraun verði gerð til að fara í, þá væri ríkisstjórnin að sýna það samráð sem hún hefur talað svo mikið fyrir og í rauninni á einhvern hátt kannski að leysa þann vanda sem hún er komin í, fengi hjálp upp úr skotgröfinni sem hún virðist vera föst í og fengi um leið hugmyndir því að hugmyndir virðist skorta. Við þessar aðstæður þarf óvenjulegar hugmyndir, menn þurfa að þora að fara óvenjulegar leiðir. Við erum í stöðu sem íslenskt efnahagslíf hefur aldrei nokkurn tíma verið í áður og mun vonandi aldrei lenda í aftur og við þeirri stöðu og því ástandi duga ekki hefðbundin gömul ráð eins og að kalla hér saman þingmenn seint um kvöld til að hækka skatta á áfengi, tóbak og bensín. Menn þurfa að þora að hugsa aðeins út fyrir kassann og væri ekki bara ráð að við reyndum að gera það saman svoleiðis að ríkisstjórnin hefði þá líka stuðning við þær hugmyndir sem út úr slíkri vinnu kæmu?

[16:01]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan hafði ekki mikið nýtt fram að færa í þessari umræðu. Það var klifað á því sama að ekkert hefði verið gert fyrir heimilin í landinu þrátt fyrir það að hver einasti þingmaður hér inni ætti að þekkja þær 22 aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur farið í á umliðnum vikum og mánuðum. (Gripið fram í.) Það er klifað á því líka að öllum tillögum sem koma fram frá stjórnarandstöðunni og öðrum sé ýtt út af borðinu eins og hér var sagt. Þetta er auðvitað alrangt, þessar tillögur hafa verið til skoðunar m.a. hjá Seðlabankanum og þær hafa fengið sinn dóm, m.a. tillaga talsmanns neytenda, og ég lýsti því hvað Seðlabankinn hefur að segja um þær tillögur sem m.a. framsóknarmenn hafa sett fram. (Gripið fram í.) Þær kosta um 900 milljarða kr., þar af vegna heimilanna 285 milljarða kr., og ef farið verður í þessar aðgerðir munum við fara í aðra kollsteypu. Þá hefur Framsóknarflokkurinn ekki tekið með hvað þetta þýddi fyrir Íbúðalánasjóð sem færi á hausinn ef farið væri að tillögum framsóknarmanna og það hefur ekki verið rætt um hvaða áhrif þetta hefði á lífeyrissjóðina og

greiðslurnar ef farið væri út í svona flata … (Gripið fram í.)

Ég veit að hv. þingmaður er órólegur yfir þessu en þetta eru bara staðreyndir málsins. Ef farið væri að tillögum framsóknarmanna þýddi það að niðurfelling á húsnæðisskuldum 17.500 heimila sem eru með meira 20 millj. kr. í jákvæða eiginfjárstöðu væri 41 milljarður kr. sem er meira en við förum núna með í allar barnabætur, húsnæðisbætur, fæðingarorlof o.fl. Þetta er tvöfalt meira en sá halli sem við þurfum að glíma við á þessu ári. (Gripið fram í.) Það er því ljóst að menn þurfa að átta sig á áhrifunum af því að fara í svona aðgerðir.

Það að ekki sé farið í neinar aðgerðir, ég boðaði aðgerðir í ræðu minni áðan en það virðist ekki hafa komist til skila til nokkurs einasta þingmanns. (Gripið fram í.) Ég nefndi að það væri ákveðinn hópur sem þyrfti að fara í aðgerðir út af, 12% af þeim hópi heimilanna sem þarf að verja yfir 50% af ráðstöfunarfé sínu í greiðslubyrði af fasteignalánum. Það þarf að skoða hvernig á að fara í það að grípa til frekari aðgerða vegna þessa hóps og ekki síst þessa 6% hóps sem er líka með neikvæða eiginfjárstöðu. Það er verið skoða, m.a. er verið að ganga frá reglugerð eins og hér kemur fram að afskriftir verði ekki skattlagðar. Verið er að skapa forsendur fyrir því að bankarnir geti farið í svokallaða frjálsa greiðsluaðlögun, það er verið að skoða myntkörfulánin og ekki síst bílalánin og hvernig í það verður farið. Allt þetta er verið að skoða í ljósi þeirra nýju upplýsinga sem fram koma nú frá Seðlabankanum og þetta erum við að skoða einmitt í samráði við aðila vinnumarkaðarins hvernig fara skal í. En óraunhæfar aðgerðir eins og hér hafa verið lagðar fram, sem setja þjóðina þráðbeint á höfuðið, (Forseti hringir.) eru ekki tillögur sem ég vil fara í. (Gripið fram í.)

[16:04]

Útbýting:

Breytingar á raforkulögum, 75. mál, fsp. SER, þskj. 87.

Diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun, 74. mál, fsp. SER, þskj. 86.

Fjármálaráðgjöf á landsbyggðinni, 71. mál, fsp. SER, þskj. 83.

Framhaldsskólanám nemenda með fötlun eða þroskahömlun, 73. mál, fsp. SER, þskj. 85.

Malarvegurinn fyrir Melrakkasléttu, 76. mál, fsp. SER, þskj. 88.

Miðstýring háskólanáms, 72. mál, fsp. SER, þskj. 84.

Ríkisjarðir, 79. mál, fsp. BJJ, þskj. 91.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 78. mál, stjfrv. (fél.- og trmrh.), þskj. 90.

Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar, 77. mál, fsp. SF, þskj. 89.

Fundi slitið kl. 16:05.

14. FUNDUR

fimmtudaginn 4. júní,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Náttúruverndaráætlun 2009–2013, stjtill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
3. Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Fyrri umr.
4. Lokafjárlög 2007, stjfrv., 57. mál, þskj. 59. — 1. umr.
5. Virðisaukaskattur, frv., 47. mál, þskj. 47. — 1. umr.
6. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 30. mál, þskj. 30. — 1. umr.
7. Afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[10:30]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Um kl. 11 í dag, að loknum liðnum Störf þingsins, fer fram umræða utan dagskrár um skýrslur nefnda um háskólamál. Málshefjandi er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Störf þingsins.

Stýrivextir – vinnulag á þingi – ORF Líftækni – styrkir til stjórnmálaflokka.

[10:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill tilkynna að þar sem fjórir hv. þingmenn hafa beðið um orðið undir dagskrárliðnum Störf þingsins mun forseti haga umræðunni þannig að hún gefur hv. þingmanni orðið og síðan þeim er hann vill eiga orðastað við og svo koll af kolli.

[10:31]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Nú liggur fyrir ákvörðun Seðlabanka Íslands um breytingar á stýrivöxtum. Niðurstaðan olli miklum vonbrigðum. Stýrivextir voru einungis lækkaðir um eitt prósentustig. Þar með hvílir áfram sá mikli þungi á íslenskum fyrirtækjum og heimilum sem endurspeglast í þessu geysiháa stýrivaxtastigi. Þetta stýrivaxtastig gerir öllu atvinnulífi á Íslandi mun erfiðara fyrir en ella að komast aftur af stað, skapa verðmæti og um leið verða aftur að þeim skattstofnum sem ríkissjóður þarf svo nauðsynlega á að

halda. Ástæðan fyrir því hvers vegna stýrivextirnir eru svona háir er ekki sú að hér megi vænta gríðarlegrar verðbólgu vegna mikillar eftirspurnar í hagkerfinu. Þvert á móti er fram undan enn meiri samdráttur en við horfumst nú í augu við.

Það er augljóst að það er tvennt sem veldur því að Seðlabanki Íslands getur ekki lækkað stýrivextina eins og hann ætti að gera. Annars vegar það að enn liggur ekki fyrir raunhæf áætlun í ríkisfjármálum. Það er lykilatriði í þessu máli og jafnframt hafa ríkisstjórninni verið mislagðar hendur í því að koma saman bankakerfinu.

Sænski ráðgjafinn Mats Josefsson lýsti yfir gríðarlegri óánægju með hversu hægt gengi að endurreisa bankakerfið og hótaði að hætta. Í *Fréttablaðinu* í dag kom fram sú skoðun hjá Þorvaldi Gylfasyni, prófessor í hagfræði, að það væri alvarlegt hversu hægt gengi hjá ríkisstjórninni að leggja fram raunhæfar úrbætur í ríkisfjármálum. Forsvarsmenn atvinnulífsins hafa lýst því yfir að það væru forsendur kjarasamninga í landinu að vextir Seðlabankans lækkuðu þannig að hægt væri að lifa við þá. Bæði Gylfi Arnbjörnsson og líka forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins, eins og Vilhjálmur Egilsson, hafa sagt að það gangi ekki fyrir þjóðina og fyrir hagkerfið að hafa þetta háa vaxtastig. Ég vil því spyrja hv. þingmann, formann þingflokks Samfylkingarinnar: Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin klárar ekki þau mál sem svo augljóslega verður að klára til að hægt sé að lækka vextina?

[10:34]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það má taka undir það að vissulega standa væntingar til þess að stýrivaxtalækkunarferlið gangi hraðar fyrir sig en það gerir í dag. Fyrir því eru að sjálfsögðu ákveðnar ástæður og það er nauðsynlegt að hafa í huga að peningastefnunefndin getur ekki lækkað vexti á kostnað gengisstöðugleikans. Veiking krónunnar og meðfylgjandi verðbólga sem því fylgir er miklu skeinuhættari bæði fyrirtækjum og heimilunum í samfélaginu en vaxtastigið eitt og sér. Það er mikilvægt að gæta varfærni við vaxtalækkunarferlið þegar gengi krónunnar hefur ekki styrkst eins og vonir manna stóðu til fyrir nokkrum vikum þegar boðað var að ferlið mundi líkast til ganga hraðar fyrir sig. Þá er mikilvægt að hafa í huga að við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi ráða stýrivextirnir ekki einir vaxtastiginu í landinu, bankarnir búa vel að lausafé og þurfa ekki að nýta Seðlabankann til lausafjárstýringar. Þess í stað ráða innlánsvextir fjármálastofnana hjá Seðlabankanum í raun og veru vaxtastiginu og þeir voru lækkaðir í 9,5% í júní og eru óbreyttir í dag. Mikil lækkun innlánsvaxta í júní úr 12,5% í 9,5% lækka allan fjármagnskostnað í hagkerfinu umtalsvert þannig að það verður að hafa í huga líka þegar þessi staða er rædd. Líkast til bíður Seðlabankinn frekari aðgerða í ríkisfjármálum, að tillögur verði lagðar fram eins og boðað hefur verið af hæstv. fjármálaráðherra í þessum mánuði og þær gangi í gegnum Alþingi þannig að þær liggi fyrir áður en stærri og myndarlegri skref eru stigin til vaxtalækkunar sem allir bíða að sjálfsögðu eftir. Þau skref má ekki og á ekki að stíga á kostnað gengisstöðugleikans, hann skiptir gríðarlega miklu máli. Gengið hefur verið mun veikara en efni stóðu til og menn væntu. Þess vegna er þessi varfærnislega ákvörðun Seðlabankans skiljanleg í ljósi aðstæðna.

[10:36]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum Störf þingsins vegna starfa þingsins. Ég hef starfað hér bráðum í mánuð og starfsumhverfið og skipulag á störfum þingsins kemur mér verulega á óvart.

Ég setti niður smápunktalista. Ég set þar skipulagsleysi, nefndafundir, fundarboð, þingmál á sumarþingi, vinnutími á nefndafundum, vinnuhópar um persónukjör, þjóðaratkvæði og stjórnlagaþing. Eins og þetta horfir við mér, manni sem hefur unnið í áratugi á öðrum vinnustöðum, er þetta einn hrærigrautur, skipulagið og verklagið á þinginu. Mig langar að beina þeirri fyrirspurn til formanna þingflokkanna hvort eða hvernig sé hægt að koma betra skikki á þetta.

Það var gefin út dagskrá um nefndafundi í upphafi þingsins. Það er ekki farið eftir henni. Nefndafundir eru boðaðir hver ofan í annan. Í hádeginu í gær átti ég að vera á þremur fundum samtímis. Ég komst á tvo fundi, ég náði svona einum þriðja á hvorum fundi og þriðja fundinum missti ég af. Hluti af þessu er að vera í fámennum flokki en ég heyri það á mjög mörgum þingmönnum að þeir eru að fara á límingunum út af skipulagsleysi í vinnubrögðum hér. Ég get alveg fullyrt að nánast á hvaða öðrum vinnustað þar sem skipulag og verklag væri með þeim hætti sem er á Alþingi yrði stjórnunin tekin rækilega í gegn og það yrði gert alveg um leið.

Mig langar að vekja athygli á þessu og mig langar að hvetja formenn þingflokkanna og alla sem telja að sér komi þetta við að skoða þessi mál rækilega og reyna að hittast og koma skikki á vinnulagið.

[10:39]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Mig langar í fyrsta lagi að minnast á mál sem er mjög stórt og snertir að mínu mati störf okkar í iðnaðarnefnd. Mig langar því að beina orðum mínum til formanns iðnaðarnefndar. Ég vildi aðeins fá að heyra hver hans tilfinning, áhugi og viðhorf er til fyrirtækisins ORF Líftækni og þeirrar starfsemi sem það er með og þess sem fyrirtækið vill gera varðandi erfðabreytt bygg. Ég ætlaði reyndar að hafa þetta svolítið lengra og ítarlegra en tíminn er mjög naumur, skilst mér.

Mig langar líka að koma inn á það sem kom fram áðan varðandi stýrivextina. Það er náttúrlega ljóst að sú ákvörðun sem kynnt var í morgun er áfall fyrir fyrirtækin í landinu, áfall fyrir þjóðina. Það er alveg ljóst að kallað hefur verið eftir því í langan tíma að stýrivextir væru lækkaðir miklu meira og miklu hraðar. Það er mjög sérstakt ef farið er yfir þessa stöðu að búist var við hraðri lækkun stýrivaxta í júní samkvæmt frétt í *Morgunblaðinu* 8. maí og vitnað í seðlabankastjóra. En þar segir hann jafnframt að uppfylla þurfi nokkur atriði til að það gangi eftir og segir m.a. að það sé mikilvægt til að ná jafnvægi í fjármálum hins opinbera til lengri tíma og þannig stuðla að efnahagsbata. Sagð-

ist hann sannfærður um að það yrði gert og það væri forsenda umtalsverðrar stýrivaxtalækkunar í júní.

Forsenda stýrivaxtalækkunar er að ríkisstjórnin nái tökum á efnahagsmálunum. Það hefur ekki gerst og þess vegna eru stýrivextirnir ekki lækkaðir. Ríkisstjórnin er að bregðast, góðir tilheyrendur, og það er mikið áhyggjuefni, það er mikið mál.

Hæstv. forsætisráðherra sagði einnig í Morgunblaðinu þann 22. apríl, með leyfi forseta, að forsendur væru að skapast fyrir verulegri lækkun vaxta í landinu. Ég átta mig ekki á því á hvaða vegferð ríkisstjórnin er. Það er ljóst að hún er að bregðast, hún er ekki að standa sig og þess vegna lækka ekki stýrivextir.

[10:41]

Skúli Helgason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni fyrir fyrirspurnina. Ég var reyndar búinn undir það að hún fjallaði um útiræktun á erfðabreyttu byggi. En ég deili sannarlega vonbrigðum Gunnars Braga varðandi stýrivaxtalækkunina. Hún er að sjálfsögðu allt of lítil til að koma hjólum atvinnulífsins í fullan snúning og ég tel að stjórnvöld hafi lagt fram allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar voru til að peningastefnunefndin tæki mun stærra skref og ég vona að það gerist fyrr en síðar.

Fyrirspurnin lýtur að því að fyrirtækið ORF Líftækni hefur sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar til að hefja útiræktun á erfðabreyttu byggi. Ég get sagt það hér og nú að ég er mjög jákvæður gagnvart þessu verkefni. Ég tel að þetta sé mikilvægt nýsköpunarverkefni. Samkvæmt lögum ber að leita eftir umsögnum tveggja aðila áður en slíkt leyfi er veitt, annars vegar ráðgjafarnefndarinnar um erfðabreyttar lífverur og hins vegar Náttúrufræðistofnunar. Ráðgjafarnefndin var reyndar ekki einhuga í afstöðu sinni en þó er það niðurstaða hennar að mæla með því að þetta leyfi sé veitt til fimm ára. Það er ekki síður mikilvægt að Náttúrufræðistofnun hefur skilað niðurstöðu þar sem ekki er lagst gegn þessum tilraunum í ljósi fyrri niðurstaðna við ræktun erfðabreytts byggs í Gunnarsholti og þeirra varúðarráðstafana sem koma fram í umsögn fyrirtækisins. Ég tel því einsýnt að menn eigi að greiða þessu götu. Umsagnarfrestur hefur verið framlengdur til 12. júní, það eru átta dagar í það og mér skilst á upplýsingum sem ég fékk í morgun frá Umhverfisstofnun að það eigi ekki að líða nema 3–4 dagar eftir það þar til ákvörðun er tekin um leyfisveitingu sem ég vona og trúi og styð að verði jákvæð.

[10:43]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að nota hefðbundin ávarpsorð í þingsal og nefna þingmenn fullu nafni.

[10:43]

Róbert Marshall (Sf):

Frú forseti. Nú hefur forusta Sjálfstæðisflokksins upplýst um vandlega útfærða endurgreiðsluáætlun á ofurstyrkjum frá FL Group og Landsbankanum sem felur í sér endurgreiðslu verðbóta- og vaxtalaust á um 60 millj. kr. styrk frá þessum fyrirtækjum sem nú eru orðin að skilanefndum. Það er full ástæða til að hrósa hv. formanni Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssyni, fyrir skilvísina enda mun hann vera fullur vandlætingar á þeim gífurlegu upphæðum sem hann vissi ekkert um. Ekki frekar en varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, né heldur fyrrverandi ráðherra flokksins, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, sem að vísu bað vini sína í þessum fyrirtækjum um að safna þessum peningum án þess þó að hann hafi nokkurn tíma rennt í grun að upphæðirnar sem þeir söfnuðu væru svona hneykslanlegar, enda reyndi hv. þingmaður að fá endurskoðanda sveitarfélags sem hann vann einu sinni fyrir til að skoða málið þó að málið væri því alls ótengt, svo mikil var vandlætingin. Því er spurt: Ætlar formaður Sjálfstæðisflokksins ekki að beita sér fyrir því að félög Sjálfstæðisflokksins og kjördæmisráð upplýsi nú um þá styrki sem þau öfluðu án liðsinnis aðalskrifstofu flokksins líkt og Samfylkingin hefur nú gert? Bæta má þeirri spurningu við til annarra flokka hvort þeir ætli ekki með sambærilegum hætti og Samfylkingin hefur nú gert með sín svæðisfélög og kjördæmisráð að upplýsa um styrki frá fyrirtækjum þannig að allir stjórnmálaflokkar á Íslandi leggi spil sín á borðið í þessum efnum.

[10:45]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Þannig er að Sjálfstæðisflokkurinn hefur tilnefnt fulltrúa sína í nefnd forsætisráðherra um þau mál sem spurt er út í. Það vakir ekkert annað fyrir Sjálfstæðisflokknum en að taka fullan þátt í því starfi með þeim hætti sem lagt er upp með, þ.e. að látið verði á það reyna hvort flokkarnir geti komið sér saman um upplýsingagjöf aftur í tímann vegna fjárhagslegra málefna flokkanna.

Annars verð ég að segja, virðulegi forseti, að mér fannst fyrirspurnin á margan hátt alveg ótrúlega ósmekkleg hjá hv. þingmanni. Í fyrsta lagi er óþarfi að láta að því liggja að hér hafi verið um 60 millj. kr. að ræða. Hv. þingmaður veit vel að Sjálfstæðisflokkurinn hefur einn flokka ákveðið að endurgreiða 55 millj. Og vilji menn nota sér þennan vettvang, fyrrverandi fréttamenn Stöðvar 2 sem reyndar er í þeirri fyrirtækjagrúppu sem er einn helsti styrktaraðili Samfylkingarinnar, eins og fram hefur komið samkvæmt þeim upplýsingum sem nú hafa verið gerðar opinberar, er mönnum auðvitað velkomið að gera það. Hversu málefnalegt það er er annað mál.

Maður veltir fyrir sér hvort ætli sé óþægilegra, að vera þingmaður Samfylkingarinnar eða fréttamaður á Stöð 2, þegar svona rík fjárhagsleg tengsl eru gerð opinber á milli stjórnmálaflokksins og þeirrar fjölmiðlasamsteypu sem rekur þá fréttastofu. (Gripið fram í.)

[10:46]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Nú eru liðnir 40 dagar frá kosningum og sú ríkisstjórn sem hér ríkir er orðin 120 daga gömul. Enn liggur ekki fyrir áætlun hjá þessari ríkisstjórn í ríkisfjármálum og ekki er enn búið að endurskipuleggja bankana þannig að þeir geti starfað eðlilega. Þess vegna lækka stýrivextir Seðlabanka Íslands ekki eins mikið og raun ber vitni og lækkuðu aðeins um 1% við síðustu vaxtaákvörðun.

Ég hlýt að spyrja: Hvaða fyrirtæki í landinu og hvaða heimili standa undir þessum himinháu stýrivöxtum? Hér kom reyndar fram í gær í ansi merkilegri umræðu að hæstv. forsætisráðherra telur að vandi heimilanna sé mjög ýktur þegar stjórnarandstaðan bregður upp mynd af skuldugum heimilum og fyrirtækjum í landinu. Það er ósköp eðlilegt að ályktað að þessi ríkisstjórn geri sér þá einfaldlega ekki grein fyrir því að það þurfi að spýta í lófana, koma fram með efnahagstillögur til að efnahagsstjórn ríkisins sé með trúverðugum hætti þannig að hægt sé að lækka stýrivexti.

Staðreyndin er sú að við búum við verklausa ríkisstjórn, ríkisstjórn sem hefur látið það viðgangast að bíða eftir að hlutirnir gerðust af sjálfum sér, bíða eftir að eitthvað dytti hreinlega af himnum ofan sem bjargaði okkur úr þeim erfiðleikum sem blasa við okkur hér. Það er því eðlilegt að spyrja stjórnarliða hvenær þeir ætli sér að koma fram með trúverðuga áætlun í ríkisfjármálum þannig að eitthvert traust skapist á stjórn efnahagsmála á ný hér á landi. Aðgerðaleysið eitt hefur ráðið för hjá þessari ríkisstjórn og fyrir það blæða heimilin og fyrirtækin á Íslandi í dag.

Það er með öllu óviðunandi á þessu sumarþingi eftir að þessi ríkisstjórn hefur starfað í allan þennan tíma að við skulum ekki enn horfa upp á neinar raunhæfar tillögur í (Forseti hringir.) efnahagsmálum aðrar en að hækka bensín landsmanna og aðrar vörur sem hafa (Forseti hringir.) leitt til þess að lánin hafa hækkað um 7–8 þús. millj. kr. hjá heimilunum í landinu.

[10:49]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Það voru vissulega mikil vonbrigði í morgun að stýrivextir skyldu ekki lækka meira en raun bar vitni. Þetta háa vaxtastig endurspeglar þann aðgerðaleysiskostnað sem við erum að upplifa núna á Íslandi, aðgerðaleysiskostnað vegna þess að svo virðist sem stjórnarflokkarnir hafi bara engin ráð. (**Gripið fram í:** … efnahagsráðgjafi ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.) (Gripið fram í.)

Nú er búið að boða að efnahagspakki verði kynntur hér í næstu viku. Sá efnahagspakki sem er viðbrögð við þeirri óáran sem hér hefur dunið yfir er sagður vera ráð ríkisstjórnarinnar. Það er fals. Það er algjört fals. Það sem á að kynna í næstu viku eru viðbrögð við því að fjárlögum hefur ekki verið fylgt. Það er ekki búið að boða neinn efnahagspakka. Það er boðaður efnahagspakki hérna einhvern tímann í júní eða júlí, bara einhvern tímann þegar mönnum hentar, en á meðan blæðir fyrirtækjum og heimilum út vegna ráðaleysis. Við sjáum þetta í háum vöxtum. Þetta er aðgerðaleysiskostnaðurinn sem við Íslendingar þurfum að horfa upp á vegna vanhæfni ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Vanhæfis.) Vanhæf ríkisstjórn.

[10:51]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að taka undir með hv. þm. Þór Saari. Ég hef aldrei áður á þeim stutta tíma sem ég hef verið þingmaður upplifað annað eins skipulagsleysi á þingi. Það er í rauninni allt stopp úti í þjóðfélaginu og við í fjárlaganefnd höfum reynt að átta okkur á stöðu mála.

Ég hafði á orði að þegar hv. fjármálaráðherra skýrði frá því hvernig hann ætlaði að skera niður og auka tekjurnar hefði manni liðið eins og maður væri á miðilsfundi vegna þess að það eru engin svör.

Nú í morgun sátum við í fjárlaganefnd með fulltrúum frá heilbrigðisráðuneytinu og þeir vita ekki einu sinni hvar á að skera niður, hversu mikið og hvernig eigi að fara að því. Þess vegna hljóta það að vera gríðarleg vonbrigði fyrir fyrirtækin og heimilin í landinu að stýrivaxtalækkunin skuli ekki vera meiri en raun ber vitni.

Þetta er sú aðgerð sem mundi koma flestum til góða. Það er engu öðru um að kenna en aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar og nú er tíminn til að taka stórar ákvarðanir. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka til hendinni og fara að taka alvöruákvarðanir sem koma heimilunum og fyrirtækjunum til góða.

[10:52]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti minnir á að hv. þingmanni ber að nefna ráðherra hæstv. ráðherra.

[10:53]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans fyrir tveim tímum olli mér miklum vonbrigðum, og ekki bara vonbrigðum heldur hryggð. Ég tel að stýrivextir ættu að lækka niður í 4–5% miðað við þá verðbólgu sem við sjáum fram á og miðað við stöðu atvinnulífsins.

Það sem menn virðast gleyma í Seðlabankanum er að þessir stýrivextir þýða auknar vaxtagreiðslur af jöklabréfunum og afleiðingum þeirra, sennilega um 60 milljarða á ári sem við þurfum að kaupa gjaldeyri fyrir. Um leið og það er gert veikist krónan enn frekar. Um leið og það gerist vex verðbólgan. Ég er ekki viss um að Seðlabankinn hafi hugsað dæmið alveg til enda og séð alla þætti.

Á sama tíma og Seðlabankinn fikrar sig svona hægt og rólega niður hafa Libor-vextir á evru lækkað úr 4% niður í 1%, og núna undir 1%. Vaxtamunurinn við útlönd er ekkert að minnka.

Fyrirtækin í landinu eru í algjöru frosti út af þessu háa vaxtastigi. Það er ekki verið að framkvæma neitt. Það er ekki verið að ráða fólk í vinnu og atvinnuleysið vex. Kostnaður ríkissjóðs vex vegna atvinnuleysisbóta og þess að skatttekjur þeirra sem voru með vinnu falla niður. Kostnaður ríkisins er á öllum endum af þessari ákvörðun, bæði vegna þess að vextir af jöklabréfunum eru borgaðir úr ríkissjóði — af því að hann á alla bankana — og svo borgar hann fyrir aukið atvinnuleysi fyrir utan það að kjarasamningar eru í uppnámi. Atvinnuleysi er hörmung og mjög slæmur kostur fyrir þá sem lenda í því. Ég er eiginlega harmi sleginn yfir þeirri ákvörðun Seðlabankans að halda stýrivöxtunum svona geysilega háum í þeirri stöðu sem við búum við í dag.

[10:55]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Það er alveg nauðsynlegt að skilningur ríki á því í sölum Alþingis að ástæðan fyrir því að Seðlabankinn

getur ekki lækkað vextina, í það minnsta að sínu mati, er að fyrir liggur að fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum hafa ekki litið dagsins ljós. Sá tími sem það hefur tekið ríkisstjórnina að koma þessum málum saman, þótt vissulega séu þau erfið, gerir það að verkum að vandinn í samfélaginu eykst með hverjum einasta degi sem líður.

Þetta háa vaxtastig, sem er vegna þess að það er ekki hægt að lækka vextina af því að ríkisstjórnin hefur ekki klárað sitt, gerir það að verkum að vandi ríkissjóðs eykst með hverjum deginum sem líður. Hið háa vaxtastig grefur undan allri atvinnustarfsemi í landinu, allri verðmætasköpun sem gerir það að verkum að skatttekjurnar dragast saman og vandinn verður erfiðari og erfiðari.

Í *Morgunblaðinu* í gær, virðulegi forseti, kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra að vandinn í ríkisfjármálum væri meiri en menn héldu. Að sjálfsögðu er vandinn orðinn meiri en menn héldu. Hann fer stigvaxandi vegna þess að atvinnustarfsemi og atvinnulífið í landinu kemst ekki af stað vegna þess að vextirnir eru allt of háir. Þetta hangir allt saman.

Það er bara eitt mál sem ríkisstjórnin verður að klára, og ætti að vera búin að klára af því að þessir flokkar hafa setið að völdum frá því í febrúar, og það eru aðgerðir í ríkisfjármálum og síðan í framhaldi af því verður að klára það að koma saman ríkisbönkunum.

Þetta eru þessi tvö mál sem gera það að verkum að vextirnir lækka ekki nægilega hratt. Þetta eru manndrápsvextir, virðulegi forseti, sem gera það að verkum að heimilin og fyrirtækin í landinu komast ekki af stað. Það er (Forseti hringir.) samhengi hlutanna sem skiptir hér máli. Þessu verður að linna.

[10:57]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Frú forseti. Það stóð til í upphafi þessarar umræðu að ég blandaði mér í umræðu um ORF Líftækni og leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera eða ræktunar erfðabreytts byggs en því hefur verið svarað eins og vera ber.

En ég get ekki á mér setið að bregðast við orðum hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar um aðgerðaleysi og vanhæfa ríkisstjórn. Gerð hafa verið að umtalsefni áður undir þessum lið hér í dag fyrri störf tiltekinna þingmanna úti í samfélaginu og hv. þingmaður var einu sinni efnahagsráðgjafi þáverandi forsætisráðherra Íslands, Geirs H. Haarde. Í ráðuneyti Geirs H. Haarde sat m.a. sú sem hér stendur og ég ráðlegg hv. þingmönnum að fara ekki svo langt í yfirlýsingum sínum og klippa sig ekki með þeim hætti frá fortíðinni að þeir verði gjörsamlega ómerkir orða sinna í þessum ræðustóli.

[10:58]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég ætla aðeins að blanda mér í þá umræðu sem hér hefur farið fram um efnahagsmálin og vaxtamálin. Ég vil fyrst segja að mér finnst sá málflutningur sem hér er hafður uppi af hálfu þingmanna stjórnarandstöðuflokkanna um aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar ómaklegur og ég held að þessir hv. þingmenn hljóti að tala gegn betri sannfæringu. (Gripið fram í.)

Það er talað um aðgerðaleysiskostnað. Kostnaðurinn sem samfélagið stendur frammi fyrir í dag er kostnaðurinn af efnahagshruninu, af frjálshyggjunni sem hrundi og af efnahagsráðgjöfinni sem fram fór í aðdraganda þess alls. (Gripið fram í.) Það er sá kostnaður sem við erum að glíma við og erum að takast á við. [Háreysti í þingsal.] Ríkisstjórnin hefur upplýst — Hæstv. forseti.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Viljið þið gefa ræðumanni hljóð.)

Ríkisstjórnin hefur kynnt að hér komi áætlun um aðgerðir í efnahagsmálum og það hefur verið upplýst í þingnefndum sem hv. þingmenn eiga sæti í og vita um ef þeir mæta á nefndarfundi. (Háreysti í þingsal.) Í fjárlaganefnd hefur farið fram kynning á því sem ríkisstjórnin hefur í bígerð í þessu efni. Það er ómaklegt að segja að ekkert sé verið að gera. Það er unnið hörðum höndum að því að takast á við þá erfiðleika sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir.

Varðandi vaxtaákvörðunina sem kom í morgun segi ég fyrir mína parta að hún veldur mér miklum vonbrigðum. (**Gripið fram í:** Nú?) Að sjálfsögðu gerir hún það. (Gripið fram í.) Ég hafði vænst þess að hún yrði mun meiri, ekki síst í ljósi yfirlýsinga sem Seðlabankinn gaf sjálfur síðast þegar hann ákvað vexti. Þess vegna eru það mikil vonbrigði að þessi vaxtalækkun sé ekki meiri.

Ég er þeirrar skoðunar, og við hljótum öll að vera sammála um það, að brýnasta verkefnið fyrir fyrirtækin og heimilin í landinu sé að ná niður vöxtunum. (**Gripið fram í:** Af hverju …?) Það er það sem við þurfum að gera. Ég er líka þeirrar skoðunar og vil koma því á framfæri hér að ríkisstjórnin þurfi að ræða sérstaklega (Forseti hringir.) ákvörðun Seðlabankans um stýrivaxtalækkun. Hún er ekki nægilega mikil og ríkisstjórnin á að taka það til umfjöllunar (Forseti hringir.) á sínum vettvangi. (**Gripið fram í:** Og búið að reka seðlabankastjórann, Davíð Oddsson.)

[11:01]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Vaxtaákvörðun Seðlabankans í morgun er auðvitað veruleg vonbrigði en menn geta ekki farið þannig fram úr sér að vextir hafi verið að hækka í morgun því að hv. þingmenn verða að hafa það í huga að þeir voru að lækka og á þeim stutta tíma frá því að þessi ríkisstjórn hefur tekið við hafa þeir lækkað verulega. Ég tel hins vegar að hér hafi menn verið sammála (Gripið fram í.) um það að forsendur væru fyrir enn frekari vaxtalækkun í morgun og að aðilar vinnumarkaðarins hafi sömuleiðis verið sammála um að það væru forsendur í íslensku efnahagslífi eftir það sem ríkisstjórnin hefur gert á síðustu mánuðum til að lækka vexti enn frekar. Til þess að ná síðan enn meiri árangri þá er það alveg rétt sem hefur komið fram að hér þarf að taka stærstu og erfiðustu ákvarðanir í lýðveldissögunni í ríkisfjármálum. Auðvitað geta menn komið upp og gagnrýnt ríkisstjórnina harkalega fyrir að hafa ekki kynnt aðgerðir að umfangi 170 milljarða, nærri 2 millj. kr. á hvert heimili í landinu, á þeim mánuði sem liðinn er frá kosningum.

Ég get aðeins sagt að þar verða menn þó að sýna þann skilning að verkefnið er gríðarlega stórt, það er gríðarlega viðkvæmt og það er gríðarlega mikilvægt að til þeirra til-

lagna sé vandað. Það er betra að í það séu teknar nokkrar vikur heldur en (Gripið fram í.) að þær aðgerðir verði til þess að dýpka enn efnahagssamdráttinn, til þess að auka enn vanda okkar og til þess að halda enn vöxtunum háum. Þeir sem vaða upp í ræðustólinn og gagnrýna ríkisstjórnina skulu minnast þess að sannarlega var í dag, þó að ekki hafi nógu stórt skref verið stigið, verið að stíga þriðja skrefið í vaxtalækkunum frá því að þessi ríkisstjórn tók við og það er meira en margur stjórnmálaflokkurinn í þessum sal getur státað af. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti biður um ró í salnum.)

Umræður utan dagskrár.

Skýrslur nefnda um háskólamál.

[11:04]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Það er alveg rétt sem kom fram í gær í máli hæstv. menntamálaráðherra í umræðu að á síðustu árum hefur vissulega orðið jákvæð fjölgun háskóla og nú loksins falla landbúnaðarháskólarnir undir menntamálaráðuneytið þannig að hægt er að móta í fyrsta sinn heildstæða stefnu í málefnum háskóla og rannsóknastofnana. Og núna gefst þetta kærkomna tækifæri þegar þær tvær skýrslur liggja fyrir sem þessi umræða snýst um.

Við lok síðasta árs þegar hinir efnahagslegu erfiðleikar höfðu skollið á þjóðinni af fullum krafti eins og þekkt er var mikilvægt að huga strax að því hvernig við Íslendingar gætum brugðist við innan háskóla- og vísindageirans á svo erfiðum tímum, þ.e. hvernig hægt væri að verja háskólana, rannsóknastofnanirnar okkar og fara með þau verkefni í gegnum umbreytingaskeið sem var þá óhjákvæmilega fram undan. Við ætluðum okkur að læra af öðrum þjóðum sem líkt og við höfðu staðið í og farið í gegnum efnahagslega erfiðleika og þrengingar og jafnvel á slíkum tímum eflt menntakerfið, eflt rannsóknirnar eins og Finnar gerðu og það var ekkert feimnismál fyrir okkur að leita til Finna sem við og gerðum. Á grundvelli þess hvernig best væri að haga stjórnun háskóla- og vísindamála í gegnum kreppu skipaði ég sem menntamálaráðherra annars vegar nefnd alþjóðlegra sérfræðinga sem falið var það verkefni að skoða umhverfi menntunar, rannsóknar og nýsköpunar og hins vegar innlenda verkefnastjórn sem m.a. átti að skoða þróun háskólastarfs á umliðnum árum og koma með nýjar hugmyndir. Til að leiða starf erlendu sérfræðinganna var fenginn Finni, Taxell nokkur, rektor Turku-háskóla, en hann var líka ráðherra vísindamála í Finnlandi þegar þeir tókust á við sína kreppu fyrir tæpum tveimur áratugum. Það var auðvitað mikill fengur fyrir okkur Íslendinga að fá hann í þetta verkefni, því að það hvernig Finnar tókust á við kreppuna með áherslu á nýsköpun og rannsóknir hefur auðvitað orðið mörgum öðrum þjóðum gott fordæmi.

Erlendu sérfræðingarnir hafa nú kynnt tillögur sínar. Þeir leggja áherslu á að áfram verði hlúð að menntun með öflugum hætti og ítreka líka mikilvægi grunnskólans. Þetta er þýðingarmikið. Þeir velta einnig upp þeim möguleika að háskólakerfið verði endurskipulagt og þá með það að markmiði að sameina háskóla og efla rannsóknir og nýsköpun. Ég efast ekki um að við erum öll sammála um það.

Íslenskt háskólaumhverfi hefur verið í mikilli þróun síðastliðinn áratug. Nýir háskólar hafa fest sig í sessi og veitt þeim sem fyrir eru mikilvæga samkeppni um nemendur og akademískan árangur. Ég fullyrði að fátt hafi hleypt meira lífi í háskólaumhverfið en einmitt þessi samkeppni. Við höfum tekið mikilvæg skref varðandi sameiningar á síðustu árum, með sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík, við tókum ákvörðun um að sameina Kennaraháskólann og Háskóla Íslands til þess að reka öflugri einingar bæði rekstrarlega en ekki síður akademískt. En það er mikilvægt að skoða til hlítar, frú forseti, hvort aukið samstarf eða frekari sameining háskóla sé skynsamleg sem næsta skref í eflingu háskóla. Verði slík skref tekin verður hins vegar að tryggja að þau séu ekki á kostnað fjölbreytileikans og valfrelsisins í háskólaumhverfinu. Samkeppni háskóla hefur hleypt nýju lífi í kennslu og rannsóknir en virk samkeppni hefur leitt til meiri fjölbreytni, markmið kennslu hafa orðið skýrari og þjónusta við nemendur orðið skilvirkari eins og segir í annarri skýrslunni.

Í skýrslunum er einnig komið inn á vísindastarf okkar, að það sé sterkt í alþjóðlegum samanburði og með tilkomu Vísinda- og tækniráðs hafi opinberar rannsóknastofnanir verið endurskipulagðar og vægi háskólanna við rannsóknastarfsemina aukið. Þetta var rétt skref og gott en við verðum að halda áfram að þróa þennan vettvang Vísinda- og tækniráðs; samtal stjórnmálamanna, fræði- og vísindamanna og atvinnulífs við borð ráðsins. Það hefur verið gott en það er að mínu mati brýnt að það verði áfram opinskátt og fordómalaust.

Í ljósi mikilvægis menntamála til skemmri og lengri tíma er brýnt að hver ákvörðun sem tekin er í þessum málaflokki eyði ekki þeim ávinningi sem náðst hefur á undanförnum árum heldur miklu frekar styrki grunnstoðir okkar samfélags til lengri tíma litið. Því vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra í ljósi skýrslnanna:

1. Hvaða skoðanir hefur hæstv. ráðherra sjálf á niðurstöðu erlendu skýrslunnar?

2. Hvaða sjálfstæða skoðun hefur ráðherra á sameiningum háskóla- og rannsóknastofnana?

3. Styður ráðherra það að gera háskólana að sjálfseignarstofnunum ef sýnt er að slíkt fyrirkomulag muni styrkja háskólana?

4. Í ljósi orða skýrslnanna liggur fyrir að samkeppni á háskólasviði í rekstri, rannsóknum og kennslu er hluti af þeirri sókn sem þar hefur orðið á undanförnum árum, hvað ætlar ráðherra að gera til að varðveita þá fjölbreytni og passa upp á að samkeppnin verði ekki minni á sviði háskóla- og rannsóknamála?

[11:09]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir að efna til þessarar utandagskrárumræðu um mál sem er mjög mikilvægt, staða og þróun háskólamenntunar á Íslandi og hvaða hlutverki háskólarnir munu gegna við endurreisn íslensks samfélags. Að minnsta kosti er það mín trú og ég efa ekki að það er trú okkar margra sem hér sitjum að þar muni háskólarnir, vísindastofnanirnar og rannsóknastofnanirnar gegna lykilhlut-

verki í því að endurreisa samfélagið. Þar liggja okkar sóknarfæri, þar höfum við séð gríðarlega þróun á undanförnum árum og það er rétt sem hv. þingmaður nefndi að fjölgun háskólanema hefur auðvitað verið mjög jákvæð.

Fyrst vil ég nefna eitt sem hv. þingmaður kom inn á og það er staða grunnskólans og hversu mikilvæg grunnmenntunin er fyrir samfélag okkar. Ég held að eitt af lykilatriðunum sem við þurfum að hafa í huga þegar við stöndum í því að endurskipuleggja ríkisfjármálin og horfa á stöðu skólakerfisins, sé að hlúa að grunnskólanum, grunnmenntuninni. Þar eru auðvitað ýmis atriði sem hafa vakið áhyggjur á undanförnum árum svo dæmi sé tekið t.d. niðurstöður PISA-kannana hvað varðar læsi og stærðfræðikunnáttu. Þar held ég að við þurfum að skoða sérstaklega hvernig við getum staðið vörð um grunnmenntunina því að hún er grunnurinn sem við byggjum áfram á hvert sem við höldum. Ég held að það sé líka mikilvægt að við skoðum sérstaklega stöðuna í þeim greinum sem hafa verið mældar og hvernig við getum eflt stöðu okkar í þeim efnum. Ég nefni t.d. læsi sem að mínu viti er undirstaðan fyrir allt sem á eftir kemur og hvað það er gríðarlega mikilvægt að lesskilningur barna sé góður þannig að þau hafi jöfn tækifæri til að halda áfram sinni menntun hvaða leið sem þau fara.

Hvað varðar endurskipulagningu háskólakerfisins þá tel ég að ýmsar mjög góðar hugmyndir séu settar fram í báðum þessum skýrslum, þeirri íslensku og líka erlendu sérfræðingaskýrslunni. Hvað varðar stöðu t.d. vísindastarfs og stöðu Vísinda- og tækniráðs þá held ég að það sé lykilatriði að það verði áfram miðlæg stofnun í okkar samfélagi og vinni út í allar stofnanir samfélagsins, tryggi brýr á milli atvinnulífs og vísinda þannig að við sjáum fram á nýsköpunarstarfsemi í atvinnulífi, sjáum fram á áframhaldandi þróun í þeim efnum.

Ég vil líka nefna að eitt af því sem erlendu sérfræðingarnir nefndu sérstaklega eru hinar skapandi greinar og þar tel ég að séu mikil sóknarfæri, t.d. í menningargeiranum sem hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum og skilað auknum fjármunum til baka inn í samfélagið. Ég nefni sem dæmi tónlistina. Af handahófi nefni ég það dæmi því að þar hafa íslenskir tónlistarmenn getið sér gott orð á erlendri grundu, skapað störf, skilað peningum til samfélagsins þannig að hagræn áhrif af skapandi greinum verðum við að skoða sérstaklega. Þau hafa verið rannsökuð og það kemur í ljós að þær greinar skila miklu til samfélagsins en þessi skýrsla rennir raunar stoðum undir það, en þar er líka raunar kveðið á um önnur svið sem ég held að við eigum að skoða í atvinnulífinu.

Hvað varðar síðan háskólaskipulagninguna sjálfa er ljóst að hún er mjög mikilvæg. Reyndar er þetta sá geiri sem byggist auðvitað að stóru leyti á samkeppni og þegar ég tala um samkeppni á ég ekki bara við samkeppni um nemendur, ég á við samkeppni milli vísinda- og fræðimanna um árangur í rannsóknum, samkeppni milli þeirra sem stunda nám um að standa sig vel. Ég held reyndar að samkeppni innan þessa geira sé mjög mikilvæg.

Hvernig sjáum við háskólakerfið þróast? Ég vil skoða sameiningar. Þarna eru t.d. lagðar til ákveðnar leiðir, sérstaklega af erlendu sérfræðingunum sem leggja til ákveðna leið í þessu ferli, að ákveðnir skólar sameinist. Hins vegar hef ég farið þá leið þar sem ég tel mjög mikilvægt að háskólasamfélagið allt komi að þessu máli og taki þátt í þessari stefnumótun því að þar liggur auðvitað þekkingin og kunnáttan á samfélaginu, að þau rýni þessar hugmyndir og ég gef júnímánuð í að skoða þær. En ég tel alveg koma til greina einhverjar frekari sameiningar eða aukið samstarf í formi samstarfssamninga milli stofnana þannig að nemendum sé gert kleift að sækja námskeið milli skóla og annað slíkt. Við vitum að það er talsvert samstarf á vísindasviðinu, þar eru fræðimenn milli einstakra skóla og stofnana að vinna saman að verkefnum á ákveðnum fagsviðum. Ég held að það sé líka mikilvægt að við eflum þetta samstarf án þess þó að við glutrum því niður að skólarnir viðhaldi sérstöðu sinni og geti byggt upp sín fög, sínar ólíku áherslur og fræðasvið.

Það felst margt í þessu samkeppnishugtaki og ég held að það sé mikilvægt. Ég hef t.d. ávallt talað fyrir samkeppnissjóðunum í vísindum en ég held líka að við þurfum á svona tímum að horfa á samstarf upp á heildina.

Hvað varðar hugmyndir um að breyta skólum í sjálfseignarstofnanir ætla ég kannski að ræða ítarlegar í seinna innleggi mínu hér, en það er eitt af því sem þarf að sjálfsögðu að skoða. Það er hluti af störfum þessa rýnihóps að skoða hvert við ætlum að stefna með skólana, en þar er auðvitað líka rætt um kosti þess að hafa ólík rekstrarform á þeim skólum sem eru starfandi. Ég held að við þurfum að vega það og meta í þessu samhengi.

[11:15]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir að hefja þessa umræðu.

Íslenska þjóðin er svo lánsöm í þessum þrengingum að hún býr við hátt menntunarstig. Margir sem nú hafa misst vinnuna eiga sem betur fer kost á því að mennta sig enn frekar og koma þannig tvíefldir til leiks þegar betur árar. Háskólarnir okkar gegna lykilhlutverki í þessu sambandi. Ekki aðeins eru þeir skjól í kreppunni heldur eru þeir líka okkar langsterkasta tæki til framfara og nýsköpunar, það hafa þeir sýnt og sannað á undanförnum árum.

Það er eitt stórt atriði í skýrslunum sem mig langar til að vekja athygli á og það er sú hugmynd að sameina þá háskóla sem við eigum í dag. Helsti styrkur háskólanna, og þá sérstaklega þeirra sem eru úti á landi, er fyrst og fremst sjálfstæði þeirra. Þessir skólar hafa náð að vaxa og dafna þrátt fyrir takmörkuð fjárframlög en einstakur vilji stjórnenda þeirra, kennara og nemenda hefur gert það að verkum að framþróun þeirra hefur verið með hreinum ólíkindum. Sjálfstæðið er einmitt það sem verður að vernda, án þess hefði frumkvæðið og drifkrafturinn til að þróa eitthvað nýtt aldrei komið til.

Skýrsla nefndar sérfræðinganna sem sett var á laggirnar af fyrrum menntamálaráðherra og niðurstöður sérfræðinganna valda í raun miklum vonbrigðum. Það er með hreinum ólíkindum að landsbyggðin skuli ekki hafa átt fulltrúa í nefndinni. Þá vekur það líka furðu að nefnd erlendu sérfræðinganna skuli varla hafa stigið fæti út fyrir höfuðborgarsvæðið við gerð skýrslu sinnar og að fulltrúar Háskóla Íslands hafi verið kallaðir til sérstaklega til þess að ræða um

málefni þeirra. Þá er sú niðurstaða að skuli fækka háskólunum í tvo afar undarleg í ljósi þess að um leið er lagt til að stofnaðir verði tveir nýir háskólar.

Er það vilji þjóðarinnar að hér verði eingöngu starfræktir (Forseti hringir.) háskólar út frá Reykjavík? Ég segi nei og legg því til að við stingum þessari skýrslu undir stól í augnablikinu en (Forseti hringir.) verndum sjálfstæði háskólanna með ráðum og dáð.

[11:17]

Oddný G. Harðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Lesa má úr þeim skýrslum sem hér eru til umræðu þau skilaboð að Íslendingar eigi að standa vörð um menntun grunnskóla- og framhaldsskólanemenda, greiða leiðir milli háskóla, rannsakenda og atvinnulífs og síðast en ekki síst að hér sé þörf á einbeittri stefnu og forgangsröðun á háskólastiginu. Þessi meginatriði tel ég vera mikilvæg og áríðandi að við vinnum enn frekar að útfærslu þeirra.

Ekki má draga úr grunn- og framhaldsskólamenntun vegna þess að með henni sköpum við framtíð fyrir komandi kynslóðir. Við eigum að nýta vel þá fjármuni sem við höfum og hagræða þar sem hægt er en missa ekki sjónar á því að samkeppnishæfni þjóðarinnar til framtíðar byggir á góðri menntun. Skapa þarf íslenskum ungmennum námsumhverfi sem gerir þeim kleift að keppa við jafnaldra sína um heim allan.

Í báðum skýrslunum er lögð sérstök áhersla á nýsköpun og samvinnu háskóla, rannsakenda og atvinnulífs. Það hlýtur að vera áhyggjuefni og um leið brýnt úrlausnarefni sú staðreynd að rannsóknir okkar virtu vísindamanna virðast ekki ná til atvinnulífsins hér á landi og ná ekki að verða sú öfluga hvatning og stoð nýsköpunar með sama hætti og vísindarannsóknir í nágrannalöndum okkar. Miklir hagsmunir og tækifæri eru fólgin í því að finna góða lausn á þessum málum sem allra fyrst.

Vöxtur háskólastigsins hefur verið mikill á undanförnum árum hér á landi og svipuð þróun hefur átt sér stað á Norðurlöndum og reyndar í Evrópu allri. Sameining háskóla og aukin samvinna á milli þeirra á sér stað um þessar mundir í nágrannalöndum okkar. Með því að hagræða í stjórnsýslu og á rannsóknarsviði háskólanna og stuðla að aukinni samvinnu munum við ekki aðeins fara betur með fjármuni heldur einnig styrkja háskólastigið í landinu ef rétt er á haldið. Varðveita þarf þá grósku og þann margbreytileika sem býr í fjölbreyttu námsframboði háskólastigsins og skerða ekki aðgengi að góðri menntun frá því sem nú er. En samhliða þarf að taka raunsæ skref til hagræðingar og nýta kosti samvinnu og sérhæfingar eins og gert var með farsælum hætti með sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Ég tel að stór þáttur í endurreisn íslensks samfélags liggi í áherslu okkar á menntun og vísindi og hvernig okkur tekst að samhæfa krafta sem þar búa.

[11:19]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Rannsóknastarf og nýsköpun er einmitt mjög mikilvægt á krepputímum. Þeir sprotar sem settir hafa verið í jörð á undanförnum árum á sviði nýsköpunar og rannsóknarsjóða mun vonandi skapa okkur jarðveg til að koma okkur fljótar út úr kreppunni en ella hefði orðið. Mikilvægt er nú þegar erfiðar ákvarðanir liggja fyrir í ríkisfjármálum að leggja grunn að samkeppnishæfu atvinnulífi framtíðarinnar. Það gerum við með því að efla rannsóknarsjóðina, efla nýsköpun og leiða saman atvinnulíf, menntakerfi, ríkisstofnanir, ríkisstjórn og Alþingi til þess að skapa grunn fyrir gróskumikið atvinnulíf framtíðarinnar.

Þegar Vísinda- og tækniráð var sett á laggirnar árið 2003 var mjög mikilvægt skref stigið í þá átt að leiða saman ólíka hópa til þess að byggja upp öflugt rannsóknarlíf á Íslandi. Við vitum að þau fyrirtæki sem við stólum hvað mest á núna eiga rót sína að rekja til öflugrar rannsóknavinnu. Þau eru mörg hver runnin undan rifjum háskóla, önnur hafa komið annars staðar frá en eiga það sameiginlegt að nýsköpun og rannsóknir, öflugt rannsóknastarf hafa lagt grunn að þeim miklu gjaldeyristekjum sem þessi fyrirtæki skapa. Þær ákvarðanir sem við munum taka núna í menntamálum eru þess eðlis að þær munu hafa mikil áhrif á framtíðina. Þar verðum við fyrst og fremst að líta til þess hvernig þjóðfélag við ætlum að byggja upp í framtíðinni og það verður á grundvelli öflugrar nýsköpunar og rannsókna sem við munum gera þar. Þess vegna vil ég við þessa umræðu hvetja hæstv. menntamálaráðherra til að horfa sérstaklega til rannsóknarsjóða, samkeppnissjóða, hvort hægt sé að efla samvinnu á milli þeirra enn betur en þegar hefur verið gert til þess að þeir geti orðið sá mikilvægi sproti sem þau þurfa að (Forseti hringir.) verða núna þegar við stöndum frammi fyrir þeim erfiðu ákvörðunum sem fram undan eru.

[11:22]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Virðulegi forseti. Hér eru til umræðu skýrslur um háskólana sem nýverið komu fram, ein innlend og önnur erlend. Ég held að það sé mjög mikilvægt á tímum eins og núna að málefni háskólanna séu til umræðu. Fyrir höndum er niðurskurður og hagræðing á öllum sviðum og þá er mjög mikilvægt að taka til umræðu málefni háskólanna. Í því samhengi held ég að það sé enn mikilvægara að leggja mikla áherslu á nýsköpun og hafa þar að leiðarljósi að rannsóknir, vísindi og menntun eru lykillinn í því efni. Þegar við komum að nýsköpun skulum við einkum horfa til styrkjasjóða og Vísinda- og tækniráðs. Mikilvægt er að efla samkeppnissjóði, tengsl þeirra, samstarf og tengsl við atvinnulífið á sem flestan hátt. Innihald skýrslnanna kemur að miklu leyti inn á það.

Þá erum við komin að þeim hluta sem fékk hvað mesta umfjöllun í fjölmiðlum sem eru sameiningar háskólanna. Mín skoðun er sú að það verðum við að skoða. Hins vegar legg ég ríka áherslu á að það sé gert í fullu samráði við þær stofnanir sem þar eiga í hlut, sérstaklega á tímum eins og þessum þar sem samstaða er áríðandi, m.a. innan háskólakerfisins. Þá er mjög mikilvægt að samstaða ríki varðandi þessi mál og þar sem ekki er mögulegt að sameina verði litið til aukins samstarfs.

Í þessu samhengi vil ég líka tala um byggðasjónarmið og jafnrétti út frá byggð og nefni til að mynda háskólasetrin og landsbyggðarháskólana, Háskólann á Akureyri og land-

búnaðarháskólana. Það er mjög mikilvægt að þessar stofnanir fái að þróast sjálfstætt á komandi árum, fari í náið samstarf við aðrar stofnanir en fái að standa sjálfstætt á eigin fótum.

[11:24]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Við ræðum hér skýrslu nefnda um háskólamál. Athyglin hefur fyrst og fremst beinst að tillögu nefndanna um fækkun háskóla, jafnvel niður í tvo, og þessar tillögur hafa valdið ugg í brjósti landsbyggðarmanna, enda reynslan af sameiningu stofnana með starfsemi á landsbyggðinni við stofnanir á höfuðborgarsvæðinu ekki góð og hefur oft og tíðum þýtt minni þjónustu og samdrátt á landsbyggðinni.

Því kemur það svo sem ekkert á óvart að við framsóknarmenn vörum sterklega við því að sameina háskóla landsins í tvo háskóla og þá sérstaklega gegn vilja háskólasamfélagsins og íbúa í viðkomandi landshlutum. Stefna Framsóknarflokksins er sú að við þurfum að leggja aukna áherslu á háskólakennslu á landsbyggðinni þar sem sérstaða héraðanna verði nýtt til sérgreiningar.

Hins vegar verð ég að segja að það er ýmislegt gott í tillögum nefndanna. Mikil áhersla er á aukna samvinnu á milli skólanna og sem mikil samvinnumanneskja get ég ekki annað en fagnað þeim hugmyndum. Má þar nefna sameiginlega doktorsnámsskóla, sameiginlegar námsbrautir, aukinn hreyfanleika nemenda og kennara á milli skóla og að samstarfsnefnd háskólastigsins fái aukið og formlegra hlutverk til að efla samstarf háskólanna. Samvinna gæti einnig komið í formi sameiginlegrar innritunar, sameiginlegra kynninga erlendis og sameiginlegrar alþjóðaskrifstofu fyrir nemendur. Ég sjálf mundi einnig vilja sjá hugmyndir um aukið vægi nemenda og kennara í ákvörðunum innan skólanna og hlutverk háskólanna i samfélaginu svo sem í formi samfélagslegra verkefna og þjónustu í anda samvinnustefnunnar. Mætti þannig skoða frumkvæði skólamálaráðherrans Ed Balls í Bretlandi varðandi þetta mál.

Mér finnast það einnig mjög áhugaverðar hugmyndir að háskólar verði sjálfseignarstofnanir og krefst þess hreinlega að reiknilíkanið verði endurskoðað og samningum verði beitt til að bæta samstarf og verkaskiptingu háskólanna. Því hvet ég eindregið til að við vinnum áfram með þessar hugmyndir og býð mig fram innan menntamálanefndar til að vinna að þessum hugmyndum. Ég fagna jafnframt frumkvæði fyrrverandi ráðherra, hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, um að setja á stofn tvær nefndir innlendra og erlendra sérfræðinga.

[11:26]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það er einboðið að endurskipulagning mun eiga sér stað á háskólastiginu hvort sem gengið verður að ýtrustu tillögum þessarar nefndar eða ekki. Ég efast mjög stórlega um að háskólarnir verði tveir en að þeim muni þó eitthvað fækka. En það er mikilvægt að varðveita fjölbreytni og áframhaldandi samkeppni á háskólastigi og að við leggjum til við háskólana hvernig samruna og samstarfi þeirra verði háttað í framtíðinni.

Eitt af því sem vel var gert á síðustu árum og ekki síst í tíð fyrrverandi menntamálaráðherra og málshefjanda hér var að efla mjög verulega háskólastigið. Þar ríkir mikil fjölbreytni, gróska, samkeppni um nemendur og hæfa kennara og rannsakendur og það eigum við að varðveita. Auðvitað voru þetta fyrstu árin í nýju umhverfi á háskólastigi og er sjálfsagt að endurskoða og endurskipuleggja fyrirkomulagið en íslenska háskólastigið hefur tekið stórbrotnum framförum á síðustu árum. Það eigum við að standa vörð um nú þegar gefur á bátinn af því að öflugir háskólar munu reynast mörgum björgunarbátar út úr kreppu og tímabundnum erfiðleikum á atvinnumarkaði, að fara í háskóla og leita sér endurmenntunar eða nýrrar þekkingar og menntunar. Þess vegna er skýrslan jákvæð. Hún er innlegg í þessa umræðu þó að við tökum að sjálfsögðu ekki tillögum hráum og hrindum þeim í framkvæmd heldur höfum þær til viðmiðunar við að standa vörð um eitt öflugasta háskólastig á Norðurlöndunum og jafnvel í Evrópu allri af því að það er ekki hægt að bera saman háskólastigið núna og fyrir tilkomu hinna sjálfstæðu háskóla. Fyrirkomulag þeirra sem sjálfseignarstofnana er mjög heppilegt á mörgum sviðum og við eigum að varðveita það, leggja skólunum sjálfum til hvernig þeir munu vinna frekar saman og jafnvel sameinast. Við eigum ekki að ákveða það ofan frá. En umfram allt: Stöndum vörð um þann góða árangur sem við höfum náð á háskólastiginu á síðustu árum.

[11:28]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin og bíð eftir svari hennar varðandi sjálfseignarstofnanirnar. Einnig vil ég þakka fyrir mjög málefnalega umræðu sem hefur átt sér stað hér á þingi um þetta mikilvæga mál, um hvernig við ætlum að halda áfram þróun háskóla og rannsóknarmála.

Ég fagna því sérstaklega að það er víðtæk samstaða í þinginu um að standa sérstaklega vörð um þá vaxtarsprota og frekar að fjölga þeim á næstu árum því að við munum komast fyrr, eins og hæstv. ráðherra sagði réttilega, út úr kreppunni ef stoðkerfi okkar er öflugt og sterkt.

Aðeins varðandi grunnskólann. Ég er sammála því sem hæstv. ráðherra sagði, það eru blikur á lofti varðandi ákveðna þætti. Þess vegna held ég að þær breytingar sem allt þingið hefur staðið að á umliðnum missirum, breytingar á grunnskólalöggjöfinni og heildstæð vinna þar en ekki síður efling kennaramenntunar og sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, gefi okkur tækifæri til þess að hlúa að þeim málefnum og þeim störfum innan grunnskólans sem við eigum efla. Varðar það sérstaklega lesskilninginn, stærðfræðikunnáttu o.s.frv. Ég tel því að þær breytingar sem við höfum sameiginlega staðið að stuðli að því að við munum á næstu árum verða sterkari á þeim sviðum.

Varðandi Vísinda- og tækniráð er það mikilvægur vettvangur sem við verðum að þróa. Þar er ábyrgð hæstv. menntamálaráðherra mikil. Múrarnir eru að molna, múrarnir milli rannsóknarstofnana, háskólasamfélagsins og atvinnulífsins verða að hverfa. Sjóðirnir verða að vera virkari hvort sem það er AVS eða aðrir rannsóknarsjóðir. Það verður að vera meiri samvinna innan sjóðakerfisins því að

„dýnamíkin“ getur orðið enn meiri í ljósi þeirra fjármuna og þeirrar þekkingar sem þar eru innan borðs. Ég hvet því ráðherra til dáða á þeim vettvangi.

Ég fagna því sérstaklega að hæstv. ráðherra gat um að mikilvægt væri að varðveita hér fjölbreytni og samkeppni. Mér finnst það vera annar tónn en við höfum heyrt frá Vinstri grænum og ríkisstjórninni hvað varðar að gæta (Forseti hringir.) að því sem við stöndum vel í og er ég þar að hugsa um sjávarútveginn. Ég er fegin að það er augljóst að menntamálaráðherra ætlar ekki að fara neina fyrningarleið í menntamálum.

[11:31]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka öllum hv. þingmönnum umræðuna sem sýnir áhuga á þessum málaflokki. Ég vil í fyrsta lagi geta þess að ég bind vonir við að sá rýnihópur sem nú hefur verið skipaður muni skila af sér fljótt og vel og tryggja ákveðna umræðu úti í háskólasamfélaginu. Það er trú mín að stefnumótunin í þessum efnum eigi ekki eingöngu að koma að ofan, hún á að vera samspil stjórnmálamanna, sérfræðinga og grasrótarinnar, háskólasamfélagsins sjálfs, sem þarf að taka afstöðu til hugmyndanna sem fyrir liggja. Þar set ég inn hugmyndir um sjálfseignarstofnanir sem ég vil skoða með opnum huga. Ég hef ekki tekið endanlega afstöðu til þeirra en þær þurfum við að skoða með opnum huga.

Hvað varðar samkeppnina vil ég líka geta þess að samkeppni okkar er fyrst og fremst við útlönd. Það er mikilvægt að halda nemendum og vísindamönnum hér heima, að þeir vinni á Íslandi í okkar íslenska háskólasamfélagi en fari ekki eitthvert annað. Það skiptir gríðarlegu máli að standa vörð um háskóla- og rannsóknarsamfélagið á Íslandi. Ég lít svo á að þar sé okkar aðalsamkeppni núna. Svo fór ég yfir önnur sjónarmið í þeim efnum áðan.

Ég held að í þessari vinnu munum við þurfa að „fókusera“ á þrennt: Við þurfum að hugsa um hin akademísku gæði sem við verðum að standa vörð um og efla enn frekar. Við þurfum að hugsa um byggðasjónarmiðin eins og hv. þm. Ásmundur Daðason nefndi. Þau skipta miklu máli því að þetta er líklega sú besta byggðastefna sem við höfum byggt upp, þ.e. uppbygging skóla og vísindastarfs á landsbyggðinni. Síðan þurfum við að huga að samlegðaráhrifum eins og hv. þm. Eygló Harðardóttur fór yfir í ræðu sinni, hvort sem það er sameiginlegur doktorsskóli, sameiginlegt utanumhald eða annað slíkt.

Þessi vinna er í farvegi. Rýnihópur sé sem nú hefur tekið til starfa mun skila af sér í lok júní, í byrjun júlí, og ég bind vonir við að við getum náð niðurstöðu í þessu máli nú síðsumars eða á haustdögum og þakka fyrir umræðuna.

Náttúruverndaráætlun 2009–2013, fyrri umr.

Stjtill., 52. mál. — Þskj. 52.

[11:33]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013, þar sem lagt er til að 13 svæði verði friðlýst á þessu tímabili.

Þingsályktunartillagan hefur verið unnin á grundvelli 65. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, sem kveður á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi.

Þetta er önnur náttúruverndaráætlunin sem lögð er fram til umræðu á Alþingi, en gildistími fyrstu náttúruverndaráætlunar var 2004–2008. Skipulagt náttúruverndarstarf á Íslandi nær auðvitað mun lengra aftur í tímann. Fyrstu náttúruverndarlögin voru samþykkt 1956 og mörg svæði og náttúrufyrirbæri hafa verið friðlýst síðan þá á grundvelli laga um náttúruvernd og sérlaga. Með náttúruverndaráætlun er stefnt skipulega að því að setja upp net friðlýstra svæða sem tryggi verndun lífríkis, jarðminja, landslags og líffræðilegrar fjölbreytni sem þarfnast verndar, byggt á vísindalegum rannsóknum og kortlagningu á náttúru Íslands, greiningu á alþjóðlegum skuldbindingum og faglegu mati á verndargildi. Nú eru um 100 friðlýst svæði á landinu sem ná yfir nær 20% af flatarmáli þess.

Nokkur nýmæli eru í náttúruverndaráætlun 2009–2013 og má þar nefna að í fyrsta sinn er stefnt að því að friðlýsa vistgerðir annars vegar og hryggleysingja og búsvæði þeirra hins vegar. Flest svæðanna á áætluninni eru hins vegar friðlýst í því skyni að vernda sjaldgæfar plöntur og vaxtarstaði þeirra. Einnig er lagt til að friðlýstar verði 160 tegundir mosa, fléttna og háplantna sem er mesta friðun tegunda sem ráðist hefur verið í. Gerð er tillaga um eitt svæði vegna jarðfræðiminja en það er Langisjór og nágrenni. Það svæði verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, en hið sama gildir um fjögur önnur svæði á áætluninni. Vatnajökulsþjóðgarður er nú þegar orðinn stærsti þjóðgarður Evrópu og stærsta verkefni í náttúruvernd sem Íslendingar hafa ráðist í.

Ég vil nú fara yfir svæðin 13 sem lagt er til að friðlýsa á tímabilinu 2009–2013 og gera stuttlega grein fyrir forsendum að baki tillögunum að vernd þeirra.

Fyrst vil ég gera grein fyrir sex svæðum sem lagt er til að verði friðlýst til að styrkja friðun sjaldgæfra plöntutegunda:

Snæfjallaströnd – Kaldalón við norðanvert Ísafjarðardjúp er mikilvægt svæði fyrir margar sjaldgæfar háplöntur.

Gerpissvæðið, sem kennt er við austasta tanga Íslands, er þekkt fyrir sérstætt gróðurfar, en á svæðinu finnast allnokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir. Svæðið er vinsælt til útivistar.

Tvö skógarsvæði á Fljótsdalshéraði eru á náttúruverndaráætlun, Eyjólfsstaðaskógur og Egilsstaðaskógur. Þau eru merkileg m.a. fyrir fjölda sjaldgæfra fléttna sem þrífast sem ásætur á birki, en að auki vaxa þar sjaldgæfar tegundir háplantna.

Tvö svæðanna, skóglendi við Hoffell og Steinadal í Suðursveit, er lagt til að friðlýsa sem hluta af stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs, en þau eru fyrst og fremst verndarþurfi vegna gróðurfars og sjaldgæfra plantna.

Þrjú svæði á hálendi Íslands verða friðlýst einkum vegna sérstæðra vistgerða, ef áætlunin nær fram að ganga. Hvað eru vistgerðir? kann nú einhver að spyrja. Vistgerðir

eru landeiningar sem búa yfir ákveðnum eiginleikum hvað varðar loftslag, berggrunn, jarðveg, gróður og dýralíf og henta mjög vel til að skilgreina svæði út frá náttúrufræðilegum forsendum og til að meta verndargildi þeirra. Þetta er í fyrsta sinn sem lagt er til að vistgerðir verði friðlýstar á Íslandi, en þau svæði sem vernda á út frá þessum forsendur eru:

Hluti Skaftáreldahrauns, með því að færa út mörk Vatnajökulsþjóðgarðs, sem áður tilheyrði friðlandi umhverfis Lakagíga. Með því á að vernda svokallaða breiskjuhraunavist sem þekkist líklega ekki utan Íslands en við Íslendingar þekkjum sem samfelldar mosaþembur á hraunbreiðum ásamt því lífríki sem þær hýsa.

Lagt er til að Orravatnsrústir verði friðaðar en þar er að finna rústamýravist og sérstæðasta freðmýrasvæði landsins.

Í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er hér lagt til að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað og friðun þess lokið sem fyrst. Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna. Þar með mundu bætast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar þar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins. Þá er æskilegt að styrkja friðun Guðlaugstungna í sama skyni.

Að auki er lagt til að ráðist verði í almenna friðlýsingu þessara tveggja vistgerða, breiskjuhraunavistar og rústamýravistar, með vísun til 53. gr. náttúruverndarlaga.

Nú er í fyrsta sinn lagt til að dýrategundir verði friðaðar samkvæmt lögum um náttúruvernd, en þar er um þrjár tegundir sjaldgæfra hryggleysingja að ræða og búsvæði þeirra.

Friðlýst verði búsvæði tjarnaklukku í tjörnum á Innrihálsi í Berufirði, búsvæði björlutegundarinnar tröllasmiðs í Undirhlíðum í Nesjum og búsvæði snigilsins brekkubobba í hvannstóði undir Reynisfjalli.

Aðeins eitt svæði er í áætluninni þar sem áherslan er fyrst og fremst á jarðfræði. Langisjór og nánasta umhverfi hans verða friðlýst samkvæmt þingsályktunartillögunni og svæðið fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Á svæðinu gefur að finna, eins og víðar í þjóðgarðinum, einstakt samspil jarðelds og jökla við landmótun. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert, en hún er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma. Langisjór sjálfur er þekktur fyrir náttúrufegurð.

Hæstv. forseti. Þetta eru þau 13 svæði sem lagt er til að verði friðlýst á næstu fimm árum á grundvelli náttúruverndaráætlunar 2009–2013. Við val á þessum svæðum voru hafðar til grundvallar tillögur nefndar sem skipuð var fulltrúum umhverfisráðuneytisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Einnig var haft samband við sveitarstjórnir á viðkomandi svæðum og landeigendur til að kanna vilja þeirra, án skuldbindinga af þeirra hálfu. Framkvæmd friðlýsingar er eins og kunnugt er, og mikilvægt að hafa í huga, ferli sem unnið er í samvinnu við sveitarstjórnir og landeigendur og þá verður kveðið nánar á um mörk svæðanna, kvaðir sem fylgja friðlýsingunni og hvernig friðlýsingin fellur sem best að annarri landnotkun. Samkvæmt náttúruverndarlögum skiptast friðlýst svæði í fimm flokka eftir eðli, tilgangi og markmiði verndunar. Það eru: þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti, tegundir lífvera og búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi og fólkvangar. Í flestum tilvikum er ljóst hvaða flokka svæðin 13 falla í, svo sem þau sem felld verða inn í Vatnajökulsþjóðgarð, en í einhverjum tilvikum getur verið þar um ákvörðun að ræða í friðlýsingarferlinu. Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir og landeigendur.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að framkvæmd náttúruverndaráætlunar og ætla fyrst að fjalla um framkvæmd þeirrar áætlunar sem rann sitt skeið á enda í lok síðasta árs og síðan hvernig náttúruverndaráætlun tengist öðru skyldu starfi, svo sem rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Eins og fram kom í byrjun er þessi áætlun önnur í röðinni, en fyrsta náttúruverndaráætlunin gilti á tímabilinu 2004–2008. Á tímabilinu bar hæst stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem er ekki einungis stærsti þjóðgarður Evrópu, heldur án efa einn sá merkasti þar sem hvergi í álfunni er hægt að sjá landmótunaröfl elds og ísa að störfum eins greinilega. Uppbygging þjóðgarðsins hefur hafist með myndarlegum hætti og ég tel víst að hann verði hornsteinn í ferðaþjónustu og ímynd landsins í framtíðinni og vegur hans og hróður muni vaxa enn.

Hvað önnur svæði varðar er staðan ekki eins góð. Aðeins hefur verið lokið við friðlýsingu tveggja svæða, Guðlaugstungna–Álfgeirstungna og Teigsskógs í Skorradal. Mikil vinna hefur verið unnin við flest svæðanna 14 og er stefnt að því ljúka friðlýsingu sem flestra þeirra auk hinna nýju svæða sem hér hafa verið kynnt. Ljóst er að nokkur andstaða er meðal viðkomandi landeigenda við friðlýsingu sumra svæða og einnig má spyrja hvort friðlýsingarferlið sé of þungt í vöfum eða hvort áform um friðlýsingu kalli fram neikvæð viðbrögð, e.t.v. að óþörfu. Rétt er að nefna að nokkur svæði utan náttúruverndaráætlunar hafa verið friðlýst á undanförnum árum, oft að frumkvæði sveitarfélaga sem sýnir að víða er skilningur og metnaður á sviði náttúruverndar.

Ég hyggst, sem nýr umhverfisráðherra, ræða væntanlegar friðlýsingar við sveitarstjórnir og heimamenn og skoða hvað hægt sé að gera til að þær gangi hraðar og auðveldar fyrir sig. Í ljósi reynslunnar tel ég líka rétt að umhverfisráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd náttúruverndaráætlunar reglulega og oftar en á fimm ára fresti.

Ég vil ekki útiloka að það verði hægt að friðlýsa á tímabilinu fleiri svæði en er að finna nú í náttúruverndaráætlun. Það kann að ráðast af frumkvæði sveitarstjórna í einhverjum tilvikum, en einnig af öðru starfi sem unnið er undir merkjum náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar. Nú er unnið að gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða þar sem raða á mögulegum virkjunarkostum eftir hagkvæmni þeirra og verndargildi viðkomandi svæða. Þegar þeirri vinnu lýkur gefst tækifæri til þess að skoða mögulega friðlýsingu þeirra svæða sem metin eru verðmætust frá náttúruverndarsjónarmiðum. Þar á m.a. að meta verndargildi háhitasvæða, en ljóst er að mörg verðmætustu náttúruverndarsvæði landsins eru háhitasvæði. Við verðum að velja hver þeirra við viljum nýta til frekari raforkuframleiðslu og hver við viljum nýta sem náttúrugersemar með

náttúruvernd. Samhliða framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009–2013 þarf að vinna að undirbúningi þriðju áætlunarinnar og styrkja vísindalegan grunn náttúruverndar með rannsóknum og mati á verndargildi.

Hæstv. forseti. Metinn hefur verið lauslega kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunar fyrir þau 13 svæði sem áætlunin tekur til. Heildarkostnaður við náttúruverndaráætlunina á tímabilinu er áætlaður um 78,6 millj. kr. á verðlagi ársins 2009. Þar af er stofnkostnaður 59,2 millj. kr. en heildarrekstrarkostnaður er 19,4 millj. kr. Eykst hann á tímabilinu eftir því sem friðlýsingum vindur fram. Þannig verður árlegur rekstrarkostnaður alls 7,8 millj. kr. á ári þegar friðlýsingum er að fullu lokið á árinu 2013 samkvæmt áætluninni. Sá fyrirvari er gerður á mati á kostnaði náttúruverndaráætlunar 2009–2013 að í kjölfar friðlýsingar má reikna með að frekari uppbyggingar sé þörf á einhverjum þessara svæða með tilliti til aðgengis, þjónustu og frekari landvörslu. Í þeim tilfellum munu verða lagðar fram fjárlagabeiðnir þar að lútandi.

Ég vil ítreka að þetta mat á kostnaði er miðað við að ná fram lágmarkskröfum friðunar en ekki að byggja upp viðkomandi svæði fyrir fræðslu og vaxandi útivist. Ég tel að fé til náttúruverndar sé vel varið og að það muni eiga við í vaxandi mæli á komandi árum. Náttúra Íslands er sérstök og yfirgnæfandi fjöldi erlendra ferðamanna sem hingað koma nefnir náttúruna sem helstu ástæðu heimsóknarinnar. Náttúran er samofin þjóðarvitundinni og vernd hennar er eins mikilvæg og verndun tungunnar og menningararfsins. Ég tel rétt að skoða hvort við getum aukið framlög til náttúruverndar með mörkuðum tekjustofnum, svo sem af þeirri starfsemi sem helst nýtir náttúruverndarsvæðin eins og ferðaþjónustu og orkuvinnslu.

Ég tel að þar sé einfaldlega um eðlilegan viðhaldskostnað að ræða, að náttúruvernd sé grundvöllur sjálfbærrar nýtingar þeirrar auðlindar sem felst í fegurð landsins, lífríki og sérstæðum náttúrufyrirbærum. Uppbygging landvörslu, göngustíga og fræðslu á friðlýstum svæðum gerir okkur kleift að byggja upp ferðaþjónustu samhliða verndun náttúrunnar. Sums staðar er friðlýsing einföld aðgerð þar sem sérstætt lífríki eða jarðmyndanir fá lagalega vernd með auglýsingu án mikilla kvaða eða framkvæmda á svæðinu. Á öðrum stöðum er æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að ráðast í stígagerð og aðrar framkvæmdir og víða eru tækifæri til að byggja upp útivistarsvæði á friðlýstum svæðum í formi fólkvanga og jafnvel þjóðgarða.

Verndun náttúru landsins er langtímaviðfangsefni, sem er byggt á þekkingu á náttúrunni og virðingu fyrir henni og framkvæmt í samvinnu stjórnvalda, landeigenda og alls almennings. Náttúruverndaráætlun er ekki eini þátturinn í því viðfangsefni en gegnir þar lykilhlutverki. Sú áætlun sem hér er lögð fram er byggð á vísindalegri þekkingu og faglegu mati á verndargildi náttúru landsins og ég vonast til að umhverfisráðuneytið og stofnanir þess geti hrundið henni í framkvæmd í góðri samvinnu við sveitarstjórnir og heimamenn á hverjum stað og með reglulegri upplýsingagjöf til Alþingis sem ég vona að samþykki þessa tillögu.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir meginþætti tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013 og legg til að þingsályktunartillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og til umfjöllunar í hv. umhverfisnefnd.

[11:45]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar þingskjalið sem hér liggur fyrir er lesið blasir við okkur að náttúruverndaráætlun er af þeirri gerð að ætla má að verkefni hennar falli mjög vel að verkefnasviði náttúrustofanna í landinu. Ég hreyfði þessu máli þegar fyrri náttúruverndaráætlun var hleypt af stað í þinginu en með litlum árangri. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki væri eðlilegt að ætla náttúrustofunum í landinu meira hlutverk varðandi framkvæmd náttúruverndaráætlunar og raunar undirbúning hennar líka.

Þegar farið er yfir þennan texta sjáum við að bæði Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun er ætlað mjög mikið hlutverk en hins vegar er mjög fátækleg umfjöllun um stöðu og hlutverk náttúrustofanna. Þegar lögin um náttúrustofur eru lesin kemur hins vegar glögglega fram að þeim er ætlað mikið hlutverk almennt talað. Ég sakna þess vegna mjög að sjá ekki meiri umfjöllun um hlutverk náttúrustofanna í þessu sambandi og vil því spyrja hæstv. ráðherra hvert hennar sjónarmið sé varðandi (Forseti hringir.) það að efla hlutverk náttúrustofanna við framkvæmd, undirbúning og eftirlit á náttúruverndaráætlun.

[11:47]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir spurninguna og vangaveltur hans og deili með honum þeim skoðunum að náttúruverndaráætlun er verkefni að því umfangi og þeirri gerð að það á auðvitað að nýta alla þá krafta sem til eru í samfélaginu, hvort sem það er almenningur, sveitarfélög eða náttúrustofurnar til að fá hlutverk í þessu viðamikla verkefni. Verkefnið er í eðli sínu lýðræðisverkefni, þátttökuverkefni og það á að sjálfsögðu að virkja náttúrustofurnar í því.

[11:47]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið en hefði hins vegar gjarnan viljað fá það skýrara. Ég vil vekja athygli á því að hér er ekki aðeins um það að ræða að náttúrustofurnar eigi að hafa hlutverk eins og hver annar umsagnaraðili í þjóðfélaginu, sem ég geri ekki lítið úr, en hins vegar hafa náttúrustofurnar sjálfstætt hlutverk samkvæmt lögum sem fellur mjög vel að því verkefni sem við erum að fjalla um sem er verkefni um náttúruverndaráætlun.

Ég tel að það eigi ekkert síður að ætla náttúrustofunum í landinu hlutverk en Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun og vek athygli á að þær hugmyndir sem uppi eru um friðlýsingar eru á þeim svæðum þar sem náttúrustofurnar eru starfandi. Ég tel þess vegna að það eigi að tala mjög skýrt um það í þessari náttúruverndaráætlun að náttúrustofurnar hafi beint hlutverk sem sé sambærilegt við hlutverk Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar. Ég hvet hv. þingnefnd til að fara sérstaklega yfir þessi mál með það í

huga að breyta náttúruverndaráætlun á þann veg að náttúrustofurnar hafi formlegt hlutverk, (Forseti hringir.) miklu skýrara en kveðið er á um í þessari áætlun og var kveðið á um í gömlu áætluninni.

[11:49]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Framkvæmd náttúruverndaráætlunar er samkvæmt lögum í höndum Umhverfisstofnunar en ég er, eins og ég kom inn á í fyrra svari mínu, þeirrar skoðunar að taka beri allar svona ábendingar til umfjöllunar og það sé vel hugsanlegt að gera sérstaka samninga við náttúrustofurnar hvað þetta varðar. Raunar treysti ég hv. umhverfisnefnd til að taka þetta til málefnalegar og ítarlegrar umfjöllunar.

[11:49]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég mundi gjarnan vilja spyrja hæstv. umhverfisráðherra af því að í máli hennar kom fram að haft hafi verið samband við sveitarfélög og það er væntanlega það samráðsferli sem talað er um: Hvenær var haft sambandi við viðkomandi sveitarfélög og hvernig var þessu samráðsferli háttað?

Það kemur nefnilega fram í umsögn um tillögu til þingsályktunar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga að þeir gagnrýna harðlega skort einmitt á samráði við viðkomandi sveitarfélög. Og í umsögn sem umhverfisnefnd barst á síðasta þingi gerði m.a. einn landeigandi á Egilsstöðum harða athugasemd við það að fara ætti að friðlýsa land sem hann á án þess að nokkurt samráð hefði verið haft við hann. Ég hef því mikinn áhuga á að heyra frekar um þetta svokallaða samráð.

[11:50]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég kannast við þær áhyggjur sem hv. þm. Eygló Harðardóttir hefur uppi í andsvari sínu. Ég nefndi það raunar í framsögu minni að það væri ástæða til að auka og bæta það samráð sem þarna er fyrir hendi en ég hef ekki á dagatalinu upplýsingar um það nákvæmlega hvenær eða með hvaða hætti þetta samráð átti sér stað. Hins vegar tel ég, eins og kom einnig fram í framsögu minni, að ráðherra þurfi sjálfur að koma með mun meiri og skýrari hætti að samráðinu sjálfu með beinum samtölum við ábúendur og landeigendur.

[11:51]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er þá ljóst að hæstv. ráðherra veit ekki hvernig samráðið hefur verið eða hvernig því hefur verið háttað. Það sem vekur athygli mína líka varðandi þessa þingsályktunartillögu er að það voru gerðar ýmsar athugasemdir og ábendingar hjá umhverfisnefnd á síðasta þingi og lagðar til ýmsar breytingar á náttúruverndaráætluninni en þær breytingar virðast ekki hafa verið teknar inn í þá tillögu sem lögð er fram núna. Hvernig stendur á því? Vegna þess að oft er tekið tillit til athugasemda sem hafa komið fram á fyrri þingum til að auðvelda vinnuna hjá næstu nefnd.

Ég hefði líka áhuga á að heyra frá ráðherra hvert peningarnir sem hún nefndi fara. Í hvað á að nýta þessa fjármuni? Og líka hvort verið geti að einhliða ákvörðun ráðherrans um að hafna skipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi geti ekki hugsanlega haft áhrif á það svokallaða samráð sem á eftir að fara fram.

[11:52]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Enn þakka ég þingmanninum áhuga sinn á málinu. Tekin var ákvörðun um það í umhverfisráðuneytinu að afloknum kosningum að leggja náttúruverndaráætlun fram óbreytta þar sem talið var að nýtt þing, fjöldi nýrra þingmanna ætti að eiga aðkomu að framkvæmdinni og umfjölluninni í samráði og samstarfi við landeigendur og hagsmunaaðila. Það var sá háttur sem var valið að hafa. En ég geri mér grein fyrir því að ýmsar athugasemdir sem komu fram á fyrri stigum málsins hljóta að verða teknar inn í umræðuna eins og henni var háttað á síðasta kjörtímabili, þ.e. fyrir kosningar. Og ég vænti þess að þær athugasemdir fái sína leið inn í þá umræðu.

[11:53]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það kemur fram í þessari þingsályktunartillögu að í þeirri fyrstu sem gilti fyrir árin 2004–2008 var talað um að friða 14 svæði auk Vatnajökulsþjóðgarðs. Niðurstaðan eftir allt það ferli er að búið er að friða tvö svæði, þ.e. Guðlaugstungur og Vatnshornsskóg, og stofna Vatnajökulsþjóðgarð, þannig að 12 svæði eru eftir af síðustu áætlun.

Ef þessi áætlun verður samþykkt er verið að taka inn 13 ný svæði og þá verða um 25 svæði í pípunum. Þetta gengur greinilega allt of hægt og maður skilur ekki alveg af hverju þetta þarf að ganga svona hægt. Þó að maður viti að ferlið er þungt þá segi ég: Fyrr má nú aldeilis fyrrvera. Ég vil því gjarnan fá að heyra hvað hæstv. ráðherra sér fyrir sér.

Hæstv. ráðherra segir að ferlið sé svolítið þungt í vöfum og að hún ætli að beita sér fyrir því að þetta gangi hraðar og auðveldar fyrir sig, og ég tek svo sannarlega taka undir það, (Forseti hringir.) en þá held ég að það verði að skoða eitthvað verkferlana í ráðuneytinu sjálfu.

[11:55]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir andsvar sitt. Raunar vænti ég mikils af samstarfi við hana í þessum krefjandi málaflokki umhverfismála og vænti þess að þingið og við öll munum njóta góðs af hennar miklu reynslu í þessum málaflokki. Ég tek undir þær áhyggjur sem hér eru nefndar og verð að segja eins og er að það kemur manni spánskt fyrir sjónir þegar áætlunin landar ekki fleiri svæðum en raun ber vitni. Mér finnst það verulegt áhyggjuefni og gefa tilefni til þess að hv. umhverfisnefnd skoði sérstaklega framkvæmd og eftirfylgd áætlunarinnar, af því að það hlýtur að vera það sem hefur á einhvern hátt

orkað tvímælis eða verið ferill sem ekki reyndist sá besti í þessu ferli. Ég vænti þess að við munum í samstarfi ráðuneytis og þings komast að góðri og farsælli niðurstöðu í því.

[11:56]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég held að svarið sé margháttað hvers vegna þetta gengur svona ofboðslega hægt. Ferlið er að hluta til þungt af því að hafa þarf samráð við svo marga og margir eru haldnir miklum misskilningi gagnvart því hvað það þýðir að friða og vernda svæði og halda að þar megi ekki stunda hefðbundnar búnytjar og annað slíkt sem yfirleitt er samið um að gera.

Ég held líka að leggja þurfi mjög mikla áherslu á þennan málaflokk í ráðuneytinu sjálfu og þar þurfi að forgangsraða þannig að fjármagn verði veitt til þessa málaflokks sem er verndun og friðun svæða. Ég þekki það af eigin raun að það þarf virkilega að halda á málum til að ná friðlýsingum í gegn. Ég skora á hæstv. umhverfisráðherra að beita sér fyrir því innan síns ráðuneytis að það verði virkilega lagt mikið í að koma þessum málum hraðar fram.

Ísland er mjög sérstakt, þar eru mörg svæði sem verður að vernda og friða en þetta hefur gengið of seint. Ég mun leggja mitt af mörkum til (Forseti hringir.) að reyna að flýta þessu ferli eins og hægt er ef ég er vigta í því sambandi.

[11:57]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka þingmanninum hv. Siv Friðleifsdóttur fyrir góð ráð. Ég lít á þetta fyrst og fremst sem slíkt þegar hún veltir hér upp af hverju þetta gangi svo hægt og þetta snúist í raun og veru um forgangsröðun og áherslu á málaflokkinn. Eitt af því sem kemur fram í nýjum samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar er að auka áherslu á náttúruvernd og auka verulega á þá forgangsröðun. Svoleiðis að ég tek þessar ábendingar til mín um það að beita mér. Hv. þm. Eygló Harðardóttir nefnir hér tillögugerð og því um líkt í því efni að það verði jafnvel ríkari áherslur á friðlýsingar í starfi Umhverfisstofnunar, að stofnunin fái betra svigrúm til að sinna þeim þætti til starfsemi sinnar.

[11:58]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna því að tillaga til þingsályktunar skuli vera komin til umræðu á hinu háa Alþingi. Gripurinn er mér nokkuð skyldur. Vinna að þessari þingsályktunartillögu var sett af stað í umhverfisráðuneytinu sumarið 2007 og hún hefur áður verið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi eins og fram hefur komið og eðlilegt að leggja hana fram með þeim hætti sem gert hefur verið að loknum alþingiskosningum.

Hér gætir ýmissa nýmæla eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra. Það er breiskjuhraunavistin, í fyrsta skipti í 30 ár er verið að friðlýsa plöntutegundir, í fyrsta skipti í sögunni er verið að friðlýsa dýr, skordýr, lindýr, brekkubobbann góða sem okkur er ansi annt um.

Að síðustu langar mig að nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að hér hefur verið rætt um slælega framgöngu stofnana umhverfisráðuneytisins í friðlýsingunum. En eins og ég þekki til málsins kostar þetta peninga. Það gladdi mig því mjög að heyra það í máli hæstv. ráðherra að (Forseti hringir.) hún hygðist beita sér fyrir einhvers konar umhverfisgjaldi, eins og reyndar kemur fram í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og ég vil inna hana nánar (Forseti hringir.) eftir því hvernig hún ætlar að gera það.

[11:59]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir hennar orð. Það er auðvitað satt og rétt eins og hún nefnir að henni er málið skylt og ég held að við búum afar vel í þinginu að hafa hér dálítinn flota af fyrrverandi umhverfisráðherrum sem bera málaflokkinn fyrir brjósti.

Útfærsla á umhverfisgjaldinu er ekki tilbúin en ég vænti þess að við horfum til þess sem raunverulegs möguleika til að styrkja og efla þessi svæði og náttúrlega til að styrkja og efla þá auðlind sem náttúra Íslands er. Við sjáum alls staðar þar sem rætt er um atvinnumál að ferðaþjónustan býr í raun og veru að þeim gullfæti sem íslensk náttúra er. Okkur ber að hlúa að því en um leið að horfa á þá tekjustofna sem þar kunna að vera fyrir hendi.

[12:01]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra svarið. Það er mjög brýnt fyrir einmitt þennan málaflokk, fyrir friðlýsingarnar, og til að hægt sé að mæta stofnkostnaði og uppbyggingu á viðkvæmum svæðum, sem þá oft eru ferðamannasvæði, að við öflum sértækra tekna sem fari beint í þennan málaflokk. Það hefur staðið friðlýsingum og þjóðgörðum á Íslandi fyrir þrifum árum og áratugum saman að ríkisvaldið hefur ekki sett til þeirrar starfsemi og atvinnuuppbyggingar þá fjármuni sem hún á skilið og þörf er á miðað við þau verðmæti sem felast í íslenskri náttúru.

Ég kem hingað upp til að hvetja hæstv. ráðherra áfram í þessu efni. Ég mun sem formaður í umhverfisnefnd beita mér líka fyrir umfjöllun um þessi mál þar og við verðum að gera okkur grein fyrir því að þetta fæst ekki ókeypis og veita þarf fé til málaflokksins úr ríkissjóði.

[12:02]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka brýninguna og tek hana til mín og mjög hátíðlega.

[12:02]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fagna því að náttúruverndaráætlun er komin fram, þótt hún sé flutt reyndar í annað sinn óbreytt. Það er mjög spennandi að lesa hana þó maður sjái að skjalið hefur kannski ekki alveg ratað í gegnum allan yfirlestur af því að sumt er úrelt. Fjallað er um það á tveimur stöðum og jafnvel fleiri að ýmislegt eigi að gerast

í lok árs 2008 o.s.frv. Skjalið er því svolítið gamalt og það hefur ekki fengið nægjanlega yfirferð. Því stangast ýmislegt á innan þess vegna þessa. Sums staðar er búið að friða Vatnshornsskóg og sums staðar ekki í sama skjalinu. (Gripið fram í.) Já, já, það er verið að nýta skjalið.

Ég fagna sérstaklega fram kominni náttúruverndaráætlun og vona að hún fái mjög vandaða og góða umfjöllun og þessi svæði fari sem flest í gegn. Ég geri mér samt grein fyrir að það getur vel verið að eitthvað verði tekið út úr af því að menn eru kannski ekki alveg sammála um að þau eigi öll að fara í gegn að óbreyttu núna, þó að ég viti svo sem ekki um það alveg á þessu stigi. En það eru svæði sem ég get ímyndað mér að einhverjar deilur standi um.

Eins og ég kom inn á í andsvari mínu hef ég nokkrar áhyggjur af því hvað þetta hefur gengið hægt. Búið er að friða einungis tvö svæði af 14 sem voru í síðustu áætlun. Reyndar er tilgreint í skjalinu að reyna á að klára núna, jafnvel á þessu ári, eitthvað af þessum svæðum og síðan á næsta ári o.s.frv. en önnur eru sett inn á árið 2013. Það er svolítið langt í það þó að þau séu úr áætlun sem samþykkt var árið 2004. Þetta er talsvert mikið áhyggjuefni og ég tel að hæstv. ráðherra og umhverfisnefnd þurfi að velta því fyrir sér hvort hægt sé að gera ferlið friðsveigjanlegra, mýkra og fljótvirkara. Það getur ekki verið að þetta eigi að ganga svona óskaplega hægt.

Ég vil gjarnan draga það líka fram að á sínum tíma var gríðarlega mikill undirbúningur lagður í náttúruverndaráætlun 2004–2008. Sú er hér stendur tók þátt í því að undirbúa það skjal sem lagt var fram að hausti 2003. Sumarið 2003 fór ég ásamt embættismönnum og skoðaði meira eða minna öll svæði sem voru í drögum að náttúruverndaráætlun. Í drögunum voru 77 svæði og við flengdumst um allt landið af því að það var mikilvægt fyrir okkur sem þá vorum að undirbúa áætlunina að fá heildarmynd af svæðunum, hvernig þessi svæði voru, og þá þýddi ekkert annað en að strauja hringinn, fara og skoða þetta allt. Það fór meira og minna heilt sumar í þetta. Þetta var geysilega áhugavert og auðvitað mikil forréttindi að fá að taka þátt í þeirri ferð. Við hittum sveitarstjórnarmenn um allt land og sérfræðinga sem fóru með okkur og útskýrðu og færðu rök fyrir því af hverju viðkomandi svæði var í drögum að náttúruverndaráætlun. Síðan var það hlutverk okkar að skera þessi svæði niður í 14, við hefðum getað valið 10 eða 20, en ákveðið var að velja 14 svæði ásamt Vatnajökulsþjóðgarði. Kannski voru þetta allt of mörg svæði sem við völdum þegar við horfum til baka fyrst okkur tókst ekki að ná friðun í gegn nema á tveimur svæðum plús Vatnajökulsþjóðgarði, sem er auðvitað stórkostlegur og ekki skal maður gera lítið úr því, það væri alveg fráleitt að gera það. En ef til vill voru þetta of mörg svæði. Við hefðum kannski átt að velja færri og vera einbeittari í því að ná þeim þá í gegn. En þannig fór um sjóferð þá og þetta hefur gengið ansi hægt.

Ég vil gjarnan fá að spyrja út í nokkur atriði. Í skjalinu kemur fram að einhvers konar mat, hagsmunamat, hefur verið gert, ég man ekki nákvæmlega á hvaða síðum það er, en gert var einhvers konar mat á því hvort miklar deilur væru um einstök svæði. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hún geti í seinni ræðu sinni upplýst hvað hafi komið út úr því mati af því að mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvað má búast við miklum deilum um þau svæði sem ætlað er að skoða friðun á.

Ég vil líka draga fram að athygli vekur að ekkert svæði er í hafinu í þessari áætlun en lengi hefur verið rætt um að vernda beri svæði í hafinu. Reyndar er búið að friða hverastrýtur í Eyjafirðinum og Breiðafjörður nýtur ákveðinnar verndar líka, en það er mjög sérstakt að Ísland sem er sjávarútvegsþjóð og með geysilega stórt hafsvæði í kringum sig, að athygli vekur að við skulum ekki hafa tekið neitt svæði í hafinu inn í þessa áætlun. Ég tel að hæstv. ráðherra eigi að beita sér fyrir því að það verði skoðað þó að það sé ekki í þessari áætlun og það væri alveg hugsanlegt að þingið vildi þá setja það inn.

Komið er inn á það í náttúruverndaráætluninni hvað varðar Vatnajökulsþjóðgarð að verið er að taka inn svæði sem stækka hann sem ég tel vera mjög mikilvægt. Vatnajökulsþjóðgarður er stærsti þjóðgarður Evrópu og hann er alveg stórkostlegur. Þar er að finna mjög sjaldgæfa landslagsheild og komið er inn á það hérna að þar eru ósnortin víðerni. Ég tel að þetta sé nokkuð sem umhverfisnefnd eigi að huga sérstaklega að við vinnslu málsins. Það eru ósnortnu víðernin sem eru að verða svo verðmæt af því að svo fá svæði eru í heiminum sem eru eftir í dag þar sem um er að ræða ósnortin víðerni. Það er ákveðin skilgreining til sem byggir á því að það skuli vera a.m.k. 25 ferkílómetra svæði og fimm kílómetrar í næsta manngerða mannvirki sem hefur skilgreininguna ósnortið víðerni. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt.

Ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra komi inn á það í seinni ræðu sinni og útskýri fyrir okkur í þingheimi hvernig þessi mál standa með þau svæði sem út af eru núna varðandi friðlýsingu. Geysissvæðið stendur út af. Það hefur lengi verið reynt að fara í landakaup þar. Hvernig stendur það? Hvernig stendur Álftanes – Skerjafjörður? Komið er inn á að þar eru deilur. Það er alveg greinilegt að sum sveitarfélög vilja fara í friðlýsingu og önnur ekki. Hvaða sveitarfélög eru það sem draga fæturna í því? Komið er inn á að þá væri hægt að fara í áfangaskiptingu og friða hjá þeim sveitarfélögum sem vilja það. Sum eru mjög áhugasöm. Af hverju er ekki bara drifið í að klára það sem hægt er að klára?

Einnig kemur fram varðandi Vestmannaeyjasvæðið að þar hefur sveitarfélagið verið jákvætt og meira að segja viljað fá fleiri eyjar inn í friðlýsinguna og legið hafa fyrir drög að auglýsingu frá og með 2006. En af hverju gerist ekkert? Ef hæstv. ráðherra gæti aðeins farið yfir það. Þetta skjal kallar svolítið á mann að þetta gengur svo hægt. Af hverju liggur fyrir einhver auglýsing í drögum frá 2006? Nú er 2009 og greinilegt að heimamenn eru frekar jákvæðir, fyrst þeir vilja fá meira að segja fleiri svæði inn. Á hverju stoppar þetta? Ég vil gjarnan heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þessa.

Síðan að endingu, virðulegi forseti, vil ég undirstrika að náttúruverndaráætlun tengist auðvitað mjög mikið rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem er núna á lokastigi og kemur hingað inn og fær einhverja lögformlega stöðu í þinginu, mjög spennandi. Við erum með nokkrar áætlanir. Við erum með samgönguáætlun, við erum með náttúruverndaráætlun, við verðum bráðlega með rammaáætlun sem hefur einhverja lögformlega stöðu. Þessar áætl-

anir sem eru stefnumótandi þurfa auðvitað einhvern veginn að verða að veruleika og það leiðir hugann að landskipulagi sem hefur verið mjög umdeilt hér inni. Ég vil að það komi fram sem skoðun mín á því að við verðum að finna lausn á því máli. Það verður að vera einhvers konar landskipulag á Íslandi sem tekur tillit til þessara áætlana. Sveitarfélögin sem hafa svolítið beitt sér gegn landskipulagi, ég held að ræða þurfi þessi mál miklu nánar við þau. Það þarf að eyða þeirri ofboðslegu tortryggni sem mörg sveitarfélög hafa gagnvart landskipulagi. Þetta er það sérstakt land að við verðum að komast að samkomulagi um hvernig á að nýta það. Það er ein áætlun í viðbót sem ég vil gjarnan að verði unnin og mun flytja þingsályktunartillögu um síðar og það er landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku.

Nú er ferðamennskan að skila okkur mjög miklum tekjum og ferðamönnum fer mjög fjölgandi. Það voru 502 þúsund ferðamenn á síðasta ári og þeir verða milljón eftir 3–4 ár. Við verðum að geta tekið á móti slíkum straumi án þess að skemma landið í leiðinni. Því þarf að samþætta allar þessar áætlanir. En ég vil sérstaklega fagna þessari áætlun og vona að þingið samþykki hana á eðlilegum hraða.

[12:13]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Það er ákveðin upplifun fyrir þann sem hér stendur að sitja í umhverfisnefnd og takast á við ný verkefni. Það er hvort tveggja ánægjulegt og spennandi verkefni og viðfangsefni, sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu sem um þennan málaflokk er og áforma sem uppi eru alls staðar í þjóðfélaginu á þeim verkefnasviðum sem þessi málaflokkur tekur til.

Þetta er eitt af fyrstu málunum sem ég þarf að setja mig niður við og var gaman að fara í gegnum þetta plagg. Það er raunar merkilegt að fyrstu þrír málshefjendur við þessa umræðu eru umhverfisráðherrar núverandi og fyrrverandi, hæstv. allir saman. (Gripið fram í.) — Og tilvonandi, skýtur hv. þm. Eygló Harðardóttir hér inn. Þau bera að sjálfsögðu þennan málaflokk mjög fyrir brjósti og þekkja vel til.

Ég vil aðeins gera að umtalsefni það atriði sem komið hefur ágætlega fram í þeirri stuttu umræðu sem hér hefur staðið en það er hvernig þetta verk er unnið. Ég held að þessi litla umræða, framlagningin á málinu og viðbrögðin við ræðu hæstv. ráðherra, séu þess eðlis að við þurfum að gefa því rækilega gaum í umhverfisnefnd hvernig að þessum málum er staðið við yfirferð þeirrar þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir.

Hér kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni að einn mikilvægasti þátturinn í vinnslu og samþykkt náttúruverndaráætlunar sé sú kynning og umfjöllun sem áætlunin fær á Alþingi. Ég er alveg sammála því að það er grundvallaratriði til þess að ná fram þeim áformum sem í samþykkt slíkrar tillögu felast, með hvaða hætti ætlunin er að taka á í þessum málaflokki, að Alþingi sé með.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af fyrstu áætluninni sem gerð var sem gilti fyrir árin 2004–2008 í ljósi þeirra upplýsinga sem komið hafa fram hér í umræðunni, í greinargerðinni, hversu skammt hún hefur náð, spyr maður: Hvernig stendur á því? Hvernig getum við þá bætt úr? Hvar hefur tekist vel til? Hvað gekk illa? Hvar má bæta, o.s.frv. áður en umhverfisnefnd eða Alþingi og ráðuneyti eru búin að leggja það niður fyrir sér, setja ákveðna fyrirvara við að setja okkur ný tímasett markmið varðandi framkvæmd friðlýsinga í landinu? Á meðan okkur hefur ekki gengið betur en raun ber vitni geri ég kröfu um að við setjum okkur aðeins niður við að meta hvers vegna okkur hefur ekki tekist betur upp en hér gefur að líta.

Það kann vel að vera að það liggi í því sem nefnt hefur verið, þ.e. hvernig undirbúningi áætlunarinnar er háttað. Fram kemur í greinargerðinni að umhverfisráðherra hafi skipað starfshóp í júlí 2007 til þess að vinna að undirbúningi nýrrar áætlunar. Ég geri þá ráð fyrir því að umhverfisþingið leggi línur fyrir þetta plagg og það sé sambærileg vinna eða aðferð við þessa áætlun eins og við fyrri áætlunina. Þá spyr maður sig í ljósi þeirrar umræðu sem oft hefur komið upp hvort við þurfum ekki að breikka þennan grunn og búa til tillögugrunn sem birtist síðan í því skjali sem lagt er fyrir Alþingi. Ég hallast að því að við þurfum að stækka þann hóp með einhverjum hætti, ná tengingu víðar en gert er, það er gott að fleiri komi að vinnu en hér hefur verið lagt upp með.

Það hefur líka komið fram að í því sambandi hefur verið rætt um þau verkefni sem náttúrustofum landsins er ætlað að sinna. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson spurði um það í andsvari fyrr í umræðunum. Náttúrustofurnar hafa ákveðið lögskipað verkefni og eru í ágætistengslum við þau svæði sem þær eiga að sinna. Þeim er ætlað það hlutverk samkvæmt lögum að annast almennt eftirlit með náttúrunni á grundvelli ákveðinna laga og er heimilt með lögum að gera samninga á milli Umhverfisstofnunar og mismunandi náttúrustofa um tiltekin verkefni. Það væri fróðlegt að vita hvort að slíkir samningar hefðu verið gerðir, hvort þessi heimild í lögunum hefur verið nýtt.

Það kemur einnig fram í greinargerðinni að sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir hefur verið unnin í það knöppum tímaskala að ekki hefur unnist tími til þess að vinna með áætlunina í einhverju almennu kynningar- og athugasemdaferli. Það vekur upp þær spurningar hvort við munum þá ekki lenda í átökum og deilum með þessa þingsályktun ef það liggur fyrir skjalfest að kynningarferlinu hefur verið ábótavant. Þá held ég að við séum að stefna í eitthvað sem við getum komið okkur hjá ef við höfum áhuga á því. Ég veit það og treysti því að hæstv. umhverfisráðherra hefur ekki áhuga á því að vinna þetta með þeim hætti að átakapólitík verði kringum málið enda held ég að það sé grundvallaratriði fyrir okkur, ef við berum hag þessara mála fyrir brjósti, að reyna að koma umræðunni um umhverfismálin úr þeim átakafarvegi sem hann hefur verið í undanfarin mörg ár.

Ég nefndi það í viðræðum í hv. umhverfisnefnd um daginn við ráðherra að mat mitt á þessu væri að svokölluð fyrirmælapólitík í umhverfismálum skemmdi fyrir vilja landsmanna til þess að koma þörfum og brýnum málum fram. Ég held að við þurfum að koma verkefninu út úr fyrirmælapólitíkinni og það liggur fyrst og fremst í því hvernig við undirbúum málið, hvaða samráð við höfum við hagsmunaaðila á ólíkum sviðum úti í þjóðfélaginu. Eitt af þeim verkefnum sem ég legg áherslu á að við nýtum í því efni eru þau tæki og tól og sú faglega þekking og hæfni sem við

eigum út um allt land í náttúrustofum og ýmsum áhugamannafélögum sem berjast þar fyrir ýmsum málum. En ég legg áherslu á að þau eiga að sjálfsögðu að taka sig saman um að móta einhverja skynsamlega og hagkvæma stefnu í þágu þjóðarinnar.

Þess vegna hef ég sett fyrirvara varðandi fjölgun þessara svæða, þ.e. þrettán friðlýstra svæða, sex blandaðra svæða og tveggja svokallaðra vistgerða, um að ég er ekki á neinn hátt í stakk búinn til þess að leggja mat á hvort þetta sé yfir höfuð framkvæmanlegt. En í ljósi reynslunnar af fullnustu fyrri áætlunar tel ég þetta gjörsamlega óraunhæf markmið.

Það er eitt atriði hér sem ég vil nefna sérstaklega — ég er nú að læra smátt og smátt þessi nöfn, breiskjuhraunavist og rústamýravist. Það lýtur að friðlýsingu og stækkun friðlýstra vistkerfa á breiskjuhraunavist, ef ég man þetta rétt, þar sem tillaga var gerð um að friðlöndin við Þjórsá og í Guðlaugstungum verði stækkuð. Gott og vel. Ég hlýt eðlilega að hafa ákveðinn fyrirvara við að stækka friðlandið í Þjórsárverum einfaldlega vegna annarrar vinnu sem er í gangi sem lýtur að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Vissulega eru það ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að stækka friðlandið í Þjórsárverum en ég spyr: Rekst ekki hvað á annars horn í þessu ef við ákveðum í einu orðinu að þetta skuli gert svona á sama tíma og við vinnum að öðru verkefni á sama stað? Verður þá sköpuð sátt um hvernig við ætlum að nýta þar náttúruauðlindir sem þjóðin þarf á að halda til þess að komast svona þokkalega og skynsamlega af í þessu landi eða hvort friða á landið?

Ég geri þá tillögu sem hér liggur fyrir sérstaklega að umtalsefni en hún er þess eðlis að hún grípur inn í ákveðið ferli sem í gangi er og nauðsynlegt er að reyna að ná sátt um. Ég tel að tillagan sé ekki í þá veru að skapa nauðsynlega sátt um það verkefni sem lýtur að nýtingu þeirra auðlinda sem kunna að vera fyrir hendi á þessu svæði.

[12:23]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009–2013. Hér er lagt til að þrettán mismunandi svæði verði vernduð og er jafnframt talað um nokkrar tegundir af plöntum og dýrum. Mér skilst að það sé í annað sinn sem þessi tillaga er lögð fram. Ég sat í umhverfisnefnd á síðasta þingi sem fjallaði einmitt um þetta mál og skilaði af sér nefndaráliti um náttúruverndaráætlunina. Og eins og komið hefur fram í orðum hæstv. ráðherra og mínum virðist þetta vera nákvæmlega sama tillagan. Henni hefur ekki verið breytt eða hún uppfærð nema að litlu leyti. Þá er kannski alveg ástæða til þess að kíkja á þær ábendingar sem fram komu í nefndaráliti frá síðustu umhverfisnefndar. Með leyfi forseta:

„Tilgangur heildstæðrar náttúruverndaráætlunar er að koma upp neti friðlýstra svæða og skal áætlunin taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa, svo og jarðmyndana hér á landi, m.a. með tilliti til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna, sbr. 66. gr. laganna.“

Það sem ég vil einna helst ræða í máli mínu er að þegar við fórum að vinna að þessari tillögu má segja að síminn hafi byrjað að hringja og tölvupóstar að berast. Það sem kom fram í orðum þeirra sem voru hinum megin á línunni var að nánast ekkert samráð hefði verið haft við viðkomandi. Þetta voru fulltrúar sveitarfélaga og landeigendur. Þeir sögðust hafa haft spurnir af þessum fyrirætlunum en ekki hefði verið haft beint samband við þá. Í sumum tilfellunum hefði jafnvel verið gengið mun lengra en fyrri samráðsferlar gerðu ráð fyrir þar sem viðkomandi sveitarfélög og fulltrúar umhverfisráðuneytisins hefðu komið saman og orðið sammála um ákveðnar tillögur. Síðan kemur tillagan til þingsályktunar og þar jafnvel er gengið enn lengra en menn voru búnir að koma sér saman um.

Af því tilefni vil ég gjarnan vitna í umsögn sem barst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, mér finnst það mjög góð umsögn frá þeim, þar sem þeir benda einmitt á þá þætti sem varða samráðsferli og vinnu við undirbúning tillögunnar. Þingsályktunartillagan er nánast samhljóða þeirri sem lögð var fram á síðasta þingi. Hún er unnin af starfshópi sem ráðherra skipaði árið 2007 til að vinna að undirbúningi nýrrar náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2009–2013. Hér segir, með leyfi forseta:

„Ekki virðast aðrir hafa átt aðkomu að því starfi en starfsmenn umhverfisráðuneytisins og stofnana sem undir það heyra en undirbúningur áætlunarinnar var kynntur á umhverfisþingi í október árið 2007. Formlegt samráð um efni áætlunarinnar virðist að öðru leyti hafa verið takmarkað og er óhjákvæmilegt að gera athugasemd við það að áætlunin hafi ekki farið í almennt kynningar- og samráðsferli eins og kynnt var á umhverfisþingi.“

Mér finnst þetta sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að eitt af fyrstu embættisverkum hæstv. umhverfisráðherra þegar hún tók við stólnum var einmitt að gera athugasemdir og taka einhliða ákvörðun um að hafna samþykkt á skipulagsbreytingum hjá ákveðnu sveitarfélagi, sem er einmitt hluti af þessari þingsályktun, á grundvelli þess að hún taldi að þarna hefði ekki farið fram nægilega góð kynning á ferlinu þrátt fyrir að undirstofnanir hennar hefðu ekki gert athugasemdir við það kynningarferli. Kom jafnvel fram í orðum hennar að þetta væri venjan og hefði verið unnið á þennan máta í mörgum öðrum sambærilegum skipulagsbreytingum. Ég mundi því gjarnan vilja fá að heyra frekar frá ráðherranum hvort hún telji að hún sé ekki alveg samkvæm sjálfri sér gagnvart því að gera ákveðnar kröfur á sveitarfélögin en gera síðan ekki sambærilegar kröfur til umhverfisráðuneytisins og undirstofnana þess varðandi kynningar á samráðsferli.

Síðan kemur fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd gildandi náttúruverndaráætlunar. Það kom fram í orðum hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar og hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að gengið hafi mjög erfiðlega að ljúka við friðun svæðanna sem þegar er búið að samþykkja að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun. Síðan er bent á að nokkur svæði jafnvel utan náttúruverndaráætlunar hafi verið friðuð á undafönum árum, oft að frumkvæði sveitarstjórna. Með leyfi forseta:

„Þessi niðurstaða hlýtur að vekja spurningar um hvort náttúruverndaráætlun endurspegli raunverulegar áherslur stjórnvalda í náttúruvernd á hverjum tíma. Einnig má spyrja hvort tillögur um friðlýsingar í áætluninni hafi verið of

margar miðað við það fjármagn og mannafla sem stjórnvöld hafa til ráðstöfunar á sviði náttúruverndar.“

Í tillögunni er einmitt lagt til að stækka friðlandið í Þjórsárverum og eina athugasemdin sem ég fékk við þá tillögugerð var að ekki hefði einu sinni fengist fjármagn í að setja upp skilti þannig að ferðamenn vissu að þeir væru komnir inn í friðlandið. Það er því greinilegt að fjármagn hefur ekki fylgt þessum áætlunum ríkisvaldsins.

Síðan bendir sambandið á nauðsyn þess að formlegt samráð sé haft við sveitarstjórnir við gerð náttúruverndaráætlunar í ljósi þess að sveitarfélög fara með skipulagsvald og bera ábyrgð á gerð svæðis og aðalskipulagsáætlana. Hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort þingsályktunartillagan muni kalla á endurskoðun skipulagsáætlana sveitarfélaga með tilheyrandi kostnaði fyrir sveitarfélögin.“

Þetta finnst mér vera algjörlega óþolandi, það ætti að vera eitthvað sem hæstv. umhverfisráðherra ætti að þekkja vel til, þ.e. að sífellt er verið að hlutast til um verkefni sveitarfélaga, setja rammalöggjöf og reglugerðir án þess að skoða hvers konar kostnað þetta hefur í för fyrir sveitarfélögin. Það er náttúrlega ýmislegt sem fellur undir umhverfisráðuneytið sem hefur beint með þetta samstarf og þennan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin að gera.

Síðan er í umsögninni talað um forgangsröðun fjármuna og verkefna. Þar er nefnt mikilvægi þess að áfram verði unnið að friðlýsingu þeirra svæða sem þegar er búið að leggja til að verði friðuð og síðan friðlýsingu þrettán nýrra landsvæða. Sambandið telur enga ástæðu til að efast um sérstöðu þeirra svæða sem um ræðir enda eru það sérfræðingarnir sem hafa lagt til að þessi svæði verði friðuð. Hins vegar segja þeir, með leyfi forseta:

„Ástæða virðist þó til að benda á að með fjölgun friðlýstra landsvæða hljóta þeir takmörkuðu fjármunir sem Umhverfisstofnun hefur til ráðstöfunar til náttúruverndar að dreifast á enn fleiri staði en áður. Á sama tíma blasir við að margar helstu náttúruperlur landsins búa þegar við of mikið álag af völdum ferðamanna. Þar má nefna staði á borð við Geysissvæðið, Dyrhólaey og Dimmuborgir.“

Þeir benda á að hugsanlegt væri — ég tel reyndar að það sé ekki bara hugsanlegt, ég get hreinlega fullyrt að betri árangur ætti að nást ef unnið yrði að verndun færri landsvæða í einu á hverjum tíma og að tillögurnar væru unnar í samráði við viðkomandi sveitarfélög.

Sem dæmi um umsögn sem við fengum, frá sex af þeim þrettán svæðum, má nefna bréf sem okkur barst frá landeigandanda Egilsstaðaskógar og Egilsstaðakletta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég hef haft spurnir af því að fyrir þinginu liggi tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013. Þar mun verða gert ráð fyrir að friða Egilsstaðaskóg og Egilsstaðakletta sem eru í landi mínu, Egilsstöðum. Til að byrja með vil ég lýsa furðu minni á að um svona lagað sé fjallað án þess að það hafi á nokkurn hátt verið haft samband við landeiganda og hvorki hann né skipulagsyfirvöld sveitarfélagsins eru meðal þeirra sem leitað er umsagna hjá varðandi þetta mál. Stórfurðuleg vinnubrögð. Engu að síður leyfi ég mér að senda hér inn athugasemd. Ég mótmæli alfarið þessum hugmyndum um friðlýsingu á landi mínu sem væri um leið ekkert annað en eignaupptaka á mínum eigum.“

Það var m.a. ástæðan fyrir því að ég spurði um hver ástæðan væri fyrir því að ekki voru gerðar neinar breytingar á þessari tillögu til þingsályktunar. Það er algjörlega ljóst að það mun ekki ganga að friðlýsa einmitt þetta svæði vegna þess að landeigandinn er algjörlega á móti því þannig að við hljótum að spyrja okkur: Ef það er vilji umhverfisráðuneytisins og hugsanlega þingsins í framhaldinu að friðlýsa þess konar svæði, erum við þá farin að tala um eignaupptöku? Síðan má áfram telja, sex eða sjö aðilar af þrettán komu með (Forseti hringir.) sams konar athugasemdir.

[12:33]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég hef verið fjarverandi frá þinginu síðustu viku og er enn þá ný í þessu nýja hlutverki, en ég verð að segja að það er mér sérstakt gleðiefni að detta inn í einmitt þetta mál núna þegar ég kem til baka, náttúruverndaráætlun. Ég vil fá að óska hæstv. umhverfisráðherra innilega til hamingju með þetta, nýja umhverfisráðherranum okkar. Og líka vil ég nefna, eins og komið hefur fram, að það er dálítið sérstakt að hér hafa tekið til máls þrír fyrrverandi umhverfisráðherrar sem við búum að og að formaður umhverfisnefndar er einmitt fyrrverandi umhverfisráðherra sem kom einnig að gerð þessarar áætlunar. Ég hef, ólíkt hv. þm. Eygló Harðardóttur, ekki setið áður í umhverfisnefnd eða nokkurri nefnd þannig að ég er ný þar og ég treysti því að þetta mál verði mjög vel unnið og vandað til verka í nefndinni áfram.

Það er svolítið um það núna í hruninu og þeim erfiðleikum sem nú steðja að Íslandi að enn minna sé gert úr mikilvægi náttúruverndar og umhverfismála en jafnvel hefur verið gert undanfarin ár. Ég var spurð fyrir einhverjum dögum síðan af hverju þingmenn væru alltaf að þvæla um smámál sem kæmu hruninu ekkert við og einhver tiltók einmitt umhverfismál. Ég verð að segja að það er einmitt núna, á þessum tíma hrunsins og uppgjörsins og þeirrar stefnu sem við viljum móta til framtíðar sem við verðum að stokka upp gömlu gildin og byggja á styrkleikum Íslands. En einn meginstyrkleiki okkar, ótvíræður, sem er ekki okkur að þakka eða neinum sem hér hefur fæðst heldur þeirri gjöf sem við fáum sem Íslendingar að fæðast í þessu stórkostlega landi, sem t.d. vinir okkar Danir eða Hollendingar og ýmsir fleiri fá ekki að njóta með þeim hætti sem við gerum með því að fæðast í þessu landi. Þetta er styrkleiki sem núna verður að byggja á.

Ég átti fund í gær með ýmsum aðilum úr ferðaþjónustunni sem sögðu að nú væri tækifæri og svolítið sérstakt tækifæri einmitt núna í hruninu til að byggja upp ímynd Íslands og hefja nýja markaðssókn vegna þess að okkur sem höfum verið hér í hruninu hefur vaxið í augum að heimurinn talaði svo hræðilega illa um Ísland, að við værum einhverjir svartir sökudólgar. Það er ekki þannig. Flestir vita nánast ekkert um Ísland en það sem þeir vita er að hér er stórkostlega náttúra og það er fyrst og fremst þess vegna — fyrir utan að vita náttúrlega líka um menningu og sögu og ýmislegt annað — sem fólk kemur hingað til lands og veit af okkur.

Framtíð okkar byggir á því núna að við blásum til sóknar, séum ekki bara í vörn heldur blásum til sóknar í grænu málunum og stefnum að því af metnaði að vera í forustu í umhverfisvernd, náttúruvernd og umhverfismálum, setjum okkur mjög metnaðarfull markmið. Slík markmið, eins og sagan sýnir okkur, byggja ekki á góðæri eða gróða eða hversu miklir peningar eru í umferð í samfélaginu vegna þess að eins og komið hefur fram hefur ekki, jafnvel þegar voru svokallaðir góðæristímar, tekist að friðlýsa eða gera þá hluti sem hefðum átt að vera búin að gera hvað varðar náttúruvernd. Við þurfum líka að taka mjög til umfjöllunar stöðu náttúruverndaráætlunar yfir höfuð — hér hafa verið nefndar ýmsar aðrar áætlanir og önnur plön, rammaáætlun á mismunandi sviðum — hvaða stöðu náttúruverndaráætlun hefur gagnvart öðrum sjónarmiðum sem koma fram og vilja ganga á náttúruna gegndarlaust að mínu mati.

Ég fagna því auðvitað sérstaklega að hæstv. ráðherra segist munu beita sér fyrir mjög rækilegri og góðri upplýsingagjöf til Alþingis og samráði við mismunandi hagsmunaaðila og þeirra sem málið varðar. Hún sagði réttilega að þetta væri þátttökuverkefni, náttúruvernd væri lýðræðisverkefni. Það er mjög mikilvæg hugsun af því að sjálfbær þróun, ef við ætlum á byggja á því sem við verðum að gera, byggir nákvæmlega á lýðræðinu, lýðræðislegum vinnubrögðum. Og það verð ég að segja af þekkingu minni eða kynnum af hæstv. umhverfisráðherra Svandísi Svavarsdóttur að þar treysti ég henni allra best til að standa fyrir öflugu og nánu samráði.

Hér var fjallað aðeins um framkvæmd og eftirfylgni og það vekur auðvitað upp mjög alvarlegar spurningar um hvers vegna þetta gangi svona hægt og gangi allt of hægt. Er svarið við því, eins og einhverjir munu kannski segja, að fækka þeim stöðum sem við viljum passa upp á? Ég segi nei, það er ekki svarið. Við eigum að vera eins metnaðarfull og við mögulega getum í þessum efnum en einmitt ganga í þá vinnu og það verk — auðvitað fjallar þetta líka um peninga en fyrst og fremst um ásetning og einbeittan vilja — að tryggja að ferlið sé ekki svona hægfara og þessi stefna sé framkvæmd af meiri hraða og skilvirkni.

Eins og hér hefur komið fram eru ýmis nýmæli í þessari áætlun og var talað um að í fyrsta sinn verði nú friðaðar dýrategundir og ýmsar plöntutegundir og ýmislegt annað sem er afskaplega gott. Mig langar að fá að nefna eitt sérstaklega sem er mér mikið hjartans mál og það eru Þjórsárverin. Það er svo löngu tímabært að stækka Þjórsárver og hið friðlýsta svæði þeirra. Í raun má segja að saga Þjórsárvera sé svolítið hjarta í sögu náttúruverndar á Íslandi og svo margt sem við megum læra af sögu Þjórsárvera, hvernig hagsmunir hafa þar rekist á og einmitt offors á ýmsan hátt í stað samráðs. Þetta er saga hugrekkis og kjarks og einmitt saga baráttu heimamanna, fyrst og fremst hugrakkra heimamanna sem sumir hverjir lögðu ævistarf sitt í að passa upp á þetta magnaða svæði sem á auðvitað bara heima á heimsminjaskrá UNESCO og ég leyfi mér að segja allir alþjóðlegir líffræðingar og náttúrufræðingar sem til þekkja vita og skilja að er einstakt og okkur ber skylda til að varðveita.

Ég læt þessu lokið að sinni en vil bara ítreka að ég hlakka til starfa í umhverfisnefnd, til að taka þetta mál fyrir og halda áfram þeirri vinnu sem hér hefur verið lögð fram. Ég ítreka enn og aftur að nú er ekki tíminn til að fara í vörn heldur að leggjast í sókn. Vextir hækka og lækka — því miður lækka þeir ekki mikið þessa dagana — verðbólga fer upp og hún fer niður og ýmislegt gerist í lífi okkar og samfélagi, það er allt breytingum háð og í valdi okkar mannanna en þegar náttúran er farin kemur hún aldrei aftur. Blásum því til sóknar í þessum málum. Ég hlakka til að vinna bæði með þeim þingmönnum sem hér eru og í umhverfisnefnd og hæstv. umhverfisráðherra.

[12:43]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek að mörgu leyti undir orð Guðfríðar Lilju áðan þar sem hún fjallaði um að leiðir okkar út úr núverandi vandamálum séu kannski grænu leiðirnar, grænar lausnir, og við ættum þess vegna að horfa mjög ákveðið til umhverfismála. Ég fagna því verkefni sem fyrir okkur liggur núna og nefndin mun taka fyrir, því að eins og ég hef nálgast það verkefni tel ég að umhverfismál séu kannski stærstu atvinnumálin í íslensku samhengi í dag vegna þess að vaxtarbroddar íslensks atvinnulífs eru fyrirtæki sem byggja tekjur sínar á erlendum gjaldeyri. Þangað horfum við í dag. Það eru fyrirtæki sem eru að flytja vörur eða þjónustu til útlanda eða þá ferðaþjónustan. Þessi fyrirtæki byggja meira og minna eða að öllu leyti sína tilvist eða sína vöru eða styrk sinnar vöru og sinnar þjónustu á ímynd lands og þjóðar. Og hver er ímynd lands og þjóðar? Hún byggir svo mikið á sterkri og góðri náttúru.

Þess vegna segi ég að umhverfismál séu stærstu atvinnumálin. Það er alveg sama hvert við lítum, hvort heldur það er fiskur, skyr, lopapeysur, húðkrem eða hvað það er annað. Um leið held ég að það sé líka mikilvægt að við horfum til þess að við í umhverfisnefnd og kannski aðrir umhverfissinnar, náum að taka þessa umræðu upp úr þeim hjólförum sem hún er í þar sem hefur verið álverssinni á öðrum kantinum og umhverfissinni á hinum kantinum. Að við reynum að færa þetta fólk saman kannski í því augnamiði að umhverfismálin eru stærsta atvinnumálið. Og þá held ég að við umhverfissinnar ættum að horfa mjög ákveðið í eigin barm og taka umræðuna áfram og svara kalli „álverssinna“ um ákveðnar aðgerðir í atvinnumálum til að styrkja þau fyrirtæki sem byggja tilvist sína á ímynd lands og þjóðar sem byggir á náttúru og náttúruvernd.

[12:45]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessi skoðanaskipti í andsvörum milli hv. nefndarmanna í umhverfisnefnd gefa góð fyrirheit um starfið á komandi þingi, (**Gripið fram í:** Og hlýjuna á milli.) og hlýjuna á milli og það er bara gott. Við þurfum ekki alltaf að skiptast á orðum til að skilja hvert annað og það er hið besta mál.

Það kom fram í máli hv. þm. Guðfríðar Lilju áðan að við ættum í því áferð sem er núna að leggja áherslu á og kappkosta að hin grænu gildi yrðu hafin til vegs og virðingar og við Íslendingar ættum að keppa að því að verða forustuþjóð á sviði umhverfismála. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekkert endilega að keppa að því í því árferði sem

nú er, við eigum alltaf að vera í því hlutverki. Ég tel raunar og er þeirrar skoðunar að Íslendingar hafi í áranna og aldanna rás reynt að vera í eðli sínu mjög harðir umhverfissinnar, öðruvísi hafi þeir ekki komist af í þessu landi. Sú þjóð sem hér hefur búið í rúm þúsund ár hefði ekki komist af öðruvísi en að lifa með einhverjum hætti í sátt við náttúru landsins. Hún er forsenda þess að við höfum komist af og gátum lifað sem þjóð í þessu harðbýla landi norður við ysta haf. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, af því að hún hafði þau orð að við ættum að keppa að því að komast í forustu þjóða heims á sviði umhverfismála: Hvaða þjóðir í veröldinni standa Íslendingum framar í þeim efnum?

[12:47]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að taka undir það þegar talað var um hlýju milli umhverfisnefndarmanna, það er góð byrjun. Ég vil líka taka undir með því sem bæði hv. þm. Magnús Orri Schram og hv. þm. Kristján Þór Júlíusson sögðu um að menn ættu að reyna að fara upp úr hjólförunum og skotgröfunum og sameinast um það sem við getum sameinast um. Það er gríðarlega mikilvægt einmitt líka fyrir náttúruvernd í landinu og áframhald okkar í vonandi meiri framsækni í umhverfismálum. Við verðum líka að viðurkenna og bera virðingu fyrir mjög mismunandi áherslum okkar, mismunandi sýn og mismunandi pólitískri afstöðu, m.a. til stóriðju, sem hefur augljóslega um leið mikið með náttúruvernd að gera. Verkefnið er auðvitað að sameinast um það sem við getum sameinast um sem er þó nokkuð og mun meira en við höfum kannski látið gerast undanfarin ár.

Varðandi spurningu hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar, þá varðar það í mínum huga að vera framsækinn í umhverfismálum alveg gríðarlega margt. Það varðar m.a. hversu umhverfisvæn við erum í hugsun og háttum, hvernig við urðum rusl og sorp og hvernig við göngum fram í náttúrunni, það varðar svo margt. Við erum alltaf að segja hvernig við erum fremst í þessum málum, við erum það ekki en við getum auðvitað orðið það, m.a. vegna hinna stórkostlegu endurnýjanlegu orkugjafa sem við eigum að nýta fyrst og fremst í umhverfisvæna uppbyggingu, ekki í mengandi stóriðju svo ég taki það aftur fram.

Ef ég á að nefna land get ég nefnt t.d. Þýskaland. Ég held að Þýskaland standi okkur framar á ýmsum sviðum umhverfismála, umhverfishugsunar, umhverfishátta og -hegðunar, þar er meiri og öflugri umræða um umhverfismál og í ýmsum löndum í kringum okkur eru umhverfismálin, t.d. loftslagsbreytingar, orðin stóra málið. (Forseti hringir.) Hérna erum við enn þá pínulítið að vinna okkur upp í það.

[12:50]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin. Ástæða þess að ég spurði út í þetta var einfaldlega orðalagið í ræðu hv. þm. Guðfríðar Lilju um að það væri kominn tími til að við skipuðum okkur í röð fremstu þjóða veraldar á sviði umhverfismála. Mér finnst umræðan innan lands oft vera þess eðlis að við séum á einhverjum sakamannabekk, Íslendingar. Ég er ekki þeirrar skoðunar, ég tel að við höfum komist þokkalega af í áranna og aldanna rás í samstarfi okkar við náttúruna. Þar með er ég ekki að segja að það séu ekki ótal hlutir sem við hefðum getað og átt að gera öðruvísi, en í samanburði við aðrar þjóðir í veröldinni, ég vildi fá skýrari svör um það en bara þetta sem kom fram hjá hv. þingmanni.

[12:51]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar ég tala um að við eigum að vera í forustu í umhverfismálum, þá er svo ótal margt sem við getum gert en við höfum ekki gert. Hér hefur t.d. komið fram hversu hægt það gengur hjá okkur að framfylgja náttúruverndaráætlun. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að við erum ekki nógu metnaðarfull í því að sjá til þess að þetta sé gert. Það eru ótal spennandi hlutir og það er hárrétt hve þetta er atvinnuskapandi. Obama Bandaríkjaforseti talar um græna uppbyggingu. Hvernig væri að leggja áherslu á að gera skipaflotann okkar vistvænan, bílasamgöngur og annað, efla almenningssamgöngur? Það er svo ótal margt. Almenningssamgöngur eru t.d. umhverfisvænni en ýmislegt annað. Hvernig stöndum við í þeim málum?

Það er svo víða sem við getum tekið okkur á sem er líka atvinnuskapandi um leið og ef við gerum það lít ég svo á að við getum auðveldlega með samstilltu átaki orðið forustuland (Forseti hringir.) sem er litið til einmitt vegna hinna endurnýjanlegu orkugjafa og vegna þess góða sem við höfum.

[12:52]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig minnir endilega að Obama hafi einmitt leitað til okkar vegna þess að hann taldi að við værum svo framarlega í sambandi við endurnýjanlega orku og vildi læra af okkar reynslu. En ég ætlaði reyndar ekki að ræða það.

Ég stoppaði aðeins við í ræðu hv. þingmanns þar sem hún talaði um offors. Ég verð að segja að í ákveðnum málum sem varða einmitt Þjórsárverin mundi ég frekar telja að ég hafi orðið vör við mjög mikið offors gagnvart einmitt heimamönnum. Þegar vísað er til þess að það hafi verið kröftug barátta ákveðinna heimamanna sem hafi gert það að verkum að hæstv. ráðherra er núna búin að hafna skipulagsbreytingum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þá mundi ég einmitt segja að það sé dæmi um kúgun minni hlutans á meiri hlutanum, þar sem má eiginlega orða það svo að minni hlutinn, örfáir einstaklingar hafi þar níðst á vilja meiri hluta þeirra sem búa í því sveitarfélagi.

Það vill líka alltaf gleymast í umræðunni um Þjórsárver að það hafa legið fyrir frá því í mars 2007 tillögur um stækkun friðlandsins sem sátt er um. Það er sátt um það gagnvart sveitarfélögunum og það var sátt milli fulltrúa sveitarfélaganna og fulltrúa umhverfisráðuneytisins í þeirri nefnd, það voru lögð fram drög að því hversu stórt friðlandið ætti að vera. Þess vegna kom það viðkomandi sveitarstjórnarmönnum mjög á óvart þegar þeir sáu síðan þingsályktunartillöguna þar sem gengið var mun lengra en sátt var komin um. Ég mundi kannski vilja fá frekari útskýringu á því hvar hv. þingmaður sér þetta offors, í hverju það er

fólgið og þá gagnvart hverjum, því að ég skil ekki alveg þá túlkun sem kom fram í orðum þingmannsins.

[12:54]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem ég var að vitna í og nefndi offors var í sögu Þjórsárvera þar sem ég sagði að sú saga lýsti svo vel sögu náttúruverndar á Íslandi og hvernig hetjuleg framganga heimamanna í þeirri sögu, áratugasögu, væri saga kjarkaðra einstaklinga sem vildu passa upp á landið sitt gegn öðrum hagsmunum og stóðu þar gegn mjög sterkum hagsmunum sem vildu annað. Það var offorsið sem ég var að tala um.

Varðandi Skeiða- og Gnúpverjahrepp, þá held ég að hv. þm. Eygló Harðardóttir sé að vitna til Þjórsár, virkjana í neðri hluta Þjórsár, þegar hv. þingmaður talar um ákvörðun varðandi það svæði. Þar verð ég líka að segja að ég þekki þokkalega vel það mál, virkjanir í neðri hluta Þjórsár, og ég leyfi mér að fullyrða að ýmsir heimamenn og jafnvel skoðanakönnun um Urriðafossvirkjun sýndi það að meiri hluti heimamanna vildi hana ekki. Þar væri einmitt líka tilefni til að skoða hvort offors hafi átt sér stað í því hvernig þau mál hafa verið unnin, þ.e. að þar eigi að setja af stað virkjanir og vinnu í ósátt við nánasta umhverfi. Ég ætla ekki að draga úr því að saga náttúruverndar á Íslandi, hvort sem er um Þjórsárver eða Þjórsá, er lituð mjög sterkri og djúpri og sársaukafullri baráttu milli ólíkra sjónarmiða.

[12:56]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get engan veginn tekið undir það að maður sem býr í 101, hv. þm. Atli Gíslason, sé heimamaður á því viðkomandi svæði. Hins vegar verð ég líka að segja að ég tel að það séu ákveðin vonbrigði varðandi þá málefnaáherslu sem hér kemur frá hæstv. ráðherra og hv. þingmaður tekur undir, sem er bara enn í sömu skotgröfunum, að þetta séu aðalmálin í dag. Ég hefði svo gjarnan viljað sjá eitthvað nýtt og ferskt koma frá einmitt Vinstri grænum varðandi hluti sem hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni, um það hvernig við getum gert fiskiskipaflotann okkar vistvænni, hvernig við getum betur flokkað sorp og hvernig við getum stuðlað nýrri atvinnusköpun. Og það er eitthvað sem t.d. fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefur lagt mikla áherslu á, hvernig við gætum t.d. sparað gjaldeyri með því að rafmagnsvæða bílaflotann okkar. Ég tel það mikil vonbrigði ef þetta eru áherslurnar hjá nýjum ráðherra.

[12:57]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil ekki fórna hlýjunni á milli okkar umhverfisnefndarmanna en þetta verð ég að segja að var ómaklegt vegna þess að hér er verið að ræða náttúruverndaráætlun. Sagt var að hér vantaði framsæknar tillögur Vinstri grænna. Ég skora á hv. þm. Eygló Harðardóttur að lesa þann fjölda gagna og framsækinna hugmynda og stefnu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til einmitt í öllum þessum ólíku málum sem snerta umhverfisvernd og umhverfismál. Hv. þm. Eygló Harðardóttir gæti byrjað að lesa Grænu framtíðina okkar þar sem einmitt er tekið á þessum ólíku þáttum. Það er því ómaklegt að segja að við teflum ekki fram þessum tillögum og hugmyndum einmitt í þessu samhengi þegar verið er að ræða náttúruverndaráætlun og mikilvægi þess að henni sé framfylgt af metnaði og framsækni.

[12:58]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég náði ekki alveg að klára mál mitt þegar ég kom upp í fyrri umferð. Ég vildi bara fá að taka eitt fram, en það hefur gætt smámisskilnings í fjölmiðlum t.d. varðandi skoðun mína á stækkuninni á Þjórsárverum, ég er fylgjandi stækkun friðlands, það liggur algerlega fyrir. Hins vegar tel ég að til að við náum þeim árangri að friða friðlandið verðum við að gera það í samráði við viðkomandi sveitarfélög. Við getum ekki níðst á sveitarfélögunum frekar en búið er að gera. Við getum ekki þröngvað þeim til að gera það sem t.d. starfsmenn Umhverfisstofnunar eða starfsmenn Náttúrufræðistofnunar eða jafnvel vissir fulltrúar frá Vinstri grænum mundu gjarnan vilja sjá, heldur hljótum við að þurfa að gera það á þann máta að það sé raunhæft að tillagan um friðlýsingu nái fram að ganga. Það liggur fyrir sáttatillaga frá sveitarfélögunum, frá nefnd sem var skipuð fulltrúa umhverfisráðuneytisins, og það kom fram í vinnu fyrrverandi umhverfisnefndar að menn voru fyllilega sáttir við þá stækkun og við erum þá að tala um umtalsverða stækkun á friðlandinu.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og umhvn.

[Fundarhlé. — 13:00]

Lokafjárlög 2007, 1. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 59.

[13:32]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til fjáraukalaga, sem er þá mælt fyrir hér í annað sinn a.m.k., eða lokafjárlög er það víst fyrir árið 2007.

Frumvarp þetta er lagt fram til breytinga á fjárheimildum vegna frávika í mörkuðum tekjum ríkisins og stofnana frá áætlun fjárlaga og til að gera tillögur um ráðstafanir á stöðu fjárheimilda í árslok, og það er annaðhvort gert með niðurfellingu eða flutningi til næsta árs. Þá er frumvarpið einnig til staðfestingar á niðurstöðum í ríkisreikningi ársins 2007. Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi, þ.e. fyrr í vor eða síðla vetrar, en vegna anna í þinginu náðist ekki að afgreiða málið þó ég hyggi að það hafi verið fullunnið að mestu leyti af hálfu fjárlaganefndar, en frumvarpið er nú endurflutt óbreytt.

Uppbygging frumvarpsins er með sama hætti og verið hefur undanfarin ár, uppgjör og ráðstöfun á fjárheimildastöðum í árslok byggja á sömu vinnureglum og áður.

Í fylgiskjali 2 er birt yfirlit yfir talnagrundvöll frum-

varpsins. Heildarfjárheimildir ársins 2007 námu 409,9 milljörðum kr., útgjöld samkvæmt ríkisreikningi voru 397,5 milljarðar kr. og fjárheimildastaða í árslok 2007 var því jákvæð um 12,4 milljarða kr. Í frumvarpinu er að vanda lagt til að stöður fjárheimilda í árslok verði annaðhvort felldar niður, eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins, eða fluttar til næsta árs, eins og fram kemur í fylgiskjali 1 með frumvarpinu.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika markaðra ríkistekna frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga, samanber nánari skiptingu í sundurliðun 1. Alls er lagt til að fjárheimildir hækki um 2.117,7 millj. kr. samkvæmt þessu uppgjöri á fjármögnun verkefna með mörkuðum ríkistekjum. Nánari skipting niður á fjárlagaliði og viðfangsefni er sýnd í sundurliðun 1. Hér er leitað eftir heimild Alþingis fyrir því að ráðstafa mörkuðum skatttekjum og öðrum ríkistekjum stofnana í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings eða hver metin fjárþörf reyndist vera við skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum til viðkomandi stofnana.

Almennt gildir að útgjaldaheimildir fjárlagaliða hækka hafi lögboðnar ríkistekjur til fjármögnunar á útgjöldum verið meiri en áætlað var í fjárlögum, en lækka hafi tekjurnar verið minni. Þetta er þó ekki algilt því að ekki eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana í þeim tilvikum þegar ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar og fjármögnunar þannig að breytingar í tekjum hafi samsvarandi bein áhrif á kostnað.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til niðurfellingar á fjárheimildastöðum í árslok. Er þar bæði um að ræða ónotaðar fjárveitingar og gjöld umfram heimildir. Nánari skipting niður á fjárlagaliði og viðfangsefni er sýnd í sundurliðun 2. Gert er ráð fyrir að á rekstrargrunni falli niður samtals 7.054,7 millj. kr. umfram gjöld en að á greiðslugrunni falli niður 6.770,3 millj. kr. sem eru afgangsheimildir. Þessi mikli munur sem er á milli rekstrargrunns og greiðslugrunns hvað hinar niðurfelldu stöður varðar stafar að stærstum hluta af því að niður falla háar stöður sem ekki hafa áhrif á útgreiðslur, svo sem stöður á liðnum Lífeyrisskuldbindingar og Afskriftir skattkrafna.

Ráðstafanir á fjárheimildastöðum í árslok byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöld eru bundin, t.d. af lögum eða samningum, eða frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila sem viðhaft geti virka útgjaldastýringu. Í sumum tilvikum kann að vera álitamál hvort fella beri niður stöður einstakra fjárlagaliða eða flytja til næsta árs og við gerð sérhvers lokafjárlagafrumvarps þarf að leggja mat á þessi tilvik.

Í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er í fylgiskjali 1 með frumvarpinu birt yfirlit yfir stöðu fjárheimilda í árslok 2007 sem færast yfir til ársins 2008. Gert er ráð fyrir að í heildina tekið flytjist tæplega 19,5 milljarðar kr. jákvæð fjárheimildastaða yfir til ársins 2008. Sú fjárhæð samsvarar 4,5% af fjárveitingum fjárlaga 2008.

Ég hef, virðulegur forseti, farið yfir helstu þætti frumvarpsins. Með því eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður úr rekstri ríkissjóðs gagnvart fjárheimildum á árinu 2007 og vísast í því sambandi til greinargerða í fjáraukalögum og ríkisreikningi og um meginatriði í framvindu ríkisfjármálanna og helstu frávik í tekjum og gjöldum. Ég tel því ekki ástæðu til að fara yfir einstök atriði frumvarpsins frekar og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar þingsins, sem á að vera orðin frumvarpinu nokkuð vel kunn og á nú í vændum að fá það til umfjöllunar í annað sinn á þessu ári.

[13:37]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að fjárlaganefndin ætti að vera þessu frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2007 allvel kunn við lok yfirferðar ef við erum að fara — það er ekki ef, því við erum að fá þetta frumvarp aftur inn til nefndar vegna þess að ekki tókst að ljúka því á síðasta þingi.

Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs við umræðuna er kannski líka sú að vekja athygli á því með hvaða hætti upplýsingastreymi til Alþingis varðandi fjárlög og uppgjör er háttað. Við erum núna í þeirri stöðu að ræða það að ljúka yfirferð á frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2007 þegar langt er liðið á árið 2009. Með leyfi forseta, ætla ég að leyfa mér að vitna til nefndarálits sem lagt var fram af hálfu hv. fjárlaganefndar á síðasta þingi með því frumvarpi sem verið er að endurflytja núna. Á árinu 1997 var mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga, þ.e. allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir áttu að koma fram í fjárlögum, í fjáraukalögunum hefði átt að taka inn og ætti að taka inn fyrst og fremst atriði sem eingöngu voru ófrávíkjanleg og ófyrirséð útgjöld, en aðrar fjárhagsráðstafanir ættu að koma fram fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár eða þá í afgreiðslu lokafjárlaga eins og hér liggja fyrir.

Með sama hætti vil ég nefna að í því nefndaráliti var ítrekað það atriði að fjárstjórnarvaldið er í höndum Alþingis, samanber 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar. Í 41. gr. kemur fram að það má ekkert gjald greiða úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Samkvæmt þessum lagafyrirmælum ber að leita heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafa á kröfum og til hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkisstofnanir. Þessar ákvarðanir eru teknar á fjárlögum eða eftir atvikum í fjáraukalögum eins og áður segir.

Hv. fjárlaganefnd sat á fundi í morgun þar sem farið var yfir með heilbrigðisráðuneytinu stöðu og framkvæmd fjárlaga fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins. Hv. fjárlaganefnd fékk samantekt frá fjármálaráðuneytinu, dagsetta 20. maí, þar sem gerð var grein fyrir stöðu þessara mála í öllum ríkisstofnunum. Fram kemur í þessu yfirliti sem hér um ræðir að það eru yfir 110 fjárlagaliðir með meira en 4% umframkeyrslu úr fjárheimildum, þar af 83 af þessum 110 sem fara meira en 10% fram úr fjárheimildum.

Þegar við göngum eftir þessu kemur fram í erindi fjármálaráðuneytisins að þeir hafi sent viðkomandi ráðuneytum bréf þar sem er óskað eftir skýringum forstöðumanna á því hvernig á þessu standi og leitað eftir tillögum þeirra um úrbætur og farið er fram á að þessu séu gerð skil eigi síðar en 3. júní, þ.e. í gær. Heilbrigðisráðuneytið var ekki búið að gera skil til fjármálaráðuneytisins. Í þessari stöðu er fjár-

veitingavaldið, í þessari stöðu er Alþingi gagnvart upplýsingum dagsins í dag. Hér erum við að ræða uppgjör fyrir árið 2007 og núna þegar fer að nálgast mitt ár er Alþingi ekki farið að sjá neinar útlínur af útkomu ársins 2008. Einu tölurnar um stöðu mála í dag sem við höfum eru bráðabirgðauppgjör fyrir fyrstu þrjá mánuðina. Upplýsingagjöfin til Alþingis er að mínu mati fyrir neðan allar hellur og þessu verður að kippa í liðinn.

Í ljósi þeirra umræðna sem um þessi mál hafa átt sér stað á undanförnum mörgum árum — ég er ekki að beina skotum að hæstv. fjármálaráðherra hér og nú, þetta er verklag sem hefur viðgengist á mörgum, mörgum undanförnum árum og ber að kippa í liðinni, og ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir úrbótum í því — vil ég nefna í þessu sambandi að fjárlaganefndin hefur kallað eftir því mjög ríkt á síðasta ári að fá tækifæri til þess að endurbæta og virkja eftirlitshlutverk Alþingis, sem því er lögskipað að hafa með höndum, og hefur í þeim efnum leitað ítrekað eftir því við fjármálaráðuneytið að opnað verði fyrir skoðunaraðgang nefndarinnar að þeim gögnum sem hún telur sig þurfa að komast að í ríkisbókhaldinu. Við höfum ekki fengið nein svör við þessu enn þá en mjög brýnt er að úr þessu verði bætt og þá án tafar. Þetta er atriði sem ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að beita sér fyrir úrbótum á og treysti raunar á að svo verði gert.

Meginatriði mitt við umræðuna að koma hér upp í ræðustól undir þessu máli er fyrst og fremst að vekja athygli þingheims á því í hvaða stöðu Alþingi er til þess að reyna að vinna með upplýsingar þegar aldrei hefur verið brýnna en einmitt nú í ljósi efnahagsástandsins og fjármálalegrar stöðu ríkissjóðs, að þær upplýsingar sem Alþingi á að vinna með séu sem ferskastar og sem nýjastar. Það hefur aldrei verið brýnna en nú að þær séu tiltækar. Staðan er eins og ég hef verið að lýsa, því miður, og ég heiti á og skora enn og aftur á hæstv. fjármálaráðherra að beita sér fyrir úrbótum í þessum efnum.

[13:44]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek undir það með hv. þingmanni að þetta frumvarp til lokafjárlaga fyrir 2007 er orðið seint á ferðinni en það á sér þær skýringar að það var lagt hér fram sl. vetur. Ekki hafði unnist tími til að mæla fyrir því fyrr en eftir stjórnarskipti, ef ég man rétt gerði ég það síðla febrúar eða í byrjun mars og síðan vannst Alþingi ekki tími til að afgreiða það í önnunum í lok mars og byrjun apríl fyrir kosningar, því er það endurflutt hér einu sinni enn.

Ég tek undir það með hv. þingmanni að eftirfylgni með framkvæmd fjárlaga er mjög mikilvæg og að styrkja rammann sem þar er unnið eftir. Það hefur heilmikið verið skoðað nú, sérstaklega í ljósi aðstæðna, og m.a. liggur fyrir skýrsla sem sérfræðihópur á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vann og ég þykist vita að fjárlaganefnd hafi fengið kynningu á. Sömuleiðis var haldinn kynningarfundur fyrir flesta ráðherra ríkisstjórnarinnar sem komu á óformlegan fund og fóru yfir þetta mál og ætlunin er að fara í ýmsar þær breytingar sem þar eru lagðar til og ég held að þær séu flestar ef ekki allar til bóta.

Það sem menn hafa gert að undanförnu að því er mér virðist er að menn hafa reynt að vera með ársfjórðungslegt mat og kynningu á stöðunni eins og þessi niðurstaða um útgjöld fyrsta ársfjórðunginn gefur til kynna. Í beinu framhaldi af því að hún lá fyrir var hún kynnt í ríkisstjórn, bréf send til ráðuneyta og allra þeirra aðila sem höfðu farið út fyrir mörkin, sem og gögnin send til fjárlaganefndar. Ég fagna þátttöku fjárlaganefndar í því að skoða slík gögn og veita aðhald í þeim efnum.

Hvað varðar aðgang nefndarinnar að nákvæmari og tímanlegri gögnum úr þróun ríkisbúskaparins eða ríkisbókhaldinu er alveg sjálfsagt að taka það til skoðunar. Reyndar hafa mér verið kynntar hugmyndir um sérstök kerfi sem notuð séu sums staðar í stofnunum eða fyrirtækjum sem hugsanlega mætti taka upp (Forseti hringir.) og væru þannig að þau veitti sjálfkrafa aðgang að tilteknum hlutum.

[13:46]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör og athugasemdir sem komu fram hjá hæstv. fjármálaráðherra. Það er ástæða til að ítreka þá stöðu sem fjárlaganefndin er í varðandi þau atriði sem hér hafa verið nefnd. Ég vil fyrst tiltaka að enginn ágreiningur var í nefndinni um það nefndarálit sem lagt var fram fyrr í vor um þetta frumvarp og ber að fagna því að sparaðar eru held ég 500 þús. kr. með því að krota framan á forsíðu frumvarpsins í stað þess að endurprenta það og það er bara til eftirbreytni og hið besta mál.

Ég vil nefna sem dæmi í tengslum við skort á upplýsingum fyrir fjárlaganefnd til að geta rækt þetta eftirlitshlutverk sitt, að við höfum spurt eftir því ítrekað hvernig þessi grunnur að þeim 20 milljarða viðbótarhalla, sem menn ræða um að hafi myndast, sé til kominn. Við höfum engar sundurliðanir séð um það. Við inntum fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins eftir því á þeim fundi sem ég gat um áðan með hvaða hætti þeim væri ætlað eða því ráðuneyti, sem er gríðarlega stórt í ríkisbúskapnum, væri ætlað að koma að því að mæta útgjöldum af þessum 20 milljörðum. Engar óskir eru uppi til ráðuneytisins varðandi það og engar hugmyndir um hvernig það á að útfærast þar. Það er heldur engin áform enn þá uppi að því er okkur var tjáð í fjárlaganefndinni með hvaða hætti heilbrigðisráðuneytið byggi sig undir fjárlög næsta árs, vissi einungis það eitt í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefði sér stað að um niðurskurð yrði að ræða en engar línur þegar komnar í það mál.

Þetta er veruleikinn sem fjárlaganefndin stendur frammi fyrir í þessum efnum gagnvart því að rækja þetta lögbundna eftirlitshlutverk sem henni er áskipað með lögum.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fjárln.

Afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja, fyrri umr.

Þáltill. SDG o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

[13:48]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja. Ályktunin er á þessa leið:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að framkvæma nauðsynlegar afskriftir á lánum til íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja og nemi afskriftirnar að minnsta kosti 20% af höfuðstól láns. Skal þessum afskriftum vera lokið eigi síðar en 1. ágúst 2009.

Þessi tillaga sem flutt er af öllum þingmönnum Framsóknarflokksins kemur í framhaldi af mikilli og langri umræðu um mikilvægi þess og þörfina fyrir að ráðast í leiðréttingu á lánum til íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja. Um þessa svokölluðu 20% leið hefur mikið og lengi verið rætt í samfélaginu. Ég tel ástæðurnar vera tvær: Í fyrsta lagi að þessi hugmynd var gagnrýnd á sínum tíma á röngum forsendum. Það hefur gefið tækifæri til þess að halda umræðunni áfram með því að leitast við að leiðrétta út á hvað hugmyndin gengur raunverulega og hefur það svo sem gengið ágætlega gagnvart flestum þótt því miður hafi hæstv. ráðherrar og einkum og sér í lagi hæstv. forsætisráðherra og félagsmálaráðherra ekki enn gefið sér tíma til þess að kynna sér málið. Þeir eru ekki hér í dag en ég hafði vonast til að geta notað tækifærið núna til þess að setja hæstv. ráðherra inn í þetta mikilvæga mál. Það verður þá líklega enn að bíða.

En hin ástæðan fyrir því hversu mikið þetta hefur verið rætt og lengi er sú að ríkisstjórnin hefur ekki komið með tillögur sjálf, aðrar leiðir til þess að ráða bót á þeim mikla vanda sem þessari tillögu er ætlað að takast á við.

Sú gagnrýni sem mest hefur farið fyrir á þessa leið er sú að í því felist gríðarlegur kostnaður fyrir íslenska ríkið. Það er alrangt. Hér er í fyrsta lagi ekki um að ræða aukinn kostnað yfir höfuð heldur er verið að reyna að lágmarka tap og í rauninni að láta tap sem þegar leit út fyrir að væri orðið jafnvel ganga að einhverju leyti til baka.

Ástæðan er sú að hér er í rauninni ekki um fjármagn ríkisins að ræða heldur lán sem íslenska bankakerfið hefur veitt áfram til heimila og fyrirtækja og teljast þau nú að miklu leyti vera töpuð. Þessi lán voru fjármögnuð einkum af erlendum kröfuhöfum bankanna og kröfuhafarnir hafa tapað langsamlega mestu af því sem þeir lánuðu til Íslendinga.

Skuldabréf þessara banka ganga nú kaupum og sölum í sumum tilvikum á 1–5% af upprunalegu verði sem gefur til kynna að menn gera ráð fyrir alveg gríðarlegum afskriftum af þeim peningum sem hingað voru lánaðir. Maður skyldi þá ætla að það gæfist töluvert svigrúm til afskrifta gagnvart þeim sem þessi lán tóku og nú er ljóst að geta ekki staðið undir þeim. Þá er mikilvægt að hafa í huga að sú heimskreppa sem nú ríður yfir er á flestum stöðum vegna þess að tekin voru miklu hærri lán en menn geta staðið undir og víðast hvar eru menn nú að gera sér grein fyrir því að eina leiðin til að fást við þetta ástand sé að ráðast í endurskipulagningu lána eða með öðrum orðum afskriftir að verulegu leyti.

Menn hafa séð hvað gerist þegar farnar eru aðrar leiðir, til að mynda þegar reynt er að lengja í lánum og halda lánunum áfram á bókunum þó að ljóst sé orðið að þau fáist aldrei að fullu endurgreidd. Það gerðu menn í Japan á sínum tíma við lok níunda áratugarins og í upphafi þess tíunda. Það varð til þess að ríkt hefur algjör stöðnun í japönsku efnahagslífi nú um tveggja áratuga skeið.

Víða eru menn að gera sér grein fyrir því að eina leiðin til þess að fást við þann vanda sem nú er uppi er sú að ráðast í afskriftir. Þá er spurningin hvaða leið er best til þess og um það geta menn deilt. En sanngirnin sem felst í því að leiðrétta lán allra jafnt ætti að vera öllum ljós því að með því að framkvæma flata afskrift eða flata leiðréttingu upp á til að mynda 20% er í raun verið að færa alla nokkurn veginn aftur, þ.e. þá sem eru með verðtryggð lán, að þeirri upphæð sem lánin stóðu í áður en urðu hér ófyrirséðir atburðir sem leiddu til um það bil 20% verðbólgu og hækkunar lánanna í samræmi við það.

Verði ráðist í afskrift lána, eins og ég nefndi áðan, felur það í sér kostnað vegna þess að ólíkt hefðbundnum afskriftarreikningum þegar menn gera ráð fyrir kannski 2 eða 3% mun það að ráðast í afskriftir við þær aðstæður sem núna ríkja hafa áhrif á hversu margir eru í stakk búnir til að halda áfram að greiða það. Og núna við þessar aðstæður skiptir öllu máli að sem flestir geti haldið áfram að greiða, sérstaklega vegna þess að eignaverð hefur nú lækkað mjög. Flestar eignir, hvort sem það eru áþreifanlegar eignir, hlutabréf eða annað, eru orðnar illseljanlegar og það sem hægt er að selja selst yfirleitt á verulega lágu verði. Fari menn þá leið að ganga að veðum lána og selja þau fæst yfirleitt mjög lítið upp í lánin og þess vegna er mjög mikið til þess vinnandi að sem flestir geti haldið áfram að greiða. Þar af leiðandi má færa fyrir því sterk rök að á endanum skili sér meira til baka til þeirra sem veittu lánin, komi menn til móts við lántakandann með því að afskrifa lánin að hluta.

Þetta er ekki spurning um að kostnaður lendi á íslenska ríkinu. Hér er um að ræða afskriftir sem þegar eru nauðsynlegar. Við ættum einungis að vera að fjalla um hvort sú leið sem hér er rædd sé besta útfærslan á nauðsynlegum afskriftum. Ég er svo sannarlega til í þá umræðu og geti menn sýnt fram á betri leið til að framkvæma þessa afskrift er ég vissulega til í að skoða það. En það er fráleitt að halda því fram að hér sé um að ræða kostnað sem eigi að lenda á íslenska ríkinu vegna þess að þessar afskriftir eiga sér þegar stað og munu eiga sér stað við flutning lánanna úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju. Það er orðið ljóst að íslenska ríkið mun kaupa lán gömlu bankanna af kröfuhöfunum, annaðhvort, eins og nú stefnir í, með því að láta skuldabréfamótið í gömlu bankana og færa lánin inn í þá nýju eða með því gera það beint, þ.e. ef íslenska ríkið keypti lánasöfn beint af gömlu bönkunum. En það stendur reyndar ekki til eins og sakir standa.

Séu þessi lánasöfn keypt á óeðlilega háu verði með því að borga meira fyrir þau en hægt væri að fá fyrir þau annars staðar gæti ég skilið málflutning þess efnis að kostnaðurinn geti lent á ríkinu en nú er staðan einfaldlega sú að lánasöfn banka eru mjög ódýr. Það fæst mjög lítið fyrir lánasöfn. Er-

lendir fjölmiðlar hafa fjallað mikið um, ekki hvað síst fjármálafjölmiðlar eins og *Financial Times* , að lánasöfn fjármálastofnana séu nánast óseljanleg núna. Menn hafa nefnt í því sambandi að þegar tekst að selja þau fáist hugsanlega 10% af upprunalegu verði.

Hvernig ætli staðan sé þá á þessum íslensku lánasöfnum? Hvað væri eðlilegt að greiða fyrir þau? Væri eðlilegt að greiða meira en 10%? Ég skal ekki segja. En ef að við gefum okkur að íslenska ríkið kaupi þessi lán, til að mynda fasteignalánin á 50% afskrift, er þá eðlilegt að ríkið sem keypti þessi lán á helmingsafslætti haldi áfram að reyna að innheimta þau að fullu? Tökum dæmi um lán upp á 100 milljónir sem ríkið kaupir á 50 milljónir, á þá að reyna að innheimta allar 100 milljónirnar engu að síður þegar ástæðan fyrir því að lánin voru svona ódýr og voru seld með þessum afslætti er einmitt sú að menn höfðu gert sér grein fyrir að ekki væri hægt að innheimta alla upphæðina? Með því að halda áfram að reyna að innheimta það sem ljóst er að ekki mun innheimtast og búið er að gefa afslátt af, nást ekki áhrifin af afslættinum sem ættu að vera þau að sætta sig við að hluti lánsins sé tapaður og gera þá hagkerfinu kleift að halda áfram frá þeim punkti. Með þessu verður í raun til óþarfa tap. Það er búið að afskrifa en jákvæðu áhrifin skila sér ekki vegna þess að sá sem skuldar er áfram týndur rétt eins og afskriftin hefði ekki átt sér stað.

Það er því órökrétt að halda því fram endalaust í þessari umræðu að hér sé um það að ræða að ríkið taki á sig kostnað með því að láta afskriftir að einhverju leyti, ekki að öllu leyti, bara að einhverju leyti, ganga áfram til þeirrar sem skulda.

Viðbótaráhrifin eru þau að þetta hefur ekki bara áhrif á þá sem skulda. Þetta hefur ekki bara þau áhrif að fyrirtæki geti þá séð einhverja framtíð með því að halda áfram rekstri, halda fólki í vinnu og að menn sjái tilgang í að halda áfram að borga af lánunum sínum og halda heimilum sínum gangandi. Þetta hefur áhrif á hagkerfið í heild. Það er það sem vantar umfram allt núna, að halda íslenska hagkerfinu gangandi og koma í veg fyrir að hér verði algjört kerfishrun.

Nú leitar ríkisstjórnir um allan heim leiða til að halda uppi neyslu, halda hagkerfum landa sinna gangandi. Menn hafa ráðist í gríðarlega dýrar aðgerðir til þess. Í Bandaríkjunum gengu menn svo langt að senda ávísanir heim til fólks með skilaboðum um að menn skyldu fara og eyða þessu, kaupa sér einhverjar vörur eða þjónustu í von um að með því móti mætti halda fleiri fyrirtækjum í rekstri.

Sú leið sem er líklega hagkvæmust til að ná þessum áhrifum er að ráðast í leiðréttingu lánanna, láta þá óeðlilegu hækkun sem varð vegna hrunsins ganga til baka og gera fólki kleift að halda áfram daglegri neyslu og halda þá vonandi fleiri fyrirtækjum í rekstri. Ef fleiri fyrirtæki geta haldist í rekstri verða færri atvinnulausir og færri lenda fyrir vikið í þeim hópi þar sem 20% leiðréttingin eða verðbólguleiðréttingin duga ekki til. Við getum kallað það hvort heldur sem er.

Með þessum aðgerðum er því ekki bara verið að koma til móts við þá sem eru í vandræðum vegna þess að þeir ráða ekki við afborganir, verið er að koma til móts við hagkerfið í heild. Þetta er fyrirbyggjandi aðgerð en það er nú það sem hefur vantað hjá þeirri ríkisstjórn sem nú situr, að ráðast í aðgerðir sem eru fyrirbyggjandi í efnahagsmálum.

Ef ég tek þetta saman í lokin er ekki um að ræða, svo ég ítreki það af því ég sé að þarna situr hæstv. félagsmálaráðherra, að aukinn kostnaður lendi á íslenska ríkinu. Verið er að tala um að afskriftir sem þegar er ljóst að þurfa að eiga sér stað séu að einhverju leyti látnar ganga áfram til þeirra sem skulda þannig að þeir geti þá haldið áfram að borga og fyrir vikið innheimtist á endanum meira. Sanngirnin sem í þessu felst er sú verið er að færa alla aftur nokkurn veginn aftur á þann stað sem þeir voru þegar þeir tóku ákvarðanir sínar, gerðu ráðstafanir áður en hér urðu ófyrirsjáanlegir atburðir sem segja má að hafi valdið forsendubresti. Allir eru þannig settir aftur á sama stað. Það mun ekki nægja öllum en vegna áhrifanna fyrir hagkerfið í heild mun þetta vonandi nægja sem flestum. Þá er auðveldara að fást við og aðstoða þá sem þurfa áfram á aðstoð að halda eftir að ráðist hefur verið í svona heildaraðgerðir.

En með því að líta á þetta sem leiðréttingu er framkvæmdin á þessu auk þess mun auðveldari en að ráðast í sértækar aðgerðir fyrir hverja fjölskyldu. Leiðrétting sem nær yfir allt saman er auðframkvæmanleg og er hægt að framkvæma hana á einum degi í rauninni þannig ekki ætti að vera mikið vandamál að ná því fyrir 1. ágúst ætti, en það liggur á. Við höfum séð það núna, til að mynda í umræðum í gær um stöðu heimilanna, að ástandið heldur áfram að versna. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin taldi að mundu nægja hafa ekki nægt, hafa ekki þau áhrif sem ríkisstjórnin vonaðist til. Nú þurfa menn að sýna dálítinn kjark. Þurfa að þora að hugsa aðeins út fyrir kassann og gera eitthvað sem ekki hefur verið gert áður því að þetta eru aðstæður sem ekki hafa komið upp áður. Þegar það gerist þurfa menn að þora að leita óhefðbundinna lausna. Þetta teljum við vera vænlegustu lausnina í stöðunni, framkvæmanlega, sanngjarna og nauðsynlega.

[14:03]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef áhuga á að spyrja hv. þm. Sigmund Davíð Gunnlaugsson hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að þetta þurfi að gerast áður en yfirfærsla á gömlu, föllnu bönkunum á sér stað yfir í nýja banka.

Í öðru lagi: Er þá réttur skilningur að ef ríkið, sem er eigandi allra banka sem og Íbúðalánasjóðs, kaupir lánasafn gömlu, föllnu bankanna — tökum einfalt dæmi upp á 100 milljóna lánasafn í dag, ef ríkið kaupir það á 50 milljónir, ætlar þá ríkið í gegnum bankana og Íbúðalánasjóð að rukka skuldarann um 100 milljónir þó að það hafi fengið lánið með afslætti upp á 50 milljónir?

Ég vænti þess að hv. þingmaður svari því hvort þetta sé réttur skilningur hjá mér. Ef svo er er kristaltært að ríkissjóður ætlar sér að græða á yfirfærslu lána á milli gömlu, föllnu bankanna yfir í nýju bankana á kostnað heimila og fyrirtækja í landinu.

[14:04]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur

fyrir spurninguna sem brennur einmitt á mjög mörgum þessa dagana þegar verið er að ræða um yfirfærsluna úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju. Það er rétt, það þarf að huga að þessu áður en sú yfirfærsla á sér stað og fari menn þá leið sem nú stefnir vissulega í, að nýju bankarnir kaupi lánin með verulegum afslætti eða með verulegri afskrift og haldi áfram eins og ekkert hafi í skorist, eins og nú stendur til, að rukka fulla upphæð er ríkið ekki að gera neitt annað en að reyna að græða á stöðu heimilanna og nýta þessar afskriftir sem eru veittar sjálfu sér til hagsbóta.

Það eru fleiri en ríkið sem reyna að spila þennan leik því að erlendir spákaupmenn skiptast nú á skuldabréfum íslensku bankanna og hugsa sér þá að hagnast nokkurn veginn á sama hátt og íslenska ríkið undir forustu þessarar ríkisstjórnar. Þegar upp er staðið mun þetta hins vegar ekki skila miklum fjárhagslegum ávinningi fyrir íslenska ríkið vegna þess að með því að halda áfram að pína íslensk heimili og fyrirtæki til að greiða það sem ljóst er að þau standa ekki undir verður á endanum algjört hrun íslensks efnahagslífs sem reyndar stefnir því miður nú þegar í. Það mun leiða til enn minni skatttekna ríkisins og valda verulegu fjárhagslegu tjóni, ekki bara fyrir heimilin og fyrirtækin, heldur fyrir ríkið líka. Það mikilvægasta er að við gerum okkur grein fyrir stöðunni og að menn vinni saman að úrlausn þeirrar stöðu.

[14:06]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni fyrir þetta svar og verð eiginlega að játa að ég hefði kosið að skilningur minn á ræðu hans hefði verið með öðrum hætti, satt best að segja. Það hlýtur að vekja furðu að fulltrúar í hæstv. ríkisstjórn skoði ekki þann möguleika að koma til móts við heimilin í landinu með einum eða öðrum hætti áður en yfirfærsla og mat lána á sér stað úr gömlu, föllnu bönkunum yfir í þá nýju í stað þess að tala, eins og hæstv. fulltrúar ríkisstjórnarinnar gera, um að þessi leið sé ekkert annað en kostnaður fyrir ríkið þegar hér liggur fyrir, frú forseti, að ríkið mun í formi eiganda ríkisbankanna og eiganda Íbúðalánasjóðs kaupa lánasafn gömlu, föllnu bankanna með afföllum en ætlar að rukka íslensk heimili og fyrirtæki að fullu fyrir þá lánsfjárhæð sem stóð upphaflega og stendur þegar yfirfærslan á sér stað, þrátt fyrir afskriftir sem ríkið hlýtur sjálft.

Þetta er með ólíkindum, og það er með ólíkindum að þetta skuli vera ríkisstjórn sem kennir sig við velferð, talar um að byggja velferðarbrú, standa vörð um heimilin í landinu, að hún ætli sér með þessum hætti, úr yfirfærslu gömlu, föllnu bankanna yfir í nýju bankana, að fara að á þennan hátt. Þetta er með ólíkindum og, frú forseti, þetta er dapurlegur atburður fyrir íslenska ríkisstjórn sem vill kenna sig við velferð og að slá skjaldborg um heimilin í landinu, (Forseti hringir.) að hún ætli að fara þannig að að ríkissjóður sjálfur hafi hagnað af því að (Forseti hringir.) yfirfærslan er með þeim hætti sem hún er og að heimilin í landinu beri byrðarnar.

[14:08]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni fyrir ágætismál. Mig langar aðeins til að fara yfir það hvernig kaupin hafa gerst á eyrinni síðan þetta kom fyrst fram.

Það er ljóst að þetta mál á mjög mikinn hljómgrunn í samfélaginu þó að reynt hafi verið að spilla því á margan hátt, m.a. með því að forsætisráðherra bað Seðlabankann að reikna út hvað afskriftirnar sem yrðu til heimilanna næmu hárri upphæð og túlkaði það sem kostnað ríkissjóðs af framkvæmdinni. Það er náttúrlega alls ekki rétt vegna þess að, nákvæmlega eins og hv. þingmaður benti hérna á, hugmyndin er að taka afskriftir sem þegar hafa orðið eða eru í þann mund að eiga sér stað og leiða yfir til heimilanna í landinu.

Þannig liggur í því að við hrunið hækkuðu lán íslenskra heimila gríðarlega mikið. Þau hækkuðu það mikið að gæði lánasafnanna snarminnkuðu. Það gerist vegna þess að heimili og fyrirtæki geta ekki staðið í skilum með lánin eins og þau eru orðin núna þannig að, nákvæmlega eins og hv. þingmaður benti á, þetta er ekki orðin sérstaklega merkileg söluvara. Þess vegna gerist það að hægt er að kaupa þessi lánasöfn á milli gömlu og nýju bankanna með gríðarlega miklum afslætti. Sú tala sem oftast hefur verið nefnd er 50%. Reyndar eru einhverjar raddir um að þetta geti jafnvel orðið meiri afskriftir. Það er auðvitað mismunandi eftir því hvort um fyrirtæki er að ræða eða heimili, heimili eru þrátt fyrir allt bestu skuldararnir. Nákvæmlega eins og hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttur spurði áðan er grunnhugmyndin sú að ef 100 milljónir eru að nafnvirði inni í gömlu bönkunum, lánasafnið síðan keypt yfir til nýju bankanna á 50 milljónir, nýju bankarnir rukka 100 milljónir með þá vissu að svo og svo mörg heimili muni fara á hausinn og svo og svo mörg fyrirtæki sömuleiðis muni á endanum nást inn u.þ.b. 50 milljónir.

Grunnhugmyndin er að í staðinn fyrir að rukka 100 milljónir yrðu rukkaðar 80 milljónir. Þá munu fleiri geta staðið í skilum, færri verða gjaldþrota, vandamálið verður viðráðanlegra og að öllum líkindum, ef rétt er á málum haldið, mundu bankarnir fá þessar 50 milljónir sem eru bókaðar á reikningum hjá þeim.

Lykillinn að þessu er spurningin: Hversu mikil áhrif hefur aðgerðin á greiðsluþol skuldara? Ef við náum með svona aðgerð að minnka gjaldþrot að krónutölu um 25% er aðgerðin algjörlega kostnaðarlaus. Einfaldir bókhaldsútreikningar sýna það.

Hitt er aftur á móti annað mál hvort takist að minnka gjaldþrot þetta mikið við þessa aðgerð. Það þarf að leggjast yfir það, það þarf að fara í einhvers konar rannsóknir og athuga hvort þetta gengur upp. Reyndar hefur trú mín verið sú að aðgerðin muni skila a.m.k. þessu vegna þess að aðgerðin er ekki eingöngu niðurfelling á skuldum, heldur er hún efnahagsaðgerð að því leytinu til að hún ýtir efnahagslífinu af stað sem gerir æ fleirum kleift að standa í skilum, halda vinnu sinni og standa í skilum með lánin.

Það sem ég er búinn að segja eru meira og minna þekktar stærðir. Viðtökurnar sem hugmyndin hefur fengið valda mér aftur á móti nokkurri furðu vegna þess að það er alger-

lega ljóst, þrátt fyrir að hæstv. forsætisráðherra hafi reynt að draga úr alvarleika þeirrar kreppu sem við búum við núna, í gær held ég að það hafi verið eða a.m.k. á dögunum, er hverjum manni ljóst sem býr í þessu landi að þetta hrun hefur komið stórkostlega við fjárhag heimilanna. Það þýðir ekki að koma upp í ræðustól á Alþingi og segja að þetta sé stórkostlegt ofmat hjá stjórnarandstöðunni og bara einhvers konar popúlismi að tala svona. Það er bara ekki rétt. Sá sem talar svoleiðis er búinn að vera of lengi læstur á skrifstofu í Stjórnarráðinu og er ekki í sambandi við það sem er að gerast.

Það er ein grundvallarforsenda til að þessi aðgerð gangi upp sem hefur valdið mér stöðugt meiri áhyggjum. Hún er sú að þessi flutningur á milli gömlu og nýju bankanna muni eiga sér stað á lánum. Okkur er sagt að endurreisn bankanna tefjist vegna vandamála með svokallaðan gjaldeyrisójöfnuð í bönkunum, sem er rétt, en það hefur kannski ekki verið á allra vitorði að í nóvember á síðasta ári var sett upp nefnd á vegum Fjármálaeftirlitsins sem átti að fara yfir þau mál hvernig ætti að leysa þennan gjaldeyrisójöfnuð til að endurreisn bankanna gæti tekist.

Mér skilst að þessi nefnd sé ekki enn búin að skila niðurstöðu. Við höfum heyrt einhvern ávæning af því hvernig menn sjá fyrir sér að leysa þennan gjaldeyrisójöfnuð sem felst í því að skuldbindingar bankanna eru í íslenskum krónum og eignirnar í erlendum gjaldmiðlum að stórum hluta, sem myndar mikinn ójöfnuð þegar gengið styrkist. Hugmyndin sem maður hefur heyrt, sérstaklega frá hæstv. viðskiptaráðherra, er að til standi að breyta lánum sem eru í erlendum gjaldmiðlum yfir í íslenskar krónur og þá sé búið að leiðrétta þá hættu sem mun skapast þegar gengið styrkist og jafnframt að vaxtaójafnvægið sem ríkir út af vaxtamun milli Íslands og annarra landa hverfi við það. Þetta er mjög athyglisvert.

Ef reyndin er að það eigi að þvinga skuldara til að fara úr gengi sem er núna eitthvað yfir 230 yfir í gengi sem þeir tóku á, sem getur jafnvel verið vísitala miðuð við 100 eða eitthvað annað slíkt, er loksins búið að taka alla von frá íslenskum skuldurum sem skulda í erlendri mynt, loksins. Þá er algjörlega búið að taka frá þeim þá von að e.t.v. muni lánin þeirra lækka með styrkingu krónunnar í framtíðinni. Okkur er sagt, og ég trúi því reyndar, að ef rétt er að málum staðið muni gengi íslensku krónunnar styrkjast. Ég er aftur á móti að verða mjög langeygður eftir að sjá raunhæfar efnahagsáætlanir, ríkisfjármálin, þann trúverðugleika sem þarf að mynda, það að bankarnir séu stofnsettir. Ég er orðinn langeygður eftir þeim aðgerðum vegna þess að þær eru grundvallarforsenda þess að gjaldeyrishöftum verði aflétt, vextir verði lækkaðir og gengið muni styrkjast í framtíðinni.

Það sem ég vildi hnykkja á að lokum og langaði til að fá svarað, því að ég sé að hæstv. fjármálaráðherra er í salnum, er hvort ætlunin sé að þvinga íslenska (Forseti hringir.) skuldara úr erlendum gjaldmiðlum yfir í íslenskrar krónur og hvort menn geri sér (Forseti hringir.) yfirleitt grein fyrir því hvers lags reiðarslag það yrði fyrir íslenska skuldara.

[14:19]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni fyrir greinargott erindi og tek undir aðvörunarorð hans varðandi gjaldeyrislánin. Hv. þingmaður gerði að umtalsefni að fasteignalán væru yfirleitt hærra metin en önnur lán og ég tel að það sé hárrétt hjá honum en ég mundi vilja heyra álit hv. þingmanns á því hvort ekki sé eðlilegt við þær aðstæður sem nú ríkja á Íslandi, í íslensku efnahagslífi, að einnig eigi sér stað veruleg afskrift við millifærsluna, hugsanlega millifærslu, á fasteignalánunum. Í Bandaríkjunum höfum við horft upp á ástand þar sem sums staðar er hægt að kaupa einbýlishús fyrir málamyndaverð, 1 dollara eða 100 dollara, vegna þess að þar hefur orðið algjört hrun á fasteignamarkaði. Bankarnir sitja uppi með miklu fleiri fasteignir en þeir geta losað sig við, sjá í rauninni bara kostnað við að halda í eignirnar og vilja þar af leiðandi mikið til vinna að losna við þær. Í því tilviki voru fasteignalán lánasöfn bankanna mjög lágt metin, og eru enn.

Telur þingmaðurinn að þetta gefi tilefni til þess að við förum mjög varlega í mat á fasteignalánum á Íslandi og réttlæti verulega afskrift íslenskra fasteignalána?

[14:20]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er alveg hárrétt athugað, því lengur sem við þurfum að bíða eftir að hér komi fram einhverjar raunhæfar aðgerðir í efnahagsmálum, því verðminni verða þessi fasteignalánasöfn. Fyrstu tölur sem maður heyrði um verðmæti safnanna voru 10% afskrift yfir línuna eða eitthvað á því rólinu. Ég hef hins vegar fyrir því nokkra vissu að fasteignasöfn eins þriggja viðskiptabankanna hafi verið metin þannig að í kringum 25% afskriftir verði um að ræða. Ég held að það sé hárrétt athugað að því dýpra og því lengra sem við förum inn í þá óáran sem ríkir á Íslandi, því verðminni verði þessi fasteignasöfn. Þá eru þess meiri tækifæri til að leiða afskriftirnar raunverulega frá kröfuhöfum til heimilanna í landinu. Þó að það kunni að virðast jákvætt, meiri afskriftir, eru þær aðstæður sem eru þá komnar upp í þjóðfélaginu orðnar það slæmar að ég óska okkur þess alls ekki.

Það er brýnt að gera sér grein fyrir því að það er hægt að leiða afskriftirnar áfram. Það er hægt að gera það án kostnaðar ef vel tekst til. Það sem ég held að sé mikilvægt er að margir aðilar eru búnir að ljá máls á því að það sé fullt tilefni fyrir hæstv. ríkisstjórn til að gefa málinu gaum, setjast niður í einhvers konar hópi og reyna að ná samstöðu um málið. Það getur vel verið að menn komist að því að ekkert eigi að gera (Forseti hringir.) en það er a.m.k. í lagi að skoða málið.

[14:22]

Útbýting:

Opinber störf frá 1999, 81. mál, fsp. SER, þskj. 93.
Samgönguáætlun, 80. mál, fsp. ÁsbÓ, þskj. 92.

[14:23]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Í vetur ræddum við 18 punkta efnahagsáætlun Framsóknarflokksins. Ég tók virkan þátt í þeirri umræðu og fór í gegnum alla punktana lið fyrir lið. Þeir voru margir athyglisverðir nema sá síðasti og hann er á blaði sem við erum að ræða hér. Ég ætla að halda nánast sömu ræðuna, frú forseti, ég kemst eiginlega ekki hjá því. (**Gripið fram í:** Þú getur sleppt því.) Ég veit að margir mundu vilja að ég sleppti því.

Afskriftasjóður í banka er ekki eign. Menn skulu hafa það alveg á tæru. Afskriftasjóður er til að mæta afskriftum og er ekki eign. Menn græða ekki á því að tapa og verða gjaldþrota, það er ekki þannig. Afskriftasjóður er til að mæta afskriftum sem bankinn mun örugglega eða með miklum líkum verða fyrir. Ef hann er með 100 fyrirtæki í viðskiptum, fyrirtæki og einstaklinga, og reiknar með því að tapa helmingi af lánunum er afskriftasjóðurinn 50% ef lánin eru öll jafnstór eða svipað dreifð. Eins og hér kom fram innheimtir hann eða reynir að innheimta öll lánin en hann mun ekki ná helmingnum af þeim. Hann mun tapa helmingnum þó að hann reyni að innheimta öll lánin. Hann er ekki að græða neitt, það er engin eign þarna, það er ekkert að finna.

Þá er það spurningin sem kom fram hjá hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni. Hann setti ákveðinn fyrirvara, enda búinn að hlusta á þessa ræðu, um að ef þessi niðurfelling minnkaði gjaldþrotið um 25% væri þetta í lagi. Það er nefnilega aðalpunkturinn. Íslenskir bankar voru búnir að tala óhemjustór lán. Ég heyrði tölu um 12.000 milljarða, jafnvel meira, og það er hugsanlegt að þessir erlendu lánveitendur tapi helmingnum, afskriftin verði 50%, þ.e. 6.000 milljarðar. Þá er meginmálið: Hvernig dreifist það? Hvernig dreifist það, frú forseti? Það er meginmálið. Það veit enginn, a.m.k. ekki ég. Það er einhvern veginn í herbergi einhvers staðar, lokað inni, dulkóðað og ég veit ekki hvað, en það veit enginn og það er vandamálið.

Ég geri ráð fyrir því að þarna séu stór fjárfestingarfélög með óskaplega stórar lántökur og nánast engar líkur á að þau greiði. Þau tóku lán til að kaupa hlutabréf, hlutabréfin féllu niður í kjallara og eignin sem var í fyrirtækinu hvarf og varð að stórum mínus. Það er algjört tap á þessu. Það er ekkert til til að borga lánið. Þarna er afskriftin nánast 100%. Það er ekkert í heiminum sem bjargar þessu, engar virkar afskriftir. Þetta er bara farið og menn geta ekki náð í peningana því að þeir eru ekki til. Þeir fóru með fallandi gengi hlutabréfanna. Ef menn taka lán til að kaupa hlutabréf og hlutabréfin falla myndast stórkostlegur mínus. Þetta skilja menn. Maður fer ekki út í heim og nær í þessa milljarða. Það gerist ekki og þetta er bara tapað. Ég geri ráð fyrir því að stærsti hlutinn af þessum 6.000 milljörðum sem tapaðist sé svona, enda hefur það komið fram. Við erum að upplifa gjaldþrot eins og hjá Stoðum og fleirum þar sem sáralítið næst upp í kröfur.

Síðan eru framleiðslufyrirtæki sem sum hver tóku ævintýralega áhættu með því að kaupa hlutabréf, eins og t.d. í Landsbankanum — við fréttum af fyrirtæki í Grundarfirði — og þau tapa. 20% niðurfelling bjargar þar engu, fyrirtækin verða gjaldþrota engu að síður, þetta eru svo stórar tölur. Ég geri ráð fyrir því að meginhlutinn af þessum afskriftum sé þarna án þess að vita það. Þetta er allt saman undir einhverjum huliðshjálmi og það er kannski vandamálið.

Svo eru það einstaklingarnir með bíla- og íbúðalánin sín. Ég geri ráð fyrir að afskriftirnar séu miklu minni vegna þess að menn borga af íbúðinni sinni alveg fram í rauðan dauðann. Það eru talin tryggustu lán sem til eru í heiminum. (Gripið fram í.) Ég reikna með því án þess að vita það að af þessum afskriftum, þessum 6.000 milljörðum, séu 10% afskriftir af íbúðalánum. Ég reikna með því, íbúðalánum bankanna nota bene. Svo er Íbúðalánasjóður líka með lán sem líka lenti í niðurskurði og var reynt að bæta honum tjónið. (**Gripið fram í:** Nóg er afskrifað …)

Svo er spurningin hverjir tapa. Íbúðalánasjóður tapar náttúrlega. Hann þarf að borga mismuninn af því að hann er með lán á móti, það er bara þannig. Hann var með lán á móti því sem hann lánar út og hann yrði bara að afskrifa eignina um 20% samkvæmt þessu og hitt kæmi sem tap á skattgreiðendur. Það er ekkert sem hindrar það, það er enginn afskriftasjóður þar. Lífeyrissjóðirnir hafa sömuleiðis lánað beint til sinna sjóðfélaga, þeir verða líka fyrir tapi. Ég veit ekki hvað sú tala er stór, en hún er umtalsverð. Mér sýnist að menn líti ekki mikið á vandamál lífeyrissjóðanna sem eru að skerða lífeyrinn þessa dagana.

Svo er spurningin um sanngirnina, frú forseti. Við skulum sjá fyrir okkur manninn í blokkinni sem býr þar með konu og börnum eða konuna í blokkinni sem býr þar með manni og börnum og keypti ekki einbýlishús eins og vinur hans. Hann keyrir um á gamalli dós, árgerð 2002. (**Gripið fram í:** Það er ekki gamalt.) Jæja, gott og vel, árgerð 2000 í stað þess að kaupa sér jeppa upp á 7 eða 10 millj. eins og vinur hans gerði. Hann skuldar 10 millj. á meðan vinur hans skuldar 100. Hann á að fá 2 millj. á meðan vinurinn fær 20, samkvæmt þessum hugmyndum. Hvers lags sanngirni og réttlæti er það? Ég bara spyr. Að verðlauna þann sem tók áhættu og er í neyslugræðgi að kaupa, eyða, spenna og sólunda, og sá sem var aðhaldssamur og passasamur og tók ekki mikla áhættu á að blæða (Gripið fram í.) því að hann borgar nefnilega (Gripið fram í.) sem skattgreiðandi.

Í haust varð heilmikið eignahrun. Eignir féllu á marga mismunandi vegu og lítið hefur verið talað um eignahrun hlutabréfaeigenda. Menn segja: Þeir tóku áhættu. Jú, vissulega, en af hverju tóku sumir gengistryggð lán? Af hverju gerðu þeir það? Af hverju tóku þeir ekki bara hin venjulegu hefðbundnu verðtryggðu lán á Íslandi? Vegna þess að vextirnir voru lægri. Þeir ætluðu sér að græða, þetta var græðgi. Þeir tóku áhættu, nákvæmlega eins og hlutabréfaeigendur. Af hverju bætum við þá ekki hlutabréfaeigendunum tjónið? Bara á bönkunum þremur töpuðu 45.000 manns að meðaltali 3 millj. hver. Þriðji hver aldraður tapaði að meðaltali 3 millj. Það er enginn að tala um að bæta þeim eitt eða neitt, en það á að lækka skuldir hjá einhverjum. Menn eru bara ekki sjálfum sér samkvæmir. (**SDG:** Jú.) Nei.

Menn tala um að á höfuðborgarsvæðinu hafi fasteignaverð fallið. Það er rétt, það er búið að falla um 20%, nærri 30% frá því að það var hæst. Þeir tapa sem keyptu sína fyrstu íbúð einhvern tíma á síðustu fimm árum. Lánin hafa hækkað hlutfallslega meira en íbúðin, þ.e. íbúðin hefur

lækkað meira, það hefur myndast bil á milli. Þeir sem keyptu áður eru enn þá í gróða vegna þess að íbúðaverð hækkaði alveg ofboðslega fram að þeim tíma. Ég minni á að landsbyggðarmenn hafa búið við það í áratugi og enginn haft áhuga á því. Maður sem byggði nýtt hús á Blönduósi, átti 5 millj. sjálfur, borgaði 20 millj. fyrir bygginguna og tók þar af leiðandi 15 millj. að láni gat selt íbúðina daginn eftir á 10. Hann fór úr +5 millj. kr. eiginfjárstöðu í -5 millj. kr. eiginfjárstöðu og enginn velti vöngum yfir því — enda býr hann á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt, Pétur.) Þetta er búið að vera svona lengi, þeir sem hafa byggt nýjar íbúðir úti á landi fara í mínus eiginfjárstöðu og svo borga þeir af íbúðinni sinni, geta ekki flutt af því að lánin eru hærri en íbúðin. Þetta vandamál er til staðar úti á landi. (**Gripið fram í:** … hjá þér líka?) Nei, ég er ekki að vilja eitt eða neitt, ég er bara að lýsa staðreyndum. (**Gripið fram í:** Þú ert að lýsa skoðunum.) Svo segja menn að þetta haldi hagkerfinu gangandi. Þessi aðgerð kostar sennilega 200 eða 300 milljarða. Ef ég ætti 200 milljarða mundi ég ráða alla atvinnuleysingja fyrir 500 þús. kall á mánuði, sem nettó kostar 5 millj. á mann, í tvö ár og það mundi halda atvinnulífinu gangandi miklu frekar en þetta. Það að minnka skuldirnar kemur ekki fram í atvinnulífinu fyrr en löngu seinna þegar menn fara að borga 20% minna á hverju einasta ári í staðinn fyrir að borga 100%. Áhrifin yrðu miklu virkari af að ráða atvinnuleysingja og við mundum ráða við hellingsvandamál því að aðalvandinn er atvinnuleysið.

Því miður, forseti, á ég ekki 200 milljarða.

[14:33]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Pétri H. Blöndal þykir þetta vera harður heimur. Honum virðist vera mikið í mun að heimurinn sé sem harðastur til að hann falli að heimssýn hv. þingmanns. En það þarf að leiðrétta nokkra hluti í ræðu hv. þingmanns.

Í fyrsta lagi var ég búinn að útskýra áðan muninn á hefðbundnum afskriftareikningi og því sem hér er um að ræða en það má þó hnykkja á því með því að benda hv. þingmanni á að það er ekki í rauninni í þessu tilfelli um afskriftasjóð að ræða heldur eign sem nýi bankinn eða ríkið kaupir á tilteknu verði. Og hvernig ætlar ríkið að ráðstafa þessari eign? Ætlar það að reyna að græða á henni vegna þess að nú er ástandið þannig, eins og ég kom inn á áðan, að þetta er selt á mjög lágu verði, þessi lánasöfn. Ef hægt er að kaupa lánasöfn banka til að mynda í Þýskalandi á 10% af upprunalegu verði jafnvel þó að menn geri ráð fyrir að innheimta þar miklu meira, hvernig er ástandið þá á Íslandi? Hér er allt á brunaútsölu. Ætlar íslenska ríkið sem sagt að nýta sér það að kaupa lánasöfn íslensks almennings á brunaútsölu og rukka áfram upp í topp? Það er ekki heldur rétt að verið sé að verðlauna einhverja sem fóru óvarlega. Það er einmitt ekki verið að gera það með því að ráðast í svona heildaraðgerð, heildaraðgerð sem færir alla aftur á sama stað og þeir voru. Hv. þingmaður tók dæmi af tveimur mönnum sem búa við ólíkar aðstæður, annar hafi eytt miklu en hinn litlu. Við skulum hafa það í huga að maður sem skuldaði 100 millj. og fær 20% afskrift skuldar eftir sem áður 80 millj. Sá sem skuldaði 10 og fær 20% afskrift skuldar 8 millj. Í báðum tilvikum er verið að leiðrétta hjá mönnunum í hlutfalli við þá ógæfu sem þeir lentu í vegna þess að hér urðu ófyrirséðir atburðir. Það er ekki verið að koma meira til móts við þann sem skuldaði mikið en hinn.

[14:35]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil alls ekki að heimurinn sé sem harðastur. Ég hef lagt áherslu á að ríkisstjórnin fókuseri á það sem er mesti vandinn sem er atvinnuleysið. Hún hefur ekki gert það, því miður. Ég vil endilega að hv. þingheimur allur snúi sér að því að bæta stöðu þeirra sem eru atvinnulausir. Þar er vandinn, þar kristallast vandinn sem við glímum við. Þessi lausn leysir það ekki neitt. Fólk heldur áfram að vera atvinnulaust þrátt fyrir þetta og það sem meira er, ég hygg að gjaldþrotum muni ekki fækka. 20% lækkun á skuldum þess sem er í miklum vandræðum breytir í sjálfu sér ekki miklu. En þetta er samt úrlausnarefni sem þyrfti að skoða. Ég hef enga trú á því að gjaldþrotum heimila fækki um 20% eða 25% við þessa aðgerð vegna þess að það eru stóru fyrirtækin sem eru með aðalafskriftirnar.

Varðandi það að ríkið sé að kaupa eignir og það sé hægt að kaupa þessar kröfur á 10%. Í haust kom hér maður, Philip Green, og ætlaði að kaupa allar kröfur á FL Group minnir mig eða Baug á 10%, (**Gripið fram í:** 5%) 5% jafnvel og nú er þetta verðlaust, nú er þetta algerlega verðlaust þannig að það er ekki alveg á vísan að róa í því. Varðandi það að ríkið kaupi þessi lánasöfn á 50% þýðir að það eru miklar væntingar til þess að það geti náð inn 50% en ekki meiru. Það er engin eign þarna, afskriftasjóðurinn fer til að mæta töpum, deilan stendur um það. Og kröfuhafar bankanna, þýsku bankarnir sem eru búnir að tapa hér 6 þúsund milljörðum, kæra sig ekkert um að tapa meiru og alls ekki að fara að lækka skuldir hjá íslenskum almenningi um 20% á meðan þýskur almenningur býr vil eldgömlu skuldirnar sínar óskertar áfram.

[14:37]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á í ræðu sinni og svo aftur núna að að miklu leyti eru afskriftirnar vegna félaga sem eru algerlega farin í þrot. En eftir stendur að gert er ráð fyrir verulegum afskriftum og eðlilegt að gera ráð fyrir verulegum afskriftum á öðrum lánum líka, m.a. fasteignalánum, af ástæðum sem ég nefndi áðan, hættunni á því að þau verði mjög lítils virði. Hv. þingmaður getur velt því fyrir sér, hvað ef sú leið yrði farin, þ.e. leið markaðarins og leið markaðarins er hv. þingmanni mjög að skapi, að setja þessa banka í þrot og bjóða upp lánasöfn þeirra á alþjóðlegum markaði? Hvað telur hv. þingmaður að þá yrði hægt að fá fyrir íslensk undirmálsfasteignalánasöfn, því að öll íslensk fasteignalán eru flokkuð sem undirmálslán, telur hv. þingmaður að það væri hægt að fá 10%? Segjum að íslenska ríkið keypti þessi lánasöfn á 25%, verum bara örlát gagnvart kröfuhöfunum og segjum að þeir fengju frá íslenska ríkinu 25% á slíku opnu upp-

boði, teldi þá hv. þingmaður engu að síður eðlilegt að ríkið sem keypti þessi lán, fasteignalán á 25%, héldi áfram að reyna að innheimta 100% vegna þess að ella gæti tapast svo og svo mikið og tapið orðið meira en 75%? Nei, tapið yrði ekki meira en 75% nema haldið yrði áfram að reyna að rukka alla um 100%. Þá er hugsanlegt að tapið yrði þetta með algeru hruni fasteignamarkaðarins og þeim afleiðingum að eignaverð á Íslandi, eins og sums staðar í Bandaríkjunum, færi algerlega niður í botn. Það gerist ekki nema menn haldi áfram að berja höfðinu við steininn og reyni að rukka fullt verð. Það er svigrúm til að veita þessar afskriftir og það er mikil hagkvæmni í því þó ekki væri nema til að koma í veg fyrir algert hrun á íslenskum fasteignamarkaði.

[14:39]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Aftur heyrir maður alhæfingar — undirmálslán á Íslandi. Ég mótmæli þessu harðlega. Hér fer fólk í greiðslumat, hér eru tekjur fólks kannaðar og allt slíkt þannig að … (**Gripið fram í:** Forsendur hafa breyst.) Nei, forsendur hafa nefnilega ekki breyst. (Gripið fram í.) Nei, þær hafa nefnilega ekki breyst fyrir lungann af þjóðinni. Kannski eru 20 eða 30% þjóðarinnar í vandræðum eða miklum vandræðum en það þýðir líka að 70–80% eru ekki í vandræðum (Gripið fram í.) og það fólk mun að sjálfsögðu borga af sínum lánum og er að gera það. Sú forsenda að allt sé farið á hausinn — ég viðurkenni það, frú forseti, að ef allt væri farið á hausinn á Íslandi væri þessi leið hugsanlega fær sem við erum að tala um hér en það er ekki þannig. Íslenskir atvinnuvegir standa mjög sterkt. Íslenski útflutningurinn er ótrúlega sterkur. Álútflutningurinn hefur tvöfaldast að verðgildi þrátt fyrir verðlækkun á áli. Sjávarútvegurinn stendur glimrandi vel og ég ætla ekki að nefna ferðamannaiðnaðinn sem stendur svo vel að menn hafa ekki upplifað annað eins í þeirri grein. Það er ekki rétt að hér sé allt í kaldakoli og að fara til fjandans. Það er ekki þannig. Það eru liðnir sex mánuðir frá hruninu og það er ekki enn komið í neitt kaldakol. Það er ekki þannig. (Gripið fram í.) Mjög margir þeirra sem urðu atvinnulausir í haust eru komnir með vinnu aftur, það er bara þannig, en það bætast alltaf nýir við og því miður er ríkisstjórnin ansi sein í því að gera ráðstafanir til að laga þá stöðu. En að ganga út frá því að íslensk íbúðalán séu undirmálslán eins og í Bandaríkjunum, að fólk hafi fengið lánað án þess að fara í nokkurt greiðslumat eða slíkt er ekki rétt forsenda. Útlendingar vita þetta, þeir sjá útflutningstölurnar. (Gripið fram í.) Útlendingar sjá hvað innviðirnir eru sterkir á Íslandi, þeir mundu ekki selja íslensk lán á 10%.

[14:41]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það virðist vera einhver grundvallarmisskilningur í þessu öllu hjá kollega mínum. Það er þannig í hefðbundinni bankastarfsemi að lánasöfn eru bókuð á einhverri upphæð, segjum 100 milljónum af því að við vorum að nota þá tölu, og síðan er útlit fyrir miklar afskriftir, segjum 10% afskriftir, vegna árferðis eða einhvers slíks og þá er lagt inn á afskriftasjóð til að mæta útlánatöpum, annars mundi efnahagsreikningurinn skekkjast og annað slíkt. Um það er alls ekki að ræða hérna, það er ekki verið að tala um neina afskriftasjóði, það er bara verið að kaupa eign og þetta er bókað inn á 50% virði á efnahagsreikning bankans.

Annað mál er að bankakerfið hérna var við hrunið rétt rúmir 14 þúsund milljarðar og það sem verður afskrifað af því verður á milli 70 og 80%. Og að að eignarhaldsfélög séu flutt yfir í nýju bankana, þetta er algerlega fyrir utan það, þetta eru bara íbúðalán og þetta eru venjuleg rekstrarfélög, hefðbundin rekstrarfélög. Þetta eru ekki stóru eignarhaldsfélögin sem um er að ræða.

Annað og kannski seinasta leiðréttingin er sú að íslensk íbúðalán eru undirmálslán. Þau ná ekki svokölluðu „investmentgrade“ hjá lánsmatsfyrirtækjum og undirmálslán er einföld þýðing á „subprime“ og „prime“ er þá lágmarkseinkunn og íslensk lán ná því ekki. Annað var það ekki.

[14:43]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þegar nýju bankarnir kaupa eignir af gömlu bönkunum á einhverju verði, þurfa menn að semja við kröfuhafa gömlu bankanna. Það er bara þannig. Þeir munu vilja fá mikið verð fyrir þessi bréf sín, fyrir þessa eign sem þeir eru að afhenda í nýju bankana, og þeir eru ekki tilbúnir til að afskrifa meira en þarf. Það er alveg á tæru. Og ef menn ætla að gera eitthvað fram hjá því fá þeir bara á sig málsóknir Það er þannig. Þetta verður væntanlega metið, ég ætla að vona að þetta verði metið þannig að afskriftasjóðurinn sé nægilega stór til að standa undir afskriftunum. Sumir óttast að hann verði ekki nægilega stór þannig að bankarnir byrji með mikið tap. (**Gripið fram í:** Það er enginn afskriftasjóður.) Það er afskriftasjóður þegar þú kaupir skuldabréf sem er upp á 10 millj. og ef þú kaupir það á 5 millj. þá er afskrift inni í því, hvað sem menn vilja kalla það. En þetta er afskriftasjóður vegna þess að menn búast við að lánin verði ekki greidd og kröfuhafarnir vita það ósköp vel. Þeir leggja mikið mat á það og leggja áherslu á að rannsaka hvernig staða atvinnulífsins er hér til að vita hvað þeir geta krafist mikils.

Varðandi það að eignarhaldsfélögin séu ekki með í þessu, íslensk fyrirtæki eru búin að taka mikla áhættu. Ég nefndi eins og á Grundarfirði félag sem hafði tekið mikla áhættu með því að kaupa í Landsbankanum. (**Gripið fram í:** … nýja bankanum.) Það er einmitt það sem er undir huliðshjálminum, frú forseti, það er akkúrat vandinn. Það er svo erfitt að tala um þessi mál vegna þess að það veit enginn í rauninni hvað er inni í þessu og hvaða hópar fyrirtækja eru að fá miklar afskriftir og hverjir ekki. En ég vil leyfa mér að fullyrða, án þess að ég viti það, að íbúðalánin séu með tryggari pökkum í þeim eignum sem nýju bankarnir eru að kaupa. Það er eitthvað sem hvorki ég né hv. þingmaður veit eða aðrir, það veit það enginn. Það er vandamálið í umræðunni að menn vita ekki hvernig þessi áhætta dreifist. (Forseti hringir.) Ef ég vissi að íbúðalánin væru með 10% afskriftum þá veit ég að 20% niðurfelling af skuldum veldur mínus.

[14:45]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við erum smám saman að nálgast í þessu. Ef við fengjum að vera í andsvörum í allan dag yrðum við sennilega sammála í restina.

Það er algjörlega ljóst að þetta tiltekna fyrirtæki sem nefnt var hérna er verðlaust. Þess vegna er ekkert borgað fyrir lánasöfn þess fyrirtækis. Ef það hefur verið flutt yfir hefur það verið flutt yfir á núlli.

Sum fyrirtæki voru flutt yfir á segjum 95%, önnur á núlli. Þessi 50% sem við höfum verið að tala um, sem er tala til að ganga út frá einhverju, var það sem menn héldu í upphafi en er alls ekki rétta talan. Talan verður sennilega lægri og því lengur sem hæstv. fjármálaráðherra dregur að klára þetta mál þá lækkar þessi tala í samræmi við það. Hún lækkar dag frá degi og þetta er alltaf að verða verðlausara og verðlausara.

Við eigum að snúa okkur að stjórnarandstöðu í staðinn fyrir að vera í andstöðu hver við annan. Ég held að það sem sé brýnast núna, allra brýnast, sé að setja fram einhverja raunhæfa áætlun, t.d. í ríkisfjármálum. Það er ágætt að byrja á því og klára þessa banka. Við getum sest yfir það í staðinn fyrir að vera með hótfyndni og skæting þegar koma fram hugmyndir, eins og hæstv. fjármálaráðherra var með á sínum tíma. Ef þú manst það ekki, afsakaðu forseti, ef þú manst það ekki þá sagðirðu að það væri nú ekki mikið að marka svona hugmyndir frá manni sem kynni ekki einu sinni að reka banka. Við ættum að geta sest niður og (Gripið fram í.) rætt þetta af einhverju viti, ekki vera í þessum skotgröfum.

[14:48]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að sumar eignir voru færðar yfir á núlli vegna þess að menn reiknuðu með að engar líkur væru á að ná í þær. Aðrar voru færðar yfir á næstum 100% af því þær voru eiginlega alveg öruggar. Verðmæti lánasafnsins liggur þarna á milli. Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir er það að enginn veit neitt um þetta. Menn eru að gefa sér að með því að lækka allar skuldir einstaklinga um 20% sé hægt að spara í öllum pakkanum um 25%. Það er bara ekki raunhæft, alls ekki.

Ég geri ráð fyrir því að ef kröfuhafarnir mundu verða tilbúnir til að dæla inn peningum í íslenskt atvinnulíf til að fá meira greitt og lánin yrðu verðmeiri þá mundu þeir örugglega gera það á annan hátt en að lækka skuldir, sem virkar mjög seigfljótandi inn í atvinnulífið eins og ég gat um. Það gerist bara þegar menn borga 20% minna af afborgun á hverju ári. Það er miklu virkara, miklu miklu virkara, frú forseti, að láta atvinnulausa fá þetta í staðinn fyrir að vera á lágum atvinnuleysisbótum. Það yrði miklu virkara.

En eins og ég gat um, ég hef ekki séð neinn sem á 200 milljarða. Það er kannski vandinn. Þess vegna búum við við þetta atvinnuleysi. Ég vil að menn einbeiti sér að því að reyna að koma atvinnuleysinu í núll með öllum ráðum. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn til þess að fara að taka á þeim vandamálum sem t.d. lokun bankanna þýðir fyrir atvinnulífið, (Gripið fram í.) svo að atvinnulífið fari í gang, færri þiggi atvinnuleysisbætur og fleiri borgi skatta. Þá lagast staða ríkissjóðs.

[14:49]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er gott að fá tækifæri til að ræða þessa þingsályktunartillögu um hugmynd Framsóknarflokksins um 20% afskrift af höfuðstóli lána. Umræðan hefur fært mér heim sanninn um að á þeirri hugmynd er sami ágalli og ég hef rekið augun í áður á hugmyndinni, sem er sá og er hann tvíþættur, að annars vegar leysir hún okkur ekki undan þörf fyrir að grípa til sértækra aðgerða gagnvart þeim sem verst eru staddir (Gripið fram í.) og hún yrði bara greidd úr sameiginlegum sjóðum vegna þess að hún byggir á óraunsærri sýn á hvort verðmæti verði til við yfirfærslu úr gömlu bönkunum í þá nýju.

Áðan var aðeins rætt um afskriftir og ég verð að taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal þegar hann ræddi um eðli afskriftareikninga. Það sem gerist við kaup ríkisins á eignum úr gömlu bönkunum er að þær eru keyptar á gangverði. Í kaupverðinu felst með öðrum orðum niðurfærsla á eignunum til samræmis við vænt virði þeirra. Það er ígildi þess ef banki mundi vegna áætlunar um tap á útlánum sínum færa á afskriftareikning tiltekna fjárhæð. Setjum sem svo að hann teldi rétt að vænta 10% taps mundi hann færa á afskriftareikning 10%. En það þýðir ekki að hann sendi öllum lántakendum bankans bréf um að héðan í frá þyrftu þeir bara að borga 90% af skuldunum sínum, heldur þvert á móti innheimtir hann áfram af öllum en gerir ráð fyrir tapi á móti. (**Gripið fram í:** Sýndu nú aðeins meiri …) Virðulegi forseti. Er hægt að fá frið til að halda ræðu?

Það sem gerist við yfirfærsluna er að keypt eru lán á raunverði, og af því að hér eru aðallega til umfjöllunar fasteignalán þá byggja þau auðvitað á væntri endurgreiðslu fasteignalána. Það er staðreynd að fasteignalán eru verðmætustu lán banka við aðstæður eins og í dag. Á því leikur enginn vafi. Íslensk fasteignaveðlán eru nú ekki lakari veðlán en svo að bönkunum tókst t.d. að fá fjárfestingarlánshæfi Aaa á sérvalið skuldabréfasafn tryggt með slíkum lánum fyrir um ári síðan eða tveimur. Því eru engar forsendur til að ætla að íslensk fasteignaveðlán séu lakar stödd almennt séð en fasteignaveðlán annars staðar að teknu tilliti til þess auðvitað að hér hafa dunið yfir efnahagslegir erfiðleikar og þeir hafa áhrif á endurgreiðslugetu lántakendanna.

Þessi lánasöfn eru í eign kröfuhafa í gömlu bankana og það þarf að kaupa þá eign af þeim á raunvirði. Við þá yfirfærslu verða ekki til einhver verðmæti sem hægt er að dreifa áfram út til annarra lántakenda. Með öðrum orðum, ef við gefum okkur nú að lánasafnið sem um er rætt gangi yfir á 75% af verðinu, af upphaflegu verði, þá felst í því að menn vænta þess að 25% af lánunum innheimtist ekki. En alveg eins og ég tók dæmið af áðan um afskriftareikninginn, þá er það ekki þannig að við þær aðstæður sé hægt að senda bréf til allra og segja: Þið skuluð bara borga 75% af lánunum ykkar. Því þá er verið að veita viðbótarafslátt frá 75% vegna þess að gengið er út frá því að þeir sem hafi getu greiði en að þetta tapist að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar.

Með öðrum orðum: Ef um er að ræða átta þúsund lán og gerum ráð fyrir að tvö þúsund lántakendur af þessum átta þúsund geti ekki staðið í skilum, þá er það ekki þannig að sú yfirfærsla geri okkur kleift að senda hinum sex þúsund bréf og segja: Þið þurfið ekki heldur að borga. (Gripið fram í.) Það verða engir frekari … — Eru samræður í salnum eða má ég halda áfram með þessa ræðu?

(**Forseti** (SVÓ)**:** Forseti áminnir hv. þingmenn um að hafa hljóð í þingsalnum meðan hæstv. ráðherra heldur ræðu sína.) (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það sýnir nú nokkurt alvöruleysi hvernig þingmenn Framsóknarflokksins kjósa að tala í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Formaðurinn var að kalla fram í.

Virðulegi forseti. Það er þannig …

(**Forseti** (SVÓ)**:** Forseti sér enn og aftur ástæðu til þess að áminna hv. þingmenn um að hafa þögn í þingsalnum.)

Virðulegi forseti. Það er með öðrum orðum þannig að ekki verða til nein verðmæti við þessa yfirfærslu sem hægt er að dreifa til þeirra lántakenda sem standa í skilum vegna þess að raunverð verður greitt fyrir eignirnar. Þegar formaður Framsóknarflokksins talaði um í framsöguræðu áðan að íslensk lánasöfn séu almennt óseljanleg kann það að vera staðreynd um lánasöfn banka almennt. En fasteignaveðlán eru vissulega annars eðlis út frá þeim forsendum sem ég rakti áðan og alveg ljóst að ef við bjóðum bönkunum ekki greiðslu sem þeir telja fullnægjandi endurgjald fyrir þessi lán þá er þeim ekki skylt að sæta slíku. Þeir geta borið slíkt undir dómstóla á Íslandi og þeir munu ekki verða látnir sæta afarkostum að því leyti út frá íslenskum lögum. Það er enginn hæstaréttardómari til í landinu sem mun fallast á það að kröfuhafi í þrotabú muni þurfa að sæta því að ríkið taki af honum eignir hans og deili þeim til annarra aðila honum óskyldum. Þannig er ekki íslenskur gjaldþrotaréttur. En það er í reynd sú hugsun sem liggur að baki þessari tillögu.

Auðvitað er rétt sem hér er sagt af tillögumönnum að mikilvægt er að halda vel á samningum við hina erlendu kröfuhafa og gæta þess að bankarnir greiði ekki of mikið fyrir eignirnar. Og hárrétt sem hv. þingmenn Pétur Blöndal og Tryggvi Þór Herbertsson nefndu áðan í andsvörum sín á milli að mjög mikilvægt er að bankarnir byrji ekki á að greiða of mikið fyrir þessar eignir því þá enda þeir auðvitað með undirballans sem við skattborgarar endum á að bera.

Þess vegna skiptir máli að við sækjum fast á hina erlendu kröfuhafa og greiðum alls ekki meira en sannvirði fyrir. Við reynum auðvitað að meta niður þessar eignir sem mögulegt er vegna þess að áhættan af því að sinna þeim og áhættan af því að innheimta þær hverfur til okkar um leið og búið er að greiða fyrir þær og þær komnar í hina nýju banka. Það er frá og með þeirri stundu sem frekari eftirgjöf þessara lána er þá bara á kostnað íslenskra skattborgara.

Þess vegna segi ég að hættan við þessa lausn er sú að hún feli í sér að eftirgjöfin lendi á endanum á sameiginlegum sjóðum okkar af því að ég fæ ekki séð hvernig hægt er að láta erlenda kröfuhafa bera kostnað af niðurfærslu lánanna umfram það sem felst í raunverulegu niðurmati þeirra sem byggir á efnislegum forsendum endurskoðendanna sem þegar eru búnir að vinna sitt mat. Það er kannski hið stóra óútskýrða atriði í þessu máli, sem við komum aftur og aftur að. Því er haldið fram af tillögumönnum að hægt sé að láta hina erlendu kröfuhafa bera þessar byrðar með einhverjum óútskýrðum hætti og það verður ekki auðveldlega séð.

Virðulegi forseti. Af þessum ástæðum sé ég þann stóra ágalla á málinu að það leysir okkur ekki undan þörf fyrir sértækar aðgerðir. Ef við tökum dæmið sem ég nefndi áðan og gefum okkur verðmat sem feli í sér að 25% af lánum innheimtist og við erum að tala um heildarpakka, segjum átta þúsund lán, það þýðir að tvö þúsund lán muni ekki innheimtast, og ef við notum verðlækkunina á lánapakkanum til þess að gefa öllum jafnan afslátt, öllum átta þúsund, þá þurfum við eftir sem áður að grípa til sértækra aðgerða gagnvart þessum tvö þúsund sem munu ekki geta staðið í skilum jafnvel þó þeir fái 20% leiðréttingu. Það er stóri vandinn í þessum tillögum.

Ef hægt væri nú að segja að 20% mundi duga og vera fullnægjandi lausn fyrir einhvern eða allan hópinn þannig að kominn væri þá grunnur til að standa á, þá væri auðveldara að ræða þetta. En það er algjörlega ljóst að svo er ekki heldur er þetta viðbótarniðurfelling sem gagnast öllum óháð því hvort þeir eru í stakk búnir til að greiða skuldir sínar og hún nýtist auðvitað best þeim sem til mestra skulda hafa stofnað. Þess vegna er hún í eðli sínu skattur á landsbyggðina í þágu höfuðborgarsvæðisins því hér hefur skuldsetningin verið mest. Hún er í eðli sínu skattur á eldri borgara og ungt fólk sem ekki stofnaði til skulda til að greiða fyrir því að létta skuldum af okkur á miðjum aldri sem stofnuðum til skulda og höldum hins vegar eignunum sem skuldirnar standa að baki. Þess vegna getur þessi leið ekki talist réttlát leiðréttingarleið.

[15:00]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður í þessu andsvari.

Það er alveg rétt sem hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra sagði að þetta mundi ekki leysa hóp manna úr skuldasnörunni. Það hefur heldur enginn haldið því fram. Við erum bara að tala um að það er millistétt í landinu, fólk sem alla jafna hefði getað borgað skuldirnar sínar en getur ekki m.a. vegna þess að við fórum í aðgerðir eins og neyðarlög og tókum gjaldþrotaréttinn úr sambandi, ákváðum að greiða þeim sem áttu innlán í banka. Fyrrverandi ríkisstjórn með Samfylkinguna í fararbroddi gekk meira að segja skrefinu lengra og greiddi út 200 milljarða til þeirra sem eiga í peningamarkaðssjóðunum.

Ég spyr: Af hverju má ekki koma þessu fólki til hjálpar? Ég velti fyrir mér, ef við erum að tala um að um næstu áramót verði 30 þúsund heimili með neikvætt eigið fé, hvað ætlar hæstv. (Forseti hringir.) félagsmálaráðherra að gera? Ætlar hann að fara gjaldþrotaleiðina og (Forseti hringir.) rukka allt þetta fólk eða er hann reiðubúinn að skoða einhverjar leiðir sem (Forseti hringir.) koma til móts við þetta góða fólk?

(**Forseti** (SF)**:** Forseti biður hv. þingmenn að virða ræðutímann.)

[15:01]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það voru nokkrar staðreyndir í andsvari hv. þingmanns sem ekki voru alveg með þeim hætti sem ég legg a.m.k. minn skilning í. Eitt stendur þó eftir: Það er ástæða til að grípa til aðgerða fyrir það fólk sem á í erfiðleikum með að standa í skilum með lán sín, um það er ég algjörlega sammála. Þessi leið er óhagkvæm, hún er dýr, hún er ósanngjörn og felur það ekki í sér að hún gagnist fyrst og fremst þeim sem eiga í erfiðleikum með að standa í skilum með lán sín. Hún gagnast meir þeim sem stofnuðu til mikilla skulda, hún gagnast höfuðborginni frekar en landsbyggðinni, hún gagnast fólki á miðjum aldri fremur en öldruðum og er beinlínis á kostnað aldraðra og ungra. Hún er með öðrum orðum ekki sanngjörn, hún er mjög dýr í framkvæmd og (Gripið fram í.) hún felur ekki í sér fullnægjandi lausn fyrir þá sem eru í mestum vanda.

[15:02]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef við gefum okkur að við tökum afskriftirnar einfaldlega út úr pakkanum þá horfum við upp á það að nýju bankarnir þurfa að taka ákvörðun um hvort þeir ætli að senda innheimtu á þessi 30 þúsund heimili. Það er nokkuð stór pakki. Það er alveg rétt að það nægir ekki fyrir alla og þá þarf að fara í sértækar aðgerðir. En ætlum við að fara með þetta góða fólk í gjaldþrot? Um það snýst málið og þeirri spurningu hefur hæstv. félagsmálaráðherra ekki svarað og ég óska eftir skýru svari. Og annað: Hefur verið reiknað út hvað það kostar? Því er alltaf haldið fram að þetta sé kostnaður sem muni falla á ríkið. Þetta er þegar tapaður peningur. Það er alveg öruggt mál að bankarnir geta ekki litið á þessi útistandandi lán sem 100% eign. Það er bara bókhaldssvindl ef menn ætla að (Forseti hringir.) ganga út frá því að það sé 100% eign.

[15:04]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rangt sem hv. þingmaður heldur fram að þetta mál snúist um að koma í veg fyrir að fólk fari í gjaldþrot. Þetta mál snýst alls ekki um það. Tillagan snýst um það að fólk sem getur fullvel staðið í skilum með skuldbindingar sínar fái þeim létt af sér á kostnað annarra sem ekki stofnuðu til þeirra skuldbindinga. Það er bara mjög erfið ákvörðun að taka og takmarkað félagslegt réttlæti í því.

Við munum hins vegar grípa til marghátttaðra aðgerða eins og við höfum þegar gert til að mæta þörf þess fólks sem er í hættu að fara í gjaldþrot, en þessi leið er ekki til þess fallin að gera það. (Gripið fram í.) Nei, hv. þingmaður, það er ekki rétt. Þvert á móti höfum við búið til fjölþættan aðgerðapakka sem gerir fólki kleift að losna undan skuldbindingum sem hafa reynst þeim ókleifar. Við munum síðan greiða fyrir öllum þorra fólks til að það eigi auðveldara með að standa í skilum með afborganir við þær erfiðu aðstæður sem nú eru og þannig reynum við að byggja réttláta lausn sem gagnast öllum en sérstaklega þeim lakast eru staddir.

[15:05]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Forseti. Lykillinn að þessu virðist hafa farið algjörlega fram hjá hæstv. félagsmálaráðherra. Lykillinn að þessu er sá að með því að lækka skuldir þvert yfir línuna náum við að fækka gjaldþrotum og fleiri geta staðið í skilum, það er lykillinn að þessu.

Það er eitt sem er merkilegt. Því er haldið fram að búið sé að þróa og koma á framfæri góðum pakka sem komi til móts við alla eða þorra fólks, eins og hérna var talað um. Þetta hljómar svolítið merkilega í eyrum mínum vegna þess að ég er þeirrar trúar að þegar það stendur upp úr hverjum einasta manni í þjóðfélaginu að ekkert sé að gert og hér sé Róm að brenna, þá hef ég trú á því að það sé ekki nóg að gert. Það getur ekki verið að allt þetta fólk sé bara svona vitlaust, að það viti bara ekkert af þessu.

[15:06]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er einfaldlega staðreynd að 74% heimila með fasteignaveðlán verja innan við 30% af ráðstöfunartekjum sínum til að standa undir greiðslubyrði íbúðalána. Þetta eru tölur frá því í febrúar, (Gripið fram í.) og þessi heimili eru með yfir 60% af heildarhúsnæðisskuldunum. Þessi heimili, (Gripið fram í.) ef ég á að vera alveg hreinskilinn, hv. þingmaður, þurfa ekki á opinberri aðstoða á halda á sama tíma og við stöndum frammi fyrir mjög erfiðum ákvörðunum um annaðhvort skattahækkanir eða niðurskurð í opinberri þjónustu. Þessi heimili eru fullfær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar.

Það er grundvallaratriði að ef heimili bera ekki meira en 30% af ráðstöfunartekjum í húsnæðisskuldir þá er það fólk ekki í verulegum vanda. Þess vegna felur þessi tillaga í sér óásættanlega, óábyrga dreifingu fjármuna ríkisins við þær aðstæður þar sem ríkissjóður hefur ekki í digra sjóði að ganga. Við þurfum að afla þessa fjár með einhverjum hætti og það er óábyrgt að tala á þann hátt að allir séu í miklum vanda og hv. þingmaður hefur ekkert fyrir sér í því.

[15:07]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Þeir sem eiga í greiðsluvandræðum á Íslandi, þeir sem ganga um atvinnulausir, þeim mun ekki fækka þó að þú sýnir mér hérna hroka í sölum Alþingis, hæstv. … (Forseti hringir.)

(Forseti (SF)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann og biðja hv. þingmann um að beina orðum sínum til forseta og ekki ávarpa þingmenn í annarri persónu.)

Frú forseti. Þeim mun ekki fækka þó svo að hæstv. félagsmálaráðherra sýni hroka hérna í þingsal.

[15:08]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Erindi ræðu minnar áðan var að útskýra það að við þyrftum að nota þá takmörkuðu fjármuni sem við höfum til ráðstöfunar mjög varlega til þess að þeir gögnuðust þeim sem eru í verulegum vanda, eru atvinnu-

lausir og eiga í erfiðum greiðsluvanda. Þegar 74% heimila eiga mjög auðvelt með að standa við húsnæðisskuldir sínar þurfa þau augljóslega ekki aðstoðar við. Það er ekki forgangsatriði í mínum huga að létta undir með þeim sem eiga ekki í vanda. Hv. þingmaður á ekki að reyna að hártoga það sem ég sagði. Það sem var sagt var mjög skýrt, 74% heimila eru með greiðslubyrði innan við 30% af ráðstöfunartekjum. Það er samkvæmt öllum viðmiðum hérlendis sem erlendis hófleg greiðslubyrði af húsnæði.

Við þurfum að láta það mæta forgangi að hjálpa hinum sem eru umfram þessi mörk, það eru þeir sem eru í verstum vanda. (Gripið fram í.) Um það eigum við að sameinast en ekki að létta skuldum af fólki sem getur staðið í skilum með þær, eins og þessi tillaga gengur út á.

[15:09]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er í fyrsta sinn sem ég ræði við hæstv. félagsmálaráðherra í ræðustól svo það er rétt að nota tækifærið og óska honum til hamingju. Það kom mér reyndar mjög á óvart að hæstv. ráðherra skyldi vera skipaður félagsmálaráðherra, ekki vegna þess að ég teldi skorta neitt á þekkingu viðkomandi til þess að verða ráðherra fyrir Samfylkinguna, en að hæstv. ráðherra skyldi fá þetta ráðuneyti kom verulega á óvart og sýndi kannski að hæstv. forsætisráðherra er ekki húmorslaus með öllu. Reyndar geri ég ráð fyrir að hæstv. forsætisráðherra sjái fyrir sér ekki síður menntun en starf fyrir hæstv. ráðherra í félagsmálaráðuneytinu, enda hefur hæstv. ráðherra meira en nokkur annar líklega talað á þeim nótum að hér væri allt í besta lagi. Það líklega skýrir málflutning hæstv. ráðherra í dag, hann gerir sér ekki grein fyrir því hversu víðtækur og alvarlegur vandinn raunverulega er.

[15:10]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka notaleg orð í minn garð. Það er nú ekki þannig að hv. þingmaður þurfi að hafa þungar áhyggjur af því að ég skilji ekki vandann. Ég las mjög skýrar tölur hér áðan þar sem ég benti á að 74% af heimilunum væru ekki í verulegum vanda með húsnæðislán sín. Það þýðir — ef hv. þingmaður getur dregið gagnályktun, sem ég trúi að hann geti því að hann er glöggur maður — að 26% heimila eiga í nokkuð miklum vanda.

Vandinn við tillögu hv. þingmanns er hins vegar sá að hún á að gagnast öllum, jafnt þeim sem eru í vanda og þeim sem eru ekki í vanda. Þar hætti ég að vera sammála honum um að takmörkuðum möguleikum ríkisins sé vel varið með því að hjálpa fólki sem getur hjálpað sér sjálft. Ég tel að við núverandi aðstæður berum við þunga samfélagslega ábyrgð í því að bjarga þeim sem erfiðast standa því að við höfum ekki fjármagn í ríkissjóði — t.d. vegna óábyrgra skattalækkana Framsóknarflokksins — til þess að hjálpa öllum.

[15:12]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Jú, rangt mat hæstv. ráðherra á stöðunni birtist m.a. í því hvernig hann fjallaði um og misskildi áhrifin af afskriftunum og bar þær saman við hefðbundinn afskriftareikning í hefðbundnu árferði. Ástandið er slíkt að með því að ráðast í heildaraðgerð getum við fækkað gjaldþrotum en þetta er ekki bara spurning um það heldur líka að nú sárvantar íslenska hagkerfið einhverja innspýtingu og að losað sé um og fyrirtæki hafi þá möguleika á að halda sér í rekstri og þá lenda færri í þessum hópi þar sem 20 prósentin duga ekki til, eða almenna aðgerðin. Þetta gengur út á það að þeir verði færri og það verði þá viðráðanlegri fjöldi sem hæstv. ráðherra getur þá vonandi hjálpað með sínum sértæku aðgerðum.

[15:13]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er afskaplega dýr aðgerð og hún hefur sáralítil hagræn áhrif til skemmri tíma vegna þess að hún felst fyrst og fremst í lækkun höfuðstóls sem kemur til greiðslu á mjög löngum tíma. Ef kenning hv. þingmanns um þessa brauðmolahagfræði í anda Ronalds Reagans gengi yfir höfuð upp er þetta alveg óskaplega dýr leið til að dreifa brauðmolunum. Það er einfaldlega þannig að ég hef enga trú á að þessi brauðmolakenning sé það sem við eigum að leggja til grundvallar við endurreisn efnahagslífs okkar, að dreifa peningum vítt og breitt til þeirra sem þurfa ekki á meðgjöf að halda. Ég tel að við verðum að nota takmarkaða fjármuni við núverandi aðstæður mjög varlega og það er það sem mun hjálpa okkur best.

Ef við ættum peninga í ríkissjóði gætum við auðvitað gripið til víðtækra skattalækkana og það væri gott að eiga inni núna fyrir skattalækkunum sem voru veittar innstæðulaust á árunum 2005 og 2006.

[15:14]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér finnst að skýra þurfi aðeins út fyrir hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra einkum þrjár forsendur vegna þess að hann virðist ekki skilja þær eða a.m.k. virðist ekki vilja skilja þær.

Það er náttúrlega númer eitt að við höfum aldrei sagt að þessi aðgerð mundi eyða þörfinni á sértækum aðgerðum en þetta mun minnka þörfina á sértækum aðgerðum ef við höfum rétt fyrir okkur.

Í annan stað erum við að boða efnahagsaðgerð og það er almenn efnahagsaðgerð, svona nákvæmlega eins og menn breyta skattprósentum, það er dæmi um almenna efnahagsaðgerð. Við t.d. rukkum ekki suma 70% bara vegna þess að þeir geta borgað 70% af tekjum sínum eða eitthvað svoleiðis. Við ætlum að gera þetta á ákveðnum sanngirnisrökum vegna þess að þjóðin öll varð fyrir því, höfuðstóll allra þeirra sem skulduðu jókst um 20%, halda má því fram að það sé prósentutalan, og það er þá sanngirnin á bak við þessa efnahagsaðgerð, og hún á að hafa örvandi áhrif. Ef hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra vill skjóta niður

þessa örvandi efnahagsaðgerð stendur náttúrlega upp á hann að koma einhverjar (Forseti hringir.) aðrar hugmyndir. Síðan er það líka fullkomin forsenda þessa tillöguflutnings (Forseti hringir.) að kostnaðurinn lendir ekki á sameiginlegum sjóði landsmanna (Forseti hringir.) eins og hæstv. félagsmálaráðherra gengur alltaf út frá í málflutningi sínum.

(**Forseti** (SF)**:** Forseti biður hv. þingmann að virða ræðutímann.)

[15:15]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það gengur einfaldlega ekki upp að þessi kostnaður verði borinn af einhverjum öðrum en sameiginlegum sjóðum. Ég fór yfir það mjög ítarlega í ræðu minni áðan og tillögumenn hafa ekki fært fram nein trúverðug rök fyrir því af hverju erlendir kröfuhafar eiga að þurfa að þola að leggja eignir sínar á undirverði í hendur íslenska ríkinu svo íslenska ríkið geti gefið eftir tiltekinn hluta skulda umfram raunverulegt endurgreiðsluvirði þeirra. Það er hið óútskýrða undur í þessum tillögum sem hv. tillögumönnum hefur ekki á mörgum mánuðum tekist að koma með fullnægjandi skýringar á.

Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég sagði áðan. Það kann vel að vera að þetta sé almenn efnahagsaðgerð. Hún er dýr. Hún gagnast þeim sem ekki þurfa á að halda og hún er ekki fullkomlega sanngjörn vegna þess að það var til fólk, hv. þingmaður, sem ekki stofnaði til skulda. Það var til fólk á landsbyggðinni sem ekki hafði veðrými til að ráðast í þá miklu skuldsetningu sem var á höfuðborgarsvæðinu og tillögur Framsóknarflokksins ganga út á (Gripið fram í.) að það fólk eigi að borga. (**Gripið fram í:** Ríkið bjargaði þeim, hv. þingmaður.)

[15:17]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér sýnist hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra vera dálítið „svag“ fyrir því að segja að íslenskur almenningur eigi alfarið að axla byrðarnar af efnahagshruninu en það eigi ekki að dreifa því á einhvern hátt sanngjarnt á milli þeirra sem veittu lánin og þeirra sem þáðu þau. En það er meginþráðurinn í tillöguflutningi okkar, að dreifa þessum byrðum.

Hann fullyrðir að þetta sé dýr aðgerð og fer algerlega á svig við forsendur tillöguflutningsins um að kostnaður lendi ekki á sameiginlegum sjóðum ríkisins og landsmanna. Þá vil ég spyrja: Gefum okkur að það verði verulegar afskriftir af lánasöfnum fasteignalána þegar þær hafa verið fluttar úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju, segjum að það verði 50% eins og menn hafa verið að leiða líkur að, telur hann þá að það séu forsendur fyrir hendi til almennra afskrifta sem efnahagsaðgerð í íslensku samfélagi?

[15:18]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og ég rakti áðan felst í því verði sem greitt er fyrir lánin úr þrotabúum bankanna — og það er ekki rétt sem hv. þingmaður segir að þeir sem veittu lánin beri enga ábyrgð, þeir eru farnir á hausinn, eigendurnir eru búnir að tapa sínu hlutafé. Það sem eftir stendur eru lánin sjálf sem íslenska ríkið kaupir úr þrotabúunum af eigendum lánanna sem eru þeir sem lánuðu bönkunum.

Eins og ég rakti áðan mun verðið á þeim lánum endurspegla vænt endurheimt hlutfall. Í því er ekki neitt loft sem gerir ríkinu kleift að gefa fólki peninga sem getur staðið í skilum með lánin því að verðið sem verður greitt fyrir þau lán, sama hvert það verður, hvort það eru 50% eða 75%, byggir á þeirri grunnforsendu að 75% eða 50% muni geta staðið í skilum með lánin sín. (Gripið fram í.)

[15:19]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða þingsályktunartillögu sem þingmenn Framsóknarflokks leggja fram. Þessi tillaga er ein af 18 efnahagstillögum sem kynntar voru ríkisstjórninni í febrúar þannig að það er ekki eins og þessi tillaga sé nýsprottin upp. Það sem er sorglegast við meðferð ríkisstjórnarinnar á þessari tillögu og öllum hinum sem ríkisstjórnin fékk á sínum tíma er að hún virðist hafa kosið að kynna sér tillögurnar ekki neitt heldur segja þær ómögulegar. Það hefur endurspeglast hvað eftir annað í orðum ráðherra ríkisstjórnarinnar og ekki síst í orðum hæstv. félagsmálaráðherra í dag.

Það er mjög sérkennilegt að ráðast með slíkri hörku að þessum tillögum sem hafa komið fram á sama tíma og ríkisstjórnin og þær aðgerðir sem hún hefur boðað eða sett fram duga ekki. Það eru ekki bara við hér inni sem segjum að þær dugi ekki, það gera einnig hagsmunaaðilar í samfélaginu og fólk úti í bæ. Þær aðgerðir sem eiga að hjálpa duga ekki. Þess vegna er mjög sérstakt að menn skuli halda áfram að hjakka í sama farinu, ríkisstjórnin slær allar aðrar hugmyndir út af borðinu. Tillaga okkar gekk upphaflega út á það, og gengur raunverulega út á það enn þá, að menn setjist niður og velti fyrir sér hvort hægt sé að útfæra þetta með þeim hætti að það hjálpi fleirum en við gerum ráð fyrir og sé til þess fallið að ríkisstjórnin geti orðið sátt við tillögur okkar en svo virðist því miður ekki vera.

Í fréttum í gær var viðtal við formann skilanefndar Glitnis þar sem hann talaði um skuldabréfasöfn, að þess konar íslensk lán væri verið að selja með 90% afslætti. Fréttastofan hafði heimildir fyrir því að verið væri að selja slík lán með 95% afslætti. Ég velti því þá fyrir mér, fyrst félagsmálaráðherra talar digurbarkalega um íslensk húsnæðislán, að komið hefur fram í fréttum að erlend húsnæðislán hafa verið seld eða eru mjög lítils virði. Gildir eitthvað annað um íslensk lán? Af hverju þá, ágæti hæstv. ráðherra?

Það er alveg ljóst að fjármagn sem kom inn í íslensku bankana erlendis frá er að miklu leyti tapað og tillaga okkar gengur einfaldlega út á að láta almenning og njóta þess að færa það tap sem orðið hefur til þeirra en ekki að láta ríkisbankana — flestallir bankar landsins í dag eru í eigu ríkisins — og ríkið njóta þessara afskrifta. Það hefur komið fram í tillögum Hagsmunasamtaka heimilanna og ég ætla að lesa, með leyfi frú forseta, vitna aðeins í erindi sem þau skrifuðu. Hér stendur:

„Hratt hækkandi verðtryggðar skuldir eru langtímavandamál sem munu rýra kaupmátt í vaxandi mæli með tímanum og þannig draga úr sparnaði með einkaneyslu. Sífellt fleiri sjá fram á að eigin fé í fasteignum hverfur og breytist í skuldir á meðan innstæður í fjármálastofnunum eru varðar með almannafé og skuldir fjármálafyrirtækja eru afskrifaðar í mjög stórum tölum. Langflest kynntra úrræða koma fyrst til framkvæmda þegar heimilin eru komin í þrot eða þegar fólkið hefur misst vinnuna.“

Þetta segir allt sem segja þarf. Þær tillögur og aðgerðir sem hér er gumað yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar eru til þess að hjálpa fólki þegar það er komið á hnén fyrir framan stjórana í ríkisbönkunum. Því er mér alveg fyrirmunað að skilja hvers vegna ekki er vilji til að setjast niður og skoða þessa afskrift til heimilanna líkt og verið er að afskrifa til fyrirtækja.

Maður spyr sig líka: Hvaða rök eru að baki að gera þetta ekki? Í dag hljómar það eins og ríkisstjórnin sé komin í gríðarlega vörn vegna þess að þær aðgerðir sem hún hefur gripið til virka ekki og þær aðgerðir sem hún segist ætla að grípa til eru einhvers staðar í felum og virðist erfitt að finna þær. Ég velti því fyrir mér eftir að hæstv. félagsmálaráðherra varði áðan af mikilli hörku að greiða ætti eigendum lánanna, eins og hann kallar það, mikið og gott verð fyrir þessi lán, hvort það geti verið að það sé hreinlega búið að semja um það nú þegar. Getur verið að búið sé að semja við eigendur þessara lána um hvað þeir eiga að fá fyrir sinn snúð? Ég held að það sé ágætt að velta því fyrir sér ef ríkið ætlar ekki að láta eigendur lánanna tapa fjármagni en það er allt í lagi að heimilin borgi.

Í rökstuðningi með tillögunni eru færð rök fyrir því að þessi leið sé mjög sanngjörn því að hún kemur öllum jafnt til góða sem fengu vísitöluhækkun á lánunum. Þetta er í rauninni sama aðferð og aðrir tala um varðandi leiðréttingu á vísitölu. Með því að gera þetta með þessum hætti verður vandinn í kerfinu viðráðanlegri, skuldirnar sem eftir eru verða jafnaðar út, það verður einfaldara og auðveldara að ráða við vandann. Þessi leið er hagkvæm fyrir lánveitendur því að þeir munu að öllum líkindum fá meira fyrir sinn snúð, verði þessi leið farin, því að fleiri geta staðið í skilum. Erlendar rannsóknir hafa líka sýnt að lækkun á höfuðstól undirmálslána að lágmarki 20% leiðir til þess að fleiri geta staðið í skilum. Því furða ég mig alltaf jafnmikið á því þegar ég fer fyrir rökin að þessar hugmyndir skuli ekki vera skoðaðar betur. Ég segi enn og aftur: Það er ekki einstakt framtak Framsóknarflokksins að leggja fram þessa tillögu. Fjöldinn allur af sérfræðingum hefur tekið undir þetta, talar á svipuðum nótum og leggur í raun fram svipuð mál.

Það er ekki rétt að verið sé að verðlauna þá sem fóru eitthvað óvarlega. Þetta er til þess að jafna hag heimilanna, jafna hag þeirra sem eru með lán sem hækkuðu. Þau hækkuðu vegna þess að það varð hrun í samfélaginu en ekki vegna þess að þetta fólk fór ógætilega eða eitthvað slíkt.

Frú forseti. Eftir að hafa hlustað á hæstv. félagsmálaráðherra áðan velti ég aftur upp þeirri spurningu hvort harkan gegn þessu máli, gegn því að skoða þessa tillögu því að það sé snargalið að fara þessa leið, sé til komin vegna þess að ríkisvaldið sé búið að gera einhverja samninga sem við vitum hreinlega ekki um. Að það sé búið að semja um frágang á þessum skuldum. Er það eitt af því sem er í herberginu dularfulla?

[15:27]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að velta fyrir mér hugmynd. Ég veit ekki hvort það er eitthvert vit í henni en bíðum aðeins við, veltum aðeins fyrir okkur stöðu mála. Við höfum enn þá ekki náð landi með uppskiptingu á nýju og erlendu bönkunum, það gengur illa að semja við erlenda kröfuhafa um verð á þeim innlendu lánum sem ríkið vill taka yfir í nýju bankana. Af hverju skyldu erlendir kröfuhafar vera tregir til samninga? Gæti það kannski verið að þeir væru að fylgjast með pólitískri umræðu á Íslandi þar sem einn stjórnmálaflokkur er með þá hugmynd á lofti að afskrifa yfir 20% yfir allt, að ganga enn á kröfuhafana sem tapað hafa gríðarlegum fjármunum á því að lána Íslendingum pening, að ríkið ætli nú að kaupa kröfurnar og gefa 20% afslátt til viðbótar eða erlendu kröfuhafarnir sjálfir eigi að bera þessi 20%? Að sjálfsögðu bíða þeir rólegir og þeir eru eflaust að horfa á þessa útsendingu og semja þess vegna ekki við ríkið um þessa uppskiptingu.

Að þessu sögðu má svo spyrja: Eru það kannski hugmyndir Framsóknarflokksins um 20% niðurfellingu sem tefja endurreisn bankakerfisins? (Gripið fram í.)

[15:28]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var afar athyglisvert andsvar hjá hv. þingmanni. Ég get hreinlega spurt að því sama: Getur verið að við séum að tefja þessa samninga? Ef svo er geta hv. þingmaður og hans flokkur væntanlega upplýst okkur um hvort það er þannig. Við fáum engar upplýsingar um hvað er í gangi. (**Gripið fram í:** Nýjar upplýsingar.) Samráðið, upplýsingagjöfin og allt það sem hann hefur talað um mjög fallegum orðum, hvar er það? Af hverju er það ekki samþykkt, af hverju er ekki gengið frá því? Ef það er vegna þess að við erum að tefja málið væri fínt að fá að vita það.

[15:29]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég velti þessari hugmynd upp til umræðu vegna þess að ég held að við þurfum að gæta þess hvað við ræðum um í íslenskri pólitík. Ég held að útlendingarnir séu að fylgjast með. Ég velti þessu upp vegna þess að það getur vel verið að það sé málið og ég tel að við ættum að hafa það í huga.

[15:30]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað slæmt ef þessi hugmynd, ég veit eiginlega ekki hvað á að kalla þetta, þessar vangaveltur hv. þingmanns eru raunverulegar, en ég hef það svona meira á tilfinningunni að það sé einhvers konar vilji hjá ríkisstjórninni og þeim sem eru að semja um þetta mál að ganga mjög langt í að þóknast eigendum þessara lána og málið standi kannski fast í því að verið sé að „víla og díla“, ef ég má nota þau orð, um upphæðir án þess að við vitum um. Hv. þingmaður getur kannski upplýst um það hvort

þessar viðræður við erlendu kröfuhafana, eigendur lánanna, séu það langt komnar að það sé rétt aðeins eftir að skrifa undir.

Ég hafna því að sjálfsögðu að þessi tillaga geti verið að tefja þetta mál. Það er hins vegar alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki staðið sig í því að vinna þessa samninga, að ná samningum. Það er búið að vinna í þessu í marga marga mánuði og ekki sér enn fyrir endann á þessu svo ég viti til, en kannski koma hér upplýsingar um það hvenær þetta verður klárað. En það er alveg ljóst að meðan þetta er ekki klárað, og það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, getum við staðið hér áfram og velt þessu fyrir okkur. Það er lykilatriði að klára þessi mál. Við leggjum höfuðáherslu á að heimilin og fólkið í landinu fái notið einhverra ávaxta af þeim samningum sem verið er að gera, að ekki sé bara staðinn vörður um þá sem eiga peninga í bönkunum, það þarf vissulega að gera það líka en það á ekki bara að standa vörð um þá og kröfuhafana.

[15:31]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég held að ekki þurfi að deila um a.m.k. eitt í þessari umræðu og það er að hluti íslenskra heimila glímir við mikinn vanda. Sérstaklega tilfinnanlegur er hann auðvitað hjá því fólki sem hefur orðið fyrir tekjufalli, misst atvinnuna og situr uppi með skuldir og ekki bætir úr skák þegar þær hafa hækkað í verðbólguskoti eða vegna veikingar gengis krónunnar. Ég held að það ætti ekki heldur að þurfa að deila um það að menn vilja gjarnan grípa til þeirra aðgerða sem þjóðarbúið ræður við og skynsamlegar, skilvirkar og hnitmiðaðar eru til að aðstoða fólk í þessum erfiðleikum. Spurningin er: Hverjar eru þær og hvaða bolmagn og hvaða getu hefur íslenskt þjóðarbú eins og það er á sig komið eftir efnahags- og bankahrun?

Það er ákaflega falleg hugsun að hægt sé að leiðrétta þetta í heild sinni almennt eins og einhverja skekkju, eins og einhverja stafsetningarvillu. Sérstaklega er hún falleg ef menn telja að það sé hægt án þess að það kosti nokkurn skapaðan hlut, það sé bara hægt að fara með „tipp-ex“ á þetta og mála yfir þetta og skrifa upp á nýtt. Ég fæ ekki séð að hún gangi upp, ég fæ ekki botn í hana, því miður. Það er ekki vegna þess að ég hafi ekki haft vilja til að skoða hana, það er ekki vegna þess að ég skilji ekki alveg nálgunina, að það megi færa almenn og ýmis sanngirnisrök fyrir því að það sé ósanngjarnt að fólk sitji almennt uppi með áfall af því tagi sem þessar aðstæður í okkar þjóðarbúskap hafa skapað, en það hlýtur að ráðast af eðli máls og aðstæðum hvað er hægt að gera.

Ég fæ t.d. aldrei séð að það geti verið án útláta fyrir ríkissjóð að færa niður allt eignasafn Íbúðalánasjóðs svo nemi kannski 120 milljörðum kr. Hvaðan eiga fjármunirnir að koma í staðinn til að halda Íbúðalánasjóði starfhæfum og eigin fé hans yfir lágmörkum? Ég fæ ekki annað séð en að það verði áfall fyrir lífeyrissjóðina ef þeir þurfa að færa niður 160–170 milljarða lánasafn sitt til sjóðfélaga sem að uppistöðu til eru fasteignaveðlán og þar færu þá einhverjir 35 milljarðar af eignum þeirra. Ég held að það sé því miður heldur ekki þannig að í þremur nýjum veikburða bönkum í eigu ríkisins séu einhverjir faldir sjóðir til að mæta 20% niðurfærslu allra lána til heimila og fyrirtækja. Ég vildi óska þess að það væru einhverjir slíkir faldir sjóðir í nýju bönkunum. Áhyggjur mínar eru af hinu gagnstæða, að þeir muni reynast á veikari forsendum byggðir vegna aukinna erfiðleika í íslensku efnahags- og atvinnulífi en menn vonuðust til þegar stofnað var til þeirra á síðastliðnu hausti.

Við skulum ekki gleyma öðrum aðilum sem hafa lánað heimilum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum, ekki hafa þeir fengið neina niðurskrift í færslum milli gamalla og nýrra banka. Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðirnir, önnur fjármálafyrirtæki hafa sannarlega ekki fengið það. Að því marki sem kynni að vera eitthvert borð fyrir báru vegna þess að afskriftir hefðu verið svo ríflegar þegar lán færðust úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju að það væri umfram raunvirði þeirra lánasafna mundu menn að sjálfsögðu vefengja það uppgjör. Hvernig gengi að ná samningum, ég tala nú ekki um með opna umræðu um að þarna hafi í raun og veru verið vitlaust gefið og nýju bankarnir hafi fengið gratís í heimanmund alveg stórkostlega gilda sjóði og eigi bara fyrir því að afskrifa lánin? Halda menn að viðsemjendur okkar, erlendir kröfuhafar, væru svo loppnir að þeir mundu ekki taka til varna? Ég hef ekki hitt þá erlendu kröfuhafa enn þá sem eru tilbúnir til að tapa meiru á Íslandi en þeir þurfa. Þeim finnst ærið nóg að tapa á Íslandi kannski 6 þúsund milljörðum króna. Gjaldþrot Kaupþings er með stærri gjaldþrotum í sögunni þannig að jafnvel hjá stórum þýskum, austurrískum, japönskum bönkum telur þetta. Þeir væru ekki hér með tugi manna á launum við að gæta hagsmuna sinna í svartasta skammdeginu ef það væri ekki vegna þess að þarna er mikilla hagsmuna að gæta.

Horfum aðeins á hina hliðina. Ef við verðum sammála um að við höfum takmarkaða fjármuni handa á milli og það sé mikilvægt að nýta getu þjóðarbúsins og máttarstoða þess, sem eru sannarlega m.a. Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðirnir, með skilvirkum hætti, hvar er þörfin? Hún er augljóslega hjá þeim 10–15% íslenskra heimila sem eru í langmestum vanda. Hvernig er staðan t.d. í Íbúðalánasjóði eða hjá þeim hluta heimilanna sem að mestu leyti hefur fasteignaveðlán sín í Íbúðalánasjóði? Hún er þannig að stærstur hluti þeirra heimila skuldar óverulega annars staðar og er ekki í vandræðum með greiðslubyrði sinna lána. Hvað eru þau mörg, ætli það séu ekki um 75% heimila með fasteignaveðlán sem verja þrátt fyrir allt enn þá innan við 30% af ráðstöfunartekjum sínum í greiðslu af þeim? Á hina hliðina eru kannski 10–12% heimila sem verja yfir 50% af ráðstöfunartekjum í greiðslu fasteignaveðlána. Þar liggur vandinn, þar þarf umtalsverða aðstoð. Augljóslega er úr þeim hópi stærstur hluti kandídatanna í greiðsluaðlögunarúrræðin sem eru ætluð þeim sem eru í mestum erfiðleikum að þessu leyti og þar í er fólgin afskrift í enda tímans ef annað dugar ekki til.

Við getum líka tekið dæmi frá hinni hliðinni. Segjum að hjón í Reykjavík, annað þeirra gæti verið starfsfélagi okkar á þinginu, eigi 40 millj. kr. einbýlishús, það standi fyrir því í dag, eða íbúð og þau skuldi 15 millj. kr. Flöt niðurfelling, sem þau eru ekki í nokkrum vandræðum með að borga, upp á 20% færir þeim 3 milljónir í viðbót. Er það skilvirk og skynsamleg ráðstöfun fjármuna? Er ekki meiri þörf fyrir þá aðstoð einmitt hjá hinum sem ekki ráða við hlutina nema

með umtalsverðri og miklu meiri aðstoð?

Þegar kemur að fyrirtækjunum er það líka að mínu mati mjög vandasöm hugsun að ætla að nálgast vandann þar þannig að taka allt skuldasafnið og færa það niður flatt og glíma svo við afganginn. Hvernig gerist það þegar banki tekur til við skuldaúrvinnslu hjá fyrirtæki? Það er venjan ef fyrirtæki þarf á aðstoð að halda að byrjað er á því að færa niður hlutafé þess eða strika það út og eigendurnir sem settu fé inn í fyrirtækið tapa öllu sínu fyrst. Síðan er það gjarnan reynt á móti niðurfellingu einhverra skulda, þ.e. ef ekki er bara farin yfirtökuleið og gjaldþrotaleið, að fá nýtt fé inn í fyrirtækið og jafnvel sett í eitthvert hlutfall við niðurfærslu skuldanna sem á sér stað á móti. Þannig er reynt að koma lífvænlegu fyrirtæki á nýjan leik út í lífið með endurvinnslu eða úrvinnslu á vandamálum þess og það er skoðað fyrirtæki fyrir fyrirtæki. Ég hef aldrei heyrt um það að menn færu almennt í sambærilegri stöðu í einhverjar flatar aðgerðir þegar kemur að fyrirtækjum, það má miklu frekar rökstyðja slíkt gagnvart heimilum. En gagnvart fyrirtækjum þar sem aðstæðurnar eru gríðarlega ólíkar og misjafnar þá held ég að seint verði sótt rök til að mæla með því að það sé sérstaklega skilvirk aðgerð.

Að lokum, frú forseti, er það alltaf veruleikinn sem ræður. Menn geta fantaserað um ýmislegt en mín langa reynsla af glímu við svona hluti er sú að að lokum er það yfirleitt veruleikinn sem tekur völdin, hann er sá húsbóndi sem að lokum ræður mestu vegna þess að aðstæður manna takmarkast alltaf af honum. Við getum haft okkar óskir og drauma og vonir um ýmislegt en ef þær rekast algjörlega á við veruleikann, á aðstæður okkar, raunheiminn, hlutina eins og þeir eru, liggur valdið alltaf á sínum stað. Það verður geta íslenska þjóðarbúsins til að glíma við þessa erfiðleika almennt sem mun ráða því hvernig okkur reiðir af hverju fyrir sig og öllum sameiginlega. Þar er getan því miður verulega skert og ekki þarf annað en að horfa smástund á kennitölur úr ríkisfjármálunum til að sjá það.

Þess vegna hafa menn verið að reyna að leita leiða til að aðstoða þá sem væru í mestri þörfinni fyrir aðstoð á skilvirkan hátt, með greiðslujöfnun, með frystingu eins og Íbúðalánasjóður býður upp á vegna óvæntra áfalla eða tekjufalls og með greiðsluaðlögunarferlinu, með stórhækkun vaxtabóta og með fleiri slíkum ráðum.

Tillögur af þessu tagi hafa oft verið skoðaðar. Nefnd í tíð fyrri ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar með að ég held aðilum vinnumarkaðarins skoðaði þessar almennu leiðir og féll frá þeim. Seðlabankinn hefur skoðað bæði hugmyndir talsmanns neytenda og tjáð sig um þessa tillögu fyrr í vetur. Fagfólk í bönkunum hefur skoðað þetta, sérfræðingar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafa skoðað þetta, Íbúðalánasjóður hefur skoðað þetta og tjáð sig um þetta. Enginn af fyrrnefndum aðilum hefur séð þetta sem vænlega eða jafnvel yfir höfuð færa leið. Það er af einhverjum ástæðum, held ég, sem flutningsmönnum þessarar tillögu hefur gengið erfiðlega (Forseti hringir.) að sýna fram á að hún væri raunhæf, hún væri fær, hún væri skilvirk eða skynsamleg. Og ég verð bara að játa mig enn þá (Forseti hringir.) í þeim hópi að hafa ekki séð ljósið í þessum efnum gagnvart þessari tillögu.

[15:42]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég var tiltölulega sáttur við hæstv. fjármálaráðherra að því leyti til að ég tel að hann tali hér af hreinskilni, hann trúi því sem hann segir og sé einlægur í vilja sínum til að alla vega leita lausna og það er þó byrjun. Ég vona að okkur gefist frekari tækifæri til að fara yfir þessi mál með hæstv. ráðherra.

Það næst ekki að fara yfir og leiðrétta eitt og annað sem kom fram í ræðu hans, ég vil því nota tímann til að spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar og hún er sú: Þykir ráðherranum eðlilegt að ríkið eða nýju bankarnir kaupi til að mynda fasteignalánasöfn gömlu bankanna á miklum mun hærra verði en fengist fyrir þessi lánasöfn ef bankarnir yrðu settir í þrot og þau yrðu einfaldlega boðin upp? Ef ráðherrann telur svo ekki vera og gerir ráð fyrir að fyrir þessi söfn fengist lág upphæð, segjum 25%, er þá ekki eðlilegt að það sé að einhverju leyti látið ganga áfram til þeirra sem skulda?

[15:43]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Svarið við þessari spurningu er náttúrlega að það hefur alltaf verið gengið út frá því og er gengið út frá því að yfirfærslan eigi sér stað á réttu verði, þ.e. að þetta sé raunverulegt og besta mögulegt mat á verðmæti þeirra eigna og skulda sem fluttar eru yfir. Það er að sjálfsögðu ætlunin. Síðan kemur svo í ljós hvernig efnahagur nýju bankanna stendur og hvort borga þarf þar mismun til baka vegna þess að þeir hafi fengið meiri eignir en þeir tóku yfir skuldir. Þetta er uppgjör sem að sjálfsögðu er ætlað að vera á sem réttustum grunni og um það er núna tekist á í þeim samningaviðræðum sem yfir standa milli ríkisins annars vegar eða samningamanna fyrir þess hönd, nýju bankanna og fulltrúa ríkisins annars vegar við skilanefndirnar og kröfuhafana hins vegar.

[15:44]

Flm. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra, hvað er rétt verð fyrir þessar eignir? Er rétt verð ekki bara það sem hægt væri að fá fyrir þær? Eins og ástandið er núna fengist mjög lágt verð fyrir þessi lánasöfn eins og önnur lánasöfn banka. Ef enginn annar en íslenska ríkið væri tilbúinn að borga meira en t.d. 25% fyrir þessi íslensku fasteignalánasöfn, er þá eðlilegt að íslenska ríkið hlaupi undir bagga með kröfuhöfunum og greiði meira fyrir það? Eða er eðlilegt að ríkið borgi bara það sem gæti fengist ef lánasöfnin yrðu boðin upp, og ef tilfellið er þá, og nú ítreka ég spurninguna frá því áðan, að hægt væri að fá þetta á 25% væri þá engu að síður eðlilegt að reyna áfram að rukka alla lántakendur um 100%?

[15:45]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að orðið „rétt“

er mjög afstætt um þessar mundir. Það er ákaflega erfitt að svara því kannski nákvæmlega hvað er raunverulegt verðmæti þessara eigna. Er það markaðsverð þeirra í dag ef þær eru allar boðnar til sölu? Eru menn ekki almennt sammála um að þá færi fram brunaútsala? (Gripið fram í.) Er það ekki venjan að horfa frekar til þess hvað er líklegt að innheimtist af þessum eignum? Og er það ekki þess vegna sem menn vilja auðvitað ekki selja eignir við þessar aðstæður, að raunvirði þeirra til framtíðar litið er meira en kannski markaður sem er ekki einu sinni til staðar í dag (**SDG:** Þá bjarga heimilin kröfuhöfum.) er líklegur til að fá. Menn eru því væntanlega fyrst og fremst að meta það og það hefur alltaf legið til grundvallar hvað er líklegt að þessi lán og þessar eignir skili. Þá kemur það mat og menn komast að ákveðinni afskriftarþörf vegna þess að sum lánin innheimtast að fullu en önnur að engu leyti. (Gripið fram í.) Ég held að þetta sé því miður, frú forseti, fyrst og fremst fræðileg umræða í þessu samhengi.

[15:46]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held líkt og hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, að hæstv. ráðherra sé mjög vel meinandi maður en því miður hefur hann ekki enn séð ljósið. En ég vil minna á að ríkisstjórnin er farin að fallast á þann málflutning stjórnarandstöðunnar, sem við höfum viðhaft á undanförnum mánuðum, að ástandið í samfélaginu er mjög slæmt og hæstv. forsætisráðherra samþykkti það.

En þegar hæstv. ráðherra segir að hér sé um fallega hugsun að ræða sem gangi hreinlega ekki upp þá vil ég minna hæstv. ráðherra á stefnu hans eigin flokks en þar stendur, með leyfi forseta:

„Fundurinn skorar á ríkisstjórnina að leita leiða til að lækka höfuðstól húsnæðislána eða frysta hluta hækkunar höfuðstóls lána vegna verðbólguskotsins.“

Þetta ályktuðu Vinstri grænir í aðdraganda síðustu kosninga. Er hæstv. ráðherra orðinn ósammála stefnu eigin flokks? Var hún óraunhæf? Ég tek undir með hv. þm. Lilju Mósesdóttur að ég held að efni sé til þess að við setjumst niður þverpólitískt, óháð flokkum og förum yfir þessar hugmyndir, stefnu Vinstri grænna. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því að slíkum samráðsvettvangi verði komið á fót.

[15:48]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef síður en svo verið á móti því og það er sjálfsagt mál að setjast yfir alla þessa hluti og skoða þá. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hefja eigi starf sem miði að því að fara yfir umfang verðtryggingar í hagkerfinu, fara yfir grundvöll verðtryggingarinnar, þ.e. vísitölureikningana, og móta stefnu til framtíðar litið um það hvernig við ætlum að vinda ofan af henni í samfélaginu.

Varðandi þá spurningu sem snýr að ályktun okkar er ég þeirrar skoðunar að hún sé góð og t.d. sú hugsun sem við höfum mikið skoðað í okkar flokki hvort ekki sé viðráðanlegt og einhverjir möguleikar til þess t.d. að frysta og geyma einhvern hluta hækkunar höfuðstóls verðtryggðra lána vegna þessa snögga verðbólguskots, sem vonandi verður ef verðbólgan heldur áfram niður, hvort það geti ekki verið viðráðanleg aðgerð. Þá erum við í rauninni að geyma málið um sinn þangað til árar vonandi betur í samfélaginu til að takast á við það. En þau úrræði sem þegar eru í boði ganga út á nákvæmlega þetta. Greiðsludreifingin, greiðsluaðlögunin er nákvæmlega þetta, að hluti vandans er frystur og hann er geymdur og svo ætla menn að sjá til (Forseti hringir.) hvort menn ráða við hann síðar eða hvort um einhverjar afskriftir verður að ræða í tilviki greiðsluaðlögunarinnar.

[15:49]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessi svör og í raun vil ég segja Vinstri hreyfingunni – grænu framboði það til hróss að mér finnst hún koma inn í umræðuna með mun uppbyggilegri hætti en hægt er að segja um fulltrúa Samfylkingarinnar vegna þess að við höfum eytt þessum degi í að ræða um hugmyndir og tillögur að lausnum. Við framsóknarmenn höfum sagt að þetta sé ekki endilega besta lausnin en við skulum setjast yfir þetta og fara yfir þann mikla vanda sem blasir við heimilunum í landinu. Því miður virðist Samfylkingin koma inn í umræðuna með það að markmiði að skjóta þessa hugmynd niður sem er vel framkvæmanleg og mun ekki hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, því eins og við höfum bent á munu erlendir kröfuhafar lenda í því að eignir þeirra hér á landi verði mögulega felldar niður um allt að 50%. Með þessari aðgerð erum við að koma í veg fyrir það að algert kerfishrun verði hér á landi og með þessari aðgerð erum við þar með að bæta eignasafn erlendra kröfuhafa hér á landi. Það verður ríkisstjórnin að skilja og ríkisstjórnin verður að telja erlendum kröfuhöfum (Forseti hringir.) trú um það að með þeirri aðgerð séum við í raun og veru að ganga erinda þeirra líka.

[15:50]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú held ég að ég verði að biðjast undan því verkefni. Ég treysti mér ekki til þess að reyna að sannfæra erlenda kröfuhafa um að þeir græði sérstaklega á þessari hugmynd Framsóknarflokksins. (**BJJ:** Við skulum fara í það.) Það verður einhver annar að taka það að sér. — Já, ég tel alveg sjálfsagt mál að Framsóknarflokkurinn fari í það (**BJJ:** Þið verðið þá að hleypa okkur að.) að reyna að ræða við þá.

En svo verð ég líka að segja: Hvernig er endalaust hægt að halda því fram að þetta sé allt saman hægt ókeypis? Af hverju útskýra ekki talsmenn Framsóknarflokksins fyrir mér hvernig Íbúðalánasjóður á að lækka eignasafn sitt um 120 milljarða án þess að það komi einhvers staðar við? Hvernig eiga lífeyrissjóðirnir að færa niður eignasafn sitt um fleiri, fleiri tugi milljarða án þess að það komi einhvers staðar við? (**Gripið fram í:** Þeir eru búnir að því.) Hvernig eiga sparisjóðir og aðrir slíkir aðilar, sem engar afskriftir hafa fengið í neinum yfirfærslum frá öðrum bönkum, að lækka eignasöfn sín bæði hjá heimilum og fyrirtækjum?

Þetta er mörg, mörg hundruð milljarða króna aðgerð og stærstur hluti hennar mundi lenda á ríkissjóði fyrr eða síðar.

[15:51]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það verður að segja og hrósa hæstv. fjármálaráðherra að hann viðurkennir þó að heimilin eru í vanda og þarna erum við kannski komin að hinum djúpstæða vanda sem við horfum upp á í þinginu á degi hverjum að Vinstri grænir eru reiðubúnir að viðurkenna að heimilin eigi í vanda meðan Samfylkingin og hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra heldur því bara blákalt fram að vandinn sé ekki til staðar. Ef þetta er staðan í ríkisstjórninni er engin furða að allt sé stopp í þjóðfélaginu. Ég vil sem sagt byrja á því að leiðrétta þennan djúpa misskilning þarna á milli.

Hæstv. fjármálaráðherra varð um tíðrætt um að við ættum að gera þetta á sem réttustum grunni. Að sjálfsögðu eigum við að gera það en hann gleymir því að við fórum í aðgerðir þegar neyðarlögin voru sett og ákváðum að koma til móts við þá ríku, ef við getum kallað það svo, sem áttu innlán í banka og við ætlum að greiða þeim 100% út úr bönkunum það sem þeir áttu, sem þeir áttu svo sannarlega ekki að fá ef allt hefði verið eðlilegt. Svo fórum við í 200 milljarða pakkann í peningamarkaðssjóðunum.

En ég vil spyrja (Forseti hringir.) — ég er löngu búinn með tímann — hvað á að gera gagnvart (Forseti hringir.) þeim sem fara í gjaldþrot?

(**Forseti** (SF)**:** Forseti vill biðja hv. þingmann að virða ræðutímann.)

[15:53]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og hv. þingmaður væntanlega veit var með lögum í vetur öllum gjaldþrotum frestað, eða að gengið væri að fólki, fram á haust til að skapa skjól og svigrúm fyrir fólk til að vinna úr sínum málum og nýta sér þau úrræði sem í boði væru. Það hefur leitt til þess að gjaldþrotum hefur stórfækkað og þau eru sárafá þessa mánuðina.

Mér finnst sú umræða óþörf að bera það á einhverja hér, hvort sem það eru félagar okkar í Samfylkingunni eða einhverjir aðrir, að menn viðurkenni ekki vandann í íslensku samfélagi. Hver hefur ekki gert það og hvers vegna ættu menn ekki að gera það? Ég held að málflutningur af því tagi skili okkur engu.

Veruleikinn er hins vegar sá að skuldsetning íslenskra heimila hefur um langt árabil verið gríðarlegt áhyggjuefni. Menn voru undarlega sofandi, þar á meðal Framsóknarflokkurinn, þegar hún sigldi yfir 200% af ráðstöfunartekjum. Hvenær var það? Árið 2005. Kannski ber Framsóknarflokkurinn með kosningaloforðum sínum í húsnæðismálum (Forseti hringir.) vissa ábyrgð á því hvernig fasteignaverð og skuldir skrúfuðust upp hjá íslenskum heimilum.

[15:54]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var ómálefnalegra svar en ég hafði ætlað að kæmi frá hæstv. fjármálaráðherra. Mig langar til að halda mig við þetta mál. Við getum tekið 2. umr. um 90% lánið sem hæstv. ráðherra veit að er ekki ástæðan fyrir þenslunni undanfarin ár. En ímyndum okkur að við kaupum þessi lánasöfn af erlendum kröfuhöfum á 100% raunvirði þeirra. Gefum okkur það, sem allir vita reyndar að muni ekki eiga sér stað. Eftir sem áður erum við að tala um 30 þúsund heimili sem verða með neikvæða eiginfjárstöðu í lok næsta árs og spurningin er: Ætlum við að fara með þessi heimili í gjaldþrot? Það er alveg rétt að fá gjaldþrot eru í dag vegna þess að búið er að lengja í snörunni. Það er ekki búið að losa fólk úr snörunni. Til hvaða úrræða ætlar ríkisstjórnin að grípa til til að koma til móts við milliséttina, venjulegt fólk? (Forseti hringir.)

Ég frábið mér það að ég hafi verið ómálefnalegur í málflutningi mínum með Samfylkinguna og ráðlegg hæstv. fjármálaráðherra (Forseti hringir.) að lesa ræðu hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra áðan.

[15:55]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að hafa verði í huga þegar við tölum um eigið fé — þegar neikvætt eigið fé fólks er skoðað núna erum við væntanlega og vonandi á nokkurn veginn allra óhagstæðasta tíma til að bera þá hluti saman, þ.e. annars vegar lánin sem hafa hækkað vegna verðbólgu og/eða falls krónunnar og hins vegar hefur fasteignaverðið hrunið langt niður, vissulega úr himinhæðum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Að sjálfsögðu vonumst við til þess að þetta mætist aftur við eðlilegar aðstæður og auðvitað er það ekki nýtt að í okkar sögu komi skeið þar sem þetta gerist. Stór hluti misgengiskynslóðarinnar, sem Framsóknarflokkurinn á að kannast mjög vel við og varð á níunda áratugnum, bjó við neikvæðan höfuðstól árum saman en réð samt við að borga af lánum sínum.

Af því að landsbyggðina bar aðeins á góma — hvað halda menn að höfuðstóllinn hafi verið neikvæður hjá sumum Raufarhöfnungum, sem byggðu hús og stóðu svo frammi fyrir því að ef þau voru seljanleg, kannski 10–15 árum síðar, þá var það á 1 millj. kr.? (**HöskÞ:** 90% lánin hjálpuðu þeim.)

[15:57]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að tala aðeins út frá sjálfum mér. Ég get ekki skilgreint stöðu mína sem ungs heimiliseiganda öðruvísi en að ég sé í skuldafangelsi vegna þess að forsendur lántöku minnar hafa algerlega brostið og verðfall hefur orðið á eign minni. Þetta þýðir að ég mun ekki geta selt eign mína án þess að koma út skuldugur eftir þá sölu, en ekki var lagt upp með það.

Ég gæti búið í þjóðfélagi eins og Danmörku þar sem ekki eru verðtryggð fasteignalán og þar er í mörgum tilvikum hámark á vöxtum. Efnahagshrun eins og það sem við höfum orðið fyrir hefði ekki bitnað á mér með þessum hætti. Verið er að tala um alhliða forsendubrest í íslensku samfélagi og ég nefni dæmi út frá mér sjálfum. Mér finnst skilaboð hæstv. ríkisstjórnar dálítið vera þannig að ég eigi á

einhvern hátt að éta það sem úti frýs.

Það er áríðandi að koma til móts við þá almennu stöðu íslenskra lántakenda að höfuðstóll lána þeirra óx um 20% og í því er fólginn harmleikur. (Forseti hringir.) Ef ekki verður tekið á því með einhverjum almennum aðgerðum, hvaða (Forseti hringir.) aðgerðir aðrar boðar þá fjármálaráðherra almennar og jafnar til að örva efnahagslífið og (Forseti hringir.) til að hjálpa fólki að komast út úr þessari stöðu?

(**Forseti** (SF)**:** Forseti biður hv. þingmann að virða ræðutímann.)

[15:58]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við tókum um það ákvörðun í vetur, þó að afkoma ríkissjóðs sé erfið, að hækka vaxtabætur um talsvert á þriðja milljarð kr. Það gerðum við m.a. vegna þess að það er skilvirkt tæki til að stýra aðstoð til fólks vegna vaxtakostnaðar af íbúðarhúsnæði (**SDG:** Það er kostnaður sem lendir á ríkinu.) sem hefur lágar tekjur og á væntanlega að breyttu breytanda í mestu erfiðleikum við (Gripið fram í.) að ráða við afborganirnar. Það er almenn aðgerð. Eru menn ekki að lýsa eftir því? (Gripið fram í.) Við eigum að sjálfsögðu ýmis almenn tæki og eigum að nota þau og að sjálfsögðu verður það gert og það verður skoðað áfram. Gögn Seðlabankans verða áfram notuð til að skoða hversu víðtækur vandinn er, í hverju hann liggur helst. Eru það fasteignaveðlánin, eru það bílalánin, er það gjaldeyrislánahópurinn eða eru það verðtryggðu lánin o.s.frv.?

Ógæfa okkar í þessum efnum er af tvennum toga. Það er alveg ljóst. Verðtryggingin er enn á ný að reynast okkur mjög dýr í skauti, það er rétt. Vegna þess að væri hún ekki til staðar væri skuldabagginn að einhverju leyti að léttast með afskriftum á tímum verðbólgu. (Forseti hringir.) Hinn þáttur ógæfunnar er sá að bankakerfið skyldi ýta gjaldeyrislánum að fólki með tekjur í íslenskum krónum (Forseti hringir.) til að kaupa húsnæði.

[15:59]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í umræðunni er ef til vill mikilvægt að gera greinarmun á greiðslubyrði, greiðslugetu og greiðsluvilja. Ég held að svona hár höfuðstóll, eins og mörg heimili horfast í augu við eftir forsendubrestinn á lánamarkaði, hafi minnkað greiðsluviljann og það er ekki síður alvarlegt mál en að greiðslugetan minnki vegna þess að við þurfum hvata í hagkerfið og fólk þarf að sjá ljós við endann á göngunum og fólk þarf að upplifa þá von í brjósti að það muni einhvern tíma eignast eignina sem það er að borga af. Til að örva þá von í brjósti Íslendinga boðum við þessa aðgerð.

Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Ef afskriftir lánasafns gömlu bankanna yfir í nýju verða t.d. 50% og að því gefnu að útreikningar sýni að flöt afskrift á lánasafni húsnæðiseigenda á Íslandi muni leiða til þess að fleiri geti borgað, er hann þá reiðubúinn (Forseti hringir.) að gefnum öllum sanngirnisrökum líka að íhuga þessa leið, sem lendir ekki á ríkissjóði?

[16:01]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vandinn er sá bara að ég skil ekki þessa leið. Ég fæ ekki botn í þetta. Ég held að þessir peningar séu ekki þarna. Ég held að það séu engir duldir sjóðir inni í nýju bönkunum vegna þess að þeir hafi fengið eitthvað á lægra virði en raunverulega er og á lægra virði en líklegt sé að komi til baka frá þeim lánasöfnum sem þeir tóku yfir. (**BJJ:** Er ekki í lagi að skoða það?)

Væntanlega liggur það í hlutarins eðli og allir sjá að fasteignaveðlánin eru með allra tryggustu útlánum, þau eru yfirleitt metin verðmætust og sterkust í eignasafni fjármálastofnana. Það ættu menn að hafa í huga. (**HöskÞ:** En hafa rýrnað.)

Ég tek undir það með hv. þingmanni, ég held að það sé alveg hárrétt. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því að það er ekki bara greiðslugeta fólks sem takmarkar þetta og er það sem ræður frekar en bókhaldsleg eignarstaða í augnablikinu, það er greiðsluviljinn líka. Það er mjög þreytandi að borga af lánum og sjá höfuðstólinn hækka og hækka. En það hafa Íslendingar gert áratugum saman.

Þegar ég keypti mína fyrstu íbúð 1983 á tímum mikillar verðbólgu og verðtryggingar lána borgaði ég og borgaði næstu árin og sá höfuðstólinn (Forseti hringir.) stanslaust hækka. (Gripið fram í.) Það er því ekki eins og það sé óþekkt fyrirbæri í okkar verðtryggða heimi sem (Forseti hringir.) kom til sögunnar með Ólafslögunum 1979, vel að merkja, hv. þingmaður.

[16:02]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Þegar núverandi ríkisstjórn tók fyrst við völdum töluðu stjórnarliðar um að verkefni þeirra ættu fyrst og fremst að vera þau að reisa við atvinnuvegina og að mynda skjaldborg um heimilin í landinu. Síðan þá eru liðnir margir mánuðir og lítið hefur gerst. Við erum enn þá að tala um háa stýrivexti. Á sama tíma og helstu viðskiptalönd okkar bregðast við minnkandi eftirspurn með því að lækka stýrivexti nánast niður í núll í sumum tilvikum býr íslenskur almenningur við það sem skilgreina mætti sem okurvexti, alla vega á vestrænan mælikvarða.

Talað er um að kaupmáttarskerðingin sé núna orðin 11% á síðustu tólf mánuðum. Verðtryggð lán hafa hækkað um 20–26% ef við tökum síðustu 12–18 mánuði. Vörukarfan hefur samkvæmt síðustu könnun hjá ASÍ hækkað um 25%. Og við það bætast þau vörugjöld sem ríkisstjórnin var að leggja á núna. Gengistryggð lán hafa tvöfaldast þannig að það er alveg sama hvað ríkisstjórnin lemur höfðinu við steininn, staðan í dag mjög slæm og skuldir eru að sliga íbúa landsins hvort sem við horfum á heimilin eða fyrirtækin í landinu. Við heyrum daglega af því að fólk eigi í erfiðleikum með að halda íbúðarhúsnæði sínu og fyrirtæki verða gjaldþrota dag hvern. Greiningarfyrirtæki hafa áætlað að um tíu fyrirtæki verði gjaldþrota dag hvern.

Það gerist þrátt fyrir að ákveðið hafi verið að fresta gjaldþrotum til 1. október. En ég kvíði því hins vegar mikið hvað mun gerast 1. október ef ekki verður gripið til aðgerða eins og við hvetjum til hérna. Hvað mun gerast þegar allir

bunkarnir verða teknir upp úr skúffunum hjá sýslumönnum hringinn í kringum landið og gengið verður að fólki?

Ég las viðtal við hæstv. félagsmálaráðherra Árna Pál Árnason þar sem hann lýsti því yfir að honum fyndist það ekki vera stórmál að fólk þyrfti að borga í kringum 50 þús. kr. aukalega á mánuði af verðtryggðum lánum. Ég verð nú að taka undir þau orð sem fram komu fyrr í dag, ég er ekki alveg viss um hvað viðkomandi er að gera í þessu ráðuneyti. Það sýnir algjört skilningsleysi á stöðu heimilanna í landinu. Þess vegna höfum við verið að tala fyrir því frá því í febrúar að fara í leiðréttingu á skuldum og að grípa verði til almennra aðgerða fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Að við verðum að grípa til aðgerða sem geta komið íslensku efnahagslífi aftur af stað. Menn verða að hætta að grafa, ekki bara höfuðin í sandinn heldur nánast allan búkinn.

Hugmyndin byggist á því að nýju bankarnir munu væntanlega fá lánasöfn gömlu bankanna með verulegum afslætti og hefur verið talað um allt að 50%. Það hefur hins vegar verið erfitt að fá upplýsingar um það hversu nákvæmur þessi afsláttur er og byggist það m.a. á því, að mér skilst, að þær matsaðferðir sem verið er að nota til þess að meta bankana eru ekki þær aðferðir sem venjan er að nota í fyrirtækjum sem eru gjaldþrota eða stopp. Ekki er verið að meta eignir samkvæmt svokölluðu gangviðri ef maður þarf að selja eignir í dag, heldur eru eignirnar metnar eftir því hversu mikils virði þær verða þegar við verðum komin í gegnum kreppuna að því gefnu að viðkomandi fyrirtæki og einstaklingar muni þá geta rekið fyrirtæki sín, fengið nægt fjármagn og að einstaklingar eða heimilin muni geta haldið vinnunni sinni og haldið áfram að borga af eignum sínum. Það verði ekki þannig að farið verði að selja fasteignir í miklu magni víðs vegar um landið.

Við teljum okkur hins vegar hafa upplýsingar um að erlendu kröfuhafarnir urðu hreinlega um síðustu áramót að afskrifa lánin sem þeir veittu íslensku bönkunum vegna þess að það lá fyrir að bankarnir voru gjaldþrota. Þeir voru ekki lengur í rekstri. Það var því engin leið fyrir þessa banka að hafa áfram lánin í bókum sínum. Þeir munu hins vegar að sjálfsögðu leitast við að fá sem mest greitt af skuldum sínum en margir hafa viðurkennt að það sé mjög erfitt að fá jafnmikið og þeir lánuðu. Við framsóknarmenn fullyrðum að það sé hagur allra, ekki bara skuldara, að koma íslenska hagkerfinu aftur af stað og forða þar með fjöldagjaldþrotum.

Hugmyndafræðin á bak við tillögur okkar er að ef þeir skuldsettu ná sér aftur á strik er von til þess að fá eitthvað upp í skuldir. Það er mikilvægt fyrir óskuldsett eða lítið skuldsett heimili að vandamálin færist ekki yfir á þau með lækkandi fasteignaverði og almennri verðhjöðnun.

Þegar ég var að skrifa sem mest um þetta eftir að hugmyndin kom fyrst fram og við fengum mjög harkalega gagnrýni á okkur fyrir hana rakst ég á bandaríska rannsókn sem gerð var á lánasöfnum í Kaliforníu og var birt á Bloomberg. Sú rannsókn sýndi fram á að 20% eða meiri lækkun á höfuðstól lána hefði mun varanlegri og betri áhrif á greiðslugetu viðkomandi skuldara en það að frysta eða dreifa greiðslum, eða svokölluð greiðsluaðlögun sem ríkisstjórnin hefur lagt svo mikla áherslu á. Þá var verið að meta tvær mismunandi aðgerðir og síðan eftir ákveðinn tíma var skoðað hversu miklar líkur væru á því að viðkomandi skuldarar stæðu í skilum eða ekki. Rannsóknin sýndi algjörlega fram á það sem við framsóknarmenn höfum haldið fram. Einnig hefur hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson bent það á það í greinargerð og skrifum að þessi aðgerð skilar einmitt þeim áföngum sem við höfum talað um, að fólk er betur fært um að standa í skilum við lækkun höfuðstóls en við greiðsluaðlögun.

Annar maður sem ég tel að margir í hinum vestræna heimi og víðs vegar í heiminum taki mark á, Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, lagði til fyrir um tveimur árum síðan að höfuðstóll bandarískra undirmálsfasteignalána yrði lækkaður af bönkunum sjálfum til þess að koma í veg fyrir það hrun sem síðan hefur orðið á fasteignamarkaðnum. Bankarnir hunsuðu hins vegar ráðleggingar hans og við höfum séð afleiðingarnar af því í Bandaríkjunum.

Ég get nefnt fleiri nöfn eins og Nouriel Roubini sem hefur talað á sama hátt og Niall Ferguson, prófessor við Harvard-háskóla, sem skrifar reglulega í *Financial Times* , þeir hafa báðir bent á að í sumum tilvikum geti verið nauðsynlegt að fara í svona umfangsmiklar almennar aðgerðir eins og við tölum um hér.

Ég verð hins vegar að segja að eftir að ég var búin að lesa aftur ræðu hæstv. forsætisráðherra um stöðu heimilanna varð ég kannski svolítið bjartsýnni en ég hef lengi verið. Ég tel, og það má greina það í orðum hæstv. forsætisráðherra, að verið sé að vinna að því, loksins þegar Seðlabankinn er kominn úr þessari skoðunarferð sinni, að afskrifa eða leiðrétta hluta af skuldum heimilanna.

Það sem ég hef miklar áhyggjur af er að verið er að tala um að rýmka heimildir fjármálastofnana ríkisins til einstaklingsbundinna afskrifta í anda greiðsluaðlögunar — það fína orð — án þess að til opinberrar innköllunar kunni að koma eða niðurfellingin verði skattlögð eins og nú er. Þegar ég les þetta kemur eitt orð upp í huga minn, það er spilling. Við erum að tala um enn á ný að það eigi að fara að bjóða Íslendingum upp á að setjast á biðstofu bankastjóranna og grátbiðja þá hugsanlega um að afskrifa lán viðkomandi fjölskyldu eða fyrirtækis. Það er algjörlega óásættanlegt. Það verður að setja almennar reglur um svona aðgerð alveg eins og við framsóknarmenn leggjum til hér.

Ég fagna líka innilega þeirri tillögu sem kom fram einmitt í sömu umræðu hjá hv. þm. Lilju Mósesdóttur þar sem hún talaði um að það væri kominn tími til þess að við mundum setja á stofn hóp þar sem allir kæmu að borðinu, stjórnarandstaðan og stjórnarmeirihlutinn, Hagsmunasamtök heimilanna, Neytendasamtökin, talsmaður neytenda og aðrir, og við færum í gegnum þær tillögur sem liggja fyrir. Að við reyndum að komast að góðri og sanngjarnri leið til þess að leiðrétta þá gífurlegu hækkun sem orðið hefur á lánum íslenskra heimila og fyrirtækja.

[16:13]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Hún segir á einum stað að það geti verið hagur kröfuhafanna að setja atvinnulífið í gang og ég tek alveg undir það. Það er alveg hárrétt. Það getur vel verið að það sé skynsam-

legt fyrir kröfuhafana, sem eiga svo mikið undir því að heilt þjóðfélag gangi, að setja það í gang. Þeir hafa meira að segja rætt um það í mín eyru sumir hverjir að þeir vilji jafnvel að Ísland fái aftur AAA-mat, „triple-A“, eins og það hafði.

En það er ekki sama hvernig það er gert og að lækka skuldir ákveðins hóps manna á Íslandi er ekki endilega besta leiðin til þess að setja atvinnulífið í gang vegna þess að það kemur mjög seint fram í neyslu eða öðru slíku því að fyrst borga menn 20% minna. Segjum að menn eigi að borga 100 þús. kall af íbúðarláni sínu, þá borga þeir 80 þús. kall fyrsta mánuðinn en hafa 20 þús. kr. til ráðstöfunar. Það eru nú öll ósköpin.

Þetta gerist mjög hægvirkt á mörgum árum. Það væri miklu skynsamlegra ef menn hefðu svo mikla peninga, t.d. 200 milljarða. Kröfuhafarnir vildu t.d. setja 200 milljarða í íslenskt atvinnulíf til að setja það í gang, til að grípa á vandanum, þ.e. á atvinnuleysinu, þar sem hann er. Ráða þá sem eru atvinnulausir á 500 þús. kr. á mánuði við að rannsaka bankana eða eitthvað slíkt og keyra þannig atvinnulífið af stað. Það væri mjög virk aðgerð til að leysa mestan vandann sem við sjáum fyrir okkur en hann er vegna atvinnuleysis. Það er hægt að ráða alla sem eru á atvinnuleysisskrá í tvö ár með 500 þús. kall á mánuði fyrir þessa fjármuni. Ef kröfuhafarnir hefðu þá hugsjón (Gripið fram í.) og þá hugljómun mundu þeir fara þessa leið miklu frekar en að lækka skuldir.

[16:15]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel að í þessu sé misskilningur. Það er eins og menn sjái þetta fyrir sér sem einhverja fjármuni sem hægt er að ganga í. Hæstv. fjármálaráðherra talar um þennan sjóð sem við eigum öll að fara að leita að. Það snýst ekki um það. Þetta snýst um að þetta eru tapaðir peningar. Því þarf að koma tapinu til skuldaranna, það sé ekki hægt að halda áfram að rukka 100% af lánum sem liggur fyrir að verði ekki greidd 100%. Við höfum rætt þetta nokkrum sinnum, ég og hv. þm. Pétur Blöndal, frú forseti, og ég skil ekki þessa samlíkingu. Gott og vel, ef við ættum 200 milljarða, ríkissjóður, þá skulum við kannski ráðstafa þeim til að ráða þá 18 þúsund einstaklinga sem eru á atvinnuleysisskrá, en það breytir því ekki að ekki er búið að taka á því tapi sem orðið er varðandi lánin. Það stendur alveg eftir þó að við mundum ráða 18 þúsund manns sem eru á atvinnuleysisskrá og eyða 200 milljörðum í það.

[16:16]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Af hverju er vandi fólks við að greiða af lánum? Af hverju getur fólk ekki borgað af lánunum? Það er vegna þess að það er atvinnulaust. Vinna hefur minnkað, tekjur fólks hafa skerst verulega og það er ástæðan fyrir því að það getur ekki borgað af lánunum. Ef við mundum borga öllum atvinnuleysingjum, ráða þá alla í vinnu, þá gætu þeir borgað af lánunum og vandinn væri leystur og kröfuhafarnir fengju öll sín lán greidd og það væri ekkert að. En hnífurinn stendur nefnilega einmitt þar í kúnni. Kröfuhafarnir eru ekki tilbúnir til að gefa Íslendingum 200 milljarða og tapa enn meira á Íslandi en þeir eru þegar búnir að tapa. Og halda það að hægt sé að lækka skuldir án þess að neinn greiði. (**Gripið fram í:** Það hefur enginn gert það.) Einmitt. Það er akkúrat málið. Það er einhver sem verður að greiða og það eru væntanlega kröfuhafarnir en þeir eru ekki tilbúnir til þess. Ef einhver getur fengið þá til að koma hingað með þennan tékka, fínt, en þeir eru ekki tilbúnir til þess. Ef þeir væru með svona stóran tékka til að lækka skuldir gætu þeir alveg eins gert það á miklu virkari hátt, þ.e. að ráða alla þá sem eru atvinnulausir og leyst vandann þannig fyrir alla.

Vandi fólks við að borga af lánunum er fyrst og fremst vegna atvinnuleysis og þar af leiðandi mikillar lækkunar á tekjum. Mér finnst eins og menn séu að leita að einhverri draumsýn. Guð almáttugur á að borga þetta, það er einhver enginn sem á að borga þetta. En þessi enginn er bara ekki tilbúinn til þess. Þessi enginn eru kröfuhafarnir og þeir eru búnir að tapa á Íslandi 6.000 milljörðum. Ef menn vissu hörkuna í slagnum við þá um matið á þessum eignum þá mundu þeir ekki láta sér detta í hug að kröfuhafarnir væru tilbúnir til að borga meira og tapa meiru.

[16:18]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að fram hafi komið í ræðu hæstv. forsætisráðherra í gær að það séu ekki fyrst og fremst atvinnulausir sem eru í þessum hópi, sem eru ekki með svokallaðar viðráðanlegar húsnæðisskuldir heldur sé töluverður hópur sem væntanlega er í vinnu. Talað er um þá sem eru með minna en 250 þús. kr. í ráðstöfunartekjur, ég veit ekki til þess að atvinnuleysisbætur séu 250 þús. kr. Því má gera ráð fyrir að stór hluti af því fólki sem væntanlega ræður ekki við greiðslu af skuldum sínum er ekki atvinnulaus.

Síðan mundi ég líka gjarnan vilja heyra frá hv. þm. Pétri Blöndal varðandi þau rök sem fram hafa komið þess efnis að það að veita t.d. gengistryggðu lánin hafi verið andstætt lögum og það liggi algerlega fyrir að ekki hafi verið heimilt að binda skuldbindingar í íslensku krónunni við gengi erlendra gjaldmiðla og ekki dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Síðan einnig rökin um að forsendur séu algerlega brostnar fyrir lánasamningum, sérstaklega í ljósi þess að æðstu stjórnendur gömlu bankanna og hluti af stærstu eigendum ollu viðskiptamönnum sínum miklu tjóni með því að vinna af krafti gegn gengi íslensku krónunnar og hagkerfinu öllu sem hefur valdið lántakendum gríðarlegu tjóni. Fram hafa komið rök þess efnis að þegar menn hafa svona miklar áhyggjur af kostnaðinum sem mun falla á ríkissjóð sé það algerlega ljóst að ef dæmt verður samkvæmt þessum málum mun tjónið lenda af fullum þunga á ríkissjóði vegna þess skaða sem gömlu bankarnir ollu lántakendum sínum.

[16:21]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu sem þingflokkur Framsóknarflokksins hefur lagt fram um afskriftir af höfuðstóli lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja. Umræðan hefur í raun verið mjög góð í dag, efnismikil umræða um stöðu heimilanna og fyrirtækjanna í landinu. Við erum loksins farin að ræða einhverjar tillögur um aðgerðir í

efnahagsmálum, einhverjar raunverulegar aðgerðir. En því miður blasir það við okkur að sú tillaga sem við ræðum kemur frá stjórnarandstöðunni. Engar hugmyndir virðast vera á borði ríkisstjórnarinnar í þeim efnum að koma til móts við skuldug heimili og fyrirtæki. Ég las í Morgunblaðinu í morgun að nú er áhugi á því að lífeyrissjóðir spili stórt hlutverk í endurreisn íslensks efnahagslífs. Þetta er efnislega samhljóða þeirri tillögu sem við framsóknarmenn lögðum fram og er fræg sem ein af 18 tillögum í efnahagsmálum sem Framsóknarflokkurinn lagði fram í febrúar sl. Nú er júní og ríkisstjórnin er að átta sig á því að vit gæti verið í því að ræða við lífeyrissjóðina um að koma með hluta af eignum sínum hingað til lands til að spýta inn í íslenskt efnahagslíf, fjölga þannig störfum, auka verðmætasköpun í samfélaginu og minnka þar af leiðandi atvinnuleysið. En það tók ríkisstjórnina nokkra mánuði að átta sig á því á tímum þar sem ástandið hefur verið að versna dag frá degi.

Hæstv. ráðherrar sem hér hafa talað, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. félagsmálaráðherra, virðast því miður misskilja þetta mál í grundvallaratriðum og tala sí- og endurtekið um það að kostnaðurinn vegna þessara aðgerða sem við mælum fyrir muni á endanum bitna á ríkissjóði. Það er grundvallarmisskilningur. Það er búið að ræða það fram og til baka í umræðunni í dag og ég held að ómögulegt verði, því miður, að telja hæstv. ráðherrum trú um að þetta sé raunhæf leið. En þá veltir maður því fyrir sér hvaðan þessir hæstv. ráðherrar sæki umboð sitt. Þeir sitja hér í umboði stjórnmálaflokka sinna sem hafa ályktað mjög einarðlega um hvernig á að koma til móts við stöðu heimilanna og fyrirtækjanna. Mig langar, frú forseti, að vitna til ályktana Samfylkingarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samfylkingin vill að leitað verði sanngjarnra leiða til að skipta ófyrirséðu tjóni milli lántakenda og lánveitenda vegna efnahagshrunsins og hækkunar verðtryggðra lána því samfara.“

Ég vil í þessu samhengi benda á að á undangengnum 20 mánuðum hafa lán heimilanna hækkað um 20% vegna þess að viðsemjendur þeirra, stóru bankarnir, tóku stöðu gegn íslensku krónunni, gjaldmiðlinum okkar, sem leiddi til þess að verðbólgan rauk upp úr öllu valdi. Mjög venjulegt og eðlilegt fólk gerði plön sín fyrir framan viðskiptafulltrúa sinn í einum af stóru bönkunum um greiðsluáætlun þar sem gert var ráð fyrir að verðbólgumarkmið Seðlabankans væri hluti af forsendum þeirra viðskipta, en um leið og sú fjölskylda gekk út frá þjónustufulltrúanum tóku yfirstjórnendur þess banka stöðu á móti krónunni sem leiddi til þess að lán viðkomandi fjölskyldu hækkaði mikið.

Hæstv. ráðherra lýsti því áðan að mjög varhugavert væri í samfélaginu, þó að sumar fjölskyldur hefðu greiðslugetu, að greiðsluviljann vantaði. Ég spyr: Er það eitthvað undarlegt miðað við hvaða forsögu mála þegar við horfum á það að venjulegt fólk sem gerði áætlanir sínar í samráði við viðskiptabanka sinn skuli horfa upp á það í dag að viðkomandi banki hafi í rauninni gengið á bak orða sinna um leið og viðkomandi fór út með því að stuðla að því að verðbólgan stórhækkaði með veikingu krónunnar? Því er eðlilegt að réttlát reiði sé í samfélaginu.

Ég sé að hv. þm. Lilja Mósesdóttir er í salnum, sem ég vil þakka fyrir mjög skeleggan málflutning þegar kemur að skuldum heimilanna, enda talar hv. þingmaður í samræmi við ályktanir flokks síns og fylgir trúlega sannfæringu sinni um að skoða eigi einhverja leið til að leiðrétta lán íslenskra skuldugra heimila sem mörg hver sjá ekki fram úr skuldum sínum. Ég vil því spyrja hv. þingmann sem stakk upp á því í gær hvort hún hafi á vettvangi þingflokks síns komið fram með þá hugmynd að við myndum þverpólitíska nefnd sem kæmi að því að skoða hvernig við komum til móts við vanda skuldugra heimila og fyrirtækja, gera a.m.k. tilraun til þess að menn geti skoðað málið og sammælist um einhverja aðgerð. Ég held að þeim tíma sem við verjum á sumarþingi væri ágætlega varið til að fara yfir það hvernig við getum komið til móts við skuldug heimili. Hæstv. fjármálaráðherra tók undir það áðan að rétt væri að ráðast í slíka vinnu. Það hlýtur því að vera formsatriði að flokkarnir sem eiga sæti á Alþingi tilnefni sérfræðinga á sínum vegum í starfshóp til að fara heildstætt yfir þessi mál, því að eins og hv. þingmaður hefur sagt hefur hún lagt fram hugmyndir að öðrum aðgerðum til að koma til móts við heimilin þ.e. annars konar afskriftir. Við hljótum að geta talað okkur niður á einhverja sameiginlega leið í þeim efnum.

Frú forseti. Sú umræða sem við höfum háð hér í dag endurspeglar það að ég tel að hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn meti stöðu heimilanna ekki eins alvarlega og hún er í raun og vil ég vitna til ræðu hæstv. félagsmálaráðherra áðan. Það stefnir í að öllu óbreyttu að 28.500 íslensk heimili verði komin með neikvæða eigin stöðu eða eigið fé undir næstu áramót.

Árið 2010 er spáð áframhaldandi kaupmáttarrýrnun hér á landi þannig að staða fjölskyldnanna mun ekki batna á því ári. Því veltir maður fyrir sér hver staða íslenskra heimila verði þá orðin um mitt ár 2010. Er það þannig, eins og mér finnst að ríkisstjórnin vilji, að við ætlum að láta þetta lulla svona áfram, sjá bara hvað gerist, láta kylfu ráða kasti, að eitthvað detti vonandi ofan af himninum sem muni hjálpa íslenskum heimilum? Eða ætlum við að ráðast í einhverjar raunverulegar aðgerðir til að koma til móts við þennan yfirgengilega vanda sem blasir við okkur? Eðlilegt er að spurt sé.

Það er mikið óþol í samfélaginu gagnvart því aðgerðaleysi sem við höfum þurft að horfa upp á. Hv. þm. Magnús Orri Schram kom hér upp áðan og velti fram þeirri hugmynd hvort verið gæti að það væri Framsóknarflokknum að kenna í ljósi þess að hann hefur lagt fram sínar hugmyndir um aðgerðir í þágu heimila og fyrirtækja, hvort það væri að tefja framvindu efnahagsmála hér á landi að ekki kæmu fram raunhæfar hugmyndir í efnahagsmálum. Mér fannst nokkuð langt seilst hjá hv. þingmanni því það sem við höfum verið að kalla eftir á vettvangi þingsins eru einmitt skoðanaskipti og hugmyndir frá stjórnarliðum um hvort við gætum gripið til einhverra ráða.

Borgarahreyfingin hefur talað um flatan niðurskurð á skuldum heimilanna eða leiðréttingu á verðbólgu síðustu mánaða, við höfum horft upp á sérfræðinga í Vinstri grænum og Sjálfstæðisflokki tala á sama veg, og við framsóknarmenn tölum mjög einarðlega fyrir þessu en það virðist bara vera einn flokkur sem er alveg ákveðinn í því að ekki eigi að koma með fyrirbyggjandi hætti í veg fyrir að tug-

þúsundir íslenskra heimila lendi í verulegum vandræðum verði ekkert að gert, og það er Samfylkingin. Hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, var fljót að slá þessa hugmynd út af borðinu eins og hæstv. ráðherra, Árni Páll Árnason. Er það þannig að flokkur með rétt innan við 30% fylgi eigi að ráða förinni í máli sem þessu þegar fulltrúar flokka sem telja um 70% íslensku þjóðarinnar, sem 70% íslensku þjóðarinnar eru á bak við, geta ekki einu sinni sest niður saman þvert á flokka og rætt þessi mál?

Ég vil spyrja hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, sem er því miður að fara í forsetastól, því verður erfitt fyrir hv. þingmann að svara mér, en mér leikur forvitni á að vita hvort menn séu í raun ekki tilbúnir til að setjast niður og ræða þær hugmyndir sem hafa komið fram. Við megum ekki festast í einhverjum skotgröfum í þessu máli. Það er grafalvarleg staða sem blasir við heimilunum og fyrirtækjunum og eins og ég hef sagt áður, við framsóknarmenn lögðum þessar hugmyndir fram í febrúarmánuði. Þær áttu ekki að verða eitthvert kosningamál og nú í dag er að koma í ljós að það hefði verið betra ef við hefðum gripið til fyrirbyggjandi aðgerða strax í febrúarmánuði til að koma til móts við stöðu heimilanna og fyrirtækjanna frekar en fljóta sofandi að feigðarósi og horfa upp á þá stöðu sem uppi er í samfélaginu í dag, gríðarlegt atvinnuleysi og mikil skuldsetning heimila og fyrirtækja. Í rauninni er alveg óljóst hvað ríkisstjórnin ætlar sér að gera í efnahagsmálum og gagnvart heimilunum og fyrirtækjunum, því miður, og þó er hún búin að vera yfir 100 daga að störfum.

[16:31]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson beindi spurningu til mín og vildi fá að vita hvort tillaga sú sem ég bar fram í gær væri í samræmi við stefnu Vinstri grænna. Ég get upplýst hann um að tillagan um að forsætisráðherra skipi nefnd hagsmunaaðila sem fengið hafa það hlutverk að ræða sig niður á einhvers konar lausn sem væri möguleg og ásættanleg fyrir heimili eða skuldara þessa lands, er komin frá efnahagshópi Vinstri grænna. Það þýðir aftur á móti ekki að flokkurinn hafi það á stefnuskrá sinni.

Ég vil hins vegar vísa í ályktun landsfundar Vinstri grænna frá því núna í mars þar sem segir að flokkurinn vilji leita leiða til þess að leiðrétta þessa verðbólguhækkun fasteignalána. Það er stefna okkar og við höfum rætt ýmsar leiðir innan flokksins til þess að leiðrétta lánin, þó þannig að það muni ekki hafa áhrif á lánshæfismat ríkissjóðs. Við gerum okkur grein fyrir því að niðurfelling eða lækkun á höfuðstóli fasteignalána hjá Íbúðalánasjóði mun þýða útgjaldaauka fyrir Íbúðalánasjóð og það gæti haft áhrif á lánshæfismat ríkissjóðs. Við höfum því, eins og hæstv. fjármálaráðherra minntist á áðan, velt fyrir okkur hvort hægt væri að frysta þessa lækkun höfuðstóls í einhvern ákveðinn tíma eða á meðan heimilin og fyrirtækin eru að vinna sig út úr þessari efnahagskreppu.

[16:33]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni þetta svar. Í ljósi þess að stjórnvöld tala um samráð og að nú sé það gildi samstöðunnar sem verði að vera í fyrirrúmi velti ég fyrir mér hvort hv. þingmaður sé sammála því að við eigum núna að leggjast yfir það vandamál sem blasir hér við þvert á flokka með okkar helstu sérfræðingum. Ég tel að hér sé ekki um að ræða einkamál ríkisstjórnarinnar, það þarf að hafa samráð við stjórnarandstöðuna og aðila á vinnumarkaði líka. Við þurfum að ná einhverri þjóðarsátt um það hvernig við ætlum að koma þessum málum fyrir í framtíðinni.

Eða ætlum við að horfa upp á að 28.500 heimili verði komin með neikvætt eigið fé, að þúsundir Íslendinga þurfi að ganga inn í héraðsdóm, fá skipaðan yfir sig tilsjónarmann sem á að meta hvað viðkomandi fjölskylda á að eyða í hverjum mánuði og síðan að afskrifa skuldir viðkomandi fjölskyldu? Þetta er niðurlægjandi ferli og ég óska þess ekki að öllu óbreyttu, sem allt stefnir í að verði, að við þurfum að horfa upp á að þúsundir Íslendinga þurfi að ganga þessa leið vegna þess að þetta fólk hefur ekkert af sér gert. Þetta fólk tók einfaldlega sínar ákvarðanir fyrir tveimur eða þremur árum í samráði við sína banka. Það varð forsendubrestur í millitíðinni, bankarnir tóku stöðu gegn íslensku krónunni sem hefur valdið því að lán þessara heimila hafa hækkað heilmikið, að við tölum ekki um þau heimili sem tóku gengisbundin lán.

Aftur á móti blasir sú staða við þessum heimilum að oftar en ekki er jafnvel annar makinn orðinn atvinnulaus, börnin fá ekki vinnu samhliða framhaldsskólanámi eða háskólanámi, það hefur algjör breyting orðið á öllum forsendum. Ég spyr hv. þingmann: Er hún reiðubúin til þess að við leggjumst yfir það þvert á flokka hver staða mála er og sjá hvort við getum ekki komið okkur saman um einhverjar aðgerðir til þess að breyta þessu ástandi?

[16:35]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Svarið er mjög einfalt. Ég er tilbúin til þess að fara í samstarf við aðra flokka um að ræða hvernig hægt er að ná niður verðlagshækkun fasteignalána og tel að það sé mjög brýnt að gera það vegna þeirrar miklu óánægju sem er úti í samfélaginu með að það séu fyrst og fremst skuldarar sem eigi að bera byrðar fjármálakreppunnar.

Síðan er það spurning sem þessi nefnd þarf að svara hvort svigrúm er til þess að fara út í þær aðgerðir sem Framsóknarflokkurinn leggur til. Það liggur ekki ljóst fyrir eins og er. Fram hefur komið að við vitum ekki hversu mikið útlánasöfn gömlu bankanna, sem nýju bankarnir taka yfir, muni verða afskrifuð. Við höfum heldur ekki fengið upplýsingar frá Seðlabanka Íslands um hversu alvarleg staða heimilanna er, alla vega hvað varðar greiðslugetu þeirra. Það er því mjög erfitt að segja til um það núna hvað muni koma út úr starfi þessa samráðshóps.

[16:37]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni þessi svör og ég held að hér sé í raun og veru um söguleg tíðindi að ræða, að einn af forustumönnum Vinstri grænna hér á þingi skuli tala svona afdráttarlaust. Það veit á gott að mínu viti ef það er vilji til þess hjá stjórnarflokkunum að við setjumst sam-

eiginlega yfir þessi mál. Við erum að upplifa mjög sögulega tíma, einstaka tíma í sögu lýðveldisins. Það hefur orðið gríðarlegt hrun á sviði efnahagsmála og við þurfum að vera óhrædd við að grípa til óhefðbundinna aðgerða sem ekki hefur verið gripið til áður vegna þess að við höfum aldrei áður horfst í augu við ástand sem þetta.

Ég fagna því yfirlýsingu hv. þingmanns og yfirlýsingu hæstv. fjármálaráðherra. Ég á von á því að við munum leggja fram eitthvert mál hér, a.m.k. sá sem hér stendur, um að stofnað verði til þessa samráðsvettvangs þannig að við getum notað sumarþingið til að ráðast að þeim málum sem máli skipta, þ.e. málefnum heimilanna. Það er hárrétt sem hv. þingmaður benti á að það er vaxandi óþol úti í samfélaginu gagnvart þessu aðgerðaleysi, það er vaxandi óþol gagnvart löggjafarsamkomunni. Fólk krefst þess að við grípum til aðgerða, að við komum fram með hugmyndir og tillögur. Þess vegna held ég að fyrsta verk okkar, þvert á flokka, ætti að vera að setjast yfir þessi mál, skipa okkar færustu sérfræðinga til þess að fara yfir þau, hvað raunhæft er að gera, og kannski að svara spurningunum: Hvað kostar að gera ekki neitt? Hvað mun það kosta íslenskt samfélag ef við fljótum áfram sofandi að feigðarósi? Hvert verður vandamálið þá orðið um áramót?

Við skulum átta okkur á því að þróunin er grafalvarleg og við framsóknarmenn segjum að það þurfi að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða fyrir heimilin og fyrirtækin þannig að við getum risið aftur upp úr þeim rústum sem blasa við okkur í efnahagslífinu.

[16:39]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegur forseti. Þetta hefur verið um margt áhugaverð umræða. Ég þakka Framsóknarflokknum fyrir vaska framgöngu í þessu máli. Þetta er mikilvægt mál, sennilega mikilvægasta málið sem þjóðin stendur frammi fyrir, þ.e. að taka á vanda heimilanna.

Ég vil líka þakka hv. þm. Lilju Mósesdóttur vasklega framgöngu. Hún er kjarkkona að tala upp í vindinn í sínum eigin flokki. Það sést ekki mikið til samfylkingarfólks í dag, það er náttúrlega ástæða fyrir því, en það verður að hafa það.

Þetta hefur verið dagur hins mikla misskilnings í þessari umræðu, menn misskilja mjög hverjir aðra og hvert þeir eru að fara. Hvort þeir gera það viljandi eða ekki skal ég ekki segja um en það er talsvert mikill misskilningur að lækkun á höfuðstóli lána lendi endilega á skattgreiðendum, eins og fram hefur komið gæti hugsanlega einhver hluti af því lent á erlendum kröfuhöfum. En það sem okkur í Borgarahreyfingunni er efst í huga er að ef lækkunin á verðbólguskoti íbúðalána Íbúðalánasjóðs verður færð niður mun sú lækkun að sjálfsögðu ganga alla leið, hún mun ganga í gegnum Íbúðalánasjóð og til þeirra eigenda sem eiga útgefin HFF-bréf Íbúðalánasjóðs.

Fyrir okkur í Borgarahreyfingunni er það mjög mikið réttlætismál að heimilin gjaldi ekki fyrir það — og hér er ekki um einhver einföld efnahagsstjórnarmistök að ræða. Hér er um að ræða blekkingaleik sem fyrri ríkisstjórn stóð í. Fyrri ríkisstjórn var vel ljóst í upphafi árs 2008 hvert stefndi í efnahagsmálum, það hefur komið fram oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Við skulum hafa það í huga að ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks — og það er kannski ástæðan fyrir því að Samfylkingin sést hér ekki nema í mýflugumynd — hélt því leyndu fyrir almenningi í landinu að hér stefndi allt á versta veg í efnahagsmálum. Sú ríkisstjórn fór í blekkingaleiðangur um hinn vestræna heim til þess að reyna að sannfæra útlendinga um að hér væri allt í himnalagi. Hún fór í blekkingaleiðangur hvað eftir annað um Ísland til að sannfæra fólk um að hér væri allt í himnalagi. Hún úthúðaði og hæddist að þeim sérfræðingum sem bentu á að hér gæti orðið hugsanlegt hrun og hvatti t.d. til þess að þeir leituðu sér endurmenntunar í sínu fagi. Það er sú ríkisstjórn sem ber ábyrgð á því að vandi heimilanna er eins og hann er í dag.

Þess vegna er það algjört réttlætismál fyrir almenning í landinu að þetta verði lagað. Borgarahreyfingin krefst þess einfaldlega að sá verðbólgukúfur sem myndaðist í upphafi árs 2008 verði lagaður. Vísitala neysluverðs er mannanna verk, hún er ekki eitthvert lögmál sem kemur af himnum ofan og við óskum þess að vísitala neysluverðs verði færð aftur handvirkt til upphafs ársins 2008 þannig að höfuðstóll íbúðalána lækki sem því nemur. Við viljum líka að íbúðalán í erlendum gjaldmiðlum verði færð yfir í íslenskar krónur og fái sömu meðferð. Þetta er að hluta til samhljóma því sem kemur fram í þingsályktunartillögu Framsóknarflokksins, við róum í sömu átt. Við róum ekki eins hratt og ætlum okkur ekki að róa eins langt en við erum þó að róa í sömu átt.

Sá skilningur hæstv. forsætisráðherra í gær að þetta mundi þýða hundruð milljarða tap ríkissjóðs er rangur og ég hef þegar sagt af hverju það er. Hæstv. forsætisráðherra virðist staðráðin í að halda áfram þeim blekkingaleik sem hún hefur fengið í arf frá forvera sínum. Tapið gengur beint til eigenda lánanna þannig að fjármagnseigendur munu taka á sig hluta af efnahagsáfallinu. Það teljum við vera sanngjarnt því að hér ríkir algjört neyðarástand í efnahagsmálum. Það er neyðarástand á heimilunum og hér hefur orðið efnahagshrun. Þess vegna er dapurlegt að hlusta á hæstv. forsætisráðherra vitna í skýrslu Seðlabankans þar sem Seðlabankinn hafnar þessari aðferð.

Ég vek athygli á því að í skýrslu Seðlabankans segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Sú hugmynd að hægt sé að færa niður höfuðstól lána er ófær.“

Punktur. Það segir ekkert meir. Það er ekki hægt að afgreiða svona vandamál með þessari aðferð. Það er einfaldlega skammarlegt og segir mér meira en margt annað um að það er enn þá ýmislegt að í Seðlabankanum.

Við skulum heldur ekki gleyma því að þær efnahagsaðgerðir sem núverandi ríkisstjórn stendur í eru kokkaðar upp af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og því íslenska embættismannakerfi og þeirri íslensku stjórnsýslu sem var hér við völd þegar allt hrundi og byggði undir allt það kerfi sem hrundi líka. Það er því ekki raunhæft að ætlast til þess að það fólk sem stendur á bak við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sé heilt í gerðum sínum. Það reynir einfaldlega að halda áfram á sömu braut.

Hvað varðar gagnrýni hv. þm. Péturs Blöndals áðan á þessa leið langar mig að beina því til hans, þó að hann sé

ekki hér í bili, að það er ekki alfarið heimilunum að kenna að þau tóku of há lán. Það fór í gang mikið kapphlaup milli Íbúðalánasjóðs og bankanna vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn krafðist þess að bankar veittu íbúðalán. Það sem gerðist í því kapphlaupi var að bankarnir og Íbúðalánasjóður tóku greiðslumatið sem þeir höfðu notað til þess að meta viðskiptavini sína, og hentu því út um gluggann um langa hríð einfaldlega til þess að geta staðist einhvers konar samkeppni um íbúðalán. Það var því kerfið sem brást að einhverju leyti, að sjálfsögðu einstaklingarnir líka, en það er ekki alfarið hægt að velta því yfir á almenning í landinu.

Ég talaði áðan um að þetta væri dagur hins mikla misskilnings. Það er misskilningur um hver vandi heimilanna er, hann er mikill þó að fólk vilji ekki viðurkenna það. Það virðist líka vera misskilningur í gangi, alla vega hjá Samfylkingunni og stórum hluta Vinstri grænna, um hvað norrænt velferðarkerfi er. Ég er svolítið hissa á því að ekki hefur nema einn þingmaður vakið athygli á því að norræn velferðarkerfi byggja á almennum aðgerðum. Þess vegna búa íbúar norræna velferðarkerfa sennilega við bestu lífsskilyrðin í öllum heiminum.

Hér eru í gangi sértækar aðferðir, einstaklingsmiðaðar aðgerðir í anda engilsaxneskra hagfræðinga og efnahagsstefnu þar sem Samfylkingin sækir að sjálfsögðu sína stefnu til breska Verkamannaflokksins og Tonys Blairs. Slíkt er einfaldlega ekki velferðarkerfi, það er ekki hægt að kalla það því nafni, þannig að sú ríkisstjórn sem nú er við völd er einfaldlega ekki velferðarstjórn, hún er ekki norræn velferðarstjórn. Hún er hagstjórn í anda engilsaxneskra markaðslögmála sem gefur lítið fyrir að almenningur og heimilin séu í vandræðum. Ég vil aftur hrósa hv. þm. Lilju Mósesdóttur fyrir að benda á það. Ég áttaði mig ekki á því fyrr en í gær að sú væri raunin, að ríkisstjórnin sem kallar sig norræna velferðarstjórn veit ekki hvað norrænt velferðarkerfi er. Þetta eru því svo sannarlega dagar hins mikla misskilnings.

Niðurfelling á höfuðstóli mundi gefa fólki andrými og von um framtíð. Sú tilfinning að verið sé að gera eitthvað af alvöru til þess að aðstoða fólk breytir mjög miklu. Ég fæ símtöl á hverjum einasta degi og ótrúlegan fjölda tölvupósta sem ég reyni eftir fremsta megni að svara, en depurðin og svartsýnin í þessum símtölum og tölvupóstum sem ég fæ er yfirgengileg. Það er fólk á öllum aldri sem býr við alls konar fjölskylduaðstæður og sér einfaldlega svartnætti fram undan. Það sér enga ljósglætu vegna þess að hér er við völd ríkisstjórn sem hótar oft á dag niðurskurði í velferðarþjónustu, skattahækkunum á fólk sem á ekki meiri pening og hótar því að ekki muni neitt verða gert til þess að aðstoða það við að halda húsnæði sínu.

Vonandi gengur það eftir sem menn hafa verið að tæpa á nú í lok umræðunnar, að stofnuð verði nefnd eða hópur sem vinna muni að þverpólitískum leiðum til þess að leysa þennan vanda. Ef það verður ekki gert horfum við fram á mjög svarta daga.

[16:49]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Þór Saari fyrir ræðu hans. Ég get tekið undir flestallt sem kom fram hjá honum. Það er gríðarleg mikilvægt að það náist almenn sátt, þó svo að ekki séu miklar líkur á því, því miður, miðað við hvernig umræðan hér hefur þróast, sérstaklega af hálfu ráðherra ríkisstjórnarinnar, að það náist sátt um að bjarga heimilunum og gera það strax.

Ég tek undir að það geti verið mjög skynsamlegt að skipa nefnd til að fara yfir þessi mál en það þarf þá að gerast strax, það þarf að gerast einn, tveir og þrír að þessir hlutir séu bornir saman og þeim velt upp. Það gengur ekki að bíða lengur, það getur ekki beðið lengur þegar heimilin og fyrirtækin eru að brenna.

Ég sakna þess að hæstv. félagsmálaráðherra skuli ekki hafa verið við alla umræðuna. Það kann að vera að hann sé að hlusta á skrifstofu sinni, en ég sakna þess að hann skuli ekki hafa verið hér og tekið meiri þátt í umræðunni því að þetta er umræða sem snertir tugþúsundir heimila á Íslandi og því ættu ráðherrar að sýna því aðeins meiri áhuga sem hér er verið að ræða.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og efh.- og skattn.

Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum, fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

[16:51]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum. Ég er 1. flutningsmaður tillögunnar en meðflutningsmenn eru 23 aðrir hv. þingmenn, þannig að það eru óvenjumargir þingmenn sem standa að tillögunni en þeir eru úr tveimur flokkum, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki.

Tillagan var flutt á síðasta þingi og þá var reyndar meiri hluti þingmanna á tillögunni þannig að hefði hún farið til síðari umr. þá hefði hún verið samþykkt. Tillagan gengur út á það að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gæta ýtrustu hagsmuna Íslands í samningaviðræðum sem nú fara fram á vegum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og stefnt er að því að ljúki á aðildarríkjaþingi samningsins í Kaupmannahöfn í desember á þessu ári. Í tillögugreininni segir að ríkisstjórnin skuli sérstaklega tryggja að efni og tilgangur ákvörðunar 7. aðildarríkjaþings rammasamningsins nr. 14/CP.7 um áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabili Kyotobókunarinnar („íslenska ákvæðið“) haldi gildi sínu við samningsgerðina og að svigrúm Íslands til frekari nýtingar sjálfbærra orkuauðlinda á grundvelli „íslenska ákvæðisins“ verði viðurkennt.

Þetta þýðir, virðulegur forseti, að við sem flytjum þessa tillögu teljum að ríkisstjórnin eigi að vinna að því að íslenska ákvæðið haldi gildi sínu og bætt verði við það, þannig að svigrúm Íslands til frekari nýtingar sjálfbærra orkuauðlinda á grundvelli íslenska ákvæðisins verði áfram viðurkennt og bætt verði við það.

Þingsályktunartillaga fór í gegnum umhverfisnefnd á síðasta kjörtímabili og var afgreidd þaðan 6. apríl sl. Þar lagði meiri hluti nefndarinnar til að tillagan yrði samþykkt,

bætti við einum nýjum málslið sem er núna lokamálsliður tillögugreinarinnar. Ekki náðist að afgreiða málið og því er það endurflutt hér, virðulegur forseti.

Ef ég fer aðeins í forsöguna þá er alveg ljóst að ríki heims hafa rætt það um langt skeið, margra ára bil, að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og ríkin hafa reynt að koma sér saman um hvernig eigi að gera það. Það var ákveðið að fyrstu skrefin yrðu tekin af iðnríkjum, Annex I ríkjum svokölluðum, og þau ættu að taka á sig tímasett og tölusett markmið. Þróunarríkin áttu hins vegar ekki að gera það og þó að þau mengi mörg talsvert mikið, og sú mengun sem þaðan kemur fari vaxandi, var ekki talið siðferðilega forsvaranlegt að þróunarríkin tækju á sig slíkar skuldbindingar. Vegna þess að iðnríkin hafa verið að auka svo mikið losun sína og hafa fengið út úr því talsverðan hagvöxt væri eðlilegt að hemja ekki þróunarríkin heldur hemja frekar iðnríkin.

Í Kyoto á sínum tíma þar sem samningurinn hófst og þegar fyrstu samningaviðræðurnar voru í höfn, fékk Ísland plús 10% í losun, sem þýðir að þegar miðað er við þröskuldsárið, sem var 1990, máttu Íslendingar á fyrsta skuldbindingatímabilinu, 2008–2012, losa 10% meira af gróðurhúsalofttegundum en þeir losuðu árið 1990. Sumir töldu að það væri alveg stórsnjallt að fá plús 10%, að mega auka mengun um 10%, en það sáu auðvitað allir sem þekkja til þessara mála að það var algjörlega óásættanleg niðurstaða vegna þess að fyrir 1990 var Ísland búið að hreinsa meira og minna allt hjá sér, við vorum búin að hitaveituvæða, við notum ekki olíu og kol nema í algjöru lágmarki miðað við önnur ríki. Því var þetta þröskuldsár ekkert sérstaklega heppilegt fyrir okkur ef svo má að orði komast. Mörg önnur ríki þurftu ósköp lítið að gera til að standast sínar skuldbindingar af því að ný tækni minnkaði losun þeirra stórfenglega, sérstaklega í austantjaldsríkjum.

Það var því ljóst strax að plús 10% yrðu einungis nýtt til að koma á móti aðeins auknum fjölda bíla og þeirri starfsemi sem venjulega fer fram í hefðbundnu árferði. Því var ákveðið að falast eftir svokölluðu íslensku ákvæði og í gang fóru miklar samningaviðræður og sú er hér stendur tók þátt í þeim. Þeirri samningagerð lauk með því að við fengum viðurkennt svokallað íslenskt ákvæði sem felur í sér að það er viðbótarheimild á útstreymi gróðurhúsalofttegunda, tegundinni CO_2, upp á 1,6 milljón tonn á þessu skuldbindingartímabili. Þetta var eiginlega box sem fengum í viðbót við plús 10%.

Af hverju fékk Ísland þetta? Það er vegna þess að annað var ekki réttlætanlegt. Af hverju segi ég það, virðulegur forseti? Það er vegna þess að hefðum við ekki fengið þetta box, ekki fengið íslenska ákvæðið, hefðum við verið útilokuð frá því að nýta orkulindir okkar til iðjuvera. Það væri algjörlega fráleitt að refsa Íslandi á þann hátt, bæði af hagfræðilegum ástæðum og þeim grundvallarrétti að geta nýtt orkuauðlindir sínar — ekki er verið að refsa Norðmönnum eða öðrum sem dæla upp olíu — fyrir utan það að þetta er líka jákvætt fyrir lofthjúpinn, þetta er gott fyrir umhverfið og gott fyrir lofthjúpinn. Af hverju ætti að neita Íslandi um að framleiða afurðir sem hægt er að framleiða með miklu umhverfisvænni hætti á Íslandi en í þeim ríkjum sem nota kol og olíu til sömu framleiðslu? Þar vísa ég aðallega í álið, að það að framleiða tonn af áli á Íslandi losar 6–8 sinnum minna af gróðurhúsalofttegundum hér af því að við notum vatnsafl eða jarðhita, en sama magn framleitt með kolum og olíu. Það sáu auðvitað allir umhverfisráðherrar sem tóku þátt í þessum viðræðum að það væri algjörlega órökrétt að hindra það að Ísland gæti nýtt vatnsorkuna og jarðvarmann í þessum tilgangi.

Hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson, sem var í stjórnmálum þá eins og nú, sagði um íslenska ákvæðið þegar við vorum að berjast fyrir að ná því fram, að það yrði hlegið út af borðinu, þetta væri svo arfavitlaust að þetta ákvæði yrði hlegið út af borðinu. Það fór nú ekki svo heldur náðist að útskýra fyrir öðrum ríkjum innihald þess og röksemdafærsla okkar náði í gegn. En ég ætla ekkert að draga fjöður yfir það að þetta kostaði mjög mikla vinnu, sérstaklega hjá nokkrum ráðherrum en líka hjá íslenska embættismannakerfinu. Það voru mjög öflugir samningamenn bæði í umhverfisráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu, það komu líka aðilar úr forsætisráðuneytinu að þessu, og þegar allt lagðist á eitt tókst að ná íslenska ákvæðinu í höfn.

Ég tel að það hafi verið mjög merkilegur sigur fyrir Ísland að við náðum þessu í gegn á sínum tíma, lítið land sem er ekki með öfluga utanríkisþjónustu miðað við önnur ríki og ekki mjög mikinn embættismannaflota miðað við önnur ríki. Ég tel að það hafi verið stórsigur að ná þessu ákvæði í gegn og hef alltaf furðað mig á því af hverju vinstri flokkarnir, þ.e. Samfylkingin og Vinstri grænir, lögðust í baráttu gegn íslenska ákvæðinu. Það var alltaf verið að tala um það hér að þetta væri undanþáguákvæði, það væri hræðilegt að Ísland fengi að menga meira og gripið var til röksemdafærslu eins og þeirrar að við værum umhverfissóðar, við værum að menga svo mikið miðað við hvern íbúa. Þetta er algjörlega fráleit umræða.

Ég held að skýringin hljóti að vera sú að inn í þessa umræðu alla blandaðist umræða um virkjanir og að flokkar sem voru á móti virkjunum yfirfærðu andstöðu sína á íslenska ákvæðið og hafa aldrei alveg getað viðurkennt það nema einn og einn ráðherra hefur einstaka sinnum þó getað viðurkennt að ákvæðið sé jákvætt fyrir lofthjúpinn. Menn verða aðeins að klippa þetta í sundur, menn eiga ekki að nota andstöðu sína við virkjun gegn íslenska ákvæðinu og segja að það sé ekki umhverfisvænt, af því að íslenska ákvæðið er umhverfisvænt í sjálfu sér. Við getum svo tekið umræðuna á gagnrýnum nótum um virkjanir almennt en menn eiga ekki blanda þeim við íslenska ákvæðið því að það er jákvætt fyrir lofthjúpinn, það er jákvætt að framleiða með endurnýjanlegri orku ef maður miðar við kol og olíu.

Síðan höfum við nýtt okkur íslenska ákvæðið og nú er komið að því að semja upp á nýtt. Samningarnir fara fram eða lokahnykkurinn verður í Kaupmannahöfn í desember næstkomandi. Sú er hér stendur hefur reyndar mjög miklar efasemdir um að það takist. Það er komin ný ríkisstjórn í Bandaríkjunum og forseti Bandaríkjanna, Obama, hefur komið með nýjar hugmyndir inn í þessi mál og það gæti hugsanlega tafið ferlið. Flutningsmenn þessarar tillögu telja að þó að vissulega sé mjög seint af stað farið núna sé freistandi að falast eftir því að ríkisstjórnin haldi þessum hagsmunum til haga. Ekki er þar með sagt að endilega þurfi að

nýta allt viðbótarákvæðið, sem vonandi næst, ýmsir aðrir hagsmunir geta haft áhrif á það. Sú er hér stendur er alls ekki á þeim buxunum að virkja eigi allar ár sem renna eða neitt slíkt. Ég tel að náttúruvernd sé mjög mikilvæg en við eigum ekki að koma okkur í þá stöðu að þrengja að okkur varðandi nýtingarmöguleikana. Við eigum að hafa opna möguleika á að nýta þessa orku.

Síðustu ríkisstjórnir hafa verið með mjög óljósa stefnu varðandi íslenska ákvæðið og hvert beri að stefna í því sambandi. Ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks var algjörlega klofin í málinu, Sjálfstæðisflokkurinn vildi ræða um íslenska ákvæðið áfram og ná meiru fram þar fyrir næsta skuldbindingartímabil en það vildi Samfylkingin ekki. Það voru miklar deilur um þetta innan þeirrar ríkisstjórnar og hún gat ekki komist að niðurstöðu. Hæstv. utanríkisráðherra, sem tók þátt í þeim umræðum, sat á girðingunni og treysti sér ekki til að kveða upp úr um hvað hæstv. ráðherra vildi á meðan þáverandi hæstv. umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, talaði gegn þessari aðferðafræði en þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, talaði fyrir henni. Sú ríkisstjórn var því algjörlega klofin. Það hefur kannski ekki komið alveg skýrt fram hvað núverandi ríkisstjórn vill í þessu sambandi en ef ég miða við það sem sagt hefur verið áður í umræðunni tel ég nokkuð víst að sú ríkisstjórn sé frekar andsnúin því að reyna að nota sömu hugmyndafræði og nýtt var þegar íslenska ákvæðið náðist.

Við teljum, virðulegur forseti, mjög mikilvægt að þetta mál fari sem fyrst til umhverfisnefndar og fái þar faglega skoðun og verði helst samþykkt af þinginu, á þessu sumarþingi, vegna þess að klukkan tifar og samningaviðræðurnar verða í algleymingi í haust í Kaupmannahöfn. Og þó að það náist ekki saman þar er alveg ljóst að mikill vilji er til þess að ná saman samningi sem fyrst og sú er hér stendur telur reyndar að það sé mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvægt að þjóðir heims geti séð fyrir hvaða lausnir verða nýttar á næstu árum til að hemja losun gróðurhúsalofttegunda.

Það er alveg ljóst að sú er hér stendur og flutningsmenn þessa máls vilja minnka losun gróðurhúsalofttegunda en það á ekki að koma Íslandi í þá stöðu að geta ekki nýtt endurnýjanlegar orkulindir sínar, sérstaklega ekki þegar ljóst er að það er miklu umhverfisvænna fyrir lofthjúpinn að nýta vatnsafl og jarðvarma en kol og olíu sem langflest önnur ríki nota enn þá, því miður. Því er mikilvægt að málið komi hér fram og fái umræðu og svo væri afar æskilegt að ríkisstjórnarflokkarnir eða þeir sem með þessi mál fara fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands í augnablikinu fari að skýra nákvæmlega hvernig þeir ætla að halda á samningaviðræðum okkar.

[17:06]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að hafa mælt fyrir þessu máli en mikill fjöldi þingmanna styður hv. þingmann í þessum málflutningi því að við ræðum hér um mjög stórt mál, mikilvægt atvinnumál til framtíðar og það veitir ekki af á þessum síðustu og verstu tímum að ræða slíkt á Alþingi. Það skiptir miklu máli hvaða veganesti hæstv. umhverfisráðherra ætlar að fara með til Kaupmannahafnar þegar við sem þjóð munum semja um skuldbindingar á þessu sviði.

Ég held í ljósi þess að við búum við atvinnuleysi — það eru 17 þúsund Íslendingar án atvinnu, það er nær engin erlend fjárfesting hér á landi — að það eigi að vera forgangsverkefni núverandi ríkisstjórnar að halda öllum möguleikum opnum. Ég er ekki einn af þeim sem vilja setja álver, svo góð sem þau eru, niður í hvern einasta fjörð á landinu, það er margt annað til en þau. Ég held að þessi ríkisstjórn eigi að skapa svigrúm fyrir íslenska þjóð svo að við getum byggt upp hugsanlega kísilflöguverksmiðju, mögulega hátæknigarða eða gagnaver, starfsemi sem þarf á raforku að halda og útheimtir starfsfólk með mjög fjölbreytilega menntun. Það væri mjög slæmt ef það ákvæði sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir barðist fyrir á sínum tíma og við köllum íslenska ákvæðið yrði — eigum við ekki bara að orða það eins og núverandi hæstv. utanríkisráðherra orðaði það — hlegið út af borðinu í viðræðum núverandi ríkisstjórnar. Það hafði enginn trú á því í stjórnarandstöðunni þá að þáverandi hæstv. umhverfisráðherra Siv Friðleifsdóttur mundi takast að ná þessu íslenska ákvæði í gegn en sú varð nú reyndin á endanum.

Þar sem ég tel mig ekki vera neinn umhverfissóða og horfi á umhverfismál í mjög víðu samhengi vil ég líta á þessi mál út frá hnattrænum sjónarmiðum. Miðað við þá staðreynd að það mengar 6–8 sinnum meira að reka t.d. álver sem gengur fyrir olíu eða kolum hlýtur sú starfsemi að vera mun umhverfisvænni hér á landi en í þeim löndum þar sem slíkt eldsneyti er notað.

Þegar við horfum á stöðu Íslands í samhengi við aðrar þjóðir, þegar reikna átti út frá hvaða forsendum mengunarkvótar hvers lands væru, verðum við að hafa í huga að árið 1990, sem er viðmiðunarárið, vorum við Íslendingar búnir að hitaveituvæða nær allt samfélagið — við erum einstakt land að því leytinu til — á meðan aðrar þjóðir nota olíu og kol til þess að kynda upp húsnæði sitt. Íslendingar eru því mjög umhverfisvænir að þessu leyti og það er horft til Íslands í þessu samhengi sem fyrirmyndarlands vegna þess hvernig við nýtum endurnýjanlega orkugjafa frekar en olíu og kol.

Ég tel því að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, það er mjög mikilvægt fyrir hagsmuni íslensku þjóðarinnar hvernig ríkisstjórnin ætlar að halda á þessum málum. Ég sakna þess að hér skuli ekki vera ráðherrar úr ríkisstjórninni við umræðu um þetta mál. Mér er reyndar sagt, svo að við gætum sanngirni, að hæstv. umhverfisráðherra sé löglega forfölluð, en þetta er stórt mál og ég hefði haldið að í máli sem þessu ættu þingmenn allra flokka að koma að umræðunni því að við ræðum um möguleika Íslendinga í atvinnuuppbyggingu til framtíðar litið.

Ég styð það því eindregið að ríkisstjórnin fari með háleit markmið í þessum málum þannig að við höfum svigrúm til þess að fjölga atvinnutækifærum í framtíðinni. Inn í þessa umræðu hlýtur líka að blandast sú stefna ríkisstjórnarinnar að byggja álver í Helguvík. Það var staðfest og var lögð fram stjórnartillaga um það á síðasta þingi sem allir flokkar aðrir Vinstri grænir stóðu að. Atvinnuuppbygging þar mun á löngu tímabili skapa þúsundir starfa og veitir ekki af ef við horfum til ástandsins í Reykjanesbæ þar sem um 20% atvinnuleysi er í dag. Við getum ekki verið með einhverja

fordóma gagnvart einstaka tegundum af atvinnustarfsemi á þeim tímum sem við lifum nú. Og ef við horfum til framtíðar, horfum jafnvel til uppbyggingar á gagnaverum eða hátæknigörðum, gæti verið hér einhvers konar Silicon Valley þess vegna. Það þarf svigrúm til þess að geta komið nýrri atvinnustarfsemi á fót, það skiptir máli og því vil ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að leggja þetta mál fram. Ég vona að það hljóti mikla athygli í samfélaginu vegna þess að það sem við ræðum um hér eru hagsmunir allra Íslendinga til langrar framtíðar.

Þess vegna tel ég brýnt að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt þannig að umhverfisráðherra, sem kemur úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, hafi það í farteskinu að gæta ýtrustu hagsmuna Íslendinga og viðhalda því íslenska ákvæði sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir barðist fyrir á sínum tíma að kæmi inn og hefur haft veruleg áhrif í atvinnusögu þessarar þjóðar. Ég stend hér stoltur sem fulltrúi Austfirðinga á þingi þegar við minnumst þeirrar miklu atvinnuuppbyggingar sem átti sér stað m.a. á Reyðarfirði með uppbyggingu álversins þar. Það er einstakt að koma á þann vinnustað og borða hádegismat með 300–400 manns sem starfa og borða þar á hverjum degi, margt mjög vel menntað fólk, fólk sem flust hefur austur. Þessi uppbygging hefur blásið þvílíku lífi í fjórðunginn og ég hugsa oft með mér: Hver væri staðan á Austurlandi í dag ef við hefðum ekki barist fyrir þeirri atvinnuuppbyggingu sem við komum þar á fót á sínum tíma því að hún hefur haft heilmikil áhrif á búsetuþróun þar?

Það sýnir sig í þessu máli að við skulum ekki loka neinum dyrum og við skulum horfa til framtíðar, ekki bara gagnvart álverum heldur margs konar framleiðslu sem krefst orku og við útilokum ekkert í þeim efnum. Ef við ætlum að fara í þessar viðræður með það að markmiði að minnka þessar heimildir erum við að skerða möguleika Íslands til framtíðar litið gagnvart því að fjölga hér störfum og að komast út úr þeim efnahagsþrengingum sem hér eru. Við þurfum að auka verðmætasköpunina í samfélaginu til þess að við náum að greiða þá himinháu víxla sem blasa við okkur í kjölfar efnahagshrunsins. Við þurfum að horfa til framtíðar og þetta er að mínu viti mjög framsýn þingsályktunartillaga sem gerir ráð fyrir því að við höldum opnum dyrum í atvinnuuppbyggingu hér á landi og séum ekki með einhverja fordóma gagnvart ákveðnum tegundum af atvinnuuppbyggingu því að við höfum einfaldlega ekki efni á því í dag.

[17:15]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa rætt þetta mál og ekki síst með flutningsmanni málsins sem þekkir þetta betur en margur hver hér á þingi.

Ljóst er að við erum að tala um mjög mikilvægt mál fyrir íslensku þjóðina ef horft er til framtíðar, fyrir atvinnulífið, atvinnusköpun og þá framtíð sem við ætlum að búa fólki og þjóðfélagi okkar.

Ég tek undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar að öll viljum við, öll höfum við skilning á því að minnka þarf losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum og það er mál sem ekkert land, ekki Ísland frekar en önnur lönd, getur látið fram hjá sér fara að fjalla um og taka á af fullri ábyrgð.

Hins vegar er líka mjög mikilvægt að horfa til þess hvernig við komum að því að taka þátt í því mikilvæga starfi, hvað við leggjum til málanna og þar stöndum við mjög framarlega með okkar umhverfisvænu og hreinu náttúruauðlindir sem við viljum nýta og eigum að nýta til þess að skapa atvinnu og leggjast þannig á árarnar með öðrum þjóðum í að minnka losun þessara lofttegunda. Þetta eru mjög miklir hagsmunir, það eru efnahagslegir hagsmunir fyrir okkur að viðhalda þessu ákvæði. Það eru efnahagslegir hagsmunir að því leytinu til að við munum væntanlega þurfa að nýta okkur þær heimildir sem við getum mögulega fengið til þess að halda hér uppi og efla samfélagið á næstu árum og áratugum.

Ég ætla ekki að ræða um einhverjar einstakar tegundir af atvinnu, það er ekki svo. Þetta snýst ekki um það að útvega einhverri atvinnugrein losunarheimild eða eitthvað slíkt. Að mínu viti erum við kannski í raun að tala um einhvers konar varasjóð, að við ætlum að eiga hér varasjóð til þess að hlaupa upp á ef við þurfum á því að halda. Ég sé þetta einhvern veginn þannig fyrir mér og ef ég skil málið rétt. Það hefur sýnt sig að ríkisstjórnin getur vissulega haft og hefur mikil áhrif á hvernig og hvort þær heimildir sem við eigum eru nýttar, ég ítreka það, því að full þörf er á og mjög mikilvægt er að viðhalda því ákvæði og hvet eindregið til að það verði gert.

Í þeirri þingsályktunartillögu sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir mælti fyrir er á mjög greinargóðan hátt rökstutt og útskýrt hvers vegna við eigum að viðhalda þessu ákvæði og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir fór að sjálfsögðu yfir það ágætlega í sínu máli. Það er mjög mikilvægt að tryggja samningsstöðu Íslands á þessum vettvangi, eða segja má frekar samkeppnisstöðu, það er réttara orðið sem ég var að leita að. Við eigum að tryggja samkeppnisstöðu Íslands meðal þeirra þjóða sem nýta auðlindir og eru að framleiða vörur og annað til útflutnings. Við verðum að vera samkeppnishæf og þar megum við ekkert slá af. Við þekkjum öll hvernig ástandið í okkar ágæta landi er í dag hvað varðar fjárhag, atvinnustöðu og annað, þess vegna verðum við að halda þessu opnu og vera reiðubúin að bregðast við. Ég held að mjög mikil skammsýni sé að líta svo á að við getum leyft okkur að láta þetta sigla fram hjá okkur, að við höfum ekki þörf fyrir þetta. Ef við teljum að svo sé er mjög mikilvægt að við komum fram á mjög ábyrgan hátt hvernig við hyggjumst þá byggja upp þjóðfélagið og allt samfélagið til framtíðar.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það að við verðum að halda fram ýtrustu hagsmunum lands og þjóðar í þessu, við verðum að geta nýtt auðlindir okkar til fjölbreytilegs atvinnulífs. Það er ekki rétt að hengja þetta mál eða þessa þingsályktunartillögu, þetta mikilvæga mál, á einhverjar gamlar umræður eða einhvers konar andstöðu við ákveðna hluti sem hafa verið ræddir margsinnis í þessum sal og í samfélaginu. Hér er um að ræða mál sem þarf að horfa á sem lykil eða einn af okkar þáttum í að byggja upp þjóðfélagið til framtíðar. Við eigum að horfa fram á við og við getum tekið fulla ábyrgð á og tekið þátt í að minnka gróðurhúsalofttegundir í heiminum öllum með því að nýta náttúruauðlind-

ir okkar og því megum við ekki slaka á eða gefa eftir með þetta ákvæði. Það er mikilvægt í allri þeirri vegferð.

Umræðu lokið.
Tillagan gengur til síðari umræðu og umhvn.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. efh.- og skattn., 47. mál (brottfall ákvæðis um löggilta aðila). — Þskj. 47.

[17:20]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir litlu máli frá efnahags- og skattanefnd sem hún tók í arf frá efnahags- og skattanefnd fyrra þings, þ.e. þingsins sem var fyrir kosningar, en þá var gengið í lagabreytingar sem lutu að því að örva hér umsvif í viðhaldi með því að auka endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna framkvæmda ýmiss konar í 100%. Með þessu máli er verið að taka inn í endurgreiðslu vegna vinnu tiltekinna fagstétta sem þar urðu út undan, sem eru landslagsarkitektar, innanhússarkitektar og byggingarfræðingar, þannig að virðisaukaskattur vegna þeirra starfa verði einnig endurgreiðsluhæfur og verði því hvetjandi til þess að fólk ráðist í verkefni af þessu tagi til að auka á umsvifin í samfélaginu.

Nefndin flytur málið sem heild og óþarft er að málið gangi til nefndar milli umræðna en nefndin leggur til að það verði að loknum umræðum samþykkt. Málið má finna á þskj. 47.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. HHj o.fl., 30. mál (heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði). — Þskj. 30.

[17:23]

Flm. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir litlu máli sem við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar flytjum saman, auk mín þeir Magnús Orri Schram og Sigmundur Ernir Rúnarsson. Málið er að finna á þskj. 30 en það var áður flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga og kom raunar ekki til 1. umr.

Málið lýtur að breytingu á lögum um lífeyrissjóði, skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og lýtur að því að í þeim lögum er að finna býsna sérkennilegar takmarkanir á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga þar sem í lögunum er sérstaklega kveðið á um að sjóðunum sé bannað að fjárfesta í íbúðarhúsnæði. Það er skoðun okkar flutningsmanna að hér hafi löggjafinn gengið of langt í að takmarka heimildir lífeyrissjóðanna að þessu leyti. Ekki svo að skilja að það sé meining flutningsmanna að löggjafinn eigi að skikka lífeyrissjóði til þess að fjárfesta í íbúðarhúsnæði, það er ekki svo. En við flutningsmenn teljum að full ástæða sé til að treysta lífeyrissjóðunum sjálfum og stjórnum þeirra til að taka ákvarðanir um hvort þeir telja fjárfestingar í íbúðarhúsnæði þjóna hagsmunum sjóðanna, mæta markmiðum þeirra um langtímafjárfestingar og ávöxtun og að ástæðulaust sé að banna sjóðunum slíka starfsemi.

Við vísum til þess að víða í kringum okkur í Norður-Evrópu hafa lífeyrissjóðir talið það vera farsæla leið að nota hluta af því fé sem þeir hafa til fjárfestinga til að fjárfesta í íbúðarhúsnæði, auk þess að ef það er góð fjárfesting fyrir sjóðina getur það haft ýmis jákvæð hliðaráhrif. Mikil umsvif lífeyrissjóða til að mynda í Þýskalandi á fasteignamarkaði hafa m.a. leitt til þess að þar er húsnæðismarkaður ekki jafnviðkvæmur fyrir fasteignasveiflum eða fasteignabólum og við þekkjum hér í okkar samfélagi og auðvitað víða annars staðar á Vesturlöndum og um heim allan raunar á síðustu árum vegna þess að þegar mikið af húsnæði er í eigu stórra fjárfesta og leigumarkaður er þróaður dregur það úr þeim miklu sveiflum sem annars geta verið á fasteignamarkaði.

Eins og ég segi og ég árétta það að hér ekki nein hugmynd um að við eigum að segja sjóðunum fyrir verkum, en telji þeir þetta vera góða fjárfestingarkosti eiga þeir að hafa heimildir til þess. Ég hygg að ástæða geti verið til að ætla að staðan á fasteignamarkaðnum núna og öll þau fjöldamörgu verkefni í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem eru í uppnámi, eru ókláruð og óleyst muni á næstu missirum geta falið í sér sannarlega fjárfestingartækifæri fyrir fjárfesta og að lífeyrissjóðirnir eigi að eiga kost á því að fara í slíkar fjárfestingar eins og aðrir fjárfestar í landinu. Að einhverju leyti hefur löggjafinn væntanlega hugsað að takmarka það að sjóðirnir væru að ráðast í óarðbærar fjárfestingar. Ég hygg hins vegar að atburðir síðustu missira undirstriki það með ótvíræðum hætti að fjárfestingar á öðrum sviðum samfélagsins í atvinnufyrirtækjum, í verðbréfum, í skuldabréfum og á ýmsum slíkum sviðum geta sannarlega reynst miklu ótraustari fjárfestingar en fasteignir þó eru fyrir langtímafjárfesta, eins og lífeyrissjóðina, og geta leitt til mikilla áfalla. Það að hafa þennan valkost getur verið hluti af því að skapa festu og meiri dreifingu í eignasafni lífeyrissjóða.

[17:28]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar að fá örlitlar upplýsingar ef hv. þm. Helgi Hjörvar getur veitt mér þær. Í greinargerð kemur fram að fordæmi þessa séu á Norðurlöndunum og Þýskalandi, og þá fór ég að velta fyrir mér hversu stórir aðilar eða hversu stór hluti á fasteignamarkaðnum er í höndum þessara aðila. Ég velti fyrir mér hvort slíkar upplýsingar liggi fyrir, ef ekki verðum við okkur bara úti um þær fyrir næstu umræðu.

Það sem vekur upp þessar spurningar hjá mér er hvort einhver hætta sé á því að lífeyrissjóðir eða aðili sem er með svona gríðarlega mikið fjármagn og á mikið undir, í t.d. húsnæði, geti orðið mjög ráðandi í verðmyndun á markaðnum, þ.e. að hann geti stjórnað svolítið mikið — eða bara stjórnað því hvernig húsnæðisverð er á hverjum tíma. Þess vegna fór ég að hugsa um hvort á öðrum stöðum sé einhvers konar takmörkun á því eða einhvern veginn komið í veg fyrir það.

[17:29]

Flm. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningarnar. Ég held að þær séu sannarlega allrar athygli verðar, en ég hef ekki handbærar staðfestar tölur að þessu leyti, ég vil því ekki fara með þær. Þetta eru munnlegar upplýsingar frá staðkunnugum mönnum, en ég tel eðlilegt að nefndin kalli eftir því í umfjöllun sinni.

Ég held að hitt sé að sínu leyti rétt að umsvifamiklir aðilar, eins og sjóðir af þessu tagi, geta auðvitað haft ákveðin áhrif á verðmyndun á markaði, en það getur líka orðið til þess að skapa meiri stöðugleika í verðinu á markaði. Auðvitað eru lífeyrissjóðirnir gríðarlega umfangsmiklir í fjármögnun íbúðarhúsnæðis nú þegar en við höfum haft þann háttinn á að þeir hafa fjármagnað bæði Íbúðalánasjóð og eins að talsverðu leyti bankana sem svo aftur hafa lánað fólki til íbúðarkaupa, og síðan hafa þeir sjálfir lánað fólki til íbúðarkaupa. Þeir eru því mjög umfangsmiklir í fjármögnun á fasteignamarkaði nú þegar. Að hafa áhyggjur af samkeppnissjónarmiðum í þessu er vissulega fullkomlega málefnaleg ábending og ástæða fyrir nefndina að gæta vel að þeim sjónarmiðum.

[17:31]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með það að hv. þingmenn Helgi Hjörvar, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Magnús Orri Schram skuli hafa lagt þetta mál fram án þess að ég ætli fyrir fram að móta mér skýra afstöðu í því, því að við eigum eftir að fara yfir kosti þess og galla í umfjöllun efnahags- og skattanefndar. Hér er a.m.k. viðleitni til að koma fram með tillögur sem horfa mögulega til framfara í samfélaginu og eiga hv. þingmenn hrós skilið fyrir það.

Ég vil spyrja hv. þm. Helga Hjörvar hvort hér sé í raun og veru verið að ræða möguleika á að lífeyrissjóðir geti fjármagnað íbúðir fyrir eldri borgara, jafnvel hjúkrunarheimili, hver hugmyndin sé í þeim efnum. Við þekkjum hugmyndir manns sem kenndur er við Góu og heitir Helgi sem hefur talað mikið fyrir því að lífeyrissjóðirnir eigi að beita sér í samfélagslegum verkefnum. Ég skil þetta frumvarp þannig að ekki sé verið að beita neinum lögþvingunum heldur að um væri að ræða heimild til handa lífeyrissjóðunum um að ráðast í slík verkefni.

Ég vil spyrja hv. þingmann af því að við erum komin inn á þessa braut í samfélagsleg verkefni, hvort hann geti tekið undir það að við mundum skoða það í nefndinni að lífeyrissjóðir gætu komið að einkaframkvæmdum til að mynda í vegamálum, ef við tökum sem dæmi framkvæmd eins og Vaðlaheiðargöng þar sem gerðar eru áætlanir og notendur þeirrar þjónustu mundu greiða vegtoll. Í dag er mikil þörf á fjármunum til slíkra framkvæmda, framkvæmda sem munu að öllum líkindum standa undir sér. Við yrðum að veita ríkisábyrgð á slíkar framkvæmdir á endanum en það gæti liðkað fyrir auknum framkvæmdum í samfélaginu. Ég spyr: Telur hv. þingmaður koma til greina að við skoðum slíka opnun í nefndinni að lífeyrissjóðirnir fái slíka heimild?

Ég vil í annan stað spyrja hv. þingmann í ljósi þess að lífeyrissjóðirnir munu að mínu viti gegna lykilhlutverki í þeirri endurreisn sem blasir við okkur og þar liggja gríðarlegir fjármunir inni sem við getum notað til atvinnuuppbyggingar um leið og lífeyrissjóðirnir fá ávöxtun af fjármunum sínum. Við framsóknarmenn lögðum fram þingsályktunartillögu í febrúar sl. um að heimila lífeyrissjóðum gjaldeyrisviðskipti, þ.e. opna á það að lífeyrissjóðirnir megi eiga viðskipti með gjaldeyri og að komið yrði á fót sérstökum uppboðsmarkaði með gjaldeyri í Seðlabanka Íslands. Þannig gætu óánægðir erlendir eigendur hér á landi komið gjaldeyri sínum úr landi en lífeyrissjóðirnir gætu á hagstæðu gengi komið með fjármuni til landsins sem þeir gætu fjárfest í íslensku atvinnulífi. Telur hv. þingmaður að það gæti komið til greina að fara í þessa vegferð? Mér heyrist að það sé kominn ákveðinn hljómgrunnur í það núna ef marka má *Morgunblaðið* í dag en á forsíðu blaðsins segir að nú séu stjórnvöld í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins að skoða akkúrat þetta sem er tillaga sem framsóknarmenn lögðu fram fyrir nokkrum mánuðum síðan og við vildum endilega að þáverandi ríkisstjórn mundi skoða betur en því miður var það ekki gert.

En í ljósi þess hvernig hv. þingmaður fer af stað í starfi sínu sem formaður efnahags- og skattanefndar, og ég vil að það komi fram, þá finnst mér sú byrjun lofa mjög góðu og hv. þingmaður á hrós skilið fyrir það hvernig hann hefur haldið á störfum það sem af er, þar sem hann hefur tekið mjög ríkulega tillit til sjónarmiða stjórnarandstöðunnar. Síðan eigum við reyndar eftir að sjá hver útkoman úr þeirri vinnu verður en mér finnst hv. þingmaður slá nýjan tón að verulegu leyti í því hvernig hann stýrir nefndarfundum. Því kem ég upp í fullri einlægni og spyr hv. þingmann út í þessar hugleiðingar mínar, fyrst spurningar varðandi hlutverk lífeyrissjóðanna, hvort við séum að opna á það að þeir geti byggt hjúkrunarheimili eða íbúðir fyrir eldri borgara. Í annan stað hvort lífeyrissjóðirnir eigi að fá heimild til að koma að einkaverkefnum til að mynda á sviði samgöngumála. Í þriðja lagi hvort hann vilji og telji rétt að við reyndum að létta þrýstingi á íslensku krónuna með því að heimila lífeyrissjóðum viðskipti með gjaldeyri og þannig gætu þeir komið heim með þó nokkra fjármuni á meðan þeir aðilar sem vilja losa fjármuni sína úr landi gætu gert það. Reyndar yrði þá niðurstaðan trúlega sú að lífeyrissjóðirnir mundu fá mjög gott verð fyrir sinn erlenda gjaldeyri þegar heim væri komið.

Þetta eru efnislega þær spurningar sem ég legg fyrir hv. þingmann um leið og ég hlakka til samstarfsins á vettvangi nefndarinnar. Ég tel að við eigum að horfa mjög víðtækt til hlutverka lífeyrissjóðanna á þessum tímum og ég minni á að það hafa verið uppi hugmyndir um að stofna endurreisnarsjóð atvinnulífsins sem lífeyrissjóðirnir mundu koma að. Því miður hefur ekki getað orðið af því og ég segi enn og aftur því miður af því að íslenskt atvinnulíf vantar sárlega fjármagn. Það er algert frost í íslensku efnahagslífi og allt sem getur til framfara horft fyrir íslenskt atvinnulíf mun leiða það af sér að störfum í íslensku samfélagi mun fjölga. Verðmætaaukning mun eiga sér stað og þar með minnkar atvinnuleysi og við getum þá vonandi farið að snúa hjólum efnahagslífsins af stað aftur þannig að við þurfum jafnvel ekki að grípa til viðamikilla aðgerða í ríkisfjármálum, enn meiri niðurskurðar sem mun leiða það eitt af sér að kreppan

verður miklu dýpri en ella. Við þurfum að leita allra leiða til að grynnka þá kreppu sem blasir við okkur. Í því ljósi ber ég fram þessar spurningar til hv. þingmanns.

[17:38]

Flm. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni og góðar undirtektir og jákvæðar við málinu. Ég hlakka til umfjöllunar um það í efnahags- og skattanefnd og er full ástæða til að hafa þar undir víðara svið ef mönnum þykir efni til. Fyrr á tíð voru sjóðunum sett að mörgu leyti kannski þrengri mörk en við eiga nú vegna þess að sumir þeirra voru bundnir við lítil samfélög þar sem menn höfðu á löggjafarþinginu áhyggjur af því að menn yrðu beittir þrýstingi til að fara í óarðbærar fjárfestingar og þess vegna voru settar girðingar þar um. En nú hafa sjóðir sameinast og ná yfir stór landsvæði og hafa slíkan fjölda félaga að þau sjónarmið eiga miklu síður við en áður var og getur verið ástæða til að rýmka um takmarkanir eins og þá sem hér um ræðir.

Hvað varðar spurningar frá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni þá er það vissulega rétt að hér væri sannarlega átt við þjónustuíbúðir fyrir aldraða eins og annað íbúðarhúsnæði en það yrði að víkka málið ef það ætti að ná til þjónustustofnana á borð við hjúkrunarheimili. Ég held að það verði að vera áhersluatriði ef þeim væri beitt að einhverju leyti í slíkum samfélagslegum verkefnum að það yrði engu að síður að vera á þeim forsendum að sjóðirnir hefðu og væru með tryggðar tekjur sem skiluðu þeim bæði fjárfestingunni aftur og hóflegri arðsemi til lengri tíma litið eins og eðlilegt er um fjárfestingar af þessu tagi. Það er gæfa okkar í því mikla efnahagshruni sem hefur orðið hér á landi að hafa fyrir margt löngu tekið ákvörðun um uppbyggingu þessara sjóða og hafa staðið oftast nær býsna þéttan vörð um það að þeir eigi að ávaxta sig og ávaxta sig vel vegna þess að núna þegar áfallið hefur riðið yfir þá búum við að þeim. Ég hygg að við séum sammála um það, ég og hv. þingmaður, að þannig verðum við að halda á málum áfram að þær eignir sem við leyfum sjóðunum að ráðast í fjárfestingar í skili þeim arði þó að þær geti jafnframt verið úrlausn á samfélagslegum verkefnum.

Hvað varðar aðkomu lífeyrissjóðanna að svokölluðum einkaframkvæmdum, t.d. í vegamálum eða öðru slíku, til að auka þrótt í atvinnu- og efnahagslífi á næstu mánuðum og missirum þegar við þurfum á því að halda sem aldrei fyrr, þá held ég að það sé afar jákvætt og raunar afar mikilvægt ef um það gæti tekist sátt og samstaða að fara í slík verkefni.

Hvað varðar hugmyndir um gengismarkað í Seðlabankanum þá vil ég ekki tjá mig sérstaklega um útfærsluna en ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og hef lýst því opinberlega að einmitt núna sé sannarlega tækifæri fyrir sjóðina sem hér starfa og munu starfa um alla framtíð og munu standa fyrir lífeyrisgreiðslum í samfélaginu, að sjaldan hafi verið betra tækifæri fyrir þá og aðstæður til að flytja heim eignir í útlöndum en einmitt við þá stöðu gengisins sem nú er, því miður, og við vonum auðvitað að sem allra fyrst takist að ná niður vöxtum en hér eru jafnframt gríðarlega háir vextir. Og af tvennu er skárri kostur að sá mikli fjármagnskostnaður renni til lífeyrissjóðanna vegna þess að þeir hafi flutt fjármagn heim þegar gengisskráning var hagstæð heldur en að þeir renni til erlendra kröfuhafa. Almennt séð tek ég jákvætt í þau atriði sem hv. þingmaður spurði um og hlakka til umfjöllunar í hv. efnahags- og skattanefnd um þetta mál eins og önnur á yfirstandandi þingi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Fundi slitið kl. 17:43.

---

15. FUNDUR

föstudaginn 5. júní,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
3. Vextir og verðtrygging, frv., 62. mál, þskj. 70. — 1. umr.
4. Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, stjfrv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
5. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 70. mál, þskj. 82. — 1. umr.
6. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 78. mál, þskj. 90. — 1. umr.
7. Virðisaukaskattur, frv., 47. mál, þskj. 47. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.
Svandís Svavarsdóttir umhvrh., 3. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá og tilhögun þingfundar.

[10:30]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Um klukkan hálfþrjú í dag fer fram umræða utan dagskrár um meðferð ríkisbanka á fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum. Málshefjandi er hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Forseti vill vekja athygli á því að gert verður hlé á þing-

fundi milli ellefu og hálftvö í dag á meðan þingflokksfundir verða haldnir og fundir í nefndum.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Vaxtaákvörðun Seðlabankans.

[10:31]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Enn á ný kveð ég mér hljóðs um vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands og vil nota tækifærið og beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra. Það er vart ofsögum sagt að niðurstaða og ákvörðun Seðlabankans hefur valdið verulegum vonbrigðum.

Það vaxtastig sem nú er í landinu mun gera endurreisn alls íslensks efnahagslífs erfiðari og sérstaklega mun það valda því að erfiðara verður með hverjum deginum að fást við fjármál ríkisins. Með því að ekki næst kraftur í íslenskt atvinnulíf dregur áfram úr skatttekjum ríkisins og gatið sem fram undan er stækkar. Það kemur fram í yfirlýsingu og fundargerð peningamálastefnu Seðlabankans frá því í maí sl. að ákveðnar forsendur voru gefnar þegar kom að því að spá fyrir um þróun stýrivaxta og þeirrar ákvörðunar sem tekin yrði í byrjun júní. Þar kemur fram, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Verði gengisþróun krónunnar hagstæð og aðgerðir í fjármálum hins opinbera eins og nú er gert ráð fyrir, væntir nefndin þess að hægt verði að lækka stýrivexti umtalsvert til viðbótar eftir fund nefndarinnar í júní, en gerir ráð fyrir hægari lækkun stýrivaxta eftir það. Lækkun stýrivaxta getur þó aðeins komið til hafi trúverðug áætlun um aðgerðir stjórnvalda varðandi fjármálastefnuna litið dagsins ljós.“

Nú er þróun gengisins þannig að meðalgengisvísitalan 7. maí var 221 stig en 3. júní var hún 222 stig. Með öðrum orðum, óbreytt til þess að gera. Þá stendur eitt eftir: Þróun ríkisfjármála, aðgerðir í ríkisfjármálum. Þess vegna er ástæða til að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvernig stendur á því að Seðlabankinn (Forseti hringir.) kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að lækka stýrivextina þrátt fyrir að gengið hafi haldist með þessum hætti? Er það vegna þess að ekki hafa enn litið dagsins ljós nægjanlega rökstuddar tillögur í fjármálum hins opinbera?

[10:34]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með mörgum öðrum að stýrivaxtalækkun sú sem ákveðin var í gær olli mér miklum vonbrigðum. Ég taldi að það væru góðar forsendur fyrir að fara lengra í vaxtalækkunarferlinu sem var hafið en stýrivextir hafa lækkað úr 18% í 12% sem er verulegt.

Að því er varðar ríkisfjármálin var peningastefnunefnd fullkunnugt um að vinna við þau var á mjög góðu skriði og hefði ekki átt að koma í veg fyrir, ef það var málið, að fara lægra með stýrivextina. Sú áætlun sem við höfum sett fram, að lagðar verði fram tillögur væntanlega í næstu viku og síðar í mánuðinum skýrsla sem sýnir hvernig tekið verði á hallanum á ríkissjóði á næstu árum, stendur allt saman eins og stafur á bók og mun gera. Hitt er annað mál að mér finnst að miðað við þær forsendur sem nú eru uppi ættu að geta verið forsendur fyrir því að peningastefnunefnd mundi ákvarða annan vaxtaákvörðunardag, sem hún getur gert hvenær sem er. Hún hefur ákveðið vaxtaákvörðunardag 2. júlí nk. en mér finnst ekkert óhugsandi að það séu forsendur fyrir því að hún ákveði vaxtaákvörðunardag fyrr.

Peningastefnunefnd var kunnugt um á hvaða leið ríkisfjármálanefndin sem fjallar um þessi mál er í þessu máli og vissi raunverulega hvað þar var verið að tala um. Við gerum okkur vonir um að við náum niðurstöðu að því er varðar Icesave-deiluna. Við gerum okkur vonir um að ná niðurstöðu að því er varðar Norðurlandasamningana. Við gerum okkur vonir um að það sjáist verulegir áfangar í þessum mánuði um að það standist sem við höfum sagt varðandi endurreisn bankanna. (Forseti hringir.) Og ef við förum líka þá leið að ná einhverri niðurstöðu í þinginu um að sækja um aðild að Evrópusambandinu tel ég að hér séu allar forsendur fyrir stöðugleika sem hægt er að byggja áframhaldandi vaxtalækkun á.

[10:36]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Það er einfaldlega ekki nægilega gott að hæstv. forsætisráðherra komi í ræðustól og lýsi endalaust yfir vonbrigðum einfaldlega vegna þess að það stendur upp á ríkisstjórnina, það stendur upp á hæstv. forsætisráðherra að grípa til þeirra aðgerða sem gerir peningamálastefnunefndinni kleift að leggja til frekari vaxtalækkun. Það hefur komið fram að annað af þeim skilyrðum sem sett voru, þ.e. þróun gengis, hefur verið í jafnvægi eins og ég lýsti áðan og það sem meira er, ef menn horfa t.d. á þróun dollarans þá var gengi hans í júní 120 kr. en var 127 kr. í maí. Menn sjá því að þetta skilyrði ætti alla vega ekki að vera til fyrirstöðu. Eftir stendur þetta og ég hlýt líka að spyrja að því: Hvaða upplýsingar eru það sem hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórn hefur farið með til Seðlabankans og gert honum grein fyrir sem ekki hefur verið komið með inn í þingið? Hvernig stendur á því að sömu upplýsingar hafa ekki komið til t.d. fjárlaganefndar og til efnahags- og skattanefndar? (Forseti hringir.) Það gengur ekki að bjóða upp á þau vinnubrögð sem hér er gert.

[10:37]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Út af þessu síðasta veit ég ekki betur en fjárlaganefnd hafi verið kynntar þær meginforsendur sem fjármálaráðuneytið og ríkisfjármálanefndin vinnur eftir að því er það varðar að draga úr hallanum. Það voru einhverjar sambærilegar upplýsingar sem peningastefnunefndin vissi um. En við verðum að athuga það líka þegar við lítum á gengisþróunina frá því að vaxtalækkunin hófst að gengið hefur veikst verulega og skapað verðbólguþrýsting sem hefur komið fram í vísitölumælingum og auðvitað er það, ef þessar breytingar verða á gengi og hækkun verðbólgunnar, ekki betra fyrir heimilin í landinu og fyrirtækin en háir stýrivextir.

Það sem ég hef verulegar áhyggjur af eru þau áhrif sem niðurstaða peningastefnunefndar hefur á þann stöðugleika-

sáttmála sem var í undirbúningi og var á mjög góðu skriði og maður heyrir að þetta er að setja þann stöðugleikasáttmála í uppnám (Forseti hringir.) og það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því. En ríkisstjórnin heldur sannarlega sínu striki í því að leggja fram þær áætlanir sem boðaðar hafa verið í ríkisfjármálum.

Tannheilsa barna og unglinga.

[10:39]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Mig langar til að beina fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra vegna þeirra frétta sem hafa borist að undanförnu um tannheilsu barna og ungmenna. Haft var eftir formanni Tannlæknafélags Íslands fyrir líklega um tveimur vikum síðan að fjöldi þeirra barna sem aldrei mæta til tannlæknis hafi aukist verulega á Íslandi að undanförnu og það sé líklega vegna mikils kostnaðar. Ég er viss um að þessi hópur á eftir að stækka á næstunni í ljósi þess efnahagsástands sem er í samfélaginu. Þess vegna vildi ég gjarnan fá að heyra hvaða hugmyndir hæstv. heilbrigðisráðherra hefur í þessum málaflokki og hvort verið er að vinna að einhverjum tillögum í ráðuneytinu vegna tannlæknamálanna.

Mig langar að nefna eina hugmynd sem ég vil beina til ráðherra sem lýtur að því að endurskoða það fyrirkomulag sem verið hefur á skólatannlækningum. Þá á ég ekki við að taka upp skólatannlækningar eins og við þekktum þær á árum áður heldur einfaldlega það að taka upp markvissara eftirlit í skólum landsins. Þannig væri með tiltölulega litlum tilkostnaði hægt að koma upp tannlæknastólum í nokkrum skilgreindum lykilskólum sem nemendur af tilteknum svæðum sæktu. Tökum dæmi í Reykjavík. Það mætti sjá fyrir sér 4–6 skóla þar sem aðstaða væri fyrir hendi og þaðan væri þjónustan veitt. Þetta væri fyrst og fremst eftirlit, þetta væru ekki tannviðgerðir heldur gætu börnin mætt í skólana og fengið skoðun og ef í ljós kæmi að gera þyrfti við tennur fengi viðkomandi barn bréf heim með sér og foreldrar yrðu þá að grípa til viðeigandi ráðstafana. Þannig væri ábyrgðin ekki tekin af foreldrum en eftirlitið væri inni í skólunum.

[10:41]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á mjög mikilvægu málefni og einnig þakka fyrir ágætt framlag inn í umræðuna. Staðreyndin er sú að almennt búa íslensk ungmenni, börn og unglingar, við góða tannheilsu. Tiltekinn hópur gerir það ekki og það er rétt sem fram kom í máli hv. þingmanns að ýmislegt bendir til að sá hópur fari stækkandi. Við erum að tala um 12–15% barna sem eru afskipt í þessum efnum.

Það sem ég hef gert er að boða til mjög víðtæks samráðs allra þeirra aðila sem að þessum málum koma. Síðastliðinn þriðjudag átti sér stað slíkur fundur í heilbrigðisráðuneytinu þar sem saman komu fulltrúar Tannlæknafélagsins, tannlæknadeildar Háskóla Íslands, fulltrúar skólayfirvalda, fulltrúar sveitarfélaga, fulltrúar frá öllum þeim stofnunum sem að þessu máli koma, Lýðheilsustöð, landlæknisembætti, Barnaverndarstofu, og þar voru ræddar ýmsar leiðir til að fást við þennan vanda. Þess vegna fagna ég þessari hugmynd inn í þá hugmyndapúllíu. Þegar hefur verið boðað til annars fundar í byrjun næstu viku sem verður ívið þrengri. Þar verða fyrst og fremst fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins og frá undirstofnunum. Síðan er ráðgert að efna aftur til víðtækara samráðs á allra næstu dögum vegna þess að í ráði er að setja fram tillögur um leiðir til að ráða bót á þessum vanda. (Forseti hringir.) Tannlæknafélag Íslands og tannlæknadeild Háskóla Íslands hafa staðið fyrir mjög mikilvægu og óeigingjörnu framtaki á laugardögum í sumar og það hefur leitt þennan vanda í ljós svo rækilega að við getum ekki annað en á honum tekið.

[10:43]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir skýr og greinargóð svör við fyrirspurn minni og ég fagna jafnframt því samráði sem hæstv. ráðherra lýsti yfir. Ég er sannfærð um að sú leið sem ég nefndi áðan með þessa útfærslu á skólatannlækningum muni skila sér. Ég hef skoðað þetta nokkuð og reynt að leggja mat á kostnaðinn. Ég held að það sé tiltölulega einfalt og auðvelt mjög víða í skólum landsins að koma upp stólum, t.d. í tengslum við skólahjúkrunarfræðinga, þannig að tilkostnaðurinn ætti ekki að verða mikill. Þetta er fyrst og fremst eftirlit sem við þurfum. Ef eftirlitið leiðir síðan í ljós skemmdir eins og ég sagði áðan er það á valdi og forræði foreldra að fylgja því eftir og fara þá til almennra tannlækna og láta gera við tennur barnanna, vegna þess að því miður eru allt of mörg dæmi um (Forseti hringir.) að börn hafa verið að koma með mjög skemmdar tennur, jafnvel á menntaskólaárum, með tilheyrandi gríðarlegum kostnaði fyrir samfélagið.

[10:45]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Þetta er hárrétt ábending. Ef ekki er gripið til forvarna fellur kostnaðurinn síðar meir af miklum þunga á einstaklingana og á samfélagið. Það þarf að taka á þessu á margþættan hátt.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. þingmanns að ætla má að einhver hluti barna og unglinga sæki ekki tannlæknaþjónustu af fjárhagslegum ástæðum. Síðan eru einnig aðrir þættir: Börn og unglingar eru hreinlega afskipt og eftir að skólatannlækningar, sem voru þó fyrst og fremst hér á höfuðborgarsvæðinu, voru lagðar af fyrir nokkrum árum hefur eftirlitinu hrakað. Það er þó við lýði hjá tilteknum árgöngum.

En þá er spurningin: Hvaða leiðir við eigum að fara? Eigum við að taka aftur upp skólatannlækningar? Eigum við að fara þá leið sem hv. þingmaður nefnir, að samþætta eftirlitið skólahjúkrunarstarfinu? Eða á að fara enn eina leiðina, aðra leiðina, þriðju leiðina, og sjá til þess að tannlæknar (Forseti hringir.) fylgist með tilteknum skólum eða hverfum? Það eru allt leiðir sem eru til umræðu en við stefnum (Forseti hringir.) að því að fá lausn í málið og tillögur á allra næstu dögum eða vikum.

För utanríkisráðherra til Möltu.

[10:46]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Hér fyrir nokkrum dögum vorum við að ræða ferð utanríkisráðherra til Möltu og í orðum fjármálaráðherra kom m.a. fram að ráðherrann væri frjáls ferða sinna. Ég hugsa að við getum öll tekið undir að það er mjög gott að hann skuli vera frjáls ferða sinna. Ef ég man rétt kom einnig fram að hann væri þar á eigin vegum eða það var alla vegana gefið í skyn.

Ég hef óljósar heimildir fyrir því að þar hafi verið með í för starfsmenn utanríkisráðuneytisins og því langar mig að spyrja forsætisráðherra hvort þessi ferð hafi verið á vegum ríkisstjórnarinnar, hvort þetta hafi verið opinber ferð og hver tilgangur ferðarinnar hafi þá verið. Ef það er rétt að starfsmenn utanríkisþjónustunnar hafi verið með í för langar mig til að fá upplýsingar um hver tilgangur fararinnar var.

Það er mjög slæmt ef við fáum misvísandi skilaboð í þinginu um ferðir utanríkisráðherra og hvað hann hefur fyrir stafni t.d. á Möltu. Ef hann er í opinberum erindagjörðum þarf það að liggja ljóst fyrir. Því vil ég spyrja forsætisráðherra hvort ráðherrann hafi verið á vegum ríkisstjórnarinnar, hvert erindið var og hvort það hafi þá komið einhver niðurstaða varðandi erindi hans. Mig langar líka að fá svar við því hvort eðlilegt sé að ráðherrann fari í slíka för í ljósi þess að verið er að ræða um Evrópumál í utanríkismálanefnd. Samkvæmt fréttum voru Evrópumál alla vega eitt af því sem hann ræddi við Maltverja. Það væri ágætt ef forsætisráðherra gæti svarað þessu.

[10:48]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Nú er það svo að ferðir einstakra ráðherra eru ekki bornar upp í ríkisstjórn og lagðar þar fram til samþykktar. Það er hver og einn ráðherra sem ákveður og metur það sjálfur hvaða ferðir hann fer í. Hann metur það út frá þeim hagsmunum sem þar eru í húfi fyrir Ísland hverju sinni og hvort eðlilegt sé að viðkomandi fundir séu sóttir eða í hvaða heimsóknir viðkomandi ráðherrar fara.

Mér var ekki kunnugt um ferð ráðherrans til Möltu eða að þar hafi verið starfsmenn utanríkisráðuneytisins með í för en ég geri ráð fyrir að ferðin hafi verið á vegum utanríkisráðuneytisins. Mér hefur skilist varðandi þessa ferð, án þess að ég hafi haft tækifæri til þess að ræða hana við hæstv. utanríkisráðherra sem kom til landsins seint í gærkvöldi, að í henni hafi utanríkisráðherra m.a. rætt við ráðamenn á Möltu um ýmislegt sem snertir aðild að Evrópusambandinu og reynslu þeirra af því. Ég tel ekki óeðlilegt að ráðherrann ræði slík mál, ekki síst þegar málin eru svo mikið til umræðu hér á landi eins og raun ber vitni.

Ég held að það sé alveg ljóst að bæði þing og þjóð þurfa að fá eins miklar upplýsingar og kostur er varðandi ýmsa þætti aðildarumsóknarinnar þannig að mér finnst þetta ekki óeðlilegt.

Ég tek eftir því að þingmenn hafa áhuga á þessari ferð. Þessari fyrirspurn er í dag beint til mín og mér skilst að nú í vikunni hafi henni einnig verið beint til fjármálaráðherra. Ég tel því eðlilegast að hæstv. utanríkisráðherra sjálfur svari fyrir þessa ferð sína eftir atvikum í þingsal eða í utanríkismálanefnd.

[10:50]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég beindi þessari spurningu til forsætisráðherra þar sem hún er nú höfuð ríkisstjórnarinnar og ber ábyrgð á henni. Það er mjög mikilvægt að fá að vita hvort að þarna fór sendinefnd eða ekki. Mér finnst í rauninni mjög óeðlilegt ef forsætisráðherra veit ekki af því þegar ef utanríkisráðherra fer í opinberar ferðir til að ræða svo stórt mál sem aðild að Evrópusambandinu er. Mér finnst það mjög sérkennilegt ef forsætisráðherra veit það ekki.

Og enn þá sérkennilegra er það ef fjármálaráðherra sem er samstarfsaðili í ríkisstjórn veit heldur ekki af því, eins og mér skildist um daginn, að hann hafi ekki haft hugmynd um að þessi ferð væri á vegum ríkisins. Telur forsætisráðherra að það hafi verið opinber sendinefnd sem þarna fór eða ekki?

[10:51]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa ráðherra á viðeigandi hátt sem hæstv. ráðherra.

[10:51]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég hef nú setið í ýmsum ríkisstjórnum í gegnum árin undir forustu framsóknarmanna og undir forustu sjálfstæðismanna þar sem hefur verið nokkuð um opinberar ferðir í ýmsum tilgangi til ýmissa landa. Ég man ekki eftir því að þessar ferðir hafi sérstaklega verið bornar upp í ríkisstjórn. Málin eru bara einfaldlega með þeim hætti og það eru engar breytingar á hvað varðar þessa ríkisstjórn.

Ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst reynt að sýna aðhald í ferðum og ferðakostnaði eins og á að gera í þeim efnum. Gerðar hafa verið ýmsar breytingar núna á þeim stutta tíma sem ríkisstjórnin hefur setið til að draga úr kostnaði við ferðir. En það er ekkert óeðlilegt við þessa ferð utanríkisráðherra. Þetta er bara með hefðbundnum hætti eins og verið hefur á umliðnum áratugum að einstakar ferðir, hvort sem þær eru opinberar eða ekki, eru ekki ræddar í ríkisstjórninni nema eitthvað sérstakt (Forseti hringir.) sé undir.

Icesave-reikningarnir.

[10:53]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Mig langar að beina spurningum til hæstv. forsætisráðherra þar sem mikið hefur verið í umræðunni undanfarna daga varðandi Icesave-reikninga: Hvenær er fyrirhugað að skrifa undir samninga um Icesave-reikningana? Hver er heildarupphæð, brúttó, Icesave-skuldbindinganna? Og í þriðja lagi: Getur forsætisráðherrann hæstv. lofað þinginu því að samningurinn fái ítarlega þinglega meðferð áður en skrifað verður undir hann?

[10:53]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það hafa nú um nokkra hríð staðið yfir samningaviðræður milli íslenskra stjórnvalda og Hollendinga og Breta. Samninganefndinni stýrir Svavar Gestsson sendiherra. Þetta eru auðvitað erfiðir samningar eins og allir vita og það er stórmál í húfi fyrir hagsmuni íslensku þjóðarinnar og mikilvægt að þarna takist vel til.

Ég hef fylgst nokkuð með þessum samningaviðræðum á ýmsum stigum málsins og ég hygg að menn séu að nálgast hver annan. Að uppi séu hugmyndir sem menn vilja að minnsta kosti ræða og ég met svo að séu þess eðlis að við eigum að skoða hvort við erum komin nálægt því að ná eins viðunandi samningum fyrir Ísland og kostur er.

Ég held að það sé alveg öruggt að náist slíkir samningar gæti verið að til þyrfti að koma ákveðin ríkisábyrgð þar. Þá yrði hún örugglega lögð fyrir þingið til umfjöllunar og afgreiðslu. En með einum eða öðrum hætti kemst niðurstaða í slíka samninga og þá verða þeir að sjálfsögðu ræddir í ríkisstjórn.

Varðandi heildarskuldbindingar er ég ekki alveg með þá tölu á hreinu en ég hygg að við séum að ræða þar um 630 milljarða brúttó. En við verðum líka að taka með í reikninginn, út af falli Landsbankans, að það féllu líka miklar skuldir á Hollendinga og Breta og þar erum við e.t.v. að ræða um 1.200 milljarða kr.

[10:55]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að hafa svarað hluta spurninga minna. Það sem ég vildi gjarnan ítreka og fá á hreint er hvort að samningurinn sem slíkur og allar þær ábyrgðir sem honum fylgja verði kynntar og bornar undir þingið áður en skrifað verður undir eitthvað af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

[10:56]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Samningurinn verður örugglega kynntur öllum þingflokkum áður en gengið verður frá einhverjum samningum.

Fyrningarleið í sjávarútvegi.

[10:56]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það virðist grúfa mikil og vaxandi óvissa yfir mögulegum áformum hæstv. ríkisstjórnar um svokallaðri fyrningarleið. Ég var á ákaflega góðu málþingi í Vestmannaeyjum í gær þar sem fram kom af hálfu formanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis að hann teldi að það ríkti fullkomin óvissa um hvort þessi leið yrði yfir höfuð farin. Það yrði háð mjög mörgum öðrum þáttum sem þyrftu að ganga upp. Varla höfðu þessi orð hljóðnað þegar fulltrúi Samfylkingarinnar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, hv. þm. Róbert Marshall, kom í útvarpið og sagði frá því að það væri vilji hans að fyrningin gæti átt sér stað á þremur árum.

Hæstv. forsætisráðherra greindi frá því á einhverjum fundi eða í ræðu að það væru áform ríkisstjórnarinnar að hefjast handa við fyrningu aflaheimilda strax 1. september á næsta ári. Hins vegar hafa bæði formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sagt að þetta væri ekki svo heldur væri hugmyndin sú að ef á annað borð yrði farið út í fyrningu yrði kynnt áætlun þann 1. september á næsta ári um hvernig farið verður í þetta mál.

Með öðrum orðum ríkir algjör óvissa um hvaða áform eru uppi, hvort menn ætla að fara þessa leið yfir höfuð sem greinilega eru efasemdir um, bæði af hálfu formanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að hæstv. forsætisráðherra skeri úr um þetta mál vegna þess að það er farið að valda mjög miklu tjóni. Það kemur fram í því að fyrirtæki þurfa að fara að segja upp fólki, stöðva starfsemi sína, eins og t.d. fyrirtækið 3X Technology ehf. á Ísafirði sem í fyrsta skipti verður að vera með sumarlokun sem er bein afleiðing af hótun ríkisstjórnarinnar um fyrningarleið.

[10:59]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég held að við verðum að hafa í huga þegar við ræðum sjávarútvegsstefnuna að það hefur engin sátt verið í þjóðfélaginu um þá leið sem farin hefur verið í sjávarútvegi. Staðan er einfaldlega sú að hún hefur breyst hér í þingsal, það er meiri hluti fyrir því að skoða fyrningarleiðina. Það liggur alveg skýrt fyrir í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar. (Gripið fram í.)

Það liggur alveg skýrt fyrir í stjórnarsáttmálanum að menn eru að ræða þessa fyrningarleið og það eru ákveðin ákvæði um hana í stjórnarsáttmálanum. Hitt er annað mál að við höfum átt nokkra fundi með Landssambandi íslenskra útvegsmanna, eina þrjá fundi, þar sem við höfum rætt hvernig á þessu máli verði tekið. Það er fullur vilji fyrir því að allir hagsmunaaðilar komi að borðinu og ég veit ekki betur en að sjávarútvegsráðherra sé að vinna þá hugmynd til þess að athuga hvort einhver sátt geti náðst um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og sjávarútvegsstefnunni.

Ég tel nauðsynlegt að við tökum okkur ekki langan tíma í að reyna að kortleggja stöðuna, greina vandann og þá valkosti sem fyrir hendi eru. Það er nú á borði hæstv. sjávarútvegsráðherra að vinna það. Ég á von á því að á næstu dögum komi erindisbréf frá sjávarútvegsráðherra til allra hagsmunaaðila um að setjast nú að borði og athuga hvort hægt sé að ná sátt í þessu máli. En það er alveg ljóst að með því að setjast að borðinu ýta stjórnarflokkarnir ekki til hliðar þeim hugmyndum sem þeir hafa um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu.

En við viljum skoða alla möguleika í þessu efni, athuga hvort ekki sé flötur á því að ná sátt um málið og höfum í huga að það er engin sátt um fiskveiðistjórnarstefnuna eins og hún er. (Forseti hringir.) Það þarf að breyta henni.

[11:01]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ekki voru þetta nú mjög skýr svör. Það er auðvitað vilji allra að reyna að ná sátt um þetta mál. En það er hins vegar alveg ljóst að það verður engin sátt um

fyrningarleiðina. Það er bara stríðsyfirlýsing gagnvart sjávarútveginum eins og margoft hefur komið fram.

Þess vegna verður hæstv. ráðherra að svara þessu skýrar: Er það hugmynd ríkisstjórnarinnar að setja af stað fyrningu 1. september á næsta ári? Eða er það réttur skilningur á því sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra segir að ef á annað borð verði farin þessi leið verði kynnt einhver áform í þessum efnum 1. september? Hæstv. forsætisráðherra verður að svara þessu miklu skýrar.

Það liggur fyrir vönduð úttekt endurskoðenda á mjög alvarlegum afleiðingum sem þessi leið, ef farin verður, mundi hafa fyrir sjávarútveginn. Það liggur til að mynda fyrir mat forsvarsmanna fyrirtækisins 3X Technology ehf. um að fyrningarleiðin hefði þegar haft þau alvarlegu áhrif sem ég nefndi hér. Skaðinn er því að mörgu leyti skeður. Það skiptir máli að hæstv. forsætisráðherra tali skýrt vegna þess að einstakir þingmenn og fulltrúar og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) tala með þeim hætti að jafnvel eigi að herða á og flýta þessari fyrningu og hafa hana á þremur árum sem mundi auðvitað gera út af við sjávarútveginn. (Gripið fram í.)

[11:02]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að stjórnarflokkarnir gera sér fullkomlega grein fyrir þeirri stöðu sem útgerðin er í núna, fyrir skuldsetningu hennar og fleira. Það verður ekki rasað um ráð fram að neinni breytingu á því sem varðar fiskveiðistjórnarkerfið. (Gripið fram í.) Allir hagsmunaaðilar munu setjast að borði til þess að skoða þær leiðir sem menn hafa uppi. Ég geri ráð fyrir og hef heyrt að útvegsmenn hafa líka ákveðnar hugmyndir um leiðir og breytingar. Við munum auðvitað skoða þær.

Við munum líka fara yfir fyrningarleiðina og leggja fram útreikninga okkar um áhrif af henni að því er varðar sjávarútveginn og einstakar byggðir. Ég held að menn eigi að taka á málum af rósemi. Mér finnst allt of mikil taugaveiklun í kringum þetta sjávarútvegsmál og við bjóðum að allir hagsmunaaðilar setjist nú strax að borði um þetta mál (Gripið fram í.) til þess að fara yfir stöðuna (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) og þá möguleika sem uppi eru. Okkur hefði verið í lófa lagið með meiri hluta hér á þingi að fara bara beint í fyrningarleiðina eins og stendur í stjórnarsáttmálanum. En við viljum byrja á því að tala við hagsmunaaðila og athuga hvort hægt sé að ná sátt um þetta mál. (Forseti hringir.) En fyrningarleiðin hefur ekki verið slegin út af borðinu, svo það sé alveg ljóst.

[Fundarhlé. — 11:03]

Um fundarstjórn.

Staðan í Icesave-deilunni.

[13:31]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég krefst þess að þessum degi verði ekki eytt í einhverja umræðu um samþykki gamalla EES-mála en við tökum hér til umræðu stöðuna í Icesave-málinu og að leynd verði aflétt af því sem kom fram á fundi utanríkismálanefndar í morgun.

Hæstv. fjármálaráðherra lýsti því yfir í þinginu fyrir aðeins tveimur dögum að það væri verið að reyna að koma í gang formlegum samningaviðræðum en þær væru ekki hafnar heldur væru könnunarþreifingar eða könnunarviðræður í gangi. Svo sagði hann, með leyfi forseta:

„Ég held að ég geti fullvissað hv. þingmann um að það standi ekki til að ganga frá einhverju samkomulagi á morgun eða einhverja næstu daga og áður en til slíks kæmi yrði að sjálfsögðu haft samráð við utanríkismálanefnd …“

Hæstv. fjármálaráðherra fór þar með rangt mál, hann sagði þinginu ósatt. Ég krefst þess, hæstv. forseti, að ekki verði rædd önnur mál hér fyrr en þingið hefur fengið tækifæri til að ræða þessi Icesave-mál.

[13:32]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég kem upp til að ræða um fundarstjórn í ljósi þess að við í stjórnarandstöðunni höfum fengið mjög misvísandi upplýsingar um stöðu Icesave-mála og í ljósi þess að hæstv. fjármálaráðherra fór ekki með rétt mál í þinginu í fyrradag. Því vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hún hyggist beita sér fyrir að almenningur fái upplýsingar um hvað stjórnvöld eru að fara í málefnum Icesave-reikninganna þar sem verið er að skuldbinda íslenska þjóð mörg ár fram í tímann um gríðarlegar fjárhæðir. Ég ætla ekki að standa hér lengur, hæstv. forseti, sem fulltrúi almennings og vera með einhvern leyndarhjúp í máli sem þessu. Ég krefst þess að allri leynd af þessu máli verði aflétt. Ég vil heyra það frá hæstv. forseta hvort hún sé ekki reiðubúin til að ganga í lið með okkur í stjórnarandstöðunni til að upplýsa almenning á Íslandi um hvað er í gangi í samfélaginu og að við þingmenn þurfum ekki að lesa allar fréttir fyrst í blöðum og að þær upplýsingar komi (Forseti hringir.) síðast inn í þingsali. Það er algjörlega óviðunandi, frú forseti.

[13:33]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Það er út af sama máli. Það er með ólíkindum að þingmenn skuli vera látnir halda trúnað um mál og það skuli ekki rætt hér þegar ráðherra ríkisstjórnarinnar ræðir það svo í fjölmiðlum. Hér er vísað í frétt á RÚV þar sem var viðtal við forsætisráðherra þar sem hún upplýsir um ákveðna hluti sem virðast vera í þessu samkomulagi sem við megum ekki ræða. Hvers vegna í ósköpunum er þetta með þeim hætti?

Við erum tilbúin til að taka okkar mál sem eru á dagskrá í dag og víkja þeim til hliðar ef ráðherra er tilbúin til að ræða þetta mikilvæga mál. Það er með öllu óþolandi að þessi háttur skuli vera hafður á, en ríkisstjórnin virðist ætla að hafa það sem eftirmæli sín að ganga svona yfir þingið.

[13:34]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil stíga hér upp til að taka undir með þeim sem hafa tekið til máls um mikilvægi Icesave-málsins sem í morgun var kynnt bæði í utanríkismálanefnd og fyrir þingflokkum. Og vegna þess sem fram hefur komið

frá hæstv. forsætisráðherra og eftir atvikum öðrum ráðherrum í ríkisstjórn finnst mér gríðarlega mikilvægt að þingið sé í stakk búið til að tjá sig jafnfrjálslega um málið á grundvelli þeirra upplýsinga sem það hefur fengið og þeir ráðherrar í ríkisstjórninni sem á sama tíma eiga samskipti við fjölmiðla um það.

Auðvitað er augljóst að hér er lagt upp með það að frábærir samningar séu að takast en á grundvelli þess sem kynnt hefur verið fyrir nefndum og þingflokkum er það auðvitað hrein blekking. Samanburðurinn sem á að lýsa þessum frábæra samningi, þessari frábæru niðurstöðu er einhver ímyndaður samningur sem átti mögulega að gera einhvern tíma í vetur sem aldrei stóð til að gera.

Þetta mál þarf að fást rætt í þinginu, (Forseti hringir.) virðulegi forseti, og ég treysti því að forseti beiti sér fyrir umræðu um málið.

[13:35]

Forseti (Þuríður Backman):

Nokkrir fleiri hafa óskað eftir að taka til máls um fundarstjórn forseta og þeir munu komast að. En áður en lengra er haldið vill forseti upplýsa að hún telur sjálfsagt að staðan sem er uppi í Icesave-málinu svokallaða verði rædd í þinginu þó að það sé ekki á dagskrá þingsins í dag eins og eðlilegt má teljast að hafi ekki verið sett þar, og málið verður að sjálfsögðu rætt í sölum Alþingis.

[13:36]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Frú forseti. Eitthvað kannast þingheimur við þau vinnubrögð að málin komi á dagskrá þegar þau eru afgreidd. Það er nákvæmlega þetta sem þingmenn stjórnarandstöðunnar eru að benda á, að við viljum fá málið á dagskrá í dag. Hér er sendinefnd sem er bundin trúnaði, hún hefur hitt þingflokkana, og það er verið að kynna hina „glæsilegu“ lausn sem hæstv. fjármálaráðherra kynnti í fjölmiðlum fyrr í vor, að það væri glæsileg lausn í sjónmáli.

Það er óþolandi hvernig komið hefur verið fram við Alþingi nú á vorþinginu. Hér átti að vera gagnsæi og annað en gögnum er haldið frá þinginu. Hæstv. utanríkisráðherra fer til annarra landa til að semja um eitthvað sem hvorki þing né þjóð er búin að segja álit sitt á eða samþykkja neitt um. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð. Þetta mál verður að komast á dagskrá þingsins í dag.

[13:37]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Það er stutt síðan við vorum að ræða um 20% leiðréttinguna á skuldum heimilanna. Mér reiknast til samkvæmt fréttum RÚV að verið sé að tala um að 25% í Icesave-skuldbindingunum falli á ríkið, um 160 milljarðar, en inni í þessari tölu er ekki vaxtakostnaðurinn. Ef við bætum honum við getum við væntanlega gert ráð fyrir að talan sé einhvers staðar á bilinu 280–300 milljarðar. (Gripið fram í.) 400 milljarðar er leiðrétt hérna. Hæstv. forsætisráðherra benti einmitt á það hér að ríkissjóður mundi nánast fara á hliðina ef leiðrétta ætti skuldir heimilanna um 285 milljarða. Við erum því að gefa Bretum sömu upphæð, nei, meira, næstum því tvöfalt meira, án þess að það sé á hreinu hvort okkur beri lagaleg skylda til þess.

Ég verð að segja það, þó að ég telji mjög mikilvægt að við ræðum lagabreytingu um vexti og verðtryggingu, að að sjálfsögðu hefði átt að vera búið að setja þetta mál á dagskrá þingsins. Það er algjör óhæfa að einhver leynd eigi að hvíla (Forseti hringir.) yfir þessu máli eins og Steingrímur J. Sigfússon (Forseti hringir.) hefur svo margítrekað sjálfur í fyrri ræðum sínum.

[13:39]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég er sama sinnis og þeir sem hafa talað á undan mér. Það er búið að kynna þetta Icesave-mál fyrir Borgarahreyfingunni og af hennar hálfu er það algjörlega óásættanlegt að farið skuli vera með málið sem mannsmorð og það ekki kynnt fyrir þjóðinni. Við gerum þá kröfu til forsætisráðherra að hún upplýsi nú þegar alla þætti málsins fyrir þjóðinni, fyrir kvöldmat í dag, því að þarna er um að ræða hundruð milljarða króna sem munu velta yfir á þjóðina næstu áratugi. Það er algjörlega óásættanlegt að þjóðin skuli ekki upplýst um þetta og það er algjörlega óásættanlegt að forsætisráðherra skuli koma fram í fjölmiðlum í hádeginu og halda því fram — án þess að hún hafi hugmynd um það — að 75% af þessari upphæð muni endurheimtast af eignum Landsbankans. Það er bara ekki vitað, hún fer með rangt mál og hún er að halda áfram sama blekkingarleik og viðgekkst hér (Forseti hringir.) í aðdraganda hrunsins. Það er skammarlegt. Við mótmælum þessu og við krefjumst þess að þetta mál verði tekið á dagskrá.

[13:40]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill áminna hv. þingmenn um að ávarpa þingmenn, forseta og ráðherra með tilhlýðilegum hætti.

[13:40]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Tildrög samningaviðræðna um Icesave-reikningana voru meðal annars þau að Alþingi veitti ríkisstjórninni sérstakt samningsumboð. Það er því eðlilegt að Alþingi geri þá kröfu að áður en skrifað er undir þá samninga hafi farið fram sæmileg og fullnægjandi kynning á málinu. Í dag hafa farið fram ákveðnar kynningar í þingflokkunum sem þó eru þess eðlis að það er ekki vinnandi vegur fyrir þingmenn að mynda sér einhverja sérstaka skoðun í málinu á grundvelli þeirrar kynningar. Þetta er ekkert samráð hér sem hefur verið viðhaft.

Ég tel að það sé ekki nokkur vinnandi vegur að halda áfram með þessa umræðu. Hér eru ekki neinir ráðherrar ríkisstjórnarinnar, örfáir þingmenn stjórnarmeirihlutans, og ég held að það væri rétt, frú forseti, að fresta fundi og kalla hingað þá ráðherra sem eiga að fjalla um þessi mál. Hér er um að ræða svo gríðarlega hagsmuni íslensku þjóðarinnar að það er ekki annað við hæfi en að þeir komi og geri grein fyrir málum.

Við þurfum til dæmis, virðulegi forseti, að ganga úr skugga um hvort það standi til að skrifa undir þessa samninga í dag eða á morgun, eða hvernig standa þessi mál? Við þurfum að fá skýr svör. (Forseti hringir.) Þau svör sem hafa

komið frá hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra eru (Forseti hringir.) í besta falli óljós hvað það varðar.

[13:42]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Við erum vitni að mjög sérkennilegum hlutum. Hér í vikunni er búið að gefa svo vægt sé til orða tekið mjög misvísandi yfirlýsingar varðandi Icesave. Kynnt voru í trúnaði málsatriði í þingflokkum og nefndum. Í hádegisfréttum heyrum við hins vegar forustumenn ríkisstjórnarinnar segja að þeir hafi náð einhverjum stórkostlegum árangri, einhverjum stórkostlegum sigri.

Hvar eru þessir sigurvegarar núna, virðulegi forseti? Hérna? Nei, þeir eru að baða sig í sviðsljósinu og reyna að telja fólki trú um að þeir hafi náð einhverjum árangri. Á sama tíma segja þeir þingmönnum að þeir eigi að halda trúnað um það litla sem þeim var sagt frá. Þetta eru engin vinnubrögð, virðulegi forseti, og það er fyrir neðan virðingu þingsins að forustumenn ríkisstjórnarinnar hagi sér með þessum hætti.

Ég tek undir það sem þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins sagði áðan og það er eðlileg krafa: Frestum fundi (Forseti hringir.) og fáum þessa meintu sigurvegara á svæðið (Forseti hringir.) til að ræða þessi mál.

[13:43]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég held að það sé algjörlega óhjákvæmilegt að gera mjög alvarlegar athugasemdir við það þegar ríkisstjórnarflokkarnir kalla til stjórnarandstöðuflokkana og biðja um trúnað í því sem er að gerast í Icesavedeilunni. Sá trúnaður er virtur. Síðan fara ráðherrarnir sjálfir í fjölmiðla og tala opinberlega um málið. Af hverju er þetta gert, virðulegi forseti? Það er til þess að ríkisstjórnarflokkarnir geti stýrt fjölmiðlaumræðunni um þetta mál. Stjórnarandstaðan á bara að sitja hjá og þegja. Það á að ríkja trúnaður um málið. Þetta er algjörlega fráleitt.

Ég ætla að biðja hæstv. forseta að beita sér í því að kalla þingflokksformenn saman og fara yfir þessa stöðu. Það þarf að fá hæstv. ráðherra hingað til að (Forseti hringir.) ræða málið. Það þýðir ekkert að þvinga stjórnarandstöðuna með þessum hætti meðan þeir gaspra í fjölmiðlum um einhvern (Forseti hringir.) sigur sem enginn er.

[13:44]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi tek ég undir það sem forseti sagði áðan að það er sjálfsagt að ræða þetta mál. Ástæðan fyrir því að við viljum ræða þetta núna, frú forseti, er sú að málið er mjög stórt og það er með ólíkindum hvernig ríkisstjórnin ætlast til að stjórnarandstaðan komi í raun ekki að þessu máli.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að fundi sé frestað. Ég krefst þess að ráðherrarnir komi í salinn og ræði þetta mál við okkur. Ég krefst þess einnig að þeir lýsi því yfir að stjórnarandstaðan geti tjáð sig um þetta mál opinberlega líkt og þeir gera nú út um víðan völl. Þetta er algjörlega óþolandi.

Ég tek líka undir það að fundi sé frestað nú þegar og þingflokksformenn komi saman ásamt forseta til að ræða framgang þessa máls og að loknum þeim fundi verði ráðherrar hér til staðar og haldi áfram að ræða málið.

[13:45]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Starfsaðferðir ríkisstjórnarinnar í þessu máli og öðrum eru fyrir neðan allar hellur. Nú hefur hæstv. fjármálaráðherra tvívegis á skömmum tíma farið með rangt mál í þinginu. Hann hélt því fram að hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson væri í einkaerindagjörðum á Möltu en svo hefur komið í ljós núna að hann var þar í formlegum erindagjörðum með sendinefnd úr utanríkisráðuneytinu. Og fyrir tveimur dögum hélt hæstv. fjármálaráðherra því fram að verið væri að reyna að koma í gang formlegum samningaviðræðum, þær væru ekki hafnar í Icesave-málinu.

Svo erum við kölluð saman hér í morgun og okkur kynnt niðurstaða sem við megum ekki tjá okkur um en á meðan ætlar ríkisstjórnin að útskýra málið frá sínum sjónarhóli með eintómum blekkingum, frú forseti. Ég fullyrði að það sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa haldið fram í fjölmiðlum í dag eru blekkingar. Ég krefst þess að fundinum verði frestað þangað til ríkisstjórnin kemur hér og svarar fyrir þetta. Í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur tjáð sig um málið nú þegar lít ég svo á að trúnaði verði aflétt hafi hann ekki verið áréttaður fyrir klukkan fimm í dag.

[13:47]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég ítreka kröfur þeirra þingmanna sem hafa staðið í ræðustóli á undan mér. Ég vil vitna í nokkur orð sem komu fram í orðum hv. þingmanna Vinstri grænna í umræðunni einmitt um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu. Þar töluðu þeir um fyrrverandi ríkisstjórn, að hún hefði látið kúgast, að hún hefði kysst á vöndinn, og þeir ætluðu svo sannarlega ekki að gera það sama.

En hvað sjáum við hér? Ríkið ætlar að styrkja Breta um þennan pening án þess að bera neina lagalega ábyrgð. Þetta kemur meira að segja fram í ræðum hv. þingmanna Vinstri grænna. Samningaviðræðurnar núna virðast hafa gengið út á það að ekki var verið að semja um hvort við ættum að borga eða hversu mikið heldur einfaldlega hvernig við ættum að borga. Ég verð bara að segja án þess að vera nokkur hlátur í huga að mér þykir þetta jaðra við landráð.

[13:48]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Það sem okkur var kynnt í morgun í trúnaði lítur út fyrir að verða ein stærsta fjármálalega skuldbinding sem Íslendingar hafa nokkru sinni undirgengist. Við megum ekki ræða það sem við þó vitum en það sem er alvarlegast er að með því að við erum bundin trúnaði er verið að gefa í skyn að við skiljum og vitum forsendur þessa samnings sem við gerum alls ekki. Búið er að kynna fyrir okkur eitthvert smælki og það hefur ekki verið gert er óhætt að segja á trúverðugan hátt.

Við verðum að fá að vita meira um hvað felst í þessum samningi, á hvaða forsendum hann byggir, vegna þess að þarna er verið að setja á okkur gríðarlega mikla framtíðarskuldbindingu og um það hversu há sú skuldbinding er ríkir gríðarlega mikil óvissa.

[13:49]

Forseti (Þuríður Backman):

Sex þingmenn hafa óskað eftir að ræða frekar um fundarstjórn forseta. Áður en lengra er haldið vill forseti upplýsa í framhaldi af því sem forseti sagði áður að að sjálfsögðu verður farið yfir þetta stóra mál í sölum Alþingis. Forseti hefur einnig komið skilaboðum til viðkomandi ráðherra sem með málið fara um þá umræðu sem hér hefur farið fram svo því sé til haga haldið.

[13:50]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Til hvers erum við hér? Hver kaus okkur á löggjafarsamkomuna fyrir nokkrum vikum síðan? Núna þegar við erum bundin trúnaði af einni mestu skuldbindingu sem Íslendingar hafa undirgengist í lýðveldissögunni hlustum við á ráðherra í ríkisstjórninni tala eins og ókrýndir sigurvegarar um að þeir hafi unnið einhver stórkostleg afrek. Það er fölsun.

Það er eðlilegt, frú forseti, að orðið verði við þeirri kröfu okkar stjórnarandstæðinga — vegna þess að ekki sjást stjórnarliðar við þessa umræðu — að fundinum verði frestað þannig að forustumenn þingflokkanna geti talað saman á viðeigandi vettvangi þannig að Alþingi sé sómi sýndur og þingmenn axli þá ábyrgð sem þeir voru kjörnir til, að fjalla vandlega um málið. Við megum ekki einu sinni tjá okkur um þessi mál en þó (Forseti hringir.) heyrum við ráðherra í ríkisstjórn Íslands tjá sig mjög fjálglega um þetta. (Forseti hringir.) Þetta er algjörlega óviðunandi, frú forseti, og þingið setur niður ef ekki á að grípa til einhverra aðgerða hér (Forseti hringir.) og kalla formenn þingflokkanna saman. Ég spyr enn og aftur, frú forseti: (Forseti hringir.) Ætlar forseti þingsins ekki að gera hlé á fundi Alþingis til að forustumenn þingflokka (Forseti hringir.) geti a.m.k. talað saman um málið?

[13:51]

Forseti (Þuríður Backman):

Ég bið hv. þingmenn um að virða ræðutíma sem er tvær mínútur.

[13:51]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Komið hefur fram hjá virðulegum forseta að ræða eigi þetta mál í þingsölum. Gott og vel. En við þingmenn þurfum að fá að vita hvenær stendur til að skrifa undir þetta samkomulag. Við viljum að það sé möguleiki fyrir okkur að fara yfir málið áður en til slíkrar undirritunar kemur. Ég hlýt því að spyrja virðulegan forseta: Getur forseti tryggt að sú umræða fari fram áður en skrifað verður af hálfu íslenska ríkisins undir þennan samning sem er búið að ræða?

Ég tel líka og tek undir með þingmönnum sem hér hafa talað að það er algjörlega óásættanlegt fyrir Alþingi Íslendinga að menn gangist undir trúnað um upplýsingar og fylgist síðan með því þegar ráðherrar tjá sig um þau mál eins og enginn trúnaður sé. Þetta eru ekki vinnubrögð sem við getum sætt okkur við. Ég tel að virðulegur forseti eigi að hafa forgöngu um að stöðva þessa þróun, stöðva (Forseti hringir.) þessa umræðu, kalla viðkomandi ráðherra til (Forseti hringir.) þingfundar þar sem við getum rætt þessi mál á jafnréttisgrunni. (Forseti hringir.) Þetta gengur ekki svona.

[13:53]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim þingmönnum sem hafa talað í dag og krafist þess að fundi sé frestað þannig að formenn þingflokka geti rætt þetta mál og komist að því hvort draga muni til tíðinda í dag í þessu máli. Sú lauslega reifun sem þingflokkarnir fengu í dag á málinu er alls ekki fullnægjandi. Þetta er eitt stærsta mál sem komið hefur fyrir Alþingi Íslendinga varðandi fjárhagslegar skuldbindingar og það er ekki samboðið virðingu Alþingis eða þeirra sem hér sitja og eru kosnir hingað inn af þjóðinni að fá engar upplýsingar í slíku máli og heyra um það í fjölmiðlum sem á að gæta trúnaðar um.

Þetta eru ekki vinnubrögð sem ég taldi að ég mundi upplifa á þinginu. Þetta er ekki til sóma fyrir íslenska ríkisstjórn og þetta er ekki í samræmi við þau vinnubrögð sem lofað var í kosningabaráttunni af þeim flokkum sem skipa ríkisstjórnina að hér yrðu viðhöfð.

[13:54]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Hér er til umfjöllunar eitt mikilvægasta mál sem Ísland hefur staðið frammi fyrir í mjög svo langan tíma, ef nokkurn tíma. Til stendur að skuldbinda þjóðina verulega og um það hvílir hvílík leynd að annað eins hefur ekki heyrst. Rétt þegar þingflokksfundum var lokið þar sem fram hafði komið að trúnaður þingmanna yrði að vera skýr kemur hæstv. forsætisráðherra í fjölmiðla og talar sig hása um það sem okkur hafði áður verið sagt að trúnaður yrði að gilda um. Þetta eru náttúrlega algjörlega fáránleg vinnubrögð sem kemur ekki til greina að verði liðin á Alþingi.

Það er mjög athyglisvert að ekki einn einasti ráðherra hefur áhuga á því að vera í þinginu að ræða við stjórnarandstöðuna um þetta mikilvæga mál. Stöku stjórnarþingmaður er hér lúpulegur í salnum. Það kemur ekki annað til greina, frú forseti, en að þingfundi verði frestað þegar í stað og fundur verði kallaður saman með formönnum þingflokka til að leita leiða til þess að þetta mál verði rætt þegar í stað. Þetta er ekki mál sem á að taka upp á þinginu þegar búið er að ganga frá því.

[13:55]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil koma upp enn á ný og biðja hæstv. forseta um að beita sér í því að við fáum að ræða þetta mál opinskátt. Það gengur ekki að ríkisstjórnarflokkarnir biðji stjórnarandstöðuna um trúnað en hlaupi svo sjálfir í fjölmiðla til að afvegaleiða umræðuna. Þar kemur

bara annað sjónarmiðið fram. Þetta kallast að spila ekki „fair play“, ekki réttlátan leik. Það er ósanngjarnt að gera þetta svona.

Menn hafa fallið í þessa gryfju áður. Hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon sagði fyrir ekki svo löngu síðan að það væri að koma glæsileg niðurstaða í Icesave-deiluna en þurft svo að draga það til baka og biðjast afsökunar og segja: „Þessi niðurstaða getur aldrei orðið glæsileg.“

Núna segir hæstv. forsætisráðherra að það sé að koma niðurstaða sem sé miklu betri (Forseti hringir.) en menn áttu von á. Hvílíkt og annað eins. (Forseti hringir.) Ég bið hæstv. forseta um að beita sér í því að þingflokksformenn komi saman og fá ráðherrana hingað til að ræða þá stöðu sem upp er komin.

[13:57]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég verð að segja það fyrir mína parta að þetta er dapurleg uppákoma sem á sér stað núna. Búið er að fara yfir það hér að það var fundað og reifuð kynning fyrir þingflokkum stjórnarandstöðunnar á stöðunni sem væri í þessu máli og menn beðnir um að halda trúnað. Hvað gerist svo þegar menn eru að ræða það í mínum þingflokki að halda trúnað og gera það með sóma og halda sig frá fjölmiðlum? Þá kveikir einn á útvarpinu og spilar viðtal við Jóhönnu Sigurðardóttur, hæstv. forsætisráðherra.

Ég velti fyrir mér: Er þetta akkúrat það sem ríkisstjórnin hefur verið að boða? Þetta er nákvæmlega það sem hún hefur sagt allan tímann. Þetta er hin opna lýðræðislega stjórnsýsla sem hún boðar. Þetta sýnir sig enn og aftur, við heyrum um þetta í fjölmiðlum, það er talað um þetta í blöðunum og útvarpinu. Þetta er algjörlega óviðunandi. Ég skil ekki við svona uppákomu af hverju forseti frestar ekki fundi og kallar saman formenn þingflokkanna (Forseti hringir.) og fer yfir stöðuna.

[13:58]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég tek fyrst og fremst til máls til að benda hæstv. forseta á að ég tel að það sé í rauninni þýðingarlaust að halda þessum fundi áfram meðan ekki fæst úr því skorið hvort við fáum Icesave-málið á dagskrá í dag eða ekki. Það er alveg ljóst að hér er um að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir íslensku þjóðina, eitthvert stærsta málið sem þingmenn þurfa að taka afstöðu til á þessu ári, þessu kjörtímabili jafnvel. Þetta eru gríðarlegar skuldbindingar langt fram í tímann sem um er að ræða og þegar við horfum á þá dagskrá sem liggur fyrir er þar ekkert mál sem ekki má bíða, ekki má víkja til hliðar um stundarsakir til að taka þetta gríðarlega mikilvæga mál á dagskrá. Ég held að það væri miklu meiri bragur á því ef hæstv. forseti gerði hlé á þingfundi þannig að þingflokksformenn gætu rætt saman um fyrirkomulag þessara mála. Ég vil ítreka þá kröfu sem hér hefur komið fram um að við fáum umræðu um Icesave-málið í dag. (Forseti hringir.) Einhvern tíma í framtíðinni er ekki nóg.

[13:59]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Í ljósi ummæla hæstv. forsætisráðherra í hádegisfréttum í dag, á sama tíma og þingflokkar stjórnarandstöðunnar fengu reifaða kynningu á hugsanlegum mögulegum samningum um Icesave og eru beðnir um trúnað um það sem fram kom í því reifaða máli, er algjörlega ljóst að annað tveggja hefur gerst, að hæstv. forsætisráðherra hefur einfaldlega brotið trúnað eða að orðið trúnaður hefur aðra merkingu á þeim bæ en á að gilda hjá þingflokkum stjórnarandstöðunnar. Í ljósi þess, frú forseti, er það einlæg ósk mín að forseti fresti fundi og kalli þingflokksformenn á sinn fund og farið verði yfir þessi mál vegna þess að sá trúnaðarbrestur sem kominn er upp á milli stjórnarandstöðu og hæstv. forsætisráðherra er óásættanlegur.

[14:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég fer fram á það, og tek undir með öðrum þingmönnum, að forseti fresti fundi. Og svo maður tali bara um hlutina eins og þeir eru, þetta er gersamlega fráleitt. Við erum með dagskrá með einhverjum málum — með fullri virðingu fyrir þeim — sem ekkert liggur á, ekki neitt, og hér erum við með stærstu skuldbindingar Íslandssögunnar sem búið er að kynna í fjölmiðlum af ráðherrum sem báðu stjórnarandstöðuna um trúnað um það mál sem þeir eru svo að tala um í fjölmiðlum. Og þeir tala um sigur og þeir leyfa þeir sér það, virðulegi forseti, að vera svo allt annars staðar. Þeir eru búnir að láta að því liggja að það verði jafnvel gengið frá þessu máli mjög hratt.

Virðulegi forseti. Forseti er forseti alls þingsins og hér er um heiður þingsins að ræða. (Forseti hringir.) Ætlast forseti virkilega til þess að við göngum til hefðbundinnar dagskrár þegar þessar fregnir hafa borist? (Forseti hringir.) Er það virkilega svo, virðulegi forseti?

[14:02]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að koma upp enn einu sinni vegna þess að þessi skilaboð hljóta að vera komin til skila, en þar sem það eru engin viðbrögð held ég að rétt sé að tæpa aðeins á þessu máli og setja það í samhengi. — Ég sé að hv. þm. Róbert Marshall horfir á mig. — Þær skuldbindingar sem verið er að tala um að skrifa undir eru tvöfaldar skuldir alls sjávarútvegs á Íslandi. Það væri gaman að heyra hv. þingmann koma upp og tjá sig aðeins um þetta samhengi sem hann vill með þögn sinni hér raunverulega samþykkja.

[14:03]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil koma í þennan ræðustól til að bera aðeins blak af ríkisstjórninni því að það er ekki rétt sem hér hefur verið haldið fram að þetta séu einstæð vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þetta eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, svona eru þau. Þau eru nákvæmlega þessi: Það er mjög einbeittur vilji hjá ríkisstjórninni til að sniðganga þingið og það er auðvitað það sem verið er að sýna

með þessu máli hérna.

Nú háttar svo til að í hliðarsal er tölva og í tölvunni getum við núna lesið nákvæmlega allar upplýsingar um greiðslukjör og þess háttar hluti sem snúa að þessu máli en þingmenn geta ekki rætt þessi mál efnislega. Hæstv. forsætisráðherra gerði það í útvarpinu í hádeginu meðan við hin, þingmennirnir, erum að ræða þessi mál undir trúnaði en hæstv. forsætisráðherra rýfur þann trúnað með þessum hætti. Þetta eru auðvitað ótrúleg vinnubrögð en algjörlega í samræmi við það sem maður á að venjast af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þ.e. einbeittur vilji til að sniðganga þingið og ganga fram hjá því, líka í svona stórum málum.

[14:04]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég vil hnykkja á því sem hér hefur komið fram áður að það er krafist trúnaðar af þingmönnum um þetta mál. Á sama tíma fara ráðherrar í fjölmiðla með málið og leggja það rangt upp. Þeir eru að blekkja þjóðina í fjölmiðlum um þetta mál og það er algjörlega óásættanlegt.

Hæstv. forsætisráðherra tók þátt í þeirri ríkisstjórn sem blekkti þjóðina í átta mánuði um hvert stefndi með efnahagsmálin. Þetta er ítrekaður einbeittur brotavilji hjá forsætisráðherra Íslands að blekkja þjóðina og blekkja þingið. Þetta er óásættanlegt og ég fer einfaldlega að krefjast þess að þetta fólk víki af þingi og segi af sér. Það er ekki hægt að bjóða þjóðinni upp á það að vera með ráðamenn sem haga sér með þessum hætti. Þetta er nánast glæpsamleg athöfn sem hér fer fram, það er verið að skuldbinda þjóðina áratugi fram í tímann upp á nærri því 700 milljarða a.m.k. En þessar upplýsingar eru lagðar rangt upp í fjölmiðlum (Forseti hringir.) af forsætisráðherra og ég vil fá hana hingað niður eftir (Forseti hringir.) til að ræða mál og útskýra fyrir þinginu hvað henni gengur eiginlega til.

[14:06]

Forseti (Þuríður Backman):

„Hvað hæstv. forsætisráðherra gengur til“, vildi hv. þingmaður segja. Ég áminni enn og aftur hv. þingmenn um að ávarpa þingmenn, ráðherra og forseta með réttum hætti.

[14:06]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Hér er logið að okkur dag eftir dag og það er sárt. Við fáum einhverjar upplýsingar, við fáum ekki að vita nærri því nógu mikið, okkur eru skammtaðar upplýsingar og fólkinu í landinu er líka skammtaðar upplýsingar og hlutirnir fegraðir.

Við þurfum að fá ítarlegar upplýsingar til að fá niðurstöðu í þetta mál, við þurfum að skoða það frá fleiri hliðum. Það gengur ekki að farið verði með þetta lengra án þess að þjóðin fái að segja sitt um það.

[14:07]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Enn vil ég ítreka þá kröfu sem fram hefur komið í dag hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar að þessum fundi verði frestað og það rætt í þeim hópi hvenær þetta mál verði tekið á dagskrá. Ég hef þá skoðun að það verði að vera í dag.

Er að draga til tíðinda í dag í þessu máli? Þingheimur verður að fá svör við því. Málið er það stórt og fjárskuldbindingarnar það miklar að það nemur, svo við setjum það í samhengi, ellefuföldu menntakerfinu, þ.e. rekstri menntakerfisins í 11 ár. Hvað vill hv. formaður menntamálanefndar segja um þetta? Finnst henni eðlilegt að við ræðum þetta ekki hér í dag?

Ég krefst þess, frú forseti, að fundi verði frestað og formenn þingflokka kallaðir saman.

[14:08]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég ætla, með leyfi forseta, að fá að lesa hér frétt af mbl.is. Fyrirsögnin er: Icesave-lán til sjö ára á 5,5% vöxtum.

„Íslenska ríkið þarf ekki að byrja að greiða af höfuðstól láns sem Bretar veita því vegna Icesave-deilurnar fyrr en eftir sjö ár.“ — Á þeim tíma þarf þó að greiða vexti af skuldabréfi sem gefið verður út með ríkisábyrgð. — „Heildarskuldbindingar Íslands vegna Icesave verða upp á 650 milljarða króna samkvæmt samkomulaginu og vextirnir 5,5 prósent á ári, samkvæmt heimildum mbl.is.“

Þessi frétt er lengri, virðulegur forseti. Þetta er nákvæmlega það sem þingmönnum var kynnt í morgun og við vorum beðin um að gæta trúnaðar sem við höfum virt. Við höfum kallað eftir því, og ég tek undir með þeim sem hér hafa talað, að fá að ræða þessi mál á Alþingi við hæstv. ríkisstjórn. Nei, hæstv. ríkisstjórn kýs að koma þessu fyrst á mbl.is en vill ekki ræða málið á Alþingi.

[14:09]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað sérkennileg umræða. Hér höfum við stjórnarandstæðingar ítrekað komið með skýrar kröfur um að fundi verði frestað og efnt til formannafundar þingflokka til að komast að niðurstöðu um það hvernig haga beri dagskránni í dag. Það er ljóst að það eru allt aðrar forsendur uppi en þegar sú dagskrá var samin sem hér liggur fyrir. Það er komið á dagskrá í þjóðfélagsumræðunni stórmál sem varðar okkur öll, Íslendinga. Það eru atburðir að gerast í dag sem taka þarf afstöðu til. Ríkisstjórnin ætlar að haga því þannig að þingið fái hugsanlega að ræða málið einhvern tíma seinna, ekki í dag, ekki þegar ákvarðanir eru teknar eða atburðirnir eiga sér stað heldur eiga menn að geta tjáð sig um þetta löngu síðar.

Það er athyglisvert að þeir fáu hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna sem hafa sést í þinghúsinu hafa verið mállausir. Reyndar virðist einn hafa raknað úr rotinu, hv. þm. Róbert Marshall, sem hefur beðið um (Forseti hringir.) orðið og mun væntanlega skýra sjónarmið ríkisstjórnarinnar á eftir. En þetta eintal okkar stjórnarandstæðinga endurspeglar auðvitað þá miklu óánægju og miklu reiði sem er meðal þingmanna vegna þeirra (Forseti hringir.) vinnubragða sem ríkisstjórnin og því miður hæstv. forseti sýna í þessu máli.

[14:10]

Forseti (Þuríður Backman):

Eins og forseti gat um áðan eða greindi frá fyrir stuttri

stundu kom forseti þeirri umræðu og beiðnum sem hér hafa komið fram til viðkomandi ráðherra ríkisstjórnarinnar sem fara með þessi mál og hefur þannig orðið við því.

[14:11]

Þráinn Bertelsson (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að ríkisstjórnin skuli hafa rofið sinn eigin trúnað í viðtölum við fjölmiðla núna í hádeginu vegna þess að það trúnaðarmál sem var kynnt fyrir þingflokkunum fyrir hádegi lít ég ekki á sem trúnaðarmál heldur ógeðfellt leynimakk og pukur. Það er íslenska þjóðin sem á að taka á sig þær skuldbindingar sem um ræðir í sambandi við Icesave-deiluna og það er íslenska þjóðin sem á að vita allt um það mál. Öll gögn eiga að liggja á borðinu fyrir þjóðinni allri. Það er ekki á okkar valdi, 63 þingmanna, að ráða vilja þjóðarinnar í þessu máli. Það eru alveg hreinar línur með það. Sá mikli sigur sem ríkisstjórnin telur sig hafa unnið (Forseti hringir.) er svokallaður pyrrhosarsigur sem er í raun og veru (Forseti hringir.) mikill ósigur.

[14:12]

Róbert Marshall (Sf):

Frú forseti. Nú hefur það verið upplýst hér í þingsal að það mál sem er til umræðu verði rætt (Gripið fram í.) og eru það ekki fullnægjandi upplýsingar í bili?

Mig langar til að geta þess vegna þess að mér finnst undirliggjandi í málflutningi þeirra tveggja stjórnmálaflokka sem stjórnuðu í landinu frá 1995–2007 sú tilfinning þeirra að í landinu hafi verið framið einhvers konar valdarán vegna þess að þeir séu ekki við stjórn. (Gripið fram í.) Það er alls ekki svo. Er það svo að þegar Sjálfstæðisflokkurinn er ekki við stjórn er bara eins og framið hafi verið valdarán í landinu (Gripið fram í.) og enginn sé þess umkominn (**Gripið fram í:** … málefnalegur …) nema sá flokkur að stýra málum? Að enginn sé þess umkominn að stýra málum nema Sjálfstæðisflokkurinn sem sýnir það í þessari (Forseti hringir.) umræðu að hann hefur ekkert lært og hefur ekki snefil af sómatilfinningu? (Gripið fram í.)

[14:14]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Það sem við viljum leggja áherslu á er að hlutirnir séu gerðir í réttri röð og ef menn vilja kynna fyrir þinginu og treysta á þingviljann í þessu máli sé það raunverulega gert en ekki með einhverjum þykjustuleik.

Ég hlýt að spyrja mig í ljósi greinar sem hæstv. fjármálaráðherra skrifaði í *Morgunblaðið* undir lok janúarmánaðar þar sem hann fór yfir sorgarsögu Icesave-málsins og lýsti því m.a. að það sé enn örlítil vonarglæta eftir í málinu því að enn ætti Tryggingarsjóður innstæðueigenda eftir að taka við skuldunum og tryggingarupphæðirnar því formlega séð enn á ábyrgð viðkomandi ríkja. Svo segir hæstv. fjármálaráðherra, með leyfi forseta:

„Enn er hægt að afstýra stórslysi fyrir íslenska þjóð. Taki Tryggingarsjóðurinn hins vegar við skuldunum er ljóst að þá verður ekki aftur snúið: Þá hefur þjóðin endanlega verið skuldsett á grundvelli pólitískra þvingunarskilmála sem ríkisstjórnin hafði ekki dug í sér til að standa gegn.“ (Forseti hringir.) Ríkisstjórnin hafði ekki dug í sér til að standa gegn.

Stendur þingflokkur Vinstri grænna að baki þessum samningum? Við skulum ekki (Forseti hringir.) lenda í þeirri stöðu að gerður verði samningur sem ekki er meiri hluti fyrir í þinginu. (Forseti hringir.) Um það snýst málið, virðulegi forseti.

[14:15]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Aðeins út af orðum hv. þm. Róberts Marshalls. Það er skoðun stjórnarandstæðinga að hér hafi ekki verið framið valdarán og þess vegna hafi Alþingi tölurvert hlutverk. En það er eins og ekki sé ætlast til þess að Alþingi hafi neina aðkomu að þessu máli og það vekur auðvitað miklar áhyggjur með okkur sem höfum áhuga á því að þingið hafi aðkomu að málinu og hér ríki þingræðisleg vinnubrögð. (Gripið fram í.)

Hér er það þannig að hv. þingmenn hafa núna í um það bil klukkutíma beðið hæstv. forseta um að fresta þessum fundi, gefa færi á því að formenn þingflokka geti rætt málin til að tryggja það að málið sem hér er verið að ræða svona undir rós geti komist dagskrá Alþingis og við fáum svör við hlutunum. Við fáum engin svör, okkur er sagt að þessi mál verði rædd einhvern tíma en það eru auðvitað ekki nokkur svör. Auðvitað koma þessi mál með einhverjum hætti til umræðu á Alþingi einhvern tíma en það er ekki það sem við erum að biðja um. Við erum að biðja um að það verði gert núna og það verði hægt að ræða þessi mál í þaula áður en skrifað verður undir þá samninga sem sagt er að séu tilbúnir. Ég spyr hæstv. forseta: Vill ekki hæstv. forseti greiða fyrir þingstörfum og taka af skarið, fresta þessum fundi og setja á fund með (Forseti hringir.) formönnum þingflokka? Er ekki svo að hæstv. (Forseti hringir.) forseti metur það þannig með okkur að það sé mikilvægara að ræða Icesave-málin en frumvarp til laga um (Forseti hringir.) vátryggingastarfsemi, gildissvið og starfshætti?

[14:16]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Frú forseti. Það er ótrúlegt að upplifa það sem nýr þingmaður og mér heyrist að eldri þingmenn með meiri reynslu eigi svolítið erfitt með að trúa því að við þurfum að standa hér og krefja hæstv. forseta um að fresta fundi til að taka mál á dagskrá. Ég hélt sjálfur í upphafi sumarþings að hér yrðu viðhöfð önnur vinnubrögð. Það kom mér því satt best að segja nokkuð á óvart að hér yrði skipað í 12 fastanefndir en ekki til að mynda sex nefndir sem mundu ein eða tvær fjalla um Icesave-skuldbindingar og önnur um peningastefnu og sú þriðja um efnahags- og fjármál ríkisins. Að menn mundu einhenda sér í það í þinginu að vinna samviskusamlega að öllum störfum en hætta við og leggja til hliðar öll minni háttar mál sem hér hafa síðan verið á dagskrá og þingmenn látnir vera uppteknir við að hlaupa út og inn af fundum til að afgreiða mál, Evróputilskipanir og annað í þeim dúr (Forseti hringir.) sem koma okkur akkúrat ekkert við. Ég bið hæstv. forseta (Forseti hringir.) um að fresta fundi og svo við getum tekið til óspilltra málanna að hjálpa þjóðinni út úr þeim kröggum sem hún hefur komið sér í. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[14:18]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Frú forseti. Loks birtist hæstv. fjármálaráðherra í salnum, hæstv. fjármálaráðherra sem sagði Alþingi fyrir tveimur dögum ósatt og að segja þingi ósatt fellur undir ráðherraábyrgð þannig að ég held að hæstv. ráðherra ætti að skoða stöðu sína.

Þetta snýst um fullveldisafsal þjóðarinnar, hvorki meira né minna. Hér er ríkisstjórnin að afhenda fullveldi þjóðarinnar til erlendra aðila, skuggaríkisstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að afsala fullveldi þjóðarinnar. Við skulum átta okkur á því hvað þetta er alvarlegt mál. Þingið á ekki að fá að koma að málunum fyrr en allt er frágengið.

Búum við í lýðræðisríki eða búum við í bananalýðveldi? Ég er mjög hugsi yfir því hvernig komið er fyrir okkur sem þjóð, hvernig komið er fyrir lýðveldinu okkar ef þetta verða vinnubrögðin áfram. Fullveldið er að fara úr greipum okkar, skuggaríkisstjórn (Forseti hringir.) Alþjóðagjaldeyrissjóðsins starfar hér á landi.

[14:19]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég kem upp og tek undir það sem menn hafa beðið hér um, að forseti virði það að hún er forseti allra þingmanna og fresti fundi. Ég skil í raun og veru ekki af hverju það er ekki hægt að verða við þeirri ósk að fresta fundi í stuttan tíma, kalla saman þingflokksformenn og fara yfir stöðuna sem komin er upp í þinginu. Mér er það algjörlega óskiljanlegt þar sem margbúið er að biðja um það.

Svo sagði hæstv. forsætisráðherra í morgun þegar hv. þm. Þór Saari spurði hvort Icesave-samningarnir yrðu kynntir fyrir þinginu þegar þeir lægju fyrir, að þeir yrðu a.m.k. kynntir fyrir þingflokkunum. Ég velti því fyrir mér eftir það sem fór fram á þingflokksfundum í morgun þar sem málið var örlítið reifað hvort hæstv. ríkisstjórn hefði ekki alveg eins getað látið bréfdúfu fljúga fram hjá gluggunum og kallað það kynningu fyrir þingflokkana.

[14:21]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Ég fagna því innilega að þjóðin hafi fengið að vita það litla sem okkur var sagt hér í morgun þrátt fyrir þann trúnað eða þann leik um trúnað sem við vorum beðin um að veita. Nú er brýnt að ræða þetta mál í þinginu og í þjóðfélaginu öllu og því legg ég til að þingfundi verði frestað.

[14:21]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég held að það sé mikilvægt að fram komi að Alþingi fól framkvæmdarvaldinu að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu og á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem ríkisstjórn samþykkti í nóvembermánuði sl. og hefur verið kallað Brusselniðurstaðan eða Brusselreglurnar.

Stjórnarandstöðunni, utanríkismálanefnd, forustumönnum stjórnarandstöðunnar og þingflokkum var í dag kynnt staðan í samningaviðræðum, í þreifingum sem fara fram milli aðila (Gripið fram í.) í ljósi þess að upp er komin sú staða í þeim viðræðum að mögulega kunni að vera þar lending í sjónmáli. (**Gripið fram í:** Rangt.) Það var gert hlé á þessum viðræðum til þess að hægt væri að setja ríkisstjórn, forustumenn stjórnarandstöðunnar, utanríkismálanefnd og alla þingflokka á Alþingi (**Gripið fram í:** Og fjölmiðla.) inn í stöðu málsins. Fjölmiðlar hafa að sjálfsögðu getið sér til um þessa hluti og spyrja um þá.

Að öðru leyti verð ég að segja, frú forseti, að það eru auðvitað ekki aðstæður til að ræða þetta efnislega undir þessu fundarformi en að sjálfsögðu verður það gert við fyrsta mögulegt tækifæri eftir því sem efni málsins gefa tilefni til.

[14:23]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti leyfði hæstv. fjármálaráðherra að fara nokkrar sekúndur fram yfir tímann, eins og nokkrir hafa reyndar tekið sér, til að koma ákveðnum skilaboðum hér á framfæri sem óskað hafði verið eftir.

[14:23]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Spádómsgáfa fjölmiðlanna er afar mikil ef það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að þeir hafi getið sér til um þetta. Ég las upp áðan úr mbl.is og það er með ólíkindum hvað þeir eru duglegir að geta sér til um ýmis atriði í þessu sem ég hefði ekki getað farið betur með þó að ég hafi heyrt það í morgun á þessum ágæta fundi sem var bundinn trúnaði.

Forseti og hæstv. ráðherra hafa tilkynnt að þessi mál verði að sjálfsögðu rædd hér. Það er eitt sem spámenn *Morgunblaðsins* hafa ekki getið sér til um og það er hvenær undirritunin á að fara fram og það er það sem við í stjórnarandstöðunni höfum verið að kalla eftir hérna. Getum við fengið að ræða þessi mál áður en til undirritunar kemur eða ætlar hæstv. fjármálaráðherra sér að láta þessar umræður fara fram þegar undirritunin hefur farið fram? (Forseti hringir.) Við biðjum hæstv. fjármálaráðherra um að láta okkur vita það sem *Morgunblaðið* gat ekki getið sér til um.

[14:25]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég tel að það eigi ekki að breyta þingsköpum fyrir hæstv. ráðherra frekar en þingmenn. Hæstv. ráðherra getur fengið eins margar mínútur og hann vill ef hæstv. forseti mundi boða til fundar með þingflokksformönnum og sátt næðist um að þetta mál yrði tekið á dagskrá þingsins í dag til að ræða það. Þá getur hæstv. fjármálaráðherra fengið eins margar mínútur og hann þarf til að skýra þingheimi og þjóðinni frá því sem hér fór fram.

Það kemur ekkert orðið á óvart úr herbúðum hæstv. ríkisstjórnar, það er a.m.k. fátt sem kemur á óvart þaðan. Skeytingarleysi ríkisstjórnarinnar og meirihlutaflokkanna gagnvart þjóðinni, gagnvart þinginu er orðið algjört. Það kristallast kannski í þeim málum sem voru á dagskrá í dag sem eru fyrstu mál hæstv. félagsmálaráðherra sem hann ber fyrir þetta sumarþing og það eru innleiðingar frá Evrópusambandinu. Sá hæstv. ráðherra, sem fer með velferð fjöl-

skyldnanna í landinu, velferð heimilanna, á að vera í fararbroddi (Gripið fram í.) við að slá skjaldborg um heimilin í landinu, (Forseti hringir.) en fyrstu mál hans á dagskrá sumarþingsins eru einhverjar innleiðingar (Forseti hringir.) frá Evrópusambandinu. Hann er kannski, eins og aðrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar, (Forseti hringir.) svo upptekinn (Gripið fram í.) af því að ganga í Evrópusambandið að það kemst ekkert annað fyrir í þeirra haus.

[14:26]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Frú forseti. Ég tel afar brýnt að boðað verði til nýs þingfundar með nýrri dagskrá og við fáum að ræða þetta mál efnislega. Það er ljóst, a.m.k. í hugum okkar sem hér komum ný að verkum, að það þarf að ræða þetta mál frá grunni. Það hefur ekki verið útrætt í þingsalnum, og ég held ekki meðal þjóðarinnar, hvort það hafi verið fullkannað, til að mynda fullyrðingar virðulegra lagaprófessora þess efnis að við þurfum ekki að borga þessa Icesave-reikninga, að við þurfum ekki að standa við þær skuldbindingar, þetta sé umfram það sem standi í EES-samningnum. Það er lágmark að slík efnisleg umræða fari fram í ljósi þeirra upplýsinga sem við fengum á þingflokksfundum í morgun en vorum bundin trúnaði um. Og ég ítreka ósk, bæði mína og annarra hv. þingmanna, um að þeim höftum verði af okkur létt þannig að við getum talað hér (Forseti hringir.) tæpitungulaust og efnislega um þetta mál.

[14:28]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Það er ánægjulegt að hæstv. fjármálaráðherra er genginn í salinn. Af því tilefni langar mig til að bera upp við hann spurningu vegna þess að það er dálítið málum blandið hvenær gengið verður frá þessu samkomulagi og það skiptir verulegu máli þegar til á að taka hvernig þingið á að koma að því.

Á miðvikudaginn var sagði hæstv. fjármálaráðherra, með leyfi forseta:

„Ég held að ég geti fullvissað hv. þingmann um að það standi ekki til að ganga frá einhverju samkomulagi á morgun eða einhverja næstu daga …“

Af þessu tilefni er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra að því hvort það sé alveg ljóst að ekki standi til að ganga frá Icesave-málinu næstu daga. Í því sambandi er nauðsynlegt fyrir okkur að vita hvenær ætlast er til þess að þingið komi að því máli ef það er þannig að það eigi að gera það þegar búið er að ganga frá samningnum. En númer eitt, tvö og þrjú þá skiptir máli: Er þetta réttur skilningur og stendur hæstv. fjármálaráðherra við það sem hann sagði hér, að ekki verði gengið frá þessu máli einhverja næstu daga?

[14:29]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Hér hafa fallið ansi þung orð af hálfu sumra þingmanna. (Gripið fram í.) Þingræðið hefur ekki verið fótumtroðið og ekki hefur verið gengið á rétt þingsins. Þvert á móti ákvað ríkisstjórnin að kynna fyrir forustumönnum stjórnarandstöðunnar (Gripið fram í.) og fyrir utanríkismálanefnd stöðu mála í þreifingum vegna samninga í þessu máli. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) Það er þannig að samkvæmt þingsályktun sem Alþingi samþykkti 3. desember sl. fól Alþingi ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga. Þar af leiðandi er ekki rökrétt að nú rísi hér upp þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem virðast vera að reyna að komast á handahlaupum frá fyrri afstöðu í þessu máli, og reyni að halda því fram að það þurfi einhvers konar (Gripið fram í.) fyrirfarandi samþykki þingsins áður en gengið er frá samningum. Þvert á móti fól þingið ríkisstjórninni að ganga frá samningum (Gripið fram í.) og það verkefni hefur ríkisstjórnin axlað. (Forseti hringir.) Hún hefur falið hæstv. fjármálaráðherra að halda áfram með þreifingar í átt (Forseti hringir.) til samninga á þeim grunni sem þegar hefur verið kynntur. Að því stöndum við heils hugar (Forseti hringir.) og þingið hefur verið virt að öllu leyti í þessu máli.

[14:30]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Þessi umræða snýst ekki um vinnubrögð Sjálfstæðisflokksins til eða frá. Hún snýst um þann trúnaðarbrest sem orðið hefur á milli hæstv. forsætisráðherra, sem kom fram í hádegisfréttum á meðan fulltrúi samninganefndar um Icesave sat á þingflokksfundum, a.m.k. okkar sjálfstæðismanna, en beðið var um trúnað um þau mál sem þar var fjallað um. Forsætisráðherra fer í fjölmiðla og ræðir þau mál frá A til Ö. Um það snýst þetta mál, að beðið er um trúnað af hálfu stjórnarandstöðunnar varðandi það sem er á döfinni en forsætisráðherra fer og ræðir við fjölmiðla.

Í því ljósi, frú forseti, ber ég enn fram þá ósk að forseti fresti fundi, ræði við þingflokksformenn og menn komist að niðurstöðu um hvernig við högum þingfundi í dag.

[14:32]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það hafa ekki fallið stór orð hér í dag, ekki í neinum samanburði við það stóra mál sem hér er til umræðu (Gripið fram í.) og þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið af hæstv. ríkisstjórn í þessu máli og af stjórnarflokkunum. (Gripið fram í.) Það er alveg hreint með ólíkindum að verða vitni að þessum vinnubrögðum. Ég vil ítreka þá spurningu sem komið hefur fram til hæstv. fjármálaráðherra, sem ég vona að eigi eftir að koma hér upp aftur, um þau ummæli sem hann viðhafði hér og vitnað hefur verið í þar sem hann segir að ekki standi til að ganga frá einhverju samkomulagi næstu daga: Hvað átti hann við?

Í öðru lagi spyr ég um hvað hæstv. ríkisstjórn hafi meint með því að biðja þingflokka stjórnarandstöðunnar um trúnað í þessu máli og hvort forseti geti ekki svarað hv. þingheimi þeirri (Forseti hringir.) spurningu núna að hægt sé að fresta fundi (Forseti hringir.) og fara yfir það með formönnum þingflokkanna (Forseti hringir.) hvað gert verður næst. Eða ætla menn í kjölfarið á þessu að fara í umræðu um einhverjar innleiðingar Evróputilskipana (Forseti hringir.) frá hæstv. félagsmálaráðherra?

[14:33]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Þetta er með stærri og vandasamari málum sem íslenska þjóðin hefur lengi staðið frammi fyrir. Mér finnst umræðan kannski ekki alveg vera í samræmi við það sem hér hefur farið fram í liðnum Um fundarstjórn forseta. (Gripið fram í.)

Þegar ég sagði í gær, á miðvikudaginn var eða fyrir þrem dögum, eða hvað það var, að ekki stæði til að undirrita eitthvað daginn eftir eða á næstu dögum var það mat á stöðu þessara þreifinga að ólíklegt væri að neitt slíkt væri í sjónmáli.

Síðdegis í gær varð sú framþróun í þessum viðræðum að þá fór að líta út fyrir að mögulega gæti náðst lending. (Gripið fram í.) Hvað var þá gert? Það var óskað eftir hléi til þess að hægt væri að kynna ríkisstjórn, formönnum stjórnarandstöðuflokkanna, þeim sem mættu, utanríkismálanefnd og öllum þingflokkum á Alþingi stöðuna í viðræðunum. (Gripið fram í.) Það var gert í morgun. Það er óhefðbundið … (Gripið fram í.) Ég sé ekki ástæðu, frú forseti, ef ég get ekki einu sinni notað þessa mínútu (Forseti hringir.) sem ég fæ til að reyna að koma hér upplýsingum á framfæri að vera að reyna að leggja það á mig. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti biður um hljóð í salnum og að þingmenn gefi ræðumönnum hljóð.)

[14:34]

Útbýting:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 82. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 94.

Náms- og starfsráðgjafar, 83. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 95.

Umræður utan dagskrár.

Meðferð ríkisbanka á fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum.

[14:35]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Það er með nokkuð blendnum huga sem ég kem upp í umræðu utan dagskrár um meðferð ríkisbanka á fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum í ljósi þeirra ótrúlegu orða sem féllu hjá hæstv. fjármálaráðherra um að hann nennti bara ekki að leggja það á sig að fara upp í ræðustól til þess að útskýra fyrir þinginu hver staða mála væri í Icesave-viðræðunum. Þvílík skilaboð sem þessi orð eru til Alþingis að það er á mörkunum að maður haldi jafnvægi undir svona ummælum ef okkur er eitthvað umhugað um virðingu Alþingis Íslendinga.

Mig langar að ræða aðeins, óháð Icesave-málunum sem við munum væntanlega ræða hér áfram í dag, í framhaldi af þessari umræðu, um stöðu fyrirtækjanna í landinu og meðferð ríkisbankanna á þeim. Trúlega hefur aldrei verið eins mikilvægt að standa vörð um atvinnustarfsemina í landinu, 17.000 Íslendingar eru atvinnulausir og ef spár ganga fram munu um 3.500 íslensk fyrirtæki fara í þrot á þessu ári. Í ljósi aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar á ég ekki von á því að þessar tölur eigi eitthvað eftir að batna.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra, sem fer með hlutabréf í ríkisbönkunum — stjórnmálamenn hafa aldrei verið eins valdamiklir og á Íslandi í dag — hvaða framtíðarsýn hann hafi í atvinnurekstri hér á landi. Í ljósi þess að mörg fyrirtæki á degi hverjum eru að keyra í þrot vegna himinhárra stýrivaxta, lágs gengis krónunnar sem orsakast af stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, finnst mér brýnt að við fáum svör frá ríkisstjórninni um hvaða framtíðarsýn hún hafi í þeim efnum.

Sér hæstv. ráðherra fyrir sér að þau fyrirtæki verði að miklu leyti tekin yfir í sérstök eignarhaldsfélög ríkisins og rekin undir hatti hins opinbera? Eða sér hæstv. ráðherra fyrir sér að bankarnir muni leysa þessi mál innan dyra í samræmi við þær verklagsreglur sem þar hafa verið útbúnar í samvinnu og samráði við eigendur og stjórnendur íslenskra fyrirtækja? Við erum að tala um að hátt í 70% af íslensku atvinnulífi búa við mikla greiðsluerfiðleika. Þar er síður en svo um að ræða einhverja sérstaka útrásarvíkinga. Við erum að ræða hér um rekstraraðila á verkstæðum, fólk sem rekur ísbúðir, sprotafyrirtæki o.fl.

Ég mundi vilja heyra að ríkisstjórnin segði og sendi þau skilaboð til bankanna sem eigandi þeirra að það eigi að vinna að lausnum á vanda þessara fyrirtækja í samráði við stjórnendur og eigendur þeirra vegna þess að yfir höfuð er þar mjög venjulegt fólk sem lent hefur í því að lán fyrirtækjanna hafa farið fram úr öllu hófi og allar rekstrarforsendur hafa breyst.

Ég velti líka fyrir mér, í ljósi þess að sérstakar verklagsreglur eru í ríkisbönkunum, hvernig stendur á því að við horfum t.d. upp á fáránleg tilboð í vegagerð í landinu þar sem aðilar bjóða jafnvel niður í 50% af kostnaðaráætlun. Sú spurning hlýtur að leita á mann hvort þar sé um aðila í raunverulegum rekstri að ræða eða hvort menn ætli sér að ná einhverjum verkefnum í skyndi, ná greiðsluflæði inn í viðkomandi fyrirtæki og gefast kannski upp í miðju verki.

Ég hef fengið margar athugasemdir frá verktökum, sérstaklega í vegavinnu, sem kvarta mjög yfir því að það skuli viðgangast vegna þess að þeir sjá ekki með nokkrum hætti að þetta geti gengið, að áætlanir með svona lágum tilboðum standist. Það segir sig sjálft ef þeir sem þó reyna að reka starfsemi sína með eðlilegum hætti eiga nær enga möguleika á að fá verk til að mynda í vegagerð á viðráðanlegum kjörum, að framtíðin er ekki björt. Ég velti því fyrir mér hvort það geti verið að ríkisbankarnir láni verktökum sem bjóða á svona fáránlegu verði og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi einhverja vitneskju um slíkt.

Ég vil að lokum segja það, hæstv. forseti, að ég tel að við þurfum að auka tiltrú á íslensku efnahagslífi. Það er mikil tortryggni í íslensku samfélagi í dag og það er ekkert óeðlilegt. Ég tel að stjórnarandstaðan eigi að beita sér fyrir því að þeirri tortryggni sé eytt og við eigum að tala kjark í fyrirtækin í landinu. En það verða þá að vera gagnsæjar verklagsreglur innan bankanna, sem ég tel að séu fyrir hendi, og við þurfum þess vegna í sameiningu að viðhalda upplýstri umræðu um stöðu mála í dag. Ég er alveg sannfærður um, (Forseti hringir.) miðað við þær fréttir sem ég fæ úr íslensku viðskiptalífi, að þar má enn margt bæta og ég hvet hæstv. ráðherra til þess að beita sér í þeim efnum.

[14:40]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Af því að málshefjandi hóf mál sitt á því að ræða annað mál sem hér var á dagskrá á undan og gerði athugasemdir við ummæli mín þess efnis að ef maður fengi ekki hljóð til þess að koma upplýsingum á framfæri í afar takmörkuðum ræðutíma væri það sérstök óvirðing við Alþingi að kvarta undan því, er ég ósammála því. Ég held að virðing Alþingis sé ekki fólgin í því að þeir sem orðið hafi á hverjum tíma geti alls ekki notað það fyrir hávaða í þingsal en það kann að vera skoðun hv. þingmanns. (**REÁ:** Þetta kemur nú úr hörðustu átt.) Það er að vísu alveg rétt að ég hef stundum gripið fram í.

Varðandi það hins vegar sem hér er á dagskrá og snýr að bönkunum og öðrum fjármálastofnunum væntanlega eftir atvikum er alveg ljóst að eitt mikilvægasta og kannski almikilvægasta verkefni þeirra nú og næstu missirin verður skuldaúrvinnsla og fyrirgreiðsla við fyrirtæki sem mörg hver eru í miklum erfiðleikum og sama má að sjálfsögðu segja um heimili. Þeim mun brýnna er að þessir bankar komist endanlega á koppinn og verði fullfjármagnaðir vegna þess að þeirra bíða og þeir hafa með höndum gríðarlega mikilvæg verkefni í þessum efnum sem tengjast endurskipulagningu í íslensku fjármálalífi og atvinnulífi. Bankarnir, þ.e. nýju ríkisbankarnir þrír, hafa allir sett sér reglur og þær liggja fyrir um það í grófum dráttum hvaða aðferðafræði þeir nota til að vinna úr skuldavanda viðskiptavina sinna. Ég hef þær hér allar saman, aðgerðir Landsbankans gagnvart fyrirtækjum í erfiðleikum, verklagsreglur nýja Kaupþings banka um úrlausn útlánavandamála og leiðbeinandi vinnurammi, úrlausnir fyrir fyrirtæki í tímabundnum erfiðleikum frá Glitni sem þá var.

Þessar reglur voru allar mótaðar í framhaldi af og í samræmi við viðmiðunarreglur Samkeppniseftirlits sem birtust fljótlega eftir hrunið í haust þannig að bankarnir vinna að þessu eftir atvikum með nokkuð samræmdum hætti og í samræmi við þær leiðbeiningar sem komið hafa sérstaklega frá samkeppnisyfirvöldum. Við höfum að sjálfsögðu fundað með bönkunum og þeir hafa kynnt okkur reglur sínar í þessum efnum og sumar þeirra hafa tekið breytingum. Ég hef t.d. nýlega skoðað metnaðarfullar hugmyndir Landsbankans um hvernig unnið skuli úr þessum málum í framhaldinu þannig að bankarnir hafa einnig kynnt ríkinu sem eiganda það hvernig þarna verði staðið að málum.

Fjármálaráðuneytið hefur fengið erlendan ráðgjafa, Ian M. Beith, til að taka út þessa vinnuferla hjá bönkunum. Þeirri vinnu er nú lokið og af samtölum við hann að dæma má ætla að þessi mál séu í allgóðum farvegi og að þekking sé til staðar innan bankanna til að vinna að þessum málum. Drög að þessari úttekt bárust í hádeginu í dag og endanleg skýrsla er áætlað að liggi fyrir í næstu viku þannig að það verði reynt af hálfu stjórnvalda að gera á því óháða úttekt hvernig þessar reglur og vinnuferli líta út, m.a. að tryggja að byggt sé þar á bestu þekktri aðferðafræði og fáanlegri reynslu.

Í framhaldinu verður að sjálfsögðu farið yfir þetta og yfir skýrslurnar í bönkunum og þeim gert, eftir því sem ástæða er þá til, að aðlaga vinnuferla sína í þessum efnum. Í stuttu máli má segja að meðferð mála hvað varðar fyrirtæki í greiðsluerfiðleikum sé mjög svipuð í grundvallaratriðum. Skipulag bankanna sjálfra er þó auðvitað eitthvað mismunandi og getur verið blæbrigðamunur á því hvernig þeir standa að málum, t.d. í hvaða mæli þeir virkja sín eignaumsýslufélög sem þeir hafa stofnað til að leysa úr slíkum málum eða að hve miklu leyti þeir vinna það af hálfu bankans sjálfs.

Ég vil líka bæta því við að innan fjármálaráðuneytisins er verið að vinna að frágangi á bæði eigenda- og eignarhaldsstefnu. Því máli mun verða lent innan skamms, þ.e. þær reglur verða ákvarðaðar og endanleg stefna tekin um það hvernig farið verður með þetta vandasama hlutverk af hálfu eigandans, bæði hvað varðar eignarhaldið sjálft eða eignarhaldsformið og síðan eigendastefnuna, hvaða stefnu og markmið eigandinn hefur varðandi þessi fyrirtæki sín. Þá verður væntanlega ekki síst horft til þeirra reglna sem um þetta gilda í Noregi þar sem þróuð hefur verið mjög vönduð eigendastefna sem gæti í þessu tilviki að hluta til orðið almenns eðlis og tekið til allra fyrirtækja ríkisins þar sem kveðið verður á um gagnsæi, upplýsingagjöf og fagleg vinnubrögð, auglýsingar á störfum og annað í þeim dúr og síðan sértækt gagnvart bönkum og fjármálastofnunum sem ríkið á eða er meðeigandi í. (Forseti hringir.) Þá yrði sérstök eigendastefna og eignarhaldsstefna í gildi gagnvart þeim.

[14:46]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við Íslendingar stöndum frammi því stóra verkefni að endurreisa efnahags landsins. Við það starf er þörf á hugrökku fólki sem þorir að taka ákvarðanir. Þrátt fyrir að staðan sé erfið má ekki fórna grunngildum hins frjálsa markaðar og því verður að velja leiðir sem efla samkeppni eða hamla samkeppni sem minnst.

Ríkisvæðing atvinnulífsins er þegar hafin en tryggja þarf að sú ríkisvæðing sé ekki til langframa. Hagsmunir ríkisins til lengri tíma felast í því að hér þrífist sterkt og öflugt atvinnulíf. Þannig tryggjum við atvinnu, þannig tryggjum við afkomu heimilanna, betri afkomu ríkissjóðs og betri afkomu bankanna.

Virðulegi forseti. Við sem sitjum Alþingi Íslendinga eru vonandi öll sammála um þau meginsjónarmið að gagnsæi og jafnvægi skuli ráða ríkjum í meðferð ríkisbankanna á fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum og að tryggt verði að samkeppni raskist ekki. Besta leiðin hlýtur að vera sú að komast út úr því óvissu- og millibilsástandi sem nú ríkir með því að ljúka endurreisn bankanna. Því spyr ég hæstv. fjármálaráðherra: Hvað líður endurreisn bankanna? Hvenær er þess að vænta að þeirri vinnu verði lokið? Getum við fengið fram dagsetningar?

Í kjölfarið hljótum við að huga að því að losa um eignarhald ríkisins á bönkunum og hefja söluferli þeirra. Þannig losnum við við ríkisafskipti, pólitískar ráðningar og íhlutun stjórnmálamanna í málefni bankanna. (Gripið fram í.) Hvenær sér hæstv. fjármálaráðherra fyrir sér að breytingar verði á eignarhaldi bankanna?

Það er mikilvægt er að hönd ríkisins taki viðskiptalífið ekki slíkum heljartaki að um það verði ekki losað. Mikilvægt er að einkaframtakið verði ekki drepið niður vegna

óeðlilegrar samkeppni frá fyrirtækjum í ríkisrekstri. Endurreisn bankanna og sala þeirra að nýju er forgangsverkefni. Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að upplýsa okkur um hvaða stefnu ríkisstjórnin hefur í þessum málum.

[14:48]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt af því sem fram kom í máli hv. þingmanna sem ræddu á undan mér og held að við verðum bara að undirstrika það að mikilvægt sé að gagnsæi og jafnræði gildi í meðhöndlun bankanna á greiðsluvanda fyrirtækja.

Á meðan hv. þm. Birkir Jón Jónsson kallar eftir skipunum af hálfu ríkisvaldsins eða skilaboðum um að samráð verði haft við eigendur frábiður hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir sér heljartak ríkisins. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við sem stjórnvöld ýtum ekki undir tortryggni í garð bankanna og fjármálakerfisins heldur tryggjum að lög, reglur og aðferðir sem þar er beitt séu með sómasamlegum hætti og með gagnsæi og jafnvægi að leiðarljósi, en það er ekki okkar að senda skilaboð með öðru móti en reglusetningu.

Ég vil síðan gera að umtalsefni að á vegum Fjármálaeftirlitsins starfar úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og á vegum bankanna eru nú starfandi umboðsmenn viðskiptavina. Ég tel alveg eðlilegt að bæði viðskiptanefnd og eftir atvikum efnahags- og skattanefnd taki til athugunar hvort þessir eftirlitsaðilar séu nógu sterkir eða hvort við þurfum að koma inn og styrkja þá enn frekar til að draga úr tortryggni í garð fjármálakerfisins. Ég held að þetta sé okkar mikilvæga verkefni og þannig sendum við skilaboð.

[14:50]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda kærlega fyrir að hefja umræðu um þetta mikilvæga mál, hvað verður um íslensk fyrirtæki í því erfiða ástandi sem við búum við og með þessum háu stýrivöxtum sem eru þeir hæstu á byggðu bóli, því að ríkisstjórnin, Seðlabankinn og peningastefnunefnd hafa ekki dug í sér til að lækka stýrivexti til að atvinnurekstur geti verið með eðlilegum hætti hér á landi vegna ofurvalds að utan.

Staða fyrirtækja í landinu er mjög slæm og versnar með hverjum degi og hverri viku. Það er því mjög athyglisvert að heyra hæstv. fjármálaráðherra tala hér um eignaumsýslufélög banka og fjármálafyrirtækja. Fyrir minn smekk verða þau orðin nokkuð mörg ef allar bankastofnanir eiga að hafa slík eignaumsýslufélög, því að eftir því sem ég best veit stendur einnig til að stofna eignaumsýslufélag ríkisins sem sérstaklega erfið og skuldsett félög sem hafa mikla samfélagsábyrgð, fara inn í.

Ég var svo heppin að sitja einn fund efnahags- og skattanefndar þar sem komu margir góðir gestir sem upplýstu nefndarmenn um hinar ýmsu hættur sem ber að varast varðandi eignaumsýslufélag ríkisins og jafnframt bankanna. Þangað komu m.a. fulltrúar frá þremur stærstu ríkisbönkunum og kynntu fyrir nefndinni hvar eignaumsýslufélög þeirra eru stödd í kerfinu.

En þarna voru, frómt frá sagt, ákveðnir fulltrúar sem settu sig mjög á móti því að bankarnir hefðu eignaumsýslufélög því að í fyrsta lagi gildir bankaleynd í slíkum félögum þannig að hafi einhvern tíma eitthvað rangt verið gert eða á gráu svæði eða jafnvel ólöglegt í lánveitingum til fyrirtækja á markaði mundi það sukk halda áfram í eignaumsýslufélaginu. Nefndarmenn voru varaðir við að slík leið yrði farin á þessum (Forseti hringir.) forsendum því að annars mundi hin alræmda bankaleynd og ólöglegir gjörningar jafnvel halda áfram (Forseti hringir.) í hinum nýstofnuðu ríkisbönkum, sem er að vísu ekki búið að stofna (Forseti hringir.) og ég tek ítreka: Hvenær á eiginlega að stofna þá?

[14:53]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum nú er vissulega eitt af þeim brýnustu sem íslenskt atvinnulíf og íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir. Eitt stærsta verkefnið sem að okkur snýr vegna þeirra atburða sem gerst hafa undanfarna mánuði og missiri er einmitt að fara í gegnum stöðu þeirra fyrirtækja sem enn lifa en eru í miklum þrengingum, afar mörg, af ástæðum sem hér er ekki ástæða til að rekja. Það eru auðvitað mörg sjónarmið sem þarf að skoða en tímans vegna ætla ég einungis að tæpa á nokkrum þeirra.

Eitt er að það verður að gera greinarmun á fyrirtækjum eftir eðli þeirra í svona vinnu. Það er t.d. mjög erfitt að réttlæta það að ríkisbankar, eða ef út í það er farið önnur fjármálafyrirtæki, leggi mikið upp úr því að endurreisa ýmis eignarhaldsfélög sem nú eru flest rúin eignum en hlaðin skuldum. Það þjónar afskaplega litlum þjóðfélagslegum tilgangi að halda lífi í þeim.

Hins vegar þjónar miklum þjóðhagslegum tilgangi að halda lífi í sem flestum rekstrarfélögum. Það eru þau sem búa til vörur og þjónustu. Þau eru með fólk á launaskrá, þau munu greiða skatta framtíðarinnar og þeim þarf í flestum tilfellum að halda á lífi, en það verður auðvitað ekki gert nema í samvinnu við eigendur eða fyrrverandi eigendur í langflestum tilfellum. Að vísu getur verið að hægt sé að koma við nýjum eigendum að stærstu fyrirtækjunum sem eru rekin sem hlutafélög sem hægt er að selja hluti í. En lítil og meðalstór fyrirtæki eru flest þess eðlis að starfsemi þeirra er svo nátengd eigendum að það er mjög erfitt að sjá hvernig hægt er að endurskipuleggja þau nema í samvinnu og samstarfi við núverandi og fyrrverandi eigendur.

[14:55]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Hér hefur einhvern veginn ekkert verið minnst á það eignaumsýslufélag sem ég hélt að væri óhjákvæmilegt að ræða í þessu sambandi vegna þess að við höfum núna … (Gripið fram í.) Takk fyrir. Það hlutverk sem efnahags- og skattanefnd hefur talað sig inn á að verði fyrir það félag er raunverulega það sem hæstv. fjármálaráðherra lýsti áðan, þ.e. að tryggja að gagnsæi ríki í ferlinu við endurskipulagningu skulda fyrirtækja, að það ríki jafnræði, að reyna að afnema tilviljanakennd afskipti og tilviljanakenndar ákvarðanir og samræma það hvernig tekið er á þessum fyrirtækjum með samkeppnissjónarmið í huga. Síðan kemur fjármálaráðherra og lýsir því hvað bankarnir eru

að gera og þá er ég ekki alveg viss um að ég skilji lengur hvaða gagn er að þessu eignaumsýslufélagi.

Og síðan kemur viðskiptaráðherra og talar um hlut sem maður einmitt óttaðist svo mikið í þessu sambandi, að pólitísk hentistefna mundi ráða því hvernig menn nálgast fyrirtækin, þ.e. að pólitíkusar geti flokkað upp félögin og sagt: Þessu hjálpum við, þessu hjálpum við ekki. Ég er því eiginlega pínulítið týndur í þessari umræðu, um hvað við erum eiginlega að tala hér. Ég hélt að við ættum að tala um það hvernig við ætlum að standa að því endurskipuleggja eða meðhöndla skuldir rekstrarfélaga (Forseti hringir.) í bönkunum.

[14:57]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Ég deili að mörgu leyti áhyggjum hv. þm. málshefjanda, Birkis Jóns Jónssonar, um að það skortir traust meðal almennings á íslenskt bankakerfi og það þarf að byggja það upp. Ég held að íslenskir bankamenn sem og alþingismenn séu sammála um þetta atriði.

Ég vildi vekja athygli á því frumvarpi sem nú er til meðferðar hjá efnahags- og skattanefnd þar sem við erum sérstaklega að skoða hvernig bankarnir meðhöndla þau fyrirtæki, þ.e. þau rekstrarfyrirtæki sem þeir hafa nú fengið upp í hendurnar. Frumvarpið hefur tekið miklum breytingum á vettvangi nefndarinnar enda er sameiginlegur vilji okkar allra að tryggja að um meðferð atvinnufyrirtækja gildi samræmdar og gagnsæjar reglur um það hvernig bankarnir taka á slíkum fyrirtækjum. Innan nefndarinnar horfum við til þess að eignaumsýslufélagið verði ráðgefandi og tryggi samræmdar og gagnsæjar reglur. Það á við þegar fyrirtækin eru seld að þeim sé ráðstafað með gagnsæjum hætti, að teknu tilliti til sjónarmiða um jafnræði, virka samkeppni, dreift eignarhald o.s.frv. Við sitjum hins vegar uppi með hin opinberu afskipti en við eigum að forðast pólitísk afskipti og um það erum við öll sammála. Það er hlutverk ríkisins að skapa rammann, tryggja vinnubrögðin en ekki að hlutast til um einstök verkefni. Og ég held að það sé markmið okkar allra með þeim lagaramma sem við erum að vinna í og ræða á vettvangi nefndarinnar og vonandi lítur dagsins ljós á næstu dögum.

[14:59]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefði í rauninni þurft að vera lengri vegna þess að við erum að tala um svo gríðarlega mikilvægt mál sem málefni atvinnulífsins á Íslandi í dag er þar sem hátt í 70% íslenskra fyrirtækja glíma við mikla rekstrarerfiðleika.

Í ljósi þess að ríkisbankarnir eru undir forræði ríkisstjórnarinnar, þ.e. fjármálaráðherrans, finnst mér mikilvægt að við fáum skýr svör í þessari umræðu, hvort það standi til að fara að ríkisvæða atvinnulífið í gríðarlega miklum mæli eða hvort það standi ekki frekar til að endurskipuleggja fyrirtækin inni í bönkunum í samráði við fyrrverandi eigendur og núverandi stjórnendur til að hámarka þau verðmæti sem liggja í þessum fyrirtækjum.

Ég er mjög hræddur við það, eins og okkur hefur grunað á síðustu vikum og mánuðum, að stjórnvöld ætli sér eða hafi langanir til að koma fyrirtækjum inn í opinbert eignaumsýslufélag og ég held að það yrðu, ef það yrði í miklum mæli, mikil mistök fyrir samfélagið allt. Vegna þess að það liggur mikil þekking hjá stjórnendum og eigendum núverandi fyrirtækja og þó að þau eigi í erfiðleikum er einfaldlega ekki við margt af þessu fólki að sakast vegna þess að það hefur orðið gríðarlegur forsendubrestur í rekstrarskilyrðum íslenskra fyrirtækja.

Ég mundi vilja sjá þau skilaboð, almennu skilaboð koma frá fjármálaráðherranum til bankanna að menn vinni með kúabóndanum, eiganda sprotafyrirtækisins, eiganda sjoppunnar að því að endurskipuleggja rekstur hjá viðkomandi þannig að við gerum þetta í sátt og hámörkum þau verðmæti sem liggja í atvinnutækifærum landsmanna. Við skulum reiða okkur áfram á einkaframtakið, að einstaklingar reki áfram atvinnustarfsemi í landinu (Forseti hringir.) í sem mestum mæli og treysta því fólki vegna þess að margt af því fólki sem glímir (Forseti hringir.) við mjög erfiðan rekstur í dag hefur ekkert til saka unnið heldur er um utanaðkomandi aðstæður að ræða.

[15:01]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég get vel tekið undir það að við gætum alveg notað lengri tíma í að ræða þetta stóra og mikla mál. Hér var spurt um hvað líði vinnunni að efnahagsreikningi og endurfjármögnun nýju bankanna sem vel að merkja eru auðvitað starfandi að fullu og að gera sitt besta við erfiðar aðstæður. Svarið er það að menn ætla sér júnímánuð til að ljúka þeim viðræðum. Samningaviðræðum og samskiptum milli aðila sem nú eru í gangi hafa verið sett endanlega tímamörk, að því ferli ljúki í lok júnímánaðar.

Varðandi eignaumsýslufélag bankanna annars vegar og það sem menn hafa þar með höndum og áform sem liggja nú fyrir þinginu um að stofna eignaumsýslufélag ríkisins, get ég sagt það í örugglega tuttugasta sinn hér, ef hv. frummælanda líður betur: Það eru engin áform um það af hálfu ríkisstjórnarinnar og ekki nokkurs aðila að ég veit að taka inn í eignaumsýslufélag á vegum ríkisins önnur verkefni en þau sem nauðsynlegt reynist að þangað fari og sem reynast betur komin þar en í höndum bankanna sjálfra.

Það væri að sjálfsögðu best ef bankarnir reyndust færir um að leysa úr öllum þessum málum sjálfir. Ég held að það sé almennt viðurkennt að það væri besta fyrirkomulagið. Það er sjálfsagt mál að ræða hér verklag og form en við skulum passa okkur á því að gleyma ekki mikilvægi verkefnisins sjálfs, sem er alveg óendanlega mikilvægt fyrir okkur, og það er að vel takist að greiða úr vanda íslenskra fyrirtækja, allra lífvænlegra raunverulegra rekstrarfyrirtækja þar sem raunveruleg starfsemi og raunveruleg verðmætasköpun á sér stað. Það er gríðarlega afdrifaríkt og mikilvægt verkefni fyrir okkur öll vegna atvinnu- og verðmætasköpunar í landinu. Lítil og meðalstór fyrirtæki mega ekki gleymast í þeim efnum þó að orkan fari oft mikið í stóru dæmin.

Það er mikill skortur á ýmsu á Íslandi um þessar mundir en kannski engu eins og trausti. Og það er rétt sem hér er sagt að það er fáu treyst um þessar mundir, enda eru menn illa brenndir. En ég vil þó spyrja: Er ekki rétt að leyfa nýju

bönkunum að (Forseti hringir.) njóta vafans og því fólki sem þar er við erfiðar aðstæður að reyna að glíma við geysilega erfið (Forseti hringir.) verkefni sem snúa að bágri stöðu bæði fyrirtækja og heimila?

[15:04]

Útbýting:

Björgunarbúningar og öryggisfræðsla sjómanna, 84. mál, fsp. ÁsbÓ, þskj. 96.

Fjármálafyrirtæki, 85. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 97.

[Fundarhlé. — 15:04]

[15:46]

Útbýting:

Staðgöngumæðrun, 86. mál, fsp. REÁ, þskj. 98.

Um fundarstjórn.

Umræða um Icesave.

[15:46]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Nú er lokið fundi formanna þingflokka ásamt forseta þingsins með hæstv. fjármálaráðherra. Að sjálfsögðu ríkir trúnaður um ýmislegt sem þar fór fram en þó er sú niðurstaða að það verður ekki tekin fyrir sérstök umræða um stöðuna í Icesave-málinu eins og var beiðni stjórnarandstöðunnar.

Staðan er sú að stjórnarandstaðan er bundin trúnaði um þær upplýsingar sem henni voru veittar hér í morgun þó að við teljum reyndar að það hafi engan veginn nægar upplýsingar komið fram til þess að við getum myndað okkur nokkra afstöðu til þeirra atburða sem nú eiga sér stað sem hafa jafnmikið vægi fyrir íslenska þjóð til langs tíma, ef fram gengur. Við höfum þess vegna viljað eiga möguleika á að eiga hér umræður í þingsalnum um þetta mikilvæga mál og teljum með öllu ófært að ráðherrar ríkisstjórnarinnar, þar á meðal hæstv. forsætisráðherra, geti tjáð sig um þessi mál á opinberum vettvangi á meðan stjórnarandstaðan er bundin. (Forseti hringir.) Það er óeðlilegt.

[15:48]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Það er lítið eða ekkert orðið eftir af því sem þessi ríkisstjórn lagði upp með og kynnti sem ástæðu þess að menn ættu að fagna þessari sögulegu valdatöku vinstri flokkanna á Íslandi. Hér er níðst á þinginu og það sem verra er, það er verið að níðast á þjóðinni með því sem hér er að gerast í dag.

Ég ætla aftur að vitna í hæstv. fjármálaráðherra frá því fyrir tveimur dögum þegar ég spurði hann um það hvort eitthvað væri að gerast í Icesave-málinu.

Hæstv. ráðherra svaraði þá, með leyfi forseta:

„Það er verið að reyna að koma í gang formlegum samningaviðræðum en þær eru ekki hafnar heldur eru könnunarþreifingar eða könnunarviðræður í gangi. Ég held að ég geti fullvissað hv. þingmann um að það standi ekki til að ganga frá einhverju samkomulagi á morgun eða einhverja næstu daga og áður en til slíks kæmi yrði að sjálfsögðu haft samráð við utanríkismálanefnd og aðra þá aðila sem þingið hefur haft til að fylgjast með framvindu þessara mála. Staða málsins er sú að það eru könnunarviðræður eða könnunarþreifingar í gangi.“

Þetta er ósatt, frú forseti.

[15:49]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég er að velta því fyrir mér í ljósi mikilvægis þeirrar umræðu sem hér fer fram hvort hæstv. forseti muni beita sér fyrir því að kalla hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra til þingsalarins. Ég vil minna á að þingmennskunni fylgir sú skylda að vera viðstaddur umræður eða fylgjast með þeim. Ég legg mikla áherslu á það í ljósi mikilvægis málsins að hæstv. ráðherrar komi til þessarar umræðu, sýni þinginu þá virðingu að vera hér viðstaddir því að við vitum svo fátt í þessu stóra máli, hvenær eigi að skrifa undir til dæmis. Ég trúi því ekki að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands ætli að skrifa undir skuldbindandi samkomulag, ætli að skuldbinda íslensku þjóðina — kannski er þetta mesta skuldbinding í sögu lýðveldisins — án þess að bera það formlega undir þingið eða kynna það með viðunandi hætti. Það er verið að traðka á þingræðinu. Það er verið að traðka (Forseti hringir.) á lýðræðinu ef það á að halda svona áfram. Því spyr ég frú forseta hvort hún hyggist (Forseti hringir.) beita sér fyrir því að kalla þessa tvo ráðherra hingað til þingsalarins.

[15:50]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Við erum enn að ræða þetta risastóra mál sem er dembt hér yfir okkur í dag af ríkisstjórninni. Á okkur í stjórnarandstöðunni er lögð sú skylda að halda trúnað um mál sem við munum að sjálfsögðu að gera. Meðan ætlar ríkisstjórnin að ræða málið í fjölmiðlum án þess að okkar sjónarmið eða önnur sjónarmið komi fram. Þetta er mjög óeðlilegt og það er líka sorglegt að ríkisstjórnin skuli ekki beita sér fyrir því og ráðherrarnir að þetta mál skuli tekið upp og rætt hér í þinginu til þess að við getum fjallað um það með eðlilegum hætti líkt og ríkisstjórnin og ráðherrarnir ætla sér að gera.

Það er algjör lágmarkskrafa að forseti beiti sér fyrir því að þær nefndir sem þetta mál snertir verði kallaðar saman og þær upplýstar um málið. Það er algjör lágmarkskrafa. Þetta er það stórt mál að það er ólíðandi að verið sé að pukrast með það einhvers staðar, hugsanlega að gera eitthvert samkomulag sem þingið er ekki upplýst um á þessum tímapunkti, (Forseti hringir.) mjög viðkvæmum tímapunkti í þjóðfélaginu.

[15:51]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að hún er reiðubúin til þess að sjá til þess að viðkomandi nefndir verði kallaðar saman sé það ósk hv. þingmanna.

[15:52]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Frú forseti. Ég ætla, með leyfi virðulegs forseta, að

halda áfram að upplýsa þingheim með því að lesa upp úr mbl.is. Á þeim vef klukkan 15.07 er frétt þess efnis að Steingrímur fái fullt umboð og að það hafi verið ákveðið á ríkisstjórnarfundi þannig að við vitum það þá, þingheimur góður.

Hér stendur, með leyfi forseta, haft eftir hæstv. forsætisráðherra:

„Vonir standi þó til að þetta verði undirritað fljótlega með fyrirvara um samþykki Alþingis.“

Ég vil því ítreka spurningu okkar þingmanna frá því í morgun, virðulegur forseti, sem hæstv. fjármálaráðherra sá sér ekki fært að svara þegar hann þó heiðraði okkur hér með nærveru sinni: Mun þingheimi gefast tækifæri og kostur til að ræða þetta mikilvæga mál áður en samningurinn verður undirritaður?

Þetta er spurning sem ég tel að við þingmenn höfum rétt á að fá svar við vegna þess að það er til einskis að boða hér (Forseti hringir.) umræður um þetta mikilvæga mál eftir að skaðinn er skeður.

[15:53]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Það eru gríðarleg vonbrigði að hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra séu ekki viðstaddir hér í dag til þess að fara í þessa umræðu. Vissulega ber að fagna því að gert var hlé á þingfundi til að kalla saman formenn þingflokka til þess að ræða málið. En satt að segja bjóst maður við því að niðurstaðan yrði sú að hér yrði umræða um Icesave-málið. Það eru mikil vonbrigði að svo varð ekki.

Sú ríkisstjórn sem hér starfar talar á tyllidögum um gagnsæi, samráð, lýðræði. En það er augljóst að þær yfirlýsingar allar, öll sú umræða, er bara í orði en ekki á borði.

[15:54]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess vegna ummæla hv. þingmanns að hæstv. forsætisráðherra er utan bæjar af persónulegum ástæðum.

[15:54]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum að upplifa þá lítilsvirðingu sem er verið að sýna hér þingheimi af hæstv. ríkisstjórn. Hvað með allar fyrri yfirlýsingar þessa ágæta fólks um gagnsæi, lýðræði og málefnalega umræðu? Við erum hér að fjalla um eitt mikilvægasta mál sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir, sem við sem þingmenn stöndum frammi fyrir og þær upplýsingar sem við höfum fengið, hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni, eru svona um það bil 15–20 mínútna kynning á þessu máli þar sem við vorum beðin um trúnað sem við lásum síðan allt um í blöðunum eða á netmiðlunum stuttu seinna.

Það er skýlaus krafa að þetta mál verði tekið hér til málefnalegrar umræðu, að hæstv. forseti sjái til þess að þetta mál verði rætt hér utan dagskrár í dag (Forseti hringir.) og það verði gefinn lengri ræðutími í því. Ef einhvern tímann (Forseti hringir.) er tilefni til þess þá er það við þessar aðstæður.

[15:55]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Nú hefur það verið upplýst að hæstv. fjármálaráðherra hefur fengið umboð ríkisstjórnarinnar til að ganga frá þessu svokallaða Icesave-máli, væntanlega á grundvelli þeirra upplýsinga sem við fengum afar lauslegar á þingflokksfundum í morgun. Gagnvart okkur ríkir afar mikill trúnaður þótt svo sé ekki þegar hæstv. forsætisráðherra fer mikinn í fjölmiðlum.

Það er algjörlega gagnslaust, frú forseti, að ætla að boða hér til umræðna um Icesave eftir að undirskrift hefur farið fram. Það var algjörlega ófært að fá hæstv. fjármálaráðherra til að segja frá því hér áðan hvenær til stæði að skrifa undir. Það gæti þess vegna orðið bara mjög fljótlega. Það hefur enga þýðingu fyrir þingið að bjóða þinginu upp á það, frú forseti, að ræða þetta þegar það er um garð gengið. Það er til háborinnar skammar fyrir Alþingi og á bara ekki að líðast. Frú forseti verður að beita sér fyrir því að svo verði ekki og þetta mál verði tekið á dagskrá nú strax í dag. (Forseti hringir.) Vilji stórs hluta þingmanna liggur hér fyrir, virðulegi (Forseti hringir.) forseti, enda er hún kjörin af okkur öllum til hennar starfa. (**Gripið fram í:** Nákvæmlega.)

[15:57]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Ég er viðvaningur í þessu öllu saman, nýr á þingi. En ég verð að segja að mér ofbýður þessi málsmeðferð, að við skulum standa frammi fyrir því að hér séu hugsanlega að bresta á samningar um mestu skuldbindingar sem við Íslendingar höfum tekið á okkur og það fáist ekki að ræða þetta mál í þinginu.

Ég skora á virðulegan forseta að beita sér fyrir því að hér verði umræður um þetta mál þannig að málsatvik megi koma í ljós og fólk geti þá myndað sér einhvers konar skoðanir og rökrætt um þennan samning vegna þess að það er ekki hægt og það er ekki bjóðandi að skrifa upp á einhvern samning þar sem niðurstaðan er ekki vituð.

[15:58]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér erum við enn að ræða þá staðreynd að þingið virðist standa frammi fyrir orðnum hlut. Það er mjög alvarlegt hvernig að þessu er staðið ef það er rétt sem hefur verið sagt hér að það er um það bil verið að fara að skrifa undir þessa samninga. Þá er svartur dagur í sögu þjóðarinnar runninn upp. Það er verið að skuldbinda þjóðina fram í tímann, langt fram í tímann. Það er verið að afsala okkur að nokkru leyti fullveldinu. Það er verið að skuldsetja næstu kynslóðir.

Samt er aðalmálið í þessu að hæstv. fjármálaráðherra sagði hér ósatt fyrir tveimur dögum. Hann sagði þinginu ósatt. Hann sagðist ekki kannast við að nokkurs staðar væri til staðar einhver samningur sem ætti að fara að undirrita, hvað þá heldur meir, eða yfir höfuð samningur um það hvernig ætti að leysa þetta Icesave-mál.

Ég bið hæstv. fjármálaráðherra að endurskoða stöðu sína sem ráðherra. Það að segja þinginu ósatt er grafalvarlegt (Forseti hringir.) og jaðrar við að það þurfi að víkja

hæstv. fjármálaráðherra frá og vísa ég þar í 14. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar (Forseti hringir.) um ráðherraábyrgð.

[15:59]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Rétt til að draga fram það sem kom fram á fundinum áðan með hæstv. fjármálaráðherra þá tilkynnti hann þar að hann mundi við fyrsta tækifæri mögulega, strax og hægt væri, kynna þinginu skýrslu um gang mála, að nefndirnar sem nú væru að ræða saman hefðu umboð til að ná saman drögum sem þær mundu kynna sínum stjórnvöldum, að nefndin hefði umboð fjármálaráðherra til að halda áfram. Hvernig því reiddi af ætti eftir að koma í ljós og fyrr gæti hann ekki gefið þinginu skýrslu um málið. Það var afdráttarlaus vilji ráðherrans að kynna þinginu niðurstöðu um leið og hægt væri, fyrr gæti hann ekki gert það. Það var alveg afdráttarlaust. Það á að ræða málið hér í þinginu um leið og hægt er, um leið og nefndirnar hafa komið sér saman um einhver drög til að kynna, þannig að því sé til haga haldið að ráðherra fjármála var ekki að víkja sér undan því að ræða málið hér og kynna það fyrir þinginu um leið og þess væri kostur og gaf hann þess vegna upp með það að (Forseti hringir.) ræða það hér á kvöldfundi ef það væri vilji manna, ef það lægi fyrir þá.

[16:01]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég ítreka fyrri beiðnir sem hafa komið fram um það að forseti beiti sér fyrir því að veita þinginu upplýsingar um hvort skrifa eigi undir Icesave-samkomulag á næstu dögum, í dag eða á næstu 24 klukkustundum. Ég hvet líka frú forseta til að beita sér fyrir því að það verði kynnt fyrir þinginu á viðeigandi máta hvað er í gangi, að við fáum einhverjar upplýsingar.

Það hefur aðeins verið lesið úr fréttum sem hafa komið fram í dag en mig langar til að lesa setningu sem hæstv. heilbrigðisráðherra sagði í tilefni þess að við vorum að ræða Icesave síðast, um þetta samkomulag sem hann sá fyrir sér þá, með leyfi forseta:

„Það er dapurlegt til þess að hugsa að ríkisstjórnin skuli hafa látið beygja sig í þessu máli og ég þakka fyrir að sú ríkisstjórn sem nú situr skuli ekki hafa verið í forsvari fyrir þjóðina þegar við háðum fiskveiðideilurnar við Breta og aðrar þjóðir á sínum tíma, (Forseti hringir.) hún hefði lyppast niður á fyrsta eða öðrum degi.“

[16:02]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Sem nýliði á þingi er ég alveg rasandi hissa á þeim vinnubrögðum sem hafa viðgengist í dag og vinnubrögðum framkvæmdarvaldsins á Íslandi gagnvart almenningi og gagnvart þinginu. Ég sætti mig ekki við svona vinnubrögð. Það er verið að skuldbinda þjóðina upp á hundruð milljarða ábyrgðir fram í tímann án þess að hún sé upplýst um það. Þingið er ekki upplýst um það fyrir fram með hvaða hætti þetta verður. Þetta heitir að starfa í reykfylltum bakherbergjum, frú forseti. Borgarahreyfingin kom ekki inn á þing til að taka þátt í því. Því mun ég fara úr þingsal á eftir og ég mun upplýsa mitt bakland um allt það sem ég hef orðið var við á þinginu í dag, hvers konar vinnubrögð líðast hér, hvers konar stofnun þetta er og hvers konar vanvirðingu þingið og framkvæmdarvaldið sýnir almenningi í landinu. Þetta er algerlega ótækt. Ég skammast mín fyrir að vera þingmaður á þingi sem hegðar sér með þessum hætti. (Forseti hringir.) Og meiri hluti þingmanna sem styður þessa ríkisstjórn ætti að taka til alvarlegrar athugunar hvers konar vinnubrögðum hann er að taka þátt í.

[16:03]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti, okkar allra þingmanna. Ég legg til að þessum fundi verði slitið, á honum eru fjögur mál sem eru innleiðing á tilskipunum Evrópusambandsins og tvö þingmannamál sem ég tel að megi bíða. Boðaður verði nýr fundur strax í kjölfarið þar sem fyrir er tekin skýrsla fjármálaráðherra sem hefur fengið fullt umboð samkvæmt mbl.is til að skrifa undir samning sem mun eyðileggja lánshæfismat Íslands, sem mun steypa þjóðinni í áratugafátækt. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[16:04]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Frú forseti. Við komum hér enn undir liðnum Fundarstjórn forseta og ég trúi því ekki að óreyndu að ætlast sé til þess að við höldum áfram auglýstri dagskrá og ræðum það sem hér var sett á blað áður en þeir atburðir gerðust í morgun sem varða þetta Icesave-mál. Það er ekki hægt að ætlast til þess af þingmönnum þjóðarinnar sem eru kjörnir til að starfa samkvæmt fullri samvisku og hreinskilni að þeir standi hér og ræði mál samkvæmt auglýstri dagskrá en fari ekki í þau mál sem virkilega þarf að ræða eins og rætt hefur verið í allan dag.

Ég vil biðja hæstv. forseta um að taka málið aftur til athugunar og tek undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Péturs Blöndals, um að afboða þessa dagskrá og auglýsa nýjan fund þar sem við förum að ræða þau mál sem skipta máli. (Forseti hringir.) Ég trúi því ekki að við eigum að fara að standa hér og ræða um tilskipanir Evrópusambandsins í ljósi ástandsins.

[16:06]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að Icesave-deilan þýðir það að við erum að taka á okkur gígantískar upphæðir í skuldbindingar sem ætlast er til að almenningur borgi. Í morgun fengu allir stjórnmálaflokkarnir upplýsingar í trúnaði en hæstv. forsætisráðherra braut trúnaðinn í fjölmiðlum. Núna átta menn sig ekki alveg á stöðunni. Ríkir trúnaður enn þá og um hvað er sá trúnaður? Er það rétt að það sé yfirvofandi að skrifa eigi undir samning um þetta mál núna á næstunni? Er það rétt eða ekki? Er það rétt að ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, Indriði Þorláksson, eigi að skrifa undir samning eða er það úr lausu lofti gripið? Það eru þær upplýsingar sem ég hef fengið, að ef einhver skrifar undir væri það væntanlega hann, með fyrirvara um samþykki Alþingis. Er það rétt eða er það einhver annar?

Ég tel, hæstv. forseti, að það eigi að slíta (Forseti hringir.) þessum fundi og það eigi að kalla saman utanríkismála-

nefnd og hún fari yfir það hvað eigi að vera í trúnaði og hvað ekki og fari yfir það hvernig málin standa. Það er ekki hægt að halda svona áfram, (Forseti hringir.) það verður að kalla saman utanríkismálanefnd sem fyrst.

[16:07]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég fer fram á að utanríkismálanefnd verði kölluð saman strax til að ræða þetta mál. Þetta er alveg gríðarlegt hagsmunamál sem hér er um að ræða. Það hafa þegar komið fram vissar upplýsingar um þennan áformaða samning í fjölmiðlum og út frá þeim upplýsingum sem þegar hafa komið fram má reikna út að eingöngu vextirnir, vextirnir fyrsta árið séu jafnháir og nemur meðallaunagreiðslum til 10 þúsund Íslendinga og þá eru ekki tekin með hugsanleg margföldunaráhrif. Það sé verið að borga sem samsvarar launum 10 þúsund Íslendinga í vexti fyrsta árið. Þetta vill ríkisstjórnin ekki ræða. Hún vill halda áfram að ræða einhver EES-ákvæði, hér er einn ráðherra mættur, ópólitískur ráðherra sem ætlar væntanlega að fara að fjalla um þessi EES-ákvæði sín þegar þetta mikilvægasta hagsmunamál hugsanlega nokkurn tíma í sögu þingsins, mikilvægasta efnahagslega hagsmunamál fæst ekki rætt í þinginu. Þetta er hneisa.

[16:08]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það litla sem hefur komið fram af hálfu stjórnarflokkanna í þeirri umræðu sem hefur farið fram hér í dag gefur eiginlega frekar tilefni til að spyrja fleiri spurninga en það hefur svarað nokkrum af þeim spurningum sem varpað hefur verið fram. Mér finnst margt í þessu máli mjög óljóst. Mér finnst, miðað við það sem hefur komið fram hér í umræðum, óljóst hvaða umboð það var raunverulega sem fjármálaráðherra var falið á ríkisstjórnarfundi í hádeginu. Hugsanlega gæti hæstv. viðskiptaráðherra sem sat þann fund, vænti ég, upplýst okkur um það í þessari umræðu: Hvers eðlis var það umboð sem ríkisstjórnin samþykkti til fjármálaráðherra? Ég skildi það svo af fréttum að það væri umboð til að undirrita samkomulag. Svo heyri ég í hv. formanni þingflokks Samfylkingarinnar sem er enn að tala um einhver drög, einhver samkomulagsdrög, óljós drög sem eigi að kynna fyrir þinginu og eitthvað þess háttar. Þannig að þegar talað er á vettvangi ríkisstjórnarinnar virðist málið miklu lengra komið en þegar hv. formaður þingflokks Samfylkingarinnar talar um það.

Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort (Forseti hringir.) forseti geti skýrt fyrir okkur afstöðu sína í því hvers vegna hæstv. forseti sjálf tekur ekki þá ákvörðun að (Forseti hringir.) efna til þeirrar utandagskrárumræðu sem hér hefur ítrekað verið beðið um.

[16:10]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hafði eftir hæstv. fjármálaráðherra að þetta mál yrði að sjálfsögðu rætt við fyrsta mögulega tækifæri. Ég hef ekki enn þá fengið svör við þeirri spurningu minni: Er það sem hæstv. fjármálaráðherra er að vísa til sem fyrsta mögulega tækifæri fyrir eða eftir undirritun samningsins? Og það sem er lykilatriði í þessu máli: Fær þingheimur tækifæri til að ræða þetta mál áður en undirritunin fer fram eða ekki? Ég tek undir þá kröfu sem hér hefur komið fram ítrekað, virðulegur forseti, sem ég get með ánægju upplýst að ég kaus sem forseta hæstv. Alþingis í þeirri trú og ég veit þeirri vissu að hæstv. forseti ætlar að gegna því embætti í þágu (Forseti hringir.) alls þingheims, en hvers vegna beitir virðulegur forseti sér ekki fyrir því að leyfa umræðu um þetta nú þegar og slítur fundi?

[16:11]

Ólöf Nordal (S):

Hæstv. forseti. Það sem hefur komið fram frá því í morgun þegar þingflokkarnir fengu þessa lauslegu útgáfu af því hvað fram undan væri í Icesave-málinu hefur einungis verið til þess að gera málið ruglingslegra. Í rauninni er það svo að það er miklu brýnna nú en áður að þetta mál komi á dagskrá strax í dag svo hægt sé að ræða það.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom fram með skýringar sem eru af allt öðrum toga en þær sem hæstv. fjármálaráðherra reyndi með einhverjum hætti að koma til skila fyrr í dag. Reyndar er það svo að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar láta sig þessa umræðu litlu varða, það er eins og sú skuldbinding sem fram undan er skipti ekki svo miklu máli að það sé ástæða til vera í þingsalnum til að ræða það. Þetta kemur mér afar mikið á óvart.

Ég verð líka að segja það, frú forseti, að hér fer stór meiri hluti þingmanna fram á það að forseti fresti fundi (Forseti hringir.) og setji á dagskrá utandagskrárumræðu og það kemur mér afskaplega mikið á óvart að sá forseti sem situr í stólnum núna skuli ekki verða við því.

[16:13]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég verð að segja það sem einn nýliðanna á þingi að maður er eiginlega að verða algerlega agndofa. Það sem búið er að gera frá því að þing var boðað saman og við tókum umræðuna um daginn í sambandi við hækkunina á olíugjaldinu og brennivíni og tóbaki eru nákvæmlega sömu vinnubrögðin og eru viðhöfð núna. Ég verð að segja, frú forseti, að mér finnst það afskaplega sérkennilegt að þegar menn fara í verkefni eins og fram undan er, að skrifa undir samkomulag út af Icesave-reikningunum, þá þarf enginn að segja mér það að sú nefnd sem er með það skrifi undir í umboði ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að sá samningur verði samþykktur á hinu háa Alþingi. Ég trúi því ekki að menn skrifi undir hann og ef hann yrði síðan felldur hér er varla hægt að taka mark á svoleiðis vinnubrögðum hér eftir. Ég segi enn og aftur, frú forseti: Ég hvet þig til þess að verða við beiðni okkar þingmanna um að slíta fundi og boða til annars.

[16:14]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég ítreka kröfur okkar í stjórnarandstöðunni um að fundi verði frestað og utanríkismálanefnd verði kölluð saman strax. Það er nefnilega þannig að í fyrri yfirlýsingum Vinstri grænna lýstu þeir því einmitt yfir að þetta

væri riftanlegur eða ógildur nauðungarsamningur og töluðu um ömurlega uppgjöf í þessu illvíga máli.

Ég spyr: Hvar eru fulltrúar Vinstri grænna í dag? Hvar eru þeir þegar verið er að skrifa undir ömurlega uppgjöf í þessu illvíga máli? Þeir láta ekki einu sinni sjá sig hér þegar við óskum eftir að fá upplýsingar um það nákvæmlega hversu ömurlegt þetta er í staðinn fyrir að menn tali um bærilegar niðurstöður, stórglæsilegar niðurstöður eða miklu betri niðurstöður en viðkomandi þorði að vona. Ég reikna með að viðkomandi, hæstv. forsætisráðherra, hafi virkilega hraðað sér burt úr Reykjavík (Forseti hringir.) af þessum persónulegu ástæðum því að ég veit ekki betur en hún hafi verið á ríkisstjórnarfundi klukkan eitt. (Forseti hringir.) Við byrjuðum í stjórnarandstöðunni að tala um þetta mál klukkan tvö þannig að hún hefði átt að vita nákvæmlega hvað var í gangi í þinginu en samt lætur hún ekki sjá sig. Þetta er algerlega ásættanlegt, frú forseti.

[16:16]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér hefur komið fram eindregin ósk þess að utanríkismálanefnd verði kölluð saman og ýtrasta ósk er að þessum fundi verði slitið og nýr fundur boðaður svo hægt sé að ræða þessi mál af viti í þinginu. Hér er framkvæmdarvaldið algjörlega að valta yfir löggjafarvaldið sem sýnir það hversu löggjafarvaldið stendur máttlaust gagnvart framkvæmdarvaldinu. Stjórnarskráin er til þess að vernda rétt borgaranna gegn óhæfum stjórnvöldum. Þetta er akkúrat nákvæmlega að gerast í dag. Hér er framkvæmdarvaldið að skrifa undir þann mesta skuldbindingarsamning sem íslenska þjóðin hefur staðið frammi fyrir. Hvort hún sé að því sjálfviljug efast ég um, ríkisstjórn, skuggaríkisstjórn erlendra afla situr nú með pennann uppi í fjármálaráðuneyti að skuldbinda íslensku þjóðina um marga tugi ára. Ég harma þetta. (Forseti hringir.) Ég óska eftir að þessum fundi verði slitið svo að löggjafarvaldið komist að þessum samningi.

[16:17]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að ekkert er því til fyrirstöðu að kalla utanríkismálanefnd saman. Það hefur líka komið fram á fundum með þingflokksformönnum að ekkert sé því til fyrirstöðu. (**VigH:** … komin saman til þess að ræða málið?) (Gripið fram í.)

[16:17]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Hvar er hæstv. ríkisstjórn stödd? Hér er einn hæstv. ráðherra í salnum, utanþingsráðherra, hæstv. viðskiptaráðherra. Hvar er öll ríkisstjórnin og hvar eru þingmenn stjórnarflokkanna, meirihlutaflokkanna á þessu þingi, vinstri flokkanna sem eru að leiða hér í gegn einhverja mestu niðurlægingu þessa þings sem það hefur orðið fyrir örugglega í sögunni? Ég hvet virðulegan forseta til þess að gera ráðstafanir til þess að þetta fólk mæti hér til fundar til þess að taka þátt í þeirri mikilvægu umræðu sem hér fer fram.

Það flýgur fyrir að til standi að undirrita þessa samninga í dag. Það hefur komið hér fram í umræðunni bara á síðustu dögum að hæstv. fjármálaráðherra virðist ekki hafa vitað af þeirri umræðu sem var í gangi. Hann virðist ekki hafa vitað af þeim samningaviðræðum sem voru í gangi, hvað þá hvað þær innihéldu. Hann kemur hér í dag og það þarf að klára þennan pakka í miklum hvelli. Af hverju er það? Hvað býr að baki því að þessi mikli hraði þurfi (Forseti hringir.) allt í einu að vera á þessu máli, að ekki sé hægt að gefa hér eðlilegan tíma til þess (Forseti hringir.) að ræða þetta mál? Hvað býr að baki? Er það svo að Evrópusambandsumsóknin sé svo mikilvæg — og hún er í farvatninu — að það sé verið að þóknast (Forseti hringir.) þeim þjóðum sem um hana munu fjalla?

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Margar sérstakar hugsanir fara um hugann (Forseti hringir.) við þessar aðstæður og ég skora (Forseti hringir.) á virðulegan forseta (Forseti hringir.) að taka nú til hendinni (Forseti hringir.) og hlusta á kröfur þingmanna.

[16:18]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti verður að biðja þingmenn um að virða ræðutíma.

[16:19]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Kæri forseti. Okkur var lofað bæði á fundi í morgun með formönnum flokkanna ásamt fundi í utanríkismálanefnd að fá gögn, að fá að sjá hvert þetta eignasafn er, að fá öll gögn sem hafa komið fram í tengslum við þessar samningsumræður. Það hefur verið svikið því að við áttum að fá þessi gögn áður en undir samninginn væri ritað.

Ég hvet þig, ég skora á þig að slíta þessum fundi þannig að við getum fengið að ræða um þetta mál og ég skora á þig að kalla saman stjórnina. Hvar er stjórnin?

[16:19]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna á hefðbundið ávarp í þingsal.

[16:20]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég kem hér eiginlega algjörlega gáttuð á þeirri umræðu sem hér hefur farið fram fyrst og fremst vegna þeirrar framkomu sem mér finnst einstakir hv. þingmenn sýna í orðavali sínu og málflutningi. Ég hef setið undir því hér fyrr í dag sem stjórnarliði að vera kölluð landráðamaður. Þetta er stórt orð sem ég tek mjög alvarlega og ég vil spyrja hæstv. forseta hver séu hefðbundin viðbrögð við orðnotkun af þessu tagi um leið og ég vil gefa hv. þm. Eygló Harðardóttur kost á því að skýra orð sín betur, (Gripið fram í.) draga þau til baka eða biðjast á þeim afsökunar (**Gripið fram í:** Nei.) og spyr (Gripið fram í.) hvort hv. þingmaður ætlar sér að standa við þau ... (Gripið fram í.) Fyrirgefðu forseti, (Forseti hringir.) gæti

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Þögn í þingsalnum.)

ég fengið að halda orði mínu hér?

Ég spyr hv. þm. Eygló Harðardóttur: Ætlar hún að standa við þau orð að þeir (**Gripið fram í:** Já.) stjórnarliðar sem hér sitja í (Forseti hringir.) salnum og (Gripið fram í.)

bara eru starfandi á Alþingi Íslendinga séu landráðamenn? (Gripið fram í.) Ég óska eftir svari.

[16:21]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna það að á allöngum ferli mínum sem stjórnmálamaður hef ég aldrei upplifað það ástand sem hér hefur verið í dag, að ég hafi verið kallaður á fund, upplýstur þar að hluta til og bundinn trúnaði um að tala um það mál sem síðan geisar í fjölmiðlum og fer hér um allt og ég hef enga heimild til þess að tala um málið. Ég hef heldur aldrei upplifað það að í stjórnmálum séu tveir aðilar, annar aðilinn sem ekki fær að koma að málum og ekki ræða þau en hinn aðilinn virðist hafa aðgang að öllum upplýsingum, tekur ákvarðanir, fer með þær í fjölmiðla og jafnvel skuldbindur íslenska þjóð til slíkra (Gripið fram í.) stærðargráða og hluta sem ég má víst ekki tala um en eru óstjórnlegar. (Forseti hringir.) Ég get því bara ekki orða bundist um af hverju við erum höfð hér (Forseti hringir.) nánast eins og ginningarfífl inni í sal í staðinn fyrir að fara út og reyna að vinna eitthvað af viti.

[16:23]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Fyrir skömmu spurði ég hæstv. forseta um hvort hún væri ekki til í því að taka mál út af dagskrá sem þola bið og boða nýjan fund þar sem við fengjum skýrslu fjármálaráðherra um það mál sem hér hefur verið rætt og er efst á baugi. Ég hef ekki fengið nein svör við því.

Nú er forseti kosinn af okkur þingmönnum til þess að stýra þinginu. Ég hef ekki heyrt einn einasta þingmann hérna sem vill tala núna um tilskipanir Evrópusambandsins það sem eftir lifir fundar og allir hafa þingmenn óskað eftir því að fundi verði slitið og annaðhvort hv. utanríkismálanefnd kölluð til starfa eða boðaður nýr þingfundur.

Ég óska eftir því að fá svar hjá forseta mínum, forseta Alþingis, við þessum spurningum mínum sem eru í rauninni dagskrártillaga um að taka mál út af dagskrá og slíta fundi og boða nýjan fund.

[16:24]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég óskaði í fyrri ræðu minni eftir viðveru fjármálaráðherra og forsætisráðherra og virðulegur forseti hefur upplýst að forsætisráðherra sé vant við látin. Hins vegar hefur því ekki verið svarað hvar hæstv. fjármálaráðherra sé og hvers vegna hann getur ekki komið hér til umræðu við okkur. Ég ætti kannski að fletta því upp á mbl.is hvað er að gerast í Icesave-deilunni vegna þess að við hér í þinginu fáum virkilega ekki neinar upplýsingar um það aðrar en þessa sýndarkynningu sem við fengum á þingflokksfundum í morgun — ég leyfi mér að segja það — sýndarkynningu. Það hafa engin gögn verið lögð fram. Við höfum ekki fengið að sjá neinar tölur og engu að síður er verið að semja hérna um hagsmuni komandi kynslóða á Íslandi. Þetta er til skammar fyrir þingheim og ég trúi því varla að þetta séu vinnubrögðin á hinu nýja Íslandi. Kannski að þeir stjórnarliðar sem þó þora að vera hér og taka þátt í þessum umræðum geti upplýst mig um það hvort þau séu stolt af þessum lýðræðislegu vinnubrögðum og hvort þau sé stolt af því að þetta (Forseti hringir.) séu hin nýju vinnubrögð sem ríkisstjórnin boðaði.

[16:25]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að samkvæmt upplýsingum hér í borði forseta er hæstv. fjármálaráðherra í húsinu en það þyrfti að gera ráðstafanir til að kanna hvort það sé rétt.

[16:25]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum enn og aftur þann trúnaðarbrest sem ríkir á milli hæstv. forsætisráðherra frá þeim ummælum sem hún lét falla hér í hádegi og þess að þingmenn stjórnarandstöðunnar voru beðnir um trúnað varðandi þær upplýsingar sem bárust frá formanni samninganefndar, Svavari Gestssyni, á þingflokksfundum í morgun.

Við erum hér enn að ræða hvers vegna og af hverju ekki sé hægt að ræða innihald þeirrar tillögu sem reifuð var formlega og af hverju hæstv. ríkisstjórn leyfir sér að brjóta með þeim hætti sem þar er gert þennan trúnað við þingið og fjalla um í fjölmiðlum þau atriði sem reifuð voru á þingflokksfundi en veitir ekki þingmönnum Alþingis tækifæri til þess að eiga þær umræður við hæstv. ríkisstjórn.

Ég ítreka enn (Forseti hringir.) og aftur, frú forseti, að við erum hér fyrir fólkið í landinu, ekki vegna þess, og ég krefst (Forseti hringir.) þess, hæstv. forseti, og það er einlæg ósk mín að þessum þingfundi verði frestað þannig að tækifæri gefist til að ræða þessi mál. Þetta er afar alvarleg staða.

[16:27]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég ítreka enn og aftur það sem búið er að fara fram á, að þessum fundi verði slitið og að við förum að ræða þetta mál af alvöru. Hér erum við í raun að eyða öllum okkar tíma og krafti í að þrefa um hvernig skuli staðið að málum. Það er alveg klárt í mínum huga að það er mjög mikilvægt fyrir stjórn og stjórnarandstöðu að standa saman á þessum erfiðu tímum. En því miður hefur stjórnin valið þá aðferð að kynna eingöngu fyrir stjórnarandstöðunni málin, annaðhvort í dagblöðunum eða í útvarpi, og það er nánast skammarlegt, eins og hefur verið sagt hér, að það er verið að biðja menn um trúnað og síðan þegar menn eru að ræða trúnaðinn inni á þingflokksfundum kemur viðtal við hæstv. forsætisráðherra í fréttunum.

Það er líka mjög dapurlegt vegna þess að örfáum mínútum áður eða hálftíma áður þá spurði hv. þm. Þór Saari forsætisráðherra að því, háttvirtan, hvernig þessu liði ...

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Hæstvirtan.)

Hæstvirtan, fyrirgefðu — að þá (Forseti hringir.) fullvissaði hún hann um það að þetta yrði kynnt fyrir þingflokkunum áður en að ...

[16:28]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Bara til að setja þetta í eitthvert samhengi þá höfum við ekki átt í stærri málum, Íslendingar,

hvað varðar okkar hagsmuni síðan í landhelgisdeilunni. Við höfum ekkert átt í neinum stærri málum. Það er alveg ótrúlegt, virðulegi forseti, að sjá að það virðist vera algjör sátt meðal stjórnarliða að vinna hér eins og verið er að gera, virðulegi forseti.

Ég hvet stjórnarliðana sem hafa nú í stjórnarandstöðu sumir fyrir nokkrum vikum síðan verið með stór orð um að það þurfi að iðka lýðræðisleg vinnubrögð, gegnsæja stjórnarhætti og svo framvegis — ég hvet þá aðeins til að hugsa sitt mál áður en þeir leggja blessun sína yfir framgang málsins eins og það er núna. Málin verða ekki stærri og ætlast virðulegur forseti (Forseti hringir.) til þess að núna þegar þessi mál eru á fleygiferð í fjölmiðlum — ekki í þingsölum — að við ræðum um lög um vátryggingarsamninga?

[16:30]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Hv. þm. Eygló Harðardóttir hefur staðfest úr sæti sínu og ítrekað ummæli í þinginu um að þingmenn ríkisstjórnarinnar séu landráðamenn. Ég óska eftir upplýsingum um það frá forseta hvernig við skuli brugðist þegar önnur eins ummæli falla í ræðustóli og í heyranda hljóði á hinu háa Alþingi. Ég get ekki setið undir því, frú forseti, að vera kölluð landráðamaður.

[16:30]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum sem hafa komið fram í *Morgunblaðinu* liggur fyrir að vaxtagreiðslur vegna þessara skuldbindinga geti á næstu sjö árum orðið allt að 200 milljarðar. Þetta kemur til viðbótar við skuldbindinguna sjálfa og síðan eru eignir á móti eins og við vitum.

Ef ekki þykir ástæða til að ræða þetta mál í sölum Alþingis spyr ég sem nýr þingmaður: Hver er forgangsröðin hér? Eigum við ekki að ræða eitt af afdrifaríkustu málum sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir? (Forseti hringir.) Eigum við að eyða tíma okkar í næstum því einskisverð mál í samanburði við það?

[16:32]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Frú forseti. Síðan í morgun, fyrst á fundi stjórnarinnar með leiðtogum stjórnarandstöðunnar, síðan á nefndarfundi utanríkismálanefndar, svo á þingflokksfundum og væntanlega á tveimur ríkisstjórnarfundum í dag þar að auki, hefur verið rætt um þær hugmyndir sem liggja á borðinu vegna samninganna um Icesave. Í raun má segja að vinnubrögðin í þessu máli hafi verið allt, allt önnur en þau sem tíðkuðust hér þegar meiri hluti sjálfstæðis- og framsóknarmanna (Gripið fram í.) fór hér með öll völd í tólf ár. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Gefa ræðumanni hljóð.)

Við skulum rifja upp einkavæðingu bankanna, þar fóru engar upplýsingar á milli. (Gripið fram í.) Við skulum rifja upp yfirlýsingu og stuðning við innrásina í Írak, þar fóru engar upplýsingar á milli. Hér hafa hv. þingmenn (Gripið fram í.) stjórnarandstöðunnar verið (Forseti hringir.) upplýstir um hvert einasta atriði í þessu stóra máli. (Gripið fram í.)

[16:33]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram löng umræða um fundarstjórnina og dagskrána í dag þar sem farið hefur verið fram á að Icesave-deilan verði rædd sérstaklega. Af því virðist ekki ætla að verða og þess vegna hefur verið óskað eftir fundi í utanríkismálanefnd. Jafnvel þótt þar hafi fundur farið fram í morgun hefur auðvitað í millitíðinni verið haldinn ríkisstjórnarfundur og því er full ástæða til að fá skýr svör og upplýsingar í utanríkismálanefnd um það hvernig ríkisstjórnin vill, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún fékk í morgun, að málinu verði haldið áfram, hvort til stendur að ljúka samningunum eður ei.

Í ljósi þess að málið virðist ekki fást rætt hér sérstaklega með breyttri dagskrá (Forseti hringir.) er nauðsynlegt að fara fram á fund í nefndinni.

[16:34]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að hún hefur ítrekað upplýst það úr forsetastóli að það er ekkert því til fyrirstöðu að kalla saman hv. utanríkismálanefnd.

[16:35]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að Alþingi hefur veitt ríkisstjórn umboð til þess að leiða til lykta samningaviðræður vegna þessa máls. Það umboð var veitt með atkvæðum þingmanna Sjálfstæðisflokks og hjásetu þingmanna Framsóknarflokks fyrir áramót. (**Gripið fram í:** Skilyrt.) Það var ekki skilyrt að öðru leyti en því að samningar ættu að vera á forsendum hinna sameiginlegu viðmiða. Ekkert annað hefur komið fram í þessu máli en að unnið sé á forsendum hinna sameiginlegu viðmiða. (Gripið fram í.) Það er einfaldlega sú staðreynd sem liggur fyrir í málinu.

Þrátt fyrir það að ríkisstjórnin hafi fullt umboð til að gera þetta á eigin spýtur var samt ákveðið að leita samráðs við stjórnarandstöðuna (Gripið fram í.) og ræða við fulltrúa stjórnarandstöðunnar og utanríkismálanefnd um málið.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Gefa ræðumanni hljóð.)

Á þeim forsendum auðvitað að það sé vilji til þess að reyna að skapa hér frið og sátt um meðferð þessa máls. (Forseti hringir.) En þessi viðbrögð stjórnarandstöðunnar hljóta að vekja efasemdir um hvort (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) sjálfstæðismenn og framsóknarmenn þora (Gripið fram í.) að standa í lappirnar og standa við þá afstöðu sem þeir hafa þegar markað í þessu máli.

[16:36]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla þeim ótrúlegu orðum hæstv. félagsmálaráðherra áðan, að það sé verið að vinna þetta í einhverri sátt. (**Gripið fram í:** Í friði og sátt.) Í friði og sátt. Það er dónaskapur við stjórnarandstöðuna að halda þessu fram, hæstv. ráðherra.

Í ræðu hv. þingflokksformanns Samfylkingarinnar áðan kom fram að það ætti að ræða málið þegar eitthvað væri að kynna, að fjármálaráðherra ætlaði að upplýsa okkur þegar

eitthvað væri að kynna. Ég held að það sé heldur betur eitthvað að kynna í dag. Í fjölmiðlum er forsætisráðherra að tjá sig um einstök efnisatriði í hugsanlegu samkomulagi. Verið er að tala um innstæðutryggingarsjóð sem gefi út skuldabréf, það er verið að tala um 90% af eignasafni, það er verið að tala um ríkisábyrgð. Um hvað megum við ekki tala? Hvenær ætlar ríkisstjórnin að aflétta því þagnarbindindi sem hún setti á stjórnarandstöðuna? Þetta er með ólíkindum.

[16:37]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er auðvitað algjörlega ómögulegt að hafa umræðuna í þessum farvegi, að það eigi að ríkja trúnaður og maður veit varla lengur um hvað sá trúnaður á að ríkja. Nú hafa þrír hv. þingmenn farið fram á fund í utanríkismálanefnd, hv. þingmenn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Bjarni Benediktsson og Birgitta Jónsdóttir, þannig að það er skylt að halda þennan fund. Það er beðið um að þessi fundur verði haldinn hið fyrsta og áður en drög að samningi vegna Icesave-deilunnar verða undirrituð, þ.e. ef það á að undirrita með fyrirvara. (**Gripið fram í:** Er ekki búið að því?) Ef það er ekki búið. Ekki veit sú er hér stendur neitt um það. (Gripið fram í.)

Alla vega hlýtur að draga til tíðinda þegar ríkisstjórnin sér ástæðu til að ræða við alla stjórnmálaflokka landsins og fresta þingfundi í morgun vegna þessa máls. Auðvitað var að draga til tíðinda í því þá, það getur ekkert annað verið. Það verður að halda fund hið fyrsta í utanríkismálanefnd þannig að við fáum betri upplýsingar um (Forseti hringir.) stöðu mála þegar honum er lokið. Þetta eru allt of stórir hagsmunir (Forseti hringir.) til þess að við förum bara hér inn og slöppum af um helgina. Það gengur ekki, virðulegur forseti, það verður að funda strax í nefndinni.

[16:38]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti getur þess enn einu sinni að það er ekkert því til fyrirstöðu að kalla nefndina saman og það er auðvitað formannsins eða varaformanns. (Gripið fram í.)

[16:39]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Þá fengum við lýsingu á því hvernig samráð fer fram, virðulegi forseti, þá vitum við það. Þetta er samráð Samfylkingarinnar. Það gengur út á það að það kemur gestur inn á fund, spjallar í tíu mínútur og segir: Þið verðið að lofa að segja engum frá neinu. Þetta er sátt og samlyndi og samráð. Það liggur fyrir.

Virðulegi forseti. Þessi vinnubrögð segja okkur það að allur fagurgalinn var nákvæmlega ekkert annað en fagurgali. Þetta eru vinnubrögðin sem á að praktísera. Ef þessar fregnir í fjölmiðlum eru réttar virðist Samfylkingin gera fleira en að iðka … (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Það er gott að hæstv. félagsmálaráðherra er ekkert pirraður yfir þessari ræðu. En það er augljóst að þeir eru að gera fleira ef eitthvað er að marka þessar fregnir í fjölmiðlum því að væntanlega eru þeir að hjálpa systurflokki sínum (Forseti hringir.) í Bretlandi, verkamannaflokknum þar, og Gordon Brown (Forseti hringir.) rétt fyrir kosningar því að þannig líta þessi samningsdrög út ef eitthvað er að marka fjölmiðla.

[16:40]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill upplýsa að varaformaður utanríkismálanefndar, hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir, hefur boðað til fundar í utanríkismálanefnd nú klukkan fimm.

[16:40]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég fagna því að komin er tímasetning á fund í utanríkismálanefnd og að nefndin geti og fái þá greinargóðar upplýsingar um þá atburði sem hafa átt sér stað í dag þannig að hægt sé að leggja mat á þá stöðu sem upp er komin.

Það er rétt að taka það fram vegna ummæla hæstv. félagsmálaráðherra að það var einmitt þannig að ríkisstjórnin kom til þingsins og fékk sérstakt umboð frá þinginu, sem er óvanalegt í þessari stöðu, um það að ganga til þessara samningaviðræðna og að leiða þær áfram til lykta en þó þannig að þinginu væri gerð full grein fyrir stöðu mála. Gerð var tilraun til þess að gera einhverja grein fyrir málinu hér í dag, engan veginn fullnægjandi, engan veginn þannig að hægt væri að líta svo á að haft væri eitthvert samráð eða að þinginu væri haldið upplýstu. Það voru einfaldlega ekki gefnar nægilegar upplýsingar til þess.

Á sama tíma og stjórnarandstaðan er sett undir þagnarbindindi kemur hæstv. forsætisráðherra fram í fjölmiðlum í hádeginu og lýsir því yfir að hér sé um að ræða mjög góðan samning og mjög góða niðurstöðu sem sé að nást. (Forseti hringir.) Það er það sem er algjörlega óþolandi að sitja undir og sitja hér sjálf í þagnarbindindi. (Forseti hringir.) Þessu verðum við að breyta.

Út af dagskrá voru tekin 2.–7. mál.

Fundi slitið kl. 16:42.

---

16. FUNDUR

mánudaginn 8. júní,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Icesave-samningarnir, munnleg skýrsla fjármálaráðherra. — Ein umr.

3. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
4. Vextir og verðtrygging, frv., 62. mál, þskj. 70. — 1. umr.
5. Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, stjfrv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
6. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 70. mál, þskj. 82. — 1. umr.
7. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 78. mál, þskj. 90. — 1. umr.
8. Virðisaukaskattur, frv., 47. mál, þskj. 47. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Björn Valur Gíslason, 8. þm. Norðaust. (8.6.)

Fjarvistarleyfi:
Helgi Hjörvar, 4. þm. Reykv. n.
Jón Bjarnason sjútv.- og landbrh., 2. þm. Norðvest.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá bæjarráði Akureyrar.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Erindi frá kröfuhöfum vegna íslensku bankanna.

[15:01]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra. Við þekkjum það að nú hefur ríkisstjórnin kynnt samninga um gríðarmiklar skuldbindingar vegna Icesave-deilunnar en það væri kannski forvitnilegt að vita líka hvað snýr að annars konar samningum og þá er ég að vísa í viðreisn bankanna. Eins og menn þekkja hafa þau mál gengið mjög hægt og vakti athygli landsmanna að einn af ráðgjöfum ríkisstjórnarinnar hótaði að hætta að taka þátt í því ferli sökum þess hve hægt gengi.

Í tengslum við þessi mál hafa heyrst ansi óljósar fregnir og sögusagnir og lítið verið upplýst hver raunveruleg staða mála er. En þar sem hæstv. viðskiptaráðherra, a.m.k. áður en hann varð hæstv. viðskiptaráðherra, lagði mikið upp úr gagnsæi í stjórnsýslunni og núverandi ríkisstjórn hefur lagt upp með að það allt væri uppi á borðum, vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé rétt að lánardrottnar hafi séð ástæðu til að skrifa fulltrúum viðkomandi þjóða hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í þeim tilgangi að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og sömuleiðis að þeir séu búnir að leggja fram formlega kvörtun til EFTA yfir framgöngu stjórnvalda í sinn garð. Miðað við þær fregnir sem maður hefur eru nokkrar vikur síðan þetta var, í rauninni tilgreint fyrir kosningar. Ég vildi fá að vita það hjá hæstv. ráðherra hvort það sé rétt að sendar hafi verið kvartanir til EFTA og afrit af þeim bréfum hafi borist til ríkisstjórnarinnar og ráðherra í ríkisstjórninni. Ef svo er, til hvaða aðgerða hefur verið gripið í kjölfar þess?

[15:03]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um nein formleg erindi frá kröfuhöfum hvorki til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins né EFTA eða ESA, ef verið er að vísa til þess. Hins vegar veit ég að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur rætt við kröfuhafa, eins og reyndar aðra sem eiga hagsmuna að gæta, en það hefur ekki komið neinn þrýstingur á okkur í gegnum þá leið, þ.e. það getur vel verið að kröfuhafar hafi rætt við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn en það hefur ekki leitt til neins þrýstings á íslensk stjórnvöld sem mér er kunnugt um og það sama gildir um EFTA.

Hins vegar er alveg ljóst og hefur legið fyrir í marga mánuði að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur áherslu á að gætt sé jafnræðis meðal kröfuhafa og hefur m.a. beitt sér fyrir því að ekki sé tekið upp svokallað tvöfalt gengi þar sem kröfur sumra eru greiddar út á óhagstæðara gengi en kröfur annarra en það er ekkert nýtt í því.

Það er kannski rétt fyrst þessi fyrirspurn er komin fram að benda á að það getur vel verið að Eftirlitsstofnun EES eða ESA taki til skoðunar hvort Íslendingar hafi í einu og öllu farið eftir þeim skuldbindingum sem okkur ber samkvæmt samningnum við Evrópska efnahagssvæðið og m.a. reyna á neyðarlögin og gjaldeyrishöftin og stjórnvöld eru að sjálfsögðu undir það búin, en það hefur ekki verið gripið til neinna sérstakra aðgerða annarra en að undirbúa málsvörn ef til þess kemur.

[15:05]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég skildi þetta svo að hæstv. ráðherra segi að hingað hafi engin bréf borist og kröfuhafar ekki verið að kvarta, hvorki til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins né til EFTA, yfir framgöngu stjórnvalda í sinn garð, að þetta sé rangt og það hafi ekki nein slík samskipti átt sér stað og það er bara gott að það liggi fyrir. En ef ég hef ekki misskilið ráðherrann fullyrti hann að engin bréf af því tagi sem ég nefndi hafi borist til þessara stofnana og til ráðamanna þjóðarinnar, þar með talið ráðherra.

[15:06]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Til að taka af öll tvímæli er rétt að hér komi fram að ég veit auðvitað ekki nákvæmlega hvernig kröfuhafar eða aðrir haga sínum samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, hvort þeir gera það bréflega eða munnlega. Það getur auðvitað vel verið að menn hafi skrifað einhver bréf. En ég endurtek að mér er ekki kunnugt um að íslensk stjórnvöld hafi orðið fyrir neinum þrýstingi í kjölfar slíkra bréfaskipta eða annarra samskipta.

Umboð samninganefndar í Icesave-deilunni.

[15:07]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Það er eitt atriði sem mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í og það varðar það stóra mál sem við ætlum að ræða á eftir, svokallað Icesave-mál. Mig langar að spyrja og velta aðeins upp við hæstv. fjár-

málaráðherra hvert umboð samninganefndarinnar hafi í raun verið. Þá er ég að velta fyrir mér hversu langt þessi samninganefnd mátti ganga, hvað hún mátti skuldbinda þjóðina fyrir miklu í viðræðum sínum og slíkt. Það væri mjög freistandi og ekki bara freistandi, það væri mjög gott og mikilvægt, held ég, ef ráðherra mundi beita sér fyrir því að Alþingi fengi að sjá umboðið sem þessi nefnd fékk. Hún hefur væntanlega fengið skriflegt umboð og ég óska eftir því að fá að sjá það umboð og mælist til þess að ráðherra beiti sér fyrir því að þingið sjái það til að það liggi alveg fyrir hvert umboðið var, hvað þessi ágæta nefnd mátti gera og hvað ekki.

[15:08]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill beina því til hv. þingmanns að ávarpa og nefna ráðherra hæstv. ráðherra.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Umboð samninganefndarinnar sem er skipuð af framkvæmdarvaldinu er sótt í samþykkt Alþingis sem fól framkvæmdarvaldinu 4. desember sl. að leiða þetta mál til lykta á tilteknum forsendum. Erindisbréf nefndarinnar var, að ég held, gert opinbert um leið og hún var skipuð eða öllu heldur endurskipulögð í febrúarmánuði. Viðræðunefnd hóf strax störf eftir afgreiðslu Alþingis á þingsályktunartillögu í öndverðum desembermánuði en hún var endurskipulögð eftir stjórnarskipti með nýju erindisbréfi og það liggur fyrir og er opinbert. Ég er ekki með það við höndina en það er ekkert vandamál að finna það til. Ég leyfi mér að fullyrða, ef minni mitt svíkur ekki, að það hafi verið gert opinbert um leið og fréttatilkynning um þessa endurskipuðu samninganefnd leit dagsins ljós síðla í febrúarmánuði og rétt eins og í tilviki fyrri samninganefndarinnar í tíð fyrri ríkisstjórnar var hlutverk þessarar nefndar að leiða málið til lykta á þeim forsendum sem Alþingi hafði ákveðið.

[15:09]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa gleymt að ávarpa hæstv. fjármálaráðherra rétt nú áðan. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og ég túlka það svo að hann muni útvega mér umboðið sem þessi nefnd hafði. Ef það liggur ekki ljóst fyrir í gögnum Alþingis óska ég eftir að hann útvegi mér það, því að það er mjög mikilvægt að hafa það alveg á hreinu hvort það umboð sem ný samninganefnd fékk sé í samræmi við það sem fyrri nefnd fékk og hvort það byggi á þeirri ályktun sem hér er vísað til.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það kemur fram að ríkisstjórninni er falið að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld og því kalla ég eftir því hvort samninganefndin hafi verið með það hlutverk óyggjandi.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég held að þetta mál liggi afskaplega skýrt fyrir. Þetta er með alveg hefðbundnum hætti nema í þessu tilviki er ekki vísað til þess sjálfstæða hlutverks sem stjórnvöld fara almennt með til að gera samninga við önnur ríki, enda eru stjórnvöld í aðalatriðum ekki að gera samninga sín í millum heldur innstæðutryggingarsjóðir landanna. En aðkoma stjórnvalda, sérstaklega af Íslands hálfu, er nokkur í málinu og samningsumboðið er fyrst og fremst fólgið í fyrirmælum Alþingis eðli málsins samkvæmt. Ég get algerlega fullyrt að erindisbréf eða skipunarbréf bæði fyrri viðræðunefndar og síðari viðræðunefndarinnar var nákvæmlega í samræmi við þau fyrirmæli sem framkvæmdarvaldið hafði frá Alþingi.

Áform ríkisstjórnarinnar í virkjanamálum.

[15:11]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Í nýútkominni þjóðhagsspá er gert ráð fyrir framkvæmdum í Helguvík og Straumsvík í grunnspá og viðeigandi orkuöflun til þess að af þeim verkefnum geti orðið. Þar er gert ráð fyrir því að mesti kraftur framkvæmdanna verði á tímabilinu 2010–2012. Samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins er þessum framkvæmdum ætlað að drífa áfram hagvöxtinn sem spáð er á tímabilinu. Þess vegna skiptir miklu máli að áform um þessar framkvæmdir séu skýr og tímasetningar eins nákvæmar og nálægt í tíma og hægt er á þeim óvissutímum sem nú ríkja, en við vitum auðvitað öll að það er allt í óvissu með fjármögnun og fleira bæði hvað varðar orkuöflun og aðra hluti í þessum verkefnum.

Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra að því hvort hún telji að þær tímasetningar sem í þjóðhagsspánni eru og skipta verulega miklu máli um allt okkar efnahagslíf á komandi árum, muni standast. Og ef hún telur svo ekki vera, hvort ríkisstjórnin og hún sem iðnaðarráðherra muni beita sér í þá átt að liðka fyrir þessum framkvæmdum eða flýta þeim ef þess er nokkur kostur.

[15:13]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það sem hv. þingmaður kemur inn á varðandi álverið í Helguvík er auðvitað þannig að þar er allt enn á áætlun miðað við hvernig um málið var rætt hér þegar við ræddum fjárfestingarsamninginn á síðasta þingi. Við bíðum enn þá eftir niðurstöðu ESA áður en hægt er að undirrita þann fjárfestingarsamning og jafnframt er verið að vinna að fjármögnun verkefnisins og í raun og veru hefur ekkert nýtt komið fram síðan það var.

Vissulega er það svo að orkufyrirtækin hafa ekki frekar en önnur fyrirtæki farið varhluta af fjármálakreppunni, framkvæmdir þessara fyrirtækja hafa auðvitað í áratugi byggt á erlendum lántökum og það er ekkert launungarmál að þau eru ekki á hverju strái þessa dagana, a.m.k. ekki á kjörum sem viðráðanleg eru.

Það sem við þurfum að skoða í þessu, og ég held að við ættum að gera algerlega opið, er að skoða hvort við getum horft til innlendrar lánsfjármögnunar, t.d. frá lífeyrissjóðum eða öðrum aðilum sem það geta og hafa bolmagn til, eða horfa til þess hvort við getum farið í nýframkvæmdir í gegnum t.d. verkefnafjármögnun, þ.e. í sérstökum félögum sem standa fyrir utan efnahag orkufyrirtækjanna, og með

þátttöku annarra fjárfesta, innlendra eða útlendra.

Eins og staðan er núna eru allar tímasetningar enn þá eins og lagt var upp með og ekkert hefur breyst í því. Ég get því svarað hv. þingmanni þannig: Ég tel að þessar tímasetningar og áætlanir eigi að geta staðist ef rétt er á málum haldið og sérstaklega mun það koma í ljós í sumar hvernig málum vindur fram en ég hef trú á að svo verði.

[15:15]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Þær framkvæmdir sem settar eru í þjóðhagsspá eru yfirleitt komnar það langt að nokkur vissa á að vera um að af þeim geti orðið. Og þegar um er að ræða framkvæmdir sem eiga að drífa fram þann hagvöxt sem við sjáum fram undan — vegna þess að það er nú ekki eins og það sé um mikið annað að ræða í þessu — skiptir miklu máli að um þær ríki nokkuð mikil vissa.

Mér finnst ánægjulegt að heyra hæstv. iðnaðarráðherra lýsa því svona ákveðið yfir að þessi verkefni séu á tímaási. En þegar horft er til fréttaflutnings frá orkufyrirtækjunum um fjármögnun og einnig til þess í hvaða stöðu mál neðri Þjórsár og Búðarháls eru hjá ríkisstjórninni vekur það töluverðan ugg um að af þessum framkvæmdum geti ekki orðið.

Ég held því að það sé mjög mikilvægt að ríkisstjórnin öll sé sammála um að þessi verkefni komist á koppinn og vinni að því saman að svo geti orðið. Öðruvísi verður ekki drifinn áfram hagvöxtur hér á landi næstu ár sem skapar enn meiri vandræði fyrir íslenskt þjóðarbú.

[15:16]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það sem hv. þingmaður á kannski við og það sem vakið hefur ugg hjá henni er að við erum í raun að horfa á tvíþætt atriði sem snýr að orkufyrirtækjunum. Annars vegar hvernig fjármagna á nýframkvæmdir og hins vegar hvernig endurfjármagna á þau lán sem fyrirtækin hafa tekið fyrir eldri framkvæmdum.

Ég nefndi hér hvaða möguleika við höfum varðandi fjármögnun til nýframkvæmda þannig að af þessum nýju verkefnum megi verða.

Ég ætla líka að nefna það hér og þakka tækifærið til þess að fá að ræða það að ríkisstjórnin hefur lýst vilja sínum til að fá hingað til lands öfluga erlenda fjárfesta. Það hef ég áður sagt og við það stend ég. Það eru fjölmörg slík verkefni á borði iðnaðarráðuneytisins núna, möguleikar sem eiga að (Forseti hringir.) geta knúið hagvöxt inn í framtíðina og ég vona svo sannarlega að við eigum eftir að fá margar og góðar fréttir í sumar af slíkum verkefnum.

Rannsókn sérstaks saksóknara á bankahruninu.

[15:17]

Arndís Soffía Sigurðardóttir (Vg):

Frú forseti. Eftir þær efnahagshörmungar sem á íslensku þjóðinni hafa dunið er það gríðarlegt réttlætismál fyrir alla Íslendinga að þeir einstaklingar og/eða lögaðilar sem bera ábyrgð á bankahruninu fái viðeigandi meðferð innan réttarvörslukerfisins.

Sitjandi ríkisstjórn hefur eflt embætti sérstaks saksóknara í samræmi við ráðleggingar Evu Joly. Þannig hefur embættinu bæði verið veitt aukið fjármagn og valdheimildir embættisins í þágu rannsóknar hafa verið auknar.

Nýverið hafa komið fram fregnir af því að gerðar hafa verið húsleitir á heimilum og í fyrirtækjum þessu tengt. Í ljósi þessa langar mig til að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hún telji embætti sérstaks saksóknara nú vera nægilega burðugt til að takast á við rannsókn bankahrunsins bæði hvað varðar fjármagn og valdheimildir.

Það er gríðarlega mikilvægt að unnið sé eftir ráðleggingum Evu Joly þar sem hún ein hefur reynslu af rannsókn sakamála af þessari stærðargráðu hjá embætti sérstaks saksóknara.

Því spyr ég hæstv. dómsmálaráðherra einnig hvernig samstarf embættis sérstaks saksóknara og Evu Joly gengur og hvort verið sé að vinna í samræmi við ráðleggingar hennar. Í ljósi þess að nokkrum aðilum hefur verið veitt réttarstaða grunaðra í tengslum við rannsókn bankahrunsins langar mig að lokum til að spyrja hvort hæstv. dómsmálaráðherra sé kunnugt um að eignir þeirra hafi verið kyrrsettar.

[15:19]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Ég þakka fyrirspurnina. Embætti sérstaks saksóknara er sjálfstætt og hefur sínar eigin heimildir. Það svarar fyrir verk sín aðallega til ríkissaksóknara en ekki til ráðherra.

En ég tel mig þó geta svarað spurningum sem varða aðbúnað að embættinu og hvort það sé nægilega öflugt. Ég tel að það verði að vera til sífelldrar skoðunar hvort það hafi nægilegar valdheimildir til að starfa eftir. Því hefur verið fundur með sérstökum saksóknara og embættismönnum ráðuneytisins um hvort eitthvað skorti á valdheimildir til þess að embættið geti sinnt sínu hlutverki. Niðurstaðan var sú að það lítur ekki út fyrir að vera þannig. Hins vegar held ég að það verði að taka til nákvæmrar skoðunar hvernig valdheimildum og íslenskri löggjöf er háttað í þessum efnum. Komið hafa tilmæli frá alþjóðlegum stofnunum sem ég held að við verðum að skoða. Það getur komið til þess að við þurfum að laga löggjöf okkar og ég held að við eigum að vera óhrædd við það.

Hvernig er samstarfi embættisins við Evu Joly háttað? Ég get haft milligöngu um að afla upplýsinga frá sérstökum saksóknara um það en sem dómsmálaráðherra er ég ekki inni í því vinnusambandi. En ég hef ekki heyrt annað en að það gangi vel. Það var fundur hér fyrir tveimur vikum, að ég held, og ég tel mig hafa heimildir fyrir því að Eva Joly sé væntanleg til landsins í þessari viku. Ég held því að samstarfið gangi ágætlega fyrir sig.

Hvað varðar aðbúnað að embættinu tel ég að hugleiða megi hvort efla megi það enn frekar, hvort bæta eigi þar við saksóknurum sem starfi þá saman að rannsókninni (Forseti hringir.) undir umsjón hins sérstaka saksóknara.

[15:21]

Arndís Soffía Sigurðardóttir (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir veitt svör og það var gott að heyra að hæstv. dómsmálaráð-

herra telur að valdheimildir sérstaks saksóknara séu nægar að sinni og að samstarfið við Evu Joly gangi vel.

Að lokum vil ég hvetja hæstv. dómsmálaráðherra og sitjandi ríkisstjórn til dáða í þessu máli og brýna fyrir stjórnvöldum hversu mikilvægt það er að þessi rannsókn sé tekin föstum tökum. Það er ekki einungis mikilvægt í efnahagslegu tilliti heldur er það líka gríðarlegt réttlætismál fyrir alla landsmenn.

[15:22]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Ég vil þakka aftur fyrir þessa fyrirspurn og ég tel að þingið eigi að veita aðhald með fyrirspurnum af þessu tagi. Það er ekkert útilokað að það verði flutt hér frumvarp þar sem farið verður fram á auknar heimildir eða þá að embættið verði styrkt með einhverjum hætti.

[15:22]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hæstv. ráðherra á að ávarpa og beina máli sínu til forseta þegar hún tekur til máls í ræðustóli Alþingis.

Efling erlendra fjárfestinga á Íslandi.

[15:23]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Fram kom áðan í orðum hæstv. iðnaðarráðherra að hún ætti von (Gripið fram í.) á miklum erlendum fjárfestingum hér á landi von bráðar. Hæstv. ráðherra sagðist vonast til þess og ég tek svo sannarlega undir þau orð að ég vonast til að svo verði.

Það er alveg ljóst að íslenska þjóðin þarf á því að halda að efla atvinnutækifæri sín og þá starfsemi sem skapar gjaldeyri, ekki síst ef við ætlum að taka á okkur alveg ótrúlegar ábyrgðir og greiðslur vegna Icesave, veitir okkur nú ekki af því að hafa gjaldeyri til að standa undir slíku.

En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi einhver áform uppi og þá hver þau eru til að efla þá starfsemi sem lýtur að því að ná hingað erlendum fjárfestum. Við höfum stofnanir sem hafa það hlutverk að kræk ja í erlendar fjárfestingar og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún muni beita sér fyrir því að efla þá starfsemi.

[15:24]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Við búum svo vel að við erum með gríðarlega öfluga stofnun sem heitir Fjárfestingarstofa sem sinnir svona verkefnum og hefur til að mynda komið á tengingum við fjöldann allan af mögulegum erlendum fjárfestum.

Svo ég nefni sem dæmi það sem við erum að gera núna og sem ég hef greint frá úr þessum stóli þá erum við að efla þau tæki sem við höfum til þess að laða að erlenda fjárfestingu. Við erum núna að setja af stað vinnuhóp sem vinna á að því að setja heildarramma um mögulegar ívilnanir, þ.e. að búa til heildarlöggjöf eins og gengur og gerist í nágrannaríkjum okkar um hvernig við getum veitt t.d. erlendum fjárfestum tímabundnar ívilnanir á meðan þeir eru að koma sér fyrir hér á landi.

Það þekkjum við í gegnum einstaka fjárfestingarsamninga. Tekið er á málum, einu í einu, með hverjum aðila fyrir sig. Við viljum leitast við að skapa hér öfluga heildarlöggjöf sem er mikilvægt tæki fyrir þá sem vinna að því að ná í erlenda fjárfestingu fyrir okkur, það liggi þá nokkurn veginn fyrir hvað í boði er.

Okkar helstu samkeppnisríki eru með slíkan ramma, reyndar mun gagnsærri og eru þar af leiðandi mun meira aðlaðandi en við þegar verið er að kortleggja heiminn allan. Það eru gjarnan ríki sem bjóða upp á jafnmikið og eru jafnrík og við af endurnýjanlegum orkugjöfum. Ég nefni t.d. Kanada og hin Norðurlöndin. Þegar verið er að kortleggja heiminn í þessu tilliti og menn fara yfir mögulega staði til þess að fjárfesta á skiptir máli að við stöndum jafnfætis þessum ríkjum varðandi að það sem í boði er fyrir þau (Forseti hringir.) fyrirtæki sem hingað vilja koma, að það sé opið og gagnsætt.

[15:26]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæt svör. Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætli að beita sér fyrir því að þessar ívilnanir verði skoðaðar. Ég held að það sé eitt af því mikilvægasta sem við þurfum að gera í dag og ég skora á hana að hraða þessari vinnu mjög mikið.

Ástæðan fyrir því að ég spurði um þessar stofnanir og hvort það standi til að efla þær eitthvað sérstaklega er að starfsmenn Fjárfestingarstofu, þessa tækis sem við notum einna helst til að ná okkur í erlenda fjárfestingu, eru þrír talsins og fjárhagsramminn er í kringum 60 millj. kr.

Ég velti því upp hvort ekki sé mikilvægt fyrir okkur á þessum tímum að efla þá starfsemi.

[15:27]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir með hv. þingmanni að auðvitað skiptir máli að efla þá þjónustu sem þarna um ræðir. Og það er svo sannarlega á teikniborði þessarar ríkisstjórnar, eins og fram kemur í stjórnarsáttmála, að setja á laggirnar svokallaða Íslandsstofu sem mun hafa það verkefni með höndum að kynna Ísland sem fjárfestingarkost erlendis ásamt því að fara með fleiri verkefni sem heyra nú undir Útflutningsráð og að hluta til undir Ferðamálastofu og fleiri aðila.

Þetta verður algjörlega ný stofnun sem mun hafa það verkefni að kynna Ísland frá öllum hliðum út á við og þar á meðal sem fjárfestingarkost. Það er von mín að með samlegðaráhrifum og öflugri Íslandsstofu takist okkur það og við náum að efla þessa deild enn frekar.

Ég verð að segja varðandi Fjárfestingarstofu að það er alveg með ólíkindum hvað þessir þrír starfsmenn ná gríðarlega miklum (Forseti hringir.) árangri og er það til mikillar fyrirmyndar.

Icesave-samningarnir, munnleg skýrsla fjármálaráðherra, ein umr.

[15:29]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég fagna því að fá tækifæri til að gera Alþingi grein fyrir því með munnlegri skýrslu hverjar niðurstöður urðu í viðræðum íslenskra, hollenskra og breskra samninganefndarmanna nú fyrir helgina í svonefndu Icesave-máli.

Það er vandasamt að velja upphafspunkt þessa máls, hvort á að byrja á Alþingi 21. desember 1999 þegar Alþingi ákvað innleiðingu tilskipunar ESB um innlánstryggingar, hvort á að byrja 2002 þegar Landsbankinn og reyndar líka Búnaðarbankinn voru einkavæddir með þeim aðferðum sem þá voru notaðar og í hönd fór sá mikli ofvöxtur í bankakerfinu í samkrulli við skuldsetta útrás viðskiptajöfra sem eru að reynast Íslandi einhver ógæfulegasti leiðangur sögu sinnar, hvort á að byrja 2006, 10. október það ár, þegar Icesave-reikningarnir voru kynntir til sögunnar með pompi og prakt í Bretlandi. Það var gert þannig að þó að Landsbankinn ætti þá dótturfyrirtæki, banka í því landi, var engu að síður valið að opna reikningana í útibúum Landsbankans í Bretlandi og síðar í Hollandi. Í október 2007, ári síðar, var fjöldi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi einu orðinn 105 þúsund talsins. Þessir reikningar hlóðu upp á sig miklum fjárhæðum og allt var þetta með starfsleyfum og undir eftirliti frá Fjármálaeftirlitinu íslenska og reyndar einnig að nokkru leyti hinu breska og síðar hollenska. Í maí, svo seint sem í maí 2008 opnar Landsbankinn Icesave-reikninga í Hollandi og entist aldur til að safna á annað hundrað þúsund viðskiptavinum áður en hann féll.

Á árunum 2006–2007 fór að bera á því að íslenskir bankar ættu í vaxandi erfiðleikum með að endurfjármagna sig og opnun þessara reikninga er að sjálfsögðu í beinu samhengi við það. Þarna var fundin auðveld en ákaflega áhættusöm leið til að ná í lausafé með því að yfirbjóða með háum vöxtum á þeim mörkuðum sem við áttu. Einhverjir kölluðu þetta tæra snilld.

Við fall gamla Landsbankans lokuðust inneignir 340 þúsund sparifjáreigenda inni í útibúum bankans í Bretlandi og Hollandi. Heildarupphæð þessara innstæðna nam jafnvirði rúmlega 1.200 milljarða íslenskra króna, 1.200 milljarða, og Tryggingarsjóði innstæðueigenda ber samkvæmt viðkomandi tilskipun að tryggja að lágmarki verðmæti innstæðna upp að 20.887 evrum. Á Ísland falla með þessum hætti reiknað um 640–660 milljarðar kr. Afganginn hafa Bretar og Hollendingar borgað eða u.þ.b. helming upphæðarinnar.

Strax í október 2008 samþykktu íslensk stjórnvöld í aðalatriðum ábyrgð á þessum reikningum og að ríkissjóður tæki lán til að greiða þetta upp eða ábyrgðist lán til hins sama. 11. október kom út fréttatilkynning frá forsætisráðuneytinu um samkomulag milli Hollands og Íslands um Icesave. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að loknum uppbyggilegum viðræðum hafa hollensk og íslensk stjórnvöld náð samkomulagi um lausn mála hollenskra eigenda innstæðna á Icesave-reikningum Landsbankans.

Fjármálaráðherra Hollands, Wouter J. Bos, og fjármálaráðherra Íslands, Árni M. Mathiesen, tilkynntu þetta.

Ráðherrarnir fagna því að lausn hafi fundist á málinu. Wouter J. Bos kvaðst einkum ánægður með að staða hollenskra innstæðueigenda væri nú skýr. Árni M. Mathiesen bætti við að aðalatriðið væri að málið væri nú leyst.

Samkomulagið kveður á um að íslenska ríkið muni bæta hverjum og einum hollenskum innstæðueiganda innstæður að hámarksfjárhæð 20.887 evrur. Hollenska ríkisstjórnin mun veita Íslandi lán til að standa undir þessum greiðslum og hollenski seðlabankinn mun annast afgreiðslu krafna innstæðueigendanna.“

Það sem var hins vegar ekki sagt í þessari fréttatilkynningu var að hér var um meira en niðurstöðu fundar að ræða. Hér var um skriflegt samkomulag íslenskra og hollenskra stjórnvalda að ræða, undirritað „Memorandum of Understanding“ af til þess bærum æðstu embættismönnum með samþykki sinna ráðherra. Og það var heldur ekki sagt í þessari fréttatilkynningu að kjörin voru þau að lánið skyldi aðeins vera til 10 ára afborgunarlaust en með fullum vöxtum fyrstu þrjú árin upp á 6,7%. Þessi draugur hefur fylgt okkur æ síðan og í annarri fréttatilkynningu sem kom út sama dag má ráða að sambærileg lending var í vændum gagnvart Bretum. En í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu nefndan dag segir að fulltrúar Íslands og Bretlands hafi átt vinsamlegan fund í Reykjavík til að ræða sameiginleg hagsmunamál o.s.frv. og: „Verulegur árangur náðist um meginatriði fyrirkomulags sem miðar að því að flýta fyrir greiðslum til sparifjáreigenda í Icesave.“

Í nóvember var síðan þetta enn betur innsiglað með því að samþykkt voru hin svokölluðu sameiginlegu viðmið og þar er aftur kveðið fast að orði af hálfu íslenskra stjórnvalda í fréttatilkynningu — að þessu sinni frá utanríkisráðuneytinu — þegar segir, með leyfi forseta:

„Samkomulag næst við Evrópusambandið fyrir hönd Hollendinga og Breta. Greiðir fyrir láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF).“

Og aftur í textanum:

„Samkomulagið felur í sér að íslensk stjórnvöld ábyrgjast lágmarkstryggingu þá sem EES-reglur mæla fyrir um til innstæðueigenda í útibúum bankanna erlendis. Endanlegur kostnaður ríkissjóðs vegna þessa mun ráðast af því hvað greiðist upp í innstæðutryggingar af eignum bankanna.“

Sem sagt ekki af hinu, að vafi léki á því að Ísland ætti að standa við innstæðutrygginguna að fullu. Þetta var svo innsiglað endanlega á Alþingi 4. desember þegar afgreidd var tillaga til þingsályktunar um að fela ríkisstjórn Íslands að leiða til lykta samningaviðræður á þeim forsendum sem þarna lágu þá þegar fyrir og þar segir, ósköp einfaldlega:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.“

Í athugasemdum við þingsályktunartillögu þessa svara stjórnvöld sér sjálf. Undir kaflafyrirsögninni Niðurstaða íslenskra stjórnvalda segir, með leyfi forseta:

„Með allt framangreint í huga er það mat ríkisstjórnarinnar að hagsmunum Íslands til lengri tíma litið sé best borgið með því að stjórnvöld styðji við Tryggingarsjóð inn-

stæðueigenda og fjárfesta þannig að hann geti staðið straum af þeim kostnaði sem hlýst af því að ábyrgjast lágmarkstryggingu þá sem EES-reglur mæla fyrir um að því marki sem eignir viðkomandi banka standa ekki undir henni.“

Með öðrum orðum, frú forseti: Svona var staðan. Í þessum farvegi var þetta mál af hálfu fyrrverandi stjórnvalda þegar ný samninganefnd tók til starfa í febrúarmánuði sl. Það var í öllum aðalatriðum búið að ganga frá því hvernig Ísland skyldi gera þessi mál upp, ekki bara munnlega, ekki bara með fréttatilkynningum, ekki bara með niðurstöðum funda heldur með skriflegum hætti þar til bærra stjórnvalda.

Það var út úr þessum farvegi sem samninganefnd Íslands hófst handa um að reyna að koma málinu þannig að hægt væri að koma því í annan og hagstæðari farveg fyrir Ísland og það tókst. Það er enginn minnsti vafi á því að það samkomulag sem nú liggur fyrir er til mikilla muna hagstæðara fyrir Ísland en það hefði orðið ef gengið hefði verið frá málinu endanlega með þeim hætti sem stjórnvöld höfðu lagt upp og undirritað að hluta til. (Gripið fram í.) Nú er talað um lán til 15 ára, afborgunarlaust og án þess að vextir þurfi að greiðast fyrstu sjö árin Það felur í sér mikilvægt skjól fyrir íslenskt efnahagslíf í gegnum þá erfiðleika sem við nú stöndum frammi fyrir. Það skapar tíma til að hámarka verðmæti eigna Landsbankans og gera sem mest úr þeim og láta þær ganga jafnóðum til að lækka þennan reikning. Það er kostur að lánið er með föstum lágum vöxtum miðað við það sem í boði er (Gripið fram í.) við þessar aðstæður og það ver Ísland fyrir þeirri áhættu sem væri fólgin í því að taka lán á breytilegum vöxtum og þá óvissu sem því er samfara. (**Gripið fram í:** Er engin áhætta?) (Gripið fram í.) Lánið er með uppgreiðslurétti — og nú vil ég fá að hafa hérna orðið því að þið getið talað á eftir, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, og komið þá hérna upp og biðjist afsökunar á ykkar hlut í þessu máli, geri ég ráð fyrir.

Lánið er hægt að greiða upp hvenær sem er án nokkurs kostnaðar þannig að bjóðist okkur hagstæðari lánskjör eða við viljum með öðrum hætti dreifa greiðslubyrðinni, lengja í henni getum við hvenær sem er gert það án nokkurs viðbótarkostnaðar þannig að við erum bæði varin af föstum vöxtum og getum nýtt okkur möguleikana á hagstæðri fjármögnun ef hún kann að að bjóðast. Það er óumdeilanlegt að borið saman við 10 ára lán með fullum vöxtum frá byrjun sem hefðu þýtt 40 milljarða kr. í vaxtagreiðslur strax á þessu ári þá er þetta til mikilla muna hagstæðari niðurstaða fyrir íslenskt þjóðarbú. (Gripið fram í.) En góð er hún ekki og það verður þetta mál aldrei. Það verður aldrei ánægjulegt að standa að niðurstöðu í þessu máli en ég fullyrði að núverandi stjórnvöld hafa fært það um langan veg til góðs frá því sem var þegar þau tóku við því og í þeim skilningi er niðurstaða og frammistaða íslensku samninganefndarinnar glæsileg. (Gripið fram í.) Hún er það í ljósi þeirrar aðstöðu sem henni var búin í málinu. Auðvitað geta menn hlaupið frá öllu því sem þeir bera ábyrgð á í þessu máli, undirrituðum hlutum, fréttatilkynningum, niðurstöðum funda, samskiptum við aðrar þjóðir, ef þeir svo kjósa. En það breytir ekki skjalfestum gögnum og þau munu koma fram í dagsljósið.

Ég vil taka það sérstaklega fram, forseti, að í þessum samningi er öryggisákvæði. Það vísar til hinna sameiginlegu viðmiða frá því í nóvember og þar segir að gerist það að greiðslu- og skuldastaða ríkisins versni frá því sem gert var ráð fyrir í nóvember þegar hún var tekin út af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eiga íslensk stjórnvöld rétt á því að óska eftir endurupptöku samningsins og breytinga á honum í samræmi við það sem áformað var, að lyktir þessa máls yrðu að vera á þeim forsendum að þær væru vel viðráðanlegar fyrir íslenskt þjóðarbú.

Ég, virðulegi forseti, tel að í ljósi alls sem skoðað er í þessu máli og þegar öll gögn þess liggja fyrir og þegar maður loksins hefur þau í höndum, eins og ég hef nú, sé það ljóst að það hefur tekist að lagfæra til mikilla muna þá niðurstöðu sem stefndi í að yrði í þessu máli. Það mun sagan sýna að hefur verið gert og ég held að þeir sem hafa þar lagt hönd á plóginn eigi þakkir skilið. Það hefur hvorki verið vinsælt né öfundsvert verk að reyna að bjarga þjóðarhagsmunum í þessu tilviki og verður sjálfsagt aldrei.

Það er mikilvægt að hafa það í huga að þessi niðurstaða felur í sér mikla kosti fyrir stöðu okkar eins og hún er nú. Í fyrsta lagi erum við varin fyrir öllum útgjöldum af þessu í sjö ár. Í öðru lagi hefur þetta engin áhrif á lánshæfismat ríkisins vegna þess að lántakinn (Gripið fram í.) er sjálfstæður aðili og ríkisábyrgðin verður fyrst virk að sjö árum liðnum. (Gripið fram í.) Í þriðja lagi hefur þetta ekki áhrif á gengi gjaldmiðilsins vegna þess að greiðslur inn á lánið á fyrstu sjö árunum koma alfarið af tekjum Landsbankans sem falla til í erlendri mynt á erlendri grund. Borið saman við hitt sem í vændum var þurfa menn væntanlega ekki að vera miklir hagfræðingar til að sjá að þessi niðurstaða er til mikilla muna betri en hin ósköpin, hefðum við setið uppi með þau. Við sem nú höfum fengið það erfiða hlutverk að gera hið besta úr þessu erfiða máli erum ekki sökudólgarnir hér. Ekki bjuggum við það til, ekki einkavæddum við Landsbankann, ekki sáum við um eftirlitið eða eftirlitsleysið á þeim tíma sem bankakerfið óx þjóðarbúi okkar yfir höfuð og ekki stýrðum við skútunni, a.m.k. ekki ég, í október þegar þetta hrundi og menn gerðu þá hluti sem ég hef greint frá hér að voru gerðir. (Gripið fram í.) Ég tel að núverandi stjórn hafi í samræmi við það sem hún lofaði, bæði í sinni fyrri stefnuyfirýsingu og aftur í þeirri sem nú liggur fyrir, að reyna að leiða þetta mál til lykta á þann besta mögulega hátt sem í boði væri fyrir Ísland, tekist það.

Hver var hinn kosturinn og er hinn kosturinn? Að hlaupa frá öllu sem íslensk stjórnvöld (Gripið fram í.) hafa skrifað undir (Gripið fram í.) og skuldbundið sig gagnvart — (Gripið fram í.) er það þá hinn kosturinn? — og setja þar með í uppnám að öllu öðru leyti allt það prógramm sem Ísland vinnur núna samkvæmt til að koma sínum málum á kjöl? Og hvert færi Ísland þá í samfélagi þjóðanna? Vilja menn aðeins velta því fyrir sér?

Að sjálfsögðu, virðulegi forseti, kemur þetta mál svo í frumvarpsformi fyrir Alþingi þar sem afla þarf heimildar fyrir ríkisábyrgðinni sem verður veitt frá og með 2016 eins og áður sagði. Þá munu mun ítarlegri gögn fylgja málinu, þar á meðal þýðing á aðalefnisatriðum samkomulagsins, og önnur skjöl eftir því sem þau verður þá hægt að gera öll opinber og ég treysti að geti orðið og það mun mörgum þykja fróðleg lesning, því að hér hef ég af vissum ástæðum sleppt að vitna til ýmissa hluta sem ég spái að á spjöldum sögunn-

ar muni þykja allmerkilegir þegar þeir líta dagsins ljós. (**Gripið fram í:** Hann hefur eitthvað klikkað hjá þér, kompásinn.)

[15:44]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þá skýrslu sem hér var flutt. Stjórnvöld hafa sannarlega staðið frammi fyrir miklum vanda. Um það eru allir sammála. Það hafa riðið yfir íslenskt samfélag gríðarleg áföll undanfarna mánuði og við erum enn í óðaönn að greiða úr þeim fjölmörgu viðfangsefnum sem við er að fást. Það skyldi enginn gera lítið úr vandanum. Þó að við hefðum í raun ekki neitt eitt vandamál annað en það sem við ræðum nú væri vandinn samt sem áður ærinn.

Deilan sem við erum að fjalla um hér í dag snýst um innstæðureikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Nú liggja samningar við þarlend stjórnvöld fyrir. Meginefni samninganna hefur verið kynnt og á næstu dögum mun þingið taka afstöðu til þeirrar ríkisábyrgðar sem hér var vikið að í máli hæstv. fjármálaráðherra.

Ég verð að segja að ég hefði kunnað betur við það ef hæstv. fjármálaráðherra hefði ekki reynt að setja þetta mál allt í það ljós að sá samningur sem hér liggur fyrir sé svo miklu mun betri en sá sem var í burðarliðnum heldur hefði bara haldið sig við þá línu sem hann gerði undir lok ræðu sinnar og sagt að við ættum enga aðra kosti, að við ættum engan annan kost en að skrifa undir samning. Það held ég að hefði verið heiðarlegri og raunsærri nálgun á viðfangsefnið en sú sem hann bauð hér upp á.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti sem fyrrverandi formaður í utanríkismálanefnd og núverandi nefndarmaður þar að mér misbýður gróflega þegar hingað er stigið upp og sveiflað skjali sem nefndinni hefur verið neitað um aðgang að í allan vetur til rökstuðnings þeirri niðurstöðu sem hæstv. fjármálaráðherra er hér að reyna að kynna. Auðvitað er manni gróflega misboðið þegar þessu skjali sem nefndin hefur ekki fengið að sjá í allan vetur er sveiflað framan í okkur sem meginrökstuðningnum fyrir því að hann sé hér að kynna góða niðurstöðu, miklu betri en þá sem var í uppsiglingu. Þetta er ekki boðlegt þinginu.

Það er heldur ekki boðleg skýring að sá samningur sem hann er þar að vísa til hafi þannig bundið hendur stjórnvalda, að ekki hafi verið um neitt annað að ræða en að gefast upp á endanum vegna þess að hin sameiginlegu viðmið sem vitnað var til eru sjálf til vitnis um það að þau stjórnvöld sem við vorum að ræða um höfðu horfið frá þessu minnisblaði, höfðu horfið frá því að gera kröfu um þetta. Um hvað voru annars Hollendingar að ræða við okkur í allan vetur ef tekist hafði samkomulag strax á þeim tíma sem minnisblaðið var gert? Auðvitað er þetta ekki svona. Hin sameiginlegu viðmið sem voru grundvöllur þeirra viðræðna sem þingið samþykkti að ættu sér stað eru eini mælikvarðinn sem við eigum að nota á það hvort hér hafi tekist samningur innan þess ramma sem þingið lagði upp með. Hvað segir í hinum sameiginlegu viðmiðum? Jú, ríkt tillit skal tekið til aðstæðna á Íslandi, hinna óvenjuerfiðu aðstæðna í íslensku efnahagslífi. Á endanum er það eini mælikvarðinn sem við eigum að leggja á það hvort þeir samningar sem út úr þessum viðræðum hafa komið séu ásættanlegir eða ekki.

Lengst af leið manni eins og hér væri staddur allt annar maður en sá sem tók þátt í umræðum um þetta mál í vetur, allt annar maður en sá þingmaður sem þá var, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, nefndarmaður í utanríkismálanefnd sem skilaði sérstöku nefndaráliti þegar nefndin afgreiddi þingsályktunartillöguna og greiddi meira að segja atkvæði gegn því að farið væri yfir höfuð í þessar viðræður, lagði fram sérstakt lögfræðiálit um að það væri engin lagaleg skuldbinding til staðar, skrifaði lærðar greinar um að enn væri hægt að bjarga okkur út úr þessum vanda rétt um viku áður en hann tók sæti í ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Það dugar honum auðvitað ekki, þessum þáverandi þingmanni í utanríkismálanefnd, hæstv. fjármálaráðherra nú, að koma hingað upp og segja: „Hendur mínar voru bundnar. Þetta er allt sem ég gat gert.“

Ég hefði viljað heyra miklu nánar um það hvaða vanda við stæðum frammi fyrir ef ekki yrði gengið til samninga vegna þess að samningurinn er á engan hátt viðunandi sem niðurstaða fyrir okkur þannig að hægt sé að segja með nokkrum rökum að ríkt tillit hafi verið tekið til aðstæðna á Íslandi eins og lagt var upp með. Það er af nógu að taka til að sýna fram á að svo hefur ekki verið gert.

Í fyrsta lagi eru það vaxtakjörin. Sagt er að hér sé um lága vexti að ræða. Gott og vel. Við munum ræða það í nefndinni þegar þingmálið kemur fram. Fáum álit sérfræðinga á því hvaða föstu langtímavexti sé raunhæft að gera sér væntingar um í samningum eins og hér er um að ræða. En höfum þá tvennt í huga. Í fyrsta lagi þetta: Lánasafn Landsbankans er í dag með breytilegum vöxtum og þess vegna er það áhætta í sjálfu sér að semja um langtíma fasta vexti. Miðað við þá breytilegu vexti sem lánasafn Landsbankans er með í dag erum við væntanlega að taka á okkur um það bil 2% vaxtamun á ári allan lánstímann. Takið eftir því. Það er gríðarlegur vaxtamunur jafnvel þó að við gæfum okkur að Landsbankaeignasafnið væri að höfuðstóli til jafnhátt og öll skuldbindingin. Þar fyrir utan eigum við að sjálfsögðu ekki að láta sem svo að hérna séum við í einhverjum viðskiptasamningum við þau lönd sem um er að ræða. Þetta eru ekki samningar um nein venjuleg viðskipti.

Ég geri miklar athugasemdir við að menn skuli stíga hér upp, fara yfir þetta mál, reifa allar hliðar þess án þess að hafa fyrir því að minnast á að grunnur þessa máls er ekki sá að hér voru bankarnir einkavæddir. Grunnurinn er sá að innstæðutryggingakerfi Evrópska efnahagssvæðisins er ónýtt. Það er handónýtt. Það rís ekki undir því hlutverki sem það var smíðað til að gegna og það er langt frá því. Það er líka skýringin á því að við vorum einir í okkar afstöðu á móti ríkjunum 27 sem vildu hafa aðra lagalega niðurstöðu þegar kemur að því að túlka reglurnar vegna þess að þeir höfðu allir eina og sömu hagsmunina á móti okkar hagsmunum. Það er ástæðan fyrir því að við erum hér saman komin í dag til að ræða þetta alvarlega mál.

Það sem er líka að í þessum samningi er að óvissan í samningnum er öll á okkar reikning. Hún er öll á okkar reikning. Öll óvissa um það hvernig vaxtamálin þróast á eignasafninu, öll óvissan um það hvað innheimtist upp í eignirnar, öll óvissan um það hvort neyðarlögin standast yfir höfuð. Mér líkar auðvitað ekki að koma hingað upp og

velta upp þeim möguleika að lög sem ég tók þátt í að afgreiða muni mögulega ekki standast en við hljótum að þurfa að horfast í augu við þann veruleika að það verður reynt að hnekkja neyðarlögunum. Það er ekkert tillit tekið til þessa í þeim samningum sem við erum hér með til meðhöndlunar.

Það hefði þurft að setja þak á heildarskuldbindinguna. Við hljótum að vera sammála um það öll og jafnvel viðsemjendur okkar að með því að setja þak á þá heildarskuldbindingu sem Íslandi mundi í framtíðinni þurfa að rísa undir væri verið að taka tillit til aðstæðna á Íslandi. Þá væri verið að setja inn tryggingu sem við gætum búið við og þyrftum þess vegna ekki að óttast til lengri tíma að kæmi í bakið á okkur.

Það er mikil óvissa um lánshæfismatið. Greiðslutíminn í þessu láni er ekki sérstaklega langur og auðvitað er það þannig að öll gögn sem þingið hefur haft um þetta mál hafa verið í algjöru skötulíki og samráðið nánast ekki neitt.

Ég segi einfaldlega við hæstv. fjármálaráðherra: Ég ætlast til þess þegar þetta þingmál verður rætt hér í þinginu að menn komi hreint og beint fram. Það munum við líka gera. Við munum leggja raunhæfa mælikvarða á þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir og ég vil að menn ræði þetta mál þá á þeim forsendum að mögulega höfum við ekki neina aðra stöðu og þá þarf allt að koma fram: Hverju er Evrópusambandið að hóta? Hvað er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að segja? Hverju eru Bretarnir að hóta okkur? Hversu langt hafa þeir gengið í því að fá einstökum köflum Evrópska efnahagssvæðisins kippt úr sambandi og hversu nálægt erum við því að þessi staða komi upp? Það er á þeim forsendum sem menn eiga að taka þessa umræðu hér en ekki að reyna að slá sér á brjóst og halda því fram að þeir hafi bjargað málinu fyrir horn, (Forseti hringir.) að fyrri stjórnvöld hafi verið á leiðinni að gera einhverja samninga sem aldrei stóð til að gera.

[15:55]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að þetta mál sem tengist Icesave-deilunni er eitthvert það allra erfiðasta sem við Íslendingar höfum lent í. Ég held að sú milliríkjadeila sem af henni spratt sé líklega erfiðasta deilan sem Íslendingar hafa nokkru sinni átt í.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson á í reynd hrós skilið fyrir ræðu sína. Hv. þingmaður reyndi ekki með neinum hætti að hlaupast undan þeirri ábyrgð sem hann og auðvitað ég sem sátum í þeirri ríkisstjórn sem var á sínum tíma hér við völd bárum með því að fara þessa leið. Við höfðum þá tvo kosti. Annars vegar að neita því að standa við þær skuldbindingar sem segja má að við höfum bakað okkur með þátttöku í alþjóðlegum samningum og fara það sem menn hafa hér kallað fram í, eins og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson, dómstólaleiðina. Það var kostur sem menn auðvitað ræddu. Hins vegar var það sú leið sem við vorum sammála um, ég og hv. þingmaður sem nú er formaður Sjálfstæðisflokksins, að fara, þ.e. samningaleiðina.

Ef við reifum aðeins þessa tvo kosti blasti það við að á þeim tíma þegar það fólk sem núna er fyrir utan að berja búsáhöld var líka statt fyrir utan Alþingi og krafðist þess að dómstólaleiðin yrði farin, þá skoðuðu menn það. Fyrri ríkisstjórn skoðaði það eins og hægt var. Hún kallaði m.a. til erlenda sérfræðinga og það var eitt af því sem menn vildu. Menn kröfðust þess að fá erlenda hlutlausa sérfræðinga og niðurstaða þeirra, fleiri en einnar lögfræðistofu, var að sú leið væri ekki líkleg til að skila nokkrum árangri (**Gripið fram í:** Gerðardómur.) og menn fundu ekki einu sinni dómstólinn sem átti að fara með málið til.

Hv. þingmaður talar hér um gerðardóm. Það var að vísu svo, hv. þingmaður, að fyrrverandi fjármálaráðherra féllst á það einhliða, án þess að bera það undir ríkisstjórnina, að setja málið í gerðardóm Evrópusambandsins en því var hafnað. Því var hafnað af þeim sem störfuðu þá með honum í ríkisstjórn.

Ákvörðunin eða rökin sem lágu því til grundvallar, frú forseti, að fara samningaleiðina — og af því að hv. þm. Bjarni Benediktsson óskar eftir því að menn ræði þetta opið og einlægt ætla ég að gera það — ástæðan fyrir því var auðvitað sú að menn stóðu einir. Í þeirri miklu milliríkjadeilu sem við áttum þá í var alveg ljóst að þeir sem voru stuðningsmenn okkar, hvort heldur var innan EES eða á Norðurlöndunum, töldu ekki rétt hjá okkur að virða skuldbindingar okkar að vettugi. Þeir gáfu mjög sterklega til kynna að þetta skipti máli fyrir aðkomu þeirra að málum.

Ég held að það sé rétt að segja það bara eins og ég upplifði það, og ég er viss um að hv. þingmaður sem þá var formaður utanríkismálanefndar gerði það líka á sínum tíma, að við þurftum á atbeina þeirra að halda. Þegar við, Alþingi Íslendinga, vorum sammála um að fara þá leið sem tengist Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var líka ljóst að inn í þann pakka þurftum við að fá stuðning Norðurlandaþjóðanna. Það kom alveg skýrt fram að til þess að fá það lán var það forsenda okkar að við skýrðum skuldbindingar okkar, og lán þeirra var forsenda þess að við gætum fjármagnað þann björgunarleiðangur sem fyrrverandi ríkisstjórn, þar á meðal ég og hv. þingmaður, var sammála um að þyrfti að fara.

Á þessum tíma var það einfaldlega þannig að engin þjóð taldi rétt að við færum þá leið. Ef við hefðum farið hana, af því að hv. þingmaður leitar eftir afstöðu til þess, þá tel ég að það hefði orðið til þess að Ísland hefði einangrast á alþjóðavettvangi. Við hefðum í reynd slegið um okkur efnahagslega víggirðingu. Það hefði verið mjög erfitt fyrir okkur að halda áfram þeim alþjóðlegu viðskiptum sem Ísland sem útflutningsland byggir á. Þetta skiptir auðvitað ákaflega miklu máli. En nú segja gagnrýnendur samningsins að menn hefðu ekki átt að fara þessa leið, menn hefðu átt að fara dómstólaleiðina. Og menn tala hér utan úr sal eins og það hefði engu máli skipt að leitað var til erlendra sérfræðinga, faglegra sérfræðinga sem komust að þeirri niðurstöðu (**Gripið fram í:** Hvar eru þau álit?) að það væri einfaldlega ekki fararinnar virði.

Það kom fram — af því hér er kallað, hvar eru þau álit? — á sínum tíma og af hálfu ríkisstjórnarinnar voru niðurstöðurnar birtar í fréttatilkynningu. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Mig minnir að það hafi verið í annarri viku janúar, ég er þó ekki alveg viss um það. Ég hef fréttatilkynninguna og get látið hv. þingmann fá hana hér.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson reifaði með málefnalegum hætti ýmsa vankanta sem honum finnst vera á þessum

samningi, þar á meðal vextina. Það kann að vera að það hefði verið miklu æskilegra að hafa samninginn öðruvísi og ég er alveg sammála hv. þingmanni að ég væri til í að gefa vinstri höndina á mér til að hafa getað komið með betri samning. Ég trúi því hins vegar og treysti að við þær aðstæður sem samninganefndin starfaði hafi þetta verið besta niðurstaðan.

Við hv. þingmann, formann Sjálfstæðisflokksins, segi ég hins vegar: Þær fimm, sex málefnalegu athugasemdir sem hann kom fram með varðandi þak, varðandi vexti, vaxtahæðina o.s.frv., varðandi lengd lánsins, er að sjálfsögðu eitthvað sem þingið verður að fjalla um og mun fjalla um í umfjöllun sinni um þetta mál því að málið kemur auðvitað til kasta þingsins.

Hitt getur hv. þm. Bjarni Benediktsson ekki sagt, að það sé ekki boðlegt hjá hæstv. fjármálaráðherra að reifa hér það minnisblað um samningsstefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn stóð fyrir gagnvart Hollendingum. Þó að hv. þingmaður … (Gripið fram í.) Ég segi það alveg hreinskilnislega að um það vissi ég aldrei þegar það var gert en ég sem starfandi utanríkisráðherra kom hins vegar í veg fyrir (Gripið fram í.) að sams konar samkomulag væri gert af hálfu Sjálfstæðisflokksins við Breta.

Hvar stæðum við í dag ef við hefðum ekki einungis asnast til að skrifa undir þetta minnisblað við Hollendinga heldur líka gagnvart Bretum? Ég get staðfest það sem aðalsamningamaðurinn sagði í viðtali við Morgunblaðið í dag að samningsblaðið sem var undirritað við Hollendinga elti okkur eins og afturganga í gegnum alla þessa samninga. Það get ég vitnað um. (Gripið fram í.) Ég hef sjálfur átt viðtöl við erlenda ráðherra þar sem þetta kom skýrt fram. Ég tel rétt að þegar þingið fjallar um þetta mál komi fram þær bréfaskriftir sem á undanförnum vikum og mánuðum hafa átt sér stað, t.d. við samningamenn Hollands, og þá getur hv. þm. Bjarni Benediktsson séð það sjálfur svart á hvítu hvort þetta er rétt eða rangt.

Ég hrósa hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir að koma hingað og tala málefnalega um þetta, hann hleypst ekki undan ábyrgð. En ég get hins vegar ekki annað en álasað honum fyrir að koma hingað og segja að það sé ekki boðlegt að vísa til þess sem er staðreynd í málinu, að samningsstefna Sjálfstæðisflokksins gerði þetta mál allt saman miklu verra. Ég ætla ekki að halda því fram að án hennar hefði niðurstaðan orðið betri en sannarlega varð hún ekki til þess að hjálpa okkur. (**Gripið fram í:** Hvar var utanríkisráðuneytið?) Já, akkúrat, hvar var utanríkisráðuneytið? Utanríkisráðuneytið er búið að vinna (**Gripið fram í:** Og bankamálaráðherra?) baki brotnu í vetur við það að sveifla samningunum úr þeim farvegi sem þetta ólukkuminnisblað við Hollendingana leiddi til. Það er það sem við höfum verið að gera. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Ég ætla að vísa til þess að hv. þm. Bjarni Benediktsson var á sínum tíma formaður utanríkismálanefndar. Hann telur núna að við munum þurfa að bera þunga bagga vegna þessa samnings. Þegar hann hélt ræðu sína hér 5. desember síðastliðinn greindi hann frá því að hann sem formaður nefndarinnar og nefndin undir hans forustu hefðu kannað skuldir og eignastöðu Landsbankans. Og hann þrítók það að vísu, til að ég sé algjörlega heiðarlegur gagnvart þingmanninum, að niðurstaðan væri að sjálfsögðu undirorpin mikilli óvissu. En hv. þingmaður komst eigi að síður að þeirri niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Sá möguleiki er því fyrir hendi að eignir Landsbankans dugi fyrir forgangskröfum þannig að ekkert falli á ríkissjóð.“

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Síðan hafa eignir bankans heldur styrkst og þegar haft er í huga að skilanefndin hefur núna sjö ár til að fá sem mest út úr þeim leyfi ég mér að fullyrða að sá möguleiki sem hv. þm. Bjarni Benediktsson nefndi 5. desember sé töluvert meiri nú en þá.

Mig langar að spyrja hv. þingmann eða þann talsmann Sjálfstæðisflokksins sem talar á eftir: Ef eignirnar dugðu hugsanlega fyrir öllum forgangskröfum í desember hvers vegna ekki núna? (Gripið fram í.)

[16:04]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég þekki þetta mál vel. Ég hef fylgst með því frá upphafi og það er í rauninni ástæðan fyrir því að ég fór að skipta mér af stjórnmálum. Mér var svo misboðið við að fylgjast með því hvernig ríkisstjórnin hélt á þessu máli og það var hæstv. fjármálaráðherra líka á sínum tíma.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt margt um þetta mál, bæði í þinginu og í greinum í blöðum. Allt sem hann hefur sagt um málið er þveröfugt við það sem hann heldur nú fram og maður veltir því fyrir sér: Hvað er að marka það sem hæstv. fjármálaráðherra hefur haldið fram í gegnum tíðina? Hverjar eru hinar raunverulegu skoðanir hans? Segir hann kannski bara það sem hann telur henta best við aðstæður sínar hverju sinni?

Þetta mál hófst með beitingu hryðjuverkalaga gegn Íslendingum. Ég hugsa að engin önnur þjóð, alla vega ekki Evrópuþjóð, hefði látið slíkt yfir sig ganga. Íslendingar höfðu ekki einu sinni fyrir því að mótmæla beitingu hryðjuverkalaganna. Ég veit ekki hvort þið hafið gert það enn, hæstv. utanríkisráðherra. Ég efast um það. (Gripið fram í.)

Íslendingar létu kúga sig í þessu máli. Það hefur nú komið fram þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar um að það yrði ekki gert. Í þessu máli hefur hvert klúðrið rekið annað. Það hefur alltaf legið fyrir hvað slíkt klúður mundi hafa í för með sér. Menn hafa séð næsta skref fyrir. Og núna, nú er komið að langstærsta klúðrinu, eða svo vitnað sé í hæstv. fjármálaráðherra í grein sem hann skrifaði aðeins viku áður en hann varð ráðherra:

„Í ljósi þessa er mesta örlagastundin í Icesave-málinu í raun enn eftir. Enn er hægt að afstýra stórslysi fyrir íslenska þjóð. Taki Tryggingarsjóðurinn hins vegar við skuldunum er ljóst að þá verður ekki aftur snúið: Þá hefur þjóðin endanlega verið skuldsett á grundvelli pólitískra þvingunarskilmála sem ríkisstjórnin hafði ekki dug í sér til að standa gegn. Stjórnarseta Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er því að reynast þjóðinni dýrkeypt, …“

Hvað með stjórnarsetu Vinstri grænna og Samfylkingarinnar? Nú er verið að ganga frá þessum endahnúti, verið að taka á þjóðina skuldbindingar sem á henni voru ekki lentar. Þau miklu áföll sem yfir Íslendinga hafa riðið í efnahagsmálum eru stærri en nokkur önnur þjóð hefur þurft að glíma við frá heimskreppunni miklu. Það liggur fyrir. En þetta

lendir ekki á þjóðinni af fullum þunga fyrr en frá þessu samkomulagi verður gengið.

Hæstv. fjármálaráðherra er margbúinn að vara við þessu samkomulagi. Hver er breytingin frá öllum þessum viðvörunum ráðherrans sem hér liggja fyrir? Hún hefur ekki komið fram. Er það vegna þess að verið er að þvinga okkur? Líklega, líklega hefur það einhver áhrif að Bretar eru að þvinga okkur og misbeita Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. En þá þarf að það að koma fram og þá þarf hæstv. ráðherra líka að útskýra hvers vegna hann telur nú ásættanlegt að láta þvinga sig en taldi það fráleitt að íslenska þjóðin léti slíkt yfir sig ganga fram að þessu.

Rök stjórnarinnar fyrir þessu samkomulagi eru fyrir neðan allar hellur, ekki boðleg. Að halda því fram að það að taka á sig gríðarlegar skuldbindingar, skuldbindingar upp á hundruð milljarða króna í erlendri mynt muni styrkja gengi íslensku krónunnar er fráleitt. Ég veit ekki hvort er verra, að ríkisstjórnin haldi þetta í raun og við séum þá með ríkisstjórn við stjórnvölinn í verstu efnahagskrísu sem nokkur þjóð hefur staðið frammi fyrir frá því í heimskreppunni miklu, ríkisstjórn sem skilur ekki grunnatriði efnahagsmála, eða að ríkisstjórnin sé að blekkja viljandi, ljúga að fólki.

Hæstv. ráðherra blekkti þingið fyrir ekki svo mörgum dögum síðan þegar ég spurði hann að því hver staða þessa máls væri. Hann hélt því fram að formlegar samningaviðræður væru ekki einu sinni byrjaðar þrátt fyrir að ég spyrði ráðherrann þessarar spurningar vegna þess að fólk vissi það í þinginu að verið væri að ganga frá samkomulaginu.

Hæstv. ráðherra hefur haldið ýmsu fram um þetta mál. Ekkert af því fæst nú staðist. Hverju eigum við að trúa? Verðum við ekki a.m.k. að gera kröfu um það að fá þær upplýsingar sem ráðherrann byggir ákvörðun sína á? Við vitum á hverju Samfylkingin byggir afstöðu sína. Eins og ég nefndi áðan hef ég margreynt að koma að þessu máli á fyrri stigum. Þingmenn Samfylkingarinnar vildu ekki einu sinni hlusta á lagaleg rök í málinu. Þeir vildu ekki heyra lagaleg rök hvað þá að þeir leituðu eftir þeim sjálfir.

Erlendir lögmenn, eins og hæstv. utanríkisráðherra nefndi, hafa tjáð sig um þetta mál og fjöldi breskra og bandarískra lögmanna hefur lýst því yfir að lagaleg staða Íslendinga í málinu væri sterk, okkur bæri ekki lagaleg skylda til að greiða þetta. Svo ekki sé minnst á færustu lögmenn Íslands á þessu sviði. Þessu er litið fram hjá af einhverjum ástæðum sem þinginu hafa ekki verið kynntar og þjóðinni hafa ekki verið kynntar heldur.

Í þorskastríðunum vorum við að sækja á. Við fórum fram á meira en við höfðum í rauninni lagalegan rétt til. Hér hafa menn ekki einu sinni dug í sér til að verja þjóðina þegar hún hefur lagalegan rétt. Þetta er forkastanlegur aumingjaskapur, hæstv. fjármálaráðherra. Í þessu máli er verið að fórna efnahagslegri framtíð Íslands. Það að halda því fram að Ísland sé komið í skjól í sjö ár vegna þess að Ísland þurfi ekki að greiða af skuldabréfi fyrr en eftir sjö ár felur í sér einn meiri vanþekkingu á efnahagsmálum en það sem ég nefndi áðan um gengi krónunnar.

Trúir ríkisstjórnin því virkilega að skuldbindingar sem koma ekki til fyrr en eftir sjö ár hafi ekki áhrif á lánshæfismat ríkisins? Telur ríkisstjórnin að fyrirtæki sem meta lánshæfi líti bara fram hjá því sem á að gerast eftir nokkur ár? Og trúir ríkisstjórnin því líka sem haldið hefur verið fram að þetta hafi ekki áhrif á skuldastöðu ríkissjóðs vegna þess að þetta bætist ekki við fyrr en eftir sjö ár? Þá gæti hvaða skuldsett fyrirtæki sem er væntanlega bara gefið út skuldabréf og tilkynnt að það væri þar með skuldlaust.

Það er fráleitt að ríkisstjórn skuli leyfa sér að halda fram slíkum málflutningi í þessu stærsta efnahagslega hagsmunamáli þjóðarinnar. Nú verður stjórnin að sýna fram á á hverju þessi ákvörðun byggir og ég er dálítið hræddur um að þá muni koma í ljós að hún byggir annars vegar á því að Samfylkingin vill ekki rugga bátnum gagnvart vinum sínum í útlöndum og hins vegar á því að Vinstri grænir vilji umfram allt halda völdum og það sem gerist eftir sjö ár varði ekki hæstv. fjármálaráðherra Steingrím J. Sigfússon. Þá verði hann væntanlega kominn í aðra vinnu eða farinn að gera eitthvað allt annað en að vera fjármálaráðherra (**Gripið fram í:** Af hverju heldurðu það?) og þar af leiðandi … (Gripið fram í.) Já, við skulum vona það, hæstv. utanríkisráðherra, og þar af leiðandi sé þetta ekki hans vandamál. (**Gripið fram í:** Eða forsætisráðherra?) Við skulum svo sannarlega vona að sú verði ekki raunin, hæstv. utanríkisráðherra, miðað við það hvernig á þessu máli hefur verið tekið og miðað við hvað hefur verið að marka það sem hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt á síðustu vikum og síðustu mánuðum í þessu máli. En það er mikill misskilningur ef menn halda að með því að gefa svona algjörlega eftir í þessu máli, leggjast flatir, séu þeir að koma í veg fyrir að þeir einangrist í alþjóðasamfélaginu eins og hræðsluáróðurinn hljómar.

Hvaða ríki eru það sem einangrast í alþjóðasamfélaginu? Það eru þau ríki sem hafa ekki efni á því að vera sjálfstæð. Það eru þau ríki sem skuldbinda sig svo í erlendri mynt að þau hafa ekki efni á því að taka þátt í alþjóðasamfélaginu. Trúir Samfylkingin því virkilega enn þá, eftir að hafa verið dregin á asnaeyrunum alla þessa mánuði, að ef hún gefur eftir eina ferðina enn, ef hún lúffar núna, muni vinir hennar verða miklu þægilegri og miklu betri við hana í framtíðinni, þeir hljóti að sjá að sér? Þetta er þrælslund. Þetta er það hugarfar sem fórnarlömb, sem láta ofbeldi yfir sig ganga aftur og aftur, festast í. Að trúa því að næst verði þetta öðruvísi. Ef þessi þjóð vill vera virkur þátttakandi í alþjóðasamfélaginu, í samfélagi þjóðanna og geta tekið þar þátt, vill að ungt fólk sem hér er að alast upp og mennta sig geti starfað á Íslandi, að Ísland verði samkeppnishæft, þá skrifa menn ekki undir svona samning. Þessi samningur teflir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar í hættu. Hann gerir ekkert nema skaða okkur efnahagslega næstu sjö árin og að sjö árum liðnum getum við átt von á annarri krísu engu minni en þeirri sem við erum nú að ganga í gegnum. En þetta er svo sem í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Öll viðbrögð hennar ganga út á að fresta, hvort sem um er að ræða fyrirtæki eða heimili, að lengja í lánum, fresta og sjá hvort hlutirnir verði ekki af sjálfu sér svo miklu betri eftir nokkur ár að þetta bjargist allt saman.

En þá er stóra kaldhæðnin í þessu máli sú að það sem er að gerast hérna er nákvæmlega það sama og Landsbankinn gerði þegar hann stofnaði Icesave-reikningana. Landsbankinn var kominn í vandræði. Hann átti erfitt með að fjár-

magna sig. Hann greip þá til þess örþrifaráðs að taka gríðarlega mikil lán í þeirri von að ástandið mundi lagast þannig að eignasafn bankans mundi verða verðmætara og bankinn gæti staðið undir þessum lántökum. Hvað gerðist svo? Eignasafnið varð ekkert verðmætara. Ástandið hélt áfram að versna og fyrir vikið varð bankinn og þjóðin öll í miklu, miklu verri stöðu en þörf var á.

Nú ætlar þessi ríkisstjórn að setja íslensku þjóðina í sömu stöðu og Landsbankinn setti sig í með því að skuldbinda allan íslenskan almenning, taka að láni meira í þeirri von að ástandið muni lagast svo mikið og eignasafnið muni hækka í verði að við getum borgað þetta allt upp einhvern tímann í framtíðinni. Þetta er óábyrgt. Þetta er versti samningur sem íslensk ríkisstjórn hefur nokkurn tímann hugleitt að skrifa undir. Þennan samning má ekki staðfesta.

[16:14]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti, hv. þingmenn. Hér stöndum við sem þingmenn frammi fyrir þeirri ömurlegu staðreynd að ríkisstjórn Íslands hefur samið af sér með slíkum hætti að skömm er að og hér standa menn og karpa um fortíðina vegna þess að framtíðin hræðir þá einfaldlega. Fjórflokkurinn stendur hér eins og hann leggur sig og þeir kenna hverjir öðrum um. Þetta er skammarlegt.

Borgarahreyfingin, eins og þið hafið heyrt, mótmælir harðlega þeirri nálgun sem ríkisstjórnin notar við lausn þessarar Icesave-deilu vegna þriggja atriða.

Í fyrsta lagi er það mikið vafamál að Ísland sé yfir höfuð lagalega skuldbundið til þess að borga þessar innstæðutryggingar. Vegna ótta Evrópusambandsins við niðurstöðu dómstóla um það mál er einfaldlega hægt að ná miklu betri samningum ef betur er á málum haldið en gert hefur verið.

Í öðru lagi er það mikið vafamál að Íslandi sé fjárhagslega kleift að greiða allar þessar skuldir hvað svo sem hæstv. par Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon segja vegna þess að eignirnar sem eiga að koma á móti þessari skuld eru sennilega ekki til. Ef þær eru til þá eru þær alla vega það lélegar að Bretar vilja ekki taka við þeim. Því mun þessi skuld sennilega leggjast með fullum þunga, nærri 800–900 milljarðar með áföllnum vöxtum, á saklausa Íslendinga sem hafa ekkert til saka unnið.

Í þriðja lagi er hægt að leiða þetta mál til lykta með þeirri aðferð sem Borgarahreyfingin hefur alltaf lagt til. Ríkisstjórnin þarf að lýsa því yfir sem umheimurinn hvort eð er veit að hér hafi verið um eina allsherjarsvikamyllu að ræða sem við ráðum hvorki við að leysa né borga, í framhaldinu verði leitað til nágrannaþjóðanna og þær einfaldlega beðnar um aðstoð og þeim afhent öll gögn sem til eru um þá sem stóðu að baki þessari svikamyllu, nöfn þeirra og heimilisföng hérlendis sem erlendis, öll viðskiptatengsl og öll gögn úr öllum þeim fjármálakerfum sem hægt er að ná í, þeim verði og gerð réttarstaða grunaðra og allar eigur þeirra frystar samstundis. Með viðeigandi aðstoð eftirlitsstofnana nágrannaþjóða, svo sem lögreglu, fjármálaeftirlita og leynipjónustu verður hægt með trúverðugum hætti að freista þess að ná til baka einhverju af því fé sem þessir menn stálu. Eigendum þessa fjár verði svo afhent það að fullu allt saman. Ef næst í meira en fyrir innstæðutryggingunum þá er það bara fínt. Þetta eru þeirra peningar hvort eð er. Það sem upp á vantar verður svo einfaldlega sótt beint til þeirra sem sök eiga á. Það er réttlæti og við viljum réttlæti.

Hér er um að ræða hundruð milljarða sem meðal annars runnu út úr Seðlabanka Íslands skömmu fyrir hrunið, töpuðust og lenda beint á skattgreiðendum þessa lands. Í framhaldinu viðurkennir þá ríkisstjórnin einfaldlega greiðslufall ef með þarf vegna þeirra skulda sem eftir eru og óskar eftir neyðaraðstoð frá Norðurlöndunum. Slík neyðaraðstoð verður að sjálfsögðu bundin því að hér fari fram gagnger uppstokkun alls stjórnkerfisins og stjórnsýslunnar og er það vel því að ekki veitir af. Ef hér er haldið rétt á spilunum má afþakka svokallaða aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og færa hagstjórnina aftur til íslenskra stjórnvalda.

Ef þetta verður ekki gert og þessi svokallaði samningur um Icesave látinn standa mun almenningur sligast undan lána- og skattbyrðinni. Mennta- og heilbrigðiskerfið mun leggjast á hliðina og hér verður alvarlegur landflótti. Hér mun ríkisstjórnin einfaldlega reka rýting í bak þjóðarinnar og binda á hana skuldaklafa sem hún sjálf á engan þátt í að búa til.

Við skulum muna að þessir 635 milljarðar fyrir Breta jafngilda hlutfallslega 300 milljónum króna fyrir Íslendinga. Hér á að fara að eyðileggja samfélagið fyrir einhverjar breskar stöðumælasektir. Það er spurning hvort nokkur þjóð í veraldarsögunni hafi leikið sjálfa sig eins grátt og sú íslenska en sú barnalega trú að bankar væru góðir og að hæstv. Jóhanna Sigurðardóttir væri að einhverju leyti heilög og eingöngu til góðra verka er nú heldur betur orðin dýrkeypt. Það má þó segja þjóðinni og mér til varnar að slík athöfn sem þau hæstv. Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon hafa framið með þessari skuldbindingu var fjarri, órafjarri öllum mínum hugmyndum um þau.

Virðulegi forseti. Það er orðið þjóðinni dýrkeypt þetta daður Samfylkingarinnar við Evrópusambandið. Sem annar tveggja flokka í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki blekkti Samfylkingin þjóðina og laug að henni og umheiminum í átta mánuði á meðan hún beið og vonaði að þetta mundi nú kannski reddast. Af þeim sökum varð hér algjört efnahagshrun, miklu mun verra en ella hefði orðið ef Samfylkingin hefði sagt þjóðinni satt.

Um Sjálfstæðisflokkinn í því máli þarf ekki að fjölyrða. Ég er enn þá hissa að þingmenn hans skuli voga sér að sitja hér í þingsal. En þeir um það. Í þeirri ríkisstjórn voru meðal annars hæstv. Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján Möller og Össur Skarphéðinsson sem öll sitja hér eða ættu að sitja hér skammt fyrir aftan mig. (Gripið fram í.) Ekki Jóhanna, hæstv. Jóhanna, afsakið.

Þó nokkrir af þeim samfylkingarþingmönnum sem studdu þáverandi ríkisstjórn eru hér einnig enn þá. Þá brá við að kjarkaðir flokksmenn Samfylkingar sögðu hingað og ekki lengra og kröfðust breytinga. Ríkisstjórnin féll og kosningar voru boðaðar.

Í kosningaloforðum þeirra flokka sem nú mynda þessa ríkisstjórn var hvergi minnst á þann skuldaklafa sem þessir flokkar hafa nú lagt fram. Í málefnasamningi þessarar ríkisstjórnar er hvergi heldur minnst á þann firrta skuldaklafa sem hún hefur nú lagt á þjóðina og svo eru hafðar uppi hreinar blekkingar um eignir á móti, en eignirnar á móti

fást ekki gefnar upp. Í mínum huga er þetta einfaldlega skýrt merki um að þessi ríkisstjórn starfi af óheilindum og sé óheiðarleg, nákvæmlega eins og fyrri ríkisstjórn.

Hér erum við því komin með ríkisstjórn sem hefur valdið þjóð og samfélagi ómældum skaða, skaða sem mun segja til sín næstu áratugi þegar samfélagið Ísland molnar í sundur fyrir framan augum okkar. Þegar er byrjað að höggva í grunnskólana. Svo koma framhalds- og háskólarnir í haust og aldraðir og sjúkir munu deyja í auknum mæli. Vegakerfið mun drabbast niður og auka slysatíðni. Orku- og fjarskiptanetin munu einnig gefa sig og mengun og óþrifnaður mun aukast vegna þess að allir fjármunirnir fara í að greiða vexti.

Það sem er þó verst, virðulegi forseti, alverst er að samfélagssáttmálinn, sáttmálinn sem gerir Íslendingum kleift að búa að mestu í sátt og samlyndi í einhverju friðsamasta ríki heims mun rofna og hér munu glæpir og önnur óöld stóraukast í kjölfar þeirrar fátæktar sem nú stefnir í.

Á þessu þingi sitja nú 27 nýir þingmenn úr öllum flokkum, kosnir sem nýtt fólk með nýjar áherslur, aðrar áherslur en lygaáherslur og blekkingar fyrri ríkisstjórna. Þessa hv. þingmenn vil ég nú spyrja alla, hvern og einn: Hvernig líður ykkur? Vel, illa? Er þetta kannski ekki það sem var búist við? Og hvað þá? Hvað á það að gera? Á bara að halda áfram? Á að halda áfram af því að flokkurinn segir það, halda áfram þótt vitað sé að ráðherrar þessarar ríkisstjórnar ráði ekki við vandann, halda bara áfram einu sinni enn?

Þetta gerðu þingmenn síðasta þings of lengi, allt of lengi, þjóðinni til hörmungar. Nú er kominn tími til að breyta. Hvað ber að gera, var einu sinni spurt í kjölfar áratuga blekkinga og lyga þar sem hlutskipti almennings var fyrir borð borið og pólitísk yfirstétt gaf skít í fólkið. Hljómar þetta nokkuð kunnuglega? Þá eins og nú hefði verið hægt að laga vandamálið ef þeir sem höfðu áhrif hefðu látið heiðarleikann ráða, hefðu látið hjartað ráða en ekki einhverjar ímyndaðar hugmyndir um að svona væri bara pólitíkin og ekkert við því að gera.

Hv. þingmenn, þingmenn Vinstri grænna, þingmenn Samfylkingar, í þessu máli er komið að því að láta hjartað ráða. Vonandi hafið þið kjark til þess.

[16:23]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Við ræðum hér eitt stærsta viðfangsefni sem við er að glíma í íslensku samfélagi um þessar mundir. Ofvöxtur íslenska fjármálakerfisins hefur sannarlega leikið íslenskt samfélag grátt. Það er ekki gott að segja hvert megi rekja upphafið að þessari þróun. Það skiptir kannski ekki öllu máli þegar við erum komin á þennan tímapunkt hér.

Mörg orð, stór og þung, hafa fallið í þessari umræðu í dag og eins þegar umræða fór hér fram utan dagskrár á föstudaginn var. Vonandi fyrir þá sem hafa látið þau orð falla er innstæða fyrir þeim þeirra vegna eða að þeir geti sýnt fram á það eða sannað með einhverjum hætti. Að mínu mati er ekki stórmannlegt að koma í ræðustól Alþingis og saka fólk um svik eða jafnvel landráð. Það eru stór og þung orð sem menn eiga ekki að láta falla nema menn séu algerlega sannfærðir um að geta fært fyrir þeim óyggjandi sannanir.

Bankarnir fengu fullt frelsi á sínum tíma til þess að fara í hömlulausa útrás, sumpart undir verndarvæng regluverks Evrópska efnahagssvæðisins, sumpart einfaldlega vegna þess að íslensk yfirvöld höfðust ekkert að, jafnvel ekki þegar hver viðvörunarbjallan á fætur annarri gall við hátt og rauð ljós loguðu. Allt fram að bankahruninu í október var Landsbankinn að stofna til skuldbindinga í eigin nafni sem íslenskur banki og á grundvelli íslenskra laga. Þáverandi ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis samþykkti að láta ekki reyna á lögmæti innstæðutryggingarsjóðs og vandséð er reyndar hvaða dómstóll eða úrskurðaraðili hefði tekið slíkt að sér.

Frestur til að höfða mál vegna beitingar hryðjuverkalaganna rann út 7. janúar eins og kunnugt er og var ekki nýttur af þáverandi stjórnvöldum. (**Gripið fram í:** Var ekkert að marka það sem ...) Fyrir liggur viljayfirlýsing eða samþykki stjórnvalda frá því í októbermánuði sem hæstv. fjármálaráðherra hefur gert grein fyrir. (**Gripið fram í:** Þú hefur líka ...) Ég get gert grein fyrir því líka, sem ég hef reyndar gert áður hér á þessum vettvangi, að á fundi þingmannanefndar EFTA í nóvember síðastliðnum þar sem ég sat og meðal annarra hæstv. núverandi iðnaðarráðherra og þáverandi formaður utanríkismálanefndar, hv. þm. Bjarni Benediktsson, og fleiri, þá kom þessi deila til umfjöllunar. Við gerðum að sjálfsögðu athugasemdir við það hvernig Evrópusambandið hefði tekið á því máli og hvaða viðhorf væru þar ríkjandi í garð okkar Íslendinga.

Það kom líka fram að í sömu viku áttu fjármálaráðherrar EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins fund þar sem mjög var þjarmað að fjármálaráðherra Íslands þáverandi, Árna Mathiesen, og eftir því sem ég best veit var þar fallist á ákveðinn gerðardóm til þess að leiða þetta mál til lykta af því að gerðardómur hefur hér verið nefndur í þessari umræðu. Það tók þann hóp sem þá var skipaður einungis einn eða tvo sólarhringa að komast að þeirri niðurstöðu að við Íslendingar yrðum að standa við þær skuldbindingar sem fólust í tilskipuninni um innstæðutryggingarsjóð (**Gripið fram í:** Uppgjöf.) á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins. (**Gripið fram í:** Uppgjöf.) Það var gerðardómsleið sem var reynd en íslensk stjórnvöld drógu sig síðan (**Gripið fram í:** ... tóku ekki mark á ...) út úr. Þetta er nú staðan og þetta er staðan sem núverandi ríkisstjórn tók við og sú samninganefnd sem skipuð var í lok febrúar. Þetta er ömurleg staðreynd en engu að síður staðreynd. Því miður var ekki unnt að skrúfa tímaklukkuna til baka í þessu efni svo mjög sem maður hefði að sjálfsögðu kosið það.

Reiðin sem við finnum innra með okkur og brýst líka út í fjölmörgum bréfum sem við þingmenn höfum fengið í dag og undanfarna daga er eðlileg og hún er skiljanleg og við eigum ekki að gera lítið úr henni. Reiðin beinist að sjálfsögðu ekki síst að þeim sem báru hina raunverulegu ábyrgð á þessu ævintýri öllu og það er mikilvægt, virðulegur forseti, að við látum hér ekki staðar numið. Það er mikilvægt fyrir okkur að krefjast þess ekki að Ísland einangrist vegna þessara deilna við nágrannaþjóðir heldur eigum við núna líka að standa saman og þrýsta á stjórnvöld að leita allra leiða til þess að þeir sem bera ábyrgð á því að til þessara skulda var stofnað (**Gripið fram í:** Þú ert ...) beri hana, (Forseti hringir.) að þeir verði leiddir til ábyrgðar og við

leitum allra (Forseti hringir.) leiða til þess að þeir verði látnir svara til (Gripið fram í.) saka.

[16:28]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessa skýrslu. Við munum eins og menn heyra eflaust halda áfram að ræða þetta mikilvæga mál en það er satt best að segja ein nöturlegasta og ömurlegasta birtingarmynd hrunsins sem við upplifðum á síðastliðnu hausti og höfum skuldbundið þjóðina með svo afdrifaríkum hætti sem raun ber vitni.

Margt hefur verið sagt hér en menn verða að hafa í huga forsögu málsins og hvernig þetta var allt saman í haust, hvernig staðan var 11. október þegar þetta minnisblað var gert. Þá var allt að því hótað að loka á olíuflutninga og matvælaflutninga til landsins og samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var í algjöru uppnámi. Menn vildu leita til Noregs varðandi lán. Þar voru dyrnar líka lokaðar þar til menn hefðu náð samkomulagi eða einhverri sátt í þessu mikilvæga og erfiða máli.

Þetta voru aðstæðurnar þá. Það er rétt að draga það fram sem sagt hefur verið að utanríkisráðuneytið vissi það mætavel að þetta minnisblað var gert við Hollendinga. Utanríkisráðuneytinu var líka fullkunnugt um að ekki ætti að gera slíkt við Breta og var vel inni í málinu öllu. Utanríkisráðuneytinu var jafnframt fullkunnugt um að hollenska forsætisráðherranum var sagt að við mundum ekki halda áfram með málið á þeim forsendum og þeim grundvelli sem segir í minnisblaðinu frá 11. október.

Af hverju var það? Jú. Af því að menn vissu að aðstæður í íslensku efnahagslífi voru miklu erfiðari en menn gerðu sér grein fyrir 11. október þegar okkur var stillt algjörlega upp við vegg. Það vissu Hollendingarnir. Þess vegna héldu þeir áfram að tala við okkur um hvernig leysa ætti úr þessu máli en kröfðu okkur ekki um niðurstöðu á grundvelli samkomulagsins. Það vissu menn og við héldum aðstöðu okkar vel á lofti. Utanríkismálanefnd gerði það líka þegar hún fjallaði um tillögur utanríkisráðherra. Hæstv. utanríkisráðherra vann mikið að málinu og þetta ætti hann að vita manna best.

En hvað segir í nefndaráliti frá utanríkismálanefnd meiri hlutans? Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Frumforsenda þess að leitað væri pólitískrar lausnar á málinu var að tryggt yrði að tekið yrði tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem nú eru uppi á Íslandi. Þau umsömdu viðmið sem þingsályktunartillagan fjallar um fela í sér viðunandi forsendur fyrir lausn að áliti meiri hlutans.“

Það var sérstaklega hnykkt á því að taka yrði tillit til erfiðra aðstæðna. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Leiði samningar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu …“ Hvað er meiri hluti utanríkismálanefndar að segja? Nefndin er að segja: Það er hugsanlegt að við náum ekki niðurstöðu í málinu. Við ætlum ekki að gefa frá okkur okkar lagalega rétt og stöðu okkar hvað þjóðarrétt varðar. Enda segir: „… en hin umsömdu viðmið fela ekki í sér að stjórnvöld afsali sér með einhverjum hætti lagalegri stöðu að þjóðarrétti sem ríkið hefur í dag.“

Icesave-deilan er náttúrlega birtingarmynd af meingölluðu regluverki ESB. Við stöndum frammi fyrir því og deiluna þarf að leysa á pólitískum forsendum. Við vitum það. Stjórnmálaöflin þurfa að leysa þessa erfiðu deilu.

Þess vegna spyr maður sig: Var ekkert að marka þann hasar, þann hávaða og þann sannfæringarkraft sem hæstv. fjármálaráðherra var uppfullur af síðastliðið haust og undir lok síðasta árs þegar hann mótmælti þessu öllu saman eða er hann bara enn og aftur kominn með skottið á milli lappanna? Hann var á móti ESB. Hvar erum við núna? Við erum að fara að óska eftir aðild að ESB. Hann var á móti Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hann hefur tækifæri til þess að breyta einhverju þar. Hann gerir það náttúrlega ekki og núna ætlar hann að skrifa undir samninga vegna Icesavedeilunnar þrátt fyrir að vera algjörlega á móti henni. (**Gripið fram í:** Hann er búinn …) Hvar er sannfæringarkrafturinn hjá hæstv. ráðherra? Ég tel að hann verði að upplýsa þjóðina um þessi merkilegu sinnaskipti sín í málinu.

Ég held að við verðum að segja eins og er að málið er erfitt. Ég tel að þetta hafi verið eina leiðin fyrir okkur á sínum tíma, okkur var stillt upp við vegg og við urðum að leita samninga.

En ég vil líka segja eins og þingið: Við héldum að við næðum betri niðurstöðu en við fjöllum um núna. Af hverju eru vextirnir svona háir? Og af hverju liggja ekki fyrir einhver gögn um að þetta snerti ekki lánshæfismat ríkisins? Það dugar mér ekki lengur að heyra hæstv. fjármálaráðherra segja að það skipti ekki máli, það hafi ekki áhrif. Ég vil fá að sjá gögn um að það muni ekki hafa áhrif á (Forseti hringir.) lánshæfismat íslenska ríkisins.

[16:33]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, að þetta mál er ein dapurlegasta birtingarmynd hrunsins fyrir okkur Íslendinga. Við fáumst við afleiðingar þess í dag.

Það er hins vegar ekki rétt að segja að við eigum ekkert val. Við eigum auðvitað val um að samþykkja þann samning sem nú hefur verið gerður eða ekki. Það er hins vegar erfitt val vegna þess að sá kostur, að ganga ekki til samninga, hefur í för með sér mjög alvarlegar og erfiðar afleiðingar fyrir íslenska þjóð.

Afleiðingarnar eru jafnerfiðar fyrir íslenska þjóð og þær voru í haust þegar við ræddum þetta mál. Við vitum að ef við kjósum að semja ekki um niðurstöðu þessa máls höldum við íslensku efnahagslífi í áframhaldandi óvissu. Við komum í veg fyrir þær nauðsynlegu stýrivaxtalækkanir sem eru algjörlega nauðsynlegar til að íslenskt efnahagslíf komist í gang. (Gripið fram í.) Við komum í veg fyrir að við fáum nauðsynlega lánafyrirgreiðslu frá Norðurlöndunum því að það er algjörlega ljóst að þessi samningur er forsenda slíks. Samningurinn er forsenda frekari fyrirgreiðslu og samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ef ekki er samið mun það torvelda og koma í veg fyrir að við getum gengið frá málum við kröfuhafa í gömlu bankana og þar með gert upp og skilið á milli gömlu og nýju bankanna og komið efnahagskerfinu á fót eftir hrunið. Það liggur fyrir núna alveg eins og í haust að það er afstaða viðsemjenda okkar að

ef við göngum frá ábyrgð í þessu máli göngum við gegn skyldum okkar samkvæmt EES-samningnum. Það er ljóst að samkvæmt EES-samningnum hafa viðsemjendur okkar, önnur ríki í EES, þeir sem telja á sér brotið, rétt til gagnaðgerða gagnvart Íslandi og geta fellt úr gildi einstaka hluta samningsins gagnvart Íslandi með þeim vanefndaákvæðum sem þeim eru játuð í samningnum sjálfum. (**Gripið fram í:** Þetta er hræðsluáróður.)

Þetta eru hinar lögfræðilegu staðreyndir málsins. Það kann að vera að það sé lögfræðilegur ágreiningur í málinu og það eru vissulega lögfræðingar á Íslandi sem tala fyrir annarri niðurstöðu. Við prufuðum þau lögfræðilegu rök, virðulegi forseti, á viðsemjendum okkar undanfarna mánuði og missiri. Það er ljóst að þau rök eru afskaplega þjóðernisbundin við Ísland og eiga ekki hljómgrunn meðal viðsemjenda okkar. (Gripið fram í.)

Það er líka einróma afstaða annarra ríkja í þessu máli. Og að því er varðar það að byggja málið á lögfræðilegum ágreiningi tel ég að hv. þm. Bjarni Benediktsson hafi orðað þetta vel í haust þegar hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég held að það sé afskaplega mikil einföldun á þessu máli öllu saman að telja í raun og veru að það hafi verið valkostur fyrir íslensk stjórnvöld að standa stíf á lögfræðilegri túlkun og halda henni til streitu, jafnvel fyrir dómstólum, hvort sem það væri á alþjóðlegum vettvangi eða hér heima fyrir íslenskum dómstólum.

Það er alveg ljóst að sú leið sem valin var og sá farvegur sem málið er í núna mun alveg örugglega skila okkur hagstæðari niðurstöðum en við höfum fengið með því að láta reyna á rétt okkar og ef við hefðum síðan mögulega tapað þeirri þrætu fyrir dómstólum.“

Þar fyrir utan, virðulegi forseti, var aldrei ljóst til hvaða dómstóla við ættum að leita vegna þess að viðsemjendur okkar voru ekki tilbúnir að leggja málið fyrir dómstóla. Og af því að hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson vitnaði áðan í landhelgisþrætuna er rétt að minna á að árið 1961 nýttu Íslendingar sér einmitt þann rétt að neita að fara með málið fyrir dómstóla. Þeir höfðu til þess fullan rétt.

Það er ein grundvallarregla þjóðarréttar sem öllum þeim íslensku lögspekingum sést yfir sem eru að reyna að halda því fram að unnt sé að fá þessu máli lokið fyrir dómstólum. Það er grundvallarregla þjóðarréttar að ríki geti neitað að leggja mál fyrir dómstóla. Það er einfaldlega afstaða viðsemjenda okkar í þessu máli. Til þess hafa þeir fullan lagalegan rétt (Gripið fram í.) þótt við getum verið ósátt við að þeir nýti þann rétt sinn. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Þingið ræður að sjálfsögðu hvort þessi samningur er fullnægjandi eða ekki. Ég tel margt benda til þess að hann sé það og færi hér sérstaklega fram eftirfarandi rök:

Sjö ára afborgunarleysi skiptir mjög miklu máli. (Gripið fram í.) Það lá aldrei fyrir í vetur þegar við skoðuðum hvaða samninga við gætum fengið og það er mjög mikilvægt. Það blasir við að við þurfum að skera niður ríkisútgjöld um 170 milljarða. Ef við værum að borga vexti upp á kringum 40 milljarða á ári til viðbótar næstu þrjú árin getum við rétt ímyndað okkur hver aðhaldsþörfin í ríkissjóði væri þá. Þá hefðum við þurft að skera samfélagið sundur þannig að við réðum ekki við að halda uppi siðuðu samfélagi hérna. Það er okkur mjög mikilvægt á þeim miklu aðhaldstímum sem fram undan eru að við getum byggt samfélagið upp. (Gripið fram í.) Að við getum haldið aðhaldsþörfinni hóflegri, eins hóflegri og hægt er þótt augljóslega verði hún erfið, en skerum okkur ekki inn að beini með auknum vaxtagreiðslum.

Það er líka ljóst að sú gagnrýni sem hér hefur verið lögð fram á vaxtastigið er ekki að fullu rétt. Það er ekki hægt að bera saman (Forseti hringir.) dagvexti stýrivaxta erlendis og langtímavexti eins og hér er um að (Forseti hringir.) ræða. (Gripið fram í.) En það eru allt atriði sem þingið mun fjalla um í hinni þinglegu meðferð (Forseti hringir.) málsins. Ég treysti því og veit að þingið mun að sjálfsögðu fara vandlega yfir allar þessar staðreyndir (Forseti hringir.) að lokum.

[16:39]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Á íslenska þjóðin að taka á sig skuldbindingar sem ekki eru hennar? Eigum við að borga það sem við eigum ekki að borga? Það eru spurningarnar sem við stöndum frammi fyrir í dag. Svarið getur samt bara verið á einn veg: Íslenska þjóðin á ekki að borga meira en hún er lagalega skuldbundin til að gera. Hvers vegna í ósköpunum ætti hún að gera annað?

Ef maður veltir fyrir sér hinni lagalegu stöðu, getur það þá staðist að fyrirtæki séu starfrækt víða um heim á ábyrgð íslenska ríkisins án þess að ríkið sjálft hafi nokkuð um það að segja? Nei. Svo er að sjálfsögðu ekki. Íslendingar uppfylltu skyldur sínar og innleiddu tilskipun Evrópusambandsins um að koma á ákveðnu tryggingakerfi. Það voru aldrei gerðar neinar athugasemdir við það.

Það er þyngra en tárum taki að horfa upp á hvernig núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn með Samfylkinguna í broddi fylkingar hefur haldið á málum. Aldrei frá því að hryðjuverkalögin voru sett hafa íslensk stjórnvöld staðið í lappirnar gagnvart Bretum og Hollendingum. Þau létu meira að segja hjá líða að höfða mál þann 7. desember síðastliðinn þegar málshöfðunarfresturinn vegna hryðjuverkalaganna rann út. (Gripið fram í.)

Hefði það ekki styrkt stöðu okkar að benda á það, og einnig í viðræðunum um Icesave, að líklega værum við ekki lagalega skuldbundin að borga sem þjóð? Það hefur aldrei gerst í samningaviðræðum. Svavar Gestsson, formaður samninganefndarinnar, viðurkenndi það í *Morgunblaðinu* í dag. Það var ekki valmöguleiki, sagði hann. Sú leið var aldrei rædd.

Því er haldið fram af hæstv. utanríkismálaráðherra að staða okkar versni hugsanlega á alþjóðavísu ef við tökum ekki skuldirnar á okkur. Síðan hvenær hefur íslenska þjóðin hlaupið eftir hugsanlega, mögulega, kannski, ef til vill, jafnvel áliti annarra þjóða á okkar málefnum? Það er fáránlegt að taka jafnstóra ákvörðun byggða á líkum, hvað gæti gerst og hvað ekki. Við verðum að byggja skoðanir okkar á staðreyndum. Nú höfum við meira að segja lögin með okkur. Af hverju látum við ekki reyna á þau? Er það ekki einmitt grundvallarréttarregla hvers vestræns ríkis að það geti leitað réttar síns til að fá skorið úr deilumálum? Þarna er einmitt mergurinn málsins. Við verðum að átta okkur á

því að við erum að gefa frá okkur grundvallarréttindi hvers sjálfstæðs ríkis. Ef við látum þvinga okkur til annars erum við í raun að gefa frá okkur fullveldisréttinn. Til hvers var þá barist árið 1944 þegar við urðum sjálfstæð þjóð?

Íslandi hefur alla tíð verið hollast að standa á eigin fótum og láta reyna á sjálfstæðan rétt sinn. Hvað með það þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 200 mílur, eitt stærsta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar? Þá höfðum við meira að segja lögin á móti okkur og alveg örugglega einnig álit annarra þjóða. Við unnum ekki vinsældakosninguna þá. Varð það samt ekki þess virði að berjast fyrir því?

Núna höfum við lögin með okkur. Hvenær hefur það spurst út um Íslendinga að þeir þori ekki að standa á rétti sínum? Það má vel vera að einstaka stjórnmálamönnum sé svo mikið í mun að fara inn í Evrópusambandið að þeir séu reiðubúnir að leggja allt undir. Jafnvel framtíð barnanna okkar.

Hinn 26. febrúar síðastliðinn svaraði utanríkisráðherra fyrirspurn um hvort hann hafi látið kanna lögfræðileg rök fyrir því hvort Íslendingum beri lagaleg skylda til að greiða Icesave-ábyrgðirnar og hver sé þá niðurstaða þeirrar skoðunar. Svarið var á þá leið að gagnaðilar okkar héldu öðru fram og nokkrar álitsgerðir lægju fyrir í þá veru að við værum skuldbundin til að greiða. Þær væru hins vegar trúnaðarmál.

Hvernig stendur á því að nú kemur hæstv. utanríkismálaráðherra hér fram og fullyrðir að þetta hafi allt verið gert opinbert? Við höfum þær upplýsingar í höndum að það hafi kannski aldrei verið leitað neins lögfræðilegs álits. Við gerum skýra kröfu að það verði allt uppi á borðinu varðandi þetta málefni.

Virðulegi forseti. Þetta mál er af þeirri stærðargráðu að ég legg til að við skjótum því til þjóðarinnar. (Forseti hringir.) Látum þjóðina skera úr um hvort hún ætli að undirgangast þessar skuldbindingar sem við erum ekki lagalega (Forseti hringir.) skuldbundin til þess að taka á okkur. Efnum til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

[16:44]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill áminna þingmenn. Forseti óskar eftir hljóði á þingpöllum. En forseti vill einnig áminna þingmenn um að vera ekki með fundi hér á meðan á þingfundi stendur. Viðræður inni í sal á milli þingmanna eiga ekki að eiga sér stað, hv. þingmenn skulu þá fara fram og ræða málin þar.

[16:45]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Hæstv. ráðherrar, hv. þingmenn og kæru landsmenn. Það er verið að skuldbinda þjóðina til að greiða skuld sem hún efndi aldrei til. Það er ranglátt. Þjóðin spyr: Af hverju vilja Bretarnir ekki þetta örugga eignasafn Landsbankans sem þeirra ágæta endurskoðendaskrifstofa metur að verði 95% heimtur af? Af hverju vilja þeir ekki taka áhættu með okkur? Hvað gerist ef við getum ekki borgað skuldina? Hvaða veð hafa Bretar til að tryggja að við borgum? Varla eru orð okkar sem þeir settu á lista meðal hryðjuverkamanna gild ein og sér.

Af hverju þessi asi? Stjórn Gordons Browns riðar til falls og því væri það sennilega skynsamlegast að geyma að undirrita samninga við fólk sem berst um á hæl og hnakka til að fá uppreisn æru á okkar kostnað.

Getur verið að ferlinu sé flýtt til að tryggja að við getum sótt um aðild að ESB á réttum tíma? Það á jú að þrýsta því máli með miklum hraða í gegnum þingið í sumar. Almenningur vonaði að á sumarþingi yrði boðað til aðgerða sem beindust að því hvernig við ætluðum að vinna okkur saman úr þessum öldudal en mér sýnast lausnir þær sem hér hafa verið boðaðar eingöngu snúast um aðild að ESB.

Hann er að verða þjóðinni ansi dýr aðgöngumiðinn að viðræðum við ESB. Því hlýt ég að spyrja mig hvort að þetta sé rétti tíminn til að leggja höfuðáherslu á það mál.

Icesave-skuldbindingin mun lengja kreppuna um minnst sjö ár. Það þýðir einfaldlega að við verðum í kreppuástandi hérlendis til ársins 2024. Það mun verða til þess að þeir sem flytja burt munu aldrei koma heim aftur. Á hverjum degi flytur ein fjölskylda frá Íslandi. Á hverjum degi verða færri til að sjá um gamla fólkið okkar og þá sem geta ekki farið út af heilsufarslegum aðstæðum eða fátækt. Hér munu innviðir velferðarkerfisins molna og erfitt verður að endurreisa það eftir svo langvinna blóðtöku.

Ég vona að hæstvirtir ráðamenn okkar skilji hvað þeir eru að kalla yfir þjóðina með Icesave-samningnum. Ég hef fullan skilning á að þeir tóku við vondu búi frá Sjálfstæðisflokki og Framsókn. Þó má ekki gleyma því að þrír ráðherrar eru enn við völd frá fyrri stjórn Samfylkingar sem tók fullan þátt í að hylma yfir það hve ástandið var orðið alvarlegt.

Það er óskynsamlegt að lofa því að borga lán sem við getum ekki borgað. Ég get ekki stutt gúmmítékkaábyrgð þessarar ríkisstjórnar varðandi Icesave og AGS. Nú þegar borgum við 5 milljónir á dag í vexti af AGS-láninu. Ég óttast að við munum glata sjálfstæði okkar og auðlindum ef við ábyrgjumst skuldir sem við getum ekki greitt. Það er aldrei ein lausn á vandamálum. Það er hættulegt að hugsa þannig. Bjóðum Bretum lánasafnið trausta. Bjóðum þeim allar eignir sem nást frá bankaræningjunum. Ef þær endurheimtur verða meiri en skuldin nemur þá mega Bretar eiga það sem tákn um góðan vilja okkar. Ef Evrópumenn útiloka okkur úr samfélagi sínu vegna þess að við komum fram af heiðarleika þá er það ef til vill ekki góður félagsskapur til að binda trúss sitt við um aldur og ævi. Það eru til aðrar þjóðir í heiminum en Evrópuþjóðir, hæstvirtu ráðamenn.

Borgarahreyfingin skorar á þingmenn að greiða atkvæði eftir samvisku sinni fremur en flokkslínum þegar samningurinn kemur til afgreiðslu. Við sórum drengskapareið gagnvart þjóðinni en ekki flokkunum sem við tilheyrum,. Nú er tími kominn til að við sýnum það í verki. Aldrei fyrr hefur það verið okkur eins mikilvægt að koma okkur úr skotgröfunum og finna leiðir til lausna óháð flokkslínum. Ef til vill er nauðsynlegt að mynda hér þjóðstjórn. Viðfangsefnin eru svo viðamikil að til að sátt náist þurfa allir að geta lagst saman á árarnar. Þá hygg ég að skynsamlegt væri að hlusta á þá erlendu sérfræðinga sem boðist hafa til að aðstoða okkur og viðurkenna að vandamálin sem við erum að glíma við eru okkur ofviða.

Svo skora ég á ríkisstjórnina að leyfa þjóðinni að kjósa um mál sem varða framtíð hennar.

[16:49]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu og reyni að bregðast við nokkrum atriðum eftir því sem tíminn leyfir.

Í fyrsta lagi verð ég að segja, og taka þar undir með hæstv. utanríkisráðherra, að ég held að gögn muni sýna að því miður hvarf hið illræmda minnisblað sem undirritað var með Hollendingum ekki úr sögunni og svo seint sem fram að hádegi síðastliðinn fimmtudag var því veifað til marks um það að vaxtakjör ættu að verða önnur og óhagstæðari á niðurstöðunni en þó tókst að ná fram.

Hvað varðar það hvaða afleiðingar það mundi hafa ef Ísland hyrfi nú frá þessu máli eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson spurði um þá tel ég að hv. þingmaður hafi í raun svarað sér sjálfur strax í desember í framsöguræðu sinni fyrir nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar þegar hv. þingmaður sagði, með leyfi forseta:

„Þá var ljóst að Norðurlöndin voru sammála um að nauðsynlegt væri að Ísland semdi um lausn á þessu máli til að þau gætu séð sér fært að taka þátt í fjárhagslegri fyrirgreiðslu í tengslum við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sama gilti um afstöðu annarra ríkja sem Ísland leitaði fyrirgreiðslu hjá.“

Það er hárrétt sem hér hefur komið fram að Norðurlöndin, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, að Evrópusambandið með miklum þrýstingi, svo ekki sé sagt hótunum, hafa öll átt sinn þátt í því að málin eru í þeim farvegi sem raun ber vitni. Þetta hangir allt meira og minna saman og valið er um að reyna að feta þessa braut áfram sem mörkuð hefur verið og unnið hefur verið að eða að velja einhverja allt aðra leið sem ég ætla helst ekki á þessari stundu að geta mér til um hver gæti orðið, en hún gæti þá legið um evrópska stórborg á meginlandinu.

Það er rétt að minna á að afnám frystingarinnar er nú að nást fram. Þar með opnast aðgangur að þessum eignum og frjáls varsla þeirra og ráðstöfun, þar með talið að 50 milljörðum kr. sem hlaðist hafa upp á lokuðum reikningi í Englandsbanka án vaxta. Með þeirri niðurstöðu sem málið felur í sér vinnst nú tími til þess að hámarka verðmæti þessara eigna eftir því sem kostur er í stað þess að vera undir tímapressu við að selja þær á útsöluverði við óhagstæðar markaðsaðstæður.

Vegna þess sem hv. þm. Þór Saari spurði um er rétt að fram komi að já, það hefur verið rætt við bæði bresk og hollensk stjórnvöld um samstarf ríkjanna við að reyna að ná til eigna sem kann að hafa verið skotið undan og yfirvöld í þessum löndum hafa lofað samstarfi um það mál. Það er mikilvægt og sjálfsagt að reyna allt sem hægt er í þeim efnum og markmiðið á að sjálfsögðu að vera að þeir sem bera ábyrgðina á þessu sem slíkir, sem stóðu fyrir þessum hlutum, að þeirra verði að bæta tjónið eftir því sem nokkur kostur er. Það er gert með því að láta eignir Landsbankans ganga upp í þetta og eftir atvikum aðrar eignir sem réttmætt kann að reyna að nálgast.

Ég vil líka segja þá skoðun mína að mér finnst að það eigi síðan að vera markmið okkar í framtíðinni að fjármálakerfið, í gegnum þá fjármuni sem ríkið er nú að setja í að endurreisa það og/eða síðar með til dæmis sérstakri skattlagningu beri þær byrðar sem kunna að lenda á Íslandi í þessum efnum þannig að íslenska ríkið og íslenskir skattborgarar þurfi helst aldrei að borga neitt. (Gripið fram í.)

Það er rétt líka, vegna þess sem hv. þingmaður nefndi, að árétta það að í báðum samstarfsyfirlýsingum ríkisstjórna Samfylkingar og Vinstri grænna er það tekið fram að leiða þurfi þetta mál til lykta. Það er því ekki eins og það eigi að koma neinum á óvart að að því hefur verið unnið samanber það að viðræður hafa verið í gangi og fjölmiðlar haft allan aðgang að því að samninganefnd hefur verið skipuð og svo framvegis.

Ég vil sérstaklega nefna vegna þess sem hv. þm. Þór Saari sagði um niðurskurð hér innan lands vegna þessa máls að það er einmitt það sem er að nást fram að það þarf ekki að skera niður um eina einustu krónu hvorki grunnskóla né almannatryggingakerfið eða annars staðar næstu sjö árin meðan við förum í gegnum erfiðasta tímann og komum okkur á fæturna (Gripið fram í.) til að verða í allt annarri og vænlegri stöðu við að vinna úr þessu í framhaldinu. Eða vildu menn hitt heldur, að greiðslur upp á tugi milljarða króna hefðu farið að lenda á Íslendingum strax á þessu ári?

Ég er sammála hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur um að þetta er nöturlegt mál og ég er þakklátur hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni fyrir að rifja það upp að ég var vonsvikinn, svekktur og gagnrýninn á þetta mál og ég er það enn þá. Mér finnst það auðvitað ömurlegt eins og væntanlega öllum okkur hér í þessum sal að byrðar þurfi að lenda á Íslendingum vegna þessa. Mitt hlutskipti hefur orðið það að reyna að greiða úr þessu eins og aðstæður frekast bjóða upp á með meira og minna bundnar hendur í þeim efnum og ég tel að það hafi tekist eins vel og aðstaðan bauð upp á.

Umræðu lokið.

[16:55]

Útbýting:

Landspítalinn, 17. mál, svar heilbrrh., þskj. 100.

Niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar 2004–2009, 29. mál, svar iðnrh., þskj. 99.

Viðbrögð við hættu á heimsfaraldri inflúensu A, 21. mál, svar heilbrrh., þskj. 101.

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 53. mál (heildarlög). — Þskj. 53.

[16:55]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um vátryggingastarfsemi. Frumvarpið er á þingskjali 53 og er 53. mál þingsins.

Samhljóða frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Frumvarpið er samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði þann 18. september 2007 til þess að semja frumvarp til innleiðingar á tilskipun 2005/68/EB um endurtryggingar.

Þótt skipunarbréf nefndarinnar hafi afmarkað verkefnið

við innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar varð fljótlega ljóst að innleiðingin kallaði á slíkar breytingar á lögum um vátryggingastarfsemi að ekki yrði hjá því komist að endurskoða þau lög í heild sinni. Meginástæða þess er að frá því núgildandi lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, komu til framkvæmda hefur þeim verið breytt fjölmörgum sinnum, en samþykkt þeirra var á sínum tíma hluti af aðlögun innlends réttar að löggjöf Evrópusambandsins. Þá hafa heilu kaflar laganna verið felldir brott eða breytt að verulegu leyti bæði vegna sérlaga um vátryggingamiðlun og eins vegna samþykktar á nýjum vátryggingarsamningalögum árið 2004.

Upphaflegu lögin innleiddu þær gerðir ESB á vátryggingasviði sem þá voru í gildi. Frá gildistöku þeirra hafa verið innleiddar þær gerðir á vátryggingasviði sem skylt hefur verið að innleiða samkvæmt EES-samningnum, nú síðast með lögum nr. 155/2007 þegar innleidd var 5. tilskipun ESB um ökutækjatryggingar.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er sérstaklega tilgreint hvort verið sé að innleiða ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar, gera tillögur til breytinga á gildandi ákvæðum, án þess að það tengist sérstaklega innleiðingunni, eða hvort viðkomandi grein eigi sér samsvörun í gildandi lögum. Til skýringa skal þess getið að á mörgum sviðum eru ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar spegilmynd ákvæða tilskipana um skaða- og líftryggingar. Í þeim tilvikum hafa ákvæðin í allflestum tilvikum þegar verið innleidd með lögum nr. 60/1994, eins og þeim hefur verið breytt. Því var eðlilegt að innleiðing endurtryggingatilskipunarinnar yrði gerð samhliða heildarendurskoðun á lögum um vátryggingastarfsemi.

Þar sem tilefni þessa frumvarps er innleiðing endurtryggingatilskipunar ESB, er rétt að fara nokkrum orðum um helstu ákvæði hennar og starfsemi innlendra endurtryggingafélaga.

Lög nr. 60/1994 fjalla um vátryggingastarfsemi, bæði um frum- og endurtryggingastarfsemi. Með hugtakinu vátryggingafélag er í lögunum átt við félög sem stunda bæði frum- og endurtryggingastarfsemi. Af vátryggingafélögum með starfsleyfi í dag hefur Íslensk endurtrygging hf. ávallt starfað eingöngu í endurtryggingastarfsemi. Að auki hefur Trygging hf. hin seinni ár eingöngu unnið að uppgjöri eldri endurtryggingaskuldbindinga eftir flutning frumtryggingastofns félagsins til Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Nokkur vátryggingafélög sem hafa starfað einkum í frumtryggingastarfsemi hafa einnig haft með höndum endurtryggingastarfsemi. Útrás vátryggingafélaga á síðustu árum hefur meðal annars falist í sölu endurtrygginga erlendis. Eftirlit með endurtryggingastarfsemi hefur hér á landi að mestu verið sambærilegt eftirliti með frumtryggingastarfsemi.

Í gildandi lögum er kveðið á um að enginn megi í atvinnuskyni stuðla að því að innlend vátryggingaráhætta sé frumtryggð annars staðar en hjá vátryggingafélögum sem hér hafa starfsleyfi. Hins vegar eru í gildandi lögum engin takmörk á því hvar vátryggingaráhætta er endurtryggð.

Í 1. skaðatryggingatilskipun ESB, eins og henni hefur verið breytt, er að finna ákvæði um starfsemi félaga sem sérhæfa sig í frumtryggingum. Hins vegar hafa ekki verið til sambærileg heildarákvæði um starfsemi sérhæfðra endurtryggingafélaga fyrr en með tilkomu tilskipunar 2005/68/EB, sem frumvarpi þessu er ætlað að innleiða. Tilskipun 64/225/EBE um endurtryggingar bannaði hindranir á starfsemi endurtryggingafélaga á milli ríkja í Evrópubandalaginu en kvað ekki á um annars konar samræmingu, svo sem hvað varðar opinbert eftirlit.

Markmiðið með tilskipun 2005/68/EB, um endurtryggingar, er því að samræma eftirlit með endurtryggingastarfsemi og styrkja innri markaðinn hvað varðar vátryggingastarfsemi. Tilskipunin er í samræmi við alþjóðlega staðla um eftirlit með endurtryggingastarfsemi sem unnir hafa verið af alþjóðasamtökum eftirlitsstjórnvalda á vátryggingasviði (IAIS). Á sama hátt og í frumtryggingastarfsemi veitir starfsleyfi í endurtryggingum í einu aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins möguleika til að starfa á öllu svæðinu.

Til að vernda hagsmuni neytenda og vegna ólíkra ákvæða laga um vátryggingarsamninga á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa frumtryggingafélög að tilkynna heimaeftirlitsstjórnvöldum sínum um fyrirætlanir um að hefja starfsemi í öðrum ríkjum svæðisins. Eftirlitsstjórnvöld heimaríkis tilkynna eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis um starfsemina og votta að vátryggingafélagið uppfylli kröfur um lágmarksgjaldþol. Slík skilyrði eru hins vegar ekki í endurtryggingatilskipuninni.

Flest ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar eru þó efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum tilskipana um skaðatryggingar og líftryggingar og felur innleiðing þeirra því í sér takmörkuð áhrif á innleiðingarákvæði gildandi laga um vátryggingastarfsemi. Helstu frávik frá ákvæðum skaða- og líftryggingatilskipana lúta að því að starfsemi með endurtryggingar er í reynd alþjóðleg.

Frumvarpið gerir nokkrar tillögur til breytinga sem hvorki tengjast innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar né eru umritun gildandi ákvæða, þ.e. eru hrein nýmæli. Er rétt að geta þeirra helstu og verður grein gerð fyrir þeim í þeirri röð sem þær eru í frumvarpinu.

Frumvarpið leggur til að íslensk vátryggingafélög skuli rekin í hlutafélagaformi. Gildandi lög gera bæði ráð fyrir hlutafélagaformi sem og því að unnt sé að reka vátryggingafélag sem gagnkvæmt félag, en þegar gildandi lög komu til framkvæmda voru starfandi allnokkur gagnkvæm vátryggingafélög.

Voru gagnkvæm vátryggingafélög starfandi allt fram til ársins 2003, flest á sviði bátatrygginga. Stóru gagnkvæmu vátryggingafélögin tvö, Samvinnutryggingar gt. og Brunabótafélag Íslands, hættu eiginlegri vátryggingastarfsemi á árinu 1989 þegar vátryggingastofnar þeirra voru fluttir til nýstofnað hlutafélags, Vátryggingafélags Íslands hf. Á árunum 2001–2003 urðu verulegar breytingar á vátryggingastarfsemi hér á landi þegar vátryggingastofnar gagnkvæmra bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum voru færðir yfir til annars vátryggingahlutafélags og þau hættu eiginlegri vátryggingastarfsemi. Þá voru breytingar gerðar á Verði tryggingu er félaginu var breytt í hlutafélag. Vörður var síðasta gagnkvæma félagið á landsvísu. Það starfar nú sem hlutafélag.

Í dag eru því engin gagnkvæm vátryggingafélög með starfsemi. Þetta félagaform er hins vegar þekkt á öðrum

Norðurlöndum og munu nokkur gagnkvæm vátryggingafélög enn starfandi þar, m.a. er eitt stærsta vátryggingafélag Noregs gagnkvæmt félag. Í Danmörku er starfandi töluverður fjöldi smárra — á danskan mælikvarða — gagnkvæmra vátryggingafélaga sem veita þjónustu á afmörkuðum mörkuðum. Í nokkrum EES-ríkjum, m.a. flestum hinna nýrri, er hins vegar ekki heimilt að stofna vátryggingafélög með öðru félagaformi en sem hlutafélög.

Svo virðist sem gagnkvæma félagaformið eigi erfitt uppdráttar á markaði þar sem virk samkeppni er. Gagnkvæm vátryggingafélög eiga í erfiðleikum ef þau þurfa að bæta fjárhagsstöðu sína. Þau geta ekki líkt og hlutafélög aukið eigið fé félagsins með útgáfu nýrra hlutabréfa. Gagnkvæma félagaformið virðist hins vegar einkum henta þegar um sérhæfðar vátryggingar er að ræða í takmörkuðum rekstri. Þá erfiðleika sem gagnkvæmu vátryggingafélögin lentu í hér á landi má fyrst og fremst rekja til vandræða þeirra við að hlúa að fjárhagslegum styrk sínum á samkeppnismarkaði.

Því er ekki að leyna að ákvæði frumvarpsins um brottfall heimildar manna til þess að stofnsetja gagnkvæm vátryggingafélög hafa mætt nokkurri gagnrýni. Auk þeirra atriða sem áður eru upp talin er því rétt að geta þess að ekki eru til sérlög um félagaformið gagnkvæm vátryggingafélög hér á landi. Því eru fjölmörg atriði óljós um félagaréttarlega stöðu slíkra félaga. Má hér nefna hver sé réttur þeirra sem leggja slíku félagi til fjármuni, skattaleg staða félagsins og meðferð hagnaðar, svo fátt eitt sé nefnt. Verði tilefni til mun ráðuneytið láta kanna hina félagaréttarlegu hlið gagnkvæmra vátryggingafélaga. Leiði slík könnun í ljós að unnt verði að tryggja slíkum félögum, og þeim sem að þeim standa, fullnægjandi regluverk með tilliti til trausts og heilbrigðs reksturs vátryggingafélaga, mun ekki standa á viðskiptaráðherra að leggja fram breytingafrumvarp við lög um vátryggingastarfsemi og sérstakt frumvarp um félagaformið gagnkvæm vátryggingafélög. Forsenda slíks verður hins vegar að vera fyrir hendi, þ.e. raunverulegur áhugi og fjárhagsleg geta til þess að stofna slíkt gagnkvæmt vátryggingafélag.

Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi voru samþykkt eftir gildistöku gildandi laga og lagabreytingar sem urðu á ákvæðum um réttarsamband vátryggingartaka og vátryggingafélags við gildistöku nýrra laga um vátryggingarsamninga gera það nauðsynlegt að afmarka betur en gildandi lög gera hvenær Fjármálaeftirlitið getur gripið til aðgerða og viðurlaga séu hagsmunir neytenda ekki hafðir til hliðsjónar.

Í samræmi við þetta leggur frumvarpið til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að grípa til ráðstafana ef það telur að starfsemi vátryggingafélags sé ekki í samræmi við góða viðskiptahætti eða venjur. Fjármálaeftirlitinu ber að meta það hverju sinni hvort tilefni er til ráðstafana á grundvelli þeirra heimilda sem eftirlitið hefur.

Hefur Fjármálaeftirlitið um árabil starfrækt upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustu fyrir viðskiptavini eftirlitsskyldra aðila. Þeir geta beint fyrirspurnum til eftirlitsins, ýmist almenns eðlis varðandi starfshætti eftirlitsskyldra aðila eða í tengslum við tiltekin mál. Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar ekki úrskurðarvald í einstökum ágreiningsmálum eða sker úr um réttindi og skyldur aðila að einkarétti eða ágreiningi um sönnun málsatvika. Þau úrræði sem einstaklingum og lögaðilum standa til boða til að leita réttar síns vegna einstakra viðskipta við vátryggingafélög eru úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, eftir atvikum gerðardómar, og almennir dómstólar.

Frumvarpið leggur til töluverðar breytingar á ákvæðum um stofnun og starfsleyfi vátryggingafélags. Taka þær mið af lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eftir því sem unnt þykir, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. Er lagt til að Fjármálaeftirlitið veiti starfsleyfi vátryggingafélags en samkvæmt gildandi lögum er það viðskiptaráðherra sem veitir starfsleyfið. Er breyting þessi lögð til til samræmis við það sem gildir um önnur fjármálafyrirtæki. Af þessu leiðir að komi til starfsleyfissviptingar er það Fjármálaeftirlitið en ekki ráðherra sem tekur ákvörðun um leyfissviptingu.

Frumvarpið leggur til breytingar á ákvæðum um meðferð virks eignarhlutar. Þau ákvæði frumvarpsins eru til innleiðingar á tilskipun ESB nr. 44/2007. Leggur frumvarpið til að atkvæðisréttur aðila sem eignast eða eykur við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki bær til þess að fara með hlutinn fari niður fyrir lágmark virks eignarhlutar og takmarkist við 9,99%. Í ljósi alvarleika þess að aðili brýtur af ásetningi gegn rökstuddri niðurstöðu eftirlitsaðila, þykir rétt að takmarka enn frekar athafnir slíkra aðila með tilliti til heilbrigðs og trúverðugs fjármálamarkaðar. Fjármálaeftirlitið fer gaumgæfilega yfir tilkynningar aðila um að þeir hyggist eignast eða auka við virkan eignarhlut. Við þá yfirferð leitar eftirlitið staðfestingar á hæfi aðila til að fara með hlutinn og rökstyður niðurstöðu sína, komist það að þeirri niðurstöðu að aðilinn sé ekki hæfur til að fara með hlutinn.

Frumvarpið leggur til þrengingu á heimildum til setu í stjórn vátryggingafélags. Bæði er fjölgað upptalningu þeirra laga sem væntanlegir stjórnarmenn mega ekki hafa gerst brotlegir við og eins eru þrengd skilyrði fyrir því að aðilar í hagsmunasambandi eða aðilar í hagsmunasambandi við samkeppnisaðila viðkomandi félags geti tekið sæti í stjórn. Ástæða þess að frumvarpið leggur til þessa þrengingu er gagnrýni á þröngt eignarhald og hagsmunatengsl á innlendum fjármálamarkaði. Er talin full ástæða til þess að stjórnvöld bregðist við slíkri gagnrýni enda skiptir trúverðugleiki fjármálamarkaðarins verulegu máli um framgang og möguleika aðila á markaði til að þróast frekar.

Með frumvarpinu eru lögð til ný ákvæði um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Til þess að taka af allan vafa um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum eða athugunum er talið nauðsynlegt að jákvætt ákvæði í þá veru sé í lögunum.

Virðulegi forseti. Eins og áður segir var upphaflegi tilgangurinn með frumvarpinu að innleiða ákvæði endurtryggingatilskipunar ESB. Við nánari skoðun þótti rétt að fara gaumgæfilega yfir gildandi lög með tilliti til breytinga sem gerðar höfðu verið á þeim í gegnum tíðina og nýrra laga á þessu sviði. Jafnframt þessu hafði Eftirlitsstofnun EFTA bent á nokkur ákvæði eldri tilskipana sem stofnunin taldi að ekki hefðu verið innleidd með fullnægjandi hætti. Þá var tilefnið einnig nýtt til þess að aðlaga ákvæði um

virkan eignarhlut ákvæðum tilskipunar ESB nr. 44 frá 2007.

Eins og ég gerði grein fyrir í upphafi máls míns er í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins skilmerkilega fjallað um það hvort viðkomandi grein sé til innleiðingar á endurtryggingatilskipuninni, öðrum tilskipunum eða hvort um sé að ræða sérislensk ákvæði.

Hæstv. forseti. Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur stefnt íslenskum stjórnvöldum fyrir EFTA-dómstólinn fyrir að hafa ekki enn innleitt endurtryggingatilskipun ESB. Það þarf ekki að orðlengja það hversu mikill álitshnekkir það er fyrir Ísland að lenda þar á sakamannabekk. Vil ég hvetja til þess að þetta frumvarp fái eins hraða yfirferð í þinginu og viðskiptanefnd og kostur er þannig að unnt verði að afgreiða það á þessu stutta sumarþingi.

Að lokinni þessari umræðu er lagt til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

[17:11]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að mæla fyrir þessu frumvarpi sem nú kemur í þriðja sinn fyrir þingið. Ég ætla bara rétt að koma upp í stuttu andsvari um þetta mál fremur en ræðu.

Hæstv. ráðherra nefndi að það væri nauðsynlegt að þetta mál fengi hraða yfirferð í hv. viðskiptanefnd og ég vona að hægt verði að verða við því en ég verð að segja að ég hef nokkrar efasemdir um það. Ástæðan er einfaldlega sú að í frumvarpinu er um að ræða miklum mun meiri breytingar en þær sem leiðir beint af þeim tilskipunum sem vitnað er til.

Eins og ráðherrann sagði hefur hér verið samið frumvarp að heildarlöggjöf um vátryggingastarfsemi á landinu. Ég nefndi það fyrr í vetur í umræðum um þetta mál að mér fyndist þetta mál svolítið 2007. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra að því þegar málið kemur nú í þriðja sinn fyrir þingið hvaða lærdómar hafi verið dregnir af bankahruninu og hvar þess sjái stað í frumvarpinu núna, hvort því hafi verið breytt að því leytinu til frá því að það var lagt fram í upphaflegri mynd. Ég tel alveg nauðsynlegt að í meðferð viðskiptanefndar verði farið vandlega yfir það. Við ræddum í síðustu viku nauðsyn þess að skilja á milli vátryggingastarfsemi annars vegar og fjárfestingarstarfsemi hins vegar og hæstv. ráðherra tók undir með fyrirspyrjanda, sem þá var hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, um að það væri nauðsynlegt og eðlilegt að skoða í sambandi við þessi mál. Mig langar til að ítreka þessa spurningu: Hefur málið tekið einhverjum breytingum með tilliti til hrunsins síðastliðið haust?

[17:14]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Frumvarpið hefur ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum frá síðasta hausti en innan ráðuneytisins hefur verið farið yfir málefni gagnkvæmra vátryggingafélaga sérstaklega og kannað hvaða lagagrundvöll þyrfti til að mynda ramma um starfsemi þeirra ef fyrir því kæmi fram ósk. Vilji ráðuneytisins stendur til þess að greiða fyrir því ef aðilar sem eru til þess bærir óska eftir að stofna gagnkvæmt vátryggingafélag hér á landi. Það er helsta breytingin á frumvarpinu frá því að það var síðast lagt fyrir þingið.

Ég vil jafnframt nota þetta tækifæri til að benda á að í frumvarpinu eru nokkrar breytingar sem bregðast að einhverju leyti við þeim vanköntum eða ágöllum sem voru á umgjörð tryggingamarkaðarins fyrir, m.a. það sem ég rakti í framsöguræðu minni áðan, um þrengingu á heimildum manna til að sitja í stjórn vegna hagsmunatengsla, sem ég tel mjög mikilvægt og hafi verið eitt af því sem olli því að íslensk vátryggingafélög fóru nokkuð út af sporinu eins og fréttir undanfarinn vikna og mánaða sýna.

[17:15]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Eins og ég nefndi eru í þessu frumvarpi fólgnar mun meiri breytingar en tilskipanir gefa tilefni til og m.a. á ákvæðið um bann við stofnun gagnkvæmra tryggingafélaga sér ekki stoð í þeim tilskipunum eftir því sem ég best veit.

Ég vil taka undir orð hæstv. ráðherra um það að traust og heilbrigt vátryggingaumhverfi er mjög mikilvægt og við hljótum auðvitað að viðurkenna að vátryggingafélögin breyttust á uppgangs- og gróðafylliríistímunum hér í eins konar fjárfestingarfélög sem tóku virkan þátt í atvinnustarfsemi á öllum mögulegum sviðum samfélagsins og breyttust að stórum hluta í fasteignafélög sem m.a. áttu stóra hluti í bönkunum. Svo virðist sem vátryggingafélögin stærstu hafi í raun skipt með sér fjármálamarkaðnum á sinn hátt.

Allir þessir þættir hljóta að koma til umræðu og skoðunar í hv. viðskiptanefnd og ég spyr hæstv. ráðherra hvort mögulegt sé vegna þeirrar kæru sem hann nefndi hér og er vissulega ekki til álitsauka fyrir okkur Íslendinga, að innleiða þær tilskipanir sem um ræðir með nokkuð skjótvirkum hætti en nota haustþingið til þess að fara vandlega yfir smíði nýrrar löggjafar um vátryggingastarfsemi í landinu.

[17:17]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það hefur sérstaklega verið skoðað í ráðuneytinu hvort þess sé einhver kostur að gera þær breytingar á frumvarpinu sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir ræðir, þ.e. að taka það sérstaklega út sem snýr að innleiðingu tilskipunarinnar. Var það eindregin niðurstaða að það væri ekki gerlegt, a.m.k. ekki með skömmum fyrirvara.

Hins vegar vil ég varpa fram þeirri hugmynd nú, ef þingmanninum eða öðrum þingmönnum finnst að það þurfi að búa til þrengri ramma, m.a. um fjárfestingar vátryggingafélaga eða einhverja aðra þætti í starfseminni sem þeir vilja festa betur niður svo að vátryggingafélögin verði ekki misnotuð af eigendum sínum eða öðrum aðilum, að hugað verði að því í haust. Þær breytingar sem hér eru lagðar til verði hins vegar lögfestar nú á meðan þessi pressa er á okkur vegna málshöfðunarinnar. Þá ætti að vera hægt að taka þann tíma sem þarf til þess að fara yfir vátryggingalöggjöfina aftur og þar á meðal það sem þingmaðurinn nefndi og er óneitanlega mikið áhyggjuefni, að menn geti t.d. með einhverjum hætti misnotað bótasjóði vátryggingafélaga.

Ég hefði talið að það væri eðlilegra að gera það þá í

haust en koma frumvarpinu í gegn nokkurn veginn eins og það er núna þótt auðvitað sé ekki útilokað að hv. nefnd komi með einhverjar breytingar á þessu stigi. Ég ætla auðvitað ekki að leggjast gegn því en ég hefði talið eðlilegra að vinna það með þessum hætti.

[17:19]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við ræddum hér fyrr í dag skýrslu hæstv. fjármálaráðherra um Icesave-reikningana eða það vandamál sem varð til vegna galla í regluverki Evrópusambandsins. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið kannað sérstaklega varðandi vátryggingastarfsemi, kannski einkum endurtryggingar, hvort það séu einhverjar veilur í þessu regluverki Evrópusambandsins því að við getum ekki skotið okkur á bak við það alfarið að regluverk þeirra sé í lagi. Ég nefni sérstaklega iðgjaldavarasjóði og annað slíkt, sérstaklega í líftryggingum sem eru til mjög langs tíma, 60–80 ára. Það er mjög mikilvægt að þeir séu rétt reiknaðir og rétt varðir.

Hvernig er fé iðgjaldavarasjóðanna lagt fyrir og hversu hraðar upplýsingar hefur eftirlitið t.d. um breytingar í endurtryggingum? Geta menn tekið yfir mjög mikil viðskipti á mjög stuttum tíma t.d. með því að kaupa heilu „grúppurnar“ af líftryggingum? Hversu hratt fær eftirlitið upplýsingar um slíkt? Getur það fylgst með því jafnóðum þannig að það fari ekki eins og með Icesave-reikningana í Hollandi sem hlóðust upp á einhverjum tveimur, þremur mánuðum?

Ég held að það sé orðið dálítið brýnt að við skoðum regluverk Evrópusambandsins vel og á gagnrýninn hátt. Það er dálítið slæmt að menn skuli vera í pressu frá þessu sama Evrópusambandi við að keyra mál í gegn þegar menn þurfa að efast um regluverkið sjálft.

[17:21]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er kannski rétt að greina frá því að þetta frumvarp var upphaflega samið í tíð forvera míns í stóli viðskiptaráðherra þannig að mér er ekki nákvæmlega kunnugt um hvaða athugun fór fram á regluverki Evrópusambandsins á þessu sviði áður en frumvarpið var lagt fram. En ég get að sjálfsögðu grennslast fyrir um það og komið þeim upplýsingum til þingmannsins ef hann óskar þess.

Sömuleiðis hef ég upplýsingar ekki hjá mér hér um það hversu títt Fjármálaeftirlitið fær tilkynningar um breytingar á fjölda tryggðra eða einhverjum slíkum lykilupplýsingum í rekstri vátryggingafélaga en það er alveg sjálfsagt að grennslast fyrir um það og upplýsa þingmanninn um það, óski hann þess.

[17:23]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í ljósi atburðanna í haust held ég að það sé nú ekki lítil ástæða til þess að fara að skoða regluverkið. Ég skora á hæstv. ráðherra að láta starfsfólk sitt fara vel í gegnum það og skora enn fremur á nefndina að skoða mjög vendilega hvort um einhverjar veilur geti verið að ræða. Það voru greinilega veilur í regluverki Evrópusambandsins varðandi innlánstryggingar og ég ætla að geta um þær helstu:

Ein sú helsta var að það skuli vera innlánstryggingasjóður í hverju einstöku landi en ekki einn sjóður fyrir alla Evrópu eða jafnvel allan heiminn. Það er mjög nauðsynlegt.

Önnur veilan er sú að innlán í fjármálastofnunum eru ekki með forgang eins og Íslendingar settu í neyðarlögin. Það ætti að vera regla í öllu Evrópusambandinu — bara til að koma því til Evrópusambandsins ef það skyldi vera að hlusta.

Það þriðja sem þyrfti að gera er að innlánstryggingasjóður þyrfti að hafa heimild til þess og fá jafnóðum upplýsingar um stöðu innlánsreikninga, jafnvel daglega, sérstaklega ef mikil aukning verður, þannig að hann geti fylgst með og jafnvel stöðvað innlán ef menn lokka t.d. inn innlán með mjög háum vöxtum.

Nákvæmlega það sama gildir í frumvarpinu um iðgjaldavarasjóði. Þeir geta vaxið mjög hratt á mjög stuttum tíma, sérstaklega í endurtryggingum, eins og ég gat um. Íslenskt félag þarf ekki að fara í nema nokkra daga „bisnessferð“ til Þýskalands til að stofna til mjög mikilla viðskipta í endurtryggingum. Svona sjóðir geta þá vaxið mjög hratt á örstuttum tíma. Það á eftir að koma í ljós varðandi atburðina í haust hvort Fjármálaeftirlitið er ekki að einhverju leyti ábyrgt. Það er það hugsanlega vegna þess að það hefur jú eftirlit með viðkomandi tryggingum fyrir ríkið. Þess vegna finnst mér mjög brýnt að það fái upplýsingar mjög hratt og vel um þróun mála.

[17:25]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra fór yfir og kynnti frumvarp sem felur í sér innleiðingu á endurtryggingartilskipunum Evrópusambandsins. Að auki er um að ræða lagabálk þar sem menn hafa endurskoðað lög um vátryggingasamninga og jafnframt er komið til móts við athugasemdir ESA, ef ég hef ekki misskilið hæstv. ráðherra.

Þegar er farið yfir málið og það skoðað kemst maður fljótt að því að það er mjög tæknilegt eins og frumvörp hvað þetta varðar eru oft og tíðum. Ráðherra rakti helstu breytingar, svo sem þá að vátryggingafélögin eigi að vera hlutafélög, ef ég skildi hann rétt. Mér skildist að ekki væri heimilt að hafa gagnkvæm vátryggingafélög eins og verið hefur hér á landi fram til þessa, alla vega ekki með svona einföldum hætti, en ráðherra leiðréttir mig ef það er röng túlkun.

Ég heyri á hv. þm. Eygló Harðardóttur að hún mun strax sjá eftir því að engar Samvinnutryggingar geti orðið til eða Brunabótafélag Íslands en ef ég skildi ráðherra rétt ber þetta það í sér og að gert er ráð fyrir því að vátryggingafélög á Íslandi verði hlutafélög. Það voru mjög stór og öflug gagnkvæm tryggingafélög á Íslandi þó svo að færa megi rök fyrir því að þau sem hætt hafa hefðbundinni vátryggingastarfsemi hafi ekki verið neitt sérstaklega gagnkvæm en það er annað mál.

Sömuleiðis er verið að flytja starfsleyfi frá ráðuneyti yfir í Fjármálaeftirlitið og breytingar verða vegna virks eignarhlutar og þrengingar á setu í stjórn. Ég tek undir með hv.

þm. Pétri H. Blöndal sem hér talaði, það verður bara að segjast eins og er að það blikka öll viðvörunarljós þegar maður heyrir þessa upptalningu. Þegar menn flýta sér að keyra í gegn mál eins og þetta lenda menn í stöðu eins og við ræddum rétt áðan. Það er alveg ljóst að ef menn hefðu skoðað og farið betur yfir þá þætti sem snúa að Tryggingarsjóði innstæðueigenda hefðum við ekki verið í þeirri stöðu sem við erum í núna varðandi Icesave.

Ef það er eitthvað sem við getum lært, virðulegi forseti, á því sem á undan er gengið er það í það minnsta tvennt sem stendur upp úr þegar maður hlustar á þessar ræður hér. Það er annars vegar ofurtrú á tilskipunum Evrópusambandsins og ég held að menn telji, af því að Evrópusambandið er svo stórt batterí, að það hljóti að vera svo rosalega margir sem komi að því. Menn hafi hugsað (Gripið fram í.) — já, og einstaklega gáfulegir Evrópumenn — að það hljóti þá að vera hið fullkomna verk mannanna. Engir vita það betur en Íslendingar að svo er ekki. Við þurfum virkilega að blæða fyrir að það er bara eins og önnur mannanna verk, afskaplega gallað.

Nú má vera, virðulegi forseti, að jafnvel þó að við komumst að því að við höfum ekki sveigjanleika til þess að breyta ákveðnum hlutum innan tilskipunarinnar skiptir í það minnsta máli að við séum meðvituð um hverjar gloppurnar eru. Við værum í miklu betri málum ef við hefðum nálgast þessar tilskipanir með þeim hætti áður en það höfum við ekki gert, því miður.

Á sama hátt erum við ekki bara með ofurtrú á tilskipunum Evrópusambandsins heldur líka á eftirlitsstofnunum. Það er gott dæmi um það, svo ég vísi aftur í málið sem við ræddum áðan, að þær ná ekki að halda utan um alla hluti, jafnvel ekki jafnstóra hluti og Icesave-málið. Fyrir flesta leikmenn sem að þeim málum koma hlýtur viðkomandi leikmaður að spyrja sig: Af hverju í ósköpunum greip eftirlitsstofnun ekki inn í? Af hverju þurfti að koma til þessa?

Það eru hundruð og þúsundir manna — ég veit ekki hvort það eru hundruð þúsunda manna en alla vega tugþúsundir manna um allan heim í hverju einasta landi — og sérstakt kerfi sem gert er af Evrópusambandinu, fjármálaeftirlit, seðlabankar og fleira, sem hafa nær það eina markmið að koma í veg fyrir það sem kom fyrir.

Virðulegi forseti. Með fullri virðingu fyrir hæstv. ráðherra lít ég ekki svo á að við séum á sakamannabekk þó svo að við förum vel yfir mál. Þetta sumarþing á, eins og sumarþing gera vanalega eftir ríkisstjórnarskipti — svo að ég rifji það upp af því að ég held að við séum flest búin að gleyma því — að ganga frá brýnum málum. Það er sjálfsagt og eðlilegt að tala fyrir eins mörgum málum og mögulegt er og láta þau fara í umsagnarferli. Það er sjálfsagt að fara yfir það í nefndinni í sumar ef svo ber undir en við eigum ekki að gleyma því svo fljótt þegar við erum í miðju kafi við að vinna okkur út úr bankahruninu, hvað það þýðir þegar menn huga ekki nógu vel að hlutum og vanda ekki nógu vel til verka. Ég nefndi bara eitt dæmi varðandi Icesave en við getum öll nefnt miklu fleiri þar sem við getum svo sannarlega sagt eftir á: Ef menn hefðu farið betur yfir málin, sérstaklega þau sem koma frá Evrópu — því að fjármálaumhverfið sem erum í kemur beint úr tilskipunum Evrópusambandsins. Það er ekki heimagert, það kemur allt beint úr tilskipunum Evrópusambandsins og reyndist ekki betur en raun ber vitni.

Þetta frumvarp er hluti af fjármálakerfinu, það er alveg ljóst, og vátryggingastarfsemi er afskaplega mikilvæg starfsemi. Vátryggingastarfsemi á sér að vísu afskaplega djúpar rætur á Íslandi og má færa rök fyrir því að fyrstu tryggingafélögin hafi verið stofnuð hér á þjóðveldistímanum þó að þau bæru ekki nein nöfn. Þau fólu það í sér, virðulegi forseti, að ef bóndi lenti í því að það kviknaði í hjá honum bættu allir í hans hreppi honum það tjón. Mig minnir að þeir hafi reyndar einungis gert það tvisvar, ef það kviknaði í þriðja skipti hjá viðkomandi bónda þurfti hann að bera það tjón sjálfur svo það var ákveðin sjálfsábyrgð í því líka.

Við höfum því ríka hefð fyrir tryggingum, virðulegi forseti. Þetta mál er þess eðlis að ég tel að við þurfum að fara vel yfir það og fá þær umsagnir sem þarf. Við ættum að hafa þann tíma sem þarf til þess að loka því. Við höfum líka þann sveigjanleika að kalla þing saman í september. Mér sýnist að vísu að þetta verði allt annað en stutt sumarþing. Það er nokkuð merkilegt, virðulegi forseti, að enn er ekki komin nein áætlun um hverju þetta þing á að ná fram, ég tala nú ekki um hvenær það á að taka enda. Ég hvet stjórnarmeirihlutann og hæstv. ráðherra að hafa í huga að við höfum gert mistök þegar kemur að því að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins í íslensk lög, það er augljóst, og af þeim ástæðum einum held ég að það sé mikilvægt að fara vel yfir það.

Að auki virðist vera nokkuð erfitt að koma fyrir fundum nefndarinnar eins og við þekkjum og kannski eru á því eðlilegar skýringar, ég ætla ekki að ræða það hér. En það liggur mikið fyrir viðskiptanefnd. Stærsta einstaka málið er endurreisn bankanna og það sem henni viðkemur. Við eigum að setja þau mál ásamt Icesave og brýnum aðgerðum fyrir heimilin og fyrirtækin í algjöran forgang á þessu sumarþingi þó að það sé sjálfsagt og gott að menn mæli fyrir stórum frumvörpum eins og þessu. Það er gott að fá umsagnaraðila og gesti þegar svo ber undir en við eigum að setja þessi mál í forgang. Okkur hefur aðeins miðað áfram en ég held, virðulegi forseti, að við séum sammála um að það er mikið verk óunnið í nefndinni hvað þessa hluti varðar. Mjög mörgum spurningum er ósvarað og ég lít svo á að það sé algjört forgangsmál að svara þeim.

[17:36]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því að þingnefndir, hvort sem það er hv. viðskiptanefnd eða aðrar nefndir, fari vel yfir mál og hvet hana til að gera það í þessu máli eins og öðrum. Það liggur fyrir hvers vegna það er tímapressa og þingmenn vita jafnmikið um það og ráðuneytið. Ef svo fer að málið fari ekki í gegn á sumarþinginu þá er það bara þannig, þá vitum við hverjar líklegar afleiðingar verða vegna þessa dómsmáls og tökum því.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að málið hefur verið lengi í vinnslu þannig að það er ekki verið að kasta til höndunum og koma með hraðsoðið frumvarp hingað. Nefnd sem skipuð var fyrir tæpum tveimur árum samdi frumvarpið og ég er búinn að mæla fyrir því tvisvar og ef ég man rétt mælti forveri minn fyrir því a.m.k. einu sinni.

Frumvarpið hefur fengið mjög mikla umfjöllun bæði í ráðuneytinu og komið til kasta þingsins áður. Það er því ekki eins og verið sé að leggja fram án nokkurs aðdraganda frumvarp sem þingmenn eru beðnir um að koma í gegn í skyndi. Það er einfaldlega ekki þannig, málið hefur verið lengi í vinnslu og hlotið vandaða umfjöllun.

Ef menn treysta því ekki enn að frumvarpið sé orðið nógu gott og vilja taka sér þann tíma sem þarf til að bæta það, gerir þingið það og þá vitum við hver staðan er og tökum málið upp í haust. Ég vil engu að síður hvetja til þess, ef þess er nokkur kostur, að ljúka afgreiðslu málsins á sumarþinginu þótt ég viti auðvitað jafn vel og meðlimir í hv. þingnefnd hversu mörg og brýn mál bíða hennar og það þarf ekkert að útskýra það fyrir mér að viðskiptanefnd hefur mikið að gera. Við treystum því bara að nefndin vinni vel í þessu máli eins og öðrum.

[17:38]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það skiptir bara máli að allt sé uppi á borðinu og ég er ekki að mæla gegn því að hlutir séu upplýstir og það er ekki markmið í sjálfu sér að taka langan tíma í hluti. En einhverra hluta vegna, og þá er kannski ágætt að hæstv. ráðherra upplýsi það, hefur málið ekki farið í gegnum þingið.

Síðan vildi ég líka nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra hvort hann meti það ekki svo að stærstu hagsmunamálin sem snúa að hv. viðskiptanefnd núna snúi að endurreisn bankanna og öðrum málum þeim tengdum.

[17:39]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það tekur ekki langan tíma að svara þessari fyrirspurn. Ég er vitaskuld hjartanlega sammála hv. þingmanni.

[17:39]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en verið mjög sáttur við þetta svar. Annað væri hreint og klárt vanþakklæti.

Virðulegi forseti. Úr því að ég á eitt andsvar eftir og ég fæ svona góð svör frá hæstv. ráðherra ætla ég að nota tækifærið og ítreka hina spurningu mína sem snýr að því hvað það er helst sem ráðherra telur að hafi verið ástæðan, ef hann getur upplýst það, fyrir því að málið náði ekki í gegn í þau skipti sem talað hefur verið fyrir því.

[17:40]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get að vísu ekki sagt mikið um það hvers vegna málið fékk ekki brautargengi þegar það var lagt fram áður en ég settist í stól ráðherra. Ég held að skýringin á því að það var ekki afgreitt á þeim þremur mánuðum eða svo sem liðu frá því að ég varð ráðherra og þangað til kosið var í vor hafi einfaldlega verið sú að málið er flókið og erfitt. Hugsanlega var einhver ágreiningur og líklega um einhver efnisatriði, t.d. gagnkvæmu vátryggingafélögin, og það hafi tafið eitthvað fyrir afgreiðslunni. Auðvitað var þingið og viðskiptanefnd undir miklu álagi líka á þeim tíma þannig að það eru sennilega skýringarnar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

[17:41]

Útbýting:

Rekstur einyrkja, 87. mál, fsp. SER, þskj. 102.

Vextir og verðtrygging, 1. umr.

Frv. EyH o.fl., 62. mál (hámarkshækkun verðtryggingar fjárskuldbindinga). — Þskj. 70.

[17:41]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um breytingu á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Allur þingflokkur framsóknarmanna flytur þetta mál.

Verðtrygging hefur verið á inn- og útlánum á Íslandi frá því að hin svokölluðu Ólafslög voru sett árið 1979 og var með henni ætlað að koma í veg fyrir að sparifé almennings brynni upp í verðbólgu sem tröllreið hinum vestræna heimi á áttunda og níunda áratugnum. Verðtrygging fjárskuldbindinga hefur verið gagnrýnd harkalega og bent á ósanngirnina við að fjármálastofnanir krefjist verðtryggingar, breytilegra vaxta og veðs á jafnvel einu og sama láninu og velti þannig allri áhættu við lánveitingu á skuldarann. Gallar verðtryggingarinnar komu harkalega í ljós við það mikla verðbólguskot sem varð á síðasta ári við hrun íslensks efnahagslífs. Höfuðstóll verðtryggðra lána hækkaði á rúmu ári um 20–25%. Hækkun höfuðstóls bættist þannig við hraðvaxandi atvinnuleysi, minnkandi kaupmátt, hækkandi vöruverð og lækkandi fasteignaverð og jók þannig enn meira byrðar íslensks almennings.

Í hinum vestræna heimi þekkist ekki viðlíka tenging lána við vísitölu, og má einna helst finna svipaða stöðu í vanþróuðum ríkjum eins og Brasilíu, Síle og Ísrael. Í skýrslu sem Tryggvi Þór Herbertsson vann fyrir Landssamtök lífeyrissjóða árið 2004 kom fram að verðtrygging er almennt ekki notuð við lánveitingar lánastofnana til heimila í ríkjum OECD. Í skýrslunni — væntanlega tölur frá 2002 — segir að verðtrygging hafi einskorðast við ríkisskuldabréf og þekkist hún í átta ríkjum OECD-landanna: Ástralíu, Bretlandi, Danmörku, Írlandi, Íslandi, Kanada, Nýja-Sjálandi og Svíþjóð. Hlutfall útgáfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa er hins vegar langhæst hér á landi eða um 86%, en um 18% í Bretlandi, í Svíþjóð rúm 7%, í Ástralíu um 4% en lægra annars staðar. Skref hafa verið tekin hér á landi við að draga úr verðtryggingu og þá sérstaklega á skuldbindingum til skemmri tíma. Var meðal annars gert óheimilt að verðtryggja styttri innlán en til þriggja ára og styttri útlán en til fimm ára. Áhrifin af þessum breytingum hafa verið lítil sem engin.

Í skýrslunni fyrir Landssamtök lífeyrissjóða segir: „Tæplega þrír fjórðu hlutar verðtryggðra útlána til einstaklinga bera fasta vexti sem skýrist einkum af því að húsnæðislán Íbúðalánasjóðs, sem bera fasta vexti, eru um 60% af verðtryggðum útlánum einstaklinga. Verðtryggð lán til fyr-

irtækja skiptast hins vegar nokkurn veginn jafnt á milli fastvaxtalána og lána sem bera breytilega vexti. Almennt er viðskiptavinum ekki frjálst að velja á milli fastra og breytilegra vaxta.“

Samningsstaða skuldara og lánardrottna er ekki jöfn, og oft er lítið frelsi til samninga, eins og rakið er hér að framan. Rök á móti verðtryggingu eru einna helst þau að áhættu vegna veðskulda og lánasamninga er komið yfir á skuldarann einhliða. Skuldurum hefur þannig reynst erfitt að gera fjárhagsáætlanir vegna þessarar sjálfvirku hækkunar á höfuðstól lána, jafnvel vegna þátta sem Íslendingar sjálfir hafa haft lítil sem engin áhrif á svo sem verðhækkanir erlendis á eldsneyti. Verðtryggingin dró einnig að mínu mati og annarra mjög úr áhrifum stýrivaxtanna, helsta stýritæki Seðlabankans, í baráttunni við verðbólguna. Má jafnvel halda því fram að það hafi verið andstætt hagsmunum lánastofnana að draga úr verðbólgu, einmitt vegna verðtryggingarinnar.

Í ræðu hv. þm. Lilju Mósesdóttur í umræðu um stöðu heimilanna nýlega benti hún á að ef húsnæðislán landsmanna hefðu verið með föstum nafnvöxtum til fimm ára eins og víða þekkist á Norðurlöndunum hefði verðbólguskotið á síðustu 12–18 mánuðum líklegast lent að langmestu leyti á lánveitendum eða bönkum, sparisjóðum og Íbúðalánasjóði en ekki á lántökum eins og á heimilunum. Hún benti einnig á eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Rúmlega 40 lönd hafa frá árinu 1970 þurft að kljást við banka- og gjaldeyriskreppu og flest þeirra tókust á við kreppuna án þess að vera með verðtryggingu. Verðbólguskotið sem fylgdi í kjölfar hrunsins létti því skuldabyrði heimilanna í þessum löndum og varnaði því að kreppan yrði eins djúp og hún á eftir að verða hér á landi ef ekki er brugðist við hið fyrsta.“

Hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir sagði við sama tækifæri:

„Verðtrygging af húsnæðislánum er nánast sérískenskt fyrirbæri vegna óstöðugleika í efnahagslífinu. Í öðrum löndum hefur efnahagskreppan þau áhrif að á sama tíma og tekjur heimilanna dragast saman lækka vextir af húsnæðislánum þegar seðlabankar lækka vexti til að örva hagkerfin. Á Íslandi erum við ekki eingöngu að fást við hrun fjármálakerfisins og djúpa efnahagslægð. Gjaldmiðillinn hrundi um leið og bankakerfið og verðbólga hefur því verið mun meiri hér en í öðrum Evrópuríkjum. Áhrifin verða þau að húsnæðisskuldir hækka vegna verðbótaþáttarins.“

Hins vegar hélt hv. þingmaður áfram og talaði um að óstöðugt verðlag hefði verið mikið böl fyrir íslensk heimili. Með verðtryggingunni væri dregið úr sveiflum á greiðslubyrði skulda heimilanna og í stað breytilegra vaxta á húsnæði séum við með fasta vexti og verðtryggingu og hélt því fram að væntanlega væru vextir af húsnæði í kringum 20% ef ekki kæmi til verðtryggingin. Þar með horfði hv. þingmaður algjörlega fram hjá því sem hv. þm. Lilja Mósesdóttir benti á, að vextir á húsnæðislánum á Norðurlöndunum breytast ekki jafnt og þétt í takt við stýrivaxtaákvarðanir og einstök verðbólguskot heldur eru endurskoðunarákvæði á ákveðnu tímabili og jafnvel lög um hámarksvexti, eins og mér skilst að sé í Danmörku.

Þrátt fyrir þessar skiptu skoðanir stjórnarliðanna, hv. þingmanna Lilju Mósesdóttur og Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, um ágæti verðtryggingarinnar liggur fyrir að bæði Samfylkingin og Vinstri grænir hafa ítrekað lagt fram mál til að leggja af verðtrygginguna eða draga úr skaðsemi hennar gagnvart heimilunum í landinu. Dæmi um það er frumvarp sem hv. þingmenn Kolbrún Halldórsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson og Katrín Jakobsdóttir lögðu fram um að hækkun vísitölunnar frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2009 verði að hámarki 5,7% eða í samræmi við þáverandi verðbólguforsendur fjárlagafrumvarpsins.

Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að taka verðtryggingu lána í heild sinni til endurskoðunar, en þar til það hefur verið gert er mikilvægt að koma til móts við lántakendur verðtryggðra lána og ná fram þeirri breytingu sem hér er lögð til. Verði framangreindar hugmyndir um frystingu verðtryggingar á lánum að veruleika mun það auðvelda fjölmörgum skuldsettum heimilum að komast í gegnum efnahagsumrótið.“

Hæstv. ráðherrar Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason og Katrín Jakobsdóttir, sem voru að vísu þá hv. þingmenn, lögðu einnig til á síðasta þingi að verðtryggt lánsfé skyldi ekki bera hærri vexti en 2% og bentu á í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Við þær sérstöku aðstæður sem nú eru uppi í samfélaginu, óðaverðbólgu og háa vexti, yrði þetta brýnt réttlætismál fyrir lántakendur. Sá sem tekur verðtryggt lán er með öllu óvarinn á tímum verðbólgu. Hækki verðlagið, þá hækka lánin.“

Nokkru fyrr lagði hæstv. heilbrigðisráðherra einnig fram frumvarp um að óheimilt yrði að hækka vexti af láni sem er verðtryggt og skilst mér að hann hafi lagt fram þess konar frumvarp tvisvar eða þrisvar á þingi.

Hv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir hefur ítrekað sem stjórnarandstöðuþingmaður reynt að koma á nefnd um afnám verðtryggingar. Hins vegar verður að viðurkennast að það fréttist lítið af stofnun nefndar um verðtryggingu eftir að hún fór aftur í ríkisstjórn fyrr en eftir bankahrunið. Þá loksins var skipuð nefnd í félagsmálaráðuneytinu sem var falið að skoða hvort og þá hvaða leiðir séu færar til að bregðast við vanda lántakenda vegna verðtryggingar. Í hópnum sátu m.a. Gylfi Arnbjörnsson, sem var formaður, Þorkell Helgason, Vilborg Helga Júlíusdóttir, Edda Rós Karlsdóttir og Ragnar Önundarson. Núverandi hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, sem starfaði þá sem hagfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, var starfsmaður hópsins. Ég óskaði einmitt eftir að fá upplýsingar um hvort einhverjar niðurstöður hefðu komið frá þessari nefnd en upplýsingaþjónustu þingsins tókst ekki að afla upplýsinga um það hvort þau hefðu komist að einhverri niðurstöðu eða töldu kannski ekki ástæðu til að bregðast við vanda lántakenda vegna verðtryggingar.

Áður hafði Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. viðskiptaráðherra þá, skipað nefnd um verðtryggingu lánasamninga og þar sat annar hv. þingmaður í þeirri nefnd, Tryggvi Þór Herbertsson. Það má því alveg segja að ýmsir hafa verið að skoða kosti og galla verðtrygginga lánasamninga sem sitja núna á þingi.

Ef við förum enn lengra til baka lagði Gísli S. Einarsson, fyrrum þingmaður Samfylkingarinnar, fram frumvarp

um að banna einfaldlega verðtryggingu fjárskuldbindinga með öllu, óháð stofnunartíma kröfunnar.

Loks má ekki gleyma þverpólitísku frumvarpi sem lagt var fram af m.a. hv. þáverandi þingmönnum Steingrími Hermannssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Páli Péturssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni og Eggerti Haukdal, nánast samhljóða frumvarpi Gísla S. Einarssonar, og var einnig ætlað að klippa á allar vísitölutengingar hjá ríkinu.

Í þessu frumvarpi leggur þingflokkur framsóknarmanna fram ákveðnar breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu. Við hvetjum jafnframt til samvinnu allra flokka um frekari aðgerðir til að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga í íslensku efnahagslífi og lítum raunar á þetta frumvarp sem okkar framlag í þá vinnu sem við væntum að verði farið í, að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarkshækkun á vísitölu neysluverðs á ári verði 4%. Þar með er ábyrgðinni af því að halda verðbólgu í skefjum og áhættunni við lántökuna skipt á milli lánveitanda og lántaka. Einnig er mikilvægt að ríkisvaldið sjálft taki frumkvæði í að draga úr notkun verðtryggingar í íslensku samfélagi og því er lagt til að ríkissjóður og stofnanir í eigu ríkisins, þar á meðal Íbúðalánasjóður og Seðlabanki Íslands, gefi ekki út verðtryggð ríkisskuldabréf. Í algjörum undantekningartilfellum væri þeim það heimilt en þá yrði að gera grein fyrir forsendunum fyrir útgáfu þeirra opinberlega.

Að auki er lagt til að við lögin bætist bráðabirgðaákvæði sem felur í sér að skipuð verði nefnd til að leita frekari leiða til að afnema sem fyrst verðtryggingu varanlega. Nýmæli er að í stað þess að Alþingi feli viðskiptaráðherra að skipa nefnd, er nefndin skipuð af Alþingi.

Viðskiptanefnd er svo falið að vinna frekar úr tillögum nefndarinnar og leggja fram nauðsynlegar lagabreytingar til að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga enn frekar en lagt er til í þessu frumvarpi.

Ástæðan fyrir því að við töldum mjög mikilvægt að setja þessi takmörk hjá ríkisvaldinu er sú að með yfirtöku ríkisins á bönkunum má segja að ríkið hafi orðið meiri háttar hagsmunaaðili varðandi það að sjá til þess að það sé hugsanlega verðbólga á Íslandi því að það þýðir að þá hækkar verðmæti eignanna og verðbæturnar. Ég held að það skipti mjög miklu máli að stjórnendur eða þeir sem sitja í ríkisstjórn hafi það mjög í huga að gæta þess að verðbólga sé sem lægst hér og að allar aðgerðir sem þeir grípa til eigi raunar að tryggja það að verðbólga verði sem lægst og sérstaklega þegar komið er ákveðið þak á vísitöluna, því að ef menn eru komnir yfir þakið fer það að skaða lánveitandann.

Að lokum mundi ég vilja lesa smápistil sem ég fann á netinu frá pistlahöfundinum Birni Lárussyni um verðtrygginguna:

„Árið 1983 tók ég lokapróf í hagfræði við háskóla í Noregi. Ein spurningin á þessu prófi var: „Gerið grein fyrir áhrifum verðbólgu í lokuðu hagkerfi.“ Ástæðan fyrir því að spurt var um lokað hagkerfi var sú að einfalda spurninguna og þar með möguleg svör. Þar sem ég var alinn upp í verðbólgu á 7. og 8. áratugum síðustu aldar á Íslandi skrifaði ég mjög ítarlegt svar við þessari spurningu. Svo óheppilega vildi þó til, að nýlega (1. janúar 1982) höfðu tekið gildi lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Auðvitað skýrði ég þetta fyrirbæri út á prófinu eins og ég best gat.“

Svo heldur höfundur áfram:

„Nokkrum dögum eftir próflok hringdi prófessorinn í mig og sagði að prófdómarinn vildi ræða gjarnan við mig um niðurstöðu prófsins og svör mín við þessari tilteknu spurningu. Ég hélt á fund þeirra og þeir sögðu mér að ég yrði að skýra út þetta bull sem ég hefði skrifað um á prófinu (um verðtrygginguna) og ef mér tækist það ekki yrði að fella mig á prófinu. Þeir vildu í stórum dráttum vita, hvernig í ósköpunum það gæti staðist að búa til lánskjaravísitölu (renteindeks) til útreikninga á viðbótarvöxtum (verðbótum) af inn- og útlánum í takt við verðbólgu til að berjast gegn þessari sömu verðbólgu. Slíkt hlyti að þeirra mati að vera innbyggður hvati til verðbólgu með víxlhækkun vaxta og verðlags og þar með launa. Það sem reyndar hafði ekki gerst þá var að komið var í veg fyrir hækkun launa með því að taka launavísitölu úr sambandi. Við rökræddum þetta fram og til baka í eina og hálfa klukkustund og ég sá hvernig andlit þeirra varð smá saman eitt spurningarmerki eftir því sem ég færði fleiri rök fyrir máli mínu enda kunni ég lögin og greinargerðina nær utan að þá. Þess má geta að á þeim tíma var 140% verðbólga á Íslandi á ársgrundvelli miðað við eins mánaðar mælingu að mig minnir.

Að lokum sagði prófdómarinn: „Ég ætla að hleypa þér í gegnum þetta próf. Ekki vegna þess sem þú hefur sagt eða skrifað heldur vegna þess að ég hef sannfrétt að þú hafir ekki í hyggju að stunda þessa vitleysu hér í Noregi. Mér er sagt að þú farir til Íslands að loknu prófi hér til að taka þátt í ruglinu í efnahagsmálum þar. En ég ætla að biðja þig lengstra orða að ræða þessa vitleysu ekki við nokkurn vitiborinn hagfræðing. Enn fremur, ef þetta ber á góma, þá ætla ég að biðja þig fyrir alla muni að segja ekki hvar þú lærðir hagfræði til að vernda okkar góða orðspor hér við viðskipta- og hagfræðideildina. Að mínu mati eru þið Íslendingar í fullri vinnu við að koma óorði á hagfræðina. — Vertu sæll og gangi þér vel í bullinu á Íslandi.“

Svo mörg voru þau orð. Verðtryggingin á ef til vill vel við í þjóðhagfræðinni (makro ökonomiu) sem hagstjórnartæki til skamms tíma en ágæti hennar er ekki eins augljóst í viðskiptafræðinni (micro ökonomiu) m.a. vegna hugsanlegra víxlhækkunar vaxta og verðlags og þar með launa. Hún getur haft mjög slæm áhrif á rekstur fyrirtækja og verið jafnómöguleg við áætlanagerð eins og verðbólgan raunar einnig. Ég sagði að verðtryggingin hefði ef til vill jákvæð áhrif til skamms tíma sem hagstjórnartæki en að við skulum enn búa við hana 27 árum síðar er bara til vitnis um gjörsamlega mislukkaða hagstjórn eða einhverja innbyggða vitleysu og rugl í hagkerfinu eins og norski prófessorinn hélt fram.“

Annar pistlahöfundur sem hefur skrifað greinar og birt í *Fréttablaðinu* , hagfræðingurinn Michael Hudson, segir grein sinni þar, með leyfi forseta:

„Í gegnum söguna hafa skuldugar þjóðir oftast farið þá leið að losa sig við skuldirnar með hjálp verðbólgu, þ.e. borgað skuldirnar með „ódýrum peningum“. Ríkisstjórnir prenta peninga og viðhalda fjárlagahalla til þess að hækka

verðlag og þannig er meira fjármagn í boði, en vöruframboð óbreytt. Þessi verðbólga og gengisfall minnka skuldabyrðina svo framarlega sem laun og aðrar tekjur hækka samhliða. Ísland hefur hreinlega snúið þessari lausn á hvolf. Í stað þess að auðvelda hina hefðbundnu skuldaleiðréttingu hefur verið sköpuð paradís lánardrottna og hinni sígildu flóttaleið skuldsettra þjóða lokað. Þjóðin hefur fundið leið til að steypa sér í skuldir með hjálp verðbólgunnar, í stað þess að vinna sig úr þeim með henni. Með verðtryggingu skulda hefur Ísland komið upp einstöku kerfi fyrir banka og aðra lánardrottna sem stóreykur tekjur þeirra af lánastarfsemi, á kostnað launa og tekna af raunverulegri atvinnustarfsemi.“

Þessu frumvarpi er ætlað að koma með smáframlag til þess að leita leiða til að frelsa íslenskan almenning úr þessari „paradís lánardrottna“, úr bullinu, og létta byrðar skuldugra heimila og fyrirtækja á meðan leiðin út úr skuldafeninu er mörkuð.

[17:58]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Við framsóknarmenn höfum lagt fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sem gengur í mjög stuttu máli út á það að hámarkshækkun á vísitölu neysluverðs verði aðeins 4%. Ég hef verið fylgjandi því að við færum vísitöluna aftur, við getum gert það hvort sem er til miðs síðasta árs eða áramótanna 2007/2008 til þess að leiðrétta þá ósanngirni þegar skuldir landsmanna hækkuðu um um það bil 20% við efnahagshrunið og hrun bankanna.

Við höfum keyrt á þá stefnu og lagt hana fram á Alþingi að það verði 20% niðurfelling á lánum landsmanna. Við áttum okkur fyllilega á því að það eru ekki allir sem þurfa á því að halda en teljum samt að það verði með einum eða öðrum hætti að koma til móts við millistéttina, þá sem alla jafna hefðu verið í stakk búnir til að borga af lánunum sínum en geta það ekki í því árferði sem við búum við í augnablikinu. Síðan ætlum við að nota peninginn, vegna þess að við vildum láta þetta ganga jafnt yfir alla — við fundum ekki leið til að skera úr um hverjum ætti að bjarga og hverjum ekki. Ef þeir sem þurfa ekki á því að halda fengju meiri pening til umráða mundu þeir peningar fara beint út í hagkerfið og auka hagvöxtinn. Fyrirtæki gætu þá orðið starfhæf á ný og þyrftu ekki að segja upp jafnmörgum og raun ber vitni.

Þessari tillögu okkar hefur verið hrósað af Hagsmunasamtökum heimilanna sem hafa komið með mjög sambærilegar tillögur. Þessi samtök, sem vinna gríðarlega gott verk, eru okkur sammála um að það þurfi með einum eða öðrum hætti að stíga skref til að gera fólki kleift að ráða við skuldbindingar sínar og missa það ekki í gjaldþrot.

Rætt var á fundi fjárlaganefndar um daginn — vegna þess að boðaður er niðurskurður í öllum fjármunum ríkisins — að grunnur að vísitölunni yrði endurskoðaður með einum eða öðrum hætti. Það er afar ósanngjarnt að það skuli fyrst og fremst bitna á skuldum heimilanna og þær skuli hækka við það eitt að gjald á áfengi og tóbak sé hækkað. Við hljótum sem þjóð að vilja að komast út úr verðtryggingunni með einum eða öðrum hætti. Ég tel að það sé afar mikilvægt, sérstaklega í ljósi þess að menn hafi kannski ekki alveg áttað sig á því hvað þeir voru að gera árið 2002 þegar þeir settu krónuna á flot. Þá má í rauninni segja að henni hafi verið kippt úr sambandi við efnahagslíf þjóðarinnar. Krónan endurspeglar efnahagskerfi okkar á hverjum tíma og það hlýtur að vera þannig sem við viljum að það verði í framtíðinni. Við sjáum það strax á lánum erlendis, eins og t.d. í Noregi sem er ekki í Evrópusambandinu að þar eru vextir miklu lægri og fólk finnur strax fyrir hækkun eða breytingu á verðlagi. Heimilin fara þá strax að draga saman seglin og bregðast við en við sem þjóð höfum hingað til ýtt vandanum á undan okkur. Það ræddum við fyrr í dag varðandi Icesave-samningana, enn á ný ætlum við að velta vandanum yfir á komandi kynslóðir.

Eins og ég sagði áðan er í frumvarpinu lagt til að hámarkshækkun á vísitölu neysluverðs á ári verði 4%. Þar má líka segja að ábyrgðinni af því að halda verðbólgunni í skefjum og áhættunni af lántökunni sé skipt á milli lánveitanda og lántakanda. Lántakendur hafa þurft að bera alla ábyrgðina hingað til og eins og kom fram í máli hv. þm. Eyglóar Harðardóttur er ekki rétt að ríkið skuli sjálft vera stór hagsmunaaðili í þessu máli. Þess vegna er mikilvægt að það taki frumkvæði að því að draga úr notkun verðtryggingar í íslensku samfélagi. Því leggjum við til að ríkissjóður og stofnanir í eigu ríkisins, þar á meðal Íbúðalánasjóður og Seðlabanki Íslands, gefi ekki út verðtryggð ríkisskuldabréf nema þá í algerum undantekningartilfellum þar sem þeim væri það heimilt. Þá yrði að gefa út opinberlega af hverju það er gert og forsendur fyrir útgáfunni. Við leggjum líka til að við lögin bætist bráðabirgðaákvæði sem feli í sér að skipuð verði nefnd til að leita enn frekari leiða til að afnema varanlega verðtryggingu sem fyrst.

Hv. þm. Eygló Harðardóttir rakti áðan hversu margir þingmenn úr hvaða flokki sem er hafa lagt fram tillögur sambærilegar okkar tillögu. Ef ég man rétt hefur núverandi forseti Alþingis gefið það út að í meiri mæli verði afgreidd einstök þingmannamál vegna þess að það er með endemum hversu fá þingmannamál fá brautargengi á hinu háa Alþingi og eru í raun svæfð í nefnd. Ég mundi vilja sjá ríkisstjórnina og aðra afgreiða þetta mál sem ég tel vera skref í rétta átt í þeim efnahagsvandræðum sem nú blasa við.

Því miður verð ég samt að segja það, eins og þingmenn meiri hlutans hafa gert varðandi tillögu okkar um 20% leiðréttinguna, að hún hefur í raun verið slegin út af borðinu algerlega gagnrýnislaust án þess að stjórnarliðar komi með nokkrar tillögur í staðinn. Ég vona að það verði ekki reyndin með þessa ágætu tillögu og beini því til hæstv. forseta að hún beiti sér fyrir því að þetta mál fari í nefnd og komi svo fyrir þingið þannig að við getum greitt atkvæði um hana.

[18:07]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um vexti og verðtryggingu sem hefur það helst að leiðarljósi að takmarka verðtryggingu við 4%. Margir hafa rætt þetta mál og ég er dálítið undrandi á því hve margir hv. þingmenn sem hafa sýnt hafa þessu máli athygli og áhuga skuli ekki vera mættir í dag.

Á 30 ára tímabili, frá 1950 til 1980, var þannig komið á

Íslandi að innlánsvextir voru ákveðnir af Seðlabankanum og þeir voru ætíð ákveðnir lægri en verðbólgan þannig að sparifjáreigendur töpuðu í sífellu og skuldarar græddu af því að útlánsvextir voru undir verðbólgunni. Það varð til þess að ásókn í lánsfé varð gífurleg, nánast endalaus, biðraðir mynduðust hjá bankastjórum og flestir sparifjáreigendur sáu að sér og hættu þessari vitleysu, hættu að spara. Og þeir sem héldu áfram að spara höfðu ekki undan verðbólgunni þannig að sparnaður landsmanna minnkaði óðfluga. Ég hygg að þjóðin hafi á þessum tíma lært að það borgi sig ekki að spara og það borgi sig að skulda. Hún sé miður ekki búin að gleyma því og þess vegna er þessi mikla eyðslugleði — að ég tali nú ekki um eyðslugræðgi — hér á landi.

Lífeyrissjóðirnir voru í þeirri stöðu 1980 að þeir voru allir gjaldþrota, ekki bara tæknilega heldur hreinlega gjaldþrota. Þeir gátu ekki borgað neinn lífeyri sem heitið gat vegna þess að eignir þeirra sem voru lán til sjóðfélaga brunnu upp á verðbólgubálinu því að þær voru óverðtryggðar. Var það iðulega þannig að fólk keypti íbúð og eftir svona 3–4 ár nam afborgunin af láninu um það bil verði kaffibolla og skipti engu máli, hvorki fyrir lífeyrissjóðinn né manninn. Þá var reynt að bjarga lífeyrissjóðunum með því að verðtryggja bæði lífeyri og útlán og með því tókst að bjarga lífeyrissjóðunum. Reyndar kostaði það miklar fórnir af hendi lántakenda sem hafa kannski gleymst. En það er beint samhengi á milli lífeyrissjóðanna og verðtryggingar. Verðtryggingin var leið til að bjarga lífeyrissjóðunum úr þeirri sveiflukenndu verðbólgu sem við lendum alltaf í öðru hverju, en ekki til að laga verðbólguna, frú forseti. Það datt engum í hug. Það var til að laga afleiðingar verðbólgunnar sem verðtryggingin var tekin upp.

Hvers vegna eru vextir háir á Íslandi en ekki í t.d. Japan? Það er afskaplega einfalt. Það eru svo margir sem vilja spara í Japan en svo afskaplega fáir sem vilja eyða. Á Íslandi er þessu einmitt öndvert farið. Hér vilja nánast allir eyða og afskaplega fáir vilja spara, enda er ekki í frumvarpinu minnst einu einasta orði á sparifjáreigendur sem eru undirstaða sparnaðarins, sem eru undirstaða þess að menn geti lánað, að einhver lánamarkaður sé til, að lántakendur geti fengið peninga yfirleitt. Við Íslendingar höfum vanist því að taka lán erlendis. Við höfum séð afleiðingar þess síðan í haust, því miður.

Vextir eru háir á Íslandi vegna þess að það eru svo óskaplega margir sem vilja sem vilja eyða og svo afskaplega fáir sem vilja spara. Þessi tillaga mun ekki auka fjölda þeirra sem vilja spara, það er alveg á hreinu. Ef allt í einu kæmi verðbólguskot upp á 20% og þeir ættu að sætta sig við 4% verðtryggingu er ég ansi hræddur um að þeir tækju til fótanna og hættu þessari vitleysu eins og þeir gerðu á árunum 1950–1980. Þetta eru nefnilega ekki bara einhverjir vondir fjármagnseigendur. Ég fullyrði að útrásarvíkingar, fjárglæframenn og þeir sem hafa staðið mest í „bisness“ eiga ekki krónu í banka, ekki sem innstæðu, ég fullyrði það. Þeir skulda. Það er oft og tíðum gamalt fólk sem á innstæður í banka, það er líka ungt fólk sem á innstæður í banka og það er mjög viðkvæmt fyrir því ef skerða á innstæðuna.

Ég get t.d. keypt bensín á bílinn en sleppi því að gera það og legg peninga í banka í trausti þess að ég geti keypt bensín á bílinn eftir eitt ár eða tvö, þrjú, fjögur ár nákvæmlega jafnmarga lítra en ef einhver ætlar að fikta við verðbólguna þannig að ég geti ekki keypt lengur bensín á bílinn af því að búið er að taka bensíngjaldið út úr þá hætti ég að spara. Það er nefnilega svo einfalt. Sparifjáreigandinn getur alltaf farið í hóp hinna sem eyða og spenna, hann getur orðið eins eyðsluglaður og hinir, það er svo auðvelt. Þetta frumvarp ýtir undir það, frú forseti.

Það kom fram í umræðunni að áhættan sé komin einhliða yfir á skuldarann. Það er ekki rétt. Sá sem leggur fyrir getur keypt sinn bensínlítra aftur og sá sem tekur lánið veit að hann þarf að borga nákvæmlega sama bensínlítrann aftur. Það hefur sýnt sig, sérstaklega nú í vetur, að ef þessi lán hefðu ekki verið verðtryggð og ef menn hefðu ekki ætlað að hlunnfara sparifjáreigandann hefðu vextir farið upp í 20% og þá hefðu vextir af 30 millj. kr. láni verið 6 millj. kr., frú forseti. Þá hefðu þeir aldeilis séð hrinu af gjaldþrotum strax, engin miskunn þar. 500 þús. kall á mánuði í vexti og þá er afborgunin ekki meðtalin. En ef menn ætla sér að stela frá sparifjáreigandanum, eins og kemur reyndar fram í frumvarpinu, það sé aðferð til að stela frá sparifjáreigandanum — fínt — virðast menn gefa í skyn af það sé of mikið af sparifjáreigendum, það sé of mikill sparnaður og þeir ætla sér að reyna að ná honum niður með þessum hætti. En ég fullyrði, frú forseti, að á Íslandi er ekki of mikið af sparifjáreigendum. Það er alveg á tæru. Það er eitthvað sem vantar mest af öllu.

Sparifjármyndun á Íslandi er aðallega í gegnum lífeyrissjóðina og það gleymist líka í þessu að um leið og verðtrygging lífeyrissjóðanna er skert með þessum hætti verður að skerða verðtryggingu lífeyris því að það er beint samhengi þar á milli. Reyndar eru ekki allar eignir lífeyrissjóðanna verðtryggðar. Það eru líka hlutabréf og það eru líka erlendar eignir og annað slíkt en lífeyrissjóðirnir eru að skerða lífeyri. Ætla menn þá að auka skerðingu? Það getur vel verið að hv. þingmenn séu allir gulltryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þar sem réttindin eru gulltryggð og þingmenn völdu sér besta lífeyrissjóð landsins í vetur sem er að því leyti gulltryggður að þar eru réttindin ekki skert. En það er verið að skerða réttindi úti um allan bæ og skerðing á verðtryggingu þýðir ekkert annað en enn eitt áfallið fyrir lífeyrissjóðina sem þyrftu að skerða verðtryggingu á lífeyrinn sinn. Lífeyririnn er nefnilega verðtryggður og það eru 30 þúsund manns, ef ég man rétt, sem þiggja lífeyri, sennilega fleiri sem þiggja lífeyri úr lífeyrissjóðum. Það getur vel verið að þingmönnum sé alveg sama um þetta fólk, ég veit það ekki. Þeir eru sjálfir í tryggðum lífeyrissjóði og þurfa ekki að hafa áhyggjur af neinu. (Gripið fram í.) En þann sem er með 50 þúsund kall á mánuði úr lífeyrissjóði munar um það og ef skerða á hann eins og nú er verið að kynna, um 10%, 5 þús. kr., er það slæmt. Og ef skerða á enn meira með því að afnema verðtrygginguna er það enn þá verra. Uppspretta fjár á Íslandi er nefnilega í skyldusparnaði gegnum lífeyrissjóðina vegna þess að það eru svo fáir sem vilja spara. Ég vil gjarnan spyrja hv. þingmenn: Hvernig ætla þeir að byggja upp innlendan sparnað ef þeir ætla að að ráðast svona á undirstöðuna, þ.e. verðtrygginguna?

Auðvitað er verðtryggingin slæm, það er fáránlegt í

rauninni að vera með tvær myntir í svona litlu landi. Verðtryggða myntin er sérmynt og við ættum að sjálfsögðu að afnema verðtryggingu á nýja samninga. Það gætum við gert. Og svo eftir 10 ár gætum við byrjað að kaupa upp verðtryggða samninga sem enn væru eftir. Það getum við gert. En við getum ekki gengið á verðtryggða samninga fyrir utan það að ákvæði 1. gr. um 4% hámark gengur þvert á alla samninga sem fólk hefur gert sín á milli. Hvað ætla menn að gera við gömlu konuna sem lánaði dóttur sinni peninga verðtryggt án vaxta? Þetta hefur verið prívatsamningur milli tveggja persóna. Ætla menn virkilega að segja að dóttirin eigi ekki að borga einn kaffibolla með sykri heldur einn kaffibolla án sykurs eftir ár? Ætlar hún virkilega að ganga inn á þennan prívatsamning? Það gengur ekki samkvæmt stjórnarskránni. Það gengur ekki samkvæmt stjórnarskránni að 1. gr. fari í gang. Hins vegar getum við unnið að því til framtíðar að afnema verðtryggðar skuldbindingar og ég er hlynntur því af því að ég sé hvað það er erfitt að bremsa verðbólguna með tvær myntir í landinu. En ég bendi hins vegar á að ef það kemur verðbólguskot eins og gerðist í Þýskalandi einhvern tíma þegar vextir fóru upp í 13% urðu fjöldagjaldþrot hjá almenningi, bara við 13% vexti. Í flestum löndum eru nefnilega breytilegir vextir, Liborvextir sem grundvöllur lána og fólk þarf þá að mæta verðbólgunni strax. Ef ekki, ef það er fast til fimm ára eins og sums staðar, eru vextirnir sem því nemur hærri alla tíð. Það eru tvær hliðar á medalíunni, það eru sparifjáreigendur annars vegar og skuldarar hins vegar og það er ekki þannig að bankar eigi peninga. Bankar eru ekki innlánseigendur, eiginlega aldrei. Þeir taka við innlánum og lána innlán út.

En ég held að það sé mjög gott að við ræðum þessi mál, að við förum gegnum þau, að við fáum rök með og móti. Ég er búinn að ræða um 20% skerðingarleið framsóknarmanna ítarlega aftur og aftur og búinn að koma með mín rök á móti henni og þau hafa ekki verið hrakin. Hér kem ég líka með andsvör við því að afnema verðtrygginguna einhliða aftur í tímann, ég held að það gangi ekki upp. En hins vegar er ég alveg hlynntur því að hún verði afnumin fram í tímann. En þá þurfa menn líka að átta sig á því hvaða afleiðingar það hefur.

[18:19]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar að gera athugasemdir við orðfæri hv. þm. Péturs H. Blöndals þar sem hann sagði að með frumvarpinu væri verið að stela frá sparifjáreigendum og stela frá lífeyrissjóðunum. Staðan á Íslandi í dag er sú að hér eru það háir vextir að þeir sem eiga innlán í banka eða í lífeyrissjóði græða á því. Það er staðreynd. Viljum við ekki fara í það að lækka stýrivexti? Þeir sem eiga innlán og eiga í lífeyrissjóði munu þá svo sannarlega missa spón úr aski sínum.

Við skulum ekki gleyma því að þegar neyðarlögin voru sett ákváðum við sem þjóð að ábyrgjast allar innstæður umfram skyldu. Það er ekki eins og stigið hafi verið á fótinn á þeim sem eiga peninga í banka. Við framsóknarmenn erum að hugsa um hinn hópinn. Og þó að hv. þm. Pétur H. Blöndal komi fram og segi að íslenska þjóðin hafi verið óskynsöm og ekki kunnað að spara o.s.frv. er það staðreynd í dag að við erum að missa fjölda fólks í gjaldþrot.

Ef það er þannig að hv. þingmaður vill með einum eða öðrum hætti afnema verðtrygginguna eins og mér heyrðist hann vera sammála okkur um, er þetta þá ekki skref í rétta átt? Við erum ekki að skerða innlán í lífeyrissjóðum núna. Þeir munu sannarlega fá minni ávöxtun, en við erum ekki að taka frá þessu fólki. Er ekki kominn tími til að við hugsum um þá sem minna mega sín, þá sem skulda? Það er stór hluti þjóðarinnar. Afnemum verðtrygginguna með þessu litla þrepi og myndum svo hér hagkerfi (Forseti hringir.) sem endurspeglar raunverulegt hagkerfi íslensku þjóðarinnar.

[18:22]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Á síðu 3 í frumvarpinu stendur, með leyfi frú forseta, og er vitnað í grein sem birtist í *Fréttablaðinu* :

„Í gegnum söguna hafa skuldugar þjóðir oftast farið þá leið að losa sig við skuldirnar með hjálp verðbólgu, þ.e. borgað skuldirnar með „ódýrum peningum“.“

Þetta stendur þarna, það er ekkert verið að gagnrýna þetta í greinargerðinni. Hvað er verið að segja þarna? Það er verið að taka eignir af sparifjáreigendum með verðbólgu eins og gert var hér í 30 ár. Ég leyfi mér að kalla þetta stuld. Kannski má kalla þetta eitthvað annað, ég veit það ekki. En þetta er tilvísun í frumvarpið sjálft.

Varðandi það að vextir séu háir á Íslandi í dag. Ég hef gagnrýnt það mikið að vextir eru mjög háir, allt of háir í augnablikinu, akkúrat í augnablikinu. Þeir hafa ekki alltaf verið það, jafnvel ekki stýrivextir. Stýrivextir voru meira að segja neikvæðir síðastliðið haust, stórlega neikvæðir. Það sem þarf að gera er að gæta að báðum aðilum. Sparifjáreigendur á ekki að líta á sem vont fólk. Sparifjáreigandi er maður eða kona sem neitar sér um eitthvað en leggur peninginn fyrir. Í staðinn fyrir að fara í ferðalag leggur sparifjáreigandi peninginn fyrir, hann neitar sér um einhver lífsins gæði. Það er sparnaður. Hann vill helst geta farið í ferðina ári seinna eða tíu árum seinna. Það er verðtrygging. Í 1. gr. frumvarpsins segir hreinlega að það megi ekki borga meira en 4% jafnvel þó að ferðir hækki um 20%. Ég veit ekki hvað má kalla það ef manneskjan á að tapa 16% á því að spara. Ég veit ekki hvað menn vilja kalla það, ég kalla það eiginlega stuld.

[18:24]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal snýr öllu á hvolf í þessu máli. Með frumvarpinu er ekki verið að taka eign af sparifjáreigendum. Allir þingmenn eru sammála um það, eftir því sem ég best veit, að lækka þurfi stýrivexti. Hvað gerist þá? Þeir sem eiga innlán — það hefur enginn haldið því fram að þeir séu vont fólk og auðvitað eigum við að hvetja fólk til að spara — við lækkun á stýrivöxtum mun hagur þeirra væntanlega rýrna vegna þess að þeir munu fá minni ávöxtun. Hér er einfaldlega verið að leggja til að þetta verði bundið við 4% til að áhættan sé ekki öll á lántakandann. Það er staðreynd í dag, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að lántakandinn, sá sem þarf að koma yfir

sig þaki, sá sem þarf að taka lán — stundum þurfa menn einfaldlega að taka lán til að geta komið fyrirtækjum sínum á fót og til að skjóta skjólshúsi yfir fjölskylduna — við erum að tala um það hér að við komum til móts við þá líka.

Jöfnum áhættuna. Hvað sem hv. þingmanni finnst um þetta frumvarp okkar framsóknarmanna þá hlýtur hann að vera sammála því að við þurfum að jafna áhættuna með einum eða öðrum hætti. Þetta getur ekki gengið svona á Íslandi eins og það hefur gert, að verðtryggingin og verðbólgan rýkur upp úr öllu valdi og þeir einu sem þetta bitnar á eru þeir sem hafa tekið lán. Við erum að biðja hina um að koma aðeins til móts við þá sem hafa tekið lán. Við erum einfaldlega að biðja (Forseti hringir.) lánveitendur um að gefa pínulítið eftir af sinni ávöxtun.

[18:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú hefur það sýnt sig síðan hrunið varð að sparnaður hefur stóraukist í landinu. Kannski erum við komin í þá stöðu (Gripið fram í.) þrátt fyrir vextina, að þeir lokki ekki endilega. Vextirnir voru neikvæðir fram í febrúar, þannig að verðbólgan var meiri en stýrivextir Seðlabankans. Kannski er þessi vandi leystur með stórauknum sparnaðarvilja þjóðarinnar, að þjóðin sé að verða sparsöm. Þá mun væntanlega verða mikið framboð á peningum og vextir munu lækka og líka verðtryggðir vextir. Og kannski mun lærdómur 30 ára hverfa og menn verða sparsamari.

Ef menn ætla sér hins vegar með 1. gr. að takmarka verðtryggingu við 4% núna og segjum að það kæmi verðbólguskot núna, sem ég á engan veginn von á, að það kæmi verðbólguskot í haust út af einhverjum misheppnuðum ráðstöfunum ríkisvaldsins eða eitthvað slíkt og sparifé rýrnaði, því að það rýrnar. Það er ekki þannig að sparifjáreigandinn græði verðbæturnar, (Gripið fram í.) hann fær verðminni krónur til baka og hann hefur valið hvort hann vill spara eða ekki. Það er misskilningurinn. Hann getur nefnilega hætt að vera sparifjáreigandi, hann getur farið að eyða eins og hinir.

Það er akkúrat vandinn sem mér finnst hvergi tekið á í þessu frumvarpi eða horft til hagsmuna sparifjáreigenda sem er þó forsenda þess að hægt sé að lána. Það er ekki hægt að lána út krónu nema einhver spari krónu á móti einhvers staðar. Það er nefnilega meginvillan og kannski vegna þess að Íslendingar hafa í 20, 30, 40, 50 ár lifað af lánum erlendis frá meira og minna. Það er kannski þess vegna sem þjóðin er komin í það kaldakol sem hún er í dag.

[18:28]

Útbýting:

Nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála, 88. mál, þáltill. BjarnB o.fl., þskj. 103.

[18:28]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F):

Frú forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Ég mundi vilja fá að ljúka umræðunni með nokkrum punktum sem þar komu fram. Ástæðan fyrir því að við tölum um 4% sem hámark er sú að það voru, að mér skilst, viðmið Seðlabankans, ef okkur rámar í það var talað um 2,5% verðbólgumarkmið og síðan 1,5% skekkjumörk. Þetta var markmið Seðlabankans varðandi verðbólgu á Íslandi og 1. gr., sem hefur sérstaklega verið rædd hér, er samkvæmt tillögum Hagsmunasamtaka heimilanna. Ég stend við allt sem kemur fram í greinargerðinni um mikilvægi þess að verið er að deila áhættunni milli skuldara eða lántaka og lánveitenda með þessari tillögu.

Ég velti því líka aðeins fyrir mér að þegar við settum á þessi lög, Ólafslögin, á sínum tíma — það tók okkur að vísu nokkur ár að koma verðtryggingunni almennilega á — var staðan þannig í heiminum að það var óðaverðbólga í mörgum öðrum löndum en bara á Íslandi. Mörg lönd voru að fást við verðbólgu. En við virðumst hins vegar einhvern veginn hafa fest í því að vera alltaf að fást við þessa blessuðu verðbólgu og höfum því nýtt verðtrygginguna. Það má kannski halda því fram að við höfum nánast trúað blint á verðtryggingu fjárskuldbindinga, að hún sé bara eina úrræðið sem við höfum þegar verðbólgan vex, e.t.v. vegna lægra gengis krónunnar eða óskiljanlegra stýrivaxta. Og það hefur kannski ekki verið nægur hvati bæði hjá hinu opinbera og einkaaðilum að vinna saman í því að halda verðbólgunni niðri.

Ég held að við munum öll eftir því, þeirri tilfinningu, þegar við horfðum upp á Seðlabankann vera nánast einan í því að berjast við verðbólguna. Það var enginn tilbúinn til að hjálpa Seðlabankanum í að berjast við verðbólguna. Ef við hefðum haft svona ákvæði í lögunum hefði kannski verið meiri hvati fyrir aðra stóra aðila í íslensku efnahagslífi til að bakka Seðlabankann upp í að halda niðri verðbólgunni.

Við höfum gert það á Íslandi að kippa út launavísitölunni, hún var tekin úr sambandi þegar það hentaði, en á sama tíma mátti hins vegar neyslu-, lánskjara- og húsnæðisvísitala leika hér algjörlega lausum hala.

Skoðun mín er sú að skuldarar á Íslandi, lántakendur, hafa nánast verið réttlausir en lánveitendur hafa verið með belti, axlabönd og snæri og ég hef stundum sagt, jafnvel með límt upp um sig, meira að segja núna þegar við horfum fram á meintar brotnar forsendur lánasamninga og einmitt jafnvel vegna þeirrar verðbólgu sem verðtryggingin átti að slá á, hún átti að koma í veg fyrir þessa verðbólgu (**PHB:** Það er ekki rétt.) og vinna á henni.

Ef miklir peningar eru í umferð er það náttúrlega líka ákveðinn hvati fyrir verðbólgu. Þá veltir maður líka fyrir sér hvort það geti verið, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði um, að verðtryggingin hafi gert það að verkum að sparifjáreigendur voru tilbúnir til að lána peninga. En getur það kannski líka hafa hvatt fólk til að taka lán, að þetta hafi verið komið í eitthvert rugl, að það hafi eitthvað verið í okkar samfélagi sem gerði það að verkum að við náðum ekki að þróast á sama máta og flest önnur vestræn ríki og takast á við verðbólguna af ábyrgð af því að við treystum alltaf á verðtrygginguna?

Það hefur líka sýnt sig, af því að það kom sérstaklega fram í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals að hann hefur mjög miklar áhyggjur af lífeyrissjóðunum og hvaða áhrif þetta mun hafa á þá, að hlutfall eigna lífeyrissjóðanna sem eru verðtryggðar hefur farið lækkandi, það var hátt í 100% en er komið, síðustu tölur sem ég hef séð, niður í helming. Ég

skal ekki alveg fullyrða það en mér sýndist það t.d. þegar ég var á aðalfundi Lífeyrissjóðs verslunarmanna að það væri komið vel undir helming. Og það er eitt sem ég hefði líka mikinn áhuga á að ræða, kannski við annað tilefni, við hv. þm. Pétur H. Blöndal af því að hann er náttúrlega mikill sérfræðingur í lífeyrissjóðunum, hvort sú staðreynd að við erum komin með svona stóra sjóði, sjóði með svona mikla fjármuni, að þeir í sjálfu sér jafnvel hvetji til verðbólgu, hinir ofboðslegu fjármunir sem þeir hafa á milli handanna. Hvort svona lítið hagkerfi eins og Ísland er ráði jafnvel ekki við það að hafa svo miklu fjármuni inni í sínu efnahagskerfi og verði þess vegna kannski jafnvel að íhuga það að fara að fjárfesta fyrst og fremst erlendis sem eru svo að vísu andstætt því sem við erum að velta fyrir okkur, eins og mér skilst í kringum stöðugleikasáttmálann.

Ég þakka hins vegar kærlega fyrir umræðuna og vonast eftir góðri umræðu um málið innan viðskiptanefndar, en ég mundi gjarnan vilja vísa málinu þangað að lokinni umræðunni.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Frv. efh.- og skattn., 47. mál (brottfall ákvæðis um löggilta aðila). — Þskj. 47.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:35.

---

17. FUNDUR

þriðjudaginn 9. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Virðisaukaskattur, frv., 47. mál, þskj. 47. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, stjfrv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
4. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 70. mál, þskj. 82. — 1. umr.
5. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 78. mál, þskj. 90. — 1. umr.
6. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 85. mál, þskj. 97. — 1. umr.
7. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 82. mál, þskj. 94. — 1. umr.
8. Náms- og starfsráðgjafar, stjfrv., 83. mál, þskj. 95. — 1. umr.
9. Listamannalaun, frv., 69. mál, þskj. 81. — 1. umr.
10. Meðferð einkamála, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.
11. Samningsveð, frv., 39. mál, þskj. 39. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björgvin G. Sigurðsson, 1. þm. Suðurk.
Gunnar Bragi Sveinsson, 4. þm. Norðvest.
Helgi Hjörvar, 4. þm. Reykv. n.
Jón Bjarnason sjútv.- og landbrh., 2. þm. Norðvest.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Suðvest.

Störf þingsins.

Einkavæðing bankanna – upplýsingagjöf til nefnda – Icesave o.fl.

[13:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill tilkynna að þar sem fimm þingmenn hafa beðið um orðið undir dagskrárliðnum Störf þingsins mun forseti haga umræðunni þannig að hann gefur hv. þingmanni orðið, síðan þeim sem hann vill eiga orðastað við og svo næsta þingmanni sem hafði sent inn beiðni og svo koll af kolli.

[13:32]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Það er mikilvægt að læra af sögunni en horfa jafnframt fram og læra af reynslunni. Mig langar því að spyrja hv. formann Framsóknarflokksins, og áskil mér reyndar rétt til að spyrja fleiri formenn stjórnarandstöðuflokka sömu spurningar síðar meir: Hvaða lærdóm dregur nýr formaður Framsóknarflokksins af einkavæðingu ríkisbankanna á síðasta áratug og hvernig sér hann fyrir sér að eignarhaldi á nýju ríkisbönkunum verði háttað í framtíðinni?

[13:33]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég þakka nafna mínum, hv. 7. þm. Norðaust., fyrir góða fyrirspurn og jafnframt er ég þakklátur hv. þingmanni fyrir það að telja mig hæfastan til að svara þessari spurningu. Ég mun reyna að standa undir því. (**Gripið fram í:** … Framsóknarflokksins.) Ég tel að það sem helst megi læra af einkavæðingu bankanna á þessum tíma sé að sú nálgun að það sé einn stór kjölfestufjárfestir sé líklega ekki æskileg, þ.e. að dreift eignarhald sé mun líklegra til að bankarnir skili sem mestu til samfélagsins og starfi sem best fyrir sjálfa sig um leið.

En hvað varðar framtíðareinkavæðingu bankanna sem nú eru aftur orðnir ríkisbankar tel ég æskilegast að reyna að koma þeim í hendur kröfuhafa bankanna með einhverjum hætti. Bent hefur verið á að það sé alls ekki víst að þeir hafi áhuga á því að yfirtaka bankana og fara í bankarekstur en ég held að það væri mjög æskilegt ef hægt væri að koma málum í það horf til að opna á tengsl við útlönd í gegnum þessar bankastofnanir og til að kröfuhafarnir hefðu hag af því að rekstur bankanna gengi sem best hérna. Sú leið að reyna að selja þessa banka til erlendra banka, einhverra annarra en kröfuhafanna, gæti reynst mjög erfið þótt ekki væri nema vegna þess að á sínum tíma þegar bankarnir voru einkavæddir var talað, að mér skilst, við einhverja 30 erlenda banka til að reyna að fá þá til að koma þar að málum. Áhuginn var lítill og var það þó þegar ástandið var bara prýðisgott á Íslandi. Menn geta því rétt ímyndað sér ef nú væri send út tilkynning um að íslenskir bankar væru til sölu að litið yrði á það sem grín frekar en alvöru.

Líklegasta leiðin til árangurs er sú að reyna að fá kröfuhafana, sem í raun má segja að eigi bankana, til að taka við þeim og rekstri þeirra.

[13:35]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Þegar ákveðið var að ganga til samninga um hina svokölluðu Icesave-reikninga ákvað þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að vera á móti því að það yrði gert. Það gerði þingflokkurinn með skírskotun til tiltekinna sjónarmiða (Gripið fram í.) sem komu þar fram. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hv. þm. Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, sem er formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, hvort það sé ekki örugglega þannig að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs standi að þeirri niðurstöðu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið varðandi Icesave-málið með undirskrift sinni nú fyrir helgina. Það skiptir auðvitað mjög miklu að þessi mál séu skýrð. Ég vil segja það sem mitt sjónarmið að ég tel það alveg sjálfgefið að ríkisstjórnarflokkarnir hljóti að standa að þessu einhuga því að það getur ekki verið að ein ríkisstjórn gangi frá máli af þessu tagi gagnvart öðrum þjóðum öðruvísi en vera búin að ganga úr skugga um að bak við það sé þinglegur meiri hluti. Það liggur fyrir að afla þarf heimilda þingsins til að hægt sé að fullgilda þennan samning. Ekki hefur verið leitað eftir stuðningi hjá stjórnarandstöðuflokkunum þannig að ég geng út frá því sem gefnu að ríkisstjórnarflokkarnir hafi kannað það í þingflokkunum hvort ekki sé nægilegur þinglegur stuðningur við þetta sjónarmið.

Það er kannski furðulegt að þurfa að spyrja svona spurninga, svo sjálfgefið ætti svarið að vera. En í ljósi forsögunnar og í ljósi þess að þingflokkurinn var andsnúinn því að ganga til þessara samningaviðræðna sem núna hefur hins vegar verið leitt til lykta með þessu samkomulagi finnst mér nauðsynlegt að þessi mál séu skýrð. Það hefur ekki komið beinlínis fram hjá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hver afstaða hans er og þess vegna vil ég spyrja hv. formann þingflokksins hver afstaða þingflokksins er til þessa samnings.

[13:37]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson veit var þetta kynnt þingflokkum á föstudag og tekið til meðferðar hjá þingflokki Vinstri grænna á föstudaginn. Meiri hluti þingflokks Vinstri grænna veitti ríkisstjórninni heimild til að ganga frá þessum samningum á þeim forsendum sem kynntar voru en um það voru þó skiptar skoðanir.

[13:38]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að beina máli mínu til hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, formanns viðskiptanefndar, þó að ég persónugeri ekki þetta mál við þann ágæta hv. þingmann. En ég vil segja í byrjun að ég held að það sé mikilvægt að formaður þingflokks Vinstri grænna upplýsi okkur um hversu stór meiri hluti þingflokks Vinstri grænna ætlar að styðja það mál sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spurði um.

Hvað sem því líður ætla ég að velta einu máli upp sem er eins stórt mál og það getur orðið og það varðar upplýsingagjöf þingmanna. Eins og allir vita hefur það verið mikil þrautaganga að fá upplýsingar um þau stærstu mál sem þetta þing fjallar um. Hér vísa ég sérstaklega til endurreisnar bankanna. Við höfum reynt að fá aðila sem upplýsa okkur um stöðu mála til að halda fund í hv. viðskiptanefnd. Það hefur verið mikil þrautaganga, virðulegi forseti, en steininn tók úr í morgun. Þar komu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og upplýstu okkur um að þeir hefðu gert samninga sem gerðu það að verkum að þeir teldu að það væri ekki nokkur einasta leið fyrir þá að upplýsa hv. þingmenn almennt um stöðuna varðandi endurreisn bankanna. Við fáum engar upplýsingar um hvaða aðferðafræði verður notuð af endurskoðunarfyrirtækjum og ráðgjafarfyrirtækjum til að meta eignir bankanna eða um neitt sem snýr almennt að þessu.

Hvernig eiga hv. þingmenn að taka ákvarðanir sem eru einar þær stærstu sem þingmenn þjóðarinnar hafa tekið án þess að hafa upplýsingar? Það liggur alveg hreint og klárt fyrir að við munum ekki fá upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Þetta snýst um trúverðugleika þingsins (Forseti hringir.) og ég spyr hv. þingmann: Hvernig eigum við að taka afstöðu til þessara gríðarlega stóru mála ef við fáum ekki til þess upplýsingar?

[13:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Það er rétt sem hér er upplýst og ég hygg að þessi fundur í hv. efnahags- og skattanefnd og í viðskiptanefnd muni komast á spjöld sögunnar. Kannski kemur til þess, eins og einn hv. þingmaður nefndi þar í morgun, að þingmenn þurfi að fara að berja búsáhöld inni í þessum sal til að kalla fram upplýsingar.

Það er rétt að fyrir nefndirnar komu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins sem sögðust hafa gengið þannig frá samningum síðastliðið haust að þeim væri ómögulegt að veita þessum tilteknu nefndum þingsins upplýsingar sem varða mat á eignum og skuldum gömlu bankanna og mat á aðferðafræð-

inni sem þessar nefndir þurfa að sjálfsögðu að kynna sér nákvæmlega til að geta tekið upplýsta ákvörðun sem varðar m.a. fjárframlag ríkisins inn í nýju bankana, þ.e. það eigið fé á fjárlögum núna sem eru litlir 385 milljarðar.

Þetta er ekki lítið mál og ég tek undir það sem hv. þingmaður sagði áðan að þetta er prófsteinn á það hvort Alþingi getur unnið að endurreisn efnahagslífsins og uppbyggingu nýrra banka. Og til þess að svo sé þarf auðvitað að ríkja gagnsæi og traust á milli aðila um öll mál. Menn geta ekki lokað hluti eins og þessa inni og borið við samningum, bankaleynd, jafnvel upplýsingalögum. Formenn þessara nefnda beggja munu í framhaldinu að sjálfsögðu þrýsta á um að fá umbeðnar upplýsingar inn í þessar nefndir. Það kemur ekki annað til álita.

[13:43]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Alexander Stubb, utanríkisráðherra Finnlands, hefur nú tengt saman Icesave-málið og mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu þar sem hann sagði á blaðamannafundi nýlega að Finnar styðji sérhverja þá ákvörðun sem greiðir götu Íslands að Evrópusambandsaðild og átti þá við Icesave-skuldbindingarnar. Ég beini því þeirri spurningu til hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur hvort hún sé sammála þessu stöðumati utanríkisráðherra Finna. Það er ljóst að Vinstri grænir eru komnir í heljarmikinn leiðangur ásamt Samfylkingunni til að ganga til viðræðna við Evrópusambandið þvert á það sem þessi flokkur talaði um fyrir einum og hálfum mánuði síðan.

Þessi sami flokkur er líka í ríkisstjórn sem ætlar að leggja fyrir Alþingi Íslendinga Icesave-skuldbindingar sem er hrikalegur samningur. Flokkur sem fyrir einum og hálfum mánuði síðan talaði gegn því að undir slíkt samkomulag yrði ritað. Ég spyr: Á hvaða vegferð er Vinstri hreyfingin – grænt framboð? Er hún gersamlega búin að gleyma helstu stefnumálum sínum sem hún talaði fyrir fyrir um 50 dögum síðan? Eru stólarnir í ríkisstjórninni þessum flokki svona mikilvægir? Er flokkurinn búinn að hringsnúa helstu stefnumálum sínum, þ.e. að fara að skuldbinda íslenska þjóð um gríðarlega háar upphæðir? Að öllu óbreyttu verða vaxtagjöld íslenska ríkisins fyrsta ár þessarar skuldbindingar 36 milljarðar króna. Það er meira en við setjum í rekstur Landspítalans þar sem þúsundir hjúkrunarfræðinga og lækna og annars starfsfólks vinna, meira en sjálfur Landspítalinn á einu ári? Hver er stefna Vinstri grænna í þessum málum? Ég held að sjálfur Ragnar Reykás verði að litlum manni við hliðina á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði (Gripið fram í.) þegar kemur að því að snúa eigin stefnu á hvolf og það er eðlilegt að við spyrjum hv. þingmenn Vinstri grænna hvað orðið hafi um kosningastefnu þess flokks.

[13:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Sumir flokkar hafa verið kenndir við já, já og nei, nei. Það á ekki við um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. (**Gripið fram í:** Jú.) Hér var spurt: Á hvaða vegferð er þessi flokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð? Hvað er hann að gera? Jú, hann er að taka til, þessi flokkur. Hann er að taka til eftir 18 ára efnahagsóstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, efnahagshrunið sem varð hér í haust sem væntanlega (**Gripið fram í:** … Samfylkingin?) verður rakið beina leið aftur til þess sem hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson nefndi áðan, til einkavæðingar bankanna, einkavinavæðingar bankanna sem þessir flokkar tveir stóðu að. (Gripið fram í.)

Við ætlum að leggja fyrir Alþingi Íslendinga, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði, Icesave-málið. Icesave-málið, öll gögn, hvert einasta snifsi sem til er um það mál í gögnum hjá ráðuneytum. Það ætlum við að gera til að þingið geti tekið upplýsta ákvörðun. Til að þingið geti tekið upplýsta ákvörðun um þetta stóra mál. Þetta er eitt viðamesta og alvarlegasta verkefni sem núverandi ríkisstjórn hefur þurft að glíma við og minnihlutastjórnin líka.

Það er ekkert áhlaupaverk að taka til eftir þessa tvo flokka eftir 20 ára (Gripið fram í.) starf þeirra hér. Það er ekkert áhlaupaverk en við kveinkum okkur ekkert undan því. Það er bara svoleiðis. (Gripið fram í.) Við kveinkum okkur ekki undan því og við munum taka ábyrgð á gerðum okkar. Ég segi fyrir mig, ég fagna því að fá nú loksins eftir þennan langa vetur aðstöðu til að kynna mér Icesave-málið. Og ég mun taka ákvörðun, upplýsta ákvörðun (Forseti hringir.) um það mál á grunni þeirra gagna.

[13:48]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Mig langar aðeins að blanda mér í umræðu sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hóf hér með fyrirspurn til hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur um sameiginlegan fund viðskiptanefndar og efnahags- og skattanefndar í morgun. Ég verð að segja alveg eins og er við hv. þingmenn hér — ég hef starfað 15 ár í stjórnmálum, í sveitarstjórn og þar af tvö ár á Alþingi Íslendinga — að fundurinn sem ég sat í morgun fer í mínum huga á spjöld sögunnar. Hvers vegna gerir hann það? Jú, vegna þess að þar varð ég vitni að farsa sem gekk út á það að tveimur þingnefndum, skipuðum þjóðkjörnum fulltrúum á Alþingi Íslendinga, var meinað um upplýsingar á grundvelli 5. gr. upplýsingalaga.

Hvað stendur í 5. gr. upplýsingalaga, frú forseti? Þar er kveðið á um rétt almennings til að fá tilteknar upplýsingar. Í mínum huga eru þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi Íslendinga ekki jafnréttháir og almenningur til þess að fá upplýsingar í jafnviðamiklum og stórum málum sem hér er um að ræða.

Þess vegna segi ég það og endurtek það hér sem ég sagði á nefndarfundi í morgun: Þetta mál er prófsteinn á styrk þingsins, á styrk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og gagnvart stofnunum og embættismannakerfi Íslands að ganga eftir upplýsingum. Þess vegna var formönnum þessara tveggja nefnda falið að fylgja málinu eftir í morgun og ganga eftir því að þessar upplýsingar yrðu veittar vegna þess að það er algjörlega fráleitt að ætlast til þess að kjörnir fulltrúar á Alþingi Íslendinga taki upplýstar ákvarðanir (Forseti hringir.) nema á grundvelli réttra upplýsinga.

[13:50]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Það var athyglisverð spurning sem

kom frá hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni þegar hann spurði formann Framsóknarflokksins hvað honum fyndist um söluna á bönkunum og fróðlegt að rifja það upp að þegar hæstv. fjármálaráðherra fór hér yfir aðdragandann að Icesave-málinu dró hann einmitt söluna á bönkunum inn í þá atburðarás.

Við getum verið sammála um að ýmislegt hefði betur mátt fara við söluna. Það hefði mátt vera dreifðari eignaraðild. Eftir á að hyggja hefðum við þurft að styrkja eftirlitskerfið með bönkunum til mikilla muna. Við verðum samt að viðurkenna þá staðreynd að við innleiddum hér tilskipanir Evrópusambandsins um fjármálakerfi. Það var gert, þetta eru staðreyndir málsins.

Salan á ríkisbönkunum hefur ekkert með Icesave-reikningana að gera eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir var aðýja að rétt áðan, akkúrat ekki neitt. (Gripið fram í.) Þar er bara verið að bera saman epli og appelsínur og verið að leiða almenning á villigötur.

Það stendur í íslenskum lögum að Íslendingar séu ábyrgir og íslenskur almenningur fyrir því sem er í innstæðutryggingarsjóðnum, 19 milljörðum. Ríkisstjórnin, ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar, er að taka ákvörðun um að almenningur taki á sig þessa 650 milljarða.

Það væri miklu nær að spyrja: Hvernig er hægt að blanda þessu saman og ýja að því eins og hv. þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna gera? Og svo er stóra spurningin: Hvað ætlar Samfylkingin að gera varðandi ríkisbankana? Eiga þeir að vera ríkisbankar áfram eða á að selja þá þegar fram í sækir?

[13:52]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég ætla að taka aðeins upp umræðu um Icesave-málið og afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og það sem spurt hefur verið í því efni, m.a. um tengslin við umræður um Evrópusambandið.

Ég vil fyrst geta þess varðandi afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að hún birtist m.a. í nefndaráliti fulltrúa flokksins í utanríkismálanefnd. Þegar þetta mál var til umfjöllunar þá var þar hv. þingmaður og núverandi hæstv. fjármálaráðherra og Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði þar fram rökstudda dagskrártillögu. Í fyrsta lagi að málið yrði tekið út af dagskrá vegna þess að það væri í raun vanreifað og vegna þess að það var talið að leita þyrfti að sanngjarnari samningsniðurstöðu en þá var í kortunum, eins og hæstv. fjármálaráðherra hefur gert grein fyrir í umræðum um þetta mál. Til vara var síðan lagt til að ef sú tillaga yrði ekki samþykkt, og hún var felld, þá yrði bætt inn í tillögugreinina þeim orðum að gengið yrði til samninga um þetta mál þegar Bretar hefðu aflétt frystingu eigna Landsbankans í Bretlandi.

Þetta var sú afstaða sem kom fram af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í meðförum málsins í þinginu og í þingskjölum. Við teljum að það hafi verið farið í að endursemja, eins og okkar upphaflega tillaga gekk út á, og nú hefur það verið tryggt að frystingunni hefur verið aflétt. (**Gripið fram í:** Í kjölfar samningsins.) Það er hluti af samningnum. Við teljum því að hér hafi verið staðið þokkalega að málum miðað við þær forsendur og þær aðstæður sem búið var að búa þessu máli. (Gripið fram í.) Ég held að menn verði að sjálfsögðu að horfa á það og Sjálfstæðisflokkurinn ekki síst vegna þess að hann á auðvitað ríkan þátt í því hvernig þetta mál allt er vaxið og (Forseti hringir.) í hvaða farveg það er komið.

[13:54]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Frú forseti. Mig langar aðeins til að svara hér og beina spurningu til hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. Hér hefur komið fram að Vinstri grænir séu ekki búnir að taka neinar kollsteypur á sinni kosningastefnuskrá og svo kemur hv. þm. Árni Þór Sigurðsson upp og segir að þeir séu að semja aftur. Það er ekki hægt að semja aftur um ekki neitt. Það lá enginn samningur fyrir. Það sem er á því blaði sem hæstv. fjármálaráðherra veifaði hér í umræðunni og sagði að væri samningur er ekki samningur, það var yfirlýsing.

Mig langar að spyrja hv. þm. Álfheiði Ingadóttur hvort hún ætli að fara út á Austurvöll í dag og horfast í augu við kjósendur Vinstri grænna, sem standa þar með búsáhöld og sleifar, og segja: Ég sveik ykkur, ágætu kjósendur. Við getum ekki annað.

Hér er að störfum skuggaríkisstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nú hefur verið upplýst að það er sannað að Evrópusambandið stendur á bak við þetta allt, eins og hv. þm. Birkir Jón kom inn á áðan.

Auðvitað hlaut þetta að (Forseti hringir.) hanga saman. Vinstri grænir …

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Ég vil biðja þingmanninn að nefna þingmenn fullu nafni.)

Sjálfsagt. Vinstri grænir eru á fullri ferð með Íslendinga inn í Evrópuhraðlestina með Samfylkingunni í andstöðu við þing og þjóð, því að ekki hefur verið tekin nein einasta ákvörðun um hvort það eigi yfir höfuð að fara þangað inn hvað sem um þjóðaratkvæðagreiðsluna verður. 65 ára lýðveldisgjöf Íslendinga þetta árið eru Icesave-skuldbindingar til 15 ára sem Íslendingar geta engan veginn staðið við. Til hamingju með daginn, kjósendur Vinstri grænna.

[13:56]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að nota hefðbundin ávarpsorð og nefna þingmenn fullu nafni í ræðustóli Alþingis.

[13:57]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Ég var á þessum víðfræga fundi efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar í morgun og ég vildi bara árétta það að upplifun allra þingmanna á þessum nefndarfundi var mjög svipuð, hvort sem um stjórnarandstöðuþingmenn eða stjórnarþingmenn var að ræða.

Vonbrigðin voru gríðarleg. Framkvæmdarvaldið hafði greinilega gert samning og með þeim samningi var löggjafarvaldið hindrað í að fá þær upplýsingar sem það þarf til að geta tekið góðar og réttar ákvarðanir, því að það er hlutverk okkar stjórnmálamanna á þessum tíma að taka oft og tíðum óvinsælar ákvarðanir en þær þurfa að vera réttar og byggðar á réttum upplýsingum. Ég vildi árétta þetta.

Ég vil líka blanda mér í umræðu um Icesave sem hér hefur farið fram vegna þess að það eru vonbrigði að sjá hvernig Framsóknarflokkurinn er á hlaupum undan þessu máli. Ég held að þingmenn ættu að taka sig saman núna. Við erum kjörin hingað til þess að taka erfiðar ákvarðanir og stundum eru þær óvinsælar. Við erum ekki hér til að taka vinsælar ákvarðanir heldur erfiðar ákvarðanir byggðar á réttum upplýsingum. (**Gripið fram í:** Góðar ákvarðanir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Fá hljóð í salinn.)

[13:58]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Frú forseti. Ég vil blanda mér aðeins í umræðu um Icesave og vil byrja á að árétta það að ég er ekki á hlaupum eitt eða neitt. Fyrir okkur blasir, þingmönnum þjóðarinnar sem voru kjörin þetta vorið, að taka mjög erfiðar ákvarðanir og við þurfum að sitja við borð sem við ætlumst til að sé bæði upplýst og gagnsætt og þar ríki mikið samráð og samvinna.

Við þurfum hins vegar líka að læra af reynslu annarra þjóða og temja okkur þá hugsun að við vitum ekki alltaf strax best og eigum ekki að vera föst í fari flokka og fyrri ákvarðana. Það hljómar hins vegar sérkennilega þegar ég segi það og ætla síðan að gagnrýna vinstri græna þegar þeir skipta um skoðun, að vera á móti Icesave-skuldbindingunum og fara svo fram í kosningar þar sem þeir eru m.a. kjörnir á grundvelli þess að þeir berjist gegn þeim en eru síðan komnir inn í þingsal á allt öðrum forsendum. Ég öfunda þau ekki að standa í þeim sporum og hvet þau til þess að horfast í augu við þá staðreynd hvað við horfðum fram á fyrr í vetur og hvaða upplýsingar við höfum til að taka þessar ákvarðanir.

Mig langar til að minna á að við stöndum frammi fyrir mjög erfiðum málum og hættan sem blasir við ef við tökum ekki réttar ákvarðanir er sú að hér fari mjög alvarlegir hlutir að gerast. Ég las það áðan, svo ég vitni í mbl.is, að á síðastliðnum þremur mánuðum hafa 268 Íslendingar tilkynnt flutning til Noregs og um 1.000 manns hafa leitað þar eftir vinnu samkvæmt norska vinnumálasambandinu. Í því sambandi vil ég minna á að í Færeyjum fór einn þriðji hluti Færeyinga á aldrinum 25–45 ára í burtu við sambærilegar aðstæður (Forseti hringir.) sem gætu orðið um 50 þúsund manns á Íslandi. (Gripið fram í.) Vandi okkar er mikill og ég hvet til þess að við hugsum hvernig við ætlum að (Forseti hringir.) taka ákvarðanir um Icesave-skuldbindingar.

[14:00]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég var eins og fleiri stödd á þessum merka fundi í morgun og ég get alveg tekið undir það sem aðrir hafa sagt að þetta var mjög undarleg upplifun svo ekki sé sterkara að orði kveðið.

Eitt sem kom fram þar hjá starfsmanni Fjármálaeftirlitsins var að Fjármálaeftirlitið gæti ekki gefið þessar upplýsingar vegna þess að þetta snerist um traust og trúverðugleika Fjármálaeftirlitsins. Þeir gætu ekki brotið samninga sem þeir hefðu gert og þess vegna ekki upplýst löggjafarvaldið um þær skýrslur eða látið þær af hendi eins og nefndin óskaði eftir.

Ég spyr hér, líkt og ég spurði í nefndinni: Hvað með traust og trúverðugleika hv. Alþingis? Ég held að við getum öll óskað okkur að það væru aðrar aðstæður í samfélaginu í dag og ég held að við öll sem erum hér viljum gera allt sem við getum til að auka traust almennings á þessari ágætu virtu stofnun. Þess vegna voru það mjög dapurleg tíðindi sem við fengum á þessum fundi að til þess að fá þessar upplýsingar þyrftum við að mæta í ræðustól á Alþingi, væntanlega með potta og pönnur.

Ég vil taka undir hvatningu hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar til hv. nefndarformanns, Álfheiðar Ingadóttur, og stjórnarmeirihlutans að ganga vel eftir því og ég hvet okkur hér að ganga vel eftir því að við fáum allar þær upplýsingar sem við þurfum til þess að taka ekki bara erfiðar og nauðsynlegar ákvarðanir, eins og hv. þm. Magnús Orri Schram sagði, heldur réttar ákvarðanir. Og við tökum ekki réttar ákvarðanir nema við höfum allar þær upplýsingar sem mögulegar eru til að geta (Forseti hringir.) lagt mat á þessa mjög svo erfiðu hluti. Þess vegna tek ég undir það sem hér hefur komið fram að við verðum að krefjast þess að (Forseti hringir.) þessar upplýsingar verði látnar af hendi.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Fyrirkomulag umræðu um störf þingsins.

[14:03]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Það er mikill áhugi á því að taka til máls undir þessum dagskrárlið sem eðlilegt er. Það er hins vegar nokkuð önugt að þurfa að svara tveimur ólíkum spurningum, eins og sú sem hér stendur lenti í, og hafa ekki aðstöðu til að bregðast við öðru því sem upp kemur. Ég vil hvetja forseta til að endurskoða þessar reglur þannig að hægt sé að fjalla ítarlegar um tiltekin mál undir þessum dagskrárlið þannig að menn þurfi ekki að ganga frá þessum stól eins og þeir hafi ekki viljað svara fyrirspurnum eins og þeim sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir beindi til mín en ég hef ekki nokkurn möguleika á að bregðast við.

[14:04]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti mun taka tillit til þessarar athugasemdar hv. þingmanns en þingsköpin leyfa ekki, eins og þingmenn þekkja, nema tvær ræður hvers þingmanns undir þessum lið.

[14:04]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur að þetta er auðvitað mjög óþægileg staða sem upp er komin þegar nú liggur fyrir að það er alger óvissa um hvort það sé þinglegur meiri hluti á bak við einhverja stærstu fjárhagslegu skuldbindingu sem ríkisstjórn Íslands hefur nokkru sinni undirritað. Það er alger óvissa um (Forseti hringir.) hvort þingið muni staðfesta þetta og það er nauðsynlegt.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Fundarstjórn forseta.)

Virðulegi forseti. Með skírskotun til fundarstjórnar forseta — að fá einhvern veginn upplýsingar. [Hlátur í þingsal.]

[14:05]

Birkir Jón Jónsson (F):

Ég hef fulla trú á því, frú forseti, að þú hafi ekki miklar athugasemdir við fundarstjórn þína. (Forseti hringir.) En það sem ég ætla að nefna hér og taka undir með hv. þingmanni (Forseti hringir.) — og nú er ég að ræða um fundarstjórn forseta …

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Ég vil biðja hv. þingmann um að ávarpa forseta með tilhlýðilegum hætti í þingsal.)

Ég bið velvirðingar á þessu. En ég ætla að taka undir með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um að sú umræða sem hér var er því miður ekki nægilega markviss og við stjórnarandstæðingar sem komum hingað til að spyrja hv. þingmann úr því … (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Um fundarstjórn forseta.)

Ég er að ræða um fundarstjórn forseta og ég óska eftir því að fá lengdan tíma til að ræða það ef ég fæ frið til að halda ræðu hér. Ég er að fjalla um fundarstjórn forseta í ljósi þess að hv. þingmaður gat ekki svarað fyrirspurnum hér en við hv. stjórnarandstæðingar komumst heldur ekki að til að bregðast við ræðum og svörum hv. þingmanns þannig að ég held að hér sé um (Forseti hringir.) sameiginlegt úrlausnarefni að ræða fyrir okkur … (Forseti hringir.)

Fyrirgefðu, frú forseti, nú er ég farinn að hafa verulegar athugasemdir við fundarstjórn forseta [Hlátur í þingsal.] því að ég fæ ekki frið til að halda ræðu um fundarstjórn forseta fyrir afskiptum hæstv. forseta þannig að ég óska eftir því að fá orðið aftur í ljósi þess að tími minn til að ræða um fundarstjórn forseta er búinn.

[14:07]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég er ekki hissa á að það hafi farið fram hjá hæstv. forseta að ég bað um orðið því að hæstv. forseti var svo upptekin af því að setja ofan í við hv. þm. Birki Jón Jónsson. Það er einmitt erindi mitt hingað upp í ræðustól að gera athugasemd við það hvernig forseti truflaði hv. þingmann í að reyna að koma á framfæri skoðunum sínum um þetta mikilvæga mál sem er það að þingið fái að leiða til lykta mál sem hér var til umræðu. Það hlýtur að varða fundarstjórn forseta ef forseti kemur í veg fyrir að þingmenn geti fengið að ræða mál til enda.

[14:08]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að hér var alveg farið að þingsköpum við þessa umræðu.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og skattn., 47. mál (brottfall ákvæðis um löggilta aðila). — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BJJ, BVG, GLG, GÞÞ, GStein, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, LRM, LMós, MSch, MT, ÓÞ, ÓN, REÁ, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SkH, SVÓ, TÞH, VigH, ÞSa, ÞSveinb.

1 þm. (ÁsbÓ) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EyH, GuðbH, GBS, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, OH, PHB, RR, SF, SJS, SSv, UBK, VBj, ÞKG, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 1. umr.

Stjfrv., 37. mál (EES-reglur, aðild starfsmanna að ákvörðunum). — Þskj. 37.

[14:10]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi en þá náðist ekki að ljúka afgreiðslu þess fyrir þinglok í september 2008 meðal annars vegna athugasemda sem bárust félags- og tryggingamálanefnd Alþingis frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum fjármálafyrirtækja þar sem málið þótti varða hagsmuni banka sem ekki eru lengur starfandi. Frumvarpið er því lagt fram að nýju á Alþingi en efni þess hefur verið yfirfarið með hliðsjón af fyrrnefndum athugasemdum.

Drög að frumvarpi þessu voru samin af Rannsóknasetri vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði lög hér á landi til innleiðingar á efni 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/56/EB, um samruna hlutafélaga yfir landamæri. Sú tilskipun var reyndar að stórum hluta innleidd hér á landi með lögum nr. 54/2007, um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, og var það gert fyrir forgöngu viðskiptaráðuneytisins.

Sú löggjöf mælir þó ekki fyrir um þátttökurétt starfsmanna við samruna fyrirtækja og því er nauðsynlegt að setja sérstakar reglur um þátttökurétt starfsmanna sem kveðið er á um í 16. gr. tilskipunarinnar. Hér er því um að ræða, virðulegi forseti, að meginefni einnar tilskipunar er innleidd á vegum tveggja ráðuneyta hér á landi í samræmi við efni einstakra ákvæða hennar og skiptingu málaflokka

innan Stjórnarráðs Íslands.

Þessi skipting á milli viðskiptaráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis er jafnframt í samræmi við þann hátt sem hafður var á annars vegar í tengslum við setningu laga nr. 26/2004, um Evrópufélög, og laga nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, og hins vegar setningu laga nr. 92/2006, um evrópsk samvinnufélög, og laga nr. 44/2007, um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Frumvarp það sem hér er mælt fyrir hefur það meginmarkmið að innleiða reglur til að vernda rétt starfsmanna samrunafélaga til að eiga aðild að ákvörðunum sem varða starfsemi félagsins sem þeir vinna hjá. Jafnframt tekur verndin til þess að viðhaldið verði reglum um aðild starfsmanna sem í gildi eru í þeim félögum sem taka þátt í stofnun samrunafélags. Ef ekkert þátttökufélaganna starfar samkvæmt þátttökureglum fyrir skráningu félagsins er þess þó ekki krafist að það setji reglur um þátttöku starfsmanna.

Í frumvarpinu er kveðið á um að unnið verði samkvæmt tilteknu ferli. Ferlið byggir á því að þegar ákveðið hefur verið að stofna samrunafélag skuli framkvæmdastjórnir eða stjórnir þeirra félaga sem þátt taka í stofnun þess gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í samrunafélaginu. Markmið samningaviðræðna er að ná samkomulagi um aðild starfsmanna að samrunafélagi, þ.e. varðandi rétt fulltrúa starfsmanna til upplýsinga, samráðs og þátttöku.

Gert er ráð fyrir að sérstök samninganefnd sé í forsvari fyrir starfsmenn þátttökufélaga við þær viðræður. Við myndun nefndarinnar skal m.a. tryggja að nefndarmenn séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá þátttökufélögum, hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig. Gert er ráð fyrir því að fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í slíkri samninganefnd séu kosnir af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis en að starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem taki þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina. Séu engir trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn þátttökufélags rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Enn fremur hefur frumvarpið að geyma ákvæði sem ætlað er að tryggja rétt fulltrúa starfsmanna í samninganefndinni til að fá upplýsingar um þau fyrirtæki sem standa að stofnun samrunafélags og áform þeirra er varða starfsemi félagsins. Einnig er kveðið á um rétt sérstöku samninganefndarinnar til að kalla eftir sérfræðiaðstoð og bera þau félög sem taka þátt í stofnun samrunafélags allan kostnað af starfi nefndarinnar.

Ef aðilar koma sér saman um að koma á þátttöku starfsmanna skal í samkomulagi kveðið á um nánari tilhögun svo sem fjölda fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn samrunafélagsins.

Samningaviðræður geta samkvæmt frumvarpinu að hámarki staðið yfir í eitt ár. Aðilar geta ákveðið að slíta viðræðum og gilda þá ákvæði III. kafla um aðild starfsmanna, eftir því sem við á. Sama máli gegnir ef ekki næst samkomulag innan þess frests sem veittur er til viðræðna.

Meginreglan er sú að einfaldur meiri hluti atkvæða ræður afstöðu sérstöku samninganefndarinnar. Ef niðurstaða samningaviðræðna verður að áhrif fulltrúa starfsmanna á skipan stjórnar eða framkvæmdastjórnar samrunafélagsins verði minni en fyrir stofnun þess þarf samkomulagið hins vegar að hljóta atkvæði frá auknum meiri hluta.

Virðulegi forseti. Tilskipunin sem frumvarpið byggir á er meðal annars sett með hliðsjón af þörf á samvinnu og sameiningu félaga með takmarkaðri ábyrgð frá mismunandi aðildarríkjum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Með tilskipuninni er greitt fyrir samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri og er þar mælt fyrir um að lög aðildarríkjanna skuli heimila samruna innlends félags með takmarkaðri ábyrgð og félags með takmarkaðri ábyrgð frá öðru aðildarríki yfir landamæri að því tilskildu að lög hlutaðeigandi aðildarríkja heimili samruna þess háttar félaga.

Virðulegi forseti. Nánar er fjallað um meginefni frumvarpsins í ítarlegri greinargerð og vísa ég um frekari skýringar til hennar.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað hv. félags- og tryggingamálanefndar.

[14:16]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að óska hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra til hamingju með þetta fyrsta mál sem hann flytur sem ráðherra á þessu þingi og vek athygli á því að hér er um að ræða, eins og önnur þau mál sem hæstv. ráðherra mun flytja hér á eftir, innleiðingu á reglum frá Evrópusambandinu.

Ég kem ekki hér upp til að ræða sérstaklega efnisatriði þessara mála enda eru þau í sjálfu sér skýr og kannski ekki stór ágreiningur um þau. Ég kem hér upp til þess að vekja athygli á því að við erum á sumarþingi þar sem sérstaklega er boðað til fundar til þess að ræða þá alvarlegu stöðu sem er í samfélaginu, þá alvarlegu stöðu sem er hjá heimilum, fyrirtækjum og almenningi í þessu landi.

Ég kem hér upp til að vekja sérstaka athygli á því að þegar blásið er til fundar á þessu þingi undir þeim formerkjum eru fyrstu mál félags- og tryggingamálaráðuneytis, þess ráðuneytis sem á nú að vera í forustu og sókn til að slá umrædda skjaldborg um hag heimilanna í landinu, innleiðing á Evróputilskipun og þau eru jafnframt fyrsta mál hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra.

Það er svo sem vitað að í þessari ríkisstjórn er mikill áhugi fyrir aðild að Evrópusambandinu, það hefur ekki farið leynt. Og vissulega læðist sá grunur að manni að grunnurinn á bak við það hversu mikið þeim samningi hefur verið hraðað sem skrifað hefur verið undir út af Icesave-deilunni, sé tengdur hinum mikla áhuga á Evrópusambandinu, að klára verði hér ákveðin mál til þess að umræddar mögulegar aðildarviðræður við Evrópusambandið geti farið í gegnum þingið.

Mér finnst það forkastanlegt og mér finnst þetta vera kolröng forgangsröðun. Sú dagskrá sem við höfum fyrir framan okkur í dag er til vitnis um það metnaðarleysi sem ríkir í þessari hæstv. ríkisstjórn. Ég ætla ekki að fara að ræða hér efnislega um þessar innleiðingar heldur er ég fyrst

og fremst að vekja athygli á þessu og lýsa vanþóknun minni á þeirri forgangsröðun sem þarna kristallast hjá hæstv. ráðherra félags- og tryggingamála og hæstv. ríkisstjórn.

[14:19]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir ágæta ræðu. Það er nú ekki svo að í ákvörðun um að flytja þetta mál eða önnur þau mál sem hér verða flutt í dag til innleiðingar á tilskipunum sem okkur ber að innleiða samkvæmt EES-samningnum, teljist einhver stórpólitísk tíðindi. Svo er ekki, ekki frekar en áður þegar innleiðingar hafa verið fluttar hér á Alþingi. Það er óþarfi að gera því skóna enda held ég að flokkssystkin hv. þingmanns hafi sem ráðherrar verið afar dugleg við að bera inn í þingið hestburði af tilskipunum frá Evrópusambandinu.

Það tíðkast alla vega þar sem ég er uppalinn að byrja á því að taka til og hreinsa það sem er á borðinu og koma því burtu svo maður geti einbeitt sér að því sem máli skiptir. Þetta mál sem og önnur mál sem flutt verða á eftir eru öll komin í skömm gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA og stefnir í málaferli gegn íslenska ríkinu. Ég sé ekki ástæðu til þess á erfiðum tímum þegar við þurfum að einbeita okkur að erfiðum málum að eyða orku embættismanna í mínu ráðuneyti eða öðrum í ástæðulausar bréfaskriftir eða málaferli við erlendar eftirlitsstofnanir heldur vil ég bara hreinsa þessi mál af borðinu og loka þeim málum sem fyrir löngu stendur upp á okkur að klára. Í því felast engin stórpólitísk tíðindi heldur einföld tilraun til þess að hreinsa borðið, spúla dekkið, svo hægt sé að einbeita sér að þeim málum sem meira máli skipta.

Allur tími okkar í félags- og tryggingamálaráðuneyti í dag fer að sjálfsögðu í þau mál sem mestu skipta. Þar eru mál sem varða skuldastöðu heimilanna efst á baugi. Að öðru leyti vinnum við nú baki brotnu að því að takast á við þær erfiðu aðstæður sem eru í efnahagsmálum og leggja grunn að hagræðingaraðgerðum sem geta hjálpað okkur að glíma við það geigvænlega og mikla vandamál.

Það eru óþarfar áhyggjur að telja að við séum að binda okkur með því að koma á framfæri málum sem löngu eru unnin og hafa fyrir löngu verið lögð fyrir þingið en hefur dagað uppi vegna misskilinna útrásardrauma íslenskra banka.

[14:22]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það má heyra á svari hæstv. ráðherra að þetta kemur við kaunin á honum og væntanlega fleirum í hæstv. ríkisstjórn. Ég held að hæstv. ráðherra ætti frekar að eyða tíma sínum í að vinna þau mál sem við erum boðuð sérstaklega til að taka á á þessu þingi og leyfa því sem er á borðinu að dvelja þar aðeins lengur, alla vega þeim sem skipta engu máli.

Það er einkenni þeirrar dagskrár sem er lögð fyrir þingið í dag að hér eru mál sem skipta í raun engu í þeim ólgusjó sem við erum í.

Það er mikilvægt að hæstv. ríkisstjórn fari að vakna og komi fram með einhverja von í samfélagið, fari að koma fram með eitthvað af þeim loforðum sem hún hefur gefið þessari þjóð og gefin voru í kosningabaráttunni. Fari að koma hér með mál og reyni að standa við öll fögru fyrirheitin. En það er einkenni á málflutningi og framsetningu mála þessarar ríkisstjórnar að það er fyrst og fremst verið að setja fram mál sem flokkast mega sem svikin loforð frá því sem þessir tveir stjórnarflokkar kynntu í aðdraganda kosninganna.

Ég hvet hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra til þess að leyfa nú málum sem skipta engu máli að eiga sig og fara að beina kröftum sínum að því að koma fram með eitthvað sem skiptir heimilin og fyrirtækin í þessu landi máli.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Starfsmenn í hlutastörfum, 1. umr.

Stjfrv., 70. mál (EES-reglur, brottfall undanþágna). — Þskj. 82.

[14:24]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum.

Frumvarp þetta er lagt fram til að innleiða með fullnægjandi hætti Evróputilskipun um rammasamninginn um hlutastörf. Eftirlitsstofnun EFTA hefur talið þær undanþágur sem eru í 3. og 4. mgr. 2. gr. laganna of víðtækar til að samrýmast tilgangi framangreindrar tilskipunar.

Við smíði frumvarps þessa var haft samráð við Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins.

Samkomulag varð um að fella undanþágur sem er að finna í 3. og 4. mgr. 2. gr. laganna brott og er efni frumvarps þessa í samræmi við þá tillögu.

Ég legg áherslu á að frumvarp þetta hefur engin áhrif á heimildir ríkis og sveitarfélaga til að ráða til starfa fólk sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fær greitt tímavinnukaup, enda samræmist slík ráðning ákvæðum kjarasamninga og eftir atvikum öðrum lögum.

Starfskjör og starfsskilyrði starfsmanns sem ráðinn er á slíkum kjörum en er ekki í fullu starfi skulu þá borin saman við starfskjör og starfsskilyrði sambærilegs starfsmanns sem er starfsmaður í fullu starfi sem fær greitt tímavinnukaup.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. félags- og tryggingamálanefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur, ráðningarsamningar). — Þskj. 90.

[14:26]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að innleiða með fullnægjandi hætti Evróputilskipun um rammasamning um tímabundna ráðningu en tilgangur tilskipunarinnar er að koma í veg fyrir misnotkun í tengslum við tímabundnar ráðningar.

Þannig er mál með vexti að Evrópudómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé í andstöðu við tilgang tilskipunarinnar ef reglur kveða á um að nýr ráðningarsamningur verði ekki talinn taka við af eldri samningi, líði lengri tími en 20 virkir dagar á milli þess að samningar milli sömu aðila eru gerðir.

Í kjölfar þessa dóms Evrópudómstólsins gerði Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir við 2. mgr. 5. gr. laga um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Í frumvarpinu er því lagt til að nýr ráðningarsamningur teljist taka við af öðrum samningi sé hann framlengdur eða ef nýr tímabundinn samningur kemst á milli sömu aðila innan sex vikna frá lokum gildistíma eldri samnings í stað þriggja vikna áður. Þykja sex vikur hæfilegur tími í þessu tilliti til að verja hag starfsmanna og er sá tími talinn ná tilgangi laganna þess efnis að koma í veg fyrir misnotkun á tímabundnum ráðningum.

Við smíði frumvarpsins var haft samráð við Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað hv. félags- og tryggingamálanefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fél.- og trn.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Stjfrv., 85. mál (sparisjóðir). — Þskj. 97.

[14:28]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Frumvarpið er á þskj. 97 og er 85. mál þingsins.

Um nokkurn tíma hefur verið unnið að endurskoðun á ákvæðum VIII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um sparisjóði. Upphaflega var nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði árið 2007 falið að vinna frumvarpsdrög en nefndin var leyst frá störfum áður en hún lauk vinnu sinni og er frumvarp þetta samið af sérfræðingum á vegum viðskiptaráðuneytisins. Ýmis ákvæði frumvarpsins eru þó beinn afrakstur nefndarvinnunnar.

Sparisjóðirnir og fjármálafyrirtæki tengd þeim fóru ekki varhluta af þeim hremmingum sem riðu yfir innlendan fjármálamarkað í fyrrahaust. Eftir fall viðskiptabankanna þriggja fylgdu Sparisjóðabankinn hf. og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf., SPRON, í kjölfarið. Þá hefur verið unnið að því að færa rekstur Sparisjóðs Mýrasýslu undir Nýja Kaupþing banka hf.

Rekstrarafkoma sparisjóða var almennt mjög slæm á árinu 2008. Hjá flestum þeirra varð veruleg rýrnun á eigin fé einkum vegna lækkunar á hlutabréfaverði og gangvirði eignarhluta í félögum. Þá var afkoma af kjarnastarfsemi fyrir skatta neikvæð hjá flestum þeirra. Því er ljóst að staða sparisjóðanna er erfið um þessar mundir og margir þeirra hafa þörf fyrir að auka stofnfé sitt til að styrkja eiginfjárgrundvöll og rekstrarhæfi.

Margir sparisjóðir hafa á síðustu árum hækkað stofnfé sitt mjög mikið og greitt stofnfjáreigendum ríflegan arð og það hefur gengið á varasjóði þeirra. Vegna taprekstur á síðasta ári er nú svo komið að í mörgum þeirra er varasjóður uppurinn og jafnvel orðinn neikvæður.

Þær meginbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

Gerð er tillaga sem eyða á vafa um félagaform sparisjóðanna. Í frumvarpinu er kveðið á um að stofnfjársparisjóðir séu sjálfseignarstofnanir. Einnig eru eignarréttindi stofnfjáreigenda afmörkuð og er tekið fram að þau takmarkist við bókfært stofnfé og er sérstaklega tiltekið að stofnfjáreigendur eigi enga hlutdeild í óráðstöfuðu eigin fé eða varasjóðum sparisjóðs.

Tengist skilgreiningin á sparisjóði og réttindum stofnfjáreiganda m.a. því að í frumvarpinu er hvorki gert ráð fyrir að stofnaðir verði nýir hlutafélagasparisjóðir né að unnt verði að breyta stofnfjársparisjóðum í hlutafélagasparisjóði. Þeir hlutafélagasparisjóðir sem eru með starfsleyfi við gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, halda þó rétti sínum til að mega kalla sig sparisjóði.

Í 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins er vísað til þess að sparisjóðir setji sér samfélagslegt hlutverk. Ekki er gerð tilraun til þess að skilgreina nánar með hvaða hætti slíkt skuli gert enda aðstæður eða þarfir mismunandi á milli starfssvæða hinna einstöku sparisjóða. Þó má gera ráð fyrir að þau verkefni sem sparisjóðir helst horfa til varði t.d. stuðning við íþrótta- og æskulýðsstarf, menningarviðburði og líknarmál.

Í frumvarpinu er lagt til að hin almennu ákvæði laganna, t.d. um meðferð eignarhluta, skuli gilda um sparisjóði með sama hætti og þau gilda um önnur fjármálafyrirtæki. Af þessu leiðir að ákvæði um takmörkun á sölu og innlausn stofnfjár eru felld brott og gera tillögur frumvarpsins ráð fyrir að stofnfjáreigendur, sem vilja af einhverjum orsökum afsetja stofnfjárbréf sín, beri ábyrgð á sölunni og að viðskipti með stofnfjárbréf lúti almennum reglum um viðskipti með eignarhluti í fjármálafyrirtækjum sem er að finna í lögunum. Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur gert athugasemdir við það að þær takmarkanir sem væru á viðskiptum með stofnfé stönguðust á við ákvæði samningsins um Evrópska

efnahagssvæðið. Er brugðist við athugasemdum ESA með þessum tillögum.

Í frumvarpinu er lagt til að aflétt verði þeim hömlum sem verið hafa á útboðsgengi útgefinna stofnfjárhluta en þess í stað sett lágmarksverð sem er nafnverð stofnfjár. Hafa hömlur gildandi laga stuðlað að ógagnsæi varðandi eðlilegt verð stofnfjárhluta og því að verðmæti hlutanna umfram uppreiknað nafnverð hefur eingöngu komið til góða eftirmarkaði, þ.e. stofnfjáreigendum, en ekki útgefanda, þ.e. viðkomandi sparisjóði.

Eitt af markmiðum þeirra breytinga sem lagðar eru til á ákvæðum kaflans er að auðvelda sparisjóðum að sækja sér nýtt stofnfé, m.a. á grundvelli laga nr. 125/2008, með því að geta lækkað núverandi stofnfé til að mæta taprekstri síðustu ára og með þeim hætti jafnað varasjóð sparisjóðsins. Með þeirri aðgerð eru núverandi stofnfjáreigendur að taka á sig tap sparisjóðsins að því leyti sem það kann að vera umfram varasjóð.

Í gildandi lögum er ekki talin vera fyrir hendi heimild til að lækka stofnfé. Miðað við þá stöðu sem nokkrir sparisjóðir eru í, þ.e. að bókfært stofnfé er hærra en eigið fé og varasjóðir því neikvæðir, er nauðsynlegt að fyrir hendi séu ákvæði sem rétt geta af slíkan halla. Að öðrum kosti er ólíklegt að nýir aðilar fáist til að leggja slíkum sparisjóðum til aukið eigið fé. Með ákvæðinu er einnig tekinn af vafi um að ríkið fái hlutdeild í samræmi við það framlag sem það leggur í sparisjóði á grundvelli 2. gr. laga nr. 125/2008.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði um endurmat stofnfjár til hækkunar verði einfölduð og þrengd, sem og heimildir til arðgreiðslna. Gera tillögur frumvarpsins ráð fyrir því að aðeins verði heimilt að greiða arð þegar hagnaður hefur verið af rekstri sparisjóðs í fimm ár. Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að greiða arð þótt taprekstur hafi verið á sjóðnum.

Verði tillögur frumvarpsins að lögum verður sparisjóðum heimilt að ráðstafa þeim hagnaði sem renna má til stofnfjáreigenda með tvennum hætti, annars vegar með því að hækka stofnfé, þ.e. með því að greiða inn á stofnfjárreikning stofnfjáreigenda og hækka þannig nafnverð stofnfjár, og hins vegar með beinni arðgreiðslu.

Þá er lögð til sú meginregla að 50% hagnaðar verði læstur inni í sparisjóði sem varasjóður til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Vissulega kunna hömlur þessar að draga úr áhuga aðila á því að setja fé í sparisjóði, en þeim er ætlað að þjóna því markmiði að byggja upp varasjóði í sparisjóðum. Án styrkingar innan frá er vandséð hvernig sparisjóðir eigi að geta starfað áfram. Allflestir starfandi sparisjóðir munu þurfa á framlagi úr ríkissjóði að halda til að geta haldið áfram starfsemi sinni og er því ekki óeðlilegt að slíkar starfstakmarkanir séu í gildi á meðan verið er að styrkja grunn þeirra.

Um langt skeið hafa sparisjóðir haft með sér ýmiss konar samvinnu, t.d. um tölvuvinnslu, markaðssetningu og námskeiðahald svo og ákvarðanir um vexti og gjaldskrárliði. Þessi samvinna hefur auðveldað minni sparisjóðum þátttöku í samkeppni á fjármálamarkaði. Samkeppniseftirlitið hefur samstarf sparisjóðanna til skoðunar og má búast við því að þrengt verði að möguleikum þeirra til samstarfs nema til komi sérstök ákvæði í lögum sem heimili þeim samstarfið. Í frumvarpinu er gerð tillaga um heimildir sparisjóða til samstarfs og er við það miðað að þær heimildir raski ekki eðlilegri samkeppni á markaði.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru ýmist til einföldunar eða til komnar vegna þeirra meginbreytinga sem voru tilefni frumvarpsins. Vísast til athugasemda með frumvarpinu varðandi umfjöllun um þær.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu er lagt til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

[14:36]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Undanfarin ár eða áratugi hafa sparisjóðirnir flestir skilað neikvæðum hagnaði af rekstri, þ.e. rekstrarafgangur hefur verið neikvæður. Þeir hafa hins vegar haldið uppi jákvæðum afgangi með því að þau hlutabréf sem þeir áttu, aðallega í Kaupþingi og Existu, hafa hækkað umtalsvert og þannig sýndu þeir hagnað ár eftir ár þrátt fyrir tap af rekstri. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það sé eðlilegt að Fjármálaeftirlitið heimili sparisjóðum að fjárfesta svo mikið í áhættusömum eignum. Svo kemur í ljós að þegar þær eignir hrynja hrynja sparisjóðirnir, líka það göfuga fé sem er geymt í þessum sjóðum sem enginn á.

Svo er spurningin um það sem ég hef margoft bent á og hef þess vegna haft miklar efasemdir um þetta form: Ef hæstv. ráðherra ætti bílinn minn en ég mætti ætíð keyra hann, alla tíð, og nota hann að öllu leyti, hver er þá munurinn á því að ég eigi hann sjálfur? Þetta er einmitt sem gerist með það fé sem enginn á en einhver stýrir. Það eru völdin yfir fjármagninu sem gera sparisjóðina eftirsóknarverða og ekki síður eftir þá breytingu sem hér er verið að gera. Það verður enn áhugaverðara að stýra þessu fé þannig að ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi hugleitt hvernig fari með þetta. Mér finnst þessar breytingar eiginlega færa sparisjóðinn nær hlutafé, ef eitthvað er.

Það sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra líka um er hvort hann hafi hugleitt að takmarka fjárfestingar sparisjóðanna í t.d. öðrum fjarskyldum rekstri sem ekki virðist hafa verið nein takmörkun á hingað til og ekki heldur héðan í frá.

[14:38]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta eru ágætar spurningar eins og við var að búast og snerta reyndar kannski grunnhugmyndina á bak við sparisjóði. Því er vert að þingið og hv. viðskiptanefnd velti þessu fyrir sér eins og reyndar ráðherra hefur gert. Ég er á því, og tek undir það með þingmanninum, að sumar af fjárfestingum sparisjóðanna á liðnum árum hafa vissulega staðið undir hagnaði til skamms tíma en orka nú mjög tvímælis í ljósi reynslunnar. Það hlýtur að koma mjög alvarlega til skoðunar, og er reyndar alveg bráðnauðsynlegt, að Fjármálaeftirlitið og hugsanlega ráðuneytið eða löggjafinn fari yfir þau mál eins og fjárfestingarheimildir ýmissa annarra aðila, t.d. vátryggingafélaga sem við vorum að ræða í þessum sal í gær, og skoði sérstaklega hvort rétt sé að setja nánari skorður við þeim eða nánari reglur um þær. Það er hins vegar ekki gert í frumvarpinu.

Ég bendi hins vegar á að það er vel þekkt að það er mjög áhættusöm uppskrift ef menn geta náð því að stýra fé annarra, eiga þess kost að hætta því í áhætturekstri og eiga jafnvel kost á því að njóta afrakstursins ef vel gengur en að skellurinn lendi á öðrum ef illa gengur. Það er erfitt að girða fullkomlega fyrir það með lögum en þær skorður sem settar eru með arðgreiðslum út úr sparisjóðum í þessu frumvarpi eru í raun og veru viðbrögð við þessari hættu. Þótt þau geti ekki alveg komið í veg fyrir hana eiga þau að draga úr henni.

[14:40]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Jafnvel þó að í umræddum bíl mínum sem hæstv. ráðherra á yrðu settar kvaðir um að ekki mætti borga út arð eða annað slíkt breytti það engu fyrir mig. Bíllinn yrði bara kraftmeiri með aldrinum, bíllinn sem fengi allan arðinn, og það yrði enn meira gaman að stýra honum. Það er ákveðinn vandi sem fylgir því að menn fari með fé sem enginn á, sjálfseignarstofnun.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra til viðbótar: Getur verið að Fjármálaeftirlitið hafi bakað ríkissjóði skaðabótaábyrgð með því að hafa ekki stöðvað fjárfestingar sparisjóðanna í áhættusömum hlutabréfum sem Fjármálaeftirlitið vissi mjög vel af? Svo hrynja sparisjóðirnir. Ég nefni t.d. SPRON. Getur verið að einhver stofnfjáreigandi í SPRON eða öðrum sparisjóði sem ekki var hlutafélag eigi kröfu á ríkið vegna þess að ógætilega var farið með þetta fé sem enginn á?

[14:41]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Aftur kemur hv. þingmaður með áhugaverðar grundvallarspurningar sem væri gaman að gefa sér betri tíma til að skoða en hér er hægt. Ég ætla ekki að reyna að skera úr um það hér hvort eftirlitsstofnanir hafi hugsanlega brugðist og jafnvel það illa að hægt sé að óska eftir skaðabótum frá þeim. Það er ekki hlutverk viðskiptaráðherra að skera úr um það. Það væri auðvitað dómstóla að skera úr um það ef réttarágreiningur kæmi upp um skaðabætur eða annað slíkt.

Hitt veit ég og við vitum öll að það er verið að skoða þessi mál á ýmsum vettvangi, sérstaklega hjá rannsóknarnefnd Alþingis sem væntanlega fjallar ekki um skaðabætur en fjallar í víðara samhengi um ábyrgð á því sem fór úrskeiðis síðustu ár. Þá verður væntanlega m.a. vikið sérstaklega að því, eiginlega óhjákvæmilega, hvernig eftirlitsstofnanir stóðu sig og þá verður hægt að draga ályktanir af því um ábyrgð þeirra og hvernig við getum betur komið málum fyrir í framtíðinni til að eiga ekki á hættu að lenda í sambærilegri stöðu eftir einhver ár eða áratugi.

[14:43]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Sem varaformaður viðskiptanefndar þakka ég viðskiptaráðherra fyrir þetta frumvarp sem nú er á leið til nefndar. Það er mikilvægur liður í því endurreisnarstarfi sem fram undan er og enn eitt stóra málið sem kemur inn á borð viðskiptanefndar, kannski þá við rústabjörgun ef svo mætti að orði komast sem við öll erum í. Sparisjóðirnir gegna mikilvægu hlutverki í bankakerfinu hér á landi, hvort sem við erum að tala um á Stór-Reykjavíkursvæðinu eða úti um land. Ég vona að nefndinni lánist að vinna þetta mál vel, markvisst og á góðum hraða.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 82. mál (afnám skilyrðis um ábyrgðarmenn). — Þskj. 94.

[14:44]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Með frumvarpinu er lögð til sú meginbreyting að hver námsmaður eigi sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu eigin námsláns, að uppfylltum skilyrðum stjórnar lánasjóðsins. Frumvarpið felur þannig í sér að núverandi ábyrgðarmannakerfi er aflagt.

Krafan um ábyrgðarmenn á námslán hefur verið umdeild um árabil og hefur því verið haldið fram að hún samræmist ekki þeim tilgangi laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna að tryggja jafnrétti til náms. Sumir námsmenn hafa ekki átt þess kost að afla sér ábyrgðarmanna og þurft að leggja fram bankatryggingu í þess stað.

Ákvæði um ábyrgðarmenn eru nú í 5.–7. mgr. 6. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Samkvæmt 5. mgr. er áskilin yfirlýsing að minnsta kosti eins manns um að hann taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu námsláns ásamt vöxtum og verðtryggingu þess allt að tiltekinni hámarksfjárhæð og í 6. mgr. er tekið fram að lánsheimild stjórnar sjóðsins miðist við fjárhæðarmörk sjálfskuldarábyrgðar. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. að stjórn sjóðsins ákveði hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Enn fremur segir í sömu málsgrein að ábyrgð ábyrgðarmanns, eins eða fleiri, geti fallið niður enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins meti fullnægjandi. Í framkvæmdinni hefur almennt verið krafist eins ábyrgðarmanns nema í þeim tilvikum þegar námsmaður er á vanskilaskrá. Krafan um ábyrgðarmenn er nánar útfærð í úthlutunarreglum lánasjóðsins.

Heimild stjórnarinnar til niðurfellingar á skuldbindingum ábyrgðarmanna námslána er bundin við að námsmaður setji tryggingu í staðinn sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi. Trygging er kemur í stað ábyrgðarmanna getur m.a. verið bankatrygging og hafa bankar veitt slíkar tryggingar gegn 2,5% ábyrgðargjaldi.

Í frumvarpinu felst sú breyting að samkvæmt meginreglu þurfi námsmaður sem uppfyllir skilyrði stjórnar lánasjóðsins um lánshæfismat ekki að leggja fram yfirlýsingu annars manns um sjálfskuldarábyrgð. Þess í stað er tekið fram að námsmenn sem fá lán úr sjóðnum, skuli undirrita skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð við lántöku en með því er vísað til þess að námsmaður taki ábyrgð á eigin láni. Í þágu námsmanna sem ekki uppfylla lánshæfisskilyrði er

hins vegar lagt til að viðhaldið verði þeim möguleika að láta ábyrgðarmann ábyrgjast endurgreiðslur námsláns, leggja fram bankatryggingu eða veðtryggingu í fasteign. Þeim möguleikum er því haldið opnum sé þannig ástatt fyrir um lántakanda.

Í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram að ákvæði frumvarpsins taki ekki til þeirra sem fengið hafa lánsloforð fyrir gildistöku laganna. Um réttarstöðu þeirra fer á hinn bóginn eftir gildandi lögum og reglugerð um lánasjóðinn. Við frágang skuldabréfa hefur verið fylgt þeirri framkvæmd að í upphafi náms, eða þegar tilkynnt er um lánsrétt, er útbúið skuldabréf með tilgreindum ábyrgðarmanni. Skuldabréfið er opið í þeim skilningi að þegar námi lýkur eru greiðslur til námsmanns færðar inn á skuldabréfið og þá gengið endanlega frá útgáfu þess. Í 1. mgr. er við það miðað að þeim sem hafi opin skuldabréf við gildistöku laganna, eða rétt um 13 þúsund nemendur, verði tilkynnt bréflega um breytinguna og um leið verði útbúið nýtt opið skuldabréf án ábyrgðarmanns, vegna þess náms sem ólokið er. Lánafyrirgreiðslur sem hafa þegar verið veittar verða því færðar til skuldar samkvæmt eldra fyrirkomulagi en innheimta þess hefst ekki fyrr en tveimur árum eftir að námi er lokið í samræmi við úthlutunarreglur lánasjóðsins. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að tryggja sem best samræmi milli einstakra lántakenda.

Við undirbúning frumvarpsins var rætt hvort veita ætti stjórn lánasjóðsins heimild til að aflétta ábyrgð ábyrgðarmanns á þegar veittu námsláni án þess að gerð verði krafa um að námsmaður setji aðra tryggingu í hennar stað. Að baki slíkri tillögu hafa verið upplýsingar um tilvik þar sem ábyrgð er upphaflega veitt við aðrar aðstæður, í sambandi á milli lántaka og ábyrgðarmanns, en eru síðar þegar reyna kann á ábyrgðina. Þetta þýðir á mannamáli að aðstæður fólks á milli geta auðvitað breyst frá því að ábyrgð er veitt og stundum hugsar fólk kannski ekki mikið um það þegar það skrifar upp á ábyrgð en er svo illa svikið jafnvel mörgum árum síðar þegar reynir á ábyrgðina.

Við nánari skoðun þykir sú leið ekki fær að taka upp almenna heimild fyrir stjórn lánasjóðsins að fella niður ábyrgð á útistandandi námslánum án þess að önnur tryggging komi á móti. Ræður þar mestu að með því kynni að draga verulega úr innheimtuhlutfalli námslána og þar með yrði gengið nærri fjármögnun LÍN, enda lætur nærri að innheimta námslána standi undir um það bil helmingi af árlegum útgjöldum sjóðsins. Í þess stað er hér lagt til í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða að ábyrgðarmenn njóti sambærilegrar réttarverndar og veitt hefur verið í lögum um ábyrgðarmenn. Ákvæði þeirra laga gilda ekki afturvirkt um þegar veittar sjálfskuldarábyrgðir ábyrgðarmanna á námslánum. Með 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins frumvarpsins yrði LÍN hins vegar bundinn af reglum III. kafla laga um ábyrgðarmenn. Af því leiðir m.a. að tilkynna ber ábyrgðarmanni um vanskil lántaka jafnskjótt og kostur er. Þá verður ekki unnt að gera aðför í fasteign ábyrgðarmanna til innheimtu sjálfskuldarábyrgðar á námsláni og slík krafa getur ekki orðið grundvöllur kröfu um gjaldþrotaskipti á búi ábyrgðarmanns. Segja má að með slíku fyrirkomulagi sé fólgin ákveðin vernd fyrir ábyrgðarmenn.

Hugsunin á bak við þetta frumvarp er að hefja nýtt fyrirkomulag og byrja upp á nýtt, breyta fyrirkomulaginu án þess að það sé hugsað afturvirkt heldur eingöngu framvirkt. Með þessu færist lánasjóðurinn meira í átt til þess sem tíðkast á Norðurlöndum þar sem ekki er krafist ábyrgðarmanna á námslán heldur eru námsmenn ábyrgir fyrir eigin námslánum. Hugsanlegt er að þetta kunni að hafa útgjaldaaukningu í för með sér en það er þá ekki fyrr en í fyrsta lagi eftir 2012 sem fyrst reynir á endurgreiðslu samkvæmt hinu nýja kerfi. En þó er mjög óljóst hvort af útgjaldaaukningu verður því að samkvæmt mjög óformlegri reynslu af svona aðstæðum á Norðurlöndum virðast heimtur af lánum þar góðar. Það er þó ekki endilega neitt sem við getum byggt á hér við núverandi aðstæður en ljóst er þó að ekkert slíkt ætti að hefjast fyrr en eftir einhver ár.

Með þessu erum við um leið að tryggja jafnræði námsmanna, þeir þurfa ekki að leita sér ábyrgðarmanns nema þeir teljist ekki lánshæfir. Ég lít því svo á að þarna sé krafa námsmannahreyfinga um árabil uppfyllt og námsmenn gerðir ábyrgir fyrir láni sínu og lántökum vegna þess en áður.

Ég lít svo á að frumvarpinu sé ætlað að tryggja enn frekar það hlutverk lánasjóðsins sem kveðið er á um í lögum og veita námsmönnum tækifæri til náms án tillits til efnahags. Legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni 1. umr. og þykist ég vita að þar verði ýmislegt til umræðu svo sem hugsanleg heimildarákvæði eða annað slíkt sem um hefur verið rætt og ég reikna með að nefndin muni taka til ítarlegrar skoðunar.

[14:52]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Hér kemur fram gagnmerkt frumvarp sem er mjög athyglisvert. Það kemur í kjölfar frumvarps sem við samþykktum í vor, um að fella niður ábyrgð ábyrgðarmanna eða hverfa frá því kerfi ábyrgðarmanna sem bankakerfið hefur verið helsjúkt af í áratugi og lánasjóðurinn sömuleiðis.

Mér finnst vanta dálítið í frumvarpið og greinargerðina að geta þess að nám er fjárfesting þannig að námslán eru fjárfestingarlán. Flestir halda að námskostnaður séu bækur og skólagjöld og annað slíkt og sumir reikna með að það séu laun kennara og afskriftir fasteigna og annað slíkt. En það er eiginlega minnsti kostnaðurinn því að mesti kostnaðurinn er fórnarkostnaður nemanda sem fórnar vinnutíma. Hann vinnur jú ókeypis. Sá kostnaður hleypur á milljónum á ári þannig að þetta er mjög verðmæt og dýr fjárfesting og hefur verið mjög óeðlilegt að eitthvert fólk úti í bæ ábyrgist að þessi lán séu greidd til baka.

Það eru margar sögur af mjög óeðlilegri ábyrgð, hvernig hún birtist. Það er mjög erfitt t.d. fyrir tengdapabba eða tengdamömmu eða bara foreldra kærustunnar eða kærastans að neita námsmanni um að skrifa upp á hjá honum og eins og gengur rofnar sambandið og eftir situr einhver maður úti í bæ sem ber ábyrgð á láni hjá viðkomandi námsmanni. Svo fer námsmaðurinn til útlanda og þá gerast nú alls konar hlutir í því efni, sumir borga aldrei neitt af láninu og gefa því langt nef.

Ég skora á hv. menntamálanefnd þegar hún fær málið til umfjöllunar að hún skoði hvort ekki verði gengið þannig

frá að fyrst sé gengið á skuldarann eins og hægt er. Það hefur nefnilega verið svo undarlegt á Íslandi — ég kann sögu um það — að gengið er fyrst að ábyrgðarmanninum. Hann er fyrst látinn greiða og síðar, hugsanlega alls ekki, er gengið á skuldarann. Það hafa meira að segja komið upp þau dæmi að ábyrgðarmaðurinn er á svörtum lista af því að lenti í ógurlegum hremmingum út af ábyrgð sem hann skrifaði upp á. Hann er á svörtum lista í bönkum, ekki bara í eitt eða tvö ár heldur í áratugi. Ég heyrði af einum ábyrgðarmanni sem var á svörtum lista í 18 ár.

En skuldarinn, hann var aldrei beðinn um neitt. Hann þurfti aldrei að borga neitt. Það er því mjög skrýtið hvernig þessi mál hafa æxlast og ábyrgðarmaðurinn sem ég gat um áðan missti íbúðina sína sem var forsenda þess að hann veitti ábyrgðina og var hundeltur eftir það. En menn nenntu ekkert að leita að skuldaranum sjálfum sem átti enga íbúð.

Ég fellst á það á vissan hátt að menn geti ekki látið það gilda aftur í tímann en ég vonast til þess að nefndin skoði það að alla vega að vinnulaginu sé breytt þannig að gengið sé fyrst á skuldarann.

En ég tel þetta vera mjög brýnt mál og ég lít á námslán sem fjárfestingarlán. Verið er að fjárfesta í verulega dýrmætri fjárfestingu sem er menntun. Ég tel eðlilegt að sá sem eignast fjárfestinguna, þ.e. námsmaðurinn, beri einn ábyrgð á því og greiði það til baka um leið og hann fer að nota fjárfestinguna.

[14:56]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég kem hér upp til þess að lýsa yfir ánægju með það frumvarp sem við ræðum um leið og við hljótum að velta fyrir okkur stöðu háskólastúdenta í því árferði sem er í dag. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra út í hvaða hugmyndir ráðherrann hefur til að koma til móts við erfiða stöðu námsmanna. Við höfum á undangengnum vikum og mánuðum rætt um þá erfiðu stöðu sem margir eru í í dag, sérstaklega námsmenn erlendis. Við höfum mikið rætt um samtímagreiðslur á lánum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Eins og fyrirkomulagið er í dag þurfa námsmenn að sækja um lán frá lánasjóðnum og fá greitt mörgum mánuðum síðar. Viðkomandi þurfa þar af leiðandi að afla sér framfæris með öðrum hætti með himinháum yfirdráttarvöxtum eða einhverjum öðrum erfiðum úrræðum og þetta hefur valdið því að námsmenn hafa þurft að borga mikil vaxtagjöld vegna þessa.

Ég held að eðlilegt sé þegar við ræðum um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna — og nú biðst ég afsökunar því að ég var á fundi hér nálægt þannig að ég gat ekki heyrt framsögu hæstv. ráðherra, það getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi getið um þessi mál í framsögu sinni. En í raun og veru er ekki hægt, a.m.k. hvað mig snertir, að ræða um breytingar á lögum um lánasjóðinn án þess að ræða um heildarsamhengið og um það hvort og hvenær núverandi ríkisstjórn ætlar sér að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að námsmenn þurfi ekki að greiða þó nokkurn hluta af framfærslu sinni í dráttarvexti til ríkisbankanna þriggja. Þetta fyrirkomulag er barn síns tíma að mínu viti og eitthvað sem við ættum örugglega að geta sammælst um að breyta.

Í ljósi þess að framfærsluviðmið námsmanna á mánuði eru rúmar 100 þús. kr. og það er það viðmið sem lánasjóðurinn hefur í lánveitingum sínum, þá velti ég fyrir mér hvort hæstv. ráðherra telji ekki að breyta þurfi þeim viðmiðunum. Hæstv. ráðherra hefur á undangengnum árum talað um að þau þyrfti að endurskoða og mér skilst að slík endurskoðun sé í gangi. Í ljósi þess að við horfum upp á að 17 þúsund Íslendingar ganga um atvinnulausir, en atvinnuleysisbætur í dag eru 150 þús. kr. á meðan þessi framfærslugrunnur er einungis 100 þús. kr., og í ljósi þess ástands sem blasir við núna velti ég fyrir mér hvort ekki komi til álita að gera það fýsilegra út frá framfærslunni að stunda nám í háskólum en að vera á atvinnuleysisbótum. Tíma viðkomandi hlýtur að vera betur borgið innan veggja skólanna en að vera á framfæri Atvinnuleysistryggingasjóðs. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hún hafi hugleitt þetta samspil, þ.e. að við hugum að því að í raun sé ekki síður hagkvæmara fyrir einstaklinginn að stunda nám frekar en að þiggja bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sérstaklega í ljósi þess að þau framlög sem framfærslugrunnurinn er eru greidd til baka að verulegu leyti og þar af leiðandi er ekki um eiginleg útgjöld að ræða heldur fjárfestingu í menntun sem viðkomandi greiðir síðar meir á lífsleiðinni, væntanlega þá kominn í betri vinnu vegna þess að hann hefur betri menntun en ella.

Það er á þessu tímabili, á þessum tveimur til þremur næstu árum, sem ég held að við þurfum að vera snögg að taka ákvarðanir. Nú hefjast skólar aftur í haust, margir að taka ákvarðanir um hvað þeir eigi að gera, hvort þeir eigi að sækja um nám eða gera eitthvað annað. Ef það er sá hvati fyrir hendi, eins og blasir við okkur í dag, að hagstæðara sé fjárhagslega fyrir viðkomandi að velja atvinnuleysisbæturnar, eins huggulega og ég kemst að orði í þeim efnum, frekar en að sækja nám þá held ég að við þurfum að skoða þau mál sérstaklega á sumarþinginu.

Ég nefndi í gær þegar við ræddum í fyrirspurnatíma um málefni námsmanna út frá sumarönnum að ég fékk tölvupóst frá einum aðila sem sótti um sumarnám í háskóla, ákvað að velja sér tvö námskeið og komst að því að fyrst hann valdi tvö námskeið á hann ekki rétt á atvinnuleysisbótum, sem hann hefði átt rétt á ef hann hefði valið eitt námskeið. En hann á heldur ekki rétt á fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna vegna þess að hann valdi ekki þrjú námskeið. Viðkomandi námsmaður hefur því dottið á milli skips og bryggju. Ég innti hæstv. ráðherra eftir því fyrir nokkrum dögum hvort hún hygðist beita sér fyrir því að þessir vankantar sem blasa við, og trúlega margir námsmenn hafa lent í, verði sniðnir af. Það er náttúrlega með öllu óviðunandi að horfa upp á að námsmaður sem velur sér tvö námskeið í sumarnámi í staðinn fyrir eitt sé verr staddur en sá einstaklingur sem velur sér eitt námskeið, eins fáránlega og það hljómar. Ég tel mikilvægt að við fáum svör í þeim efnum.

Einnig hefði ég viljað heyra frá hæstv. ráðherra, af því að ég sé að hæstv. ráðherra er á mælendaskrá, — og enn og aftur get ég þess að ég heyrði ekki framsögu hæstv. ráðherra — hvort ráðherra hafi einhverjar upplýsingar um stöðu námsmanna núna þegar skólum er að ljúka. Við höfum haft verulegar áhyggjur af stöðu háskólastúdenta og við

ræddum á síðasta kjörtímabili, sem sagt núna í vor, um stöðu stúdenta, atvinnuhorfur og að gera mætti ráð fyrir því að þúsundir stúdenta verði atvinnulausir í sumar. Er það svo að við horfum upp á þúsundir framhaldsskólanema og háskólanema án atvinnu? Eins og hæstv. ráðherra benti á í svari sínu við fyrirspurn minni um daginn hefur sumarnám í háskólum gefist vel og það hefur náð að mæta nær öllum þeim sem sóttu um. Ég velti því fyrir mér hvort einhverjir standi út af í þeim efnum og jafnframt hvort sá viðbótarstyrkur sem hæstv. iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra beittu sér fyrir að settur yrði í Nýsköpunarsjóð námsmanna muni skila sér í verkefnum á þessu sumri þannig að ungt fólk sem hefur verið í námi í háskólum landsins geti sótt í Nýsköpunarsjóð námsmanna gagnvart þeim verkefnum sem viðkomandi hafa kannski fóstrað innra með sér í lengri tíma.

Mikill mannauður felst í ungu og menntuðu fólki og ég hef þá trú að þetta sé sú kynslóð sem eigi eftir að vinna okkur á endanum út úr kreppunni, þ.e. ef við verðum svo lánsöm sem þjóð að halda þessu unga fólki í landinu. Það er einmitt í ljósi þeirrar umræðu og þess sem við í stjórnarandstöðunni höfum sagt, þ.e. komið með aðvörunarorð gagnvart Icesave og aðgerðaleysi í málefnum heimila og fyrirtækja, að við þurfum því miður að horfast í augu við það að stór hluti af menntuðu fólki hér á landi og fólki sem er að ljúka námi kjósi í ljósi framtíðaraðstæðna hér á landi að hverfa af landi brott og stunda atvinnu sem hæfir námi viðkomandi á erlendri grundu. Færeyingar lentu í þessu í upphafi tíunda áratugarins og við þurfum að róa öllum árum að því að þetta gerist ekki á Íslandi.

Því er eðlilegt að við spyrjum hæstv. menntamálaráðherra að því hver staða námsmanna sé á þessu sumri því að sú staða skiptir náttúrlega verulegu máli um framtíðaráform viðkomandi því að fólk er mjög frjálst á þessum aldri og hugsar vítt. Ef fólk hefur ekkert við að vera og hefur kannski nýlokið námi eru meiri líkur en ella á því að viðkomandi leiti annað en á íslenskan vinnumarkað sem er mjög takmarkaður eins og sakir standa.

Eins veltum við fyrir okkur stöðu lánasjóðsins í dag. Síðasta ríkisstjórn gerði þann óskunda að ganga verulega á eigið fé sjóðsins, mig minnir að það hafi verið hátt í 1.000 millj. kr. Með því var í raun verið að fresta vandanum, ganga á eigið fé sjóðsins, og nú blasir vandinn við væntanlega á næstu mánuðum vegna þess að eigið fé er ekki svo mikið sem raun ber vitni. Þess vegna hljótum við að velta fyrir okkur hver staða sjóðsins er og hvaða skilyrðum lánasjóðurinn verður búinn á næstu vikum og mánuðum. Á að skera niður í framlögum til sjóðsins? Trúlega hefur hlutverk sjóðsins aldrei verið eins mikilvægt og nú, í miklu atvinnuleysi þegar við þurfum að reiða okkur á háskólanám, að fólk leiti sér mennta. En það verður þá að skapa aðstæður fyrir fólk að það geti gert það. Þess vegna þarf lánasjóðurinn að vera vel efnum búinn og það hljómar ankannalega í mjög erfiðu árferði að tala með þessum hætti en við megum allra síst við því að skera mikið niður í menntamálum og þeirri umgjörð sem við búum fólki sem vill stunda nám hér á landi og þar skiptir lánasjóðurinn miklu máli.

Við skulum hafa líka í huga jafnræðið í þessu. Við hljótum öll að vilja skapa fólki jöfn tækifæri, sama hvort það býr á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi. Jöfn tækifæri felast í því að fólk geti framfleytt sér á meðan það er í námi. Í gegnum tíðina hafa íslenskir háskólastúdentar margir hverjir ekki notað lánasjóðinn heldur unnið með námi sínu en nú eru þær aðstæður ekki fyrir hendi. Þess vegna hefur þetta hlutverk aldrei verið eins mikilvægt. Þess vegna væri rétt að heyra frá hæstv. ráðherra hvaða framtíð hún sjái í lánasjóðnum. Á að auka við framlögin? Ljóst er að stóraukin ásókn verður á háskólanám hér á landi. Því er brýnt að vita hvaða hugmyndir eru uppi um framlög til lánasjóðsins, sérstaklega af því að við sem höfum verið hér í nokkurn tíma á Alþingi vitum að nú er fjárlagagerð í gangi hjá ríkisstjórninni og ákveðnir rammar komnir að, sem við þingmenn fáum því miður ekki að sjá fyrr en seint og um síðir þegar ríkisstjórnin er að móta fjárlögin. Ég hefði viljað heyra hver forgangsröðun hæstv. ráðherra er innan menntamálaráðuneytisins, hvort Lánasjóður íslenskra námsmanna sé þar í fyrirrúmi.

Að lokum vil ég segja, frú forseti, að við erum að ræða um samdrátt í ríkisfjármálum í hinum og þessum málaflokkum, á sumum stöðum upp á tugi milljóna, á öðrum stöðum upp á hundruð milljóna. Á sama tíma erum við að ræða um skuldbindingar sem ríkisstjórnin ætlar að steypa íslensku þjóðinni í þar sem einungis vextir á fyrsta ári þeirra skuldbindinga verða einir 36 milljarðar, 36 þúsund milljónir. Síðan er verið að horfa í eina og ein körfu og reyna að tína til milljón hér og milljón þar á meðan við ætlum að láta það yfir okkur ganga, og höfum látið gera það, að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands skuli vera búnir að skuldbinda íslenska þjóð um mörg hundruð milljarða króna.

Hvernig er sá samningur að lokum ef hann verður staðfestur á Alþingi? Jú, 300 þúsund manna eyþjóð norður í Atlantshafi mun á endanum bera alla ábyrgð á því ef illa fer, þ.e. ef við fáum ekki eins mikið úr eignasafni Landsbankans og sumir eru að spá. Við þekkjum ræður og umræður síðustu vikna og mánaða í tengslum við hrunið að staða bankanna var nú aldeilis ekki slæm fyrir hrunið, forustumenn þeirra sögðu að eignasöfn þeirra væru góð og þetta væri allt í lagi, við þyrftum ekki að hafa áhyggjur. Við heyrum sömu ræðurnar núna, að eignasafn Landsbankans erlendis sé svo gott að við þurfum ekki að hafa áhyggjur og jafnvel geti eignirnar bara gengið upp í alla þessa skuldbindingu sem við erum að undirgangast. Ef það gerist ekki, og sagan segir okkur að það hefur ekki alltaf gengið eftir, erum við að undirgangast mörg hundruð milljarða króna skuldbindingu þar sem, eins og ég sagði áður, vaxtakostnaður fyrsta árið er 36 þúsund milljónir, sem er miklu meira en rekstur Landspítalans.

Ég spyr því að lokum, um leið og ég ítreka fyrri spurningar mínar um Lánasjóð íslenskra námsmanna og vanda námsmanna, hvort hæstv. menntamálaráðherra ætli sér að styðja og greiða atkvæði með þeim samningi sem ríkisstjórnin hefur undirgengist, sem mun skuldbinda næstu kynslóðir Íslandssögunnar. Mikilvægt er að við fáum það á hreint í þessari umræðu vegna þess að þó að við séum að tala um nokkrar milljónir, tugmilljónir eða hundruð milljóna niðurskurð í einstaka málaflokkum, erum við að tala um svo gígantískar skuldbindingar, ef af verður, er allt annað aukaatriði í rekstri ríkissjóðs. Ef þetta gengur eftir mun-

um við einfaldlega ekki rísa undir þeim skuldbindingum sem samfélag og þá er því miður illa komið fyrir Lánasjóði íslenskra námsmanna og öðrum þáttum í velferðarkerfi okkar. Þetta getur gengið mjög hart að undirstöðu þjóðfélagsins og þess vegna getur orðið mjög erfitt að reka menntakerfið, velferðarkerfið (Forseti hringir.) og allt samfélagið ef við samþykkjum Icesave-samningana eins og þeir hljóða nú.

[15:12]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að svara einhverjum af þeim fyrirspurnum sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson beindi til mín í þessum umræðum um ábyrgðarmannakerfi Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Hvað varðar síðustu spurningu hv. þingmanns um Icesave-samningana voru þeir auðvitað ræddir hér í gær og það er ljóst að þar er mjög erfið staða eins og hv. þingmanni er kunnugt og engin ein leið góð út úr því máli þar sem við undirgengumst ákveðnar skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi þegar við gerðumst aðilar að EES og gengumst undir tilskipanir Evrópusambandsins um innstæðutryggingar. Án þess að ég ætli að fara að orðlengja eitthvað um þá umræðu í umræðum um Lánasjóð íslenskra námsmanna segi ég að þar er auðvitað enginn kostur góður og hvernig sem fer verður málið mjög erfitt fyrir íslenskt samfélag. Það sem hér hefur verið bent á varðandi hugsanleg málaferli er þeim annmörkum háð að aðrar þjóðir geta neitað að taka þátt í þeim málaferlum og því hefur heldur ekki verið svarað hvað gerist ef við mundum ekki vinna málið og hver tilkostnaður okkar yrði þá. Það er ekkert einfalt í því máli og hvernig sem það fer, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, held ég að það verði erfitt fyrir íslenskt samfélag, bara í ljósi þess sem hefur gerst. Þegar þessir bankar voru einkavæddir á sínum tíma, fyrir 20 milljarða kr., óraði kannski engan fyrir þeirri stöðu sem íslenskt samfélag yrði í 10 árum síðar. Það eru engin einföld svör við spurningum hv. þingmanns um Icesave en ég óttast að hver sem lausnin verði í því máli verði hún íslensku þjóðarbúi mjög þungbær. Hún hefur vafalaust áhrif á margt en það sem þó má segja að gefi gildi þessum samningi sem er rétt ókominn til umræðu í þinginu, þ.e. ríkisábyrgðin er rétt ókomin til umræðu í þinginu, er sá kostur að íslenskt samfélag fær þá möguleika til að rétta úr kútnum eftir allt annað sem hér hefur gengið á. Ég mun að öðru leyti geyma umræðu mína um þetta mál þangað til ábyrgðin kemur til kasta þingsins en ég ítreka að hér eru engar einfaldar eða góðar lausnir.

Hvað varðar lánasjóðinn er ljóst að staða hans er sú að í fjárlögum síðasta árs var gengið á eigið fé sjóðsins um 1 milljarð eins og hv. þingmaður benti á áðan og ætlunin er auðvitað sú að reyna að endurheimta þann milljarð. Ég tel hins vegar engar líkur til að það verði gert á einu ári, hvað þá á ári eins og núna þegar búist er við allt að 10% fjölgun námsmanna. Ég hef lagt áherslu á það í þeirri fjárlagavinnu sem fram hefur farið innan míns ráðuneytis að við stöndum vörð um LÍN því að hann skapar þá umgjörð sem er nauðsynleg á jafnrétti til náms. Ég vil að staðinn verði vörður um LÍN að því leyti að hann verði ekki skertur, hann verði ekki skorinn niður meira en orðið er nú þegar í síðustu fjárlögum. Vegna þess að eiginfjárstaða var þá skert þarf að reyna að vinna hægt og bítandi að því að endurheimta hana. Að öðru leyti verður sjóðurinn að vera reiðubúinn til að geta mætt hugsanlegri fjölgun námsmanna um allt að 10%. Ég tel mjög mikilvægt að við stöndum vörð um LÍN og reynum að höggva þar ekki í en ég á mjög erfitt með að lofa einhverri hækkun á framfærslugrunni eins og staðan er í ríkisfjármálum nú. Það segi ég bara heiðarlega, það sé ég a.m.k. ekki gerast í næstu fjárlögum, ekki nema þá að rætt verði eitthvert samspil Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna og að þá verði skoðað sérstaklega hvort ríkið — og það er reyndar mín skoðun — sjái sér hag í því að veita fjármuni frekar í Lánasjóð íslenskra námsmanna en t.d. Atvinnuleysistryggingasjóð til að beina fólki í auknum mæli inn á menntabrautina.

Hvað varðar þann stakk sem okkur er sniðinn út frá því að við viljum ekki bæta í er ekki hægt að lofa hækkun á framfærslu. Von mín er sú að þegar allt dæmið er lagt saman, fjárlagaliðir allra ráðuneyta, getum við skoðað þar hugsanlega samspil þessara tveggja sjóða og hugsanlega forgangsraðað frekar í þágu menntunar.

Hvað varðar stöðu stúdenta núna í sumar og sumarnám hefur aðsókn í það ekki verið eins mikil og t.d. stúdentaráð Háskóla Íslands spáði. Stúdentaráð kannaði áhuga stúdenta. Spár okkar gerðu ráð fyrir talsvert minni ásókn en spár stúdentaráðs en eigi að síður hefur aðsókn ekki verið svo mikil og enn á eftir að koma í ljós hvort það er vísbending um að stúdentar hafi þá fengið vinnu sem þeir áttu ekki von á eða hvort þeir séu atvinnulausir en hafi kosið að fara ekki í nám af einhverjum orsökum. Þar komum við enn og aftur að samspili þessara tveggja ráðuneyta. Eins og ég gerði reyndar hv. þingmanni grein fyrir í svari við fyrirspurninni sem hann vísaði í áðan lá auðvitað ljóst fyrir frá byrjun hverjar reglur lánasjóðsins yrðu um sumarnám, þær voru kynntar um leið og það var kynnt hvaða einingafjölda þyrfti að taka til að uppfylla lánshæfisskilyrði. Hins vegar hefur að mínu mati ekki verið nægilegt samtal í gangi milli menntamála- og félagsmálaráðuneytis um það hvenær fólk er í raun og veru á milli þessara tveggja kerfa og uppfyllir hvorki skilyrði fyrir láni úr lánasjóðnum né á rétt á atvinnuleysisbótum. Sú vinna er farin af stað en enn er ekki komin niðurstaða í hana þannig að við þurfum að sjá hvernig hún mun skila sér. Þetta er að hluta til erfitt af því að kerfin eru byggð upp á ólíkan hátt. Við ræðum hér um framfærslugrunn einstaklinga sem er rúmlega 100.000 kr. Staðan gjörbreytist hjá lánasjóðnum ef maður er t.d. orðinn einstaklingur með tvö börn svo dæmi sé tekið, þá hækkar maður umtalsvert og mun meira en ef maður er einstaklingur með tvö börn á grunnatvinnuleysisbótum. Uppbygging þessara tveggja sjóða er líka ólík sem gerir það að verkum að það þarf að greiða línurnar í samtali þeirra á milli um hvernig þeir skipuleggja sig. Þetta hefur verið skoðað en mitt mat er að það megi skoða betur.

Hvað varðar spurningar þingmannsins um Nýsköpunarsjóð er búið að auglýsa hann og þá aukafjárveitingu sem var sett í Nýsköpunarsjóð námsmanna. Ég þekki ekki hvort búið er að veita styrkina en ég veit að þeir voru auglýstir um leið og þetta var tilkynnt og mér skilst að talsverður fjöldi umsókna hafi borist enda mjög margir sem sóttu um í

fyrri úthlutun og fengu ekki. Ég fékk þær upplýsingar að það hefði verið heilmikið um góð verkefni sem hefðu uppfyllt skilyrði sjóðsins en sennilega ekki fengið út af ónógu fjármagni, enda mjög margar umsóknir. Þar verða væntanlega nokkur verkefni sem munu fara af stað.

Hvað varðar mánaðargreiðslurnar sem hv. þingmaður nefndi er alveg ljóst að ég hef talað gegn þessu svokallaða yfirdráttarkerfi þar sem námsmaður tekur yfirdráttarlán og þiggur svo vaxtastyrk frá ríkinu til að greiða vextina af láninu en fær síðan námslánið sjálft afgreitt í lok annar. Þetta hefur verið kannað innan stjórnar lánasjóðsins og ég á von á því að sjá niðurstöður þaðan samhliða því að nýjar úthlutunarreglur verða lagðar fyrir ráðherra. Frumathugun hefur sýnt að yfirfærslan sjálf á milli kerfa kostar umtalsverða peninga, 3–5 milljarðar hafa verið nefndir, þ.e. það ár sem skipt er úr núverandi kerfi yfir í samtímagreiðslukerfið. Ég ætla ekki að taka ábyrgð á tölunni þar sem ég er ekki búin að sjá útreikninga stjórnarinnar á þessu. Yfirfærslan sjálf kostar umtalsvert. Það væri auðvitað æskilegt ef við gætum séð þetta verða að veruleika á næstu árum, en ég held að við þurfum að hafa það í huga að við gerum það þegar færi er á. Kerfið hér hefur verið algerlega frábrugðið því sem hefur tíðkast annars staðar á Norðurlöndum eins og ég reyndar benti á í þingmáli, líklega á síðasta ári, þar sem farin hefur verið sú leið að hafa samtímagreiðslur þar sem gefin eru út skuldabréf fyrir greiðslunum sem námsmenn endurgreiða.

Heimturnar af slíku kerfi sýnast mér samkvæmt tölum frá Norðurlöndunum vera allt eins góðar. Þar er að vísu um lægri lán að ræða oft og tíðum, þ.e. samblöndun styrkja og lána, og jafnvel lægri heildartölu en verið hefur hér á landi svo að því sé haldið til haga. Það er ekki allt alslæmt með íslenska lánasjóðinn. Hann kemur vel út miðað við Norðurlöndin þegar horft er á sjálfan framfærslugrunninn þó að okkur finnist hann bágborinn. Þetta er nokkuð sem ég tel að við þurfum að skoða en þó þarf að hafa í huga að það gæti kostað sitt að fara í þau skipti.

[15:21]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Í menntakerfi okkar eru fram undan mjög erfiðir tímar eins og á öðrum sviðum í ríkisfjármálum. Ég nefndi í fyrri ræðu minni að 1 milljarður sem tekinn var af eigin fé Lánasjóðs íslenskra námsmanna fleytti sjóðnum þó fram á vorið þannig að hann gat lánað íslenskum námsmönnum og staðið við skuldbindingar sínar hvað það varðar, þ.e. lánsvilyrði. Þar erum við að tala um 1 milljarð kr.

Á fyrsta ári Icesave-skuldbindinganna munum við borga 36 milljarða kr. í vexti vegna þess samkomulags sem við ætlum að ræða á vettvangi Alþingis á næstu dögum, 36-falt á við þann milljarð sem við tókum úr lánasjóðnum til að reka hann í hálft ár. Við erum að tala um svo gríðarlegar stærðir og þess vegna verð ég að fá skýrt svar frá hæstv. ráðherra vegna þess að það var bullandi umræða úti í samfélaginu um þetta mál og fólk vill heyra viðhorf stjórnmálamanna og þá kannski sérstaklega í stjórnmálaflokki Vinstri grænna sem talaði gegn Icesave-samningum í aðdraganda síðustu kosninga og hélt margar ræður á vettvangi þingsins. Er það svo að þingflokkurinn og ráðherrar Vinstri grænna séu orðnir á því að við eigum að skrifa undir þessar skuldbindingar? Í ljósi þess að utanríkisráðherra Finna sagði að það að ganga frá Icesave-skuldbindingunum væri forsenda þess að við gætum hafið aðildarviðræður við Evrópusambandið og gengið þar inn, er það þá líka orðinn hluti af Evrópustefnu Vinstri grænna að það verði að klára þessar Icesave-skuldbindingar þannig að Vinstri grænir geti elt Samfylkinguna til Brussel þvert á það sem Vinstri grænir sögðu í aðdraganda síðustu kosninga? Við hljótum að spyrja Vinstri græna 45 dögum (Forseti hringir.) eftir síðustu kosningar af hverju þeir hafa snúið baki við tveimur af (Forseti hringir.) stærstu stefnumálum sínum í aðdraganda þeirra kosninga.

[15:24]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður heyrði í ræðu minni áðan benti ég á að það eru engar einfaldar lausnir á Icesave-deilunni. Hv. þingmaður veit það. Ég var ein þeirra þingmanna sem fluttu mál í desember um að það ætti að nýta heimildina til að fara í mál og gert yrði ráð fyrir því á fjárlögum að aðstoða Landsbankann við að fara í mál út af Icesave-skuldbindingunum og meðferðinni á Landsbankanum og hryðjuverkalögunum. Sá frestur rann út í janúar og við getum sagt að ýmsar dyr hafi lokast í meðförum þessa máls. Þannig er það bara. Þetta er ekki einfalt mál og þess vegna ítrekaði ég áðan í ræðu minni að þarna væru engar einfaldar lausnir. Hv. þingmaður þekkir algerlega minn hug í því, hvernig hann var, ég vildi láta á þetta reyna. Nú erum við komin í þá stöðu að það er ekkert einfalt að höfða mál á þjóðréttarlegum grunni, að því er mér skilst, þar sem önnur ríki geta neitað að taka málið fyrir rétt eins og Íslendingar gerðu í þorskastríðinu og hv. þm. Árni Páll Árnason benti á í ræðu í gær og hefur verið sett fram. (**Gripið fram í:** Hvað liggur okkur á?)

Ég reikna með því að Evrópustefna Vinstri grænna verði rædd í umræðum um þessi mál í þinginu. Ég álít að hún hafi algerlega legið skýr fyrir og það þegar á síðasta landsfundi þar sem segir efnislega, ekki man ég það orðrétt, að við teljum að við eigum að vera utan ESB. Það er mín skoðun. Hins vegar höfum við líka sagt að þjóðin eigi að úrskurða um það og verði það gert með því að kjósa um samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu kann að vera að það sé skynsamlegasta leiðin til að útkljá þessi Evrópumál. En ég tel að við eigum að standa utan Evrópusambandsins og lít ekki svo á að Icesave-reikningarnir hangi í einhverju samhengi við það þó að það sé sett í það samhengi.

[15:26]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er hárrétt sem hæstv. ráðherra sagði, þáverandi hv. þm. Katrín Jakobsdóttir lagði fram mál um það að við ættum að kanna hvort við ættum ekki að leita eftir grundvelli til þess að fara í mál. Með því að samþykkja þessa Icesave-skuldbindingu undirgangast íslensk stjórnvöld akkúrat það að mega ekki höfða mál í framtíðinni um eitthvað sem orkar tvímælis í þessu. Hv. þingmaður gengur

þar af leiðandi gegn eigin frumvarpi sem viðkomandi mælti fyrir einungis fyrir nokkrum vikum eða mánuðum. Það er einfaldlega staðreynd að á blaðamannafundi með utanríkisráðherrum Norðurlandanna sem hæstv. utanríkisráðherra í ríkisstjórn Vinstri grænna sat ásamt utanríkisráðherra Finna, meðal annarra, kom fram það mat finnska ráðherrans að það að leysa Icesave-málið væri grundvöllur þess að Ísland gæti orðið aðili að Evrópusambandinu. Það er smám saman að renna upp fyrir manni ljós að sú flýtimeðferð sem Icesave á að hafa upp á mörg hundruð milljarða króna fyrir íslenskt samfélag er einungis aðgöngumiði Samfylkingarinnar að Evrópusambandinu.

Það er líka orðin staðreynd, miðað við það að mér heyrðist hæstv. ráðherra ekki ætla að greiða atkvæði gegn þessum Icesave-skuldbindingum, að Vinstri grænir ætla sér að elta Samfylkinguna í þessum leiðangri og það er þvert á það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð boðaði í aðdraganda síðustu kosninga. Flokkurinn sagði þá svo skýrt: Við viljum ekki ganga í Evrópusambandið.

Hvernig átti kjósendum þess flokks að detta í hug að viðkomandi flokkur mundi beita sér fyrir því að farið yrði í aðildarviðræður? Ef flokkurinn vill ekki ganga í Evrópusambandið fer hann náttúrlega ekki í aðildarviðræður, (Forseti hringir.) þ.e. ef flokkurinn vill vera skýr valkostur og heill í málflutningi sínum.

[15:28]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður veit ósköp vel sagði ég í aðdraganda kosninga að ég væri á móti Evrópusambandinu en teldi að þetta væri ákvörðun sem þjóðin ætti að taka lýðræðislega. Eins og hv. þingmaður veit er hann í miklum metum hjá mér (**BJJ:** Sömuleiðis.) en ég held að þetta hafi verið nokkur útúrsnúningur á þeirri stefnu sem haldið var fram fyrir síðustu kosningar, a.m.k. úr munni þeirrar sem hér stendur.

Hvað varðar útleggingar á orðum finnska utanríkisráðherrans ætla ég ekki að leggja mat á þau. Ég set þetta ekki í það samhengi en ég árétta að það þingmál sem þingmaðurinn nefndi, sem ég reyndar mælti ekki fyrir á sínum tíma heldur var hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson þar 1. flutningsmaður, snerist um að veittar yrðu fjárheimildir fyrir Landsbankann til að höfða mál en því miður rann sá frestur út í janúar. Ég lít ekki svo á að ég hafi orðið tvísaga í því máli. Þvert á móti minni ég á að í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar sem tók við í febrúar og þeirrar ríkisstjórnar sem nú tók við er kveðið á um að ljúka þessum samningum um Icesave-málið en ekki út af Evrópusambandinu, heldur einfaldlega út af því að þetta er vissulega mjög erfið alþjóðleg deila sem við Íslendingar eigum í og þar, eins og ég ítreka enn og aftur, eru engar einfaldar lausnir. Það að leitað sé eftir samningum þarf engum að koma á óvart sem lesið hefur samstarfsyfirlýsingu fyrri stjórnar og þeirrar sem nú er. Hin réttarfarslega staða er mjög flókin eftir að frestur Landsbankans til að fara í mál út af beitingu hryðjuverkalaga rann út. Nú segi ég þetta auðvitað sem leikmaður, en út frá þeim lögfræðingum sem hafa farið með málið og greint það virðist mér að hún sé mjög flókin.

[15:30]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég mun ræða Icesave þegar það mál kemur hingað til umræðu þannig að það sé á hreinu, en við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Það er alveg ljóst að lánasjóðurinn er sterkur sjóður og það er ekki út af engu sem við gátum tekið einn milljarð af rekstri sjóðsins til að koma til móts við þær þarfir sem núna eru hvað brýnastar í hagsmunum og hagsmunamálum stúdenta.

Þetta mál er náttúrlega allrar athygli vert og ég vil gjarnan á góðum tímum ef hirslur ríkissjóðs væru stútfullar geta sagt, já við skulum bara að klára þetta mál. En ég get það ekki á þessari stundu því að mér finnst vanta núna, og við höfum verið að kalla eftir því bæði þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu, að sjá heildarmyndina á ríkisfjárlögum. Mér finnst erfitt að fara að afgreiða þetta mál þegar heildarsýnin á ríkisfjármálum til lengri tíma liggur ekki fyrir, því að það stendur mjög klárt í umsögn fjármálaráðuneytisins að óvissuþættir við kostnaðarmat séu talsverðir og það sé óvíst hversu mikil útgjaldaaukningin gæti orðið.

Það liggur fyrir að það verða brýnir hagsmunir sem við þurfum að uppfylla og koma til móts við hjá námsmönnum. Þeim mun fjölga, á krepputímum fjölgar námsmönnum. Tekjur greiðenda lækka umtalsvert og það er mjög líklegt að vanskil sjóðsins muni aukast, ekki út af afnámi ábyrgðarmanna heldur eru almennt miklar líkur á að vanskil aukist. Það þýðir að fjárþörf sjóðsins mun líka aukast.

Því spyr ég: Var þetta rétta forgangsröðunin akkúrat núna? Hefði ekki verið betra að bíða með að leggja málið fram þar til að við sjáum heildarmyndina á ríkisfjármálum og getum tekið afstöðu til þess og forgangsraðað? Við viljum koma til móts við námsmenn. Var þetta akkúrat rétta skrefið? Er ekki betra að við höfum fjármuni innan sjóðsins til að mæta þörfum þeirra sem vilja sækja háskóla? Við höfum m.a. stuðlað að því að námsmönnum hefur fjölgað á Íslandi, námsbrautum hefur fjölgað út af sterkri stöðu lánasjóðsins. Við gátum það þá. Núna verður að reyna að viðhalda því, koma fólki til náms og þá þarf auðvitað og eðlilega að forgangsraða innan sjóðsins.

[15:32]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem hér um ræðir er annars vegar sprottið af áralangri kröfu námsmannahreyfinganna og því mati að þetta skipti máli við að jafna stöðu allra námsmanna og lánasjóðurinn sinni þar með sínu félagslega hlutverki. Þetta sprettur líka af því að námsmenn taki í auknum mæli ábyrgð á eigin fjárhagsstöðu með því að ábyrgjast eigin lán. Þarna er kveðið á um það að ef námsmenn uppfylla ekki hin almennu lánshæfisskilyrði verði þeim gert kleift annaðhvort að setja fram ábyrgðarmann eða kaupa bankaábyrgð með þeim kjörum sem þær eru boðnar á.

Útlánaaukning ríkisins af þessu er í fyrsta lagi árið 2012. Það er í raun og veru mikil óvissa um það hve mikil hún kunni hugsanlega að verða. Óformleg könnun sem við höfum gert á stöðunni á öðrum Norðurlöndum þar sem ekki

er krafist ábyrgðarmanna virðist ekki benda til að þetta kynni að kalla á sérstaklega aukin vanskil. Hins vegar er rétt hjá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur að ástandið í samfélaginu er þannig að það kunna að verða aukin vanskil.

En það sem Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur líka bent á og benti á þegar samþykkt voru ný lög um ábyrgðarmenn, er að þau lög setja miklar kröfur á sjóðinn, auknar kröfur á sjóðinn um að hann kanni stöðu hvers og eins ábyrgðarmanns, og á sínum tíma gerðu fulltrúar sjóðsins þær athugasemdir við það frumvarp að þetta kynni að breyta tilhögun ábyrgðarmannakerfis lánasjóðsins. Og það sem spilar líka inn í þetta frumvarp og hvernig það er til komið er gerbreytt staða ábyrgðarmanna almennt í samfélaginu og athugasemdirnar sem lánasjóðurinn gerði við frumvarpið á sínum tíma.

Hér spilar margt saman. Í raun og veru gamlar kröfur um jafnrétti til náms, aukin ábyrgð námsmanna á eigin láni og um leið að þeir sem ekki uppfylla lánshæfisskilyrði hafi þennan valkost, en líka að það er breytt staða ábyrgðarmanna almennt í samfélaginu.

[15:35]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, það er alveg hárrétt, staða ábyrgðarmanna í samfélaginu er gjörbreytt og það þurfti líka að breyta þeirri stöðu. Um leið er rétt að draga það fram að bankarnir tóku í rauninni að hluta til yfir ábyrgðarmannakerfið að því leyti til að þeir buðu upp á ábyrgðargreiðslu, að ábyrgjast lánin, að ábyrgjast námsmanninn gegn ákveðinni greiðslu. Það er búið að breyta fyrirkomulaginu til hagsbóta fyrir námsmenn. Gott og vel. Það getur verið að þetta frumvarp stuðli að því líka. En ég spyr líka: Þá verður ekki sama svigrúm, er það ekki rétt hjá mér, til þess m.a. að hækka framfærslugrunninn? Hvernig ætlar ríkissjóður að koma til móts við mjög líklega vaxandi gat sem verður þá á rekstri sjóðsins? Og mér fannst ekki gott að heyra það í máli hæstv. menntamálaráðherra að þetta muni ekki hafa áhrif á stöðu ríkissjóðs fyrr en 2012. Það er einmitt árið sem við ætlum að fara að rétta út kútnum. Eru menn strax byrjaðir að gefa tékka út á árið 2012?

Ég vara við því að koma fram með svona velviljuð mál — það vilja allir styðja þetta — þegar við sjáum ekki heildarmyndina fyrir okkur. Við í þessum sal erum enn að bíða eftir því hvaða tillögur ríkisstjórnin kemur með í ríkisfjármálum.

Þess vegna finnst mér, frú forseti, með fullri virðingu fyrir hæstv. menntamálaráðherra, að það hefði verið betra að bíða með þetta til að geta áttað sig á því og lagt það fyrir sér hvar þarfir námsmanna eru mestar. Það er ekki hægt að mæta öllum kröfum. Það er hluti af hinu pólitíska lífi okkar stjórnmálamanna í dag að við getum ekki komið til móts við alla. Erum við þá að segja: Nei, við getum ekki komið til móts við aðrar þarfir námsmanna af því að við ætlum að koma þessu máli í gegn? Ég hefði viljað sjá heildarmyndina og ég hefði óskað eftir því að hæstv. menntamálaráðherra hefði tekið undir með mér hvað það efni varðar.

[15:37]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég nefndi það eða kom talsvert inn á heildarmyndina eins skýr og hún liggur fyrir í ræðu minni áðan þegar ég annars vegar fór yfir málið og hins vegar svaraði fyrirspurnum hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. En þegar ég segi að hugsanlegar afskriftir kunni að falla á sjóðinn 2012 þá er þar um að ræða 20 millj. kr. sem gert er ráð fyrir og það er hátt áætlað. Það hefur því ekki áhrif á hækkun á framfærslugrunni námsmanna. Þar erum við að ræða um mun stærri tölu.

Þetta eru svartsýnisspár þannig að hér er ekki gert ráð fyrir verulegum kostnaðarauka út af þessu frumvarpi. Það eina sem ég vildi árétta í máli mínu áðan var að þær falla í fyrsta lagi árið 2012 sem gefur þá ákveðið svigrúm líka í þeim efnum. Það er ekki verið að efna til neins útgjaldaauka að sinni.

Að koma þessu máli í gegn er að mínu viti bæði réttlætismál og styrkir stöðu lánasjóðsins sem félagslegs jöfnunarsjóðs að hluta en stuðlar líka að því að námsmenn verði ábyrgir fyrir eigin lánum og ekki sé gengið á ábyrgðarmenn því að það er staðan núna. Og það var auðvitað orsök þess að sett voru ný lög um ábyrgðarmenn að við sjáum fram á efnahagsþrengingar sem munu hafa veruleg áhrif og verða til þess að gengið er á ábyrgðarmenn umfram aðra og ég held að þetta sé bara liður í því líka að taka út það kerfi heildstætt.

Hvað varðar heildarmyndina sem hv. þingmaður kallar eftir, þá fór ég yfir hana að hluta, ég held að það séu mjög mörg brýn mál fram undan, en þar sagði ég þó eitt og það er að standa verður vörð um lánasjóðinn á svona tímum vegna þess að hann skapar umgjörðina um háskólanámið og stöðu námsmanna.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

Náms- og starfsráðgjafar, 1. umr.

Stjfrv., 83. mál (útgáfa leyfisbréfa). — Þskj. 95.

[15:39]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náms- og starfsráðgjafa.

Með frumvarpinu er lagt til að við 4. gr. nýsamþykktra laga um náms- og starfsráðgjafa komi tvær nýjar málsgreinar. Í breytingunni felst að menntamálaráðherra getur falið háskólum, sem sinna menntun náms- og starfsráðgjafa, útgáfu leyfisbréfa að loknu námi þeirra. Þá er gert ráð fyrir því að ráðherra setji nánari fyrirmæli um fyrirkomulag og útgáfu leyfisbréfa í reglugerð. Með þessu er ráðherra fengin sérstök heimild til þess að fela öðrum aðilum en heyra beint undir stjórnsýslu menntamálaráðuneytis, útgáfu leyfisbréfa til náms- og starfsráðgjafa. Frumvarpið byggir á sambærilegri heimild og nú er að finna í 4. mgr. 21. gr. laga nr. 87/2008, um menntun og ráðningu kennara og skólastjórn-

enda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, hvað varðar útgáfu leyfisbréfa til kennara.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir þessu frumvarpi. Því er ætlað veita menntamálaráðherra svigrúm til þess að skipuleggja framkvæmd við útgáfu leyfisbréfa til náms- og starfsráðgjafa á einfaldan og hagkvæman hátt. Legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni 1. umr.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

Listamannalaun, 1. umr.

Frv. menntmn., 69. mál (brottfall eldri laga og breytt tilvísun). — Þskj. 81.

[15:40]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um brottfall laga nr. 35/1991, um listamannalaun, á þingskjali 81.

Í 15. gr. laga nr. 57/2009, um listamannalaun, er kveðið á um að lögin öðlist gildi við birtingu þeirra og að fyrirmæli þeirra um úthlutun úr launasjóðum listamanna komi til framkvæmda á árinu 2010. Af lagatæknilegum ástæðum er því lagt til að ákvæði eldri laga um listamannalaun falli brott. Jafnframt er lagt til að tilvísun til þeirra laga í leiklistarlögum verði breytt.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu.

Meðferð einkamála, 1. umr.

Frv. ÁI o.fl., 32. mál (skilyrði gjafsóknar). — Þskj. 32.

[15:42]

Flm. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga sem er að finna á þskj. 32, 32. mál þessa þings, frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum. Flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Helgi Hjörvar, Atli Gíslason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Ólöf Nordal, Birgitta Jónsdóttir og Þór Saari.

Efni þessa frumvarps er, má ég segja, gagnsókn vegna þess að rétturinn til gjafsóknar í málum sem hafa almenna þýðingu var skertur verulega með lögum sem samþykkt voru 2005. Þetta frumvarp lýtur að því að breyta lögunum aftur til fyrri vegar en ákvæðin um almenna gjafsókn í 126. gr. laganna voru sett með einkamálalögunum á árinu 1991. Þeim var síðan breytt á árinu 2005 til þrengingar þannig að inn var sett í lögin ákvæði um að við mat á efnahag — sem við viljum breyta yfir í fjárhag — við mat á efnahag umsækjanda megi eftir því sem við á einnig taka tillit til eigna og tekna maka hans eða sambýlismanns eða eigna og tekna foreldra hans ef hann er yngri en 18 ára.

Tillagan eins og hún er hér fram sett, er þess í stað að fella þetta ákvæði niður enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé. Eins og ég sagði áður er þetta óbreytt frá því að einkamálalögin voru samþykkt á árinu 1991. Þau lög giltu í tólf ár án nokkurra vandkvæða og það eru auðvitað mikilvæg lýðréttindi að menn geti borið mál sitt undir dóm og þar mega fjárhagsaðstæður ekki koma í veg fyrir að menn geti sótt rétt sinn, annaðhvort með sókn eða vörn eftir atvikum.

Ég vil minna á að lögsóknarbannið sem sett var á með svokölluðum nóvemberlögum sl. haust reyndist andstætt stjórnarskrá. Þar var bannað með lögum að lögsækja gömlu bankana. Það má líkja því við sams konar bann og brot á mannréttindum þegar einstaklingar hafa ekki fjárhagslega burði til þess að leita réttar síns fyrir dómi.

Eins og lögunum var breytt, sem var mjög umdeilt, á árinu 2005, var þrengt verulega að mati flutningsmanna að möguleikum almennings til þess að leita réttar síns gagnvart stjórnvöldum og opinberum aðilum í málum sem geta varðað einstaklinga og almenning miklu. Slíkar takmarkanir eru í andstöðu við hefðir sem hafa verið að þróast í öðrum lýðræðisríkjum. Með frumvarpinu er því lagt til að fella umrætt skilyrði aftur inn í ákvæðið, sem sagt að eðlilegt sé að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé.

Það er mat flutningsmanna að sú rýmkun sem lögð er til í frumvarpinu muni fela í sér að gjafsókn verði möguleg í málum sem eru mikilsverð réttlætismál fyrir hagsmuni einstaklinga og almennings, svo sem mál sem varða heimtu skaðabóta fyrir varanlega örorku þegar örorka er mikil en aflahæfi verulega skert, mál er varða lífeyrisréttindi, atvinnuréttindi og eignarréttindi, mál er varða bætur fyrir missi framfæranda, mál vegna læknamistaka, mál um réttindi varðandi friðhelgi einkalífs og önnur mál er varða hefðbundin mannréttindi. Þá gæti gjafsókn, samkvæmt blið 1. mgr. 126. gr., verið veitt í málum einstaklinga gagnvart stjórnvöldum.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að áfram verði í lögunum reglugerðarheimild þar sem kveðið er nánar á um skilyrði gjafsóknar. Á grundvelli laga nr. 7/2005, þeirra laga sem, eins og ég sagði áðan, þrengdu skilyrði þess að menn gætu notið gjafsóknar, gaf hæstv. þáverandi dómsmálaráðherra út reglugerð, nr. 45/2008, þar sem nánar er kveðið á um skilyrði gjafsóknar. Verði þetta frumvarp að lögum þarf að gera breytingar á 5. gr. reglugerðarinnar um mat á tilefni til veitingar gjafsóknar fyrir héraðsdómi í samræmi við víkkun á heimild sem hér er lögð til.

Nú er það svo, frú forseti, að við stöndum frammi fyrir gríðarlega erfiðum verkefnum hvað varðar fjárhag ríkissjóðs og við munum innan ekki langs tíma þurfa að skera niður og leita eftir auknum skattheimildum til þess að mæta fjárlagagati upp á litla 170 milljarða kr. Það er auðvitað mjög mikilvægt að meta nauðsyn aukinna fjárveitinga í því skyni sem hér er um rætt og eins hitt, hvort mögulegt er að breyta reglugerðinni og lögum án þess að auka fjárframlög sem væntanlega mundi þá þýða að minna yrði til skiptanna. Ég hef reynt eftir atvikum að afla mér upplýsinga um þróun fjárveitinga til gjafsóknar á undangengnum árum og fékk frá dómsmálaráðuneytinu í dag þær upplýsingar að á árinu 2004 nam gjafsókn, samkvæmt þessum ákvæðum einka-

málalaganna, ríflega 111 millj. kr. en var samkvæmt reikningi 2008 154 milljónir. Þetta er töluverð aukning og einkum varð aukning á milli áranna 2004 og 2005 en það hefur dregið úr aukningu á fjárveitingum til þessa málaflokks eftir að ákvæðið var þrengt með lögum nr. 7/2005.

Það yrði verkefni hv. allsherjarnefndar að afla frekari upplýsinga um möguleikana á því að setja þetta ákvæði í lög án þess að veita auknar fjárveitingar til þess og einnig, eins og ég nefndi, að meta nauðsyn þess að setja aukið fé til þessa málaflokks.

Það þarf líka, frú forseti, að afla upplýsinga frá fjármálaráðuneyti um áhrif breytinga sem þessara á fjárhag ríkissjóðs því það er nú svo að þegar þingmenn leggja fram frumvörp, öfugt við þegar ríkisstjórn leggur fram frumvörp, þá er ekki gerð krafa til þess að fyrir liggi útreikningur á því hvaða áhrif málið hefur á ríkissjóð.

Frú forseti. Ég vil einnig nefna áður en ég lýk máli mínu að gjafsóknarnefnd fjallar um allar umsóknir sem berast og metur þær, þriggja manna nefnd sem ráðherra skipar, en það er ráðherra að veita gjafsóknarleyfið.

Það mál sem hér um ræðir var áður flutt á 136. löggjafarþingi. Hér hafa auk þess verið fluttar tillögur við afgreiðslu fjárlaga nokkrum sinnum á undangengnum árum sem hníga í sömu átt.

Frú forseti. Ég legg til að við lok þessarar umræðu verði málinu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Samningsveð, 1. umr.

Frv. LMós o.fl., 39. mál (fasteignaveðlán). — Þskj. 39.

[15:51]

Flm. (Lilja Mósesdóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um samningsveð, nr. 75/1997. Auk mín flytja þetta mál hv. þingmenn Álfheiður Ingadóttir, Björn Valur Gíslason, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir og Eygló Harðardóttir.

Lagt er til í frumvarpinu að fasteignaveðlán geti ekki orðið grundvöllur aðfarar í öðrum eignum lántaka en þeim sem veðréttindin taka til. Þess ber að geta að í þessu frumvarpi felst frávik frá þeirri meginreglu íslensks kröfuréttar að skuldari ábyrgist endurfjárkröfu með öllum eignum sínum. Öllum á hins vegar að vera ljóst með því bara að standa hér og hlusta á hávaðann sem berst inn frá Austurvelli að aðstæður á Íslandi eru mjög óvenjulegar. Í haust hrundi hér heilt bankakerfi og allar forsendur á bak við mikla skuldsetningu heimilanna brustu. Þetta frumvarp er samið m.a. til þess að koma til móts við þá stöðu.

Samkvæmt frumvarpinu á lántaki jafnframt að vera laus undan persónulegri ábyrgð á greiðslu lánsins ef veðið hrekkur ekki til. Þá skiptir ekki máli hvort veðsali er lántaki eða einhver annar aðili. Í greinargerðinni er lánveitandi skilgreindur sem viðskiptabanki, sparisjóður, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóður og aðrir aðilar sem veita fasteignalán í atvinnuskyni, þar með taldir byggingaraðilar. Frumvarpið nær til veðlána sem veitt eru með veði í fasteign sem ætluð er til búsetu og það skilyrði er sett að lántaki sé einstaklingur.

Eins og margoft hefur komið fram í þingsölum er staða margra íslenskra heimila mjög erfið og má það m.a. rekja til hruns bankakerfisins. Þetta hrun leiddi til hækkunar skulda heimilanna, rýrnunar eigna, minni tekna og skerts aðgangs að lánsfjármagni. Við núverandi aðstæður er því mikil hætta á að kröfuhafar sækist eftir auknum tryggingum eða geri fjárnám í óveðsettum eignum. Það getur ekki talist sanngjarnt þar sem mörg heimili hefðu efnt skuldbindingar sínar undir eðlilegri kringumstæðum. Hér er því með öðrum orðum um mikið hagsmunamál fyrir íslensk heimili að ræða.

Nauðsynlegt er þó að taka fram að frumvarpið er ekki í andstöðu við eignarréttarákvæði stjórnarskrár þar sem stærstu lánastofnanir eru nú í eigu ríkisins auk þess sem lögin heimila Íbúðalánasjóði að yfirtaka skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

Ég vil að lokum geta þess að þetta frumvarp gæti, til lengri tíma litið, orðið til þess að stuðla að vandaðri lánastarfsemi og hvetur til þess að lánveitingar taki mið af greiðslugetu lántaka.

Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. allsherjarnefndar að lokinni umræðu í þingsal.

[15:56]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um samningsveð sem felst aðallega í því að takmarka eignarrétt þeirra sem eiga íbúðarhúnæði þannig að þeir geti ekki veðsett það nema fyrir ákveðnum kröfum og þeir sem eiga kröfurnar geti ekki gengið á aðrar eignir skuldarans og því verður miklu erfiðara að fá lán eftir þessa breytingu en áður.

Afleiðing af þessu frumvarpi verður væntanlega sú að lánveitendur; lífeyrissjóðir, bankar og aðrir munu gera miklu stífari kröfu um veð, þ.e. þeir munu ekki lána upp í 80, 90% heldur miklu minna vegna þess að þeir þurfa að reikna með því að ef lækkun verður á fasteigninni tapist krafan. Það er enginn sem vill tapa, ekki einu sinni ríkisbanki því að hann fer jú með annarra manna fé, þ.e. fé skattgreiðenda eða þá sparifjáreigenda eftir atvikum, hér er því um að ræða verulega takmörkun á eignarrétti.

Það getur í sjálfu sér alveg verið réttmætt sjónarmið hjá þeim sem trúa á að eignarrétturinn eigi ekki að vera neitt sérstaklega sterkur og hann eigi að takmarka eins og hægt er. En ég vil benda á að t.d. úti á landi þar sem menn hafa byggt, og ég þekki dæmi þess að maður átti 5 milljónir og byggði sér hús úti á landi sem kostaði 20 milljónir, fékk sem sagt 15 milljónir lánaðar. Hann gat selt húsið daginn eftir á 10 milljónir. Hann hefði aldrei fengið lán úti á landi nema kannski 8 milljónir og þá hefði hann ekki getað byggt þetta hús. En það getur vel verið að það sé líka markmiðið með þessu að vera ekkert að plata fólk til þess að byggja hús sem rýrnar jafnmikið í verði og þarna er um að ræða. En svona hefur ástandið verið úti á landi í áratugi og enginn svo sem verið að gera neitt sérstakt veður út af því þó að

menn geri mikið veður út af því að nákvæmlega sami hluturinn gerist hér á höfuðborgarsvæðinu en það sýnir kannski afstöðu manna til landsbyggðarinnar.

Það er tiltölulega auðvelt að fara fram hjá þessu og ég reikna með að það muni menn gera. Það er hægt að stofna hlutafélag eins og margir eru svo sem að gera t.d. með búrekstur, menn geta stofnað hlutafélag og leigt hjá félaginu sínu og þá er þetta allt saman í himnalagi og þá er það hlutafélagið sem er skuldarinn og í sjálfu sér breytist ekki neitt. Menn geta líka átt íbúðir hver hjá öðrum, þ.e. ég get átt íbúð sem hv. þm. Lilja Mósesdóttir býr í og hún ætti íbúðina mína og við skiptumst á um að búa í íbúðunum og þá komumst við fram hjá þessu, þannig að það er í sjálfu sér í lagi.

Svo segir hv. þingmaður, eða gat þess í framsögu, að þetta væri ekki brot á eignarrétti af því að allir lánveitendur í landinu væru í ríkiseigu. Í fyrsta lagi ber okkur náttúrlega sem þingmönnum að fara vel með skattfé og ekki tala svona ógætilega um að tapa því. Svo gleymist það að lífeyrissjóðirnir eru ekki ríkisfyrirtæki og þeir eiga jú töluverðan hluta af veðum í fasteignum sem hugsanlega kunna að tapast. Þessi fullyrðing er því ekki að öllu leyti rétt. Þeir mundu tapa umtalsvert t.d. núna ef verðlækkunin verður mikið meiri, sem ég vona að verði ekki, þá munu lífeyrissjóðirnir fara að tapa og þurfa þá að skerða lífeyri til lífeyrisþega sinna umfram það sem gert hefur verið og er verið að gera, nema náttúrlega hjá lífeyrissjóði þingmanna sem er opinber og þar eru réttindin föst, ég hef nefnt að líka.

Þetta frumvarp mun gera fólki miklu erfiðara fyrir að koma sér upp eigin húsnæði. Svo má ekki gleyma því, frú forseti, að mjög margir Íslendingar eru með sjálfstæða starfsemi. Það eru trillukarlar, það eru vörubílstjórar, það eru bændur og fleiri sem eru með sjálfstæða starfsemi eða með smáan atvinnurekstur sem þeir gjarnan vilja fjármagna og hér eftir, eftir að þetta hefur verið samþykkt, ef það verður samþykkt, þá gætu þeir ekki tekið lán út á íbúðarhúsnæði sitt og gætu þar af leiðandi margir hverjir ekki farið út þennan rekstur, það er bara svo einfalt. Þeir eiga kannski ákveðna eign, eiga hana jafnvel skuldlausa en þeir gætu ekki notað hana til þess að starta rekstri sem þeir ella hefðu gert. Ég hygg því að þetta frumvarp, ef samþykkt yrði, mundi takmarka mikið fjárfestingu í smáfyrirtækjum einmitt, sem sumir, þar á meðal Vinstri grænir, hafa verið að básúna sem bjargvætt í því að stuðla að atvinnusköpun í þjóðfélaginu.

Ég held því að þegar grannt er skoðað, og ég skora á hv. nefnd sem fær þetta frumvarp til umsagnar eða meðhöndlunar og vinnslu, að skoða þá galla og athugasemdir sem ég hef gert við þetta þannig að ekki verði af þessu eitthvert ólán.

[16:02]

Arndís Soffía Sigurðardóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að með þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um samningsveð sé reynt að leita leiða til að rétta hlut íslenskra heimila eftir hrunið. Hér eru þó uppi ýmis álitaefni sem mig langar til þess að koma á framfæri fyrir þá nefndarvinnu sem fram undan er.

Í fyrsta lagi finnst mér að með frumvarpinu sé gengið út frá því að lánveitendur séu bankar eða lánasjóðir á forræði ríkissjóðs. Staðreyndin er hins vegar sú að veðskuldir eru ekki allar í eigu fjármálastofnana og fjármálastofnanir eru ekki allar í eigu ríkisins. Það eru einmitt smærri lögaðilar og jafnvel einstaklingar sem fá frekar veðrétt aftar í veðröðinni. Þess vegna vaknar sú spurning hvort sú breyting sem við ræðum nú mundi bitna mest á þeim sem eru aftast í veðröðinni.

Í öðru lagi tel ég að umrædd breyting á lögum um samningsveð geti leitt til þess að veðhlutfallið hækki og þar með aukist áhætta banka á tapi. Gerist það hef ég áhyggjur af því að bankar dragi frekar lappirnar við að semja um að fresta greiðslum eða afborgunum af höfuðstól lána vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika.

Í þriðja lagi sé ég fyrir mér að frávik frá þeirri meginreglu íslensks kröfuréttur að skuldari ábyrgist efndir fjárkröfu með öllum sínum eignum þannig að fasteignaveðlán geti ekki orðið grundvöllur aðfarar í öðrum eignum lántaka, gagnist í raun helst þeim sem eiga eignir til viðbótar húsnæði sínu. Með breytingunni óttast ég að stóreignafólk fái í raun forskot á þá sem eignaminni eru.

Eins og fyrr segir fagna ég frumvarpinu og ég vona að unnt verði að vinna að farsælli lausn á þessum athugasemdum mínum í nefnd.

[16:04]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Ég fagna sömuleiðis þessu frumvarpi. Það er mjög mikið réttlætismál að fólk geti skilað inn lyklunum sínum og byrjað upp á nýtt. Það mun líka vera hvetjandi fyrir þann fjölda Íslendinga sem ákveðið hefur að flytja frá Íslandi. Það tryggir kannski að þeir geti komið heim aftur án þess að eiga á hættu að vera hundeltir um aldur og ævi af lánardrottnum sínum. Nú til dags er mjög auðvelt að fá kröfurnar alltaf endurvaktar vegna þess að nú er allt kerfið orðið stafrænt. Það væri kannski erfiðara og dýrara fyrir þá sem eru eigendur skuldanna að halda þessu við. Ekki það að ég sé því fylgjandi að skuldareigandinn eigi að bera allan skaða en mér finnst þetta vera mjög mikilvægt frumvarp, sérstaklega á þessum tímum þegar svo margir eru í erfiðleikum.

Ég talaði við mann áðan hér úti sem er 62 ára gamall og er að missa allt sem hann á. Það er náttúrlega ömurlegt þegar maður er búinn að vinna fyrir þaki yfir höfuðið og ætlar að eiga náðugt líf eftir að maður hættir að vinna að missa allt úr höndunum á sér. Það eru margir í stöðu þessa manns. Mér finnst því bara ánægjulegt að verið sé að líta til þessa hóps og koma með einhverjar raunverulegar lausnir.

[16:06]

Flm. (Lilja Mósesdóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir að taka til máls og ræða fyrsta frumvarp mitt á Alþingi. Ég held að við getum öll verið sammála um að þetta frumvarp muni gera útlánastarfsemi vandaðri en orsök bankahrunsins er m.a. rakin til þess hversu útlánaglaðir bankarnir voru á tímum útrásarinnar.

Hvað varðar landsbyggðina vildu einkabankarnir á síðustu árum ekki lána til fasteignakaupa á landsbyggðinni

þannig að það var fyrst og fremst Íbúðalánasjóður sem lánaði fólki fyrir eignunum sem það keypti og voru staðsettar úti á landi. Ég tel að Íbúðalánasjóður muni alls ekki hætta þeirri starfsemi þrátt fyrir að þetta frumvarp verði samþykkt sem lög.

Hvað varðar eignarréttinn sem verið er að ganga á er hann mjög vel varinn hér á landi og jafnvel betur varinn en t.d. í Bandaríkjunum, þaðan sem fyrirmyndin að þessu frumvarpi kemur. Þar er, eins og hv. þm. Birgitta Jónsdóttir gat um, hægt að taka þá ákvörðun þegar eignin er orðin skuldsettari en verðmæti hennar að skila inn lyklinum og hefja síðan nýtt líf fimm árum seinna sem mun m.a. þá felast í að kaupa nýja eign. Hér á landi geta skuldarar aftur á móti átt á hættu að kröfuhafar geri kröfu um endurgreiðslu skuldar í 15 ár. Það er mjög langur tími fyrir ungt fólk og ekki síst fólk sem ákveðið hefur að byrja nýtt líf og flytja úr landi tímabundið og koma síðan aftur heim þegar betur árar. Fólk sem flyst úr landi mun frekar koma aftur heim eftir að þessi hörmungatími er liðinn ef kröfuhafar elta það ekki úr landi.

Það má líka geta þess að sú staða sem skuldarar eru í í dag hefur orðið til þess að margir þeirra hafa ákveðið að láta sig einfaldlega hverfa úr opinberu lífi til þess að losna undan kröfuhöfum sem eru að reyna að ná eignum upp í skuldir. Þetta frumvarp mun draga úr því að fólk neyðist til þess að fara í felur þar til þetta 15 ára tímabil er liðið.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fundi slitið kl. 16:10.

---

18. FUNDUR

fimmtudaginn 11. júní,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Virðisaukaskattur, frv., 47. mál, þskj. 47. — 3. umr.
3. Listamannalaun, frv., 69. mál, þskj. 81. — 2. umr.
4. Nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála, þáltill., 88. mál, þskj. 103. — Fyrri umr.
5. Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
6. Gjaldþrotaskipti o.fl., frv., 31. mál, þskj. 31. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásmundur Einar Daðason, 9. þm. Norðvest.
Guðmundur Steingrímsson, 8. þm. Norðvest.
Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Norðaust.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 2. þm. Reykv. n.
Ólöf Nordal, 2. þm. Reykv. s.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Suðvest.
Svandís Svavarsdóttir umhvrh., 3. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá og tilhögun þingfundar.

[10:30]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Um klukkan 11 í dag, að loknum dagskrárliðnum Störf þingsins, fer fram umræða utan dagskrár um atvinnumál og atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar. Málshefjandi er hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir. Iðnaðarráðherra, Katrín Júlíusdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:31]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, 89. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 105.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Stuðningur við Icesave-samkomulagið.

[10:31]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum þær miklu umræður sem hafa verið í samfélaginu og í sölum Alþingis í síðustu viku um hina svokölluðu Icesave-reikninga og þau gjöld og þær skuldbindingar sem munu fyrirsjáanlega lenda á íslenska ríkinu, verði það samkomulag efnt sem íslenskir samninganefndarmenn hafa sett stafina sína undir í viðræðum við bresk stjórnvöld.

Það hefur líka komið fram í þessum umræðum að það virðist vera svo að draga megi í efa að meirihlutavilji sé á Alþingi fyrir slíku samkomulagi. Ég vil því beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra hvort ríkisstjórnin hafi, þegar samningamönnunum var heimilað að setja stafina sína undir þetta samkomulag, verið búin að ganga úr skugga um að það væri meiri hluti á Alþingi fyrir slíkri gjörð. Ég vísa m.a. til þess að fyrr í vikunni var beint fyrirspurn til hv. formanns þingflokks Vinstri grænna og það var ógerningur að ráða af því svari hvort nægilega margir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styddu þetta mál til þess að hægt væri að mynda meiri hluta hjá stjórnarliðinu fyrir slíkum samningi. Það er því ástæða í ljósi mikilvægis þessa máls að hæstv. forsætisráðherra geri þinginu grein fyrir því hvort búið hafi verið að ganga úr skugga um það í þingflokkum þessara flokka þegar samninganefndarmennirnir fengu þetta umboð að nægilega margir þingmenn stjórnarliðsins hygðust styðja þennan gjörning þannig að fyrir honum væri meiri hluti á Alþingi.

[10:34]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Icesave-málið var vitaskuld rætt í þingflokkum stjórnarflokkanna og reyndar stjórnarandstöðuflokkanna líka áður en gengið var frá þessu samkomulagi. Mér er auðvitað kunnugt um að það voru að einhverju leyti skiptar skoðanir í þingflokki Vinstri grænna um málið en mér er ekki kunnugt um og hefur ekki verið tjáð annað af formanni Vinstri grænna en að málið hafi fylgi ríkisstjórnarinnar og að stjórnarfrumvarp um þetta mál verði lagt fram. Ég verð auðvitað að treysta því að málið hafi fullan stuðning stjórnarflokkanna þegar þetta kemur til atkvæðagreiðslu.

[10:34]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Þetta var ekki fullnægjandi svar frá hæstv. forsætisráðherra. Ég spurði að því sérstaklega hvort gengið hafi verið úr skugga um það þegar samningamönnum Íslands var fengið það umboð að skrifa undir að það væri meirihlutavilji í sölum Alþingis fyrir slíkri undirskrift. Með öðrum orðum, að það væru nægilega margir þingmenn stjórnarliðsins að baki slíkri ákvörðun. Það eitt og sér dugar ekki t.d. að meiri hluti þingmanna Vinstri grænna hafi gefið grænt ljós á þessa ákvörðun, það verður að hafa verið þannig að nægilega margir þingmenn hafi verið að baki. Því spyr ég enn og aftur: Var gengið úr skugga um það af hálfu forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar að slíkur meiri hluti væri til staðar í þinginu þegar samningamönnunum var heimilað að setja stafina sína undir þetta samkomulag? Þetta skiptir miklu máli.

[10:35]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Stjórnarflokkarnir hafa 34 þingmenn í meiri hluta á móti 29 hjá stjórnarandstöðunni og ég trúi ekki öðru en það dugi til að tryggja þetta mál í höfn. Ég hef líka fulla trú á því að a.m.k. einhverjir þingmenn sjálfstæðismanna styðji þetta mál miðað við forsögu málsins.

Icesave og gengi krónunnar.

[10:36]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Þó að ekki sé langt um liðið frá því að ríkisstjórnin kynnti svokallað Icesave-samkomulag er þegar farið að koma í ljós að allar þær forsendur sem gefnar voru eða þau rök sem fram voru færð fyrir því að þetta væri æskileg niðurstaða sem þinginu bæri að greiða atkvæði með, eru nú að falla. Ein sú veigamesta var sú að það mundi styrkja gengi krónunnar að leysa þá óvissu sem fylgdi því að vera ekki búin að tapa í Icesave-málinu.

Nú hefur það komið í ljós frá því að þetta samkomulag var kynnt að krónan hefur hríðfallið og hefur ekki verið veikari á árinu. Svo var okkur kynnt það á utanríkismálanefndarfundi í morgun að skuldbindingarnar í erlendri mynt væru í raun ívið hærri en ríkisstjórnin hefur haldið fram fram að þessu svo nú er þessi ríkisábyrgð að nálgast 700 milljarða og allt útlit fyrir það að með þessu samkomulagi sé verið að festa í sessi veikt gengi krónunnar um a.m.k. tveggja áratuga skeið. Þegar menn hafa hangandi yfir sér slíka skuldbindingu í erlendri mynt er ekki nema eðlilegt að krónan haldist veik við þær aðstæður. Hvað gerist svo þegar kemur að því að greiða þetta? Hvernig á íslenska ríkið að geta aflað þess gjaldeyris sem gert er ráð fyrir að þurfi til að standa undir þessu? Vegna þess að til að það ætti að vera hægt þyrfti samt, við þær aðstæður þegar krónan er varanlega veik og hagkerfið er í rúst, að afla meiri gjaldeyris en við höfum nokkurn tíma getað gert í sögunni. Þessir samningar gera því ekki annað en valda hér efnahagslegri óáran næstu árin, koma í veg fyrir að við náum okkur upp úr kreppunni og valda síðan algeru hruni íslensk efnahagslífs ef fram heldur sem horfir, og það hafa ekki verið færð nein rök fyrir því að sú verði ekki raunin.

[10:38]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Hv. þingmaður er svona endranær heldur skýr í máli, en ég gerði mér ekki alveg grein fyrir því hvort hv. þingmaður væri hér með almennar hugleiðingar eða hvort hann væri að varpa spurningu til utanríkisráðherra. Það var enga spurningu að finna í máli hv. ræðumanns. (Gripið fram í.) Hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson velti því fyrir sér með hverju ætti að borga þessar skuldir og hann vísaði til Icesave-skuldanna. Það hefur komið alveg skýrt fram í umræðunni að gert er ráð fyrir samkvæmt mati að þær eignir sem er að finna hjá Landsbankanum dugi fyrir 75–95% skuldanna. (Gripið fram í.) Það hefur komið fram. Síðan hafa jafnframt komið fram upplýsingar sem benda til þess að eignirnar séu töluvert miklu meiri en menn telja þegar búið er að taka frá það sem menn telja að kunni að vera veikur partur þessara eigna. Ég hef fulla trú á því að þegar upp er staðið muni dómsdagsspár hv. þingmanns ekki rætast. Hann notar hvert tækifæri til að koma og útausa þeim skoðunum að hér sé alltaf allt að fara til fjandans. Ég er honum algerlega ósammála. Ég held að það væri bæði honum og flokki hans farsælla ef hann sæi einhvern tíma eitthvert ljós. (Gripið fram í.) En formaður Framsóknarflokksins sér ekkert jákvætt í stöðunni, það er ekkert jákvætt hjá íslensku samfélagi þó að staðreyndin sé samt sem áður sú að miðað við þá erfiðu stöðu sem við erum í og erum að fara í gegnum, hafa Íslendingar meiri möguleika en þjóðir sem eru í samsvarandi stöðu til að ná sér út úr þeim erfiðleikum sem við erum stödd í. Það er staðreyndin. Ég held að jafnvel þótt enn fleiri predikanir af hálfu hv. þingmanns um að hér sé allt að fara til andskotans komi fram muni það ekki duga til að draga kraftinn og þróttinn úr íslenskri þjóð. En það virðist sem það sé aðalerindi hv. þingmanns í ræðustól dag eftir dag.

[10:41]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Erindið er ekki að draga þróttinn úr þjóðinni. Erindið er að koma ríkisstjórninni frá því að þessi ríkisstjórn er stórhættuleg framtíð þjóðarinnar. Ef þetta samkomulag verður undirritað kemur á daginn í þessu eins og í svokölluðum dómsdagsspám, sem ráðherra kallar svo fram að þessu, að því miður verður svarta myndin ofan á. Það er

alveg rétt sem ráðherrann sagði, Íslendingar hafa miklu meiri tækifæri en flestallar aðrar þjóðir til að vinna sig upp úr vandanum en það er háð því að það vinni með okkur, sem er okkar stærsti styrkleiki í þessari efnahagskreppu, að það eru ekki lentar á þjóðinni þær skuldir sem yfir henni hanga. Ef ríkisstjórnin ætlar að kippa í spottann svo það farg sem yfir okkur hangir falli ofan á þjóðina, verður ekki aftur snúið, þá þýðir ekki að reyna að bjarga efnahagsástandinu með einhverju bjartsýnishjali. Ef við hins vegar tökum á vandanum eru tækifærin til staðar en þessi ríkisstjórn mun ekki að gera það.

[10:42]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég held að hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ætti að taka kollega sinn í forustu Sjálfstæðisflokksins sér til fyrirmyndar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt fram tillögu sem verður rædd síðar í dag þar sem er að finna mjög skynsamlegar hugmyndir um það hvernig íslenska þjóðin á að vinna sig út úr þeim vanda sem hún er í. (**Gripið fram í:** … strax í febrúar.) Í þeirri tillögu er m.a. kallað eftir því að það verði sem víðtækast samráð og það er boðið upp á það af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Þær tillögur sem þar eru margar mjög hugvitssamlegar og ég tel að margar þeirra séu þess eðlis að með sameinuðu átaki stjórnar og stjórnarandstöðu muni þær hjálpa okkur. Ég tel að hv. þingmaður ætti að feta í fótspor hv. þm. Bjarna Benediktssonar og leyfa sér þann munað a.m.k. einu sinni á dag að hugsa jákvæða hugsun. Það yrði gott fyrir Framsóknarflokkinn, (Gripið fram í.) það yrði gott fyrir þjóðina. Við megum ekki nota öll tækifæri sem við höfum, eins og hv. þingmaður virðist gera, til að tala kjarkinn úr þjóðinni. Þrátt fyrir erfiða stöðu og þrátt fyrir kreppu eru (Gripið fram í.) tækifæri þó að hv. þingmaður sé eins og kolanámuhestarnir bresku, hann horfir bara í eina átt og hann sér bara myrkur.

Ummæli Evu Joly.

[10:43]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil beina fyrirspurn minni til hæstv. forsætisráðherra vegna ummæla Evu Joly, ráðgjafa sérstaks saksóknara, í Kastljósi í gærkvöldi. Þar kom fram að hún teldi rannsókn á bankahruninu í uppnámi vegna þess að ekki væru veittir nægilegir fjármunir í rannsóknina. Sagðist hún jafnframt ekki muni leggja nafn sitt við áframhaldandi vinnu ef úr þessu yrði ekki bætt.

Ég sé síðan haft eftir hæstv. dómsmálaráðherra í fjölmiðlum í morgun að hún taki þessa gagnrýni alvarlega. Það er auðvitað gott svo langt sem það nær. Ég tel afar mikilvægt að taka þessar athugasemdir Evu Joly alvarlega enda nýtur hún trausts bæði innan lands og utan fyrir störf sín. Það er mikilvægt að nýta krafta hennar og reynslu og það er ljóst að margir binda miklar vonir við störf hennar.

Hún telur rannsóknina á íslenska bankahruninu einhverja mikilvægustu rannsókn allra tíma í Evrópu og því ljóst að hér eru gríðarlega miklir hagsmunir í húfi. Hún telur jafnframt nauðsynlegt að ríkissaksóknari víki með öllu vegna vanhæfis. Því vil ég jafnframt spyrja hæstv. ráðherra um skoðun hennar á því máli.

Það er ljóst að mikil tortryggni ríkir í samfélaginu og rannsókn á bankahruninu er liður í því að byggja aftur upp traust milli manna í okkar ágæta samfélagi. Hér mun aldrei nást sátt eða verða hægt að byggja aftur upp traust nema þeir sem sökina bera verði fundnir og sóttir til saka. Almenningur treystir Evu Joly og því er það mín skoðun að við eigum að gera allt sem við getum til að tryggja henni þá starfsaðstöðu sem hún telur ásættanlega fyrir framgang rannsóknarinnar.

Spurning mín er því þessi: Hvað hyggjast hæstv. forsætisráðherra og hæstv. ríkisstjórn gera í þessu máli?

[10:45]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin mun gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að tryggja viðunandi starfsaðstöðu Evu Joly hér á landi og þess fólks sem hún kemur með til þess að vinna að rannsókninni. Það er grundvallaratriði og ég tel hverri einustu krónu vel varið sem varið er til þess að efla það að hún hafi þá starfsaðstöðu sem hún telur sig þurfa. Það er fullkomin samstaða í ríkisstjórninni um að tryggja Evu Joly þá starfsaðstöðu.

Komið hafa fram athugasemdir hennar við starf ríkissaksóknara og hefur hæstv. dómsmálaráðherra sagt að það sé í skoðun hvernig á því verður tekið. Ég get tekið undir allt sem fram hefur komið hjá Evu Joly og ég hef heyrt hana segja um það sem vantar á upp á starfsaðstöðu og að skipaðir séu þrír sérstakir saksóknarar í rannsókn á bönkunum.

Ég get líka tekið undir það sem hún segir varðandi vanhæfi ríkissaksóknara og á því verður að taka. Hæstv. dómsmálaráðherra er að vinna að undirbúningi á frumvarpi um þessi mál til að taka á þeim með þeim hætti sem Eva Joly óskar eftir. Ég tel það vera grundvallaratriði.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að það er mjög mikilvægt að gera allt sem í valdi ríkisstjórnarinnar og Alþingis stendur til þess að byggja upp traust á nýjan leik meðal þjóðarinnar og að hún hafi trú á þessari rannsókn, að allt sé gert sem hægt er í þessu efni. Ég fullvissa hv. þingmann og þingheim um að svo verður gert af hálfu þessarar ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[10:47]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. forsætisráðherra kærlega fyrir þessi skýru og afdráttarlausu svör sem hún gefur við fyrirspurn minni. Ég tel þetta afar mikilvæga yfirlýsingu sem hér er veitt af hálfu hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar til þess að eyða þeirri tortryggni og vantrú sem virtust hafa skapast meðal almennings í kjölfar frétta sem bárust í gær eftir viðtalið við Evu Joly.

Ég þakka því hæstv. ráðherra enn og aftur fyrir skýr og afdráttarlaus svör og er þess fullviss að með þessari yfirlýsingu muni hæstv. ríkisstjórn veita það fjármagn sem þarf til þess að þessi rannsókn verði gerð með fullnægjandi hætti og í anda þeirra krafna sem Eva Joly hefur sett fram.

Endurskoðun á stöðu embættismanna.

[10:48]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Nú vill svo skemmtilega til að fyrirspurnin sem ég hafði hugsað mér að beina til hæstv. forsætisráðherra hefur komið fram og hún hefur svarað henni af röggsemi. (Gripið fram í.) Fyrirspurnin varðaði rannsóknina, Evu Joly og hlutverk hennar.

En ég hef hins vegar aðra spurningu sem ég vel borið fram til hæstv. forsætisráðherra um annað málefni. (Gripið fram í.) Ég ætla að nota tækifærið og gera það. (**Gripið fram í:** Þetta er óundirbúið.) Þetta er mjög óundirbúið, já. Það varðar þær hrókeringar sem nú eiga sér stað og við höfum heyrt um meðal æðstu stjórnenda embættismanna í Stjórnarráðinu. Við höfum heyrt um að nú sé verið að færa til ráðuneytisstjóra.

Það er ekki alveg nýtt. Það er saga sem við þekkjum 20 ár aftur í tímann, að embættismenn og ráðuneytisstjórar eru færðir til í ráðuneytum eða reynt að koma þeim fyrir í öðrum störfum, þeir sendir til útlanda um tíma og stundum til langdvalar. Mér finnst þetta fyrirkomulag vera gengið sér til húðar, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Ég vil inna hæstv. forsætisráðherra eftir því hvort ekki sé orðið tímabært að taka þetta fyrirkomulag til rækilegrar endurskoðunar. Við höfum upplifað það aftur og aftur að stöður ráðuneytisstjóra eru stundum hápólitískar stöður. Í öðrum tilfellum eru þær algjörlega faglegar og embættislegar.

Ég er þeirrar skoðunar að þær þurfi að vera annaðhvort. Annaðhvort eigi ráðuneytisstjórarnir að vera ráðnir sem embættismenn algjörlega á faglegum forsendum eða að þeir eigi að koma og fara með ráðherrum meira á pólitískum forsendum. Það verður að vera alveg skýrt á hvaða forsendum menn starfa.

Það fyrirkomulag og þær aðstæður sem við búum við núna eru óviðunandi og ég vil inna hæstv. forsætisráðherra eftir því hvort hún telji ekki koma til álita að taka þetta fyrirkomulag til rækilegrar endurskoðunar þannig að við búum til framtíðar við eitthvert (Forseti hringir.) fast fyrirkomulag hvað þetta snertir.

[10:51]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að það fyrirkomulag sem við búum við að því varðar þessar embættisveitingar er óviðunandi. Ég vil líka taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að það fyrirkomulag þarf að endurskoða. Það hefur reyndar verið gert og á nú árinu 2009 eimir enn eftir af því að hér séu æviráðningar hjá embættismönnum og lítið hægt að hagga við þeim. Það dugar auðvitað ekki og þarf að endurskoða.

Þetta er eitthvað sem við þurfum að taka til endurskoðunar ásamt því að skoða allar embættisveitingar í stjórnkerfinu alveg frá grunni, hvernig taka á á þeim. Það á auðvitað að auglýsa stöður embætta í stjórnkerfinu og standa faglega að málum. Ég tel að þessi ríkisstjórn hafi gert það og minni þar t.d. á stöðu seðlabankastjóra. (Gripið fram í.)

Að því er varðar þá tvo ráðuneytisstjóra sem hér um ræðir var þetta niðurstaðan sem ég hygg að aðilar verði, miðað við aðstæður, að una við og geti unað við. Ég sá það í *Morgunblaðinu* í dag að sá ráðuneytisstjóri sem var í forsætisráðuneytinu unir sæmilega við það hlutverk sitt að vera orðinn ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu. En það eru ráðuneytisstjórarnir sem eru ráðnir með þau kjör sem þeir hafa, og reyndar fleiri, sem ráða raunverulega ferðinni í þessu máli.

Það er ekki hægt að taka á þessum málum öðruvísi en með margra milljóna og tugmilljóna króna starfslokasamningi ef viðkomandi ráðherra telur nauðsynlegt af einhverjum ástæðum að breyta um ráðuneytisstjóra. Það er óviðunandi fyrirkomulag þannig að ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda (Forseti hringir.) að það er nauðsynlegt að endurskoða þetta fyrirkomulag frá grunni.

[10:53]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna á að hafa einn fund í gangi í salnum.

[10:53]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir þessi svör og fagna því að hún er þeirrar skoðunar að þessi mál þurfi að taka til endurskoðunar. Ég er afdráttarlaust þeirrar skoðunar að hvað ráðuneytisstjóra varðar eigi að flytja sig yfir í það fyrirkomulag að ráðuneytisstjórar komi og fari með ráðherrum. Þeir eru nánustu trúnaðar- og embættismenn viðkomandi ráðherra og að mínu mati á að flytja sig yfir í það kerfi, það séu bara hreinar línur og það viti allir. Það gangi enginn gruflandi að því.

Það fyrirkomulag sem hér hefur fengið að þróast í undanfarna áratugi hefur verið einhvers konar samsuða af hvoru tveggja og ég tel að engum sé greiði gerður með því.

Svo vil ég minna hæstv. forsætisráðherra á að í dag, að ég hygg, hefur verið dreift frumvarpi til breytinga á lögum um Stjórnarráð Íslands sem gefur að sjálfsögðu tækifæri til að taka þetta mál til skoðunar því að um það er fjallað í umræddum lögum.

Skipun samninganefndar um ESB-aðild.

[10:54]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra á þessa leið: Með hvaða hætti hyggst ráðherrann velja í samninganefnd Íslands um hugsanlegar aðildarviðræður að Evrópusambandinu með hliðsjón af því að nýjasta afrek Íslands í samningagerð á alþjóðavettvangi var hraksmánarlegt? Sendinefndin var ekki skipuð neinum sérfræðingum að málinu, hafði greinilega ekki reynslu og hefði sendinefnd nánast valin af handahófi úr símaskrá gert betur.

Í öðru lagi: Verða erlendir sérfræðingar fengnir til ráðgjafar í þessum samningaviðræðum? Við teljum sýnt að þetta verkefni sé það risavaxið að sú sérþekking sé ekki til staðar hér á landi.

[10:55]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Málið er nú í höndum þingsins og ég hyggst

ekkert gera í því fyrr en vilji þingsins liggur fyrir. Ekki verður skipuð nein samninganefnd fyrr en það liggur fyrir að Alþingi er samþykkt því að menn fari þá leið að sækja um aðild að Evrópusambandinu með það fyrir augum að koma heim með samningsniðurstöðu og leggja í þjóðaratkvæði.

Hins vegar kom fram, hv. þingmaður, þegar við ræddum þetta hér fyrir tíu dögum eða svo að það væri alveg ljóst af minni hálfu að leitað yrði til þeirra sem við getum kallað faglega sérfræðinga. Ég held að í ræðu sinni hafi hv. þingmaður einmitt fjallað töluvert um það hvaða kostum þeir þyrftu að vera búnir. Ég var alveg sammála hv. þingmanni. Það verða því menn og konur í þeirri samninganefnd sem ekki verður hægt annað en að fallast á að búi yfir sérfræðiþekkingu og langri reynslu í þessum efnum. Það fólk er að finna í utanríkisráðuneytinu og líka annars staðar.

Varðandi seinni spurningu hv. þingmanns um hvort leitað verði til erlendra faglegra sérfræðinga hefur það líka legið fyrir af minni hálfu hér í umræðunum að það verði gert.

Ég sagði við umræðurnar að ég mundi gera mér far um að hafa sem nánast samráð um þessa hluti. Ég tel t.d. að þegar menn fara í að skipa svona mikilvægar nefndir þurfi að hafa samráð um það við þá sem málinu tengjast. Þar á meðal tel ég að viðhorf Alþingis um hvers eðlis þeir eigi að vera sem skipa samninganefndina, megi gjarnan liggja fyrir. Ég sagði það hér í umræðunum að ég mun hlusta mjög grannt eftir því sem Alþingi og utanríkismálanefnd segja og eins þeir flokkar sem eiga hér sæti.

[10:57]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir skýrt og greinargott svar og jafnframt þakka ég hæstv. forsætisráðherra fyrir ráð hennar varðandi Evu Joly. Komið hafa fram nokkur skýr svör við fyrirspurnum í morgun sem er svolítið óvanalegt hér í þinginu. Það gefur tilefni til þess að velta því fyrir sér hvort það sé einhvers staðar ljóstíra sem hægt er að horfa á í framhaldinu. (**Gripið fram í:** Nei.) [Hlátur í þingsal.]

[10:58]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Mér finnst alla vega að hin frísklega Borgarahreyfing hafi þrátt fyrir allt haft nokkur áhrif hér í þessum sölum. Hún hefur að minnsta kosti tryggt málfrelsi utanríkisráðherra. Ég er algjörlega sammála hv. þm. Þór Saari um að það er ljóstíra í þessum sal, meðal þingmanna og líka í efnahagsmálunum.

Varðandi það mál sem við ræddum hér, þ.e. hugsanlega umsókn að Evrópusambandinu, hefur það komið algjörlega skýrt fram af minni hálfu að ég vil hafa sem breiðast samráð við sem flesta stjórnmálaflokka, við þær nefndir þingsins sem um það véla. Ég hef sagt það alveg skýrt að eitt af því sem þarf að gera er auðvitað að fá aðstoð hlutlausra faglegra sérfræðinga frá útlöndum ef menn telja það nauðsynlegt til þess að tryggja að málinu vindi vel fram.

Sömuleiðis er ég þeirrar skoðunar og er sammála hv. þingmanni um að þarf líka að tryggja það, ef í þetta ferli verður farið eftir að Alþingi hefur afgreitt málið, að öll upplýsingamiðlun verði með sem hlutlægustum hætti. Ég er alveg reiðubúinn til þess að hlusta á hið háa Alþingi varðandi með hvaða hætti það er gert.

Hv. þingmaður hefur sett fram ákveðnar skoðanir á því. Aðrir á þinginu hafa sett fram örlítið mismunandi skoðanir en ég er þeirrar skoðunar að upplýsingamiðlun skipti mjög miklu máli.

Frú forseti. (Forseti hringir.) Ég er reiðubúinn að láta nú af ræðuflutningi til þess að fleiri komist að.

Umræður utan dagskrár.

Atvinnumál og atvinnustefna ríkisstjórnarinnar.

[11:01]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við Íslendingar stöndum á tímamótum, við stöndum frammi fyrir því verkefni að endurreisa efnahag landsins. Við það starf er þörf á hugrökku fólki sem þorir að taka ákvarðanir og þeir sem halda um stjórnartaumana bera mikla ábyrgð gagnvart þjóðinni og framtíð hennar.

Enginn Íslendingur hefur farið varhluta af þeim efnahagsþrengingum sem geisað hafa hér á landi. Fjöldi manns hefur misst atvinnu sína og í dag eru atvinnulausir um 19 þúsund talsins. Atvinnuleysi er ekki þolandi og við skulum aldrei sætta okkur við að það verði viðvarandi.

Í stjórnarsáttmála vinstri flokkanna kemur fram að þegar hafi verið ráðist í aðgerðir til að sporna gegn atvinnuleysi. Þær aðgerðir eiga að skila 6 þúsund ársverkum á næstu mánuðum og missirum. Jafnframt kemur fram í atvinnumálakafla stjórnarflokkanna að allar aðgerðir taki mið af ólíkri stöðu kynjanna og mismunandi áhrifum á byggðir landsins.

Í máli hæstv. iðnaðarráðherra í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi á dögunum kom fram að aðgerðir til að uppfylla það markmið að skapa þessi 6 þúsund störf væru þegar farnar að skila árangri. Í ljósi þessa beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra: Hversu hátt hlutfall þessara 6 þúsund starfa er þegar komið til, hvernig skiptast þau með tilliti til ólíkrar stöðu kynjanna og byggðar landsins og í hvaða atvinnugreinum hafa störfin skapast?

Virðulegi forseti. Ég tel að við Íslendingar eigum fjölmörg tækifæri til að byggja hér upp sterkt og öflugt atvinnulíf til framtíðar. Forsenda þess að við náum tökum á verkefninu er að sjálfsögðu sú að ríkisstjórnin einbeiti sér að þeim verkefnum sem fyrir liggja, í fyrsta lagi að ná tökum á ríkisfjármálunum og í öðru lagi að ljúka við endurreisn bankanna. Hlúa þarf að þeim fyrirtækjum sem þegar eru starfandi og eru rekstrarhæf en jafnframt þarf að sækja fram og leita nýrra tækifæra sem geta skapað meiri gjaldeyristekjur. Sóknin til framtíðar verður byggð á okkar helstu styrkleikum sem eru aldurssamsetning þjóðarinnar, að menntunarstig er hátt hér á landi, innviðir þjóðfélagsins eru sterkir, grunnatvinnuvegirnir eru sterkir og við eigum gnótt af orku í iðrum jarðar.

Aldrei í sögu lýðveldisins hefur verið mikilvægara að koma á frekari atvinnuuppbyggingu hér á landi. Erlendir fjárfestar hafa sýnt mikinn áhuga á að koma hingað til lands

að sinna ýmsum verkefnum tengdum orkufrekum iðnaði. Fjárfestar reka sig hins vegar á ýmsar hindranir í íslenskri stjórnsýslu gegn því að verkefnin komist í framkvæmd. Brýnt er að taka á þessu sem fyrst og liðka til fyrir því að erlent fjármagn streymi til landsins til að byggja upp atvinnutæki framtíðarinnar og skapa auknar gjaldeyristekjur.

Helstu hindranirnar felast í því að ekki liggur fyrir rammalöggjöf um ívilnanir. Óvissa er um skattumhverfið sem veldur óróa meðal fjárfesta. Óvissa er um framboð orku sem veldur ákveðnum vanda og jafnframt er umhverfismatsferlið óljóst, tímafrestir ekki virtir og þetta hefur þegar leitt til þess að fjárfestar hafa horfið héðan með stór verkefni sem virkilega hefði skipt máli að hér væru til staðar í dag.

Nú hefur hæstv. iðnaðarráðherra að því er mér skilst í fjölmiðlum sett á fót sérfræðingahóp til að leggja fram áætlun að því hvernig megi greiða fyrir þessu máli og hópurinn á að skila niðurstöðum sínum um áramót. Ég leyfi mér að halda því fram að sá tími sem hópurinn hefur til umfjöllunar sé of langur og leiði til þess að við töpum af enn fleiri tækifærum.

Virðulegi forseti. Ef maður skoðar verk ríkisstjórnarinnar í heild virðist atvinnustefna hennar felast í ákveðinni óvissu. Sá skaði sem áform ríkisstjórnarinnar um að fara svokallaða fyrningarleið í sjávarútvegi hefur valdið miklum skaða nú þegar í þeirri grein og vegið að rótum okkar grundvallaratvinnugreinar. Þá ríkir jafnframt óvissa innan landbúnaðargeirans vegna áforma Samfylkingarinnar um að ganga inn í Evrópusambandið. Afgreiðsla umsóknar ORF Líftækni um sáningu á erfðabreyttu byggi sem gæti skapað okkur miklar gjaldeyristekjur til framtíðar, hefur verið dregin á langinn. Hugmyndir orkufyrirtækjanna um aðkomu krónubréfaeigenda að fjárfestingum, t.d. í Búðarhálsvirkjun, fá ekki undirtektir eða svör í fjármálaráðuneytinu. Erindi Heilsufélags Reykjaness til heilbrigðisráðherra vegna atvinnusköpunar í heilsutengdri þjónustu er ekki svarað. Virkjunaráform í neðri hluta Þjórsár eru í frysti vegna afskipta umhverfisráðherra af skipulagsmálum sveitarfélaga. Útgáfa rannsóknarleyfa vegna hugsanlegrar orkunýtingar framtíðarinnar eru ekki gefin út.

Óneitanlega vakna áhyggjur og spurningar um það hvert sé stefnt. Er einhver stefna í gangi? Allt eru þetta verkefni sem geta skapað þjóðarbúinu gríðarlegar gjaldeyristekjur. Því spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra: Í hverju er atvinnustefna ríkisstjórnarinnar fólgin?

[11:06]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. málshefjanda fyrir að taka atvinnumálin upp á Alþingi enda er um gríðarlegt hagsmunamál að ræða, bæði fyrir fyrirtækin í landinu og þó ekki síst heimilin.

Eins og í öllum löndum sem hafa gengið í gegnum fjármálakreppu með miklum samdrætti þjóðartekna og innlendrar eftirspurnar upplifum við gríðarlega erfiðleika í atvinnulífinu og við höfum verið að horfa upp á aukið atvinnuleysi þó að nýjustu tölur sýni að það sé þó að hægja á þeirri aukningu.

Til viðbótar við afleiðingar fjármálakreppu búum við við gríðarlega erfiða gjaldeyriskreppu svo verðgildi krónunnar er stutt höftum, háum vöxtum og inngripum Seðlabankans. Gjaldeyriskreppan torveldar hefðbundnar örvunaraðgerðir, svo sem mjög hraðar vaxtalækkanir og aukningu ríkisútgjalda. Við þessar aðstæður er mikilvægasta einstaka aðgerð ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum sú efnahagsáætlun sem fylgt er við að ljúka endurreisn bankakerfisins og koma á jafnvægi í ríkisfjármálum. Þannig skapast forsendur fyrir meiri gengisstöðugleika, afnámi gjaldeyrishafta í áföngum og mun hraðari lækkun stýrivaxta í takt við minni verðbólgu.

Nú í sumar erum við að ná nokkrum mikilvægustu áföngunum og leggja þannig grunn að endurreisninni. Ég nefni sérstaklega stöðugleikasáttmála við aðila á vinnumarkaði enda vitum við öll að framtíðarlausnin felst í verðmætasköpun í atvinnulífinu, störfin verða til hjá fyrirtækjunum, okkar er að skapa forsendurnar. Við þurfum að horfa til lengri og skemmri tíma. Til skemmri tíma, eins og fram kom í máli hv. málshefjanda, hefur verið hrint af stað sérstöku átaki í atvinnumálum með fjölbreyttum verkefnum upp á u.þ.b. 6 þúsund ársverk sem ætlað er að draga úr atvinnuleysinu yfir mesta samdráttarskeiðið. Iðnaðarráðuneytið er þessa dagana að taka saman þann fjölda starfa sem þegar er orðinn til vegna átaksins. Þær tölur verða lagðar fram í ríkisstjórn í næstu viku og þá getum við farið ítarlega fyrir bæði heildina og sundurliðunina sem kallað var eftir.

Ég vil nefna örfá atriði sem ég tel rétt að komi fram og liggja nú þegar fyrir. Ef ég vík að byggingariðnaðinum eru vísbendingar um að sá liður áætlunarinnar muni skapa fleiri ársverk en þau 1.700 sem gert er ráð fyrir þar. Þá má nefna að Alþingi hefur samþykkt heimild fyrir fjárfestingarsamningi vegna álvers í Helguvík. Þar verða 4 þúsund ársverk á framkvæmdatímanum svo ekkert eitt verkefni mun vega þyngra.

Nýsköpunarmiðstöð og iðnaðarráðuneytið beittu sér strax fyrir opnun þriggja nýrra frumkvöðlasetra í samstarfi við fyrirtæki og tvö hafa bæst við, þannig að nú eru þegar orðin átta um landið allt. Nýlega heimsótti ég þekkingar- og frumkvöðlasetrið Eldey í Reykjanesbæ, sem er kjördæmi hv. þingmanns. Meðal frumkvöðlanna þar er fyrirtækið HBT sem líkt og Marorka vinnur að orkusparnaði fyrir skipaflotann. Það eru margar góðar fréttir í atvinnumálum og þetta fyrirtæki er dæmi um það vegna þess að þar eru starfsmenn orðnir 16 og fjölgar um annað eins á árinu, telja menn þar, enda veltan áætluð um 2 milljarðar þegar á þessu fyrsta starfsári. Við þurfum að halda góðum fréttum eins og þessum til haga.

Um 100 einstaklingar af skrá yfir atvinnuleitendur starfa nú við nýsköpun og þróun í yfir 50 fyrirtækjum gegnum verkefnið Starfsorku sem iðnaðarráðuneytið setti á laggirnar í samstarfi við Vinnumálastofnun. 14 sveitarfélög hafa staðfest þátttöku í samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands, samgönguráðuneytisins og sveitarfélaganna. Það þýðir 312 störf og enn er að bætast þar við. Hvað stöðu stærri verkefna í iðnaði varðar get ég sagt að í tengslum við stöðugleikasáttmála aðila á vinnumarkaði er rætt um mögulega aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun verkefna. Þar er Búðarhálsvirkjun nærtæk, enda öll leyfi þar fyrir hendi,

og gríðarlega mikilvægt að það starf fari af stað vegna þess að það er rík eftirspurn eftir orku.

Framkvæmdir eru hafnar við húsnæði fyrir netþjónabú Verne Holding í Reykjanesbæ og nýlega undirritaði ég samkomulag við aðstandendur sólarkísilverksmiðju í Helguvík en þeir vinna nú að fjármögnun verkefnisins. Síðar á árinu er einnig að vænta ákvörðunar um hvort ráðist verður í byggingu hreinkísilverksmiðju í samstarfi við Strokk Energy. Í síðustu viku skoðuðu síðan fulltrúar Greenstone ásamt mjög stórum bakhjarli, Blönduós, Egilsstaði og fleiri staði sem mögulega staðsetningu fyrir stórt netþjónabú, líklega eitt það stærsta sinnar tegundar.

Þetta er það sem ég hef tínt til hvað varðar verkefni til skemmri tíma, en auðvitað er stóra verkefnið líka að horfa til lengri tíma. Ríkisstjórnin er núna að vinna að sóknarstefnu í atvinnumálum með áherslu á græn gildi. Tillögur um bætt starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja munu liggja fyrir á næstu vikum og á vegum ráðuneytisins er einmitt að hefjast vinna við að móta heildstæða orkustefnu sem ætlað er að vinna saman við þessa heildstæðu atvinnustefnu. Þar eigum við að horfa til þeirra verkefna sem vilja nýta okkar endurnýjanlegu orku en hafa hvert um sig mun minni orkuþörf en hefðbundin stórverkefni á borð við álver. Ríkur vilji er til þess að einhver þessara verkefna verði að veruleika sem allra, allra fyrst.

Erlend nýfjárfesting er okkur mjög mikilvæg núna og það eykur mér bjartsýni að í ráðuneytinu hefur aldrei verið jafnmikil traffík af aðilum sem horfa til okkar sem staðsetningarkosts. (Forseti hringir.) Þess vegna mun rammalöggjöf um ívilnanir fyrir erlendar fjárfestingar skipta gríðarlega miklu máli og ég vona eins og hv. þingmaður að hún muni líta dagsins ljós mun fyrr en í lok þessa árs.

[11:11]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu um atvinnumál sem hér hefur farið fram. Ég vil byrja á að taka undir með hæstv. iðnaðarráðherra um að það sé nauðsynlegt að halda á lofti góðum hugmyndum, ekki síst í atvinnumálum. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt okkur frá um 6 þúsund starfa átaki og sundurliðun þeirra starfa sem unnið er að í ráðuneytinu og mun koma fram í næstu viku, vonandi.

Svolítið hljómar þetta þó eins og margt annað sem við höfum heyrt frá ríkisstjórninni, eins og t.d. um endurreisn bankanna sem hefur alltaf verið á döfinni í næsta mánuði eða í þar næstu viku. Vonandi mun ríkisstjórnin standa við þessi áform, það er afar mikilvægt og ekki síst fyrir atvinnulífið.

Við þurfum auðvitað að sjá fleiri hugmyndir um atvinnuuppbyggingu koma fram og það er ánægjulegt að í iðnaðarráðuneytinu skuli vera fleiri hugmyndir en oft áður, en við þurfum fyrst og fremst að sjá þær verða að veruleika. Það er líka nauðsynlegt að ríkisstjórnin tali einum rómi og sé samstiga í slíkum málum. Við höfum ekki efni á að horfa upp á atvinnutækifærin gufa upp eða glutrast niður vegna þess að stjórn og ráðherrar tali hver í sína áttina. Við höfum ekki efni á að sjá aftur afgreiðslu þáverandi hæstv. umhverfisráðherra Samfylkingarinnar að senda 500 störf kísilflöguverksmiðjunnar, sem rísa átti í Þorlákshöfn, til Kanada vegna þess að ekki var hægt að ákveða hvort umhverfismat tæki eitt, tvö eða þrjú ár. Við höfum ekki efni á að horfa upp á misvísandi yfirlýsingar hæstv. ráðherra um uppbyggingu í Helguvík, og þá á ég ekki við hæstv. iðnaðarráðherra heldur ýmsa aðra ráðherra. Við höfum heldur ekki ráð á því að sumir ráðherrar ríkisstjórnarinnar setji fótinn fyrir uppbyggingu á Bakka á meðan heimaaðilar berjast þar við að halda áfram ótrauðir sínu starfi. Við verðum, frú forseti, að hafa ríkisstjórn sem talar skýrt og stendur (Forseti hringir.) við orð sín. Við höfum ekki efni á að hafa ríkisstjórn sem talar um atvinnumál út og suður og norður og niður, eins og hér hefur verið sagt.

[11:14]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér atvinnumál. Atvinnumissir er ein alvarlegasta afleiðing kreppunnar og því hefur ríkisstjórnin ráðist í brýnar aðgerðir til að sporna við atvinnuleysi sem skila eiga um 6 þúsund störfum á næstu mánuðum og missirum. Góðu fréttirnar eru þær að atvinnuleysistölur eru að síga niður fyrir 9% og að námsmönnum hefur gengið betur að fá vinnu í sumar en reiknað var með. Sérstök áhersla verður lögð á að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi með því að virkja fjölþætt úrræði Vinnumálastofnunar og stuðla að endurmenntun atvinnuleitenda.

Sóknarfærin í atvinnusköpun í landinu liggja í frumatvinnuvegum okkar og nýsköpun í sprotafyrirtækjum. Með stuðningi við uppbyggingu þessara fyrirtækja mun fjöldi nýrra starfa verða til og aukinna gjaldeyristekna aflað fyrir þjóðarbúið. Íslenskur sjávarútvegur mun gegna lykilhlutverki í endurreisn atvinnulífsins. Lögð verður áhersla á að skapa greininni sem best rekstrarskilyrði og mótuð verður heildstæð fullvinnslustefnu í nánu samráði við alla hagsmunaaðila. Frjálsar handfæraveiðar í sumar eru liður í því að auðvelda atvinnusköpun í sjávarbyggðum.

Mikill hugur er í ferðaþjónustuaðilum og mikil sóknarfæri fram undan. Ársverk í greininni eru 8.200 og hefur fjöldi erlendra ferðamanna aukist um 66% frá árinu 2000. Efld verður markaðssókn í ferðaþjónustu með sameiningu landkynningarmála undir merkjum nýrrar Íslandsstofu. Kannanir sýna að Ísland sem áfangastaður ferðamanna hefur ekki beðið tjón vegna bankahrunsins.

Stórt verkefni er í sjónmáli en það er bygging nýs háskólasjúkrahúss sem skapa mundi fjölda ársverka í byggingariðnaði og vinnu fyrir arkitekta og verkfræðinga.

Eitt stærsta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir nú er að leita allra ráða til að verja þau mikilvægu störf í mennta- og velferðarkerfinu sem við mögulega getum. (Forseti hringir.) Heildstæð atvinnustefna fyrir Ísland mun byggjast á jafnræði atvinnugreina, jafnrétti kynja, heilbrigðum viðskiptaháttum, jafnvægi í byggð landsins (Forseti hringir.) og grænni atvinnuuppbyggingu í anda sjálfbærrar þróunar.

[11:16]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegur forseti. Ég fagna því að uppi skuli vera umræða um atvinnumál. Það eru um 18 þúsund atvinnulausir á

Íslandi í dag og er mikið atriði að finna þeim eitthvað að gera. Ég hef heyrt sömu gömlu klisjurnar um miðstýrða risaiðnaðaruppbyggingu sem gekk sér til húðar í Sovétríkjunum árið 1950. Þetta er dapurlegur skortur á hugmyndaflugi og dapurlegur skortur á frumkvæði. Seinasta risaverkefni af þessum toga setti samfélagið á hausinn og efnahagskerfið á hliðina og endaði í því að skapa 630 störf með afleiddum störfum á Reyðarfirði. Það er allt og sumt þar sem hvert starf kostaði 230 millj. Það er alveg botnlaus sóun á auðlindum og fé að standa í þess konar atvinnuuppbyggingu. Borgarahreyfingin leggur því einfaldlega til að þessu álversæði verði hent og farið verði að gera eitthvað betra og meira skapandi.

Eitt af því sem hægt er að gera strax á morgun og hefði verið hægt að gera fyrir löngu síðan er að hægt er að fara inn í atvinnuleysisskrána eins og hún er í dag, leita að sérfræðingum, bjóða þeim að stofna verkefnahópa um einhver einstök mál, bjóða þeim störf sem verkefnastjórar kannski á einum og hálfum atvinnuleysisbótum og láta þá sjálfa fá einhverja peninga til að búa til ný fyrirtæki og ný störf. Það er borðleggjandi að gera þetta svona. Það má lækka raforkuverð til garðyrkjubænda, það má lækka raforkuverð til iðnaðar. Vegagerð er ekki mannaflsfrek framkvæmd, það er tækjafrek framkvæmd. Það er ekki heldur framkvæmd í anda jafnréttisáætlunar því að það eru tómir karlar sem starfa í því. Það er því kominn tími til að vanda sig (Forseti hringir.) og gera hlutina af skynsemi og gera hlutina upp á nýtt með nýrri hugsun en hætta (Forseti hringir.) þessu risaálversæði sem skilar mjög litlu.

[11:19]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er áhugavert að hlusta á hv. þingmann Borgarahreyfingarinnar tala um að það eigi að hætta öllum stóriðjuframkvæmdum og gera eitthvað annað í staðinn eða þá að hlusta á hæstv. iðnaðarráðherra tala um að helsti áfanginn í atvinnumálum sé stöðugleikasamkomulag aðila vinnumarkaðarins og að reisa eigi netþjónabú.

Það er fyrst og fremst Samfylkingin sem á heiður af því að tækifæri til atvinnuuppbyggingar hafa glatast á undanförnum árum, tækifæri sem í dag hefðu haft úrslitaáhrif á atvinnuþróun í landinu. Við eigum einstaka möguleika til eflingar á atvinnulífinu. Stjórnmálamenn þurfa að hafa kjark til að nýta þau tækifæri sem liggja fyrst og fremst í virkjunarmöguleikum okkar. Nokkrir valkostir eru þar augljósir og þurfa ekki að bíða þeirrar rammaáætlunar um virkjunarkosti sem Samfylkingin notar til að réttlæta aðgerðarleysi sitt. Við höfum einfaldlega ekki efni á því að bíða, virðulegi forseti. Það eru einkunnarorð þessarar vinstri stjórnar, að bíða og skoða málin en kjarkur og úrræðaleysi eru frekar réttnefni á stefnuleysi þeirra. Iðnaðarráðherrar ríkisstjórnarinnar, hæstv. samfylkingarráðherrar Össur Skarphéðinsson og Katrín Júlíusdóttir, hafa verið óþreytandi að tala um öll tækifærin sem liggja á borði ráðuneytisins, þau hafi aldrei verið fleiri en nú. Nú þurfa þjóð og þing að upplifa aðgerðir á þessum vettvangi frekar en á þeim innihaldslausa fagurgala samfylkingarráðherranna sem okkur hefur verið boðið upp á fram að þessu.

Það eru öflugir og stöðugir atvinnuvegir sem standa undir aukinni verðmætasköpun og eflingu þjóðarframleiðslunnar og verða lykillinn að viðreisn samfélagsins. Undirstaða þess er skynsamleg nýting náttúruauðlinda okkar sem okkur hefur tekist vel með á undanförnum áratugum. Það er tímabært að þessi ríkisstjórn vinstri flokkanna geri sér grein fyrir því að efling atvinnulífsins og aukin útflutningsverðmæti verða grunnurinn að því að þessi þjóð nái vopnum sínum aftur en ekki aukinn ríkisrekstur og frekari skattpíning.

[11:21]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Ríkisstjórnin tekur í arf atvinnuleysi í sögulegu hámarki og atvinnulíf í miklum þrengingum í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Atvinnustefna innan ríkisstjórnarinnar byggir á jafnræði atvinnugreina, jafnrétti kynjanna, heilbrigðum viðskiptaháttum og grænni atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Þegar ég tala um sjálfbæra þróun meina ég ekki bara á sviði umhverfismála heldur líka á sviði atvinnumála. Ég vil víkja þar sérstaklega að ferðaþjónustunni. Hún getur gegnt lykilhlutverki við endurreisn atvinnulífs okkar. Atvinnugreinin er atvinnu- og gjaldeyrisskapandi en hins vegar má búast við því að hefðbundin ferðaþjónusta sé í vörn á heimsvísu og því er mikilvægt að Ísland bregðist við með einhverjum hætti. Innan ferðageirans er horft til heilsutengdar ferðaþjónustu en almenningur virðist síður spara við sig þegar kemur að því að sinna sjálfum sér andlega og líkamlega í heilsubótar- og í lækningaskyni. Ef við viljum byggja upp gott atvinnulíf á Íslandi þýðir ekki fyrir okkur að koma með stórar skyndilausnir. Margir og fjölbreyttir sprotar leiða til miklu sterkari undirstöðu en ef atvinnulífið þarf að treysta á eina atvinnugrein og afurðaverð innan hennar.

Umræðan um heilsulandið Ísland sýnir að náttúra landsins getur gegnt lykilhlutverki við uppbyggingu atvinnulífs, að gæta náttúru landsins og ímynd þess er þannig stærsta hagsmunamál þeirra sem vilja fjölga störfum á Íslandi. Það er villandi nálgun að setja fjölgun starfa og verndun umhverfis upp sem tvo andstæða póla í stjórnmálaumræðu.

Frú forseti. Við þingmenn og ráðherrar í miðju- og vinstri flokkum vorum öðrum þræði kosnir inn á þetta þing til að koma með nýjar lausnir. Við skuldum því kjósendum okkar að koma með leiðir sem horfa til nýrrar sóknar í atvinnumálum. Við verðum að geta staðið frammi fyrir hv. þingmönnum og fleirum í haust og vetur og mætt óskum þeirra um aðgerðir með ákveðnum hætti. En við umhverfissinnar og stuðningsmenn ferðaþjónustunnar ætlum einhvern tíma að geta staðið keikir, verið fastir fyrir og svarað andstæðingum okkar getum við ekki alltaf spilað á tilfinningar. Við verðum að tala tungumáli atvinnulífsins, tala um arðsemi og vísa til fjármuna en ekki til verndunar, tala um fjölda starfa á sama hátt og virkjunarsinnar tala um störf og afleidd störf. Hér á ríkið að koma inn með afgerandi hætti. Ef það er með hagrænum hvötum, uppfinningu lífeyrissjóðanna til arðbærra fjárfestingarverkefna í ferðaþjónustu, raunhæfum aðgerðum til að fá Orkustofnun að verkefnum í ferðaþjónustu, vil ég sjá slíkar aðgerðir strax.

[11:23]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil líkt og aðrir þakka fyrir þessa umræðu sem er mjög mikilvæg. Það hljómar mjög vel þegar hæstv. iðnaðarráðherra segir úr ræðustóli Alþingis að ríkisstjórnin ætli sér að skapa 6 þúsund störf. Síðan koma aðrir stjórnarliðar og tala fyrir mikilli umhverfisvernd en 2 þúsund af þessum 6 þúsund störfum eru fólgin í atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti og einhver hluti Samfylkingarinnar. Í dag eru 19 þúsund Íslendingar atvinnulausir og við bíðum eftir áætlunum ríkisstjórnarinnar um það hvernig koma eigi til móts við þessa einstaklinga.

Hæstv. ráðherra segist í næstu viku ætla að koma með sundurliðun á þessum 6 þúsund störfum. Það er heldur seinna en áætlað var en það er ekki eina frestunin sem við þurfum að horfast í augu við. Það er ekki enn búið að endurskipuleggja íslenskt bankakerfi. Það átti að gera það í upphafi þessa árs en nú er árið hálfnað og við þurfum að heyra um endalausa fresti frá hæstv. ríkisstjórn. Við borgum því miður mjög háar greiðslur vegna aðgerðaleysisins, vegna þess m.a. að þessi ríkisstjórn hefur ekki mótað sér trúverðuga stefnu í efnahagsmálum þannig að stýrivextir Seðlabanka Íslands eru enn með þeim hæstu í heiminum og fyrir það geldur íslenskt atvinnulíf. Íslenskt atvinnulíf mun ekki vaxa og dafna í þeim stýrivöxtum sem blasa við okkur og íslenskt atvinnulíf mun heldur ekki vaxa og dafna þegar bankarnir hafa ekki verið endurskipulagðir en því hafa núverandi stjórnvöld frestað ítrekað um margra mánaða skeið.

Það er mjög dýr pakki aðgerðaleysis þessarar ríkisstjórnar sem blasir við íslensku atvinnulífi, íslenskum heimilum. Þegar hæstv. utanríkisráðherra talar um að við þingmenn Framsóknarflokksins höfum einhverja kolanámusýn og bregst illa við því aðhaldi sem við erum að reyna að veita (Forseti hringir.) ríkisstjórninni í efnahagsmálum finnst mér hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) vera pínusár yfir þeirri gagnrýni sem við höfum viðhaft hér (Forseti hringir.) en hún á fyllilega rétt á sér.

[11:26]

Arndís Soffía Sigurðardóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Á tímum sem þessum hlýtur það að vera forgangsverkefni stjórnvalda að sporna við atvinnuleysi en í febrúar á þessu ári nam atvinnuleysi 8,2% og var þá í sögulegu hámarki eftir hrun fjármálakerfisins. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Vinnumálastofnun er atvinnuleysi í dag 9% og fer aðeins sígandi sem er mikið fagnaðarefni. Það er gríðarlega mikilvægt að fjöldi Íslendinga verði ekki óvirkir á vinnumarkaði til lengri tíma því að það getur haft alvarlegar félagslegar afleiðingar í för með sér.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kemur fram að meginverkefni ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum verði að draga úr atvinnuleysi með markvissum aðgerðum og að lögð verði áhersla á að skapa fjölbreytt atvinnulíf. Að mínu mati mun þó aðeins lítill hluti nýrra starfa verða til hjá hinu opinbera. Það er hins vegar verkefni stjórnmálamanna að verja þau störf sem til staðar eru og skapa skilyrði fyrir og stuðla að fjölbreyttri atvinnuuppbyggingu. Við verðum alltaf að muna að velferðarmál eru atvinnumál og því er mjög brýnt að standa vörð um velferðar- og menntakerfið. Starfsfólkið í velferðarkerfinu er að yfirgnæfandi meiri hluta konur. Samdráttur og skerðing í velferðarþjónustunni bitna því harkalega á kvennastéttum. Mikilvægt er að allar aðgerðir hins opinbera í þágu atvinnulífs taki mið af ólíkri stöðu kynjanna og mismunandi áhrifum á byggðir landsins. Það er þó alveg sama hversu fögur fyrirheit stjórnvalda eru í atvinnumálum. Það mun ekkert af þeim verða ef vextir fara ekki að lækka allverulega.

Eins og alþjóð varð vitni að voru stýrivextir Seðlabankans hækkaðir í 18% í kjölfar samstarfs fyrri stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem var komið á. Stýrivextir hafa nú verið lækkaðir niður í 12% en betur má ef duga skal. Ég bind miklar vonir við að þær aðgerðir í ríkisfjármálum sem lagðar verða fram nú á næstu dögum muni skila árangri hvað þetta varðar og hvetja til vaxtalækkana. Ég trúi því að vextir eigi eftir að geta lækkað hratt á næstu mánuðum og jákvæða hliðin á krónunni er þó að gengið hefur sjaldan verið eins hagstætt fyrir útflytjendur og innlenda framleiðslu. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Að lokum vil ég segja að það er sannfæring mín að íslenskt atvinnulíf eigi eftir að rétta úr kútnum (Forseti hringir.) og eiga bjarta framtíð. Ég vil ekki trúa eða stefna að neinu öðru.

[11:28]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Mig langar að árétta að einhverju leyti það sem ég sagði áðan að áframhaldandi ríkisvæðing atvinnulífsins er ekki farsæl leið út úr þessu atvinnuleysi eða sem atvinnustefna. Að ríkið sé í stórframkvæmdum út og suður, gangist í ábyrgðir fyrir Landsvirkjun og fleiri fyrirtæki til að hægt sé að fara út í fleiri álversframkvæmdir er einfaldlega ekki farsæl leið. Það er hægt að gera hlutina miklu betur og á miklu uppbyggilegri hátt. Það þarf að búa til alvöruvirðisaukandi atvinnulíf. Það þarf ekki að eyða peningum í einhverjar fráleitar samgönguframkvæmdir eins og t.d. Sundabraut á þessu stigi. Hún skapar ekki mikinn virðisauka. Það er það sem þarf í dag.

Það þarf að fara inn í atvinnuleysisskrána, það þarf að bjóða fólki sem er á atvinnuleysisskrá að finna sér eitthvað til að hafa fyrir stafni einfaldlega með því að skipuleggja verkefnastjórnendur og verkefnahópa sem bjóða fólki þá auknar atvinnuleysisbætur á meðan það er að koma sér af stað út í samfélagið aftur. Langvarandi atvinnuleysi og rannsóknir í nágrannalöndum hafa sýnt að fólk sem er atvinnulaust jafnvel í sex mánuði á oft og tíðum mjög erfitt með að koma sér aftur út á vinnumarkaðinn til frambúðar. Hér höfum við allt í kringum okkur kynslóðir atvinnulausra þannig að það er brýnt að tekið verði á þessum málum sem fyrst, ekki að beðið verði eftir einhverri hugsanlegri stóriðju. Við vitum að sú efnahagsstefna að keyra efnahagslífið upp í topp með einni framkvæmd, svo hrynur allt aftur og þá er farið út í næstu og keyrt upp í topp, skapar einfaldlega ójafnvægi. Meiri áliðnaður í íslensku atvinnulífi veldur einfaldlega meiri ójöfnuði því að það þarf að skjóta undir það fleiri stoðum. Það á ekki að skjóta undir það færri og stærri

stoðum heldur fjölbreyttari stoðum.

[11:31]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil færa þeim sem lagt hafa orð í belg varðandi atvinnumál þakkir fyrir góða og gagnlega umræðu. Hins vegar var ekki öllum spurningum svarað um atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar þar sem greinilega er ekki alveg einhugur þar á bænum um það hvort við eigum að lifa á okkar landi og nýta tækifærin hér eða ekki.

Ég hlakka virkilega til að sjá þá sundurliðun sem iðnaðarráðuneytið er að vinna að varðandi 6 þúsund störfin og hrósa ráðherranum fyrir að leggja í þá vinnu og að ætla að leggja hana fram vonandi í næstu viku.

Þá er gott að heyra það að ég og hæstv. ráðherra deilum þeim væntingum til rammalöggjafarinnar varðandi ívilnanirnar að þær komi fram fyrr en áætlanir gera ráð fyrir. Og það er virkilega von mín að svo verði vegna þess að án þeirra eigum við eftir að tapa tækifærum.

Jafnframt langar mig að óska eftir því að ráðherrann upplýsi okkur um hvers vegna undirritun varðandi álverið í Helguvík er ekki lokið. Það er hægt að koma ferlinu lengra af stað. Það þarf ekki að bíða eftir ESA.

Það kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Orra Schram að heilsutengd ferðaþjónusta væri framtíðin. Þess vegna væri ágætt að fá svar við þeirri spurningu: Hvers vegna leggur hv. þingmaður ekki sín lóð á vogarskálina til að flýta fyrir því að erindi heilsufélagsins á Suðurnesjum verði svarað í heilbrigðisráðuneytinu? Ég hvet þingmanninn til að beita sér í því máli. Þar er vissulega um einkaframkvæmd að ræða og kannski er hæstv. heilbrigðisráðherra ekki tilbúinn að ljá því lið.

Hér er jafnframt kallað eftir vaxtalækkun af hálfu þingmanna stjórnarliða. Vissulega erum við öll sammála um að það þarf vaxtalækkun, en það þarf fyrst að hafa hugrekki til að taka á í ríkisfjármálum. Það er númer eitt, tvö og þrjú. Jafnframt þarf að endurreisa bankana. Þetta eru stóru verkefnin og menn verða að átta sig á því.

Virðulegi forseti. Ég hef trú á því að við Íslendingar eigum eftir að byggja upp öflugt atvinnulíf að nýju og við eigum eftir að koma sterk út úr þessu. Ég hef trú á því vegna þess að hér býr hugrakkt fólk með öflugar hugmyndir og það eru einstaklingarnir sem koma til með að endurreisa efnahag landsins.

[11:33]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. En það er alveg nauðsynlegt þegar þingmenn fara með tölur um atvinnuleysi að þeir fari rétt með vegna þess að hér kepptust hv. þm. Þór Saari og hv. þm. Birkir Jón Jónsson við að hækka tölur hvor annars. Hv. þm. Þór Saari hélt því fram að hér væru um 18 þúsund manns atvinnulausir og hv. þm. Birkir Jón Jónsson hélt því fram að þeir væru 19 þúsund. Það rétta er og það ánægjulega er að við erum að sjá breytingar í þessu og atvinnulausir eru rúmlega 16 þúsund. Þar af, þ.e. af heildinni sem skráð er á atvinnuleysisskrá, eru um 3 þúsund í hlutastörfum. Og af því að hv. þm. Þór Saari nefndi að við þyrftum að koma fólki í verkefni, þá eru 3 þúsund í hlutastörfum, 1.500 nýta sér þau úrræði sem ég fór yfir í ræðu minni að flokkast m.a. undir verkefni Starfsorku og líka undir sérstök átaksverkefni og starfa með atvinnuleysisbæturnar með sér í fyrirtækjum í landinu. Þetta eru vissulega ánægjulegar tölur og atvinnuleysið stendur í stað og er að minnka ef eitthvað er, eins og hér hefur komið fram.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst, fannst mér, af ræðum hv. þingmanna, margra, að þær voru skrifaðar eða punktarnir teknir niður áður en ég flutti mína ræðu í dag vegna þess að í ræðu minni kom skýrt fram að við erum að leita fjölbreyttra úrræða í atvinnumálum. Við viljum skjóta fjölbreyttum stoðum undir íslenskt atvinnulíf til framtíðar. Við erum að grípa til skammtímalausna og það er ekki þannig að það sem ég mun kynna í næstu viku sé einhver áætlun um hvernig við ætlum að ná þessum 6 þúsund störfum, heldur verður þetta árangursmat sem birt verður.

Ég fór yfir það í ræðu minni að við höfum náð gríðarlegum árangri varðandi atvinnuleysið og við ætlum að halda áfram á sömu braut — það vantar ekki kjark og það vantar ekki vilja hjá ríkisstjórninni eða þeim iðnaðarráðherra sem hér stendur til að gera það sem gera þarf í þeim efnum — og þá erum við bæði að horfa til (Forseti hringir.) stórra verkefna en líka smárra.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Frv. efh.- og skattn., 47. mál (brottfall ákvæðis um löggilta aðila). — Þskj. 47.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listamannalaun, 2. umr.

Frv. menntmn., 69. mál (brottfall eldri laga og breytt tilvísun). — Þskj. 81.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála, fyrri umr.

Þáltill. BjarnB o.fl., 88. mál. — Þskj. 103.

[11:36]

Flm. (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur lagt fram um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála.

Það má segja að þrjár meginástæður séu fyrir því að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins gerir þetta á þessum tímapunkti. Í fyrsta lagi til að undirstrika mikilvægi þess að nú

verði brugðist hratt, ákveðið og örugglega við þeim mikla vanda sem að okkur steðjar og við vekjum athygli á því í þingskjalinu og höfum verið að gera það undanfarna daga í umræðunni að ella mun safnast upp mikill aðgerðaleysiskostnaður.

Í öðru lagi er þessum tillögum um aðgerðir í efnahagsmálum teflt fram til að ýta undir þá nauðsynlegu samstöðu sem við teljum að sé nauðsynleg um þessar mundir vegna þess að við vitum öll, sem höfum verið að kynna okkur ástandið í efnahagsmálum, stöðu heimilanna, skuldastöðu þeirra og greiðsluvanda, stöðu atvinnustarfseminnar og auðvitað ekki síður hið mikla tekjufall ríkisins, að það bíða okkar ekkert nema óvinsælar ákvarðanir. Sameiginlega stöndum við þó öll að verkefninu til að láta gott af okkur leiða. Við þessar mjög svo erfiðu aðstæður er mikilvægt að reyna að skapa sameiginlega sýn á forgangsröðun, sameiginlega sýn á mikilvægi helstu verkefna sem við þurfum að glíma við. Í þessari þingsályktunartillögu er leitast við að koma til móts við þá miklu þörf.

Í þriðja lagi er að finna í þessari þingsályktunartillögu bæði beinar tillögur um aðgerðir sem við teljum skynsamlegt að grípa til en einnig hugmyndir um vinnuhópa og þverpólitískt samráð um einstök mál sem við teljum nauðsynlegt að taka til sérstakrar skoðunar.

Í þingsályktunartillögunni er þeim aðgerðum sem við teljum nauðsynlegt að grípa til skipt í grófum dráttum upp í fimm meginflokka. Ég ætla að leyfa mér á þeim tíma sem ég hef til framsögu að renna aðeins yfir það helsta sem fellur undir hvern flokk. Ég byrja þá á heimilunum eins og gert er í þingskjalinu.

Það er skoðun okkar að rýmka þurfi verulega skilyrði þess fyrir heimilin að þau geti lækkað greiðslubyrði sína. Á þinginu og í ráðuneytunum líka hafa verið teknar ákvarðanir um að þróa leiðir til þess að þeir sem eru í fjárhagslegum erfiðleikum geti fengið aðstoð, t.d. með frystingu lána, með því að lengja greiðslutíma. Hér hafa verið lögfest úrræði sem gera ráð fyrir því að þeir sem ekki geta notið góðs af hinum almennu úrræðum fari fyrir héraðsdóm og fái skipaðan tilsjónarmann.

Við teljum einfaldlega að heilt yfir sé vandinn svo umfangsmikill að leiðirnar sem nú þegar eru til staðar séu of flóknar. Við teljum þess vegna mikilvægt að skilyrðin verði rýmkuð verulega og fleirum verði þannig gert kleift með einföldum hætti að óska eftir greiðsluhléi á hluta húsnæðislána sinna, við búum til þriggja ára aðlögunarferli og á því tímabili sé hægt að lækka greiðslubyrðina um allt að 50%, um allt að helming vegna húsnæðislána. Á móti eru lánin lengd.

Við vekjum jafnframt athygli á því að við teljum að vandinn sé það umfangsmikill að ekki verði hjá því komist að lækka höfuðstól lána. Það eru öll merki á lofti um að það muni þurfa að gera þrátt fyrir þær umfangsmiklu aðgerðir sem nú þegar hafa verið lögfestar og hægt er að bæta við. En slíkt er að okkar áliti ekki skynsamlegt að gera án þess að um það hafi tekist þverpólitísk sátt með hvaða hætti það verði gert og það á einungis að gera í þeim undantekningartilvikum þegar hin almennu úrræði duga ekki til.

Við viljum, sem dæmi um það sem þarf að gera fyrir heimilin, líka afnema stimpilgjöld. Vextir munu lækka og smám saman munu opnast möguleikar til endurfjármögnunar og þá er mikilvægt að þættir eins og stimpilgjöld séu ekki í veginum fyrir því að heimilin geti endurfjármagnað sig með ódýrari hætti. Og þau eru líka jafnframt til trafala í öðru samhengi fyrir heimilin, t.d. þegar um er að ræða eignaskipti og fólk er að minnka við sig til að sýna ráðdeild, þá eru stimpilgjöldin skattur á þær hagræðingaraðgerðir hjá fjölskyldunum.

Við lítum á það sem aðgerð í þágu heimilanna að það verði sérstaklega spornað við atvinnuleysi með fjölbreyttri uppbyggingu til að mynda í orkufrekum iðnaði. Við megum aldrei, við lausn á þeim vanda sem við erum að kljást við núna, missa sjónar á því að atvinnumálin eru eitt stærsta hagsmunamál heimilanna. Heimili geta ekki staðið í skilum ef engin er atvinnan og ef engin er atvinnan mun ríkið ekki hafa neinar tekjur. Þannig getum við lent í óstöðvanlegum spíral eins og margar þjóðir í Evrópu ef okkur mistekst að halda uppi háu atvinnustigi í landinu.

Þess vegna höldum við því sérstaklega til haga í þessari þingsályktunartillögu að við þurfum að halda áfram að stuðla að skynsamlegri auðlindanýtingu. Það er hægt að grípa til margra úrræða eins og t.d. skattalegra hvata og skapa hagstætt umhverfi til nýsköpunar til að hvetja fyrirtæki til að verja fjármunum sínum í rannsóknir og þróun. Þetta er hægt að gera með því að auka skattafslátt vegna rannsóknarútgjalda og með þessum hætti leggjum við það í hendur atvinnustarfseminnar í landinu að ákveða hvar fjármununum er vel varið. Við lítum á þetta sem fjárfestingu til framtíðar sem muni gagnast þjóðinni allri.

Ég þarf að fara dálítið hratt yfir alla þessa flokka og ég ætla að fara í fyrirtækin næst. Við teljum algjörlega nauðsynlegt að nú verði gripið til heildarendurskipulagningar skulda atvinnulífsins með gagnsæjum hætti. Það liggur fyrir að skuldirnar hjá atvinnustarfseminni í landinu eru miklu meiri en reksturinn stendur undir. Og eitt stóra verkefnið er þetta: Hvernig ætlum við að leiða fram þær afskriftir sem nauðsynlegar eru í eignasafni nýju ríkisbankanna?

Gleymum því ekki að við höfum gengið út frá því í allri umræðu í vetur að ríkið stofni nýju ríkisbankana með því að kaupa eignasöfnin á verulegum afslætti. Það þýðir að búið er að byggja inn væntingar um að það þurfi að afskrifa lánin í stórum stíl. Og nú þurfum við að fara að svara þeirri spurningu: Ætlum við að gera það með því að fara með hefðbundnum hætti í innheimtuaðgerðir á þessum lánum? Tökum sem dæmi lán sem er upp á 100 millj. en keypt hefur verið af nýja ríkisbankanum á 50 millj. Hvernig ætlum við að leysa úr þeirri stöðu að lánið stendur í 100 millj. á fyrirtækið en ríkisbankinn hefur fengið það á 50 millj.? Ætlum við að fara í hefðbundnar innheimtuaðgerðir? Við segjum nei, það er ekki hægt að gera það. Við erum ekki að tala hér fyrir flötum prósentuniðurskurði á öllum lánasöfnum, við erum að segja að núna þarf að grípa til samræmdra aðgerða, tryggja gagnsæi og jafnræði og við megum engan tíma missa við að endurskipuleggja skuldastöðuna.

Þetta er verkefni sem er vel hægt að framkvæma og ef vel tekst til munum við bjarga fjöldanum öllum af störfum. Og við skulum ekki gleyma hvatanum sem nauðsynlegt er að viðhalda hjá stjórnendum fyrirtækjanna. Þeir verða að sjá, eins og menn ræddu hér undir öðrum dagskrárlið í

morgun, einhverja ljóstíru, einhverja von. Það þarf að viðhalda von og hvötum hjá atvinnulífinu.

Allt tengist þetta því að við megum ekki halda áfram á þeirri braut að störfum haldi áfram að fjölga meira hjá hinu opinbera en í einkageiranum. Um leið teljum við mikilvægt vegna þess að það verður óumflýjanlegt að ríkisbankarnir taki þrátt fyrir þessar aðgerðir yfir eignarhlut í mörgum fyrirtækjum og það er nú þegar byrjað að gerast. Við getum nefnt *Morgunblaðið* sem dæmi, ríkisbankarnir fengu það fyrirtæki í hendur og seldu aftur.

Icelandair er annað dæmi og þau eiga eftir að verða fleiri. Penninn-Eymundsson, það gamalgróna félag, er nú í raun undir eignarhaldi ríkisins. (**Gripið fram í:** Og fleiri.) Ég gæti haldið áfram að telja upp langan lista af fyrirtækjum sem munu lenda í þessari stöðu og við skulum sameinast um það að hafa þau sem allra færst. En vegna þess að þetta er fyrirsjáanlegt og þegar byrjað að gerast er gríðarlega mikilvægt að við förum nú strax að setja reglur um það hvernig þeim verði aftur komið í hendur einkaaðila.

Við fjöllum um fjármál hins opinbera. Það verður strax að bregðast við þannig að við söfnum ekki að óþörfu viðbótarhalla á þessu ári, á yfirstandandi fjárlagaári, eins og vísbendingar eru um að sé að gerast. Það er algjörlega óviðunandi og reyndar rifjar upp að við höfum í allt of mörg ár fengið ábendingar frá ríkisendurskoðanda um að við förum ekki eftir fjárlögum. Allt of margir fjárlagaliðir fara fram úr ár eftir ár eftir ár. Ef einhvern tímann er mikilvægt að standast fjárlög þá er það við þær aðstæður sem eru uppi núna þar sem við höfum ekki efni á því að fara fram úr.

Við leggjum fram hugmyndir sem geta stóraukið tekjur ríkisins án þess að ganga á ráðstöfunartekjur heimilanna. Þar þarf til að koma afar víðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins en þetta er hugmynd sem við leggjum í púkkið. Þetta er hugmynd sem undirstrikar það að við viljum vera lausnamiðaðir við endurreisn efnahagslífsins og hún sker sig frá öðrum hugmyndum sem verið hafa í umræðunni að undanförnu að því leytinu til að þarna er bent á leið sem getur stóraukið tekjur ríkisins án þess að leggja auknar byrðar á heimilin eða atvinnustarfsemina í landinu.

Við teljum að með kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna geti skapast tekjur fyrir ríkið sem geta numið allt að 40 milljörðum. En ég ítreka að um þetta verður að ríkja víðtæk sátt eins og reyndar um allar aðrar aðgerðir og aðra valkosti sem við stöndum frammi fyrir. Því að nákvæmlega sama mun eiga við um þann mikla niðurskurð sem við stöndum frammi fyrir og mun þurfa að eiga sér stað þrátt fyrir að menn fari þessa leið og að sjálfsögðu gildir það líka um þær skattahækkanir sem stjórnvöld eru farin að boða að við eigum von á að fá inn á þingið. Það litla sem gert hefur verið hingað til í því efni er okkur alveg næg vísbending um það hversu mikill órói og ósátt getur verið um aðgerðir af þessum toga.

Við teljum að meðal þess sem við eigum að læra af því sem gerst hefur hér undanfarin ár sé að meiri samhæfingu þurfi í fjármál ríkis og sveitarfélaga og tryggja að þau styðji betur við peningamálastefnuna. Og við skulum ekkert vera að draga það að bregðast við þessum lærdómi. Ljóst er að þarna skorti alla samhæfingu undanfarin ár og við skulum nú þegar hefjast handa við að tryggja það að hún verði meiri til lengri tíma vegna þess að allt mun þetta hafa áhrif á vaxtastig og gengi krónu á komandi árum.

Varðandi fjármálamarkaðina þá teljum við einfaldlega að það hafi tafist of lengi að endurreisa bankakerfið. Við teljum hins vegar vel hægt að gera það en gæta þarf að því að ríkið taki ekki á sig of mikla áhættu og of miklar skuldbindingar við endurreisnina og við bendum á leiðir sem við teljum raunhæfar til að koma á fót starfhæfu bankakerfi. En þarna erum við líka að benda á að við eigum að draga lærdóm af því sem gerst hefur. Við skulum fara yfir regluverk fjármálamarkaðarins, tryggja meira gagnsæi, ekki koma bönkunum aftur í hendur einkaaðila án þess að tryggja dreifðari eignaraðild. Við skulum sjá til þess að eigendur bankanna séu ekki í jafnvíðtækum viðskiptum við sína eigin banka og verið hefur undanfarin ár vegna þess að það er án vafa meðal þess sem við eigum að læra af því sem gerðist hér að regluverkið um þessa þætti var of losaralegt.

Og varðandi endurskoðun peningamálastefnunnar, sem ég hygg að jafnvel þrjár síðustu ríkisstjórnir hafi haft á dagskránni hjá sér og núverandi ríkisstjórn er með í farvatninu uppi í Seðlabanka, þá teljum við mikilvægt að ekki einungis þeir sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd peningamálastefnunnar komi að því máli heldur líka utanaðkomandi aðilar. Við teljum rétt að taka með í þá skoðun möguleikana á því að vera áfram með krónu. Það er rétt, eins og forsætisráðherra hefur lagt upp með, að skoða áhrifin af því að ganga inn í myntbandalag Evrópu en við skulum ekki útiloka möguleikana á því að hér verði tekinn upp annar gjaldmiðill. (Forseti hringir.) Fáum það með í þá skoðun sem er búið að hrinda af stað. Það er skynsamlegt, það er uppbyggilegt og það er þörf fyrir það (Forseti hringir.) vegna allrar þeirra vinnu sem er fram undan hér.

[11:52]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að koma með stutt innlegg. Ég lofa frumkvæði Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum. Mér finnst þetta ítarleg og góð vinna sem hér hefur farið fram án þess að ég taki afstöðu til einstakra þátta. Þetta er mikilvægt innlegg í þá vinnu sem nú á sér stað á mörgum vígstöðvum í þjóðfélaginu og við nýir þingmenn lofuðum okkur sjálfum að líta upp úr flokksræðinu, upp úr þeim hjólförum sem flokkakerfið hefur skapað okkur. Ég held að við ættum öll að hugsa vandlega um efnahagsmálin og taka á móti öllum hugmyndum í þá veru og skoða þær vandlega og yfirvegað.

Ég vil t.d. benda á að þær hugmyndir sem eru fram settar um fyrirtækin og lausnir í vandamálum þeirra eru t.d. til umræðu í efnahags- og skattanefnd um þessar mundir. Þar ríkir þverpólitísk sátt um þær aðgerðir sem menn horfa til.

[11:53]

Flm. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir innlegg hans og ítreka það sem ég sagði áðan varðandi atvinnustarfsemina, fyrirtækin og erfiða skuldastöðu fyrirtækjanna, að við erum að nálgast hengiflugið þar, við erum að nálgast bjargbrúnina varðandi fyrirtækin. Við megum engan tíma missa við að koma á skýrum reglum um það hvernig taka á á skuldavanda þeirra, með hvaða hætti stendur til að vinna

með eigendunum. Stendur til að fara í aðgerðir sem leiða til þess að ríkisbankarnir muni meira eða minna leysa til sín fyrirtækin áður en afskriftir eiga sér stað?

Við skulum hafa það í huga að skuldirnar á fyrirtækin í landinu, þau sem munu lifa af þær hamfarir sem við erum nú að ganga í gegnum, verða á endanum afskrifaðar eins langt niður og þörf krefur og reksturinn getur borið, hvort sem það gerist áður en ríkisbankarnir taka fyrirtækin yfir eða án þess að ríkisbankarnir taki fyrirtækin yfir, það mun verða gert. Það gerist ávallt og spurningin er einungis þessi: Hversu mörg af fyrirtækjunum lifa og halda áfram að skapa störf og tekjur fyrir ríkið og standa undir greiðslugetu heimilanna vegna húsnæðislána og framfærslu, eins og við vitum öll að er mikilvægt?

[11:55]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil eins og hv. þingmaður og kollegi minn úr Samfylkingunni, Magnús Orri Schram, þakka hv. þingmanni úr Sjálfstæðisflokknum fyrir þessa tillögu. Þetta er mjög jákvæð nálgun sem hér er lögð fram og ég er mjög sáttur við tóninn bæði í tillögunni og í málflutningi hv. þingmanns. Hann er ekkert að skafa utan af stöðunni eins og hún er núna en hann segir jafnframt: Það þarf að skapa víðtæka sátt um margar erfiðar aðgerðir. Hv. þingmaður segir það sem er mála sannast að okkar bíða ekkert nema mjög óvinsælar aðgerðir.

Hv. þingmaður, sem ég hlustaði líka á í prýðilegu samtali í gær á Stöð 2, virðist vera fallinn frá því sem mér fannst upphaflega vera stefna hans, að vilja fara í flatan niðurskurð bæði á skuldum þeirra sem eiga í erfiðleikum vegna húsnæðisskulda og líka vegna fyrirtækja. Ég ætla ekki að spyrja hann út í það núna en kannski í ræðu minni hér síðar í dag. Hv. þingmaður sagði eðlilega að það skipti mjög miklu máli að halda fyrirtækjunum gangandi, draga úr atvinnuleysi, búa til störf vegna þess að það er e.t.v. þegar allt er skoðað mesta hagsmunamál heimilanna.

Hv. þingmaður reifar það hér í ræðu sinni og í greinargerð með þessari ágætu þingsályktunartillögu að skoði maður fyrirtækin liggi það fyrir að þriðjungur þeirra er að mati sérfræðinga mjög illa staddur og hugsanlega gjaldþrota eins og staðan er núna. Þriðjungur þeirra er þó ekki verr staddur en svo að með samræmdum aðgerðum er hægt að koma þeim verulega til hjálpar. Þriðjungur er kannski í lagi.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hvað á hann við þegar hann fer yfir sinn ágæta fyrirtækjakafla og talar um að tryggja þurfi jafna meðferð skuldara? Ég misskil kannski stöðuna og hv. þingmann en þarf ekki einmitt að grípa til einhverra sértækra aðgerða sem miðast að þeim fyrirtækjum sem eru verr stödd en hin? Hvað á hv. þingmaður við þegar hann talar um jafna meðferð skuldara undir sínum ágæta fyrirtækjakafla?

[11:57]

Flm. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar til að byrja á því að segja að ég hef ekki verið talsmaður þess að við færum í flatan niðurskurð. Við höfum hins vegar talað um það bæði fyrir kosningar og í langan tíma að höfuðstólslækkanir væru það sem biði okkar og við höfum talað fyrir því að menn skoði það með opnum hug en fyrri ríkisstjórn sló það nánast algjörlega út af borðinu.

Hvað er átt við með jafnri meðferð við endurskipulagningu skulda fyrirtækjanna? Hér er auðvitað verið að snerta eitt allra viðkvæmasta málið í efnahagsuppbyggingunni sem við blasir. Við hljótum að vera sammála um að t.d. fyrirtæki sem eru álíka stödd mega ekki fá algjörlega ósambærilega meðferð í kerfinu þegar þau eiga í samskiptum við ríkisbankana. Við þurfum því að auka gagnsæið og setja skýrar reglur. Það er búið að vera að tala um það í langan tíma að bankarnir komi sér upp verklagsreglum. Kúnstin í þessu verður auðvitað alltaf sú að viðhalda samkeppninni, gefa bönkunum hæfilegt svigrúm til þess að meta getu stjórnenda félaganna til þess að endurreisa þau og leggja sjálfstætt mat á trúverðugleika þeirra viðskiptaáætlana sem liggja frammi án þess þó að gengið sé á það jafnræði sem nauðsynlegt er að ríki. Ég held að við náum því jafnræði best með því að reglurnar séu mátulega gagnsæjar en á sama tíma almennar. Það skortir almennar verklagsreglur um það hvaða heimildir bankarnir hafa t.d. til þess að fella niður skuldir á móti nýju eiginfjárframlagi frá eigendunum.

Þarna er t.d. átt við þátt sem mjög auðvelt er að æsa upp mikla mótstöðu gegn, vilji menn fara þá götuna, þ.e. að gera núverandi eigendum fyrirtækja kleift með nýju eiginfjárframlagi að fá felldar niður skuldir. Það eru gríðarlega viðkvæm mál, (Forseti hringir.) en valkosturinn er e.t.v. sá að meiri hluti fyrirtækjanna, allt að helmingur þeirra, endi í fanginu á ríkisbönkunum. Ég held að það væri skelfileg þróun.

[11:59]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að það sé rangt hjá hv. þingmanni bæði hvað varðar fasteignaveðlánin og eins lán fyrirtækja að fyrri ríkisstjórn — nema hann eigi þá við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar — hafi kastað út af borðinu hugmyndum eða leiðum sem gætu leitt til þess að höfuðstóll skulda væri minnkaður. Ég held að það sé algjörlega rangt.

Í öllu falli skil ég það svo hjá hv. þingmanni og er honum ekki ósammála um að þær gagnsæju almennu reglur sem þurfa að liggja til grundvallar lausnum gagnvart fyrirtækjum fela eigi að síður í sér klæðskerasniðnar lausnir fyrir hvert einstakt fyrirtæki. Ég held að það sé ekki hægt annað ef menn ætla að fara í þetta á annað borð en að taka hvert mál fyrir sig út frá þessum almennu reglum sem hv. þingmaður er að tala um en að það verði að meta stöðu hvers fyrirtækis fyrir sig. Ég held að það verði að beita klæðskerasniðnum lausnum alveg eins og ég held að þurfi gagnvart þeim sem verst eru staddir í hópi fjölskyldna og einstaklinga varðandi þessi fasteignaveðlán. Það getum við kannski rætt frekar síðar í dag.

Almennt er ég þeirrar skoðunar að þessar tillögur séu mjög gott innlegg og að fjalla eigi um þær (Forseti hringir.) ásamt þeim tillögum sem ríkisstjórnin leggur fram í næstu

viku. Ég tel það og ég er sammála hv. þingmanni um (Forseti hringir.) að það á að reyna að ná sem mestri samstöðu um hugmyndir af þessum toga.

[12:01]

Flm. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Verið er að drýgja hetjudáð í fyrirtækjunum á hverjum degi með því að bjarga störfum, þrátt fyrir vaxtastigið, í óvissu sem að mínu áliti er að vissu leyti sköpuð af ríkisstjórninni, t.d. með fyrningarleiðinni, en líka vegna þess tafist hefur um of að setja reglur.

Þegar í janúar á þessu ári voru bankarnir byrjaðir að smíða verklagsreglur um það hvernig þeir ætluðu að taka á skuldavanda fyrirtækjanna. En nú er kominn júní og það verður að koma þessum reglum á án tafar. Og jafnsammála og ég er hæstv. utanríkisráðherra um að skynsamlegt sé að við látum á það reyna að tekist geti þverpólitísk sátt um það með hvaða hætti þessar reglur eru útfærðar held ég að það sé jafnvel mikilvægara að það komi reglur án tafar, sem allra fyrst vegna þess að ella mun fyrirtækjunum blæða út og ef ekkert verður að gert fjarar undan þeirri von og þeirri trú sem þó er enn til staðar í atvinnufyrirtækjunum.

Það er annað sem einnig er byrjað að gerast og við skulum bara horfast í augu við, það verður (Forseti hringir.) kroppað innan úr fyrirtækjunum smám saman. Eignir verða dregnar út úr þeim og (Forseti hringir.) lítið gert úr verðmætunum. Á meðan menn eru í óvissu og hafa ekki trú á framtíðinni byrja þeir einfaldlega (Forseti hringir.) að draga til sín eignir og skemma þær sem eftir eru.

[12:02]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil nú fyrir það fyrsta hæla sjálfstæðismönnum fyrir að setja fram þessa tillögu og þá kannski sérstaklega þá greinargerð sem fylgir tillögunni.

Þegar ég les kaflann um peningamálastefnuna sé ég að skuldaskilanefnd Sjálfstæðisflokksins kemur fram með nýja sýn á pappírum sínum. Núverandi forusta Sjálfstæðisflokksins er að gera upp við þá gömlu.

Ég get tekið undir hvert einasta orð sem stendur í kaflanum um peningamálastefnuna. Og frá Sjálfstæðisflokknum kemur lýsing á þeirri stefnu, þessi iðja leiddi til þenslu, með leyfi forseta:

„Peningastefnan beit í skottið á sér.“

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði, ég þakka forustu Sjálfstæðisflokksins fyrir þau skuldaskil sem hér eru sett fram. Það vantar í raun og veru ekkert nema: Við biðjum þjóðina afsökunar á þessari kolröngu stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að framfylgja öll þessi ár. (Gripið fram í.) — Með forsætisráðuneytinu, setur þar með sjálfstæðismenn í seðlabankastjórastöðu o.s.frv.

Ég kem betur inn á þá tillögu í ræðu minni á eftir, en spurning mín til hv. þingmanns, núna formanns Sjálfstæðisflokksins, er þessi: Voru það mistök sem gerð voru varðandi húsnæðislánakerfið árið 2004 að hækka lánshlutfallið?

[12:04]

Flm. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir innlegg hans. Hæstv. ráðherra er rétt að hefja sitt þriðja ár í ríkisstjórn og hefur því haft þann tíma sem liðinn er frá því að hann settist þar til þess að hafa áhrif á aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að styðja við og styrkja peningamálastjórnina.

En við skulum ekki eyða tíma okkar um of í liðna tíma. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og viðrað hana opinberlega að það hafi ýmislegt farið úrskeiðis í peningamálastefnunni, m.a. þegar ríkisstjórnirnar reyndu að gera of margt á of skömmum tíma. Það er kannski stóri lærdómurinn af því sem gerðist hér undanfarin ár að sígandi lukka er best. Það er ekki hægt að taka út jafnmikinn lífskjarabata og við reyndum að gera á árunum í kringum 2000 og þar til hrunið varð hér á Íslandi.

Það snertir einmitt spurninguna sem hæstv. ráðherra ber upp um það hvort það hafi verið mistök að hækka lánshlutfallið hjá Íbúðalánasjóði upp í 90%. Það eitt og sér var ekki mikill örlagavaldur í þeirri þenslu sem hér varð. En ásamt öllu hinu sem verið var að gera á sama tíma var þetta óraunhæf aðgerð. Þess vegna held ég að hún hafi út af fyrir sig verið misráðin vegna þess að hún kom ofan á svo margt annað sem ekki var til þess fallið að styðja við peningamálastefnuna. Og það sem var að gerast í Seðlabankanum á þessum tíma varð til þess að auka á þensluna sem Seðlabankinn var á sama tíma reyna að slá á.

Þess vegna vil ég nú svara þessu hálft í hvoru játandi. Ein og sér hefði þessi aðgerð ekki verið neitt glapræði en ásamt öllu hinu sem var að gerast á þeim tíma var þetta óskynsamleg aðgerð.

[12:06]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Áfram heldur hv. þingmaður og formaður Sjálfstæðisflokksins að gera upp við fortíðina á þann hátt sem hann gerir nú og ber að þakka sérstaklega fyrir þá hreinskilni sem kemur þar fram.

Hv. þingmaður talaði um óraunhæfar aðgerðir, að sú tillaga sem Framsóknarflokkurinn setti fram á sínum tíma og keypti sér stuðning við í kosningunum til að halda lífi, hafi verið misráðin aðgerð. Ég ítreka það sem ég sagði áðan varðandi kaflann um peningamálastefnuna og uppgjöf hvað hana varðar, hér hefur þá komið fram mjög hreinskilnislegt svar varðandi húsnæðislánin.

Þá skil ég það þannig og það er seinni spurning mín til hv. þingmanns hvort hann eigi þá við að allt sem gert var á þessum tíma. Var skattalækkunin sem sett var fram óraunhæf og misráðin, eins og hv. þingmaður talar um? Var það líka óraunhæft og misráðið hjá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á þessum tíma að minnka bindiskylduna? Hún hafði nefnilega mikil áhrif (Forseti hringir.) og gerði það að verkum að bankakerfið sem var á bullandi „swing“ (Forseti hringir.) fór í samkeppni við Íbúðalánasjóð til að reyna að drepa hann og bauð enn þá meira en 90%, nefnilega 100%.

[12:08]

Flm. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst hæstv. ráðherra vill nota tímann sem við höfum til þess að ræða um efnahagstillögur sem fyrst og fremst horfa til framtíðarinnar, til þess að gera upp við atburðarásina í tengslum við hækkun húsnæðislána, get ég nú varla staðist að rifja upp að hæstv. forsætisráðherra var meðal þeirra þingmanna á þeim tíma sem hvað helst barðist fyrir því að málin næðu fram að ganga. Hún vildi jafnvel ganga lengra í nefndarstarfi á þinginu. (**GÞÞ:** Og öll Samfylkingin.)

Ég held að þegar öllu er á botninn hvolft hafi það eftir atvikum helst verið þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem guldu varhuga við þessari leið.

Ég man vel eftir þingflokksfundum okkar sjálfstæðismanna þegar við vorum að afgreiða málið. Það voru miklar efasemdir um að við færum fram af nægilega mikilli varkárni og fengum m.a. ágæta ráðgjöf frá núverandi hv. þm. Tryggja Þór Herbertssyni (Forseti hringir.) sem hafði sérstakan vara á því að fara þessa leið. (Forseti hringir.) Það er dálítið annað en núverandi forsætisráðherra. (Gripið fram í.)

[12:09]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur farið þokkalega ítarlega yfir tillögur okkar. En það sem mig langar til að gera er aðeins að fara yfir bakgrunninn.

Sú vinna sem við lögðum í var gerð í því ástandi sem við upplifum núna þar sem þúsundir — nálgast annan tug þúsunda — fólks er á atvinnuleysisskrá. Skuldavandi heimila og fyrirtækja eykst dag frá degi. Ríkisfjármálin eru í algjörum ólestri og bankakerfið er í lamasessi. Afleiðingin af því er sú að íslenska þjóðin hefur fyllst vonleysi og vantrú á framtíðina. Við heyrum ungt fólk tala um að flytja til útlanda. Við heyrum fólk tala um að hætta að greiða af lánunum sínum o.s.frv.

Það sem við vildum gera var að reyna að koma fram á uppbyggilegan hátt með eitthvert andsvar við þessu. Við reyndum að skilgreina hvert verkefnið væri og komumst að því að í fyrsta lagi þyrfti að bæta stöðu heimila og fyrirtækja. Það þyrfti að endurheimta tiltrú á íslenskt efnahagslíf og, það sem mikilvægt er, það ætti að skapa sameiginlegan skilning á mikilvægi aðgerða. Þess vegna gera margar tillagnanna ráð fyrir samráði stjórnmálaflokkanna eða eru gerðar í samráði við hagsmunaaðila. Það er gert til þess að tryggja skilning á mikilvægi aðgerðanna.

Jafnframt var leiðarljós okkar það að skapa þyrfti hvata til atvinnusköpunar og þar af leiðandi til hagvaxtar. Ef atvinnurekendur, fyrirtækjaeigendurnir, hafa ekki trú á framtíðinni fjárfesta þeir ekki. Þá skapa þeir ekki ný störf. Þeir framleiða ekki meira eða auka ekki framleiðslu sína. Þar af leiðandi kemst hagvöxtur ekki af stað. Við erum föst í vítahring.

Ein af forsendunum sem við studdumst við var hið endanlega markmið, að skapa á ný skilyrði til þess að Ísland verði á ný í hópi samkeppnishæfustu þjóða heims. Það er gríðarlega mikilvægt til þess að efla trú fólks, hvort sem það varðar heimilin eða atvinnurekendur, á framtíðina.

En það er eitt sem er mjög mikilvægt að komi fram, það er að hlutina þarf að gera í réttri röð. Við verðum að byrja á því að setja fram raunhæfa áætlun í ríkisfjármálum. Eins og staðan er núna stefnir framúraksturinn á fjárlögum jafnvel í 40 milljarða kr. Við höfum hingað til talað um 20 milljarða en mér skilst að það stefni jafnvel í 40 milljarða en við eigum eftir að fá staðfestingu á því hvort sú tala er rétt. En aðalatriðið er að við þurfum að sýna Íslendingum og umheiminum fram á hvernig við ætlum að loka þessu 150 milljarða gati sem m.a. er fjallað um í samstarfsáætluninni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Samningurinn við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er í frosti núna vegna þess að þessi áætlun liggur ekki fyrir. Peningamálastefnunefndin segir: Við getum ekki lækkað vexti út af óvissu. Við vitum ekki hvað ríkisstjórnin hyggst taka til bragðs. Það er því algjörlega lífsnauðsynlegt að þessi áætlun liggi sem fyrst fyrir.

Við þurfum líka að ljúka uppbyggingu bankakerfisins. Við þurfum að skapa umhverfi til þess að afnema gjaldeyrishöft og lækka vexti. Þessar aðgerðir verða allar að haldast í hendur og við verðum að takast á raunhæfan hátt við vanda heimila og fyrirtækja í landinu, undan því verður ekki skorast. Við þurfum að endurskoða hagstjórnina og þær reglur sem unnið er eftir á fjármálamarkaði til þess að tryggja þann trúverðugleika sem íslenskt efnahagslíf þarfnast svo mjög til langframa til þess að það verði eitthvert ljós við enda ganganna.

Ég minnist áðan á að það þyrfti að skapa skilning á því að aðgerðir verða að koma í réttri röð. Og í samhengi við þá þingsályktunartillögu gáfum við út smábækling sem mig langar til, með leyfi forseta, að lesa örlítið upp úr:

„Ein meginforsenda þess að hér verði umskipti í efnahagslífinu er sú að gera sér grein fyrir því að þær aðgerðir sem grípa þarf til verða að koma í réttri röð. Ef ekki liggur fyrir skynsamleg áætlun í ríkisfjármálum og traust bankakerfi er ekki hægt að mynda þann trúverðugleika sem þarf til að afnema gjaldeyrishöft og lækka vexti.“

Þar erum við sammála bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og peningamálastefnunefnd.

„Jafnframt er ekki nema að takmörkuðum mætti hægt að takast á við vanda heimila og fyrirtækja fyrr en bankakerfið er orðið starfhæft. Þá þarf að endurskoða hagstjórnina og þær reglur sem unnið er eftir á fjármálamarkaði til að tryggja trúverðugleika íslensks efnahagslífs til langframa. Ef ekki ríkir traust er hætta á fjármagnsflótta, að fyrirtækin fjárfesti ekki og að erlendir fjárfestar sniðgangi landið í enn meira mæli en nú er.“

Meginniðurstaða okkar eftir að hafa sett þessar tillögur fram er að ef rétt er á málum haldið sé engin ástæða til að ætla annað en að okkur takist að vinna okkur fljótt og örugglega út úr kreppunni. En lykilatriðið hérna er: Við verðum að hefjast handa. Við verðum að hefjast handa nú þegar. Þess vegna höfum við sett okkur mjög ströng tímamörk í flestöllum aðgerðum sem hér eru settar fram, þ.e. að það liggi fyrir ákvörðun fyrir 15. júlí næstkomandi.

Í öðrum aðgerðum eins og endurskoðun á peningastefnunni og endurskoðun á reglum um fjármálamarkaði gefum við okkur lengri tíma vegna þess að þar þarf að fara fram mjög ítarleg vinna sem tekur hliðsjón af þeirri þróun sem er

annars staðar í heiminum. Allar þjóðir eru nú að endurskoða reglur sínar. Sú tímasetning er 1. október.

Nokkrir þættir vinna með okkur: Í fyrsta lagi að aldurssamsetning þjóðarinnar er hagstæð, við höfum mikið innstreymi í lífeyrissjóði. Við höfum stóran vinnumarkað með ungu fólki og er tiltölulega ódýrt að veita elstu aldurshópunum þjónustu miðað við hvernig það er hjá öðrum þjóðum. Menntunarstigið er gott. Lífeyrissjóðirnir eru fullfjármagnaðir og við höfum reglur sem sjá til þess að þeir séu alltaf fullfjármagnaðir. Innviðir þjóðfélagsins eru sterkir. Þrátt fyrir að hafa lent í þessari óáran sem fylgdi í kjölfar hrunsins á fjármálamarkaði eru þeir innviðir áfram sterkir. Vegirnir verða ekki plægðir upp. Það verður ekki steypt upp í jarðgöng. Ljósleiðarar verða ekki rifnir upp úr jörðinni aftur. Það er þó komið til langframa.

Rekstur grunnatvinnuveganna er í þokkalegu góðu horfi fyrir utan efnahagsreikninginn. Eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson benti á er það efnahagsreikningurinn sem er vandamálið, hann þandist út við hrunið á fjármálamarkaði.

Að lokum, við eigum við gnótt náttúruauðlinda en það verður að nýta þær. Það þarf að gera eins fljótt og auðið er.

[12:20]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég hef þegar sagt fyrr í umræðunni að mér finnst sú nálgun sem er að finna í þessari tillögu vera mjög jákvæð. Ég held að það skipti miklu máli af hálfu okkar stjórnmálamanna að við sjáum ekki bara svartnættið eitt þrátt fyrir þá erfiðu stöðu sem við erum í, heldur leyfum okkur líka þann munað að sjá tækifærin. Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson fór vel yfir þau og ég var sammála öllu sem hann sagði um innviðina og grunngerð samfélagsins. Hún er í góðu lagi.

Við búum sömuleiðis við ákaflega sterkar náttúruauðlindir og mikla möguleika til að nýta þær til að skapa bæði störf og það sem við þurfum ekki síður á að halda, gjaldeyri. Hv. þingmaður sagði jafnframt um orkuauðlindirnar að við yrðum að nýta þær. Þar stendur hnífur í hinni margfrægu kú. Staðan er auðvitað þannig að við höfum fullan vilja til að nýta þessar orkuauðlindir og ég er algerlega sammála því sem kemur fram í tillögunni um fjölbreytta notkun náttúruauðlinda. Ég er líka sammála því sem segir í þessari tillögu, að menn eigi ekki bara að einblína á ál. Það er í fyrsta skipti sem Sjálfstæðisflokkurinn tekur svo til orða. En hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins vita jafn vel og ég að við höfum átt í miklum erfiðleikum með að fjármagna orkuframkvæmdir. Þess vegna hef ég sagt, með vísan til þeirra ágætu laga sem samþykkt voru að tilhlutan ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, að við eigum að leita allra leiða í þeim efnum, t.d. að kanna hvort einkamarkaður geti komið inn í það. Lögin heimila það nú með skýrari hætti en áður. Sömuleiðis tel ég að við eigum að reyna að skoða hvort þeir sterku sjóðir sem hv. þingmaður talaði um áðan, lífeyrissjóðirnir, geti með einhverjum hætti komið inn í það.

Ég hef spurt hvers vegna lífeyrissjóðir sem þurfa að láta fé sitt vinna með þokkalega góðri ávöxtun til að sjá um umbjóðendur sína í framtíðinni skyldu ekki velta fyrir sér að fjármagna, þess vegna eiga og jafnvel reka, a.m.k. um einhvern tíma, framkvæmdir eins og Búðarhálsvirkjun. Við vitum að hún liggur á borðinu með öll leyfi, okkur vantar hana, okkur vantar þau 85–100 megavött. Það sem skiptir máli er að menn sjái ljós í myrkrinu og það skiptir máli að menn tali upp stöðuna. Það verður að gefa fólkinu líka von. Það má ekki bara tala það niður.

Fyrir okkur sem stjórnmálamenn skiptir tvennt máli. Við verðum að geta sýnt umheiminum og sjálfum okkur fram á það að við höfum trúverðuga áætlun til að koma okkur út úr kreppunni og erfiðleikunum. Í öðru lagi þurfum við líka að geta sýnt umheiminum fram á að við höfum tækifæri til að ná aftur fyrri styrk og koma jafnvel út úr kreppunni með dreifðari áhættu í atvinnulífinu en áður. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að taka fimm skref til að koma okkur út úr þessari kreppu. Við höfum þegar tekið fyrsta skrefið. Sá samningur sem við gerðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var algjör forsenda þess að okkur tækist að leggja í þennan leiðangur.

Í öðru lagi er ég þeirrar skoðunar að það skipti mjög miklu máli fyrir okkur að ljúka samningum um Icesave og klára það verk sem Alþingi fól okkur 5. desember með þingsályktun. Það hefur ríkisstjórnin gert fyrir sitt leyti. Alþingi á eftir að samþykkja það mál, eða fella eftir atvikum, en þetta er skref nr. tvö.

Í þriðja lagi verða ríkisstjórnin og Alþingi að samþykkja áætlun um niðurskurð og tekjuöflun sem gerir það að verkum að innan 3–4 ára rekum við ríkissjóð án halla. Þar stendur upp á ríkisstjórnina. Þær tillögur munu verða sýndar í næstu viku. Ég er þeirrar skoðunar að þær merku tillögur sem hér eru og aðrar sem fram hafa komið eigi að vinna saman í nefndinni með þeim hugmyndum sem koma í frumvarpsformi frá ríkisstjórninni.

Í fjórða lagi er síðan endurskipulagning bankakerfisins. Hún skiptir óskaplega miklu máli. Það er það sem síðustu þrjár ríkisstjórnir hafa unnið að með takmörkuðum árangri. Nú loksins hillir undir lok þess verks.

Um bankana vil ég segja að þeir starfa undir gríðarmiklu álagi og við stjórnmálamenn höfum það sem plagsið að skamma bankana, skamma það fólk sem stýrir þeim og situr í stjórn þeirra. Ég segi fyrir mig að ekki treysti ég mér til að taka betur þær ákvarðanir sem þeir taka frá degi til dags. Ég held að í því efni verðum við líka að gefa bönkunum vinnufrið. Þær áætlanir sem koma hér fram varðandi fyrirtæki, banka og fjármálamarkaði eru allar jákvæðar en fæst af því hefur ekki verið sagt áður. Þetta er fjórða skrefið.

Fimmta skrefið sem við þurfum síðan að taka og ákveða, og það er kannski það erfiðasta þegar fram líða stundir, er með hvaða hætti við ætlum að haga myntinni okkar í framtíðinni. Ég hef verið þeirrar skoðunar og hef ekkert legið á því að ég tel að einn af helstu ávinningunum við það að sækja um aðild og ganga í Evrópusambandið sé að taka upp evruna. Ég veit að margir eru annarrar skoðunar. Einn af lærdómum okkar síðustu árin er sá að það er mjög erfitt að halda úti sjálfstæðri örmynt í samfélagi sem vill vera alþjóðlegt og verður að vera alþjóðlegt vegna þess að Ísland lifir á því að geta flutt út afurðir sínar og flutt inn vörur.

Þetta eru þau fimm skref sem ég tel í stórum dráttum

nauðsynlegt að taka.

Sú áætlun sem við eigum síðan að kynna fyrir umheiminum um framtíð okkar felst í því að sýna fram á það sem við getum gert úr auðlindum okkar. Við höfum sjávarútveginn og hann er þrátt fyrir allt, fyrir utan efnahagsreikninginn eins og hv. þingmaður sagði hér eins og hann væri tiltölulegt smáatriði, í góðu lagi. Fréttir úr hafinu eru þrátt fyrir allt góðar. Þorskstofninn er á hægri uppleið, annar tveggja í heiminum. Við erum að veiða nýja stofna sem hafa flutt sig inn í efnahagslögsöguna, makríl og líka nýja stofna sem við höfum ekki borið gæfu til að fara í áður, eins og ýmsar þær (Gripið fram í.) 50–60 tegunda sem eru partur af miðsævisteppinu sem einn ónafngreindur þingmaður sem núna er ráðherra hefur síðustu 15 árin flutt sjö sinnum þingsályktunartillögu um að eigi að ráðast í. (**BJJ:** Ert það þú?) Já.

Við höfum síðan (**Gripið fram í:** Það er Jón Bjarnason.) ferðaþjónustuna vegna þess að hin hliðin á þróun krónunnar er auðvitað sú að Ísland sem var eitt af dýrustu löndunum áður er a.m.k. í meðallagi hvað dýrleika varðar. Á meðan efnahagskreppan leikur heiminn grátt og ferðaþjónusta alls staðar er á niðurleið er hún á uppleið á Íslandi. Þarna eru gæði, þarna er auðlind sem við eigum að byggja upp eins og hægt er.

Ég nefni síðan þau ríflega 200 hátæknifyrirtæki, sprotafyrirtæki sem hér eru á Íslandi. Ekki þurfa mörg þeirra að ná þeim vexti sem nafni minn, Össur, og Marel og Actavis náðu til að hér verði á nokkrum árum, kannski áratug, til 10.000–15.000 störf í hátækniiðnaði sem eru vel launuð. Ég ætla svo ekki að þreyta hv. þingmann en kannski gleðja hv. þm. Kristján Þór Júlíusson með því að við eigum leynivopn inn í framtíðina sem er olíulindir okkar. Ísland verður olíuþjóð. (Gripið fram í.)

Varðandi þær tillögur sem hér liggja fyrir og ég tala heldur vel um er ein tillaga sem er ný en hún er mjög hugvitsamleg. (**TÞH:** Þær eru fleiri.) Nei, það er ein tillaga hér sem maður hefur ekki séð áður. Hitt er samantekt á mörgum góðum hugmyndum sem margir menn í ýmsum góðum og misvondum flokkum hafa haft, (Gripið fram í.) en það er tillaga um kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna. Hún er hugvitsamleg. Í henni felst möguleiki til þess að afla ríkissjóði töluvert mikilla tekna núna án þess að skerða umsvif heimilanna. (**KÞJ:** Án þess að hækka skatta.) Það má gera það kannski líka. Þessa tillögu þarf að skoða mjög vel og mér líst vel á hana. Ég ímynda mér að hún njóti ekki mikils brautargengis hjá lífeyrissjóðunum miðað við það hvernig ég hef kynnst viðhorfum þeirra. (**KÞJ:** Hverjir eiga lífeyrissjóðina?)

Að öðru leyti segi ég að það er mikill samhljómur með þessari tillögu og mörgu því sem ríkisstjórnin er að gera sem mun koma fram hjá ríkisstjórninni á allra næstu dögum og vikum. (Gripið fram í.) Þegar menn eru t.d. að tala um það, sem er mjög jákvætt, að það þurfi að tryggja að ekki verði viðbótarhalli, hvorki á þessu ári né næstu árum, og það þurfi að vinna hann niður er það eitt af meginverkefnum ríkisstjórnarinnar. Það er það sem hún er að vinna að og það mun auðvitað skera úr um velferð hennar og Íslands hvort það tekst eða ekki. Þær hugmyndir sem hér eru líka varðandi húsnæðisskuldir eru allra góðra gjalda verðar. Við höfum séð þær líka í öðru formi hjá öðrum stjórnmálaflokki, Framsóknarflokknum. Við höfum líka hlustað á hæstv. forsætisráðherra lýsa því yfir fyrir nokkrum dögum að skoðaðar verði nýjar leiðir til að lækka höfuðstól þeirra skulda. (**Gripið fram í:** Heyr.) Það hefur komið alveg skýrt fram, finnst mér, hjá flutningsmanni þessarar tillögu að hann hefur ekki aðrar skoðanir að eðli til á því hvernig eigi að ráðast á þann vanda en t.d. ríkisstjórnin. Hann og Sjálfstæðisflokkurinn eru með ákveðnar hugmyndir um það hvernig eigi að teygja lánin, þ.e. lækka greiðslubyrði núna með því að setja aftan við höfuðstólinn þannig að menn borgi þetta síðar. Það eru þrjár eða fjórar slíkar leiðir nú þegar í gangi. Hv. þm. Bjarni Ben. á hrós skilið fyrir að viðurkenna það. Ég get svo alveg fallist á (Forseti hringir.) að við þurfum að finna aðferð sem er ekki eins niðurlægjandi og sú sem nú gildir (Forseti hringir.) um það hvernig eigi að lækka höfuðstól þeirra sem verður að lækka höfuðstólinn hjá, sem greiðsluúrræðin gagnast ekki. Það þurfum við að gera.

[12:30]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra lét að því liggja fyrr í dag að Framsóknarflokkurinn væri ekki með nein úrræði og hefði í raun mjög takmarkaða framtíðarsýn og eyddi miklum tíma í að gagnrýna ríkisstjórnina. Það er ekki að ósekju vegna þess að í febrúarmánuði lagði þingflokkur Framsóknar fram efnahagstillögur í 18 liðum sem hæstv. ráðherra tók mjög vel í.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju hefur nánast ekkert verið gert af því sem við í þingflokki Framsóknarflokksins lögðum fram í febrúarmánuði? Ég spyr ráðherrann: Hefur lífeyrissjóðum verið veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta? Hefur verið lokið við stofnun nýju bankanna? Hafa kröfuhafar fengið hlut í bönkunum? Hafa verið gerð drög að fjárlögum til ársins 2012? Hefur verið komið á fót samráðsvettvangi með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum? Ég gæti haldið áfram þessari upptalningu.

Því miður einkennist starf núverandi ríkisstjórnar, eða aðgerðaleysi, af því að vandanum er alltaf frestað. Núna stöndum við í júnímánuði með margra mánaða gamlar efnahagstillögur Framsóknarflokksins og horfumst í augu við það að nánast ekkert hefur verið gert af hæstv. ríkisstjórn til að koma þeim tillögum í framkvæmd (Forseti hringir.) þó að hæstv. ráðherra hafi í febrúarmánuði lýst yfir miklum (Forseti hringir.) stuðningi við margar þeirra.

[12:31]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Flestar af þeim tillögum sem hv. þingmaður taldi upp eru í vinnslu eins og ég hef sagt, og hæstv. forsætisráðherra á síðustu dögum: Niðurstöðu í sumum þeim verkum er að vænta á næstu dögum og vikum. Fram hefur komið að undir lok næstu viku munu menn sjá hugmyndir okkar um hvernig á að brúa hið margfræga bil og áætlunina til 2012.

Það rangt hjá hv. þingmanni að ég hafi talað um að Framsóknarflokkurinn hafi enga framtíðarsýn. Það er ein-

hver minnimáttarkennd hjá hv. þingmanni. (**BJJ:** Nei, nei, nei.) Munurinn á framsóknarmönnum eins og þeir tala og sjálfstæðismönnum er sá að þeir tala þjóðina niður. Framsóknarflokkurinn hefur síðustu vikur og daga einbeitt sér að því að sjá ekkert nema svartnætti og myrkur og sjá bara það sem neikvætt er.

Það er fullt af hlutum sem eru mjög erfiðir. Við erum í kreppu. En það eru líka jákvæðir hlutir og það sem sker þessa tillögu frá málflutningi Framsóknarflokksins er hin jákvæða nálgun og mér finnst bara sjálfsagt að segja það.

[12:33]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Framsóknarflokkurinn hefur á þessu sumarþingi lagt fram tillögur í efnahagsmálum, m.a. um leiðréttingu á skuldum heimila og fyrirtækja sem ríkisstjórnin hefur því miður ekki tekið nægjanlega vel í, en eitthvað virðist nú tónn hjá hæstv. ráðherrum vera að breytast. Ríkisstjórnin er kannski fyrst núna að átta sig á þeirri grafalvarlegu stöðu sem blasir við. Við framsóknarmenn höfum haldið þeim málflutningi á lofti um margra mánaða skeið að ástandið í samfélaginu væri mun erfiðara en ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir.

Nú virðist ríkisstjórnin eitthvað vera að vakna af dvalanum og ég held að hæstv. ráðherra ætti að virða það við okkur framsóknarmenn að við höfum talað mjög einarðlega í efnahagsmálum og við höfum þorað að benda á þá hluti sem við þurfum að takast á við. Við höfum komið fram með tillögur í þeim efnum og ég hafna því algjörlega að við höfum einungis verið að benda á það sem miður hefur farið í samfélaginu og aðgerðaleysið, því að sá sem hér stendur hefur í mörgum ræðum (Forseti hringir.) fagnað sumu af því sem kemur frá ríkisstjórninni en það er því miður allt of lítið um það.

[12:34]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Framsóknarforustan hefur síðustu daga notað þennan ræðustól til þess að kalla út í þjóðfélagið boð um það að allt væri að fara til andskotans, að Icesave muni taka börn þessa samfélags og leggja þau í skuldafjötra eins og ánauðugt fólk. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Framsóknarflokkurinn hefur talað um að hér væri (Gripið fram í.) — það er tóm vitleysa. Framsóknarflokkurinn hefur talað um að hér væri verið að stefna í þjóðargjaldþrot. Það er tóm vitleysa og við eigum ekki að tala með þessum hætti. (**BJJ:** Þú ert að skuldsetja þjóðina.)

Ég get vel fallist á það hjá hv. þingmanni að menn eins og hann tala oft með jákvæðum hætti en boð flokksins hafa verið mjög neikvæð og hafa talað niður kjarkinn í þjóðinni. Munurinn á þessari tillögu og málflutningnum síðustu daga hjá Framsóknarflokknum er sá að Framsóknarflokkurinn bókstaflega boðar bara svartnætti á meðan þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem hér hafa talið til þessa, hafa verið gagnrýnir á ríkisstjórnina en þeir hafa leyft sér þann munað að benda (Forseti hringir.) á fullt af möguleikum. (Gripið fram í.) Enn hefur Framsóknarflokkurinn ekki komið og haldið hér ræðu og bent á þá (Forseti hringir.) möguleika sem fyrir eru í samfélaginu.

[12:35]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Þetta er bara að verða vandræðalega hlýtt faðmlag sem maður fær hér en samt fínt, þakka þér fyrir, hæstv. utanríkisráðherra, hvað þú tekur vel í þetta hjá okkur.

Af því að við komum inn á nýtingu orkuauðlindanna er þrennt sem stendur upp á ríkisstjórnina að taka á. Það er í fyrsta lagi að við verðum að fá rammalöggjöf um erlenda fjárfestingu og við þurfum að fá hana sem fyrst. Við þurfum að fá áætlun um orkuafhendingu vegna þess að við fáum ekki erlenda fjárfesta með því að segja þeim: Þið fáið kannski orku eftir þrjú, fjögur, fimm ár. Í þriðja lagi þarf að endurskoða allt það ferli sem er í kringum mat á umhverfisáhrifum vegna þess að það er allt of tafsamt og það fælir fjárfesta frá.

Mig langar líka til að segja: Liggur fyrir mat hjá Samfylkingunni á því hvenær (Forseti hringir.) við uppfyllum Maastricht-skilyrðin miðað við núverandi efnahagsástand og (Forseti hringir.) hvenær við getum hugsanlega tekið upp evruna?

[12:37]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Varðandi síðustu spurninguna man ég ekki betur en að merkur fræðimaður sem líka praktíserar sín fræði í efnahagsmálum hafi sagt opinberlega í gær að það gætu liðið fjögur ár þar til við gætum tekið upp evruna. Það er kannski fullsnemmt fyrir það sem ég taldi en ég legg það hér fyrir.

Um hitt er ég ósammála að matskerfið sé miðað við lögin og reglurnar tafsamt. Hitt er rétt hjá hv. þingmanni að stofnanirnar standa ekki við fresti.

Ég vil einnig segja hvað varðar erlenda fjárfestingu að verið er að vinna að því einmitt sem hér er o-liður í þingsályktunartillögunni, þ.e. að breyta reglum þannig að nýjar erlendar fjárfestingar falli ekki undir gjaldeyrishömlur. Sömuleiðis eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur túlkað þörfina fyrir skattarammann, eins og ég hef skilið hann, hefur það fyrst og fremst verið um nýsköpunarfyrirtæki og ákveðnar skattaívilnanir þar og það er í vinnslu líka.

[12:38]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil gera smáathugasemd við það að lög og reglur um hvernig umhverfismati er háttað séu í góðu lagi vegna þess að það er allt of tafsamt ferli. Það eru allt of miklir möguleikar til þess að tefja það ferli út í hið óendanlega.

Það sem jafnframt er alvarlegt eru hlutir eins og gerðust hérna í fyrra þegar fyrirtæki sem var langt komið með að ákveða fjárfestingu, stóra fjárfestingu, var stöðvað í þeirri ætlan sinni með því allt í einu að setja virkjun og verksmiðju í samræmt umhverfismat, eins og umhverfisráðherra Samfylkingarinnar gerði á sínum tíma. Við verðum að koma í veg fyrir slík slys.

Því er mjög brýnt að skoða þessa þrjá hluti sem ég talaði um áðan og stytta ferlið til að við fáum sem fyrst fjárfest-

ingar inn í landið, hæstv. utanríkisráðherra.

[12:39]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Sú ákvörðun fyrrverandi umhverfisráðherra sem hv. þingmaður vísar til hefði ekki seinkað þeirri framkvæmd um einn einasta dag. (**TÞH:** Annað segir fyrirtækið.) Staðan í því máli er — (**KÞJ:** Reynið að vera jákvæðir.) Það er nú jákvæðni heldur betur. Staðan í því máli er einfaldlega sú að fyrirtækið sem um ræðir hefur ekki treyst sér til þess að taka ákvörðun og það er kannski skiljanlegt í ljósi — (Gripið fram í.) Nei, nei, það var bara ákvörðun sem var tekin af móðurfélaginu að fara ekki í neinar nýfjárfestingar og var gefið út í fréttatilkynningu um allan heim. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um að erlendar fjárfestingar þarf inn í landið.

Hv. þingmaður sagði áðan, og ég gat ekki svarað því, að það þyrfti stefnu um orkuafhendingu. Þar kem ég aftur að hnífnum sem stendur í kúnni, að okkur skortir getu til þess að fá fjármagn til að ráðast í virkjanir, eins og t.d. fleiri holur og orkuöflun á Þeistareykjasvæðinu, og að ganga frá Búðarhálsvirkjun. Við höfum hana ekki í dag. Þess vegna talaði ég um þann möguleika sem fólst í einkamarkaðnum og lífeyrissjóðunum.

[12:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka svona vel í þessar tillögur og við skulum bara segja hlutina eins og þeir eru, það er afskaplega hressandi að hlusta á ráðherrann. Eini gallinn er sá að ráðherrann er í ríkisstjórn sem talar meira en hún framkvæmir. Þessir fimm þættir sem hæstv. ráðherra minntist á eru allir góðir og gildir en hér er því miður ekkert að gerast. Það er mikill kostnaður, aðgerðaleysiskostnaðurinn er mjög mikill sökum þess að menn vinna ekki í fjármálunum, menn vinna ekki í ríkisfjármálunum, og núna um mitt árið er í fyrsta skipti verið að koma með tillögur um það sem snýr að fjármálum þessa árs. (**PHB:** Er það komið?) Nei, það er ekki komið enn, virðulegi forseti.

Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra, hann segir að þetta sé ekkert mál, allt sé tilbúið til að virkja. Eru menn sammála um það í ríkisstjórninni og ætla menn að henda út öllu í stjórnarsáttmálanum sem mun tefja það ferli? Ætla menn að gera það því að það er margt sem mun tefja það ferli? Það er fyrsta spurningin.

Hin er um lærdóminn: Finnst hæstv. ráðherra að við getum ekkert lært (Forseti hringir.) af því að hafa trúað of mikið og tekið upp gagnrýnislítið tilskipanir Evrópusambandsins?

[12:41]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Varðandi hið síðasta held ég að ég verði bara að senda hv. þingmanni þær ræður sem ég flutti t.d. í EES-ráðinu upp á síðkastið um þau mál. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SF)**:** Ég vil biðja hv. þingmann að ávarpa forseta — hæstv. ráðherra.)

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson er ánægður með viðtökur mínar við þessu. Mér finnst þetta almennt vera jákvætt, en ég sagði líka — til þess aðeins að dempa ánægju Sjálfstæðisflokksins, virðulegi forseti — að það er fyrst og fremst ein tillaga sem er splunkuný þarna, ein tillaga sem ég hafði aldrei séð áður, sem mér finnst vera mjög hugvitsamleg.

Um vilja ríkisstjórnarinnar til þess að afla orku liggur alveg ljóst fyrir að ríkisstjórnin vill nýta orkulindir með skynsamlegum hætti. Hún vill t.d. afla orku fyrir norðan til þess að koma í græna stóriðju eins og menn hafa nefnt það í okkar ágætu stefnuyfirlýsingu. (**REÁ:** Nærri Þjórsá.) Ég veit ekki betur en ég sé búinn að halda hér tvær eða þrjár ræður í dag um nauðsyn þess að ráðast í Búðarhálsvirkjun þar sem öll leyfi eru til.

[12:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef ekki lesið þær ræður hæstv. ráðherra og það er gott og örugglega upplýsandi fyrir þá sem fylgjast með umræðunni að hæstv. ráðherra ætli að senda mér ræðurnar sínar.

Ég spurði hann einfaldlega að því hvort hann teldi ekki að við gætum lært eitthvað af því að hafa tekið gagnrýnislítið upp tilskipanir Evrópusambandsins. Það er spurningin. (**PHB:** Meingallaðar.) Sem eru algerlega meingallaðar og skýrasta dæmið er kannski Icesave-málið.

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra sleppur ekki svona frá þessu varðandi orkuna, það er bara ekki þannig. Í stjórnarsáttmálanum tala menn um að taka upp Árósasamkomulagið inn í íslenskan rétt. Eins og vinstri grænir hafa túlkað það mun það tefja allan framgang alveg gríðarlega. Það er allt sett á stopp varðandi orkuöflun þangað til rammaáætlun liggur fyrir og það er óvíst að vita hvenær það gerist. Það er algerlega ljóst að við getum ekki nýtt núna tækifærin á næstu vikum eða mánuðum, jafnvel ekki árum ef menn ætla að halda sig við stjórnarstefnuna.

Spurning mín er, virðulegi forseti: Ætla menn að breyta þessu?

[12:44]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður eldist hratt og minni hans reskist allverulega. Hv. þingmaður nefndi rammaáætlunina og Árósasamkomulagið. Frú forseti. Hvort tveggja voru partar af stefnuyfirlýsingu sem ég tók þátt í að semja á Þingvöllum 2007. Rammaáætlunin er partur af þeirri stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn studdi. Hún er ekki í neinni töf. (**REÁ:** Þetta er rangt.) Nei, það er rétt. Hún er ekki í neinni töf. Sagt var frá því að á þessu ári ætti henni að ljúka. Þannig var það þegar við vorum saman í stjórn hérna fyrir tveimur árum (**GÞÞ:** Ekki töf?) — henni mun ljúka fyrir þann tíma eftir því sem ég best veit. Og ég veit ekki betur en að á þessu sumri muni menn kynna líka einhverja parta af henni. Það liggur alveg ljóst fyrir. Er ég þá búinn að svara því? (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Það er vegna þess að hv. þingmaður virðist ekki nota eyrun til þess að hlusta.

Staðreyndin er sú að við og Sjálfstæðisflokkurinn gerðum ákveðið samkomulag um hvernig ætti að vinna þau mál. Það samkomulag hefur verið tekið upp (Forseti hringir.) af báðum seinni ríkisstjórnunum sem hafa starfað í kjölfarið.

[12:45]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir málefnalega ræðu. Ég vil líka þakka honum fyrir að viðurkenna að hann hafi verið í stjórn með Sjálfstæðisflokknum í tvö ár. Það er ákveðin viðurkenning. (**Utanrrh.:** Fyrir hvern?) En ég vil átelja hæstv. ráðherra fyrir að taka upp töfrasprotann og segja: Ef við göngum í Evrópusambandið fáum við evru. Er hæstv. ráðherra ekki kunnugt um að við þurfum að uppfylla Maastricht-skilyrðin og að fjármálaráðuneytið hafi metið það svo að það tæki okkur 30 ár að uppfylla þau skilyrði? Er þetta ekki ábyrgðarlaust tal að lofa þjóðinni evru ef við göngum í Evrópusambandið? Er það ekki ábyrgðarlaust að segja við fólk: Göngum í Evrópusambandið, þá fáum við evru — þegar vitað er að við fáum hana ekki fyrr en eftir 30 ár? Og dugar það eitthvað í dag?

[12:46]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vona að ég sé ekki ómálefnalegur þegar ég leyfi mér að halda því fram að þetta andsvar hv. þingmanns sýni stefnubreytingu hjá honum, þ.e. hann virðist vera að kalla eftir evrunni. Ég taldi alltaf að hv. þm. Pétur H. Blöndal (Gripið fram í.) væri andstæður henni og spyr hv. þingmann vegna þess að þetta er auðvitað tóm vitleysa með 30 árin og hefur verið marghrakið: Er það svo að ef mér tekst að sýna fram á að hægt yrði að taka upp evru hér á landi eftir 4–6 ár, ef þingsályktunartillögur sem liggja fyrir til vinnslu í þinginu yrðu samþykktar í sumar, mundi hann þá taka evrunni fagnandi? Er hann að segja mér það?

[12:47]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er ekki að veifa töfrasprota, ég er ekki með ódýrar lausnir á öllum vanda, jafnvel á vondu veðri, það er ekki ég sem segi: Ef við göngum í Evrópusambandið þá minnkar ofbeldi á Íslandi. Þetta er stefna Samfylkingarinnar, hún er endalaust að lofa og lofa. Málið er það að ég vil ekki taka upp evru, ég vil ekki ganga í Evrópusambandið. En hæstv. ráðherra er að lofa því eins og öll Samfylkingin að ef við göngum í Evrópusambandið þá fáum við evru eins og skot og allur vandi er leystur, bara nánast allur vandi þjóðarinnar.

Mér finnst ábyrgðarlaust að koma með þetta aftur og aftur. Og hæstv. ráðherra segir að fjármálaráðuneytið, þ.e. hæstv. fjármálaráðherra, að það sé ekkert að marka sem hann gefur út, að það taki 30 ár að ná í evruna. Ég trúi því reyndar að það tæki okkur ekki nema tíu ár að uppfylla Maastricht-skilyrðin og við eigum svo sem að stefna að því, en ég vil ekki ganga í Evrópusambandið. Það er röng ályktun hjá hæstv. ráðherra. Hann sagði sjálfur að ef við gengjum í Evrópusambandið fengjum við evru.

[12:48]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sagði í fyrri ræðu minni þegar ég taldi upp þau fimm skref sem ég taldi að við þyrftum að stíga til að geta sýnt fram á trúverðuga stefnu fyrir Ísland inn í framtíðina að það væri t.d. að ganga í Evrópusambandið til þess m.a. að geta tekið upp evruna. Ég sagði ekki að við gætum tekið hana upp á fjórum árum. Hins vegar var í fjölmiðlum í gær fræðimaður sem taldi að það yrði hægt. Ég sagði í ræðu minni áðan að ég teldi að það væri fullbjartsýnt en hugsanlegt er það.

Hitt er alveg ljóst og dæmi eru um að þegar þjóðir hafa gengið til samstarfs við Evrópusambandið geta þær í aðdragandanum tekið upp samstarf sem mundi styrkja mjög stöðugleika okkar gjaldmiðils og koma meiri kyrrð og ró á efnahagslíf okkar. (**Gripið fram í:** Hvaða þjóðir eru það?)

Eins og komið hefur fram hjá hv. þm. Trygga Þór Herbertssyni skiptir eitt verulega miklu máli og það er að draga úr þeirri óvissu sem lykur um allt efnahagskerfið. Það skiptir máli og það er ég að reyna að gera. Ég hef ekki dregið dul á að afstaða mín (Forseti hringir.) til Evrópusambandsins markast af þeim vilja.

[12:49]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Mikil þörf er á því um þessar mundir að telja kjark í þjóðina og ekki síður í ríkisstjórnina — ekki síður í ríkisstjórnina vegna þess að ríkisstjórnin er fallin fyrir borð í þeim verkefnum sem hún hefur ætlað sér að vinna.

Sú tillaga sem sjálfstæðismenn leggja nú fram markar ákveðin tímamót í vinnubrögðum á Alþingi til seinustu áratuga. Ígrunduð, markviss og metnaðarfull tillaga um að ganga til verka og létta á þeim vanda sem hvílir á íslenskri þjóð í dag. Það eru nýmæli til margra áratuga að stjórnarandstöðuflokkur komi með slíkan gullklump að borði ríkisstjórnarinnar til að vinna úr. (**ÁÞS:** Ekki er það nú alveg.) Ekki eru önnur dæmi þess að slíkt sé lagt fram á því stigi sem nú er. Oft hafa menn komið með ýmsar tillögur en þarna er komið með lausn sem er skilvirk til allra þeirra þátta sem á brennur.

Hæstv. ríkisstjórn hefur verið að véla um hluti og þætti en ekki síður að komast hjá því að véla um atriði og þætti sem veldur því að íslensk þjóð er nú að fara úr kreppu yfir í kaos. Úr kreppu yfir í kaos. Þetta eru tvö þung orð en það síðara er verra vegna þess að þar kemur verkleysi á bak við og skortur á verkviti. Og það er kannski það sem vantar í stjórn landsins í dag, það er verkvit, reynsla og verkvit sem skilar árangri. Þrek og þor til að taka ákvarðanir og horfast í augu við vanda en standa ekki bara og bíða eftir örkinni frá Evrópu. Það gerir hæstv. ríkisstjórn í dag, hún bíður eftir örkinni frá Evrópu.

Ég veit ekki hvort hæstv. samgönguráðherra sé búinn að marka einhverja leið í þeim efnum fyrir örkina. (Gripið fram í.) En hann er einn af þeim sem hafa verið blindaðir í því að fá nútímaörk, ekki örkina hans Nóa heldur örkina Evrópu til Íslands og flytja vandann í heilu lagi yfir á Evrópusvæðið þar sem búa stórþjóðir sem aldrei hafa hugsað

um lítilmagnann, hvorki Siglfirðinga — sem eru náttúrlega stórhuga menn og snillingar — né aðra.

Það var svolítið sérstakt að heyra hvað hv. þm. hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson fagnaði þessum tillögum. Honum fer reyndar oft vel að horfa mót sólfarsvindunum en hann hefur kannski áttað sig á því núna að hann á líklega hvergi annars staðar heima í hinu pólitíska litrófi en í Sjálfstæðisflokknum, stærsta og einlægasta jafnaðarflokki Íslands. Það er nú það sem blasir við.

Í tillögu sjálfstæðismanna er tekið á atriðum sem snúa að meginkjarna vandans sem blasir við, vanda heimilanna og fyrirtækjanna, fjármálum hins opinbera, fjármálum á mörkuðum og peningastjórn. Auðvitað eru margar fleiri tillögur og hugmyndir en hér liggja fyrir sem vert væri að skoða og fylgja eftir en þarna er reynt að hnýta saman á markvissan hátt þau atriði sem brýnast er að koma til verka. Þessar tillögur fela í sér að hægt er að ganga að meginþorra þessara verkefna á næstu fjórum vikum ef hæstv. ríkisstjórn hefur döngun í sér til að bretta upp ermar og spýta í lófana og taka á verkum í staðinn fyrir að láta tímann líða og vandamálin flæða yfir. Hin atriðin sem fjallað er um í tillögu sjálfstæðismanna ættu að vera komin til niðurstöðu eftir ítarlega skoðun innan þriggja mánaða.

Það er ekki seinna vænna að fara að vinna í þessum málum og taka á þeim en gefa ekki tommu eftir og þora að taka á. Þau þrjú atriði sem lúta að heimilunum sjálfum, lækkun greiðslubyrði húsnæðislánanna um allt að 50% á þremur árum, afnám stimpilgjalda, drifkraftur og fjölbreytt uppbygging í orkufrekum iðnaði ásamt fleiri þáttum í auðlindastýringu eru þættir sem mest brennur á um leið og bankakerfið verður að komast í gang.

Það er sorglegt að þurfa að segja að bankakerfið er í tómri tjöru, það fúnkerar ekki, það er engin hugsun í því. Menn bíða þar með skálmarnar niður á tám og vita ekkert hvað þeir eiga að gera. Á sama tíma vogar hæstv. ríkisstjórn sér að hóta íslenskri þjóð með fyrningarleið sem er ekkert útfærð einfaldlega vegna þess að ekki er hægt að útfæra hana og síst af öllu við þær aðstæður sem nú eru. Hæstv. ríkisstjórn er með þeirri boðun að hóta að færa kreppuna úr þéttbýlinu yfir í dreifbýlið og nú reynir á talsmenn dreifbýlisins sem hafa verið þekktir fyrir að verja hag hinna dreifðu byggða landsins. Virðulegi forseti. Nú reynir á hversu fast þeir standa í ístaðinu.

Kynningin á fyrningarleiðinni er svo alvarleg að það er ekki hægt fyrir neina ríkisstjórn að setja slíkt fram án þess að hafa ígrundaða stefnu þar að baki, ígrundaðar leiðir, ígrundaða fyrirvara á mörgu sem hlýtur að koma fram ef slíkt gengi yfir. Við kvörtuðum yfir því að Bretar settu á okkur hryðjuverkalög. Að mínu mati, virðulegi forseti, er hugmyndin um fyrningarleiðina eins og hún hefur verið kynnt hryðjuverkaárás á Ísland. Það getur vel verið að slátrun sjávarútvegsins mundi gefa peninga í einhverja mánuði en ekki lengur. 50–60% af tekjum Íslendinga koma frá sjávarútveginum þó að það hafi verið feimnismál, endalaust feimnismál í sögu Íslands af því að því fylgir slorlykt. Fyrningarleiðin mundi slátra sjávarútveginum, stöðu sjómanna, fiskvinnslufólks, sveitarfélaga, bæjarfélaga og ríkis vegna þess að þar er ekki hugsað neitt til enda. Þær tillögur sem hér eru til umræðu eru (Forseti hringir.) leið til þess að sigla út úr þeim vanda sem nú er, sigla út úr brimgarðinum og þess vegna er ástæða til að hvetja til (Forseti hringir.) samstöðu um þær.

[13:00]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir ræðu hans en það var eitt efnisatriði sem hann kom inn á sem ég ætlaði að bregðast við, þegar hann segir að þetta séu tímamót, að það séu nýmæli í þingstörfum að stjórnarandstaða komi með ítarlegar tillögur í efnahagsmálum af þessu tagi. Í fljótu bragði mundi ég eftir a.m.k. tveimur þingmálum sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt á undanförnum árum. Á 133. löggjafarþingi, 2006–2007, var flutt þingsályktunartillaga um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika sem allur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á því þingi flutti. Þar var lagt til að fela ríkisstjórninni að grípa til ýmissa aðgerða til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Og á 135. löggjafarþingi, 2007–2008, flutti allur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frumvarp til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum. Við höfðum á þeim tíma gert okkur grein fyrir hvert stefndi í efnahagsmálum þjóðarinnar og lögðum þess vegna ríkt á um að gripið yrði til aðgerða af hálfu stjórnvalda. Það eru því fordæmi fyrir því að stjórnarandstaða flytji þingmál, þingsályktunartillögu eða frumvörp í þessu efni.

Það sem kann kannski að vera nýtt núna er að sitjandi ríkisstjórn hlusti á það sem stjórnarandstaðan hefur fram að færa og hér gerist það að þingmál Sjálfstæðisflokksins hefur verið tekið til umræðu örfáum sólarhringum eftir að því er dreift. Í tilvikum þingmála okkar, Vinstri grænna, fengum við ekki að mæla fyrir fyrra málinu sem ég nefndi, 14. þingmáli, og hitt málið kom til 1. umr., var vísað til nefndar og sofnaði þar. Nýmælin núna kunna kannski fyrst og fremst að felast í viðbrögðum stjórnarþingmanna. Ég get ekki betur heyrt en almennt hafi þessu þingmáli verið tekið vel þótt menn áskilji sér allan rétt til að hafa skoðanir á einstökum atriðum í þeirri tillögugerð.

[13:02]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg rétt að oft og tíðum hafa ýmsir stjórnarandstöðuflokkar komið með ábendingar og tillögur. En þær tillögur sem hv. þingmaður vitnar til voru langt í frá jafnítarlegar í útfærslu, tímasetningu og yfirgripsmiklar og hér um ræðir. Hér er í rauninni á borðinu pakki sem hentar ríkisstjórninni, sem hentar Alþingi með öðrum tillögum sem komið hafa fram, til að mynda frá Framsóknarflokknum. Úr þessu þarf að vinna, úr þessu þarf að taka smjörið og þétta það þannig að það skili árangri, ekki að karpa um smáatriði. Auðvitað eru menn ekki endilega 100% sammála um öll atriði. Þannig hlýtur það alltaf að vera en kjarni málsins er sterkur, öflugur og brúklegur og á að vera hvatning fyrir íslenska þjóð í þeirri stöðu sem við erum og á líka að vera hvatning fyrir hæstv. ríkisstjórn.

[13:04]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég var kannski einkum og sér í lagi að benda á að menn verða náttúrlega að eiga það sem þeir eiga. Í þeim þingmálum sem ég gat um frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði á sínum tíma voru að sjálfsögðu lagðar til allítarlegar tillögur sem ég skora á hv. þingmann að kynna sér. Það skiptir kannski ekki öllu máli núna. Á þeim tíma vorum við reyndar í allt annarri stöðu en við erum við þær aðstæður sem nú eru uppi en þær tóku engu að síður mið af þeim veruleika og þeim aðstæðum sem þá voru uppi og voru allítarlegar. Ég bendi bara á þetta til marks um að slíkar tillögur hafa verið fluttar en það hefur því miður verið allt of algengt í störfum Alþingis að tillögur frá stjórnarandstöðuþingmönnum og almennum þingmönnum yfirleitt, en ekki síst úr stjórnarandstöðunni, hafa jafnvel ekki fengið umfjöllun í þingsal eða þingnefndum.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins er þess eðlis að mínu viti að þar er um margt mjög góðra tillagna að ræða. Ég held að um margar þeirra séu áreiðanlega skiptar skoðanir, verulega skiptar skoðanir en um aðrar getur áreiðanlega tekist góð samstaða. Ég fagna því að sjálfsögðu að Sjálfstæðisflokkurinn, sem ábyrgur stjórnmálaflokkur, skuli leggja fram sínar hugmyndir í það púkk sem við þurfum öll á að halda að verði sem breiðast og innihaldi sem flestar hugmyndir um hvernig við getum unnið okkur út úr þeirri stöðu sem við erum í. Að mínu viti er það skylda stjórnvalda að kalla alla að því borði, líka stjórnarandstöðuflokkana. Það hefur reyndar verið gert og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa verið í viðræðum við ríkisstjórnina, aðila vinnumarkaðarins og fleiri til að leita leiða úr þeirri alvarlegu stöðu sem íslensk þjóð býr við. Það hlýtur að vera frumskylda okkar allra sem hér störfum að vinna þannig að málum, burt séð frá hvar í flokk við skipum okkur.

[13:06]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar. Það skiptir öllu máli í þeirri stöðu sem nú er að menn vinni saman. Sjálfstæðismenn hafa vonandi sýnt gott fordæmi í því að opna þar dyr ásamt öðrum í stjórnarandstöðu og þá skiptir miklu máli að samstaða náist, samræða og breidd til að komast að niðurstöðu, taka ákvarðanir. Eitt af því sem er kannski brúklegast við þessar tillögur, auk þess að vera mjög vel ígrundaðar, er tímasetningin. Það er tímasetning sem er strax, að ljúka þorra tillagnanna til afgreiðslu og framkvæmda á fjórum vikum og síðan koma þættir eins og peningastefnan, gjaldmiðilsskoðun og fleira sem er ætlað að ljúka á þremur mánuðum. Það er þannig sem þarf að vinna. Það gengur ekki að hafa einhverja umræðupólitík eins og er að ryðja sér til rúms í tísku stjórnmálanna undanfarin ár. Það gengur að taka af skarið strax og þar vil ég líka taka undir orð hv. þm. Sigmundar Davíðs, formanns Framsóknarflokksins, sem hefur hvatt til að það sé tekið á, áratökin verði snörp og skörp, stefnan verði tekin, kúrsinn verði tekinn að það verði siglt að stefnunni.

[13:07]

Forseti (Siv Friðleifsdóttir):

Ég bið hv. þingmenn um að nota föðurnöfn þegar þeir ávarpa þingmenn.

[13:08]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þingmanns að hann talaði um að hér þyrfti reynslu og verkvit og ég tók það þannig að hann hefði verið að tala um að það væri eingöngu hjá Sjálfstæðisflokknum, hann hagaði málflutningi sínum í þá veru. Á bls. 8 í þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu er fjallað um peningamálastefnuna. Meðal annars segir þar, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn brá því á það ráð að halda niðri innflutningsverðlagi og þar með verðbólgu með því að halda krónunni sterkri og var það meðal annars gert með því að laða að erlenda fjárfesta – hvetja til svokallaðra vaxtamunarviðskipta. Í meginatriðum fólust þessi vaxtamunarviðskipti í því að erlendir bankar hófu útgáfu skuldabréfa í íslenskum krónum sem síðan voru seld til erlendra fjárfesta.“

Virðulegi forseti. Mín spurning til hv. þingmanns er eingöngu þessi: Var það reynsla og verkvit hjá þeirri ríkisstjórn sem sat og gerði þetta, þ.e. Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og þeim ráðherrum sem stýrðu þar efnahagsmálum — og líka að við förum ekki ofan í Seðlabankann og tölum um seðlabankastjóra sem hafa setið í krafti Sjálfstæðisflokksins — sem komu fram í þessari peningastefnu?

[13:09]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það kemur svolítið á óvart að hæstv. samgönguráðherra, sem er maður framtíðarinnar, skuli í allri þeirri umræðu sem hefur farið fram hingað til í dag, hafa verið á neikvæðum nótum. Hann er kolfastur í fortíðinni. Það er eins og Færeyingar segja, það er allt kjaftsvart í kringum hann. Það er blindaþoka. Það er margt sem má finna að í stjórn landsins undanfarin ár, ekkert síður hjá sjálfstæðismönnum en öðrum, samfylkingarmönnum, framsóknarmönnum og öðrum sem hafa tekið þátt í stjórn landsins. Það þýðir ekkert að einblína alltaf á það að kenna einhverjum einum um, finna einhvern einn blóraböggul. Það er bara ekki það sem blasir við í dag. Það sem blasir við í dag er að horfa til þeirra verka sem eru fram undan og þeirra vandamála sem eru fram undan. Ég vona að hæstv. samgönguráðherra komist úr því hjólfari sem hann er kominn í með allt kjaftsvart í kringum sig. Það hæfir ekki hæstv. ráðherra og fer honum illa. Hann er baráttumaður og verkglaður að öllu jöfnu, Siglfirðingur. Það eru hlunnindi.

[13:11]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil ekki taka undir orð hv. þingmanns vegna þess að í andsvari mínu við formann Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktsson, 1. flutningsmann að þessari tillögu, sagði ég að hér kæmi margt lofsvert fram og

að margt væri athyglisvert og flest af því væru gamalkunnug ráð. Ég ætla að ræða um það á eftir í ræðu minni. En það er nauðsynlegt, virðulegi forseti, að fara yfir þessa þætti og þess vegna vil ég ítreka það sem ég sagði áðan og mér finnst líka koma fram í máli hv. þm. Árna Johnsens, að fara aðeins í fortíðina til að gera hana upp. Það er sama hvort það er að brennt barn forðast eldinn eða hvað en við þurfum að hyggja að fortíðinni til að byggja framtíðina. Það er grundvallaratriði. Þess vegna hef ég sagt það hér og skal segja það einu sinni enn: Það er virðingarvert af sjálfstæðismönnum hvernig þeir setja ýmislegt fram í greinargerð með þessari þingsályktunartillögu þar sem þeir gera upp við fortíðina. En það eru líka staðreyndir sem vert er að draga fram vegna þess að vítin eru til varnaðar, þetta getum við ekki gert áfram. Ég neita því að tala um að það sé eitthvert svartagallsraus eða eitthvað þess háttar og að of mikið sé litið til fortíðar þegar mann eru að gera þessa þætti upp. En mér finnst virðingarvert, virðulegi forseti, og ég ítreka það, að sjálfstæðismenn skuli vera að gera upp við fortíðina á þann hátt sem hér er gert vegna þess að í þessari greinargerð er mjög mikil ádeila á störf Sjálfstæðisflokksins undanfarin ár, á þeim tíma sem hann hefur verið að hreykja sér af því að hafa verið í ríkisstjórn og leitt ríkisstjórn. Ég gerði þetta eingöngu að umtalsefni vegna þess að hv. þingmaður talaði um reynslu og verkvit og allt það en við skulum fara yfir þessa þætti betur á eftir.

[13:13]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. samgönguráðherra lætur ekki deigan síga og ber höfðinu við steininn. Við höfum engan tíma í dag til að ræða um fortíðina, hvort sem það eru raunveruleg vandamál eða umdeild atriði, við höfum engan tíma til þess. Við höfum tíma til þess og skyldur til þess að fjalla um verkefnin sem liggja fyrir og eiga að skila árangri fyrir íslenska þjóð. (**Samgrh.:** Það er ríkisstjórnin að gera.) Ríkisstjórnin þarf að taka á sig að gera og þora að vinna verkin sem þarf að vinna en hún gerir það ekki. Það er það sem skelfir þjóðfélagið í dag að menn sitja auðum höndum og ganga um með hendur í vösum. (**Samgrh.:** Við erum skilanefnd.) Hæstv. ráðherra er fljótur að taka hendurnar úr vösum núna. Ríkisstjórnin þarf að gera það og láta hendur standa fram úr ermum, taka á vandanum, klára málin. Það er vilji þorra þingmanna hér að vinna að því saman og taka á því saman og þá er mikilvægt að nýta þann vilja, nýta þá möguleika sem eru fyrir hendi og hafa ekki verið fyrir hendi fyrr á Alþingi um langt árabil, að menn vinni saman að hlutunum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:15]

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Frv. efh.- og skattn., 47. mál (brottfall ákvæðis um löggilta aðila). — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, HHj, JBjarn, JRG, KÞJ, KLM, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÞHB, REÁ, SDG, SII, SF, SkH, SVÓ, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack.

2 þm. (BirgJ, BVG) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁPÁ, ÁsbÓ, ÁsmD, BjarnB, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, LRM, LMós, ÓN, RR, RM, SER, SIJ, SJS, SSv, ÞSa, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 111).

Listamannalaun, frh. 2. umr.

Frv. menntmn., 69. mál (brottfall eldri laga og breytt tilvísun). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála, frh. fyrri umr.

Þáltill. BjarnB o.fl., 88. mál. — Þskj. 103.

[13:37]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Tillögu þingflokks Sjálfstæðisflokksins um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála ber að fagna eins og öðru sem lagt er fram til þess að reyna að vinna á þeim mikla efnahagsvanda sem þjóðin er í.

Að langmestu leyti get ég tekið undir þessa tillögu. Helst hefði ég viljað sjá meira um framkvæmdina á tillögunum en reyndar er gert ráð fyrir því að myndaðir verði hópar og farið í þá vinnu sem þarf til þess að framkvæma þetta. En mörg mál eru líka þess eðlis og lögð er áhersla á að þau mega ekki bíða. Þar tek ég undir með þeim sem talað hafa á undan mér um mikilvægi þess að þessi mál séu ekki látin bíða. Nú hafa nokkrir stjórnarliðar tekið jákvætt í þessar tillögur og rætt um að þær skuli fá afgreiðslu fljótt og vel.

Ég veit hins vegar ekki í ljósi reynslunnar hvort menn hafi ástæðu til að vera bjartsýnir hvað það varðar. Hæstv. utanríkisráðherra talaði ágætlega á sínum tíma um sambærilegar tillögur Framsóknarflokksins sem komu nú fyrst

fram í febrúar á þessu ári og svo inn í þingið. Hann talaði mjög vel um flestar þeirra tillagna en hafði reyndar smáfyrirvara hvað eina tillöguna varðar. En svo kemur hann núna og talar álíka vel um tillögur Sjálfstæðisflokksins.

Hvað hefur hins vegar orðið um tillögu Framsóknarflokksins sem hæstv. utanríkisráðherra og margir aðrir töluðu um að þyrfti að ræða og vinna með? Hún fór til umræðu í efnahags- og skattanefnd 17. mars síðastliðinn og hefur ekki spurst til hennar síðan. Ég ætla að vona að það fari ekki eins fyrir þessari tillögu og jafnvel að einhver staðar geti hæstv. utanríkisráðherra og aðrir stjórnarliðar, sem nú tala um mikilvægi þess að skoða vel allar góðar hugmyndir, fundið hjá sér þessar tillögur Framsóknar og skoðað þær þá líka.

Eins og ég nefndi líst mér bara vel á megnið af þessu. Hér er fjallað um mikilvægi þess að gætt sé að samkeppnisstöðu fyrirtækja í endurskipulagningu bankanna og atvinnulífsins. Það er nokkuð sem er mjög mikilvægt að ræða einmitt þessa dagana vegna þess að í bönkunum er nú verið að taka ákvarðanir um framtíð fjölmargra og í rauninni flestra íslenskra fyrirtækja. Þá er afskaplega mikilvægt að það sé gert með skipulögðum hætti og menn geti verið nokkuð vissir um að eitt sé látið yfir alla ganga, að gætt sé sanngirni. Þess vegna er ég ánægður að sjá að hér er lögð áhersla á það.

Hér er fjallað um fjármál hins opinbera og mikilvægi þess að upplýsingar um stöðu ríkisfjármála og framkvæmd fjárlaga verði kynntar Alþingi. Það er svo sannarlega mikilvægt en hins vegar er ótrúlegt að það þurfi að koma fram í þingsályktunartillögu en sú er raunin. Ég viðurkenni að það er þörf fyrir að leggja þetta fram í þingsályktunartillögu vegna þess að það hefur ekki verið gert sem er alveg með stökustu ólíkindum miðað við þær aðstæður sem við erum í núna, að það þurfi að leggja fram sérstaklega í þingsályktunartillögu beiðni um að Alþingi fái upplýsingar um stöðu ríkisfjármála.

Það kemur kannski ekki á óvart að ég hef dálítið aðrar áherslur hvað varðar leiðréttingu skulda eða niðurfærslu höfuðstóls en fagna því þó að í tillögu sjálfstæðismanna er opnað á lækkun höfuðstóls. En ef það er gert með sértækum aðgerðum er ekki hægt að tala um leiðréttingu heldur er þá verið að meta hvert tilvik fyrir sig. Það vantar svolítið skýringar á því hvernig slíkt geti verið framkvæmanlegt, til að mynda varðandi lán til heimilanna. En gott og vel. Það er þó fyrir öllu að menn hefjist handa við að velta þessu fyrir sér og vinna þá vinnu.

Mér líst mjög vel á tillöguna um kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrisgreiðslna. Við í Framsókn vorum reyndar búin að láta reikna fyrir okkur það dæmi og ég tel rétt það sem ályktað er í þessari tillögu að það geti skilað töluverðum tekjum. Að vísu dregur það úr skatttekjum ríkisins í framtíðinni en það er vel réttlætanlegt við núverandi aðstæður að menn taki dálítið lán í framtíðinni því að við verðum að vona að ástandið batni þegar fram líða stundir. En það batnar ekki nema við höfum einhverja innspýtingu við þær aðstæður sem nú eru þannig að þetta er að mínu mati vel réttlætanlegt.

Sá flutningur milli gömlu og nýju bankanna sem hér er getið um ætti náttúrlega að vera löngu búinn. Það er eitt af því sem er svo undarlegt í öllu í starfi þessarar ríkisstjórnar að það skuli enn dragast von úr viti. Vissulega er þetta flókið mál og vissulega er mikil áhætta sem fylgir þessu. En þá verða menn líka að þora að dreifa þeirri áhættu, fara varlega í flutning eigna á gömlu bönkunum yfir í þá nýju og taka tillit til þess að allt hagkerfið er undir. Þar af leiðandi geta menn leyft sér við flutning t.d. lánasafna úr gömlu bönkunum í þá nýju að huga að því að þau lán sem virðast þar vera hugsanlega jafngóð við eðlilegar aðstæður verði ekki endilega góð ef fram heldur sem horfir. Það þarf að hafa í huga, jafnvel í fyrirtækjum sem staðið hafa í skilum og menn sjá fram á að ættu að geta staðið í skilum áfram, að aðstæður geta breyst og stefnir reyndar í að þær breytist mjög hratt til hins verra. Það bitnar á öllum fyrirtækjum ef hér verður það sem er kallað kerfishrun í efnahagslífinu, nokkuð sem því miður stefnir í og við færumst nær dag frá degi ef ekkert er gert til þess að koma í veg fyrir það.

Tvö atriði í viðbót vil ég nefna í ályktuninni sjálfri. Það eru breytingar á reglum um gjaldeyrishöft en nýjar, erlendar fjárfestingar falla ekki undir höftin. Ég tel að þetta hljóti að vera mjög erfitt í framkvæmd og mundi þá frekar vilja sjá áherslu á að höftunum yrði aflétt sem fyrst en hugsanlega þarf það að gerast í þrepum.

Ég er vissulega sammála því að þróuð verði úrræði til að minnka umfang verðtryggingar og auka framboð óverðtryggðra lána en hefði viljað sjá aðeins meiri útfærslu. Hún verður þá væntanlega unnin í framhaldinu.

Ég ætla að segja hér nokkur orð í viðbót um stöðu heimilanna og fá að lesa nokkrar línur upp úr greinargerð með frumvarpinu, með leyfi forseta. Þar segir:

„Í ljósi þess hve vandinn er almennur er lagt til að öllum sem þess óska verði gert kleift að minnka greiðslubyrði húsnæðislána sinna um allt að 50% næstu þrjú árin. Lækkuninni verði bætt við eftirstöðvar lánsins. Hugmyndin er að eftir þrjú ár verði efnahagslegar aðstæður á Íslandi umtalsvert betri en nú eru og fólk geti þá frekar staðið við skuldbindingar sínar.“

Þessi tillaga gerir sem sagt ekki ráð fyrir að þessi ríkisstjórn sitji áfram því að hér er treyst á að ástandið verði orðið miklu betra eftir þrjú ár. Því miður stefnir ekki í að sú verði raunin. En ég vona að ég sé ekki að eyðileggja daginn enn þá meira fyrir hæstv. utanríkisráðherra með því að benda honum á staðreyndir um stöðu efnahagsmála.

Nýjustu tölur í Icesave-hneykslinu eru þær að ábyrgð ríkisins er komin í 732.720 milljarða, tæplega 733 milljarða og fyrsta árs vextir komnir yfir 40 milljarða. Við fengum í morgun nákvæmari upplýsingar um upphæðina í erlendri mynt og hún reyndist vera töluvert hærri en ríkisstjórnin hafði kynnt. Því til viðbótar hefur gengi íslensku krónunnar hríðfallið frá því að tilkynnt var um þetta Icesave-samkomulag. Skyldi engan undra þegar verið er að skuldbinda ríkið svo gífurlega í erlendri mynt.

Það mun þess vegna verða til þess nánast óhjákvæmilega að festa í sessi lágt gengi íslensku krónunnar í alla vega 20 ár á meðan þessi skuldbinding hangir yfir. Síðan á hún að koma til greiðslu en ekki er með nokkru móti búið að sýna fram á hvernig á að vera hægt að standa undir því og sífellt fleiri færa nú rök fyrir því að það sé ekki hægt. Ég bendi mönnum á að lesa leiðara *Viðskiptablaðsins* í dag þar

sem útskýrt er að þó að ríkisstjórnin telji sig geta blekkt almenning og fjölmiðla með spuna í kringum þetta mál láti markaðirnir ekki blekkja sig og geri sér grein fyrir því að Íslendingar standa ekki undir þessum skuldbindingum í erlendri mynt. Það sé ekkert sem bendi til að það verði hægt.

Aðrir fjölmiðlar fylgja líka málinu eftir. Í dag birtist á eFréttum.is að samkvæmt áreiðanlegum heimildum séu 50% af lánasafni Landsbankans svokölluð ABL-lán, Asset-based loans, sem voru veitt yfirveðsettum fyrirtækjum.

Þó að tillögur Sjálfstæðisflokksins séu á margan hátt ágætar er ég dálítið hræddur um að þær og aðrar tillögur dugi ekki til ef þingið tekur þá afdrifaríku ákvörðun í næstu viku að taka á sig þessar Icesave-skuldbindingar því að undir þeim getum við ekki staðið.

[13:48]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Það hefur verið gaman að fylgjast með í morgun umræðum um þessa þingsályktun sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins flytur, fara yfir hana og hlusta. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt í stuttum andsvörum: Mér finnst virðingarvert hjá Sjálfstæðisflokknum að setja þessa tillögu fram. Ég skal ekki nudda meira salti í sárin hvað varðar skilanefndina og uppgjörið heldur horfa til framtíðar. Það væri ágætt að allir gerðu meira af því, okkur veitir svo sannarlega ekki af því, Íslendingum, að horfa meira til framtíðar og samræma þær aðgerðir sem við þurfum að fara í eftir það hrun sem átti sér stað.

Flestar af þeim tillögum sem hér eru settar fram eru auðvitað gamalkunnar og þekktar en hér er lögð fram ný tillaga sem ekki hefur verið mikið rætt um. Ég ætla að gera hana að umtalsefni hér en hún er sú að það er lagt til að skoðaðir verði kostir og gallar — tek það skýrt fram eins og stendur hér í tillögunni — á kerfisbreytingu á innheimtu skatta á lífeyrisgreiðslur. Það sem hér er sett fram er einfaldlega: Eigum við að skattleggja þessar lífeyrisgreiðslur — hér kemur fram að þær voru 162 milljarðar kr. árið 2007 núvirt með launavísitölu, sem gæti þá gefið allt að 40 milljarða í skatttekjur, þ.e. þessi kerfisbreyting ef litið er fram hjá mögulegum áhrifum persónuafsláttar sem hér hefur ekki verið gert.

Þetta er að mínu mati það merkilegasta í því plaggi sem hér er sett fram, þetta er nýmæli og þetta ber að skoða. Ef hægt er að fara þessa leið og komast hjá því að fara í eins miklar skattahækkanir og e.t.v. þyrfti eða niðurskurð í velferðarkerfinu eða hvar sem er í rekstri ríkisins, tekjufærslum, framkvæmdum og öðru, er hér hugmynd sem er einnar messu virði að skoða betur.

Virðulegi forseti. Mér dettur í hug að leggja fram þá spurningu — henni verður þá e.t.v. svarað af þeim sjálfstæðismönnum sem koma hér á eftir — hvort það hafi verið kannað hvort sú leið sem þarna er bent á yrði tímabundin, kannski til tveggja, þriggja ára, þannig að skatturinn sem tekinn er af þessum lífeyrisgreiðslum sé þannig settur fram að sá sem greiðir eignist það sem innstæðu hjá ríkissjóði. Þannig verður þetta ekki beinn skattur sem endanlega er tekinn af heldur hálfgert samkomulag milli lífeyrissjóðsgreiðenda, sem eru þá velflestir Íslendingar, og ríkisins um það að skatturinn af þessu, sem sjálfstæðismenn leggja hér til, komi inn í ríkissjóð á þessum erfiðleikatímum okkar og fari í reikning. Lífeyrissjóðsgreiðendur eiga hann þá inni hjá ríkissjóði og hann kemur svo til greiðslu þegar betur árar. Það verður auðvitað á næstu árum. Ekki ætlum við að lifa við þetta ástand. Vonandi heldur enginn að þetta hörmungarástand verði um aldur og ævi. Við munum vinna okkur upp úr þessu fljótt og vel og hraðar en ég held að við gerum okkur almennt grein fyrir. Ég hef ekki tíma til að fara meira út í það.

Það má kannski segja að hér sé um að ræða nýtískulega útgáfu af sparimerkjunum sem voru til í gamla daga. Þá var sparnaður tekinn af fólki áður en það gifti sig, svo og svo mikið af sparimerkjum sem voru svo útleysanleg þegar fólk gifti sig. Ég man eftir því sjálfur að ég átti töluvert í sparimerkjum þegar ég gifti mig og ég man að það var mikill og góður peningur sem létti manni það sem yfirleitt gerist fyrst á eftir, menn þurfa að koma sér þaki yfir höfuðið. Sparimerkjakerfið var lagt af. Sumir segja, þeir sem hugsa til þessa gamla tíma, því miður. Í þessu tilviki mætti því segja að lífeyrissjóðseigendur ættu nokkurs konar sparimerki inni hjá ríkissjóði. Mig langar að spyrja þá sem hafa flutt þessa tillögu hvort þetta hafi verið skoðað.

Virðulegi forseti. Margt annað er sett fram í þessari tillögu sem ég ætla ekki að fjalla mikið um. Mér finnst þó, og tek undir það sem hæstv. utanríkisráðherra sagði áðan, mjög merkilegt að sjá hér í fyrsta skipti í tillögu frá sjálfstæðismönnum, eins og segir í kaflanum um atvinnumál og nýsköpun, að við eigum að horfa á erlenda fjárfestingu og uppbyggingu í orku og orkugeiranum og allt það og að ekki sé eingöngu horft til uppbyggingar álvera.

Það er nýmæli að sjá þetta í tillögu frá sjálfstæðismönnum — (**REÁ:** Hvað hefurðu lesið margar tillögur frá Sjálfstæðisflokknum?) ég held ég hafi hlustað á þær flestar, þær hafa ekki verið neitt voðalega margar upp á síðkastið. En þarna er þetta sett fram og ég bið þá bara um að það verði leiðrétt ef það hefur áður komið fram. Inn í þennan kafla, um atvinnumál og nýsköpun — það er náttúrlega ákaflega mikilvægt að gefa svolítið vel í, við þurfum að byggja atvinnulífið upp. Gott og öflugt atvinnulíf verður undirstaða velferðarkerfisins, að fólk hafi vinnu og borgi skatta svo að ríkisvaldið geti fengið þá skatta og dreift út til þeirra sem á þurfa að halda. Ég minni þá á það sem hér hefur líka komið fram, þá samstöðu sem var — það var skrifað inn í stjórnarsáttmála Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, um rammaáætlunina sem er í gangi, og ég vænti þess að — ja, ég tók það þannig að allir þingflokkar hafi fengið kynningu á þeim drögum sem þar voru. Það var alla vega kynnt þingflokki Samfylkingar um daginn og mig minnir að ég hafi séð framsóknarmenn koma á eftir okkur til þeirrar kynningar. Þetta er ákaflega mikilvægt vegna þess að við þurfum að horfa til þessara þátta.

Virðulegi forseti. Í mitt ráðuneyti, ráðuneyti fjarskiptamála, hafa komið fjölmargir aðilar til að ræða um fjarskiptin við útlönd og sæstreng til Ameríku. Sem betur fer fer lagningu Danice að verða lokið á næstu vikum og verður þá komið almennilegt gott hringtengingarkerfi og hinn gamli Farice leggst af. Þeir aðilar sem vilja koma hingað og byggja upp, sækja hér í græna orku, sækja í menntunarstig okkar, hreina orku og allt þetta spyrja hins vegar: Hvernig verður með efnahagsmálin? Hver verður framtíðargjald-

miðillinn? Það er dálítið merkilegt að þeir aðilar eru jafnvel hræddari við það en efnahagskreppuna og fjármagnsörðugleika í heiminum, þeir koma til landsins og spyrja frekar út í gjaldmiðilinn en það. Þess vegna er kaflinn um peningamálastefnuna ákaflega merkilegur en forðast kannski — þó er sagt að athugun með framtíðarfyrirkomulag gjaldmiðla verði þegar hafin.

Ég minnist þess að formaður Sjálfstæðisflokksins, 1. flutningsmaður þessarar tillögu — ég veit ekki hvort það var á þessu ári eða í lok síðasta árs — hefur skrifað greinar þar sem talað var um upptöku evru, að það geti ekki gerst nema með aðild að Evrópusambandinu, sem er að sjálfsögðu hárrétt. En rétt fyrir kosningar kom nýtt útspil, þ.e. að taka upp evru í nánu samstarfi og í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það var líka dálítið merkilegt. Hérna opna sjálfstæðismenn á það, þó að þeir tipli í kringum það eins og kettir í kringum heitan graut þá eru sagðir hér ákveðnir hlutir í þessu. Hv. þm. Pétur Blöndal fór í andsvar við hæstv. utanríkisráðherra og spurði hvenær við héldum að evra yrði tekin upp, hann vísaði í einhverja dómsdagsspá úr fjármálaráðuneytinu um 30 ár eða hvað það var. Ég tel svo ekki vera en lokaorð mín eru þau að jafnmikilvægt og það er að reyna að mynda sem mesta þjóðarsamstöðu um þær aðgerðir sem þarf að vinna í ríkisfjármálum og öllu — víðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins og stjórnarandstöðuflokkana eins og þeir eru komnir að — þá er líka mikilvægt að taka þetta atriði fyrir. Ég ber hiklaust þá von í brjósti að í utanríkismálanefnd ljúki þeirri vinnu hjá fulltrúum allra flokka, að menn reyni að búa til eina heildstæða tillögu um Evrópusambandið til að leggja fram á Alþingi þannig að við getum þá samþykkt að ganga til aðildarviðræðna. Hver hefur skaðast af því að fara út í lönd og spyrja spurninga og fá svar?

Virðulegur forseti. Að mínu mati er ein spurning kannski mikilvægust í því spurningaflóði sem þarf að setja fram í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Hún er þessi: Getum við Íslendingar fengið undanþágu frá Maastricht-samkomulaginu um að fá að taka upp evru fyrr en við munum uppfylla þau skilyrði sem þar eru sett? Þetta er að mínu mati eitt mikilvægasta atriðið í uppbyggingu atvinnulífsins og íslensks efnahagslífs á ný. Ef ég heyri rétt að þetta sé tillaga Sjálfstæðisflokksins (**REÁ:** Þetta er tillaga Sjálfstæðisflokksins frá því fyrir kosningar.) þá fagna ég því og þá sýnist mér eitt atriði frá. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd munu þá leggja sitt af mörkum við að búa til eina heildstæða góða tillögu (Gripið fram í.) sem kemur hér inn og við (Forseti hringir.) samþykkjum hana sem fyrst, áður en þessi mánuður verður liðinn.

[13:58]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er merkilegt að hlýða á þá umræðu sem átt hefur sér stað um þessa þingsályktunartillögu sjálfstæðismanna hér á þingi. Henni er ákaft fagnað af stjórnarliðum, þeim sem hér hafa talað, raunar fyrst og fremst frá öðrum stjórnarflokknum, Samfylkingunni, og það ber að þakka. En í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað, ekki síst í ljósi orða formanns Framsóknarflokksins, leyfir maður sér að efast um það hversu mikil heilindi eru á bak við þá mærð sem skín úr orðum stjórnarliða. En úr því að hæstv. samgönguráðherra hefur gert töluvert, bæði í andsvörum og sinni ræðu hér, úr því að þetta sé liður í því að sjálfstæðismenn séu að gera upp við fortíðina, án þess að fara mjög langt aftur í það, væri kannski æskilegt að hæstv. ráðherrar í núverandi ríkisstjórn frá Samfylkingunni gerðu upp við sína fortíð þó ekki væri lengra aftur en til febrúar — gerðu þá upp við Framsóknarflokkinn og þann stuðning sem hann veitti þáverandi minnihlutastjórn. Það væri fróðlegt að heyra það uppgjör, hvernig það mun koma til.

Í tengslum við þessa umræðu hefur komið fram sá einbeitti vilji hæstv. samgönguráðherra að við gerumst aðilar að Evrópusambandinu. Það hefur verið upplýst í orðum hans að fyrirspurnum frá erlendum fjárfestum, sem flestir virðast vera sammála um að séu nauðsynlegir hér inn í landið, verður ekki svarað fyrr en við getum veitt þeim svar við þeirri spurningu hver verði framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar og hvenær hann verði tekinn upp. Ég spyr þá hæstv. samgönguráðherra: Hver verður framtíðargjaldmiðillinn? Hvenær getur hann svarað því hvenær það liggi fyrir og undir hvaða skilmálum? Fram til þess tíma að hæstv. samgönguráðherra getur gefið fyrirspyrjendum (Forseti hringir.) þessi svör bíða þá allar erlendar fjárfestingar?

[14:00]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt ef sjálfstæðismenn taka það óstinnt upp annars vegar að tillögunni sé fagnað og því sem er þar nýtt og kemur þar inn og hins vegar að minnst sé á atriði sem koma fram í greinargerðinni eins og um peningamálastefnuna sem mér finnst mjög heiðarlegt af sjálfstæðismönnum að setja fram. Mér finnst það leitt ef sjálfstæðismenn taka það svona illa upp að um þetta sé rætt. Þetta er nú einu sinni fyrsta stóra tillaga Sjálfstæðisflokksins frá efnahagshruninu eða frá því að þarsíðasta ríkisstjórn sprakk og frá kosningum. Það er töluvert heiðarlegt uppgjör sem þarna kemur fram. En ég skal ekki gera meira af því í dag að fara í andsvör og rifja það upp sem þarna stendur. Ég skal lofa sjálfstæðismönnum því, virðulegi forseti, að salta ekki meira í þau sár.

Ég kannast ekki við neina skuld Samfylkingar við Framsóknarflokkinn vegna stuðnings við minnihlutastjórnina sem tók við 1. febrúar. Framsóknarflokkurinn á ekkert þar inni enda held ég held að flokkurinn hafi ekki sent neina reikninga eða greiðsluseðla fyrir því.

En aðeins í lokin varðandi þá fjárfesta sem hingað eru að koma. Það má enginn skilja orð mín svo að þeir séu ekki að hugleiða að koma, en það er dálítið merkilegt hve mikil umræða fer í efnahagsmálin og gjaldmiðilinn og þegar menn draga jafnvel upp súlurit eða línurit af sveiflum íslensku krónunnar þá eru þetta oft og tíðum síðustu spurningarnar sem koma: En hvað ætlið þið að gera með gjaldmiðilinn? Hver verður framtíðargjaldmiðill íslensku þjóðarinnar? Og af því, virðulegi forseti, að hv. 4. þm. Norðaust., Kristján Þór Júlíusson, spyr mig hver ég telji að verði framtíðargjaldmiðill íslensku þjóðarinnar, þá skal ég svara því

alveg klárt, (Forseti hringir.) ég held að það sé ekki nokkur vafi að það verður evra.

[14:02]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að í máli hæstv. ráðherra kom fram að hann var ekki einbeittari en það að hann sagðist halda að það yrði evran. Það var ekki meiri fullvissa en það og er ég með nokkra kerskni í þessum orðum mínum og ég skal fyllilega viðurkenna það.

Ég ætla ekki að innheimta af ráðherra uppfyllingu loforða gagnvart Framsóknarflokknum. Ég nefndi það í ljósi þeirra orða sem komu fram hjá formanni Framsóknarflokksins í ræðu áðan og þótti við hæfi að gera það í ljósi þeirra orða sem hæstv. ráðherra hafði um Sjálfstæðisflokkinn.

Það er raunar fullyrðing sem mér finnst mjög hæpin að heyra hér og hlýða á hæstv. samgönguráðherra setja fram í ljósi samstarfs ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að þetta væri fyrsta tillagan sem kæmi fram hjá Sjálfstæðisflokknum eftir að hrunið hófst. Það er mjög einbeittur brotavilji svo ekki sé meira sagt í ljósi þess ágæta samstarfs sem þessir tveir flokkar áttu. Ég minnist þess að fyrrverandi ríkisstjórn gaf út yfirlit um þær aðgerðir sem gripið hafði verið til frá hruni og þær voru yfir hundrað. Þannig að einhverju aðild hafa sjálfstæðismenn átt að tillögum til úrbóta í þeim efnum.

Varðandi þá hugmynd sem hér hefur verið rædd mikið í dag, breytingar á greiðslum inn í lífeyrissjóði og að skattleggja iðgjaldið strax, þ.e. áður en til innborgunar kemur, þá hefði ég viljað heyra aðeins frá hæstv. ráðherra, í ljósi þeirra orða sem hann viðhafði í ræðu sinni áðan, hverjir væru helstu fyrirvarar hans á þeirri leið. Í þessari umræðu er mikið horft til lífeyrissjóðanna og vil ég leyfa mér að benda á að eigendur lífeyrissjóðanna eru nákvæmlega sömu eigendur og eiga ríkissjóð en í umræðunni er oft horft til þess að atvinnurekendur og verkalýðsfélög séu eigendur eða umráðamenn þessara sjóða. En eigendur (Forseti hringir.) lífeyrissjóðanna og ríkissjóðsins er einn og sami hópurinn og það er íslenska þjóðin.

[14:04]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Aðeins um það sem hv. þingmaður fjallaði um í lokin, þ.e. hvort ég væri með einhverja fyrirvara við þá hugmynd sem þarna er sett fram sem ég gerði að meginmáli í ræðu minni. Ég get ekki sagt að ég þurfi neitt meiri fyrirvara en þarna eru settir fram. Þarna er lagt til að skoðaðir verði kostir og gallar þessa og ég tek alveg heils hugar undir það, ég sé kostina. Ég ímynda mér að ýmsir muni sjá ókostina og það séu þá sjóðstjórnir í lífeyrissjóðunum og þeir sem stjórna þeim vegna þess að það rennur minna fé inn til þeirra í þau ár sem þetta varir. Við erum svo sem ekki óvön því að lífeyrissjóðirnir finni því ýmislegt til foráttu sem verið er að gera, ég minni t.d. á útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðarins. Lífeyrissjóðirnir tóku ekki neitt voðalega mikið undir það þegar það var sett fram.

En þarna eru nokkur atriði reifuð hvað þetta varðar eins og að augljós galli við kerfisbreytinguna er að þjóðhagslegur sparnaður mundi tímabundið ekki aukast jafnhratt. Þetta er alveg rétt og þess vegna segi ég, virðulegi forseti, og það er kannski innlegg mitt í þessa umræðu, að það sé vert að skoða þetta, þetta sé tímabundin ákvörðun, ekki til framtíðar og ekki búa til tvö kerfi eins og hér er sett fram. Það má kannski segja að það sé fyrirvari minn að ég sjái ókostinn við það að búa til tvö kerfi. En ef þetta er tímabundin sértæk aðgerð eins og svo margar aðgerðir sem við erum að gera, sama hvort það eru neyðarlög, mikill niðurskurður í ríkisfjármálum eða annað, þá er vert að skoða þessa leið líka. Það eru einu fyrirvararnir sem ég hef. En get tekið undir það sem þarna kemur fram, það á að skoða kosti og galla og því er ég alveg sammála.

[14:06]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Því er fljótsvarað hvort aðgerðin geti orðið tímabundin. Svo gæti ekki orðið, þetta er það víðtæk kerfisbreyting á skattlagningu lífeyrissjóða að það gæti aldrei orðið tímabundið.

Hvað varðar þau rök sem hér var minnst á að sparnaður mundi ekki vaxa jafnhratt og áður, þjóðhagslegur sparnaður. Næsta setning var að það verði sennilega vegið upp með því að skuldir verði greiddar hraðar niður og ekki þurfi að taka jafnmikil lán.

Varðandi sparimerkin, vandamálið í sambandi við rekstur hins opinbera núna er hallinn, það vantar tekjur eða að lækka kostnað, sparimerki yrðu aldrei annað en lán eða fjármögnun til ríkisins.

Hæstv. samgönguráðherra nefndi að það væri eitt nýtt í þingsályktunartillögu okkar. Mig langar til að benda honum á að það sem ég tel vera nýtt og það sem ég tel vera verðmætast í þessari tillögu er að þetta er heildstætt plan sem hefur tilgang. Tilgangurinn er algjörlega skýr og skýrt sett fram hvert verkefnið er. Tilgangurinn er að íslenskt efnahagslíf öðlist trúverðugleika á ný, að komið verði til móts við vanda heimila og fyrirtækja, að bankakerfið verði endurreist og reglugerðir á fjármálamarkaði verði endurskoðaðar.

[14:08]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti áminnir hv. þingmenn um að ávarpa hver annan með viðeigandi titlum en ekki persónufornöfnum.

[14:09]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson, sem ég ímynda mér að sé einn af höfundum þessarar tillögu fyrir hönd þingflokks Sjálfstæðisflokksins, telur að það verðmætasta í þessari tillögu sé að þetta sé heildstætt plan.

Virðulegi forseti. Efast einhver um það eitt augnablik að það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera og það sem menn hafa verið að gera undanfarið, að menn séu að reyna að vinna heildstætt plan? (**TÞH:** Já, það er heila málið.) Nei, það er aldeilis ekki, virðulegi forseti. En það getur vel verið,

virðulegi forseti, að menn hafi ekkert voðalega mikið verið að vinna heildstætt plan fyrst eftir hrunið og því fór sem fór.

Sú ríkisstjórn sem mynduð var 1. febrúar og tók við af ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks sem sprakk hefur verið að vinna heildstætt plan og setja það fram. Hvað annað er verið að gera með viðræðum við aðila vinnumarkaðarins? Hvað annað er verið að gera með því að mynda víðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins og búa til nokkurs konar þjóðarsátt eins og helst þyrfti að gera? Hvað annað er verið að gera með því að bjóða stjórnarandstöðunni að koma að því borði? Hvað annað er verið að gera með því m.a. að við stjórnarliðar tökum hluta af þessum tillögum og erum að ræða hann á hinu háa Alþingi núna, virðulegi forseti, nokkrum dögum eftir að tillagan kemur fram? Þetta er nýtt, þetta eru ný vinnubrögð.

Það sem verið er að gera og það sem lagt er til í þessari tillögu og talið upp í tillögunni sjálfri, þ.e. aðgerðir fyrir heimilin, fyrirtækin, fjármál hins opinbera, fjármálamarkaði og peningamálastjórn, allt þetta er verið að gera þó að misjafnlega vel gangi.

Eins og hér hefur komið fram þegar rætt er um peningamálastjórnina — ég held að það hafi komið fram hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins — hafa sennilega þrjár ríkisstjórnir haft það á stefnuskrá sinni að breyta peningamálastjórninni en það hefur ekki tekist, því miður.

[14:11]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að farið var út í þá vinnu sem núna liggur fyrir þinginu er sú að það var ekkert heildstætt plan. Það var heila málið. Ástæðan fyrir því að við fórum út í þetta var að okkur fannst ríkja ráðaleysi, dugleysi og hugleysi. Þess vegna var farið út í þetta, það var eina ástæðan.

Þegar ég sá þessa punkta, hvað voru það, 50 punktar á 100 dögum? eða hvað það var, þá hugsaði með mér: Guð minn almáttugur, er þetta það sem bjóða á þjóðinni upp á sem lausn á þeim vandamálum sem íslenska þjóðin á við að glíma núna? Ég býst við að svarið við því sé já.

Síðan eru liðnir 45 dagar og nú er allt kerfið að fara í sumarfrí. Það verður meira rosalega punktaflóðið sem verður hér fyrstu dagana í ágúst ef á að nást að uppfylla þetta. Þetta var algjörlega óraunhæft plan og óhugsað, eða þetta var ekki plan, þetta var hrúga af punktum þar sem lausn á efnahagsvanda þjóðarinnar var að taka kvótann af útgerðunum sem hefur komið sjávarútveginum í stórkostlegt uppnám og komið í veg fyrir framþróun. Ég og hv. þm. Kristján Þór Júlíusson vorum saman úti í kjördæminu í gær að tala við menn þar í sjávarútvegi. Það kom bersýnilega í ljós að þeir héldu að sér höndum út af óvissu, þeir sögðu það bara beint. Þeir sögðu: Ef ekki væri fyrir þetta værum við á gaddaskónum hlaupandi að leita okkur að tækifærum til að byggja upp og vaxa. (Forseti hringir.) Þetta var mjög góður efnahagspunktur hjá ykkur.

[14:13]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé hluti af fortíðarvanda Sjálfstæðisflokksins, vandanum sem hann þarf að gera upp við sig sjálfur eins og hann er að gera í þessari tillögu um ýmsa aðra þætti, og bryt ég nú það samkomulag að strá meira salti í sárin en get ekki annað þegar hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson segir að það sé ekkert verið að gera.

Það er verið að gera mjög marga hluti. Svo getum við haft skoðanir á því hvort þeir gangi of hægt, það er annar handleggur. (Gripið fram í.) Eins og t.d. með bankakerfið, virðulegi forseti. Hvers vegna hefur ekki gengið að klára uppgjörið milli gömlu og nýju bankanna hvað varðar … (Gripið fram í.) Það er vegna þess, virðulegi forseti, að við erum með hér á landi oft og tíðum fulltrúa kröfuhafa sem áttu 12 þús. milljarða kr. inni hjá þessum bönkum sem allir fóru á hausinn. Ætli það sé nokkuð óeðlilegt við það að þeir séu ekki mjög kátir hér á landi við það að klára að búa til og gera upp? (Gripið fram í.) Ætli það sé ekki hluti af fortíðarvandanum, virðulegi forseti? Ætli það sé ekki hluti af þeim vanda hve hægt gengur að gera upp milli gömlu og nýju bankanna vegna þess að hér eru þeir aðilar sem lánuðu til Íslands og eru að tapa stórum hluta af þeim peningum. Ætli þeir séu nokkuð að flýta sér? Ætli það geti verið, virðulegi forseti, að þeir hugsi sem svo: Þetta getur ekki verið verra en það getur vel verið að það batni og þá borgi sig að geyma það að ganga frá og skrifa undir uppgjörið? (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Það er líka (Forseti hringir.) eitt í viðbót, virðulegi forseti.

(**Forseti** (SVÓ)**:** Forseti vill beina þeim tilmælum til hv. þingmanna að hafa hljóð á meðan ræðumaður talar.)

Mér finnst ekkert óeðlilegt við það, virðulegi forseti, þótt þeir þrír sjálfstæðismenn sem grípa hér mest fram í séu dálítið órólegir núna þessar stundir þegar verið er að gera upp við fortíðina, þegar skilanefnd Sjálfstæðisflokksins er í raun og veru að skila af sér með þessari þingsályktunartillögu.

[14:15]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Af því að hv. þingmönnum varð tíðrætt um heiðarlegt uppgjör í þessu plaggi — ég geri þá ráð fyrir að vitnað sé til hinnar snilldarlegu setningar sem ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í og er í greinargerð með þingsályktunartillögu þessari. Þar segir:

„Eftir nánast samfelldan hagvöxt frá árinu 1995 kveður við nýjan tón.“

Þetta er uppgjörið við ömurlega hagstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og einkavinavæðingu bankanna og þess hruns sem í kjölfar þess varð.

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið í máli mjög margra þingmanna, jafnt stjórnarþingmanna sem stjórnarandstöðuþingmanna, að þetta plagg er mjög jákvætt innlegg inn í þá umræðu sem við erum í og þurfum að vera í á næstu árum í endurreisn íslensks efnahags og samfélags. Auðvitað er ég ekki fullkomlega sammála öllu sem hér stendur en margt af því er í anda þess

sem þegar er í gangi hjá ríkisstjórninni og ég held að það skipti miklu máli að við eigum góða samvinnu á þeirri vegferð.

Mig langar, virðulegi forseti, að koma örstutt inn á þær aðstæður sem ríkja í samfélaginu. Eins og við höfum þörf á að líta til framtíðar til að komast út úr þessum ógöngum þá erum við enn bundin af fortíðinni. Við erum að fást við vanda innan bankakerfisins, í efnahagsstjórninni og í fjármálum heimilanna sem hindrar okkur í að horfa til framtíðar. En við verðum náttúrlega að horfa til framtíðar því án framtíðarvonar verður ekki mikið úr áformum okkar. Þess vegna vil ég fagna sérstaklega andsvari hæstv. forsætisráðherra við fyrirspurn hv. þm. Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur sem tók af öll tvímæli um það að Evu Joly yrði gert kleift að starfa hér áfram sem ráðgjafi. Jafnframt, út af þeirri tortryggni sem gætir í samfélaginu, og það kannski ekki að ástæðulausu, er full ástæða til þess að við sem förum með löggjafarvald veitum framkvæmdarvaldinu aðhald og séum gagnrýnin á meðferð mála í stjórnkerfinu.

Virðulegi forseti. Ef við lítum til þeirrar framtíðar, sem ég held að við viljum móta hér sameiginlega og í sem mestri sátt, og snúum okkur að efni þessarar þingsályktunartillögu, þá eru hér tillögur varðandi heimilin, þ.e. að myndaður verði sérfræðingahópur og rýmkuð verulega skilyrði fyrir því að heimilin geti lækkað greiðslubyrði húsnæðislána. Yfirlýsing hefur komið frá ríkisstjórninni og hæstv. forsætisráðherra um að þessi mál verði skoðuð eftir því sem upplýsingar birtast um stöðuna. Í málstofu Seðlabanka Íslands klukkan þrjú í dag verður farið yfir rannsókn þeirra á stöðu heimilanna. Það eru mjög mikilvægar upplýsingar til að hægt sé að taka ákvarðanir á grundvelli þeirra svo að aðgerðir í þágu heimilanna verði markvissar.

Varðandi fjármál hins opinbera tek ég heils hugar undir það að tryggja þurfi framkvæmd fjárlaga ársins 2009, að þar verði ekki viðbótarhalli, og verið er að vinna að því að skerpa ráðuneytin í að halda sig innan fjárlagaramma. Um að upplýsingar um stöðu ríkisfjármála og framkvæmd fjárlaga verði kynntar Alþingi þá eru þetta náttúrlega upplýsingar sem eru stöðugt til umræðu í fjárlaganefnd og ég get ekki séð annað en að þær séu aðgengilegar þeim sem það vilja í þinginu. (**Gripið fram í:** … í nefndinni.) Já. Þá held ég að það væri mjög eðlilegt að hv. þingmenn í nefndinni, sem og aðrir sem áhuga hafa, beiti sér í fyrirspurnum í þeim efnum. Það er þeim frjálst og ekki þarf þingsályktunartillögu um slíkt.

Ég ætla einnig áður en ég kem að tillögunni um lífeyrissjóðina að taka undir það að settar verði fjármálareglur fyrir ríki og sveitarfélög til að veita samhæfingu og styðja sem best við peningastefnuna. Það hefur staðið til lengi. Vinna hefur verið í þá átt en ég tek heils hugar undir það að þetta er eitthvað sem verður að gera. Ég veit að það kemur ekkert fram um fjármálareglur sveitarfélaga nema í lögum um sveitarfélög og ég veit að sveitarfélögin eru tilbúin í þessa vinnu af fullum hug. En ég held líka að fara þurfi ítarlega yfir tekjustofna sveitarfélaga, sérstaklega á næstu árum þegar mjög mun reyna á þau í nærþjónustu og velferðarþjónustu við heimilin í landinu.

Svo tel ég að það sem kemur hér fram um fjármálamarkaði og peningamálastjórnina sé meira eða minna í gangi og það er ánægjulegt að Sjálfstæðisflokkurinn skuli vera farinn að sjá ljósið sem við samfylkingarfólk sjáum svo sannarlega við enda ganganna sem er aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru.

Ég hef ákveðnar efasemdir um tillöguna er varðar lífeyrissjóðina, en mér finnst samt sem áður hún vera þess eðlis að hana beri að skoða mjög gaumgæfilega. Við erum ekki í þeirri stöðu að geta slegið út af borðinu tillögur sem geta verið raunhæfar. Ég veit, virðulegi forseti, að bæði Samtök atvinnulífsins og aðrir, verkalýðshreyfingin, hafa áhyggjur af þessari tillögu en virðast þó tilbúnir til að ræða hana að einhverju leyti. Við þurfum samt að gera okkur grein fyrir því að tillagan felur það í sér að það dragi úr fjárfestingargetu lífeyrissjóðanna og ef við förum að eiga við þetta kerfi þá þurfum við líka að finna lausn sem tryggir að réttindamismunur verði ekki ýktur á milli opinberra starfsmanna og starfsmanna í almennum lífeyrissjóðum. Við megum ekki gleyma því að opinberir starfsmenn njóta ríkisábyrgðar á sínum lífeyrisréttindum sem starfsmenn á almenna markaðnum gera ekki. Það er því mjög mikilvægt að hafa það í huga þegar á að fara að vinna með hugmyndir um þessi kerfi.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson talaði um það að honum hefði þótt skorta á heildstætt plan. Ég upplýsi hv. þingmann um það að til grundvallar stjórnarsáttmálanum sem nú er í gildi þá er m.a. ritið *Skal gert* til. Ég get útvegað honum það rit sem er heildstæð áætlun Samfylkingarinnar um endurreisn íslensks samfélags, mun ítarlegri en þessi ályktun. Þegar við förum að ræða þessa þingsályktunartillögu í efnahags- og skattanefnd þá væri ánægjulegt ef hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson hefði kynnt sér það rit einnig og þá gætum við farið í enn ítarlegri og málefnalegri umræðu.

[14:23]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður fór í gegnum söguna og það vildi svo til að Samfylkingin var víst ekkert í ríkisstjórn og hefur ekki verið neitt fyrr en 1. febrúar sl. En það vill nú svo til að hæstv. utanríkisráðherra viðurkenndi áðan að hann hefði verið í ríkisstjórn. Samfylkingin með Sjálfstæðisflokknum, ég vil nú að hv. þingmaður muni það.

En það sem ég vildi gera athugasemd við er það sama og ég gerði athugasemd við hjá hæstv. utanríkisráðherra um. Það er þetta töfrasverð eða töfrasproti eins og Harry Potter, að veifa því að ljósið í göngunum sé ef við göngum í Evrópusambandið og tökum upp evru.

Það vill svo til að fjármálaráðuneytið hefur sagt ef við göngum í Evrópusambandið þá taki það 30 ár að taka upp evru. Það er þeirra mat. Ég reyndar tel að það taki svona 10–15 ár. Þá uppfyllum við loksins Maastricht-skilyrðin vegna þess hvernig Evrópusambandið er búið að fara með Ísland. Þeir kúguðu Ísland í haust, notuðu afl sitt og mátt til að skuldsetja Ísland alveg niður í botn þannig að við megum ekki taka upp evru. Þó að við gengjum inn í Evrópusambandið fyrir hádegi á morgun og fengjum aðild þá tökum við ekki upp evru fyrr en eftir mörg mörg ár, áratugi. Og ég ætla að biðja hv. þingmenn Samfylkingarinnar að hætta að veifa þessu töfrasverði. Hætta að veifa því

töfrasverði að ef við göngum inn í Evrópusambandið og tökum upp evru sé allur vandi okkar leystur, meira að segja veðrið á Íslandi batnar á veturna.

[14:25]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Pétri Blöndal þegar hann segir að við veifum töfrasprota þegar við tölum um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru. Því fer fjarri. Við tölum um að þetta sé löng vegferð en þetta sé vegferð sem við þurfum að hefja því að hún sé nauðsynleg til þess að Ísland megi til framtíðar búa við stöðugan efnahag og í samfélagi evrópskra þjóða.

Varðandi ábyrgð Samfylkingarinnar á því ástandi sem hér er þá skirrumst við ekki við að játa það að að sjálfsögðu vorum við hér í ríkisstjórn á þessum tíma og vorum undir lokin á þessu tímabili, hinna myrku markaðsára, við völd. En ástandið var náttúrlega orðið þannig um sumarið 2007 að það var erfitt að vinda ofan af vandanum. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Vissulega er það svo að allir sem að þessu máli hafa komið og líta til fortíðar hefðu viljað gera margt öðruvísi en gert var.

[14:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er nú ágætt að þingmenn Samfylkingarinnar gangast við því að þeir hafi verið í ríkisstjórn. En það var ekki nóg með það heldur var yfirmaður Fjármálaeftirlitsins, hæstv. viðskiptaráðherra þess tíma, samfylkingarmaður, og ég tel að sú stofnun hafi helst brugðist.

Það vildi svo til að þessi ákveðni yfirmaður talaði ekki við Seðlabanka Íslands í heilt ár, hann viðurkenndi það og sagði það. Þannig að það var heilmikið að í ráðstöfunum hæstv. ráðherra Samfylkingarinnar. Að ætla sér svo núna að koma og segja: Við komum þarna í lok tímabils og berum ekki ábyrgð á þessu. Þetta er ábyrgðarleysi.

Ég vil minna á það talandi um töfrasprota að hv. þingmaður sagði: Lausnin á þessu og ljósið í myrkrinu er það að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[14:27]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er Samfylkingin óhrædd við að axla ábyrgð og í valdastöðum eðlilega þar sem við vorum í ríkisstjórn var samfylkingarfólk. Það liggur í hlutarins eðli og ég læt svar mitt frá fyrra andsvari duga hvað það varðar. Ég ítreka að við segjum ekki Evrópusambandið sé töfralausn. Við segjum að það sé — (Gripið fram í.) já, það er alltaf gott að hafa leiðarljós í lífinu og það er svo einkennilegt að það virðist vera að Samfylkingin sé eini flokkurinn á þessu þingi sem sé með raunhæfar áætlanir til framtíðar. (Gripið fram í.) Það er ekki villuljós.

En virðulegi forseti. Ég geri þá að lokaorðum mínum orð sem við ættum kannski að hafa oftar yfir. Ég legg til að lögð verði sem fyrst fram tillaga um það að Ísland fari í aðildarviðræður við Evrópusambandið og við getum í kjölfar viðræðna og góðs samnings tekið hér upp evru. Og ég held að það séu ekki 10–15 ár, eins og hv. þm. Pétur Blöndal heldur fram — það er kannski óskhyggja hans þar sem hann er ekki áhugamaður um upptöku evru. En það verða auðvitað nokkur ár í það.

En fram að þeim tíma vinnum við saman hér í þinginu að því að greiða úr efnahagsmálum og reisa upp íslenskt efnahagslíf. Það verður mun auðveldara þegar heimurinn öðlast trú á okkur þegar við verðum búin að leggja fram trúverðugt plan í ríkisfjármálum. Það mun hafa áhrif á peningastefnuna. Það mun auðvelda okkur aðgengi að erlendu fjármagni samhliða því sem við lýsum yfir ósk um aðildarviðræður að Evrópusambandinu.

[14:29]

Útbýting:

Björgunarþyrlur, 55. mál, svar dómsmrh., þskj. 104.

Endurskipulagning atvinnufyrirtækja á vegum bankanna, 90. mál, fsp. ÓN, þskj. 106.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 35. mál, nál. meiri hluta sjútv.- og landbn., þskj. 110.

Icesave-reikningar o.fl., 91. mál, fsp. VigH, þskj. 109.

Stjórn fiskveiða, 34. mál, nál. meiri hluta sjútv.- og landbn., þskj. 107; brtt. meiri hluta sjútv.- og landbn., þskj. 108.

[14:30]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tillögu okkar sjálfstæðismanna um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum vegna alvarlegs ástands efnahagsmála. Umræðan hefur að mestu leyti verið ágæt með nokkrum undantekningum þó. En ég ætla ekki að fara yfir það og ég ætlaði í sjálfu sér ekki að fara efnislega yfir einstaka þætti tillögunnar. Það hefur verið gert hér af þeim sem fyrr hafa talað og gert það ágætlega.

Ég vil aðeins fara yfir það af hverju við erum yfir höfuð að leggja þetta fram. Hvað er það sem rekur okkur sjálfstæðismenn áfram í stjórnarandstöðu þar sem við höfum nú ekki upplifað að það sé of mikið hlustað á þær annars góðu hugmyndir sem við höfum fram að færa? Af hverju erum við að leggja þær fram hér á Alþingi? Hvað vakir fyrir okkur?

Það sem minnst hefur verið á áður, það sem ég hræðist mest í núverandi ástandi, er ekki hvort okkur takist að komast út úr þessu, ég hef nú fulla trú á því. Það er ekki að við getum ekki komið okkur á einhvern hátt saman um það einhvern tíma. Það sem ég orðin hrædd við er vonleysi íslensku þjóðarinnar. Ég er hrædd við vonleysi og vantrú íslensku þjóðarinnar á framtíðinni. Ég heyri það mjög oft hjá því fólki sem ég tala við.

Við fórum öll í gegnum kosningabaráttu fyrir ekki svo löngu og þá talaði ég við mjög marga. Þá fannst mér þetta ekki vera svo ríkjandi viðhorf eins og ég finn núna. Það vil ég útskýra með niðurstöðu kosninganna en það er ekki víst að allir þeir sem hér eru í þessum sal taki undir það. En ég held að vonleysi á framtíðina hjá íslensku þjóðinni sé út af því að íslenska þjóðin upplifir ekki að ríkisstjórn sú sem nú er komin til starfa valdi þessu verkefni.

Verkefnið er sannarlega stórt og sannarlega ærið. Við þurfum öll að leggjast á árarnar og þess vegna fórum við sjálfstæðismenn í þá vegferð að leggja gríðarlega mikla

vinnu í að búa til tillögur sem eru framkvæmanlegar, algerlega raunhæfar og munu koma okkur út úr þessum vanda.

Það er mjög hættulegt þegar þrótturinn fer úr samfélaginu og það er ekki í okkar anda. Við erum dugleg, við vitum það, og við höfum oft séð það mjög svart. Við höfum oft séð, eins og kollegi minn úr Suðurkjördæmi, hv. þm. Árni Johnsen mundi segja, bara bjargið fram undan. Það er engin brekka, það er bara bjarg.

En við höfum líka yfirstigið ótrúlegar hindranir, það er í þjóðarsálinni. Við höfum óbilandi vilja til að yfirstíga hindranir með kjarki og þrjósku og ekki síst með góðar hugmyndir að leiðarljósi. Þannig höfum við náð að koma okkur upp úr ótrúlega erfiðum aðstæðum í fortíðinni og þess vegna verðum við að útrýma þessu vonleysi. Þess vegna höfum við sjálfstæðismenn lagt fram tillögur okkar í þessu efni ekki bara sem innlegg, heldur trúi ég því og treysti og vona það svo heitt og innilega að þessar tillögur verði teknar til gagngerrar skoðunar. Við bjóðum fram krafta okkar til þess að vinna með stjórnvöldum að því að koma þeim í framkvæmd vegna þess að við trúum því heitt og innilega að þessar tillögur munu hjálpa okkur við það og koma okkur úr þessum vanda.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram og stjórnarflokkarnir hafa haldið fram að ýmislegt hefur verið gert. Ég dreg það svo sem ekki í efa. Ég held bara að það séu ekki alltaf réttu hlutirnir sem gerðir eru og ég tel að búið sé að gera allt of flókna hluti. Einhver sagði, ég held að það hafi verið formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarni Benediktsson, að íslenska vísitölufjölskyldan á næstu árum yrði pabbi, mamma, tvö börn og tilsjónarmaður. Það er ekki að ástæðulausu sem það er sagt. Þessi greiðsluúrræði og hvað það heitir allt saman, eru allt of flókin og þau miða að því að aðstoða fólk sem þegar er komið í vanskil, sem komið er á þann stað að grípa verður til einhverra neyðarúrræða.

Með tillögum okkar, og þá sérstaklega aðaltillögu okkar til aðstoðar heimilunum í landinu, leggjum við til úrræði sem stöðvar þróunina. Það hjálpar fólki sem ekki er komið í vandræði, er enn þá í skilum en er að sligast undan hækkandi greiðslubyrði og jafnvel lækkandi tekjum. Við komum til móts við það fólk með því að leggja til í 50% niðurfellingu á greiðslubyrði af íbúðalánum til þess að koma því í gegnum þau þrjú ár sem við teljum að við þurfum til þess að ná aftur jafnvægi.

En við þurfum að stöðva þróunina og koma í veg fyrir að við þurfum að fara í enn frekari björgunaraðgerðir. Þessi aðgerð er auðveld miðað við það sem hún lagfærir, hún er tiltölulega auðveld í framkvæmd. Og það besta er að það er hægt að gera hana strax. Við þurfum ekki að fara á málstofur í Seðlabankanum eins og hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir talaði um að við þyrftum nú öll að gera til að vita hvernig heimilin standa. Við vitum að þau standa illa og við vitum að við þurfum að koma þeim til hjálpar og það strax. Þess vegna hvet ég hæstv. ríkisstjórn til þess að skoða þessar tillögur og við lýsum okkur algerlega tilbúin til þess að koma til aðstoðar, leggja okkur öll fram vegna þess að það er okkur öllum í hag að íslenskt samfélag reisist við svo fljótt sem auðið er.

Annað sem ég vildi nefna sem er í tillögum okkar er áherslan sem ég sé því miður að í þeim tillögum sem ég les um, reyndar í fjölmiðlum. — Ég hef ekki orðið svo fræg að fá að vera þátttakandi í þessu ágæta samráði sem verið er að tala um úti um allan bæ. — En þær fréttir sem þaðan berast eru um skattahækkanir og niðurskurð. Jú, við erum með stórt fjárlagagat og það þarf að brúa það með einhverjum hætti. En ég leyfi mér að fullyrða að ef ríkisstjórnin ætlar sér að fara þá leið eina að hækka skatta og skera niður í ríkisútgjöldum munum við þá fyrst tryggja að kreppan vari hér að eilífu.

Við verðum að hugsa þetta í stærra samhengi og þess vegna leggjum við til þá leið sem verið hefur mikið til umfjöllunar, að huga að breytingum á skattlagningum í lífeyrissjóðina sem samkvæmt áætlunum gæti gefið okkur 40 milljarða í tekjur núna í staðinn fyrir að tekjurnar komi inn eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast. Þetta er eitthvað sem hefur bæði kosti og galla og gæti dregið úr þjóðhagslegum sparnaði. En ég er mjög hlynnt því að þetta verði skoðað af fullri alvöru vegna þess að þetta er ný leið til þess að við getum dregið úr skattahækkunum sem munu drepa niður allt sem heitir frumkvæði og getu þeirra heimila sem þó geta staðið í skilum.

Við verðum að passa upp á skattstofnana. Nú hljómar þetta mjög stofnanakennt. Við verðum að fjölga skattgreiðendum, tryggja að til sé fólk til að borga skatta og það gerum við ekki með því að hækka skattana á þá sem enn eru aflögufærir vegna þess að þeir verða það ekki endalaust. Það er ekki hægt að kreista úr þeim steini mikið lengur.

Virðulegi forseti. Ég held að tillaga okkar sjálfstæðismanna sé annað og meira en bara innlegg í umræðuna. Þetta eru fullburða, mótaðar tillögur sem eru margar hverjar róttækar. Sumar hafa verið settar fram áður og eru kunnuglegar en við þurfum að leita allra leiða til þess að koma okkur út úr þeirri kreppu sem við erum í og það gerum við bara með því að leggjast á eitt. Þess vegna hvet ég hv. þingmenn — verst að hæstv. samgönguráðherra Kristján L. Möller er farinn úr salnum — til að horfa nú til framtíðar og leggjast á eitt við að koma okkur út úr þessu vegna þess að það er ekkert fengið með því að standa hér endalaust og karpa um fortíðina. Þetta viljum við gera. Þetta eru tillögur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum og ég hvet þingheim allan til þess að kynna sér þær og hjálpa okkur sjálfstæðismönnum við að koma þeim í framkvæmd.

[14:40]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil lýsa yfir mikilli ánægju með þá þingsályktunartillögu sem við ræðum hér og flutt er af þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Ég man í febrúarmánuði þegar þingflokkur Framsóknarflokksins lagði fram svipaðar hugmyndir, reyndar í mun fleiri liðum, urðum við þess heiðurs aðnjótandi að hæstv. fjármálaráðherra tók þátt í þeirri umræðu. Það var ágætt innlegg og eins gerði hæstv. utanríkisráðherra sér sérstaka leið niður í þing að kvöldi til til að ræða um efnahagstillögur okkar þá.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu var vel tekið í þessar tillögur að mestu leyti og það veldur mér því miklum áhyggjum að heyra sama tón hjá hæstv. ráðherrum í ríkisstjórn gagnvart þeirri þingsályktunartillögu sem við ræðum hér. Þegar við skoðum þá þingsályktun sem framsókn-

armenn lögðu fram fyrir nokkrum mánuðum í 18 liðum kemur upp úr dúrnum að nær ekkert af því sem kveðið er á um í þeirri þingsályktun hefur verið framkvæmt þrátt fyrir mikinn fagurgala og þá sérstaklega hjá hæstv. utanríkisráðherra Össuri Skarphéðinssyni.

Ég spurði hæstv. ráðherra í andsvari fyrr í dag hvernig stæði á þessu og fékk það svar að verið væri að vinna að hlutunum. Enn er verið að vinna að því að ljúka við stofnun á nýju bönkunum sem margsinnis hefur frestast. Ekki hefur verið veitt heimild handa lífeyrissjóðum til að eiga gjaldeyrisviðskipti þótt þær hugmyndir séu enn uppi og maður les um í blöðum að séu til viðræðu í Karphúsinu. Það er ekki búið að gera drög að fjárlögum til ársins 2012 og þar af leiðandi er ekki búið að móta trúverðuga efnahagsstefnu. Það hefur leitt það af sér að við búum enn við eina hæstu stýrivexti í heimi, 12% stýrivexti. Þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að undir árslok verði stýrivextir komnir niður í 2–3% er ekki margt sem bendir til þess að ríkisstjórninni og Seðlabankanum takist það ætlunarverk sitt frekar en svo margt annað þegar kemur að efnahagsmálum.

Þessir tveir flokkar, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, mega þó eiga að þeir hafa lagt hér fram heildarpakka, tillögur í efnahagsmálum. En þegar ráðherrum í ríkisstjórninni er tíðrætt um samráð og samvinnu er ekkert hlustað á þær tillögur og verkin tala einungis í þeim efnum. Það er ekki nóg að taka vel í þessar þingsályktunartillögur rétt eins og tillögur okkar framsóknarmanna í febrúarmánuði, það hefur einfaldlega ekkert verið farið eftir þeim. Mér finnst hól ríkisstjórnarinnar við tillögum okkar framsóknarmanna ekki boða gott. Þingmenn hafi útbúið ásamt færustu sérfræðingum þjóðarinnar ályktun um tillögur í efnahagsmálum og síðan er ekkert farið eftir þeim.

Hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra tóku sér einungis nokkrar klukkustundir í að kynna sér afskriftaleiðina sem við settum fram í febrúarmánuði, áður en þau slógu þær hugmyndir út af borðinu sem er gamaldags pólitík, skotgrafahernaður. Að mati sumra eru hugmyndir frá öðrum flokkum fyrir fram ómögulegar.

Við heyrum reyndar í umræðunni núna að hæstv. forsætisráðherra talar um að leiðrétta þurfi skuldir heimilanna og jafnvel fyrirtækjanna. Við getum velt fyrir okkur hvernig staðan væri ef við hefðum brugðist hratt við og þorað að taka ákvarðanir í febrúar eða mars, komið til móts við skuldug heimili og fyrirtæki. Værum við þá í eins miklum erfiðleikum í dag og raun ber vitni?

Við töluðum fyrir því á sínum tíma að mikilvægt væri að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir. Mánuðir og vikur hafa liðið. Mörghundruð fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota. Þúsundir einstaklinga hafa misst vinnuna og því miður er efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar ekki enn komin fram. Hún er í vinnslu eins og á undangengnum vikum og mánuðum og ég veit ekki hvenær við megum vænta þess að hún líti dagsins ljós. En á meðan það liggur ekki fyrir er alveg ljóst að stýrivextir Seðlabankans munu ekki lækka. Það má því færa óyggjandi rök fyrir því að aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar kosti íslenskt atvinnulíf og heimili fleiri milljarða í hverri viku í ljósi þess að við búum við eina hæstu stýrivexti í heimi. En forsendan fyrir því að lækka þá er sú að ríkisstjórnin komi með almennilegar tillögur í efnahagsmálum.

Mér finnst, líkt og hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, ekki hægt að ræða um efnahagsmál í þessari umræðu án þess að ræða það sem yfir okkur vofir, svokallaðar Icesave-skuldbindingar. Og eins og hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson minntist á í ræðu sinni um þær gríðarlegu skuldbindingar sem ríkisstjórnarflokkarnir virðast ætla að steypa yfir íslenska þjóð höfum við fengið mjög misvísandi upplýsingar um stærðir í því samhengi.

Á fundi í utanríkismálanefnd í morgun sem hv. þingmaður sat kom í ljós að verði skrifað undir þetta samkomulag undirgöngumst við 732.720 milljarða kr., sem sagt tæpa 733 milljarða kr. sem Íslendingar bera ábyrgð á í framhaldinu. Á fundi efnahags- og skattanefndar í morgun kom í ljós verði þessir samningar samþykktir og verði skrifað undir þá, munu vextirnir reiknast frá og með síðustu áramótum. Þvílík samningatækni sem þar er vegna þess að þá liggja einhverjir inni á reikningum erlendis sem hafa verið frystir, reyndar án vaxta, sem við hefðum getað borgað strax inn á höfuðstólinn og lækkað skuldir. En sú samninganefnd sem við sendum út í heim hefur skrifað upp á það og kemur heim með þann samning að við skulum borga vexti frá og með síðustu áramótum.

Það er gjörsamlega óásættanlegt og það sér hver heilvita maður að þeir samningar sem verið er að leggja á okkur eru með öllu óásættanlegir. Vaxtakostnaðurinn af þessum okurvöxtum, 5,55%, eru 41 milljarður kr. fyrsta árið. Ef við setjum þetta í samhengi — þetta er svo stór upphæð og það er erfitt að gera sér grein fyrir henni — væri fyrir 42 milljarða kr. hægt að reka Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla, Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík í tæp þrjú ár, bara fyrir vaxtakostnaðinn fyrsta árið. Fyrir þessa 42 milljarða væri hægt að reka Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús í eitt ár þar sem vinna fleiri þúsund manns og taka á móti fleiri þúsund sjúklingum. (Gripið fram í.)

Maður veltir því fyrir sér hvaða áhrif samkomulag sem þetta muni hafa á íslensku krónuna og við hljótum líka að velta því fyrir okkur hvort það eignasafn sem er á bak við þessar skuldbindingar sé traust. Hér vitna ég í skrif í vefriti sem heitir eFrettir.is, með leyfi forseta:

„Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Efrétta, eru 50% af lánasafni Landsbankans svokölluð ABL-lán (Asset Based loans) sem voru veitt yfirveðsettum fyrirtækjum. Í því safni eru lánasöfn galdþrota fyrirtækja eins og Woolworths upp á 500 milljón punda sem gerir um 100 milljarða króna.“

Ég og fleiri í efnahags- og skattanefnd höfum kallað eftir því að við fáum að sjá þetta eignasafn og hvaða skuldbindingar við undirgöngumst. Þetta er allt voðalega mikið leyndarmál og ég velti því fyrir mér í ljósi þess að margir stjórnarþingmenn hafa á undangengnum dögum sagt að þeir muni styðja þetta samkomulag án þess að vita í raun og veru hvað liggur þarna að baki. Ég tel það vera algjört ábyrgðarleysi og óábyrgt að stjórnmálamenn sem ekki hafa fengið aðgang að þessum grunnupplýsingum skuli fyrir fram vera búnir að lýsa yfir stuðningi við undirskrift að Icesave-skuldbindingunum.

Hér er um háalvarlegt mál að ræða og þrátt fyrir þingsályktunartillögu sjálfstæðismanna og tillöguna sem við framsóknarmenn lögðum fram í febrúarmánuði held ég að íslensk þjóð verði mjög skuldug á næstu árum ef þessar skuldbindingar verða samþykktar. Við þurfum að vega mjög mikið að heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu, eitthvað sem við höfum ekki efni á. Með þessari undirskrift er verið að draga Íslendinga marga áratugi aftur í tímann til fátæktar og við munum, fáum við tilstyrk til þess frá einhverjum stjórnarliðum (Forseti hringir.) á þingi, reyna að koma í veg fyrir þá ósvinnu.

Ég vil þakka hv. þingmönnum (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokks fyrir að leggja fram þessa þingsályktunartillögu.

[14:51]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Í haust varð hrun. Í kjölfarið kom atvinnuleysi og mjög erfið staða heimilanna vegna þess að gengi krónunnar hrundi. Þetta er ákveðin staðreynd sem liggur fyrir og ég held að enginn efist um.

1. febrúar tók við ný ríkisstjórn, eftir stjórnarskipti, og boðaði kosningar. Fyrsta verkefnið var að koma Davíð Oddssyni út úr Seðlabankanum. Það tók einhverjar vikur, mánuði, næsta verkefni var að reyna að setja á stjórnlagaþing og það tók restina fram að kosningum, eiginlega alveg fram að kosningum. Síðan kom prófkjör, kosningar og allt og það var ekki tekið á neinu. Eftir að nýtt þing kom saman er það Evrópusambandið sem tekur hug manna, hæstv. ríkisstjórnar, og núna Icesave. Menn taka ekkert á vandanum, frú forseti. Það er það sem ég er að segja. Það er ekki tekið á vandanum.

Vandinn er þannig að þetta er verkefni, þetta er verkefni til að leysa, þetta er bara eitthvað sem menn eiga að horfast í augu við og sjá að þarna er atvinnuleysið svona mikið, staða heimilanna er svona, það er einmitt verið að kynna það núna, skýrsla frá Seðlabankanum sem hefði átt að liggja fyrir löngu síðan fyrir, um stöðu heimilanna o.s.frv. og ég er spenntur að sjá hvernig það er. Þetta er verkefni sem stjórnmálamenn eiga að taka á. Þeir hafa bara ekki gert það. Það er eins og það sé ákveðin verkfælni í gangi, sem er dálítið slæmt. Menn koma ekki með raunhæfar aðgerðir fyrir heimilin, menn taka ekki á ríkisfjármálum, jafnvel þó að nú sé komið fram á mitt ár, frú forseti, og vandinn er auðvitað sífellt meiri og meiri eftir því sem menn fresta því að taka á. Menn bökkuðu meira að segja með aðgerðir sem hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra hafði farið í. Það var bakkað með þær. Sá niðurskurður sem menn voru búnir að sættast á var gefinn frjáls aftur.

Svo tóku menn ákvörðun um að halda áfram með tónlistarhúsið, útgjöld aftur, einhverjir milljarðar, allt í gjaldeyri eða mikið af því í gjaldeyri. Menn hafa ekki einungis látið vera að taka á vandanum í fjárlögum ársins 2009 heldur líka gefið lausan tauminn.

Svo á eftir að ganga frá árinu 2010 og til 2013. Það þýðir niðurskurð o.s.frv. Það er líka verkefni, frú forseti, þetta er allt verkefni, þetta er ekki vandi, þetta er ekki vandamál. Þetta er ekki óleysanlegt, þetta er verkefni sem menn eiga að takast á við. Til dæmis gætum við tekið ákvörðun um það að bakka með velferðarkerfið meira og minna í 4–5 ár, bakka aftur til ársins 2005, eitthvað svoleiðis og segja: Við skulum bara taka til baka allar þær aðgerðir sem hafa bætt stöðu velferðarkerfisins af því að við höfum ekki efni á þeim og tökum þær upp seinna. Það þarf að skera verulega niður og það er eitthvað sem ríkisstjórnin virðist ekki ætla að gera.

Það sem er mikilvægast náttúrlega fyrir utan það að koma ríkisfjármálunum í lag er að koma bönkunum í gang. Það er búið að frestast og frestast og frestast. Því þótti hv. þingflokki Sjálfstæðisflokksins nóg komið og ákvað að fara út í aðgerðir, raunverulegar aðgerðir til að taka á þessu og bjóða fram krafta sína til að finna lausn sem menn hafa ekki enn þá fundið. Ég undirstrika það að hér er tillaga til þingsályktunar sem verður vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og ég reikna með því að nefndin muni taka á því máli og hugsanlega breyta, koma með nýjar hugmyndir, koma með enn frekari aðgerðir. Ég nefndi t.d. skyldusparnað sem ég hef viljað skoða betur og þó að það séu ekki tekjur inn í ríkissjóð þá virkar það svipað og menn eiga að vera opnir fyrir öllum hugmyndum sem upp geta komið.

Það sem mér virðist skorta á er að menn hafi skýra sýn til framtíðar, átti sig á að svona er staðan, þetta er vandinn, við leysum hann með þessum og þessum hætti og hafa til þess skýra sýn og þessi tillaga til þingsályktunar er skýr sýn til framtíðar. Svona ætlum við að leysa málið þannig að við stöndum með þessum hætti eftir 3–4 ár þegar versta áfallið er yfirunnið. Fyrst og fremst er stefnt að því að bæta stöðu heimilanna og ég nefni t.d. að minnka atvinnuleysið. Það er einn aðalvandi heimilanna, lækka greiðslubyrði, sérstaklega þeirra sem eru atvinnulausir og hafa litla peninga til ráðstöfunar, að menn geti bara með einfaldri tilkynningu tilkynnt: Ég ætla mér næstu þrjú árin að borga helminginn af því sem ég borgaði fyrir hrun. Það má miða við ákveðinn dag, t.d. má miða við mánuðinn ágúst — ég ætla mér að borga frá þeim tíma helminginn af því sem ég borgaði fyrir hrun og það ætla ég að gera næstu þrjú árin. Þetta væri einföld tilkynning og þetta mundi bætast við aftan við lánið, hvers lags form sem er á því láni ella. Það getur verið yfirdráttur, það getur verið íbúðarlán o.s.frv. Þetta væri sjálfgert.

Um leið mundi ég leggja til að við skoðuðum líka að fella niður uppgreiðslugjald hjá Íbúðalánasjóði, alla vega ef það verður mikið um að menn fresti lánum, þá ætti Íbúðalánasjóður með nákvæmlega sama hætti að geta leyft aukainngreiðslur því að mjög margir sem hafa komið að máli við mig vilja greiða upp. Þeir vilja gera upp skuldir sínar, eiga kannski einhverja innstæðu og vilja nota hana til að gera upp. Stimpilgjaldið verður afnumið, það er náttúrlega gamalt baráttumál. Varðandi fyrirtækin er mjög mikilvægt að við þá endurskipulagningu sem nú er í gangi sé gætt jafnræðis, sanngirni og gagnsæis og það sé jöfn meðferð skuldara. Eins þegar menn byrja að selja fyrirtækin, þá er verulega mikilvægt til að það sé traust í gangi að menn fari þar rétt fram og með gagnsæjum hætti.

Ég er búinn að nefna fjármál ríkisins og ég vil benda á að maður sem fær vinnu en var atvinnulaus breytist úr því að vera kostnaður fyrir ríkissjóð, þ.e. hann þáði atvinnuleysisbætur, í það að vera skattgreiðandi. Tekjur ríkissjóðs

vaxa og gjöldin minnka við þessa einu breytingu. Það þýðir að staða ríkissjóðs batnar. Þess vegna á að leggja ofuráherslu á að auka atvinnu í landinu. Virkja eins og hægt er, lokka erlenda fjárfestingu inn, gera allt sem hægt er til að auka atvinnu. Þeir sem ekki vilja virkja og segja: Við getum gert eitthvað annað, endilega, gerið eitthvað annað. Komið með það líka. Það vantar svo mörg störf. Við skulum líka koma með þau störf sem menn sjá þar, t.d. í ferðamannaþjónustu o.s.frv.

Fjármálamarkaðurinn. Það verður að loka efnahag bankanna. Það verður að klára að stofna bankana. Það þarf að móta framtíð fyrir bankana, hvað við ætlum að gera við þá, hvernig við ætlum að selja þá o.s.frv. Það þarf líka að auka gagnsæi á eignarhaldi á fjármálamarkaði. Það er mjög mikilvægt að byggja aftur upp traust á hlutabréfamarkaði. Það traust hefur illa brunnið í þessum átökum öllum og hluti af því er nefnilega það sem efst er á baugi núna, það er saksóknari. Það er mjög mikilvægt að þeir séu fundnir sem hugsanlega hafa brotið lög því það á að gefa það merki, ekki út af einhverri refsigleði, heldur á að gefa það merki að í atvinnulífinu brjóta menn ekki lög. Menn halda lög og reglur og þannig verður byggt upp traust. Umræðan um saksóknara er hluti af því að byggja upp traust á markaði.

Það þarf að endurskoða peningastefnuna og huga að framtíðarskipulagi gjaldeyrismála. Við nefnum líka að það megi breyta reglum um gjaldeyrishöft þannig að nýjar erlendar fjárfestingar falli ekki undir höftin og það er nefnt líka að það sé hugsanlegt að gera samkomulag um að jöklabréfum svokölluðum verði breytt í ríkisbréf og svo þarf að vinna að því að minnka umfang verðtryggingar og auka framboð óverðtryggðra lána þannig að við hverfum frá þessari stefnu að vera með tvær myntir í landinu, aðra verðtryggða og hina óverðtryggða.

Það er lagt til að þetta gerist allt mjög hratt. Menn þurfa að vinna hratt, bara í einn til tvo mánuði, menn þurfa að setjast niður, taka ákvarðanir og klára málin. Ég vænti þess að starfið í nefndinni verði mjög viðamikið og unnið hratt. Ég er ekkert hræddur við það að vera á fundi á hverjum einasta degi í hv. efnahags- og skattanefnd.

Ég vil geta alls þessa vegna þess að mönnum finnst þetta kannski allt fullsvartsýnt, en það eru góð teikn á lofti. Frá 6. mars sl. hefur eitthvað undarlegt gerst úti í heimi. Allar vísitölur hafa hækkað, olíuverð hefur hækkað og álverð hefur hækkað, frá 6. mars virðist allt vera á uppleið. Ég vil kannski ekki vera að spá því, ég er búinn að gera það svo oft, en ég held að þetta séu ákveðin teikn sem geta verið mjög jákvæð og eiga að auka mönnum bjartsýni.

[15:01]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Við erum að fjalla um þessa ágætu þingsályktunartillögu frá þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Hún er ágætlega rökstudd í ítarlegri greinargerð sem fylgir með og ætla ég á eftir að fara aðeins í gegnum hana.

Ég vil þó í upphafi benda á, frú forseti, að núna eru tæplega 90 dagar síðan þingmenn Framsóknarflokksins lögðu fram á Alþingi þingsályktunartillögu um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs. Í tæpa 90 daga hafa þær tillögur verið til umfjöllunar hjá efnahags- og skattanefnd, þ.e. það eru 90 dagar síðan þeim var vísað til nefndarinnar, frú forseti.

Vegna orða hv. þm. Péturs H. Blöndals áðan um að það þurfi að vinna hratt og hann sé ekki feiminn við að vinna veit ég það og trúi vel, enda hefur ekki annað orð farið af hv. þingmanni, en hið sama verður ekki sagt um nefndina sem slíka ef jafnveigamikil mál og þessi eru hátt í 90 daga, hátt í þrjá mánuði, í nefndinni. Ég hefði haldið fyrir fram sem nýliði á þingi að með svo stór mál ynnu menn hraðar og beittu sér af ákefð fyrir því að þær tillögur sem eru lagðar fram fengju skjóta afgreiðslu því að um gríðarlega stórt mál er að ræða.

Tillaga þingflokks Framsóknarflokksins var í 18 liðum og var lögð fram, eins og kunnugt er, vegna þess að þeim hópi þótti frekar lítið koma frá ríkisstjórn þess tíma um lausnir til handa heimilum og fyrirtækjum og hvernig ætti að halda áfram með atvinnulífið og reisa efnahagslífið við. Þær tillögur sem koma síðan fram í 100 daga áætlun ríkisstjórnarinnar eru frekar fátæklegar og nú styttist sá tími hratt, þessir 100 dagar, sem ríkisstjórnin gaf sér til að koma ákveðnum málum fram. Það gengur býsna hratt á þann tíma og því miður hefur lítið áunnist í þessum stóru málum. Þess vegna ítreka ég það, frú forseti, að efnahags- og skattanefnd taki til hendinni og fjalli um þær tillögur sem vísað hefur verið til hennar vegna þessara stóru mála og afgreiði þau frá sér.

Í tillögu þeirri sem þingflokkur Framsóknarflokksins lagði fram eru, eins og sagði áðan, tíunduð í 18 liðum helstu atriði sem þarf að vinna að. Það hefur komið fram fyrr í dag í máli nokkurra þingmanna hvaða tillögur þetta eru og ætla ég ekki að fara í gegnum þær lið fyrir lið en það er athyglisvert að í áðurnefndri 100 daga áætlun ríkisstjórnarinnar er að finna atriði sem eru í þessari þingsályktunartillögu sem Framsóknarflokkurinn setti fram, t.d. punkturinn um að loka skuli mikilvægum samningum til lausnar vegna erlendra eigenda krónubréfa. Ég velti fyrir mér hvar það mál sé statt því að frá febrúar hefur legið fyrir tillaga um að klára þetta mál.

Síðan er mjög stórt mál í 100 daga áætluninni sem tengist efnahagsmálunum mjög sterkum böndum. Í raun er ekki hægt að ræða um efnahagsmál framtíðarinnar nema taka það mál inn í og það er, með leyfi forseta:

„Lokavinna við samninga um erlendar kröfur – Icesave.“

Í rauninni er alveg furðulegt að standa hér og tala um efnahagsmálin og fjármál ríkisins án þess að hafa staðfestar upplýsingar um það hvernig staðan er á þessu blessaða Icesave-máli. Hér eru tölur uppi, tölur í fjölmiðlum og ýmislegt sagt sem passar ekki hvað við annað. Eru þetta rúmir 700 milljarðar eins og haldið er fram í dag? Svo virðist vera ef lánin eru reiknuð upp því að þá kemur í ljós að þetta er miklu hærri upphæð en ríkisstjórnin hefur látið í veðri vaka eða sagt frá. Því veltir maður fyrir sér hvort ríkisstjórnin sé ekki tilbúin til að ræða við þingmenn um lausn á þessu máli í heild, þ.e. ræða efnahagsmálin, lausnir á efnahagsvanda þjóðarinnar, svokallað Icesave-mál ásamt öðrum málum er snerta það, áður en teknar eru afdrifaríkar ákvarðanir sem geta sett efnahagslíf þjóðarinnar til framtíðar í mikla óvissu, dottið fyrir borð hreinlega eða einhvern veginn í þá

veru orðaði einhver hv. þingmaður það í dag.

Þessu tengist líka annað stórt mál sem er málefni heimila og fyrirtækja. Frétt á fréttamiðlinum pressan.is vakti athygli mína í gær. Þar er vitnað í tölvupóst forstjóra Kaupþings sem hann sendi starfsmönnum sínum um stöðu heimila og þá vinnu sem er í bankanum út af henni. Með leyfi forseta stendur m.a. í þessum tölvupósti:

„Stjórnvöld hafa ítrekað sagt að ekki standi til að lækka skuldir heimilanna með flötum niðurskurði. Það blasir hins vegar við að þau úrræði sem þegar hafa verið kynnt munu ekki duga eða eru of þung í vöfum til að gagnast nægilega vel.“

Það er mjög mikilvægt að í umræðu um efnahagsmál, frú forseti, sé haft í huga að það verður greinilega að grípa til róttækra aðgerða til að hjálpa heimilum og fyrirtækjum. Ef þeir sem eru að vinna með þessum aðilum, fólkinu og fyrirtækjunum, segja það á prenti, svart á hvítu, að þessar aðgerðir virki ekki hljótum við að krefjast þess að komið verði fram með nýjar lausnir. Í efnahagstillögum Framsóknarflokksins sem lagðar voru fram í byrjun febrúar er einmitt tekið á þessu máli. Þá eru lagðar fram tillögur til lausnar sem munu gagnast hratt og örugglega.

Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir sagði áðan að fjölga þyrfti skattgreiðendum. Það er alveg hárrétt, það er nákvæmlega það sem skiptir máli. Þingsályktunartillaga Sjálfstæðisflokks og sú sem framsóknarmenn lögðu fram leggur einmitt þetta til og kemur með tillögu í þá veru að geta fjölgað skattgreiðendum. Ég hef ekki trú á að við náum okkur út úr efnahagsvandanum með því að stórauka skattheimtu á fyrirtæki og einstaklinga eða eingöngu með því að skera okkur niður út úr vandanum. Það þarf að auka tekjur, og tekjur aukast með því að fjölga þeim sem eru að vinna og fjölga fyrirtækjum sem greiða skatta. Því er mikilvægt að ríkisstjórnin komi nú þegar — ekki á morgun og setji fram einhverja áætlun eða eitthvað slíkt. Nóg er komið af yfirlýsingum um áætlanir hjá þessari ágætu ríkisstjórn — og setji fram raunhæfar tillögur um það hvernig efla skuli atvinnulífið og fjölga þeim sem greiða skatta.

Í þeirri ágætu þingsályktunartillögu sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa sett fram er margt gott sem hægt er að taka undir. Ég hefði þó viljað að í ákveðnum hlutum væri kveðið sterkar að orði, líkt og í kaflanum um heimilin þar sem rætt er um að mynda sérfræðihóp til að fjalla um leiðir til að lækka höfuðstól fasteignaveðlána. Ég held að strax þurfi að bregðast við í því.

Þá kemur fram í g-lið um fjármagn hins opinbera að upplýsingar um stöðu ríkisfjármála og framkvæmd fjárlaga verði kynntar Alþingi. Þetta þarf að gera nú þegar. Síðan er hér mjög merkileg tillaga sem ég held að sé mjög mikilvægt að skoða hratt og örugglega varðandi það að skattleggja greiðslu lífeyrissjóðanna þegar við upphaf þeirra þannig að inngreiðslur úr lífeyrissjóði séu skattlagðar. Þetta mundi auka tekjur ríkissjóðs. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að skoða núna strax.

Ekki þarf að fjölyrða um að við þurfum að klára að stofna nýju bankana. Það vita allir um það er forsenda þess að halda áfram og gjaldeyrishöftunum verður að sjálfsögðu að ljúka. Það stendur í 100 daga áætlun ríkisstjórnarinnar að gjaldeyrishöftin verði afnumin sem fyrst eða eitthvað slíkt. Ef ég tók rétt eftir er haft eftir seðlabankastjóra að í fyrsta lagi um áramót verði óhætt að fara í slíkar aðgerðir.

Frú forseti. Tíminn er búinn. Ég legg áherslu á að það er ríkisstjórnarinnar að koma nú strax fram með aðgerðir og tillögur. Ef hún gerir það ekki sjálf (Forseti hringir.) verðum við að fara í mjög vandaða vinnu við þær tillögur sem liggja fyrir og ég óska eftir því að efnahags- og skattanefnd klári vinnu (Forseti hringir.) við tillögur Framsóknarflokksins frá því í febrúar.

[15:11]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram í formi þingsályktunartillögu eru eðli máls samkvæmt ekki þannig úr garði gerðar að þær leysi allan þann vanda sem íslenskt efnahagslíf stendur nú frammi fyrir. Sá vandi sem við höfum fyrir framan okkur er bæði það margbrotinn og flókinn að það mun taka langan tíma að leysa úr öllum þeim úrlausnarefnum sem koma til okkar. En ég tel að þær tillögur sem hafa verið settar fram séu mjög gagnlegar og séu ákveðinn leiðarvísir fyrir ríkisstjórnina, fyrir framkvæmdarvaldið, til að vinna eftir á næstu vikum og mánuðum. Verkefnin eru mjög brýn og því miður hefur dregist úr hömlu að leggja fram t.d. áætlanir og úrbætur í fjármálum ríkisins hvað varðar síðan endurreisn bankakerfisins eins og margir hv. þingmenn hafa komið inn á í ræðum sínum í dag.

Ásamt því að við sjálfstæðismenn leggjum fram þessa tillögu til þingsályktunar höfum við einnig tekið saman efni í bækling sem við höfum dreift á fundum undir fyrirsögninni „Þetta viljum við gera — Tillögur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum“. Þar er tillaga sem ekki kemur fram í þingsályktunartillögunni, einkum vegna þess að hún þykir kannski of tæknileg til að vera talin upp hérna en er að mínu mati mjög mikilvæg. Hún lýtur að þeim möguleikum sem við höfum til að leysa þann vanda sem er uppi vegna jöklabréfanna. Það er óþarfi að fara í löngu máli yfir það hvernig sá vandi er til kominn. Ítrekað hefur verið farið yfir það hvernig stóð á því að peningamálastefna Seðlabankans olli því að allt of mikið fjármagn streymdi inn í landið, allt of mikill erlendur gjaldeyrir sem styrkti íslensku krónuna og setti hagkerfið að stórum hluta á hliðina. En gott og vel, við stöndum frammi fyrir þessum vanda og hann gerir það að verkum, þessi vandi sérstaklega, að við eigum erfitt með það að losa um hömlur á krónunni, losa um gjaldeyrishömlurnar af því að það mikið fjármagn bíður eftir því að komast út úr landinu.

Ein þeirra hugmynda sem við sjálfstæðismenn höfum sett fram er að ríkið gefi út skuldabréf í erlendri mynt, í evrum, til 10–15 ára, með sömu vöxtum og eru t.d. í boði hjá Þjóðverjum plús álag, 50–100 punkta álag, þannig úr garði gert að það væri greiðslufrjálst fyrstu þrjú eða fjögur árin og síðan lægi fyrir hvernig greiðslunum yrði háttað næstu árin þar á eftir. Slíkt skuldabréf væri boðið eigendum þessara bréfa til kaups og það sem mundi vinnast með því að þeir tækju slíku tilboði hvað varðar okkur Íslendinga er að þar með væri komin kerfisbinding á það hvenær þessir fjármunir fara út úr landinu. Það er búið að dreifa því á nokkuð langan tíma. Fyrir þá sem eiga krónubréfin sem eru

auðvitað í þessum skuldabréfaviðskiptum getur verið gríðarlega hagkvæmt að eyða þeirri óvissu sem er um þróun íslensku krónunnar og um gjaldeyrishöftin, hvenær þeir geta náð fjármunum sínum til baka. Með því að þeir tækju slíku tilboði á ákveðnu settu gengi væru þeir þá búnir að gera sér grein fyrir því tapi sem hefur orðið vegna gengisbreytinganna, þeir hafa þá auðvitað notið hárra vaxta en væru komnir í þá stöðu að geta séð fyrir hvenær þeir gætu endurheimt sitt fé. Þessi aðgerð tel ég að geti leitt til þess að við getum fyrr afnumið gjaldeyrishöftin af krónunni sem við búum núna við. Það er gríðarlega mikilvægt að það takist.

Frú forseti. Ég vek athygli á þessari hugmynd þótt hún sé ekki beint í þeirri þingsályktunartillögu sem er til umræðu og bendi jafnframt á að það eru fleiri hugmyndir til í efnahagsmálum sem við sjálfstæðismenn leggjum fram að þessu sinni sem ekki hafa ratað inn í þingsályktunartillöguna en eru í þeim bæklingi sem við höfum gefið út með þessum efnahagstillögum.

Hvað varðar síðan aðra þætti vil ég sérstaklega gera að umtalsefni þann þáttinn sem snýr að skattamálum. Ég hef af því miklar áhyggjur að skattstofnarnir muni dragast mjög hratt og harkalega saman fyrir næsta ár. Það veldur því eðli málsins samkvæmt að tekjur ríkissjóðs dragast saman og þar með verður vandinn í ríkisfjármálunum enn erfiðari. Því miður þykir mér ríkisstjórnin um of horfa á þá möguleika sem hún telur felast í því að hækka skatta til að mæta þeim halla sem er fyrirsjáanlegur á ríkissjóði. Það að reyna að hækka skatta á skattstofnum sem eru að skreppa svona saman er svipað og þegar fyrirtæki verður fyrir því að sala á vörum þess minnkar, markaðshlutdeildin minnkar og þar með tekjurnar, og þá sé rétta svarið að hækka verðið á vörunni til að reikna sér síðan inn auknar tekjur. Hættan er sú að menn fari um of í skattahækkanir og dragi þar með enn meira úr eftirspurninni í hagkerfinu. Skattahækkanir á laun almennings munu óneitanlega og óumflýjanlega gera það. Skattahækkanir á fyrirtækin draga úr driftinni í þjóðfélaginu, draga úr starfseminni. Allt mun þetta valda samdrætti í allri efnahagsstarfseminni og er þess vegna mjög óheppilegt ráð til að leysa þann mikla vanda sem ríkissjóður stendur frammi fyrir.

Það er líka ljóst að það verður mjög erfitt að skera svo mikið niður ríkisútgjöldin að menn nái að mæta þeirri kröfu sem uppi er um jafnvægi í ríkisfjármálum. Ein leið sem við sjálfstæðismenn höfum bent á, sem við höfum svo sem gert okkur grein fyrir að yrði umdeild, er sú að breyta skattlagningu á lífeyrissjóðakerfinu þannig að lífeyrisgreiðslur verði skattlagðar þegar greiðslan fer inn í sjóðinn en ekki eins og nú er, þegar greiðslan kemur út úr sjóðnum. Þetta leiðir augljóslega til þess að það dregur úr þjóðhagslegum sparnaði en — og það er mikilvægt að hafa það í huga — það vandamál sem ríkissjóður stendur frammi fyrir er það mikið og það alvarlegt að þegar saman eru virt áhrif þess að draga úr þjóðhagslegum sparnaði með þessum hætti og leysa þann vanda sem ríkissjóður stendur frammi fyrir tel ég það réttlætanlega ráðstöfun að breyta skattlagningu lífeyrissjóðakerfisins svona.

Það eru takmörk fyrir því hvað er skynsamlegt út frá hagvaxtarsjónarmiðum að draga úr útgjöldum til menntamála. Menntakerfið er grundvöllur að hagvexti framtíðarinnar og þessa hluti verða menn alla að virða saman, annars vegar fjárfestingargetu lífeyrissjóðanna og mikilvægi hennar, hins vegar mikilvægi þess að halda uppi öflugu menntakerfi og að lenda ekki í því að ríkið taki of mikil lán með tilheyrandi vaxtakostnaði sem síðan dregur úr öllu hagkerfinu á móti. Ef ríkið ætlar að fjármagna mikinn hallarekstur með lántöku verður auðvitað þeim mun minna eftir af fjármagni fyrir almenna markaðinn og fyrir fyrirtækin í landinu. Allt þetta þarf að vega saman og það án fordóma, án fyrir fram gefinnar niðurstöðu. Því miður hefur mér fundist nokkuð bera á því í umræðunni um þessa tillögu að menn hafa svolítið hlaupið upp til handa og fóta og sett sig í gamalkunnar skotgrafarstellingar. Ég held að við Íslendingar séum í svo alvarlegum og erfiðum málum að við höfum ekki efni á slíku.

Margar aðrar tillögur höfum við lagt fram og sem hafa hér verið ræddar. Þó vil ég sérstaklega vekja athygli á þeim hugmyndum sem snúa að lækkun á greiðslubyrði húsnæðislána. Það eru mjög mikilvægar hugmyndir sem við leggjum þar fram vegna þess að þau úrræði sem við leggjum til eru manneskjuleg, einföld og fljótleg í framkvæmd og það ríður mjög á að þau úrræði sem við bjóðum heimilum í landinu séu akkúrat þannig úr garði gerð. Og það er möguleiki, án þess að það sé allt of mikill kostnaður fyrir ríkissjóð, að lækka greiðslur á verðtryggðu húsnæðislánunum niður um u.þ.b. helming í þrjú ár og hjálpa þannig heimilunum við að komst í gegnum erfiðasta hjallann, koma þannig í veg fyrir að eftirspurn í hagkerfinu dragist allt of mikið saman með tilheyrandi auknu atvinnuleysi og vandræðum fyrir allt samfélagið. Á öllum þessum þáttum höfum við snert og ég óska þess og vona að við á Alþingi, í nefndastarfi og áframhaldandi umræðum, getum nýtt okkur þessar tillögur. Þær eru lagðar fram til að hjálpa til (Forseti hringir.) með ríkisstjórninni til að koma fram með hugmyndir til að sýna það í verki að við sjálfstæðismenn (Forseti hringir.) viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að leggja hönd á plóg.

[15:22]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér tillögu Sjálfstæðisflokksins, þingsályktun um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála eins og það heitir. Það er rétt að ég, eins og aðrir þingmenn sem hér hafa talað, fagni því að hér sé lögð fram þingsályktunartillaga með ýmsum úrræðum sem koma inn í það efnahagslega umhverfi sem við búum við í dag.

Það hefur komið fram í umræðunni hér á undan, m.a. frá hv. þm. Bjarna Benediktssyni, sem var framsögumaður tillögunnar, að tilefni og ástæða þess að leggja fram þessa tillögu hafi verið að bregðast þurfi hratt og örugglega við ástandinu, ýta undir samstöðu og ná samstöðu um að taka óvinsælar ákvarðanir. Það er óhætt að taka undir þennan tilgang, það er rétt að við þurfum að bregðast hratt og örugglega við ástandinu, þ.e. að halda áfram þeirri vinnu sem þar hefur verið unnin og við þurfum að ýta undir samstöðu í þinginu.

Því miður hefur orðið mikill misbrestur á því að menn hafi leitast við að hugsa í lausnum og tala í lausnum. Sumir virðast hafa haft þann tilgang einan að grugga vatnið, auka

tortryggni og skapa frekari óvissu frekar en að reyna að koma með lausnir. Þess vegna ber auðvitað að fagna málefnalegum tillögum sem koma inn í umræðuna.

Það er líka mjög ánægjulegt að sjá að mjög margar af þeim tillögum sem hér eru bornar fram eru í samræmi við þá áætlun sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram, m.a. í 100 daga áætluninni, þar sem kveðið er á um að draga skuli úr gjaldeyrishöftum, loka skuli mikilvægum samningum til lausnar vegna erlendra eigenda krónubréfa. Það er talað um samráðsvettvang og allir vita að í gangi er víðtækt samráð aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar í sambandi við stöðugleikasátt. Það er talað um í 100 daga áætluninni að hefja viðræður við lífeyrissjóðina um það að fá þá til að koma að eflingu atvinnulífs með hinu opinbera, allt þetta er í rauninni í gangi. Það er verið að ræða um ákvörðun um eigendastefnu og eignarhald bankanna, það hefur verið tekin afstaða til þess og það kemur fram í skýringum og hefur komið fram áður að gæta skuli jafnræðis og reyna að hafa gagnsæi og heiðarleika að leiðarljósi.

Það er rætt um að taka skuli ákvörðun um framtíðareignarhald nýju bankanna og mögulegt erlent eignarhald, allt er þetta í 100 daga áætluninni og margt af þessu kemur hér aftur í tillögum Sjálfstæðisflokksins. Það hlýtur að vera ástæða til að fagna því að það er samhljómur þarna á milli og ætti þar af leiðandi að vera hægt að vinna fljótt og vel úr þessum tillögum og keyra þær saman á sem flestum sviðum.

Það er líka talað um að ljúka efnahagsreikningi nýju bankanna og er full ástæða til að taka undir þær áhyggjur sem hér hafa komið fram um afleiðingar þess hve seint hefur gengið að skilja á milli gömlu og nýju bankanna og stilla nýju bönkunum upp sem sjálfstæðum stofnunum og skapa þeim eigið fé. Á þessu liggur og menn hafa fengið hér ítrekað skýringar úr þessum ræðustóli á því hvers vegna þetta hefur verið en þetta er auðvitað farið að þvælast fyrir varðandi uppbyggingu atvinnulífsins.

Þá er einnig í þessu skjali, 100 daga áætlun ríkisstjórnarinnar, verið að ræða um að menn þurfi að leggja fram forsendur fjárlaga fyrir árið 2010 og áætlun í ríkisfjármálum til millilangs tíma og að flutt verði skýrsla um þetta, þ.e. ríkisfjármálin fyrir 2009 og þessi þrjú ár, í þinginu. Ég get upplýst um það að sú vinna er í fullum gangi og síðast í morgun var leitað eftir samráði — eða svona til kynningar gagnvart stjórnarandstöðunni á því hvernig þeirri vinnu er hagað og óskað eftir samstarfi um að reyna að ná þar málum saman og þá að því stefnt að koma fram með slíka skýrslu í næstu viku. Það var áætlun um að koma með bandorm inn í þingið núna á föstudaginn en menn eru að tala um að reyna að sameina þetta og reyna að ná þá utan um heildina því að allir gera sér grein fyrir því að það skiptir gríðarlega miklu máli, upp á trúverðugleika ríkisins gagnvart lánardrottnum og gagnvart þeim aðilum sem við erum í samningum við, að fram komi trúverðugt plagg um ríkisfjármálin, verkefnið er ærið og stórt. Þar er rætt um sparnaðarkerfi og þar er verið að ræða um ýmsar aðgerðir sem grípa þarf til.

Margt af þessu er í þessu plaggi og eins og ég segi, það ber að fagna því. Ég hef stundum sagt það í almennu umræðunni að það hefur verið svolítið undarleg aðkoma — ég kom inn á þing fyrir tveimur árum og skömmu seinna, eða eftir 18 mánuði, stóðum við frammi fyrir því bankahruni sem hér átti sér stað — að horfa upp á það þegar maður leit til baka að öll þau úrræði sem við þyrftum að grípa til núna voru notuð á þenslutímum af þáverandi ríkisstjórn. Þegar við bjuggum við það að við vorum að taka Kárahnjúkana, stórauka þenslu í landinu vegna framkvæmda, voru skattar lækkaðir á fyrirtækjum og á einstaklingum, var lánshlutfall á íbúðarhúsnæði hækkað sem enn jók á peninga í umferð og þá var bindiskyldan inni í Seðlabankanum minnkuð og þá voru settar aukafjárveitingar til opinberra framkvæmda á sama tíma.

Þessi úrræði vantar okkur einmitt núna, þ.e. við hefðum átt að vera að lækka skatta, bæði á fyrirtæki og einstaklinga. Við hefðum átt að vera að bæta í í sambandi við opinberar framkvæmdir en því miður, vegna þess ástands sem við erum komin í, höfum við ekki þessi úrræði og verðum þar af leiðandi að grípa til annarra atriða.

Fyrsti kaflinn í þessu plaggi er um heimilin. Þar er verið að tala um að rýmka heimildir til þess að heimilin geti lækkað greiðslubyrði húsnæðislána og þar er verið að tala um að fella þetta niður eða réttara sagt að minnka greiðslubyrðina til næstu þriggja ára, að mörgu leyti mjög athyglisverð og spennandi tillaga. Ríkisstjórnin hefur aftur á móti valið að fara varlegar í þetta vegna peningaástandsins, að fara ekki í almenna reglu sem þessa, en heils hugar skal tekið undir að miðað við þau úrræði sem við höfum kynnt nú þegar þarf að rýmka frekar til. Það er líka ástæða til að taka það fram að margir af bönkunum hafa nú þegar tekið sig til og unnið samkvæmt þessum hugmyndum til eins eða tveggja ára, farið í niðurfærslu — reyndar ekki niðurfærslu heldur frestað greiðslubyrðinni og samið við fólk. Það er gert af bönkunum og þeirra þjónustufulltrúum þar sem ekki þarf greiðsluaðlögun eða sérstök önnur úrræði.

Hér er tillaga um að sérfræðingahópur fjalli um leiðir til þess að lækka höfuðstól fasteignaveðlána og ég tek heils hugar undir það. Hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins á a.m.k. að vera kunnugt um það að á sínum tíma þegar við vorum saman í ríkisstjórn, Sjálfstæðisflokkur og Samfylking, þá var slíkur hópur settur af stað til þess að skoða hvernig bæði væri hægt að færa niður fasteignalánin en einnig að grípa inn í verðtrygginguna til þess að hindra að eignarýrnunin yrði með þeim hætti sem hér er. Út úr því kom greiðslujöfnunarvísitalan sem hefur ekki dugað, ekki að öllu leyti, en hefur þó hjálpað verulega þeim sem hafa áttað sig á því að nýta hana. En mér finnst full ástæða til að skoða þennan þátt og tek heils hugar undir þessa tillögu og held einmitt að sérfræðingahópur eigi að skoða þetta og niðurfærsluhugmyndir sem Framsóknarflokkurinn hefur komið með — líka þó að mér sé fullkunnugt um að þetta hafi verið skoðað og sé til skoðunar í Seðlabankanum og hafi verið skoðað víðar held ég að það sé einmitt vegna þeirrar umræðu sem oft hefur átt sér stað að nauðsynlegt sé að þetta sé gert samræmt af sérfræðingahópi.

Varðandi fyrirtækin þá nefndi ég að obbinn af þeim úrræðum sem hér eru eru í 100 daga áætluninni og ekkert nýtt í sjálfu sér í þeim. Þar af leiðandi ætti að vera auðvelt að fylgja því eftir að bankarnir vinni eftir fyrir fram ákveðnum reglum og öllu því sem þar hefur komið fram.

Ein af stóru tillögunum hér varðandi tekjuöflun er um það að skattleggja lífeyrisgreiðslurnar fyrir fram en ekki eftir á. Þar vakna auðvitað ýmsar spurningar en full ástæða er til að skoða þá hugmynd, hvort þetta er skynsamlegt úrræði, hvort við erum að fresta vandanum og hvort það er þá skynsamlegt að gera það, hvort við værum að rýra lífeyrissjóðina um of miðað við það að hafa haft þá sem einu lánveitendur í íslensku efnahagskerfi á meðan við erum lokuð gagnvart útlöndum, allt þetta þarf að skoða. Bent hefur verið á að þetta geti hugsanlega aukið mismunun á milli opinberu sjóðanna og almennu sjóðanna, sem væri af hinu illa, af því að það er ríkisábyrgð á greiðslunum úr opinberu sjóðunum. Menn hafa líka bent á að þetta sé flókið í úrvinnslu vegna þess að menn þurfi að tvískipta þessu en það er ástæðulaust að vera að draga bara upp þessa drauga. Það væri náttúrlega gríðarlegur fengur að því að við gætum búið hér til 40 milljarða tekjustofn sem gæti hjálpað okkur inn í þetta erfiðleikatímabil. Það þarf líka að svara því: Er hugmyndin þá, þegar menn leggja slíkar tekjur á, að vera með persónuafslátt á þessum inngreiðslum eða ekki? Þetta eru svona ýmis atriði sem þarf að ræða, enda er tillagan um það að skoða hvort þetta sé fær leið.

Mér vinnst ekki tími til þess að fara yfir öll þau atriði sem eru í þessum tillögum, það er heilmikið í þeim. Það er mjög athyglisvert að þetta var lagt fram í þinginu í gær, komið hér til umræðu strax og verður væntanlega komið til nefndar strax eftir daginn í dag þannig að ekki er hægt að segja annað en að þingið sé að bregðast mjög hratt við. Vonandi fær tillagan málefnalega og vandaða umfjöllun í nefnd og þá frekari úrvinnslu í tengslum við þá þjóðarsáttar- eða (Forseti hringir.) stöðugleikasáttaumræðu sem er í gangi í samfélaginu í augnablikinu.

[15:32]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir þessa ræðu. Ég tel að hún hafi verið mjög málefnalegt og gott innlegg inn í umræðuna um þingsályktunartillögu okkar sjálfstæðismanna.

Ég hjó eftir því að hv. þingmaður fór yfir 100 daga áætlun ríkisstjórnarinnar og að sjálfsögðu eru ýmsir þættir sem liggja þar samhliða vegna þess að mörg af þeim verkefnum sem við okkur blasa eru þess eðlis að menn ættu að geta náð saman um hvernig á að leysa þau. Það sem við höfum kallað eftir er að menn komist hraðar yfir og séu fljótari að taka ákvarðanir, að menn séu fyrri til að leggja fram áætlun sína. Sú bið og sú óvissa sem verið hefur að myndast hefur kostað samfélagið mjög mikið.

Sérstaklega langar mig að leggja fyrir hv. þm. Guðbjart Hannesson spurninguna um gjaldeyrishöftin því að það er einn af þeim þáttum sem ríkisstjórnin nefndi sérstaklega í 100 daga áætlun sinni. Ég held að allir séu sammála um að menn vilja afnema höftin. Við sjálfstæðismenn höfum reyndar lagt fram hugmyndir um útgáfu skuldabréfs af hálfu ríkissjóðs í erlendri mynt, í þeim tillögum sem við höfum kynnt almennt, eins og ég lýsti í ræðu minni áðan. Það gæti verið leið til að leysa þann vanda sem hlotist hefur af veru krónubréfanna inni í hagkerfinu. Ég hefði áhuga á því að eiga orðastað við þingmanninn um þá leið, þó að ég geri mér grein fyrir að hv. þingmaður eigi kannski erfitt með að móta sér einhverja nákvæma skoðun á þessu þar sem hann hafði einungis hlýtt á ræðu mína áðan. Þar bendum við sjálfstæðismenn á útfærða leið til að flýta fyrir því að hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin á íslensku krónuna. Það er ekki nóg að vilja afnema höftin, það þarf að koma fram með útfærðar hugmyndir.

[15:34]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við deilum þeirri von að við getum náð saman að fylgja eftir þeim tillögum sem við heyrum úr 100 daga áætluninni, þeim tillögum sem hér eru lagðar fram og þeim tillögum sem Framsókn kom áður með. Það er alveg hárrétt sem komið hefur fram að bið og óvissa er alltaf erfið en ég vil líka vara við því sem mér hefur fundist vera mjög áberandi á þeim stutta tíma sem þetta þing hefur starfað að hv. þingmenn vilja sumir, og er ég þá ekki að tala um hv. þm. Illuga Gunnarsson, grugga vatnið og auka óvissuna með því að draga fram atriði sem svör eiga að liggja fyrir.

En varðandi það sem hann spyr mig um, hvort gefa eigi út skuldabréf og reyna þannig að ná samkomulagi við þá sem eiga þessi erlendu skuldabréf, held ég að það eigi allt að skoða. Það er rétt hjá hv. þingmanni að ég hef ekki skoðað þetta sérstaklega. Aftur á móti var mér kunnugt um að stór fyrirtæki eins og Landsvirkjun og fleiri hafa verið að skoða það að fá þessa aðila til að koma inn í fjárfestingar í íslensku atvinnulífi til langs tíma, m.a. með útboði.

Leitað hefur verið samninga við suma af þessum aðilum þannig að hér hafa ýmsar aðferðir verið reyndar. Það eru líka tillögur sem koma m.a. frá sjálfstæðismönnunum um að opna með einhverjum hætti leiðir fram hjá þessum skuldabréfum, að eiga eðlileg viðskipti varðandi fjárfestingar inn og út úr landinu. Allt er það vandkvæðum háð en ég tel að það sé tilraunarinnar virði að skoða allar þessar leiðir og að reyna að ná utan um þær vegna þess að það er ítrekað búið að benda á að þessi eign inni í landinu upp á hundruð milljarða sé alltaf að þvælast fyrir okkur vegna þróunar gjaldeyrisins. Ég held að við séum sammála um að skoða eigi þessar tillögur og væri forvitnilegt að fylgjast með vinnunni sem á sér stað í nefndinni. Ég hef ekki tök á því að sjá hvernig menn bregðast við tillögum sem þar hafa komið inn.

[15:36]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka þetta svar hv. þingmanns og vona að menn finni sem fyrst tíma til að skoða vel þá tillögu sem við sjálfstæðismenn höfum verið að leggja fram. Ég verð að segja eins og er að ég hef ekki mikla trú á hugmyndinni um að þeir aðilar sem eiga krónubréf hafi áhuga á því að fjárfesta þau inn í einstök fyrirtæki. Það er ólíkt eðli þess rekstrar sem þessir einstaklingar standa í, þetta eru skuldabréfaútgefendur og þeir vilja ekki endilega fjárfesta í sérstökum fyrirtækjum með þeirri áhættu sem af því hlýst. En ég vil fagna þessu.

Ég vil líka nota tækifærið og spyrja hv. þm. Guðbjart Hannesson varðandi úrræði fyrir heimilin, hvort hann sé ekki sammála því — ég skildi hann þannig — að nauðsyn-

legt sé að einfalda og gera manneskjulegra það kerfi sem við höfum verið að byggja upp til að hjálpa þeim heimilum sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum. Það kemur fram í þeim gögnum sem við sjálfstæðismenn höfum lagt fram að vanskil aukast mjög hratt í bankakerfinu. Eignastaðan er erfið og geta fólks til að standa undir þeim skuldbindingum sem liggja fyrir, jafnvel þótt eignastaðan sé jákvæð, minnkar í mörgum tilfellum hratt og er jafnvel orðin því ofviða. Þess vegna skiptir mjög miklu máli að til séu úrræði til að við lendum ekki í fullkomnum voða, úrræði sem þó eru ekki of dýr, eru sanngjörn og hafa jafnræðissjónarmið að leiðarljósi. Að til séu úrræði sem hjálpa fólki til að komast í gegnum þetta. Hugmyndir okkar sjálfstæðismanna eru einmitt þannig vaxnar og miða að því að komast í gegnum erfiðasta hjallann næstu þrjú árin án þess þó að skera höfuðstólinn niður nema í sérstökum tilvikum. Greiðsluaðlögun að því sem fólk getur staðið undir tel ég að sé alveg gríðarlega mikilvæg. Það má ekki vera þannig kerfi að það sé allt að því niðurlægjandi fyrir fólk að fara í gegnum það ferli að geta fengið úrlausn mála sinna. (Forseti hringir.) Það verður að vera manneskjulegt kerfi.

[15:38]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að við séum alveg sammála, ég og hv. þm. Illugi Gunnarsson, um að þau úrræði sem við bjóðum upp á fyrir heimilin þurfi að vera einföld og skilvirk. Hv. þingmaður þekkir það að á sínum tíma var rætt um greiðsluaðlögunina með tvennum hætti: Tillaga var um almennt úrræði sem færi í gegnum félagsmálapakkann þar sem menn kæmu í gegnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna varðandi skilgreiningar á því hverjir ættu rétt á þeim úrræðum. Niðurstaðan í því samstarfi þegar við unnum að þessu haustið 2007 í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var að fara dómstólaleiðina inn í kerfið af öryggisástæðum. Mér er engin launung á því að ég hafði bundið miklar vonir við að þetta kerfi kæmist fljótt í gang og það mundi með nokkrum fyrstu einstaklingunum sem færu í gegnum það kerfi skapa reglur sem bankarnir gætu nýtt sér og farið eftir almennum reglum án þess að það færi í gegnum dómstólakerfið.

Eitt af því sem við höfum verið að glíma við í sambandi við bankana er að við gerum gríðarlega háar kröfur um gegnsæi, heiðarleika og allt þetta sem enginn á að víkja frá en það hefur kallað fram ákvörðunarfælni í mörgum tilfellum. Það hefur þýtt að menn hafa ekki þorað að höndla, hvorki varðandi fyrirtæki né einstaklinga og það er hluti af vandamálinu.

Ég ætla ekki að gera lítið úr því en ég held að við eigum að reyna einmitt að nýta okkur þann „praxis“, ef má orða það þannig, sem kemur út úr greiðsluaðlöguninni í gegnum dómstólaleiðina og það þunga kerfi sem talað er um og færa það sem almennt úrræði inn í bankana vegna þess að það er hægt þegar menn hafa fundið út hvernig það er framkvæmanlegt. Við þurfum almenn úrræði ef til kemur að einhverjar niðurfellingar þurfi umfram það sem er í úrræðunum í greiðsluaðlöguninni. Þá erum við ekki búin að missa af því eftir einhvern ákveðinn tíma að skoða það vegna þess að við verðum að sjá áður en við förum að taka slíkar ákvarðanir (Forseti hringir.) hvernig eignaþróunin í landinu verður, hver hagvöxturinn verður (Forseti hringir.) og hver umsvifin í samfélaginu verða.

[15:41]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Vegna þessara síðustu orða hv. þm. Guðbjarts Hannessonar um að við séum ekki búin að missa af því að grípa til einhverra annarra aðgerða en ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt, kann það að vera rétt. En ég held að mörg heimili séu hreinlega að missa af því.

Það er alveg ljóst að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur samþykkt og farið í virka ekki og með leyfi forseta ætla ég aftur að vitna í grein eða frétt á Pressan.is — ég hef grun um að hv. þingmaður hafi ekki heyrt það áðan — þar sem vitnað er í tölvupóst sem forstjóri Kaupþings sendi innan húss til starfsmanna sinna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld hafa ítrekað sagt að ekki standi til að lækka skuldir heimilanna með flötum niðurskurði. Það blasir hins vegar við að þau úrræði sem þegar hafa verið kynnt munu ekki duga eða eru of þung í vöfum til að gagnast nægilega vel. Því hefur viðskiptabankasvið verið að leita nýrra leiða.“

Þarna er maður sem vinnur með þetta kerfi á hverjum einasta degi eða starfsmenn hans og hann segir okkur að það virki ekki. Það er ekki hægt að bíða, það verður að grípa strax til aðgerða og það hafa komið fram hugmyndir um slíkar aðgerðir. Það er hægt að hrósa þeim sem stýra þinginu fyrir að taka mál mjög hratt fyrir eins og þessa þingsályktunartillögu frá Sjálfstæðisflokknum en það er að mínu viti alveg sjálfsagt að svo stórt mál sé tekið mjög hratt fyrir. Framsóknarflokkurinn, eins og kom fram í ræðu minni fyrr í dag, lagði fram fyrir tæpum 90 dögum 18 tillögur í efnahagsmálum. Það er reyndar lengra síðan þær voru lagðar fram en fyrir tæpum 90 dögum fóru þær til efnahags- og viðskiptanefndar og eru þar enn. Þetta eru tillögur til lausnar á efnahagsvanda þjóðarinnar og þær eru 90 dögum, tæpum þremur mánuðum síðar, í efnahags- og skattanefnd (Forseti hringir.) og það er ekkert ferlega hröð afgreiðsla, finnst mér.

[15:43]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson sagði: Aðgerðirnar virka ekki. Það er einmitt þetta orðalag sem ég varaði við áðan. Hvað þýðir það? Það virkar engin þeirra. Það er sem sagt ekki búið að gera neitt. Þetta hefur staðið upp úr hverjum manninum á fætur öðrum í ræðustóli Alþingis og að mínu mati er þetta hluti af vandamálinu. Við tölum lausnirnar alltaf niður. Þar getum við svo orðið sammála, hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson og ég, að aðgerðirnar eru ekki nægar en það er eðlismunur á þessu tvennu. Það er einmitt það sem við höfum verið að glíma við, að skilgreina hvað þarf til til að við náum utan um vandann. Það er einmitt það sem við höfum verið að kalla eftir.

Mér er fullkunnugt um það sem bankarnir hafa verið að glíma við innan húss í allri sinni vinnu og tillögum. Ég hef meira að segja séð hjá þeim glærusýningu þar sem þeir velta fyrir sér hvernig þeir ættu að koma til móts við vand-

ann, það hefur verið mjög skapandi vinna. Auðvitað á að nýta sér það og reyna að koma því í framkvæmd. Við erum að slást við fjárlagavanda næstu 4–5 ár upp á 170 milljarða og höfum ekki efni á að bæta ýkjamiklu í það umfram það sem þegar hefur verið sett á okkur af því ástandi sem ríkt hefur í samfélaginu á undanförnum árum. Þess vegna eru menn að reyna að fara varlega. Tökum þetta ekki allt niður, segjum heldur: Það er búið að gera helling, það er mikið sem virkar, en við skulum alveg vera sammála um að það er ekki nóg og þess vegna eigum við að leita að því hvað þarf að gera frekar, til hvaða úrræða þurfum við að grípa. Hér hafa komið fram tillögur frá Sjálfstæðisflokknum og Framsókn hefur lagt fram tillögur. Það sem verið er að kvarta yfir er ekki spurningin um að afgreiða þessar tillögur með jái eða neii. Það er spurningin um að leggja saman sáttargjörðina í þeirri fjárlagavinnu sem verið er að inna af hendi, nýta það besta úr þessum tillögum, afsala sér þá höfundarréttinum og reyna að koma með (Forseti hringir.) einhverjar skynsamlegar tillögur sem allir geta sameinast um. Það er verkefni okkar næstu daga.

[15:45]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Guðbjarti Hannessyni að höfundarréttur inn skiptir engu máli og það er alveg sama, persónulega er mér nákvæmlega sama hverjir leggja fram góðar tillögur ef þær eru teknar, skoðaðar, unnar, settar fram og — nú þarf ég að vanda mig, ég má ekki segja virka — en alla vega duga til.

Ég vitnaði í orð forstjóra Kaupþings og ég vil bara nota tækifærið og hrósa Kaupþingi um leið fyrir að ætla að grípa til aðgerða innan þess fyrirtækis til að hjálpa þeim sem eru í vanda staddir.

Ég ætla að leyfa mér að vitna aftur í þennan tölvupóst á öðrum stað, með leyfi forseta:

„Ljóst er að æ fleiri heimili og fyrirtæki eru að sökkva dýpra í skuldavandamál. Til að taka á vanda þeirra þarf að þróa mismunandi lausnir fyrir mismunandi atvinnugreinar og finna leiðir til að útibúin geti sinnt þessu verkefni o.s.frv.“

Það er alveg ljóst, hv. þingmaður, hvaða orð sem við notum um það og ég skal nota orðið „duga“, að þær aðferðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til og eru komnar í framkvæmd duga ekki. Þær duga ekki heimilunum, þær duga ekki fyrirtækjunum og því þarf róttækari aðgerðir eða að koma í framkvæmd hlutum sem duga. Þetta dugar ekki sem komið hefur fram nú þegar.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, það eru u.þ.b. 90 dagar síðan tillögur Framsóknarflokksins fóru til efnahags- og skattanefndar. Það getur vel verið að þær séu svo ítarlegar og flóknar að það hafi tekið svona langan tíma að fara í gegnum þær en í þeim eru þó atriði sem eru einnig í 100 daga yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þess vegna finnst mér að þegar núverandi ríkisstjórn er búin að vera við völd í 120 eða 130 daga eða hvað það nú er, hljóti að vera kominn tími á að eitthvað af þessu líti dagsins ljós og dugi til að laga ástandið hér.

[15:47]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Dagarnir líða hratt hjá ykkur í Norðvesturkjördæmi, þegar hv. þingmaður segir að nú, 11. júní, séu komnir 110, 120 dagar síðan við vorum kosin á þing, síðan 25. apríl, það er býsna hraustlega talið. (**GBS:** Ég miðaði við minnihlutastjórnina.) Já, en 100 daga áætlunin er lögð fyrir þessa ríkisstjórn og við skulum vona að hæstv. ríkisstjórn standi við þau fyrirheit sem þar eru gefin. Ég held að við hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson séum í sjálfu sér að rífast dálítið um keisarans skegg. Ég tók eftir því að hv. þingmaður sagði eftir þessum tölvupósti „munu ekki duga“ og það er munur á því. Hv. þingmaður sagði einnig: Það þarf mismunandi lausnir fyrir mismunandi atvinnugreinar.

Það er nákvæmlega það sem við höfum staðið fyrir í stjórnarmeirihlutanum, að grípa til mismunandi lausna fyrir mismunandi atvinnugreinar vegna mismunandi stöðu einstaklinga í stað þess að reyna að leysa það með einhverjum almennum einföldum úrræðum sem munu duga einhverjum hluta af hópnum, en, og ég ætla ekkert að gera lítið úr því, mun skilja eftir það stóran hóp að það þarf að vinna til viðbótar. Kannski er þá búið að nota þann pening sem við þurfum til að eiga í úrræði fyrir þann hóp sem þarf sérstakar aðgerðir. Um þetta er ágreiningurinn, hann hefur ekkert verið miklu meiri en þetta. Allir eru sammála um að vinna þurfi með heimilunum, það þarf að vinna í þeirra þágu, það þarf að gæta hagsmuna barnanna, við þurfum að tryggja að fólk hafi afkomu og geti haldið húsnæði, en okkur greinir örlítið á um leiðir. Þarna eru komnar tvær tillögur, niðurfellingarleiðin og núna þetta með að fresta greiðslum fyrstu þrjú árin, aðferðir sem ríkisstjórnin hefur fengið stuðning við hjá stjórnarandstöðuflokkunum varðandi greiðsluaðlögun, greiðslujöfnun o.s.frv. Við erum bara að deila um hve mikið þurfi til viðbótar og hvernig best sé að grípa til þeirra úrræða. Auðvitað eigum við að halda þeirri umræðu áfram enda hafa verið gefið fyrirheit um það og viðurkennt (Forseti hringir.) að þessu sé ekki lokið, það þurfi meira til.

[15:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Við ræður hér tillögu okkar sjálfstæðismanna um aðgerðir í efnahagsmálum. Það sem mér hefur tekist að fylgjast með umræðunni í dag þá hefur hún verið jákvæð og uppbyggileg og ánægjulegt að heyra hvernig aðrir flokkar taka í þessa tillögu okkar sjálfstæðismanna. Ég ætla ekki að endurtaka allt sem hér hefur komið fram, það sem ég ætlaði að gera var að fara stuttlega yfir helstu atriði en þó aðallega að dvelja við tvö atriði og fara dýpra í þau. Það eru annars vegar hugmyndir okkar um kerfisbreytingu varðandi lífeyrisgreiðslurnar og hins vegar um atvinnuskapandi aðgerðir og taka þá sérstaklega fyrir háskólasjúkrahúsið.

Almennt má segja, virðulegi forseti, að hér sé um það að ræða að við leggjum fram hluti sem menn gætu sagt að í mjög mörgum tilfellum séu allir sammála um og það er mikið til í því. Þó eru flestar þær tillögur sem þarna eru inni tillögur sem ekki hefur verið fallist á fram til þessa og ríkisstjórnin hefur farið aðrar leiðir. Við vorum einmitt að fylgjast með orðaskiptum á milli þingmanna um hvaða leiðir

væru farnar varðandi heimilin, en ég styrkist alltaf í þeirri skoðun minni að það sé afskaplega mikilvægt að fara í almennar aðgerðir fyrir heimilin í landinu og ég verð sannfærðari um það með hverjum deginum að þeim úrræðum sem nú standa til boða fylgi of mikil fyrirhöfn, ef þannig má að orði komast, það sé of mikil þrautaganga fyrir fólk að komast í þau. Það er gríðarlega mikil breyting á stöðu fólks almennt og það eitt og sér segir að við eigum ekki að fara þá leið að fólk þurfi að fara mjög langan veg til að fá úrlausn sinna mála. Ég hitti mjög margt fólk sem ekki hefur verið í vanskilum en miðað við þær aðstæður sem eru núna segir það að til að geta fengið einhverja úrlausn til að geta haldið áfram þurfi það helst að fara á vanskilaskrá. Það er ástand sem við viljum ekki sjá. Við sjáum bara að aðstæður hafa breyst mjög mikið á skömmum tíma á Íslandi.

Síðan eru auðvitað praktískt mál sem við höfum áhyggjur af sem ganga allt of hægt. Við sjáum það núna, virðulegi forseti, að ef áætlanir ganga upp fáum við áætlun í ríkisfjármálum um mitt ár og það eru ríkisfjárlög fyrir árið 2009. Það að menn hafi frestað þessu — vegna þess að vandinn fer ekki — þýðir að vandinn verður hálfu meiri. Það þýðir að þjónusta mun skerðast, skattar munu hækka og fólk mun missa vinnuna vegna þess að menn tóku ekki strax á vandanum. Það þýðir lítið að tala um það núna en þetta er staðan sem er uppi. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að fólk sem er í forustu í ríkisstjórninni — og ég fullyrði að við sjálfstæðismenn höfum ekki verið með harða stjórnarandstöðu og í rauninni ekki aðrir stjórnarandstöðuflokkar, við erum að koma fram með þessa tillögu og höfum verið að vinna þá vinnu til að reyna að hjálpa ríkisstjórninni við þessar erfiðu aðstæður og við erum boðin og búin til að gera það. Það vantar hins vegar skýra verkstjórn, það vantar pólitíska leiðsögn fyrir þá aðila sem eru að vinna verkin, hvort sem það er endurreisn bankanna eða það sem snýr að fyrirtækjunum og almenningi.

Nokkur umræða hefur orðið um hugmynd okkar um kerfisbreytingu varðandi lífeyrismálin. Það skal tekið fram að sá sem hér talar er afskaplega mikill stuðningsmaður þess lífeyrissjóðakerfis sem við erum með í dag. Ég veit að aðrar þjóðir öfunda okkur vegna þess að þetta kerfi er þess eðlis að við erum að safna í sjóði fyrir komandi kynslóðir og munum ekki lenda í sömu vandræðum og þær þjóðir sem eru með gegnumstreymiskerfi og sem vegna breyttrar aldurssamsetningar horfa nú fram á gríðarlegan vanda í nútíð og framtíð.

Sú leið sem við veltum hér upp breytir ekki hugsuninni eða kerfinu í grundvallaratriðum. Nú er það svo með ákveðinni einföldun að lífeyrissjóðakerfið íslenska er skyldukerfi, allir verða að greiða í það og fá greitt út í fyrsta lagi við 60 ára aldur. Það má segja að á móti komi frá ríkisvaldinu að menn séu með algjör skattfríðindi, það er enginn fjármagnstekjuskattur greiddur af lífeyrissjóðsinneign eða lífeyrissjóðsgreiðslu. Það gerir það að verkum að lífeyrissjóðssparnaður er langhagstæðasta sparnaðarformið. Áður var enginn eignarskattur greiddur af öðrum sparnaðarformum en eftir að hann var lagður niður er hvort sem heldur ekkert um það að ræða.

Núna er það þannig að þegar við greiðum inn í lífeyrissjóð greiðum við engan skatt. Hins vegar þegar við fáum útgreiðsluna greiðum við tekjuskatt eins og af öðrum greiðslum. Hugmynd okkar gengur út á að snúa þessu við, að þegar við greiðum inn í sjóðinn greiðum við skattinn en þegar við fáum greitt úr honum greiðum við engan skatt. Við erum að tala um sömu skattalegu meðferð, þetta er bara spurning um á hvaða tímapunkti skatturinn er tekinn.

Það sem bent hefur verið á þann stutta tíma frá því að tillögurnar voru kynntar, þá er sumt misskilningur varðandi gagnrýni á þessa hugmynd, annað er eitthvað sem þarf að skoða sem úrlausnarefni, t.d. eins og það að setja þyrfti þá sjóðasöfnun sem er í lífeyrissjóðunum núna í deild sem yrði lokað og að öllu jöfnu mundi það þýða, miðað við það umhverfi sem er núna, ákveðna réttindaskerðingu en það er hins vegar úrvinnslumál. Hægt er að ganga þannig fram að til þess þyrfti ekki að koma.

Það felst ákveðið flækjustig í persónuafslættinum vegna þess að tekjuskattskerfið er í rauninni tvískipt og það er stighækkandi. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef bestar þyrfti að gera þetta með þeim hætti að enginn skattur væri á fyrstu 200 þús. kr. af lífeyrissjóðsgreiðslu hjá einstaklingi. Þetta er úrvinnslumál sem þarf eðli málsins samkvæmt að fara í og leggjast vel yfir en það er þess virði, því að ef þetta gengur upp, sem við teljum að sé ekki spurning, mundi það auðvelda okkur mjög að takast á við ríkisfjármálin og takast á við þá skuldsetningu sem er núna. Það væri auðvitað æskilegt að þessir fjármunir væru nýttir til þess að greiða niður skuldir og að við mundum ekki heykjast á því nauðsynlega verkefni að takast á við ríkisfjármálin, en það er vandi sem menn hafa verið að ýta á undan sér og ekki tekið á og það er dýrt.

Við höfum sömuleiðis velt hér ýmsu fyrir okkur varðandi atvinnusköpun. Eitt af því sem menn hafa lagt upp með og telja skynsamlegt að gera við aðstæður sem þessar, þ.e. í efnahagslægð eða kreppu — og þannig höfum við Íslendingar unnið slíka hluti, í efnahagslægð og kreppu byggðum við gamla Landspítalann, Háskóla Íslands, Austurbæjarskóla — er að byggja húsnæði yfir starfsemi sem væri góð langtímafjárfesting.

Allra best væri, virðulegi forseti, ef hægt væri að fara í mannaflsfrekar framkvæmdir sem munu nýtast sem rekstrarsparnaður. Við erum með eitt slíkt verkefni og það er Landspítalinn – háskólasjúkrahús. Ég þekki ég það mál vel og ég ætla ekkert að fara í grafgötur með að það mál er mér nokkuð hugleikið. Ég setti það í ákveðinn farveg eftir að nýr forstjóri Landspítalans tók við og fól henni að endurskoða þessi mál þar sem hún hafði reynslu af slíku frá Noregi, hafði komið að slíkum málum þar. Hún fékk til sín norska sérfræðinga sem fóru yfir málið með það að markmiði að skoða forsendur og kanna hvort hægt væri að vinna það bæði með hagkvæmari hætti og sömuleiðis að áfangaskipta því þannig að rekstrarsparnaður kæmi fyrr fram. Niðurstaða sérfræðinganna var sú að það væri hægt og ná mætti framkvæmdakostnaðinum niður um 40 milljarða, auðvitað með því að sleppa ákveðnum hlutum eins og bílastæðahúsum og öðru slíku. En eftir stendur að menn ná því markmiði að ná fram rekstrarsparnaði hjá þessari stofnun um hvorki meira né minna en 6% á ári sem að núvirði eru í kringum 3 miljarðar. Það gerði það að verkum miðað við þá hluti sem menn eru að skoða og ég setti í gang á sínum

tíma að lífeyrissjóðirnir kæmu að þessu, gætum við, ef þeir mundu fjármagna þetta, nýtt þá fjármuni sem spöruðust til að greiða niður bygginguna sem eru auðvitað kjöraðstæður.

Þetta er eitt af því sem við erum með hér inni vegna þess að það er mikilvægt að skoða þetta ásamt öðru sem þarna er. Það er með vilja, virðulegi forseti, sem ég fer ekki yfir allt þar sem ég veit að menn eru búnir að fara í það hér núna en tek þessa hluti sérstaklega út. Ég legg áherslu á að við vinnum saman á þinginu, að við tölum ekki bara um þessa hluti heldur komum þeim í framkvæmd, (Forseti hringir.) því að vandinn felst í því að það er ekki verið að gera slíkt.

[16:00]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Það er ástæða til að koma upp í þessa umræðu um þá tillögu sem hér er til umfjöllunar um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála en tillagan er flutt af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins.

Ég vil byrja á því að hrósa þingflokki Sjálfstæðisflokksins fyrir þá vinnu sem liggur á bak við þær tillögur sem hér liggja frammi í þingsályktunartillöguformi, bæði tillögurnar sjálfar og eins ítarlega greinargerð sem þeim fylgir sem hefur að geyma margvíslegar upplýsingar og frekari rökstuðning fyrir þeim hugmyndum sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggja hér fram.

Það var sagt í umræðum fyrr dag að það væri einsdæmi og nýmæli að stjórnarandstöðuflokkur legði fram tillögur af þessari gerð. Ég sá ástæðu til að bregðast við því með andsvari við hv. þm. Árna Johnsen og minna á að svona í svipinn hefði ég munað eftir tveimur þingmálum frá undanförnum árum sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu. Á 133. löggjafarþingi 2006–2007 kom fram tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, flutt af öllum þáverandi þingmönnum flokksins, var þingmál númer 14 á því þingi. Það komst því miður aldrei til umræðu eða á dagskrá. Á 135. löggjafarþingi 2007–2008 var það frumvarp til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum. Það tókst að mæla fyrir því og það var sett í nefnd en komst ekki lengra.

Ég nefni þetta aðallega til þess að draga fram þá gagnrýni sem sett hefur verið fram á störf Alþingis á undanförnum missirum, að minnsta kosti eftir að ég kom hingað og áreiðanlega áður líka, þ.e. að erfiðlega gangi að fá á dagskrá mál frá óbreyttum þingmönnum eða stjórnarandstöðu, að þingið þyrfti sérstaklega að taka á því. Ég tel að þau skjótu viðbrögð sem þessi tillaga þingmanna Sjálfstæðisflokksins fær — hún er tekin á dagskrá einum eða tveimur sólarhringum eftir að henni er útbýtt — séu til marks um að áhugi er á breyttum vinnubrögðum en hún er auðvitað líka til marks um alvarleika þess máls sem við fjöllum hér um.

Þegar þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu fram sín þingmál árin 2006–2007 og 2007–2008 var ástandið í efnahagsmálum ekki orðið eins og það er orðið nú. Engu að síður voru þá blikur á lofti um stöðu efnahagsmála og margt sem benti til þess að við værum að sigla inn í erfitt tímabil með miklum óstöðugleika. Stjórnvöld hefðu þurft að bregðast við því á sínum tíma en það var því miður ekki gert.

Ég er ekki viss um að sá vandi sem við stöndum frammi fyrir í dag, sem er afleiðing bankahrunsins og gjaldeyrishrunsins, væri jafngeigvænlegur ef menn hefðu gripið til ráðstafana á fyrri stigum, ef íslensk stjórnvöld og eftirlitsstofnanir hefðu verið betur á vaktinni gagnvart því sem þá var í pípunum. Í því efni er óhjákvæmilegt að nefna hina miklu söfnun fjár á innlánsreikninga íslenskra banka í útlöndum.

Mig langar örstutt að koma inn á nokkur atriði í þessari tillögu. Ég vil taka það skýrt fram í upphafi að ég er mjög ánægður með að Sjálfstæðisflokkurinn skuli leggja þessa vinnu hér á borðið, sínar hugmyndir. Það þýðir ekki að maður sé endilega sammála öllu því sem þar kemur fram en margt af því eru hlutir sem er að mínu viti mjög mikilvægt að skoða nánar. Sumt af því er reyndar og hefur verið á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar þannig að þar fellur það ágætlega vel saman.

Hvað varðar heimilin í landinu þá er hér talað um að rýmka verulega skilyrði þess að heimilin geti lækkað greiðslubyrði húsnæðislána og að stofna sérstakan hóp til þess að fjalla um leiðir til þess að lækka höfuðstól fasteignaveðlána. Það er rétt sem fram hefur komið að margar af þeim aðgerðum sem bæði núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn undirbjuggu strax í lok síðasta árs, aðgerðir sem áttu að koma til móts við versnandi stöðu og afkomu heimilanna, eru torsóttar eða við getum orðað það sem svo að þær taki tíma og fyrirhöfn. Það má kannski líka segja að við þær aðstæður sem eru í samfélaginu í dag sé út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að hlutirnir geti verið tímafrekir en eftir sem áður held ég að það sé margt til í því að þrátt fyrir þessar aðgerðir og þessi úrræði sé staða mjög margra heimila mjög bágborin og erfið og því verði að grípa til frekari ráðstafana í þessum efnum. Hér hefur aðeins verið talað um almennar aðgerðir — já, auðvitað þurfa aðgerðir af þessum toga að vera almennar, en við megum heldur ekki gleyma því að við verðum að horfa rækilega á það hvernig við nýtum það fjármagn sem verður nýtt í þessu skyni svo það komi til móts við þá sem raunverulega þurfa á því að halda en ekki endilega á hvern þann sem hafa vill ef svo má að orði komast. Við vitum að það eru ekki alveg allir sem þurfa á slíkri fyrirgreiðslu að halda en þetta eru auðvitað atriði sem þyrfti að setjast betur yfir og skoða.

Hér er talað um atvinnuleysið og ég held að við séum öll sammála um að það er eitt mesta bölið sem við er að glíma. Í greinargerð með tillögunni er talað um að nú séu um 19.000 manns skráðir atvinnulausir. Hæstv. iðnaðarráðherra upplýsti hér í utandagskrárumræðu í dag að það væru um 16.000, þar af um 3.000 á hlutabótum. Mér finnst mikilvægt að við vitum nákvæmlega hvaða tölur eru réttar í þessu efni því að vísbendingar hafa verið um að aukning atvinnuleysis hafi í raun verið að stöðvast. Það er auðvitað gríðarlega mikilvægt. En þetta er að sjálfsögðu stóra viðfangsefnið og ég tek undir það með tillöguflytjendum að sérstaklega þarf að leita leiða til að sporna gegn því.

Hér er talað um bæði fyrirtækin og bankakerfið og um það er að segja að það er í gangi vinna á vegum stjórnvalda við eigendastefnu fyrir bankakerfið, stefnu um það hvernig eigi að koma þessum eignum aftur út á markað og stefnumótun um það hvort ríkið ætlar með einhverjum hætti að

vera þátttakandi í fjármálastarfsemi til millilangs tíma eða jafnvel til lengri tíma. Þetta er auðvitað álitamál sem þarf að skoða. Við þekkjum það hvernig Norðmenn og Svíar hafa farið að eða fóru að eftir bankakreppuna hjá sér og það eru leiðir sem við hefðum viljað skoða betur.

Ég ætla ekki að fara hér inn í lífeyrissjóðamálið sem Sjálfstæðisflokkurinn er með í tillögum sínum, til þess er tíminn of skammur, en minni bara á að eftir því sem ég best veit hafa komið fram viðbrögð frá aðilum vinnumarkaðarins sem ekki tala beinlínis fyrir þessari leið. En við þær aðstæður sem við búum við í dag tel ég skylt að skoða allar tillögur í þaula.

Af því að tíminn hleypur frá mér vil ég aðeins segja um peningamálastjórnunina: Það er markmið þessarar ríkisstjórnar — það fer saman við áherslur í tillögum Sjálfstæðisflokksins — að endurskoða peningamálastefnuna og fara yfir það hvar hún hefur brugðist, kosti hennar og galla, m.a. með tilliti til framtíðar gjaldmiðilsmála. Í sjálfu sér held ég að þarna sé enginn ágreiningur um að þetta þurfi að skoða til hlítar og þegar kemur að gjaldeyrishöftunum og vaxtamálunum þá held ég líka að í sjálfu sér sé enginn ágreiningur milli stjórnmálaflokkanna um að afnema þurfi gjaldeyrishöftin sem fyrst, en þó þannig að það raski ekki því jafnvægi sem þarf að vera á þessum markaði. Við verðum að vera viss um að þau skref sem við stígum leiði til þess sem til er ætlast.

Ég vil svo rétt í lokin, frú forseti, segja það að ég tel að fullur vilji sé til þess hjá ríkisstjórnarflokkunum að taka frumkvæði af þessum toga fagnandi. Boðað hefur verið til fundar þar sem fulltrúar stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna hafa setið saman við borð ásamt aðilum vinnumarkaðarins og ég tel að það sé mjög mikilvægt. Ég tel reyndar að við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu sé ekkert boðlegt fyrir þjóðina annað en að stjórnmálaöflin í landinu taki höndum saman með þeim hætti sem þau best geta með aðilum á vinnumarkaði og með atvinnulífinu, með samtökum launþega, til þess að finna þær leiðir sem eru bestar og greiðastar út úr þeirri ófæru sem við sannarlega erum í. Það verður áreiðanlega torsótt og það mun taka tíma og við þurfum að horfast í augu við það en það er mikilvægt verkefni og þar eigum við öll að leggjast á (Forseti hringir.) árar.

[16:11]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir hlýleg ummæli í garð okkar sjálfstæðismanna. Það er gott að tónninn er að breytast, að þessari þöggun sem við höfum verið beitt sé loks aflétt eins og við höfum heyrt hér í þingsölum í dag.

Það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður talaði um hér áðan, það eru til úrræði, það hafa verið sett fram úrræði og þau úrræði lúta allt of ströngum reglum. Þetta eru svipugöng sem eru niðurlægjandi fyrir þá sem þurfa að ganga þau enda sjáum við að hingað til hafa ekki nema 50 manns nýtt sér greiðsluaðlögunarúrræðin, sem nú eru eitt aðalúrræðið til þess að fá niðurfelldar skuldir, en við vitum að vandamálið er mun stærra en það.

Það er eitt sem hefur alls ekki komið fram í ræðum stjórnarliða, þ.e. að tímamörk eru sett í þessum tillögupakka okkar sjálfstæðismanna. Þau tímamörk helgast af þeim bráðavanda og af því hve brýnt er að ráðast í aðgerðir, þau tímamörk eru 15. júlí. Við höfum nú heyrt um góðan vilja Samfylkingar og Vinstri grænna og það er tiltölulega skammt í að við getum borið hlýju orðin saman við (Forseti hringir.) efndirnar eða u.þ.b. einn mánuður.

[16:13]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, bara rétt varðandi tímamörkin þá held ég að ekki sé eftir neinu að bíða hvað þetta snertir. Ríkisstjórnin hefur verið að vinna að sinni áætlun sem fyrirhugað er að birtist í skýrsluformi hér á þinginu. Í því augnamiði hafa verið fundir með aðilum vinnumarkaðarins og fleirum og m.a. stjórnarandstöðunni og ég tel að þetta eigi að vera fóður inn í þá vinnu. Þær hugmyndir sem hér eru reiddar fram eiga að vera fóður inn í þá vinnu og birtast í skýrslunni sem fyrirhugað er að leggja fram. Í því sambandi hefur verið talað um 20. júní, lok næstu viku eða byrjun þarnæstu viku — ég hygg að talað hafi verið um það af hálfu ríkisstjórnarinnar. Í sjálfu sér er því ekki eftir neinu að bíða.

Ég vonast til þess að þau áform sem stjórnin hefur haft uppi um það gangi eftir og að við getum áður en langt um líður tekið þessi mál til áframhaldandi umræðu.

[16:14]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það gleður mig að hér heyrðum við jafnvel enn þrengri tímamörk en við settum okkur. Það er þá mjög brýnt að farið verði að hóa saman því fólki sem á að fjalla um þær tillögur sem menn gætu notað í þessa vinnu, sem á, samkvæmt því sem ég heyri nú í fyrsta skipti, að birta þann 20. júní. Ég vona sannarlega að sú tímasetning standist vegna þess að vandinn hleðst upp og er sífellt að verða alvarlegri.

Ég á þá von á því að við sjálfstæðismenn fáum einhver skilaboð næstu daga um hvenær menn vilja hittast og setjast yfir hugmyndir.

[16:16]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir sem hér hafa verið fram bornar til hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar fyrir ræðu hans, hún var málefnaleg og ágæt. Ég vil einungis koma hér upp og gera athugasemd við einn þátt hennar og ekki stóran, hann snýr að því hversu fljótt þingið tók þetta mál á dagskrá. Ég vil nota tækifærið og þakka kærlega fyrir það hversu fljótt málið kom inn. Það skiptir máli þegar svona mál er lagt fram að fá umræðu um það sem fyrst, rétt eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson benti á, sökum mikilvægis málsins og þeirra aðstæðna sem uppi eru.

Það hjálpaði okkur ef til vill hvað það varðar og gerði kannski ákvörðun virðulegs forseta þingsins auðveldari að hleypa þessu máli að svona snemma að einungis fjögur mál bíða 1. umr. í þinginu, það eru breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, frumvarp um fjármálafyrirtæki, gjaldþrotaskipti og bann við nektarsýningum. Það eru þau mál sem bíða 1. umr. hér í þinginu

og síðan þegar litið er til þeirra þingsályktunartillagna sem bíða er það í raun bara sú þingsályktunartillaga sem rædd var í dag. Það hjálpar til hversu fá mál eru komin inn en það breytir því ekki hversu ánægð við erum með að hafa fengið þetta mál rætt jafnfljótt og raun ber vitni. Það hvetur þingmenn til þess að leggja í svona vinnu þegar þeir sjá að hægt er að bregðast skjótt við og hleypa málunum að en það er rétt að hafa hitt í huga.

[16:17]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef reyndar ekki yfirlit yfir hvaða mál það eru nákvæmlega sem bíða þess að komast á dagskrá þingfunda en ég hygg að hér séu, til viðbótar við það sem hv. þingmaður nefndi, m.a. ýmis mál sem komið hafa úr nefndum og hefðu að sjálfsögðu getað fengið umfjöllun.

Allt eru þetta smámunir í samhengi við stóra málið sem er efni þessarar tillögu og sá vandi sem við erum að glíma í íslensku samfélagi í dag. Ég held að við ættum ekki að týna okkur í því, við hv. þingmaður, að eyða tímanum í að tala um hvað er á dagskrá, hvenær það kemst þangað og hvað kemst ekki á dagskrá, en andsvar hv. þingmanns við ræðu minni laut fyrst og fremst að því.

Varðandi samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu og þær tímasetningar sem ég hef nefnt hefur ríkisstjórnin unnið eftir því að svokallaður bandormur, lagafrumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum geti komið hér strax eftir helgina eða fljótlega eftir helgi sem einkum og sér í lagi mundu lúta að árinu 2009. Við erum öll sammála um að það þarf að gera ráðstafanir vegna ársins 2009 og mæta þeim halla sem vitað er að verður meiri en upphaflega var gert ráð fyrir, það eru áform ríkisstjórnarinnar. Sömuleiðis mun í framhaldinu vera gerð skýrsla eða áætlun um aðgerðir til lengri tíma sem m.a. mundu innihalda áform fyrir árið 2010. Þar hefur, eftir því sem ég best veit, verið talað um sirka 20. júní. Ég mun kanna sérstaklega, vegna orða hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar áðan, hvort þau áform hafi tekið einhverjum breytingum á síðasta sólarhring eða síðustu sólarhringum umfram það sem ég hef vitneskju um.

Ég tel að það sé mjög brýnt og að þær hugmyndir sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur (Forseti hringir.) reitt fram eigi að fá umfjöllun í samhengi við þau mál.

[16:20]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég nefndi þetta í andsvari mínu var öðrum þræði sú að við sjálfstæðismenn höfum áhyggjur af því hversu verklítil ríkisstjórnin hefur verið. Það ber mjög á boðuðum aðgerðum, það er langur listi yfir þau mál sem ætlunin er að leggja fram. Við hefðum viljað sjá þessi mál koma fyrr, við hefðum viljað sjá hraðar unnið. Það sem ég las upp er útprentun af vef Alþingis, það sem Alþingi gefur upp um þau mál sem bíða 1. umr. Auðvitað eru mál í nefndum en þetta er það sem bíður umræðu. Ég hefði viljað að bandormurinn væri kominn fram t.d. varðandi ráðstafanir vegna ársins 2009, ég hefði viljað sjá hann fyrr. Ég hef fengið útskýringar á því hvers vegna hann dregst og gott og vel.

Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur setið frá því í febrúar. Vissulega tóku kosningar tíma en þetta er sama ríkisstjórnin. Það liggur á og það er þess vegna sem ég nefndi þetta. Á móti kemur að við höfðum tækifæri til þess að ræða tillögur okkar sjálfstæðismanna í dag og fyrir það erum við þakklát. Ég ítreka að við erum mjög ánægð með þau viðbrögð sem komið hafa fram hjá hv. þingmönnum varðandi þessa umræðu, okkur hefur fundist þetta vera málefnaleg umræða. Það rekur á eftir okkur, bæði sjálfstæðismönnum og öðrum þingmönnum, að við nýtum vel þann tíma sem við höfum á þingi í sumar til þess að ná að klára öll þessi ákaflega mikilvægu mál sem þarf að ljúka til þess að við getum tekist á við þann mikla vanda sem þjóðin stendur nú frammi fyrir. Nú er lag og við eigum að nota okkur það.

[16:22]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Bara stutt um það að hlutirnir gangi hægt og ekki sé unnið nógu hratt og örugglega eða nógu mikið. Ég fullvissa hv. þingmann um að unnið er baki brotnu að þessum málum af hálfu ríkisstjórnarinnar og þingmanna stjórnarflokkanna sem hafa tekið þátt í þessari vinnu. Ég er sannfærður um að ef þingmaðurinn spyrði t.d. fjölskyldur okkar hvað við værum mikið heima við fengi hann upplýsingar um það. Ég hef haft tækifæri til þess að starfa í ríkisfjármálum sem fulltrúi í fjárlaganefnd af hálfu stjórnarflokks og ég veit að við höfum verið í því meira og minna alveg frá því snemma á morgnana og fram yfir miðnætti nánast hvern einasta dag undanfarið og allar helgar líka. Þetta er mikil vinna, eins og hv. þingmaður veit sem hefur verið þingmaður í stjórn, og þarf að ráðgast við mjög marga aðila. Starfsmenn í ráðuneytum og stofnunum hafa líka lagt í þetta mikla vinnu með okkur sem og aðilar vinnumarkaðarins og það hefur verið mikið samráð. Og nú koma stjórnarandstöðuflokkarnir að þessu samstarfi.

Auðvitað hefði ég gjarnan viljað sjá það sjálfur að hlutirnir gengju hraðar fyrir sig. Ég hefði gjarnan, eins og hv. þingmaður, viljað sjá bandorminn hér ekki síðar en í þessari viku en hann dregst eitthvað fram yfir helgi úr því sem komið er. En það leggja sig allir fram, allir gera sitt ýtrasta til þess að hraða þessari brýnu vinnu eins og hægt er. Ég er þeirrar skoðunar og er örugglega sammála hv. þingmanni um að það er ekkert þingmál brýnna núna um þessar mundir en einmitt þau sem lúta að aðsteðjandi vanda í efnahags- og atvinnulífi okkar Íslendinga og þau eiga að sjálfsögðu að hafa allan forgang í stjórnsýslunni og í störfum Alþingis.

[16:24]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Sú þingsályktunartillaga sem Sjálfstæðisflokkurinn og þingmenn flokksins hafa lagt fram á þinginu er viðamikil og efnismikil og hefur verið til umfjöllunar í dag. Ber að þakka þau hlýju orð sem fallið hafa í garð þessarar tillögu af hálfu flestallra sem tekið hafa til máls.

Með þingsályktunartillögunni er gerð tilraun til þess að varpa heildarsýn á það stóra verkefni sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir sem er það að reisa við efnahag landsins. Það er stórt verkefni, það er flókið verkefni og það er erfitt en það er bara ekkert annað að gera en að bretta upp ermarnar og halda af stað, það er það sem þarf að gera.

Öll sú ólga sem verið hefur hér á undanförnum mánuðum vegna þeirrar óvissu sem skapast hefur í kjölfar efnahagslægðarinnar er vissulega erfið en með því að leggja fram raunhæfar, tímasettar aðgerðir er gerð tilraun til þess að leggja fram heildarmynd þannig að hægt sé að sjá hvert stefnt er. Það er í rauninni það sem vantað hefur inn í umræðuna, það er framtíðarsýn og stefna. Það er það sem þarf að gera og það sem gert er með þessari þingsályktunartillögu.

Stærstu verkefnin til þess að við náum árangri varðandi stjórnun efnahagsmála eru að sjálfsögðu þau að ná tökum á ríkisfjármálunum. Það hefur gengið afskaplega hægt að mínu mati og því brýnt að einhenda sér í að taka til aðgerða og bretta upp ermar á því sviði.

Endurreisn bankanna hefur gengið hægt fyrir sig að sama skapi. Vissulega er verkefnið flókið en þau svör fengust hér í síðustu viku að hæstv. fjármálaráðherra muni leggja fram einhverjar nýjar upplýsingar varðandi stöðu mála þar í lok mánaðarins. Það er vissulega ánægjulegt en sú lausn er mun seinna á ferðinni en búast mátti við.

Þegar þessi tvö stóru verkefni, þ.e. að ná tökum á ríkisfjármálunum og að endurreisa bankana, hafa komist á koppinn og náðst hefur árangur þar er fyrst hægt að ná árangri varðandi vaxtalækkun. Það mikilvægasta í þessum tillögum er að mínu mati að þær eru tímasettar, að við gefum okkur stuttan tíma til þess að hrinda þeim í framkvæmd. Það er það sem þarf að gera og það sem við Íslendingar bíðum eftir.

Atvinnumálin eru þau mál sem mikið hafa verið til umræðu í dag og á þinginu á undanförnum missirum. Það er að sjálfsögðu vegna þess að ekkert er mikilvægara fyrir fólk sem gengur um landið okkar atvinnulaust en að sjá að það sé einhver von fram undan, að það sé einhverja vinnu að fá. Í dag eru um 16 þúsund manns atvinnulausir, eftir því sem hæstv. iðnaðarráðherra upplýsti hér áðan, þar af eru 3 þúsund í hlutastarfi, en það breytir ekki því að verkefnið er stórt og þurfa margir á aðstoð að halda.

Til þess að við náum árangri í að útvega fólki vinnu verðum við nýta auðlindir landsins, það er algjörlega kristaltært. Við verðum að nýta þá orku sem hér býr og við verðum að gera það með skynsamlegum hætti. Við getum ekki beðið endalaust eftir því að gerðar séu áætlanir eða lögð drög að einhverjum stefnumótunum heldur verðum við að einbeita okkur að því að grípa þau tækifæri sem til staðar eru vegna þess að þau eru mýmörg. Það eru fjölmargir erlendir fjárfestar sem hafa áhuga á að koma til landsins og fjármagna verkefni hér sem tengjast flestöll orkufrekum iðnaði. Til þess að svo megi verða verður að sjálfsögðu að vera einhver orka í boði og það er það sem málið snýst um, að skapa meiri gjaldeyristekjur, að skapa möguleika til að hér verði til ný atvinnutækifæri og að sjálfsögðu að koma bönkunum á fót þannig að hægt sé að styðja við þau fyrirtæki og þá starfsemi sem fyrir er í landinu.

Stærsta hlutverk okkar stjórnmálamanna er að sjálfsögðu að vekja hjá fólki von um að hér sé framtíð. Nógu margir hafa að undanförnu talað kjarkinn úr fólki en við á hinu háa Alþingi skulum ekki standa fyrir því heldur leggja fram raunhæfar tillögur og stefna að því marki að endurreisa efnahaginn. Við höfum marga góða kosti, þjóðin er ung og það er einn okkar helsti styrkleiki. Þjóðin er vel menntuð, við erum ein menntaðasta þjóð í Evrópu, það er líka einn af okkar helstu styrkleikum. Hér eru sterkar stoðir í atvinnuvegunum, sjávarútvegurinn er okkar helsta útflutningsgrein og við eigum að forðast það eins og hægt er að vega að grunni hans eins og gert hefur verið nú á undanförnum vikum með tali um fyrningarleiðina svokölluðu. Hann er sterkasta stoðin okkar og við eigum ekki að rugga bátnum, þetta er ekki tíminn til þess.

Síðan er stóra verkefnið það að vinna saman að því að koma efnahagnum á réttan kjöl og fela tillögur okkar í þessari þingsályktunartillögu, sem er vel unnin og vel ígrunduð, í sér raunhæfa leið til þess að reisa við efnahag landsins.

[16:30]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna fyrir það hvernig umræðan fór fram. Hún var málefnaleg og uppbyggileg og ég held að hún hafi lagt gott til í þá umræðu sem þarf að fara fram hér um stjórn efnahagsmála.

Við leggjum áherslu á að þær aðgerðir sem gripið verður til á næstunni, sem snúa bæði að heimilunum, fyrirtækjunum, bönkunum og ríkissjóði, séu markvissar og að ráðist verði í þær án tafa vegna þess að vandinn fer vaxandi með hverjum deginum sem líður. Við vissum í upphafi að nokkrar hugmyndir mundu verða umdeildar, samanber hugmynd okkar um breytingu á skattlagningu lífeyrissjóðanna eða öllu heldur tilfærslu á skattlagningu, en um leið þarf að horfa til þess að sá vandi sem uppi er hvað varðar ríkisfjármálin er það magnaður og stór að ábyrgðarlaust væri að horfa ekki til allra þeirra möguleika og kosta sem í boði eru. Þetta er einn af þeim og við vildum vekja athygli á honum.

Jafnframt höfum við útfært hugmyndir sem snúa að greiðsluvanda heimilanna, hugmyndir sem við teljum að hafi þann kost að vera manneskjulegar, einfaldar og fljótlegar og eigi að geta nýst flestum ef ekki öllum sem eru í alvarlegum greiðsluvandamálum þó að við á sama tíma gerum okkur einnig grein fyrir að það er ekki víst að hægt sé að hjálpa öllum með þeirri aðferð. Því opnum við á að það sé skoðað hvort hægt sé að fara einhvers konar niðurfærsluleið á höfuðstól þar sem það á við. Jafnframt höfum við lagt á það áherslu að gera verði allt sem hægt er til að flýta því að hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin sem nú eru á íslensku krónunni. Í því sjónarmiði höfum við lagt fram hugmyndir, þó að það hafi ekki verið gert í þessari sérstöku þingsályktunartillögu en við gerðum það um leið og við tilkynntum hugmyndir okkar um aðferð til að leysa þann vanda sem hlýst af veru jöklabréfanna svokölluðu í hagkerfinu hér. Sú lausn lýtur að því að ríkisvaldið gefi út langtímaskuldabréf í erlendri mynt án greiðslu fyrstu árin þannig að hægt verði að bjóða eigendum jöklabréfanna upp á þann kost og eyða þar með þeirri óvissu sem er um það hvenær þessir peningar leita út úr hagkerfi okkar sem gerir það að verkum að það er nánast ógerningur að afnema gjaldeyrishöftin nú þegar. Með öðrum orðum, við höfum bæði lagt fram almenn sjónarmið en um leið líka útfærðar tillögur á því hvernig ná megi þeim markmiðum sem við

setjum fram í tillögu okkar.

Við erum mjög ánægð með það hversu vel ríkisstjórnarflokkarnir hafa tekið þessum tillöguflutningi og við væntum þess að tekið verði tillit til þessara hugmynda og þessara tillagna í þeirri vinnu sem nú er í gangi og mun fara fram hér á næstu dögum og vikum. Við hvetjum ríkisstjórnina til að flýta allri vinnu hvað þetta varðar, hvað varðar efnahagstillögurnar, það má engan tíma missa.

Það er rétt sem hæstv. forsætisráðherra sagði á dögunum í blaðaviðtali: „Vandi ríkissjóðs er meiri en menn ætluðu.“ Það er vegna þess að með hverjum deginum sem líður, þar sem skattstofnarnir dragast saman, þar sem tekjur ríkisins verða fyrirsjáanlega minni, þar sem erfiðleikarnir aukast, það leiðir auðvitað til þess að vandi ríkissjóðs verður meiri, augljóslega. Því ríður á að við náum niður stýrivöxtum Seðlabankans og það gerum við ekki nema við höfum náð árangri annars vegar í ríkisfjármálunum og hins vegar í endurreisn bankakerfisins. Þetta eru mikilvægir hlutir, á þessu grundvallast efnahagstillögur okkar sjálfstæðismanna, það eru þessi þættir sem við horfum til, og ég ítreka enn og aftur að við sjálfstæðismenn erum reiðubúin til þess að vinna með ríkisstjórninni í öllum þessum málum. Við gerum okkur grein fyrir því að menn munu ekki taka okkar tillögur einn, tveir og þrír og framkvæma þær allar, þannig virkar það auðvitað ekki, en þetta er innlegg okkar og með öðrum tillögum sem við teljum að standi til bóta fyrir íslenskt efnahagslíf, teljum við að hæg sé að grípa til aðgerða sem nauðsynlegt er að grípa til þannig að við snúum þessari óheillaþróun við. Það er okkar sameiginlega verkefni, það er okkar sameiginlega verkefni allra sem sitjum á Alþingi, það er okkar sameiginlega ábyrgð og þetta er innlegg til þeirra mála.

Ég ítreka enn og aftur þakkir mínar til forustu þingsins fyrir að taka þetta mál svo snemma á dagskrá. Það skiptir máli fyrir okkur að það var gert og skiptir máli upp á framtíðina fyrir þingmenn að þeir viti að þegar menn leggja á sig vinnu eins og þessa við að koma fram með svona tillögur sé möguleiki að taka slíkt til umræðu sem fyrst á hinu háa Alþingi.

[16:35]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki rétt að kalla það andsvar sem ég ætla að flytja hér, meðsvar frekar, því að ég tek undir það sem hv. þm. Illugi Gunnarsson sagði áðan að þetta væri þarft innlegg í þá umræðu sem nú fer fram um ríkisfjármálin eða fjárhagsrammans sem við stöndum frammi fyrir að þurfa að endurskoða fram að áramótum og fram í næsta árið. Það er mikið verkefni og ekki auðunnið og veitir ekki af sem flestum tillögum og hugmyndum hvað það varðar. Ég lít á þetta mál þingmanna sjálfstæðismanna sem gott innlegg í þá vinnu, ég tek þessa tillögu mjög alvarlega sem slíka og með mjög jákvæðum hætti og trúi því í einlægni að það fylgi góður hugur að baki.

Eins og komið hefur fram í umræðunni í dag hefur stjórnarandstaðan verið boðin að þessu borði, þ.e. að viðræðum og umræðum um efnahagsmál og tillögur sem verið er að reyna að vinna og undirbúa hér varðandi þann mikla vanda sem við okkur blasir og allir vita hver er. Það veitir svo sannarlega ekki af hvatningu frá öllum, jafnt á þingi sem utan þings við að reyna að landa þeim málum. Í því ljósi vil ég líta á þessa tillögu sem gott innlegg og þarft í það verk og ég mun hvetja til þess á þeim vettvangi sem ég kem að þessum málum að allar góðar hugmyndir verði vel þegnar og teknar til gaumgæfilegrar athugunar.

[16:37]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hlý orð í garð okkar sjálfstæðismanna fyrir þessa tillögugerð. Ég tel að umræðan í dag sýni að við getum einmitt rætt mjög málefnalega um þennan mikla vanda, að við getum hafið okkur upp yfir flokkapólitíkina, við getum rætt tillögurnar út frá efni þeirra, rætt kosti þeirra og galla og þannig miðað verkum okkar áfram. Það er gríðarleg eftirspurn eftir því í samfélaginu að við stjórnmálamenn vinnum með þessum hætti núna, að við tökum höndum saman og horfum á hugmyndirnar en ekki hvaðan þær koma, horfum á kosti þeirra og galla, ræðum þessa hluti öfgalaust og þannig að hagsmunir íslensku þjóðarinnar séu alltaf í fyrirrúmi. Þannig eigum við auðvitað alltaf að vinna en sjaldan hefur verið jafnmikil þörf og nauðsyn og núna að við vinnum með þeim hætti.

Ég fagna enn og aftur ummælum hv. þingmanns og vona að okkur auðnist að vinna vel úr þessum tillögum og þeim tillögum sem ríkisstjórnin mun færa inn í þingið á næstu dögum og vikum. Nauðsynlegt er að slíkur efnahagspakki líti dagsins ljós á allra næstu dögum og vikum, við getum ekki beðið mikið lengur, heimilin í landinu og fyrirtækin kalla eftir því, Seðlabankinn kallar eftir því þannig að hægt sé að lækka hér vexti. Allir þessir hlutir verða að ganga saman og þeir gera það auðvitað best með því að gott samstarf sé á milli ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar og mér finnst sú umræða sem farið hefur fram í dag gefa mér væntingar til þess að svo sé. Þar með er ekki sagt að af séu allar deilur og umræður í þinginu. Þær eru eðlilegar vegna þess að með slíku köllum við líka fram kosti og galla en það skiptir máli hvernig það er gert. Það skiptir máli að menn láti síðan lokatakmarkið alltaf ráða för en það er að vinna þjóðinni heilt.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og efh.- og skattn.

Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald, 1. umr.

Frv. SF o.fl., 20. mál (bann við nektarsýningum). — Þskj. 20.

[16:39]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Hæstv. forseti. Ég flyt hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Frumvarp þetta felur í sér að felld verður brott undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum og þá stæði eftir fortakslaust bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða gera með öðrum hætti út á nekt

starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Segja má að þetta frumvarp sé góðkunningi af því að ekki er verið að flytja það í fyrsta sinn. Það var flutt fyrst á 135. löggjafarþingi og þá var Kolbrún Halldórsdóttir, þáverandi þingmaður, 1. flutningsmaður þess. Það hlaut ekki afgreiðslu þá. Málið var endurflutt á síðasta löggjafarþingi og því var vísað til allsherjarnefndar og var afgreitt þar 30. mars sl. svo það er ekki langt síðan. Nefndin mælti með því að frumvarpið yrði samþykkt með þeirri breytingu að lögin tækju gildi 1. september 2009 þannig að það gæfist smáaðlögunarfrestur. Málið komst þó ekki til 2. umr. og er því endurflutt núna.

Það sem er kannski merkilegt frá því að málið var flutt í fyrsta og annað sinn er að nú eru flutningsmenn tillögunnar úr öllum flokkum. Svo var ekki upphaflega. Núna eru þingmenn bæði frá Sjálfstæðisflokki og Borgarahreyfingunni, sem ekki hefur átt þingmenn áður, á tillögunni. Flutningsmenn fyrir utan þá er hér stendur eru hv. þingmenn Atli Gíslason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Eygló Harðardóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Þuríður Backman.

Þegar málið var skoðað á sínum tíma bárust umsagnir frá fjölmörgum aðilum, m.a. frá Alþjóðahúsinu, Jafnréttisstofu, Kvenréttindafélagi Íslands, Kvennaathvarfinu og Rauða krossinum. Þessir aðilar voru mjög jákvæðir og þess ber einnig að geta að enginn þeirra sem tóku ekki afstöðu í umsögnum sínum eða gerðu athugasemdir lýsti sig beinlínis mótfallinn frumvarpinu.

Á sínum tíma, á 133. löggjafarþingi, var farið í heildarendurskoðun á lögum um veitingastaði og gististaði og sú endurskoðun leiddi til þess að lög nr. 85/2007 voru sett. Þá var felldur niður flokkurinn „næturklúbbar“ sem samkvæmt eldri lögum gerði ráð fyrir að legðu aðaláherslu á „áfengisveitingar og sýningu á nektardans í atvinnuskyni“. Með núgildandi lögum eru svokallaðir „umfangsmiklir áfengisveitingastaðir“ allir settir í einn og sama flokkinn. Á slíkum stöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru, en með þeirri undantekningu þó að ef jákvæðar umsagnir fást frá umsagnaraðilum skv. 10. gr. laganna þá geti leyfisveitandi heimilað nektardans í rekstrarleyfi ef þess er óskað.

Nokkrar umræður urðu um undanþáguákvæðið við 2. umr. um frumvarpið og var upplýst að fulltrúar sveitarfélaganna vildu fá staðfestan þann skilning sinn að nóg væri að einn umsagnaraðili legðist gegn því að nektardans yrði heimilaður í rekstrarleyfi veitingastaðar til þess að synja mætti um leyfið. Sá skilningur er eðlilegur af því að hér er um undanþágu frá meginreglu að ræða og því réttast að skýra hana þröngt. Frá þeim tíma hefur ríkt nokkur óvissa um rekstrarleyfi þriggja veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu. Þessir staðir höfðu óskað eftir heimild til að bjóða upp á nektardans í endurnýjuðum rekstrarleyfum sínum. Einn slíkur staður sótti um leyfi til leyfisveitanda, sem er sýslumaðurinn í Kópavogi. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, sem er lögboðinn umsagnaraðili um rekstrarleyfi veitingastaða, lagðist gegn því að leyfið yrði veitt með ýmsum rökum sem lesa má í fylgiskjali með frumvarpinu og því var þessum stað synjað um leyfið. Sú ákvörðun var kærð til dómsmálaráðherra sem felldi úrskurð í málinu 15. maí 2008 og er sá úrskurður einnig fylgiskjal með frumvarpi þessu, virðulegur forseti.

Í úrskurði dómsmálaráðuneytisins eru umsagnir lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem á endanum urðu tvær, sagðar hafa verið haldnar verulegum efnislegum annmörkum, sem leiddi til ógildingar ákvörðunar sýslumannsins í Kópavogi. Þá beindi ráðuneytið því til sýslumannsins að hann leitaði eftir nýrri umsögn lögreglustjórans áður en hann tæki leyfið til umfjöllunar á ný. Málinu lyktaði með því að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gaf út nýja umsögn þar sem í ljósi úrskurðar dómsmálaráðuneytisins þótti ekki fært annað en að mæla með því að leyfið yrði veitt.

Á sama tíma hafði borgarráð Reykjavíkurborgar til umfjöllunar endurnýjuð leyfi fyrir þá tvo staði sem eru Reykjavík sem höfðu báðir óskað eftir heimild til að bjóða upp á nektardans. Þegar úrskurður dómsmálaráðuneytisins lá fyrir þótti borgarráði ekki fært annað en að veita jákvæða umsögn og gerði það á fundi sínum 28. ágúst 2008. Í bókun borgarráðs — og ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að það er þverpólitískur stuðningur við þessa bókun — er bent á að þessi nýlegi úrskurður dómsmálaráðuneytisins veki upp áleitnar spurningar sem tengjast því að bannið við þessari starfsemi sé gagnslítið horft til úrskurðar dómsmálaráðuneytisins. Og þar segir, með leyfi forseta:

„Í borgarstjórn ríkir þverpólitísk samstaða um að vinna beri gegn klámvæðingu. Því skorar borgarráð á Alþingi Íslendinga að breyta lögum þannig að sem fyrst fáist skýrar lagaheimildir til að koma í veg fyrir starfsemi nektardansstaða.“

Eins og hér má sjá hefur ríkt mjög mikil óvissa um túlkun 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007. Að mati flutningsmanna er nauðsynlegt að skýra vel hver vilji löggjafans sé og því er lagt til að undanþáguákvæðið verði fellt brott. Eftir stendur þá fortakslaust bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Kvennahreyfingar hafa einnig látið þetta mál til sín taka og ályktað í anda þessa frumvarps en ég mun ekki gera það frekar að umtalsefni hér.

Virðulegur forseti. Ég vil að endingu segja að það er annað mál sem mér finnst að við ættum að skoða betur í þinginu, og má vera að sú er hér stendur geri það, og það eru hinar nýju reglur sem við settum fyrir ekki löngu síðan um að skemmtistaðir gætu verið opnir alla nóttina. Ef við horfum til annarra Norðurlanda er ljóst að þar eru skemmtistaðir opnir skemur og fólk er því ekki að veltast um á götum og strætum fram eftir allri nóttu. Þetta er nokkuð sem ég tel að við eigum að skoða. Breyta þyrfti þeim kúltúr sem hér viðgengst. Hér fer fólk afar seint út á skemmtistaði og krár og kemur þeim mun seinna heim. Það er mitt mat að þetta ýti undir m.a. fíkniefnaneyslu, það er mjög erfitt að standa í slíku skemmtanahaldi langt fram eftir morgni og erfitt að halda sér vakandi. Ég held að þetta sé ein margra ástæðna fyrir því að fíkniefni eru hér í talsverðu magni í umferð. Ég held að hv. Alþingi ætti að skoða þetta betur og ég mun jafnvel kafa betur ofan í þetta mál.

Ég held að við getum afgreitt þetta frumvarp varðandi nektardansinn hratt og örugglega, það er hefur farið í gegnum umræðu nokkrum sinnum þannig að þetta er góðkunningi og að mínu mati er því óþarfi að liggja mjög lengi yfir þessu máli, virðulegur forseti.

[16:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir ánægju hv. 1. flutningsmanns þessa frumvarps, Sivjar Friðleifsdóttur, með að þetta mál skuli vera komið inn í þingið með þverpólitískum stuðningi. Það tel ég mjög mikilvægt. Hv. þingmaður fór vel yfir eðli málsins. Ég er einn af flutningsmönnum málsins og taldi og vonaði reyndar að málið yrði samþykkt á síðasta þingi en svo varð ekki þó að það væri komið út úr nefnd og inn í þingið með miklum stuðningi. (**SF:** En vændið fór samt.) Já, en vændið fór samt, sagði hv. þingmaður og það var ánægjuefni.

Á síðasta þingi var sú sem hér stendur félags- og tryggingamálaráðherra og lagði fram skýrslu um aðgerðaáætlun gegn mansali. Hluti af þeirri aðgerðaáætlun var einmitt að lagabreyting eins og hér er lögð fram yrði samþykkt á Alþingi. Það var niðurstaða mín þegar sú aðgerðaáætlun var samþykkt í ríkisstjórninni og lögð fram á þinginu í skýrsluformi, að ég taldi eðlilegt að þingið sjálft samþykkti breytingartillögu sem þessa enda lá þetta þingmál þá fyrir í þinginu. Ég hafði vonað að a.m.k. tvær aðgerðir inni í aðgerðaáætluninni yrðu að lögum á síðasta þingi en það varð aðeins önnur þeirra, sem var sænska leiðin í sambandi við vændi. En sú tillaga varð ekki að lögum þannig að ég legg ríka áherslu á að þetta mál verði afgreitt fljótt og vel því það er mjög mikilvægt og hluti af mun stærra máli, sem er barátttan gegn mansali.

Vegna þess að hér er gert að umtalsefni að þverpólitískur stuðningur sé við þetta mál þá langar mig til að nefna að félagsmálaráðherrar í gegnum tíðina hafa haft verulegar áhyggjur af tengslum nektardans við vændi og mansal. Árið 2002 lögðu Páll Pétursson, sem þá var félagsmálaráðherra, og Sólveig Pétursdóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, fram á fundi Norðurlandaráðs í norrænu ráðherranefndinni yfirlýsingu þar sem þau í sameiningu lýstu yfir áhyggjum sínum vegna þessara tengsla og bentu á, með leyfi forseta, að:

„Ísland hefur verið notað sem viðkomuland í flutningi kvenna frá Evrópu til Bandaríkjanna og fjöldi erlendra kvenna kemur ár hvert til Íslands til þess að vinna sem nektardansmeyjar á næturklúbbum. Viðvörunarbjöllur hringdu þegar niðurstöður rannsóknar, sem gerð var að frumkvæði dómsmálaráðherra, leiddu í ljós tengsl milli nektardansstaða í Reykjavík og vændis. Athygli var beint að því að sumar hinna erlendu kvenna sem vinna sem nektardansmeyjar geti verið neyddar til að stunda vændi.“

Þetta er tilvitnun í yfirlýsingu þessara tveggja fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn Íslands árið 2002. Menn hafa haft áhyggjur af þessu máli lengi. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir benti á barátttu hinna ýmsu kvennasamtaka fyrir því að afnema þessa undanþágu enda virðist það vera ljóst að vilji löggjafans hafi þegar þessi lög voru sett staðið til þess að það yrði ekki undanþáguheimild heldur að það yrði fortakslaust bann og að undanþáguheimildin yrði ekki meginregla eins og hún virðist hafa orðið í reyndinni.

Það er ánægjuefni að þetta skuli vera komið hér og ég treysti því að þetta mál fari fljótt og vel í gegnum nefnd og geti orðið að lögum jafnvel fyrir haustið.

Svo vil ég í lokin, virðulegi forseti, taka undir orð hv. 1. flutningsmanns, Sivjar Friðleifsdóttur, um opnunartíma skemmtistaða. Þetta er mál sem þarf að taka á. Það er til vansa hvernig ástandið er í höfuðborginni allar nætur. Þetta er nokkuð sem við ættum að leggja af, að hafa opna skemmtistaði allar nætur og takmarka opnunartímann og hafa Norðurlöndin sem fyrirmynd hvað það varðar.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en hvet til þess að þetta mál verði afgreitt fljótt og vel á þinginu.

[16:54]

Arndís Soffía Sigurðardóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Það er ákaflega mikilvægt í því efnahagsumróti sem nú ríkir á Íslandi að menn missi ekki sjónar af öðrum mikilvægum réttlætismálefnum sem veika rödd hafa. Því fagna ég þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Eins og þegar hefur komið fram var frumvarp sama efnis lagt fram á 135. löggjafarþingi og var þá flutt af hv. fyrrverandi þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur en hlaut ekki afgreiðslu. Það frumvarp sem við ræðum nú var flutt á 136. löggjafarþingi en komst þá því miður ekki til 2. umr.

Þær breytingar sem við ræðum nú leiða til þess að bannað verði að bjóða upp á nektarsýningar í atvinnuskyni á veitingastöðum eða gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Sérfræðingar í kynferðisofbeldi hafa bent á að mansal, vændi og eiturlyfjaneysla þrífist í mörgum tilfellum í skjóli nektarstaða og með þessari breytingu náum við að má þann smánarblett sem sala og sýningar á nekt manna eru á íslensku samfélagi og efla almenna siðgæðisvitund.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Gjaldþrotaskipti o.fl., 1. umr.

Frv. HHj o.fl., 31. mál (frestir til riftunar ráðstafana þrotamanna). — Þskj. 31.

[16:56]

Flm. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir 31. máli á þskj. 31, sem áður var flutt á nýliðnu löggjafarþingi og snýr að gjaldþrotaskiptum og fyrningu riftunar. Út af fyrir sig lítið og tæknilegt mál sem ég geri ekki ráð fyrir að kalli á mikla umræðu en þess meiri og vandaðri umfjöllun hjá allsherjarnefnd.

Það kunnara en frá þurfi að segja að þegar gjaldþrot verða hendir það oft og iðulega að ýmsir gjörningar sem forráðamenn félaga og þeir sem fyrir gjaldþroti verða hafa gripið til í aðdraganda gjaldþrotsins, t.d. ráðstöfun á eignum, t.d. ráðstöfun á húseignum eða öðrum eignum jafnvel til skyldra aðila, vekja upp deilur og kröfur frá kröfuhöfum. Þess eru ýmis dæmi að upp komi ásakanir um að eignum

hafi verið skotið undan í aðdraganda gjaldþrots. Sá fyrningarfrestur sem hér um ræðir víkur að því að bústjórar í gjaldþrotaskiptum fái heimild til þess í framhaldi af hruninu sem hér varð, mun lengur en áður var að rifta gjörningum sem þrotamenn hafa gripið til í aðdraganda þrotsins, ef skiptastjóri telur að með þeim ráðstöfunum hafi menn verið að skjóta undan eignum. Þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu og sá mikli fjöldi þrotamála sem verður og sú viðleitni stjórnvalda og allra aðila í samfélaginu til að lengja greiðslufresti og gefa mönnum tækifæri eins og mögulegt er til að leysa úr sínum málum mun verða til þess að það dregst að bú verði tekin til skipta. Þess vegna er mikilvægt, að mati flutningsmanna, sem eru auk mín hv. þingmenn Þórunn Sveinbjarnardóttir og hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson, að skiptastjórar geti rift ráðstöfunum lengra aftur í tímann vegna þeirra fresta sem nú verða gefnir. Það er auðvitað fyrst og fremst til þess gert að lágmarka undanskot eigna og sömuleiðis til að tryggja það sem allra best að hér verði ekki mikil sár eftir þar sem almenningur skynji að menn hafi í umtalsverðum mæli komist upp með að skjóta undan eignum en skilja skuldir eftir, skuldir sem skattgreiðendur framtíðarinnar þurfa að borga. Ekki þannig að farið sé með neinum sérstökum eða óeðlilegum hætti að þrotamönnum heldur einfaldlega með því að skiptastjórar geti í fjögur ár aftur í tímann rift ýmsum ráðstöfunum hvort sem menn hafa ráðstafað húseignum til fólks skylt sér eða selt eignir á undirverði til aðila sem telja verður að tengist viðkomandi eða flutt fé út úr rekstri eða til annarra sem lögmætt væri að taka inn í skiptin.

Ég legg til að frumvarpinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til hv. allsherjarnefndar til umfjöllunar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fundi slitið kl. 17:00.

19. FUNDUR

mánudaginn 15. júní,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 34. mál, þskj. 34, nál. 107 og 117, brtt. 108. — 2. umr.
3. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 35. mál, þskj. 35, nál. 110 og 116. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
Gunnar Bragi Sveinsson, 4. þm. Norðvest.
Jóhanna Sigurðardóttir forsrh., 1. þm. Reykv. n.

Tilkynning um dagskrá og lengd þingfundar.

[15:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Áður boðuð utandagskrárumræða um nýtingu orkulinda og uppbyggingu stóriðju verður kl. 14 á morgun.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfunda, er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðum um dagskrármálin er lokið.

[15:02]

Útbýting:

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 35. mál, nál. minni hluta sjútv.- og landbn., þskj. 116.

Fyrirtæki yfirtekin af bönkum og skilanefndum, 93. mál, fsp. ÁJ, þskj. 113.

Markaðssetning á íslenskri ferðaþjónustu, 44. mál, svar iðnrh., þskj. 114.

Stjórn fiskveiða, 34. mál, nál. minni hluta sjútv.- og landbn., þskj. 117.

Yfirtaka fyrirtækja, 92. mál, fsp. ÁJ, þskj. 112.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Icesave-samningurinn.

[15:03]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið í fjölmiðlum mun frystingu á eignum Landsbankans í Lundúnum verða aflétt í dag, 15. júní. Það gerist í kjölfar þess að breska þingið hefur fallist á beiðni breskra stjórnvalda þar um og í sjálfu sér er ástæða til að fagna þessum áfanga í samskiptum Íslands og Bretlands vegna þessarar mjög svo ósanngjörnu og óbilgjörnu aðgerðar af þeirra hálfu.

Þótt ástæða sé til að fagna þessum áfanga á málið sér aðra hlið öllu alvarlegri og eftir atvikum dálítið skuggalega. Maður hlýtur að spyrja sig í ljósi þess að því hefur ítrekað verið hafnað að svara bæði í þinginu og í fjölmiðlum hvort ríkisstjórnin hafi fyrir fram, áður en gengið var frá samningum um Icesave-deiluna við bresk og hollensk stjórnvöld, gengið úr skugga um meirihlutastuðning á þinginu. Formaður þingflokks Vinstri grænna hefur neitað að svara þessu afdráttarlaust og þegar blaðamenn hafa ítrekað spurt forustumenn ríkisstjórnarinnar, nú síðast hæstv. forsætisráðherra, vísar hún til þess að þingmenn úr öðrum þingflokkum hljóti að geta komið ríkisstjórninni til bjargar.

Hvers konar staða kemur eiginlega upp í samskiptum við bresk stjórnvöld dagana eftir að þau hafa ákveðið að aflétta frystingunni ef á daginn kemur að ríkisstjórnin fór fram úr sér, gekk ekki úr skugga um meirihlutastuðning á þinginu við þessum mikilvægu samningum? Hver er staða ríkisstjórnarinnar raunverulega í þessu máli? Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: (Forseti hringir.) Hefur verið gengið úr skugga um hér á þinginu hvort meirihlutastuðningur er hjá stjórnarflokkunum við þetta mál og hvernig á að taka á því gagnvart breskum stjórnvöldum ef svo reynist ekki vera?

[15:05]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Varðandi frystinguna held ég reyndar að það mál hafi verið klárt fyrir helgi og fyrirheit breskra stjórnvalda var að í síðasta lagi í dag, 15. júní, yrði frystingunni aflétt. Það hefur sem sagt gengið eftir og er það að sjálfsögðu mikilvægur áfangi í þeim efnum að fá forræði yfir eignunum aftur, fá aðgang að þeim fjármunum sem þarna liggja bundnir vaxtalausir.

Um málið að öðru leyti er það að segja að ríkisstjórnin hafði fullt samningsumboð og fyrirmæli frá Alþingi um að leiða það til lykta með samningum. Fjármálaráðherra var falið af ríkisstjórn í febrúar að hafa forustu í því verkefni og skipa samninganefnd hvað hann og gerði og sú samninganefnd leiddi málið til lykta á grundvelli þess umboðs sem fyrir lá frá Alþingi og ríkisstjórn. Í framhaldinu verður svo útbúið frumvarp sem ég mun leggja fram í ríkisstjórn og væntanlega fá heimild til að leggja fram sem stjórnarfrumvarp í trausti þess að það njóti tilskilins meiri hluta á Alþingi og eftir það verði málið í höndum Alþingis.

[15:06]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Í grunninn eru bara tvær spurningar sem ég inni hæstv. fjármálaráðherra eftir. Sú fyrri er þessi: Gekk ríkisstjórnin frá þessum samningi án þess að tryggja að öruggur meiri hluti væri á þinginu þegar hæstv. forsætisráðherra vísar til þess að það kunni að vera stuðningur hjá stjórnarandstöðunni? Þá man ég ekki eftir því. Ég minnist þess ekki að áður en gengið var frá samningnum hafi verið leitað til okkar í Sjálfstæðisflokknum varðandi mögulegan stuðning. Hefði það ekki verið eðlilegt? Það er sem sagt fullkomin óvissa um hvort það er meiri hluti fyrir þessu á þinginu og samráðið við stjórnarandstöðuna hefur alla vega ekki verið neitt.

Hin spurningin er þessi: Hvað ætla menn að gera í samskiptum sínum við Bretland ef á endanum kemur í ljós að

þingið styður ekki samninginn sem gerður var? Ég ætla að leyfa mér að andmæla því (Forseti hringir.) að ríkisstjórnin hafi fengið opið umboð til að klára þessa samninga. Auðvitað áttu menn ekki að ganga frá samningum ef þeim bauð í grun að ekki væri meiri hluti fyrir þeim á þinginu.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er athyglisvert að formaður Sjálfstæðisflokksins er aðallega í umræðum um formsatriði eða form í þessu máli en ekki efni þessa stóra máls sjálfs (Gripið fram í.) sem væntanlega skiptir öllu máli, hvort okkur Íslendingum tekst að leiða þetta mál til lykta, þetta afdrifaríka og stóra mál, á það farsælan hátt að það geti orðið hluti af því að við komum okkur í gegnum erfiðleikana og getum unnið úr öðrum málum sem þessu máli eru tengd.

Ferli málsins er ósköp einfalt: Á grundvelli þess samningsumboðs sem ég hef gert grein fyrir var málið leitt til lykta nákvæmlega eins og ætlunin var af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar. Stjórnarfrumvarp, sem ég sem ráðherra mun leggja fyrir ríkisstjórn Íslands, er í smíðum. Þaðan fer það væntanlega til þingflokka stjórnarliðsins og síðan á borð alþingismanna og eftir það verður málið í höndum Alþingis eins og venja er. Ég geri ráð fyrir því að sú spurning sem hv. þingmaður bar upp, (Forseti hringir.) þ.e. hvaða afleiðingar það hefur og hvað gerist ef málið verður fellt, verði skoðuð í þinginu, ég ætla rétt að vona það.

Áætlun um gjaldeyristekjur vegna Icesave.

[15:09]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann eða ráðuneyti hans hafi gert áætlun um hvernig Íslendingar geti skapað nægar gjaldeyristekjur næstu 15 árin til að standa undir því Icesave-samkomulagi sem hann talar fyrir því að nú er ljóst að aldrei í gegnum tíðina hefur á Íslandi skapast nægur afgangsgjaldeyrir til að komast nálægt því að standa undir því sem lagt er upp með, jafnvel miðað við bjartsýnustu áætlanir ríkisstjórnarinnar. Jafnvel þó að áætlunin um 27% endurheimtur standist hefur aldrei verið nægur gjaldeyrir til á Íslandi til að standa undir því sem þá þurfti að borga og það er einmitt sú gildra sem svo mörg þriðja heims ríki lentu í, sérstaklega upp úr 1970 í olíukreppunni þegar þau tóku lán í erlendri mynt sem síðan er búið að festa þessi lönd í fátæktargildru. Það var reyndar, eins og í samningnum sem hæstv. ráðherra hefur talað um, hægt að semja aftur þegar kom í ljós að menn stóðu ekki undir þessu. En skuldir voru ekki felldar niður. Skuldir af ríki eru ekki felldar niður. Það er bara lengt í lánunum, lengt í hengingarólinni, eins og ríkisstjórnin þekkir svo vel. Hefur ráðherrann gert ráðstafanir, kannað hvernig við getum mögulega staðið undir þessu? Það er allt annað fyrir ríkið að skuldsetja sig í erlendri mynt en sinni eigin mynt. Það er talað um hagvöxt í þessu sambandi og því er spáð að hér verði svo og svo mikill hagvöxtur en það hefur ekkert með þetta að gera.

Í Austur-Þýskalandi á sínum tíma höfðu menn alltaf nægan hagvöxt en það var skortur á erlendri mynt sem felldi það ríki að lokum og raunar var staðan þannig 1989 að þjóðarframleiðslan þar var um 250 milljarðar í vesturþýskum mörkum [Hlátur í þingsal.] en þeir skulduðu … (Gripið fram í.) — Þetta þykir Samfylkingunni fyndið, að setja Ísland í hóp með þriðja heims ríkjum og austantjaldsríkjum. Það er nefnilega svo að staða Íslands verður að sjö árum liðnum, jafnvel þótt áform ríkisstjórnarinnar gangi eftir, verri en staða Austur-Þýskalands hvað varðar möguleika á að skapa gjaldeyri. Hvernig ætlið þið að leysa það?

[15:11]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er alveg ljóst að það verður þröngt um gjaldeyristekjur sem og aðra verðmætasköpun í þjóðarbúskap okkar ef heimsenda- og svartnættisspár hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar (Gripið fram í.) ganga eftir. Það er ljóst. Hitt er alveg rétt að skuldastýring, greiðslubyrði og mat á því hvernig íslenskur þjóðarbúskapur ræður við þau áföll sem hann varð fyrir, bæði af innlendum og erlendum toga, (Gripið fram í.) verður eitt mikilvægasta verkefni okkar á komandi missirum. Að því er að sjálfsögðu unnið, að fá mynd af heildarstöðunni og reyna að sjá til þess að greiðslubyrðin í formi gjalddaga og vaxtabyrði dreifist þannig að það geti orðið viðráðanlegt fyrir þjóðarbúskapinn og við komum okkur í gegnum erfiðleikana. (Gripið fram í.) Þetta sérstaka verkefni er nokkuð nýtt fyrir okkur þó að það hafi auðvitað alltaf skipt máli að menn kunni fótum sínum forráð og noti bestu aðferðafræði í þessum efnum. En það er alveg augljóst mál að á þessu sviði verðum við að styrkja okkur, afla okkur sérfræðilegrar ráðgjafar og þekkingar og að því er verið að vinna m.a. með mögulegu samkomulagi við hollensk stjórnvöld þar um. Þau hafa boðið fram aðstoð sína í þessum efnum sem og margir fleiri erlendir sérfræðingar.

Niðurstaðan í Icesave-samningunum er að þessu leyti til mjög mikilvæg vegna þess að hún hlífir íslenska ríkinu við greiðslu af þessum sökum í heil sjö ár (Gripið fram í.) á þeim tíma sem við munum ganga í gegnum mestu erfiðleikana og verðum vonandi komin það vel á fæturna að við verðum í allt annarri og vænlegri stöðu til að ráða við eftirstöðvarnar, hverjar sem þær verða. Að sjálfsögðu er unnið að því og menn eru að reyna að glöggva sig á heildarmyndinni að þessu leyti. Það er að sjálfsögðu mat manna að þetta verði viðráðanlegt enda stæðum við væntanlega ekki í þessu öðruvísi. Ég get lofað því að um þetta verður ítarlega fjallað í skýrslu (Forseti hringir.) um heildaráætlanir í efnahagsmálum fyrir árin 2009–2013 sem vonandi verður dreift á borð þingmanna innan ekki margra sólarhringa.

[15:13]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Hér var fátt um svör. Hér eru greinilega engar áætlanir fyrirliggjandi um það hvernig menn ætla að standa undir þeim skuldbindingum sem ríkisstjórnin talar fyrir. Raunar er það svo, eins og ég var að reyna að benda á þegar samfylkingarfólk úti á kanti fór að flissa, að ef við skoðum dæmi um aðrar þjóðir sem farið hafa í gegnum það sama, berum tölurnar saman við það sem þriðja heims ríki eða austantjaldsríki lentu í varðandi skuldsetningu í erlendri

mynt, er ekki hægt að sjá að Ísland standi undir því. Þá verður hugsanlega hægt að lengja í lánunum en þá halda vextirnir áfram að hrannast upp og að lokum verða náttúruauðlindir landsins undir. Ætlar einhver að trúa því að Steingrímur J. Sigfússon, hæstv. fjármálaráðherra, eða arftaki hans mundi þá þora að standa og verja þjóðina ef hann þorir því ekki núna? Það er því grundvallarkrafa að þingið a.m.k. fái að sjá þennan samning og við fáum að heyra að stjórnin hafi einhver raunhæf áform um það hvernig hún ætlar að standa undir þessu því að tölur annars staðar frá sýna að það er ekki hægt.

[15:15]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Veruleikinn er sá að skuldabyrði og greiðslubyrði þjóðarbúsins af efnahagshruninu hafa meira og minna verið metnar og reiknaðar og verið til endurskoðunar alveg síðan í haust. Ef menn hafa fyrir því að lesa fyrstu skýrslu og starfsmannaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því í nóvember er nákvæmlega fjallað um þetta þar. (Gripið fram í.) Síðan hafa menn verið að reyna að reikna og meta stöðuna að þessu leyti, það sem kallað er á enskri tungu sustainability of debt, og hvað varðar lánskjör og lánaskilmála er að sjálfsögðu reynt að ná því fram í samningum bæði um Icesave og við hin Norðurlöndin og annars staðar að þetta sé viðráðanlegt, en það vita allir að þetta verður erfitt.

Hitt verð ég að segja að mér finnst það ekki uppbyggilegt að tala hér um þróunarríki, þriðja heims land, sem hv. þingmaður ætti kannski að afleggja í sínu orðasafni eða Austur-Þýskaland gamla. Ísland er ríkt og þróað land í kreppu (**Gripið fram í:** Ekki …) en ekki land af þeim toga.

Niðurfelling persónulegra ábyrgða starfsmanna Kaupþings.

[15:16]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Einhverra hluta vegna þarf ég ekki að tala jafnhátt og hv. þingmenn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson, fyrir framan mig eru hljóðnemar sem ég held að nemi mitt mál. Alvara málsins er hins vegar nokkur.

Mig langar að beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra Gylfa Magnússonar. Í fréttum í gær og dag segir að lagaheimild virðist skorta til að snúa við ákvörðun fyrrverandi stjórnar Kaupþings um að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna bankans fyrir lánum sem þeir fengu til hlutabréfakaupa. Verður hér látið staðar numið af hálfu stjórnvalda eða hyggst ráðherra beita sér í þessu máli og ef svo er hvernig?

[15:17]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Þetta fór ekki fram hjá mér frekar en hv. þingmanni. Því miður virðist það vera rétt lögfræðileg niðurstaða að ekki sé hægt að snúa við þessum gjörningi. Það breytir því ekki að hann var í alla staði óeðlilegur og óæskilegur og það hlýtur að koma til skoðunar að draga þá til ábyrgðar sem stóðu fyrir honum hvort heldur er siðferðilega eða lagalega, en auðvitað stendur það ekki upp á framkvæmdarvaldið heldur dómsvaldið. Við þurfum hins vegar að læra af þessu og það stendur kannski upp á framkvæmdarvaldið og jafnvel löggjafarvaldið að setja reglur sem koma í veg fyrir að gjörningar sem þessir muni tíðkast í hinu nýja bankakerfi sem við erum að byggja upp.

Þess utan er að vísu einnig spurning um skattskyldu vegna þessa gjörnings. Það er flókið mál og heyrir náttúrlega ekki undir viðskiptaráðuneytið heldur fjármálaráðuneytið, en það kann að vera að þeir sem fengu þessar skuldir niðurfelldar verði fyrir einhverri ágjöf vegna skattskyldu án þess að ég vilji neitt fullyrða um það hér og nú.

[15:18]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir ágætt svar. Mig langar að vita hvort þau tilvik sem hér um ræðir eru bundin við téðan banka, Kaupþing, eða hvort þau eigi að einhverju leyti við um aðrar gamlar bankastofnanir á Íslandi. Þess utan langar mig að vita í hvaða lög ráðherra vísar sem ná ekki yfir þennan gjörning.

[15:19]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég held að ég verði því miður að viðurkenna að ég treysti mér ekki til að svara síðari hluta spurningarinnar, þ.e. hvaða lög ná ekki yfir þennan gjörning. Mér skilst að lögfræðingar Nýja Kaupþings telji að það sé ekki hægt að snúa þessari ákvörðun við, það sé ekki lagagrundvöllur til þess. Hins vegar ætla ég ekki að reyna að telja hér upp lagagreinar með eða á móti, það er ég hreinlega ekki með í kollinum.

Hvað það varðar að aðrir bankar séu með sambærileg mál eða sambærilegar beinagrindur í skápnum tel ég alveg víst og það hefur reyndar komið fram opinberlega að aðrir bankar lánuðu einnig sínum starfsmönnum og felldu niður lán vegna þeirra í einhverjum tilfellum. Formlega séð var kannski eitthvað aðeins öðruvísi staðið að málum þannig að það getur verið að efnislega verði tekið á því eitthvað öðruvísi (Forseti hringir.) en þessi plagsiður var ekki bundinn við Kaupþing eitt.

Vaxtalækkanir og peningastefnunefnd.

[15:20]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. fjármálaráðherra. Í síðustu viku sagði hæstv. forsætisráðherra á sama vettvangi að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefði í raun haft allar forsendur og upplýsingar um ríkisfjármálin til að lækka vexti meira en gert var og hugsanlega — hún gaf það í skyn — mögulega væri tækifæri fljótlega til að lækka vexti enn frekar og það var jafnvel látið í veðri vaka að hægt væri að skjóta á aukavaxtaákvörðunardegi þó að ég taki skýrt fram að hún lofaði engu slíku.

Ummæli hæstv. forsætisráðherra vekja þó að sjálfsögðu væntingar í atvinnulífinu enda þyrstir bæði atvinnulífið og

heimilin í landinu eftir frekari vaxtalækkunum. Í fjölmiðlum um helgina heyrðum við hins vegar af því að þær áætlanir ríkisstjórnarinnar frestist, þ.e. það frestist að leggja fram slíkar áætlanir, að bandormurinn sem boðað var að kæmi inn í þingið í síðustu viku og nú í þessari viku gæti jafnvel frestast fram í næstu viku og það eigi að taka þetta allt saman inn í heildarplan.

Ég spyr því hæstv. fjármálaráðherra hvort hann geti svarað því til hvers hæstv. forsætisráðherra var að vísa. Er búið að koma nægum upplýsingum til peningastefnunefndar og hefur hún þessar forsendur til að taka nýjar ákvarðanir? Þarna er um ákveðið misræmi að ræða. Ég vildi líka spyrja hvort ekki standi til að láta þingið fá sömu upplýsingar og gefið er í skyn að peningastefnunefnd hafi eða hvort það sé stefnan að þingið fái alltaf allar upplýsingar síðast.

[15:22]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég hvet menn til að skoða rökstuðning peningastefnunefndar þegar hún kynnti niðurstöðu sína á dögunum. Þar tilgreindi hún eina fjóra þætti, ef ég man rétt, sem allir væru þess valdandi að áformin um umtalsverða áframhaldandi vaxtalækkun gengju skemur en vonast hafði verið til. Þar var nefnt sérstaklega að gengisþróun hefði verið óhagstæðari en vænst var, það varð ívið minni afgangur á viðskiptum við útlönd en menn höfðu gert sér vonir um, í þriðja lagi hefði hjöðnun verðbólgu verið hæggari en menn vonuðust til og í fjórða lagi voru nefnd ríkisfjármálin og enn væru ekki komin til framkvæmda þau áform þar sem Seðlabankinn þó staðfesti sjálfur að hann hefði ýmsar upplýsingar um. Það hafði Seðlabankinn vegna þess að vinnan var kynnt fyrir bankanum einum tveimur dögum áður en peningamálastefnunefnd tók ákvörðun sína.

Það er nákvæmlega sú vinna sem unnið hefur verið að í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélögin, lífeyrissjóði og fleiri aðila og stjórnarandstaðan hefur síðan, ef ég veit rétt, eitthvað komið að því borði. Það var sameiginleg ósk bæði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að stjórnarandstaðan kæmi til þátttöku í því starfi þannig að ég veit ekki betur en a.m.k. í einhverjum mæli hafi fulltrúar stjórnarandstöðunnar sótt fund inni í Karphúsi og fengið í gegnum þingnefndir og með öðrum hætti aðgang að upplýsingum um það sem í vændum er. Þau áform voru kynnt og lágu fyrir með eins skýrum hætti og það gat verið á þessum tímapunkti í aðdraganda ákvörðunar Seðlabankans á sínum tíma og sú áformaða aðlögunarþörf eða þær aðgerðir upp á um 20 milljarða kr. sem í vændum eru hvað varðar árið 2009, drög að þeim aðgerðum lágu þá þegar fyrir.

Ég vil segja að lokum um tímasetningar í þessum efnum að unnið er að því núna og (Forseti hringir.) vonandi næst það að sameina þetta í einum pakka, (Forseti hringir.) frumvarp um ráðstafanir í efnahagsmálum og skýrslu til þingsins og að það komi fram hér í þessari viku.

[15:24]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. fjármálaráðherra tekur af skarið og lætur okkur vita að þessum upplýsingum verði komið til okkar í vikunni vegna þess að ég held að það sé algjörlega ljóst að við getum ekki beðið lengur eftir því að taka til hendinni í þessum málum og það ríkir mikil óvissa í samfélaginu vegna þess. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra aftur því að ef ég skildi hann rétt hefur peningastefnunefnd ekkert frekari upplýsingar en við höfum hér: Er það rétt skilið hjá mér að það sé í raun og veru ekki frekari vaxtalækkana að vænta milli vaxtaákvörðunardaga og var það þá oftúlkun hjá hæstv. forsætisráðherra hér í seinustu viku þegar hún lét að því liggja (Forseti hringir.) að svo mætti verða?

[15:25]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vil bara árétta mikilvægi þess að þessar ráðstafanir þurfa að koma fyrir þingið í þessari viku og helst ganga til þingnefnda fyrir helgi. Það er ekki meiri tími til stefnu vegna þess að stór hluti aðgerðanna á að taka gildi 1. júlí nk. og gilda fyrir allan seinni hluta ársins.

Það hefur að sjálfsögðu tekið tíma að vinna þetta í því breiða samráði sem gert hefur verið, samstarfi og samráði. Það hefur hins vegar ótvíræða kosti og skiptir miklu máli að aðilar vinnumarkaðarins, sveitarfélögin og fleiri aðilar hafa komið að borðinu, hafa komið sínum sjónarmiðum á framfæri og haft skoðanir á því sem þarna stendur til að gera sem og stjórnarandstaðan.

Varðandi Seðlabankann og peningastefnunefndina get ég að sjálfsögðu ekki svarað fyrir hana, hvort hún tekur það til íhugunar, sem vissulega hefur verið rætt opinberlega svo ekki sé sagt beinlínis beint til hennar, að taka til íhugunar aukavaxtaákvörðunardag. Það er hugmyndin (Forseti hringir.) sem liggur til grundvallar því að niðurstaða í þessum efnum geti legið fyrir fyrir 30. júní sem er síðasti dagur sem Samtök atvinnulífsins hafa til þess að gera upp hug sinn varðandi áframhaldandi gildi kjarasamninga.

ESB-aðild.

[15:27]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan, eftir að formaður Sjálfstæðisflokksins talaði, að hann væri fastur í formsatriðum. Það má svo sannarlega segja að sú ríkisstjórn sem nú starfar sé ekki föst í formsatriðum. Ég hef bent á það áður í ræðu og riti að það er ekki tekið tillit til þeirra reglna sem gilda í samfélaginu, raunverulega er réttarríki okkar í hættu. Framkvæmdarvaldið fer ekki eftir þeim leikreglum sem kveðið er á um í stjórnarskránni og valtar bæði yfir þing og þjóð.

Í ljósi þess að hæstv. forsætisráðherra var staddur á fundi á Egilsstöðum í gær með forsætisráðherrum Norðurlandanna og þar var m.a. á dagskrá hugsanleg aðild Íslands að Evrópusambandinu langar mig til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hvað er málið komið langt á borði ríkisstjórnarinnar, hvað er málið komið langt inni í þingflokki Vinstri grænna, sem styðja þessa ríkisstjórn og styðja þingsályktunartillögu þá sem liggur fyrir varðandi aðild okkar að Evrópusambandinu? Er málið komið lengra en þinginu er sagt? Er verið að valta hér enn eina ferðina yfir

þingið með því að hafa þingsályktunartillögurnar tvær sem liggja fyrir um Evrópumálið liggjandi í utanríkismálanefnd og er verið að vinna að þeim og hvað er málið komið langt? Og hvernig getur hæstv. forsætisráðherra verið að hitta aðra forsætisráðherra og mæla fyrir og tala um mál, sem er ekki einu sinni komið á dagskrá þingsins og hvað þá heldur þjóðarinnar, í þjóðaratkvæðagreiðslu?

[15:29]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Forsætisráðherrafundur Norðurlandanna á Egilsstöðum er náttúrlega hefðbundinn reglubundinn fundur þeirra og að sjálfsögðu ræða menn þau mál sem þar eru efst á baugi í hverju tilviki. Oft er það þannig að það eru ekki síst málefni gistilandsins sem eru til umfjöllunar á slíkum fundum. Evópusambandsmálið er til umfjöllunar í utanríkismálanefnd, þær tvær þingsályktunartillögur sem fyrir Alþingi liggja um það mál. Það er í höndum þingsins og þingnefndarinnar og nákvæmlega þar er það statt. Ég geng út frá því og held að ég geti alveg fullvissað hv. þingmann um að umræðurnar þarna voru á grundvelli þeirrar stöðu málsins og ekki um neitt annað, enda tók ég eftir því að a.m.k. einn ef ekki tveir af forsætisráðherrum hinna Norðurlandanna töluðu um mögulega aðildarumsókn. (Gripið fram í.) Þeim er vel ljóst nákvæmlega hver staða málsins er, bæði í þingræðislegum og pólitískum skilningi. Ég held því að ekki sé ástæða til þess fyrir hv. þingmann að hafa af því áhyggjur að sjálft réttarríkið sé í hættu þó að forsætisráðherra Íslands hafi hitt forsætisráðherra hinna Norðurlandanna á Egilsstöðum.

[15:30]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur áður reynt að fullvissa mig um ákveðin atriði sem síðan hafa ekki verið nema hálfsannleikur í það minnsta. Það er haft eftir þessum fundi að Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, segi það skemmtilega tilviljun að Íslendingar sæki um aðild á meðan Svíar gegni formennsku í ráðherraráðinu í júlí og það sé enn þá skemmtilegra að aðildarumsóknarferlið verði jafnvel klárað þegar ráðherraráðið verði undir stjórn Dana 2012.

Misskilja forsætisráðherrar Norðurlandanna eitthvað hvar málið er statt hér á landi? Er einhver misskilningur þarna í gangi? Eða er málið komið lengra en þingið er upplýst um? Er gengið svo út frá því að við séum á leiðinni í Evrópusambandið án þess að þing eða þjóð komi að því máli? Hvernig má svona misskilningur eiga sér stað?

[15:31]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er nákvæmlega gengið út frá hinu gagnstæða. Það er nákvæmlega unnið samkvæmt hinu gagnstæða þannig að ég skil ekki hvernig hv. þingmaður getur orðað hlutina með þessum hætti „án þess að þing eða þjóð eigi að koma nálægt málinu“. Málið er hér núna á forræði þingsins og uppleggið, ef ég veit rétt, í báðum tillögunum er að það verði íslenska þjóðin að sjálfsögðu sem tekur hina endanlegu ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ekkert slíkt á ferðinni eins og hv. þingmaður er að ýja hér að.

Hvort forsætisráðherrar Norðurlandanna misskilja eitthvað málið. Mér er ómögulegt að geta mér til um það. Ég held að þeir hljóti að vera sæmilega upplýstir og viti nákvæmlega á hvaða stigi þetta er. (Gripið fram í.)

Hitt er ekkert launungarmál að sumir í þeim hópi og kannski flestir eru miklir áhugamenn um Evrópusambandsaðild og þar á meðal forsætisráðherrar í klúbbnum sem alls ekki koma því máli fram sjálfir eins og Jens Stoltenberg. Hann lýsir sínum persónulega áhuga á því (Forseti hringir.) þó allir þekki stöðuna í þeim efnum í norskum stjórnmálum.

Framfærslugrunnur LÍN.

[15:33]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil spyrja hæstv. menntamálaráðherra um framfærslugrunn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hvort hann verði leiðréttur að einhverju leyti í samræmi við verðlagsþróun fyrir næsta skólaár.

Á heimasíðu lánasjóðsins sést að ársframfærsla einstæðrar móður eða einstæðs foreldris með eitt barn er nú um 1.312 þús. á ári eða um 140 þús. á mánuði miðað við níu mánaða framfærslu. Við þurfum ekkert að fjölyrða um það hversu lág þessi framfærsla er ekki síst á tímum atvinnuleysis þegar tækifærum til góðrar sumarvinnu til tekjuaukningar á árgrundvelli hefur fækkað mikið.

Námslánakerfi okkar er í grunninn góð hugmyndafræði þótt á því séu gallar sem vonandi verða smám saman leiðréttir eins og nú þegar er hafist handa við, eins og t.d. með frumvarpi um niðurfellingu ábyrgðarmanna.

Það er afar mikilvægt fyrir námsmenn þessa lands að hafa þennan lánasjóð, ekki síst fyrir þá sem búa ekki í næsta nágrenni við háskóla og verða að flytja að heiman til að geta stundað nám á háskólastigi. En það þarf að vera raunhæfur möguleiki að lifa á þessum lánum, ekki síst núna þegar ekki er hlaupið í vinnu til þess að auka tekjurnar en raunar eiga einstæðir foreldrar alltaf erfitt með slíkt.

Mér finnst nauðsynlegt að leita allra leiða til að leiðrétta framfærslugrunninn og skoða hann í ljósi grunnatvinnuleysisbóta þannig að sá samanburður verði ekki til þess að letja fólk til að fara í nám af því að það geti fengið meira út úr kerfinu með því að vera á atvinnuleysisbótum en á námslánum.

Ég spyr því hæstv. menntamálaráðherra: Mun framfærslugrunnur námslána frá Lánasjóði íslenskra námsmanna hækka á næsta skólaári með einhvers konar viðmið í atvinnuleysisbótum?

[15:35]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina um framfærslugrunn lánasjóðsins. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er staða lánasjóðsins mjög þröng og eins og kunnugt er var eigið fé hans skert um milljarð á fjárlögum þessa árs til 2009. Fyrirhugaður er niðurskurður í ríkisfjárlögum og ætlunin er að minnka halla ríkissjóðs um nokkra tugi milljarða á fjárlögum næsta árs. Það er því erfitt að

geta lofað nokkru um það að hækka framfærslugrunn lána þó að sú sem hér stendur sé auðvitað sammála hv. þingmanni um að lágmarksframfærsla upp á 100.600 kr. er auðvitað gríðarlega lág framfærsla fyrir nokkurn mann.

Sú afstaða hefur verið tekin í menntamálaráðuneytinu að skerða ekki Lánasjóð íslenskra námsmanna, leggja til að hann verði ekki skertur á komandi ári. En einungis það að uppfæra námslán, mánaðarnámslán samkvæmt verðlagsbótum, þ.e. að verðbæta námslánin sem þýðir að þau eru enn nokkuð fyrir neðan lágmarksgrunnframfærslu Atvinnuleysistryggingasjóðs, mundi kalla á viðbótarútgjöld upp á 1,4 milljarða.

Það er nokkuð ljóst að þeir fjármunir eru ekki til staðar í menntamálaráðuneytinu sem þarf að skera niður fyrir næsta ár. Hins vegar er það í skoðun hvort menntamálaráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið geti skoðað það samspil lánasjóðsins og Atvinnuleysistryggingasjóðs, hvort unnt sé að auka samspil þessara tveggja sjóða þannig t.d. að fólk geti tekið námskeið en samt átt bótarétt og hvort hægt sé að skoða hvort það sé þjóðhagslega hagkvæmt að veita þá frekar fjármuni til lánasjóðsins en Atvinnuleysistryggingasjóðs í því skyni að beina fleirum í nám.

Þetta er einungis hægt að skoða með því að skoða alla heildarmynd útgjaldanna (Forseti hringir.) og eins og ég segi, á svona tímum er mjög erfitt að lofa nokkru um niðurstöðu þeirrar vinnu.

Um fundarstjórn.

Framlagning mála ríkisstjórnarinnar, dagskrá þingsins o.fl.

[15:37]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Í dag er liðinn mánuður frá því að þingið kom saman. Við höfum í allnokkra daga og vikur verið að bíða eftir stóru málunum. Stóru málunum sem voru tilefni þess að við komum saman til þings, málunum sem vörðuðu bráðavandann og við höfum í sjálfu sér beðið viku eftir viku eftir því að á dagskrá þingsins kæmu þessi stóru mál.

Það eru þó nokkur í burðarliðnum en það veldur mér áhyggjum að nú heyrist frá ríkisstjórninni að það muni enn um sinn dragast að koma með málin, bandorminn, langtímaáætlun í ríkisfjármálum, Icesave-málið bíði jafnvel fram yfir helgi vegna þess að forseti hefur stillt upp dagskrá þingsins með þeim hætti að í næstu viku verði fyrst og fremst fundað í nefndum. Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort það þurfi jafnvel enn og aftur að gera nýja dagskrá fyrir þingið, stilla fundardögum í (Forseti hringir.) næstu viku upp með nýjum hætti í ljósi þess að ríkisstjórninni tekst ekki að koma málunum hingað til þingsins.

[15:39]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil bara árétta þá spurningu sem formaður Sjálfstæðisflokksins bar hér upp. Nú hefur þingið hefur setið að störfum í mánuð og fengist við margvísleg verkefni en það er alveg ljóst mál þegar farið er yfir listann yfir frumvörpin og þingsályktunartillögurnar sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram að mörg þessara mála eru ekki af þeim toga að það sé knýjandi að afgreiða þau á þessu sumarþingi. Hins vegar bíðum við eftir því að ríkisstjórnin sýni það sjálfsagða frumkvæði sem henni ber við þessar aðstæður og leggi fram þau mál sem virkilega er kallað eftir í þjóðfélaginu.

Við heyrum hins vegar óljósar fréttir sem tilkynntar eru í gegnum fjölmiðla um að til standi að leggja fram efnahagshugmyndir öðrum hvorum megin við næstu helgi. Það eru fréttir sem við höfum heyrt fyrr. Þessi næsta helgi er farin að verða ansi teygjanlegt hugtak og óljóst hvort það eigi við um helgina sem er fram undan eða helgina í næsta eða þarnæsta mánuði.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að hæstv. forseti fari að gera okkur þingmönnum grein fyrir því hvernig hugmyndin er að vinna þessi mál áfram, hversu lengi þingið á að starfa. Auðvitað eru þingmenn (Forseti hringir.) reiðubúnir til að vinna að góðum málum en það er hins vegar alveg ljóst mál að það vantar alla forustu ríkisstjórnarmegin um (Forseti hringir.) það hvernig að þessum málum eigi að vinna og hæstv. forseti verður að gera gangskör að því að þessi mál séu skýrð.

[15:40]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvenær við megum eiga von á að efnahagstillögur ríkisstjórnarinnar liggi fyrir. Hvort frú forseti, sem er sameiginlegur forseti allra þingmanna, hafi beitt sér fyrir því að inna hæstv. ríkisstjórn eftir því hvenær þessi mikilvægu mál komi fram í þinginu. Vegna þess að hver einasti dagur og hver einasta vika sem líður í aðgerðaleysi bitnar á íslenskum heimilum og fyrirtækjum, bitnar á heimilunum með þeim hætti að stýrivextir eru miklu hærri en þeir þyrftu að vera. Við þurfum að fara að lækka þá en þá þurfa þessar mikilvægu aðgerðir ríkisstjórnarinnar að fara að líta dagsins ljós. Því beini ég því til frú forseta í mikilli einlægni hvort forseti hyggist beita sér fyrir því sem fulltrúi okkar allra þingmanna að spyrja ríkisstjórnina um það hver áætlunin sé að leggja fram efnahagstillögur og fleiri af þeim stóru málum sem ríkisstjórnin hefur boðað.

[15:42]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað að það er orðið afar brýnt að fá úr því skorið hvernig starfi þingsins verður háttað næstu vikurnar. Ég man ekki betur en þegar slitnaði upp úr ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að þá hafi verið látið að því liggja að það væri aðallega skortur á verkstjórn sem ylli því að málin kæmust ekki í gegn og næðu ekki fram að ganga og nú hefur þessi sami verkstjóri látið málin drabbast dálítið áfram í langa tíð.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það vöknuðu líka hjá mér mjög miklar áhyggjur þegar ég las um þarsíðustu helgi viðtal við hæstv. heilbrigðisráðherra þar sem hann sagði að ríkisstjórninni lægi ekkert á vegna þess að hún ætlaði að sitja í tólf ár. Það er svona viðhorf, virðulegi forseti, sem ég óttast og þess vegna vil ég ítreka þá spurningu sem

hér hefur komið fram: (Forseti hringir.) Hvenær fáum við þessi mál inn í þingið og getur virðulegur forseti upplýst okkur um það hvernig á að koma þessum mikilvægu málum fyrir í þinghaldinu?

[15:43]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Mig langaði bara að athuga hvort það væri möguleiki á að þú mundir beita þér fyrir því að við fengjum öll gögn varðandi Icesave sem kallað hefur verið eftir. Við óskum eindregið eftir því að fá að sjá þennan samning og við óskum eindregið eftir því að fá alvöruyfirlit yfir eignasafnið en ekki þann brandara sem lagður var fyrir okkur í utanríkismálanefnd. Ég óska eindregið eftir því að þú beitir þér fyrir því fyrir okkur.

[15:44]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa forseta á viðeigandi hátt.

[15:44]

Róbert Marshall (Sf):

Virðulegur forseti. Á dagskrá Alþingis þennan mánudag byrjaði fundur á óundirbúnum fyrirspurnatíma þar sem staddir voru fjölmargir ráðherrar úr ríkisstjórn Íslands og þingmönnum í lófa lagið að spyrja þá þeirra spurninga sem hér hafa komið fram um aðgerðir í efnahagsmálum. Hér er á dagskrá mjög merkilegt mál að mínu mati um stjórn fiskveiða sem talsmönnum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks þykir e.t.v. ekki neitt sérstaklega merkilegt mál eða stórmál eins og þeir kalla það. En ég mundi gjarnan vilja að fundinum yrði haldið áfram svo menn geti komist í að ræða það mál sem í mínum huga er mjög mikilvægt.

[15:45]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil gera athugasemd við fundarstjórn forseta því að hér hafa hv. þingmenn, m.a. Birgitta Jónsdóttir og fleiri þingmenn, varpað fram spurningu til hæstv. forseta sem við kusum öll til þessa merkilega embættis og mér finnst lágmark þegar við komum upp og krefjumst og biðjum forseta í mikilli einlægni um að svara spurningum okkar að hæstv. forseti geri það því að hæstv. forseti hefur ekki svarað efnislega einni einustu spurningu sem við þingmenn höfum lagt fram undir fundarliðnum um fundarstjórn forseta og mér finnst að forseti eigi að sýna okkur þingmönnum þá virðingu að svara þeim fyrirspurnum sem við leggjum fram undir þessum dagskrárlið því að ef það gerist ekki er ekki mikið á þeim dagskrárlið að græða í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Það er ekkert á honum að græða.)

[15:45]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég trúi því ekki að við eigum að ganga frá þessari umræðu öðruvísi en að fá einhver svör frá hæstv. forseta um það hvaða áform séu uppi um störf þingsins á næstu dögum og e.t.v. vikum. Þetta eru einfaldar spurningar sem okkur ber að fá svör við og þessar spurningar eru mjög eðlilegar í alla staði. Hins vegar er það svo að þegar þessu er svarað með þögninni vekur það auðvitað grunsemdir um að þessi mál séu öll saman óljós og séu í raun algerlega upp í loft af hálfu ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin viti ekki hvert hún eigi að fara eða hvernig hún eigi að stefna í þessum efnum. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart, við heyrum stöðugar fréttir af því að verið er að fresta öllum stóru efnahagsmálunum. En ég vildi gjarnan að hæstv. forseti léti svo lítið að svara hv. þingmönnum því hver sé hugmyndin um að halda áfram þingstörfum þannig að menn sjái einhvern veginn fyrir sér störfin næstu dagana. Sum þeirra mála sem við erum að fjalla um eru þess eðlis að við skiljum auðvitað að ríkisstjórnin vilji afgreiða þau en önnur mál eru þess eðlis (Forseti hringir.) að það er ekkert sem knýr á um að þau séu afgreidd á sumarþinginu en það er hins vegar mjög knýjandi að efnahagsmálin séu rædd og reifuð og þeim lokið á þessu þingi.

[15:47]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill benda hv. þingmönnum á að drög að dagskrá þingsins fram til loka júnímánaðar eru á heimasíðu Alþingis. (Gripið fram í.) Einnig vill forseti geta þess að á þingflokksformannafundi í hádeginu var upplýst um fundastörfin þessa vikuna. Gert er ráð fyrir fyrirspurnafundi á morgun og einnig er búið að upplýsa um önnur dagskrármál út vikuna. Forseti vill geta þess, og hún skilur hv. þingmenn mjög vel að þeir vilji fá nánari upplýsingar um þinghaldið, að þær upplýsingar sem forseti hefur um þau mál sem eru væntanleg inn í þingið eru þær að ríkisfjármálin muni koma inn í þingið í lok þessarar viku.

[15:48]

Bjarni Benediktsson (S):

Frú forseti. Það er eiginlega einmitt sú staðreynd að dagskrá þingsins, starfsáætlun þingsins liggur frammi á heimasíðunni og að hún stangast svo mjög á við það sem er að gerast í þingsalnum sem ég kem upp og spyr út í það hvernig forseti sjái þinghaldið þróast á næstu dögum. Ég vil leyfa mér að lýsa þeirri skoðun minni, það eru nokkur stór mál í nefndum sem geta haldið þar áfram og nefndirnar ættu að geta starfað þrátt fyrir að þingið væri að störfum, að það er ekkert sem útilokar það að við gerum hlé á þingfundum á meðan engin koma málin sem boðuð hafa verið um launalækkanir og skattahækkanir meðal annars og nefndir starfi bara áfram á meðan og þegar ríkisstjórnin er tilbúin með þessi stóru mál verði boðað til þingfundar. Og ég vil ítreka mikilvægi þess eins og ávallt að þingmenn hafi einhverja lágmarksvitneskju (Forseti hringir.) um það hvernig störfum þeirra verði háttað næstu daga og vikur. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[15:49]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill benda hv. þingmönnum á að á morgun er fyrirspurnatími og það bíða yfir 20 fyrirspurnir eftir því að verða ræddar og fá svör frá hæstv. ráðherrum og munum við reyna að klára það sem þar liggur fyrir. Síðan eru næg mál til umræðu og forseti ræddi það einmitt við þingflokksformenn á fundi fyrr í dag.

[15:50]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um að allar þær 20 fyrirspurnir sem bíða morgundagsins, og ég á von á því að ég eigi a.m.k. eina þeirra, séu allar afar mikilvægar og við bíðum í ofvæni eftir að heyra ráðherrana svara þeim en það eru önnur mál sem við bíðum meira í ofvæni eftir að fá að ræða. Það er það sem við erum að velta fyrir okkur, hvenær við fáum stóru málin og hvenær við getum farið að ræða það sem fólkið úti á Austurvelli er að kalla eftir með miklum sprengilátum eins og við heyrðum rétt áðan. Þess vegna finnst mér afar athyglisvert að þegar við þingmenn komum og spyrjum virðulegan forseta, sem hefur svarað eftir sinni bestu getu, um stöðu þingmála og skipulag þinghaldsins, þá kemur þingmaður Samfylkingarinnar og segir við okkur að við hefðum misst af tækifærinu, ráðherrarnir hefðu verið í húsinu og við hefðum getað spurt þá. Hvers konar virðing er þetta fyrir þingræðinu? (Forseti hringir.) Ég vil ítreka þetta sem við höfum verið að leggja áherslu á. Það er ekki það að þingmenn vilji ekki gera allt sem þeir geta, við (Forseti hringir.) viljum bara fá að tala um mikilvægu málin.

[15:51]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég vil ítreka beiðni hv. þingmanna um að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að þessi mikilvægu og brýnu mál verði sett á dagskrá sem fyrst. Jafnframt vil ég sérstaklega ítreka það sem hv. þm. Birgitta Jónsdóttir nefndi varðandi upplýsingar til þingsins. Það er náttúrlega ekki hægt við þær aðstæður sem þjóðin er í núna að þingið fái ekki neinar upplýsingar sem máli skipta í grundvallarmálum. Hversu lengi eiga þingmenn að bíða eftir því að fá þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að taka á þessum stóru málum og má jafnvel túlka það að upplýsingarnar berist ekki sem svo að menn geri ekki ráð fyrir því að skera úr um þessi mál á næstunni? Eða er það virkilega svo að þingmenn eigi að skera úr um mál án þess að hafa fengið upplýsingarnar eða rétt eftir að upplýsingar hafi borist þeim í hendur? Þetta eru ekki forsvaranleg vinnubrögð í því ástandi sem nú ríkir í landinu.

[15:52]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill ítreka það sem hæstv. fjármálaráðherra gat um í umræðu fyrr á þessum fundi að hann gerði ráð fyrir að þingmál um ríkisfjármálin mundi koma inn í þingið í þessari viku, og að forseti telur sjálfsagt að þingmenn fái þær upplýsingar sem þeir þurfa til að geta tekið upplýstar ákvarðanir í þinginu.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 34. mál (strandveiðar). — Þskj. 34, nál. 107 og 117, brtt. 108.

[15:53]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra fái heimild til að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni og að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar úr gullkarfa og djúpkarfa. Lagt er til að settar verði ítarlegar reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðaþjónustuaðila og loks gerir frumvarpið ráð fyrir að heimilaðar verði frjálsar handfæraveiðar, strandveiðar, á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2009 sem takmarkast af þeim aflaheimildum sem sérstaklega er ráðstafað til veiðanna. Um leið er opnað fyrir handfæraveiðar allra þeirra báta sem uppfylla skilyrði sem gerð eru til fiskiskipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og þannig opnað fyrir takmarkaðar veiðar þeirra sem ekki eru handhafar aflamarks eða krókaaflamarks.

Frumvarpinu var vísað til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þann 26. maí sl. og hefur það fengið þar allgóða umfjöllun á sjö fundum. Frumvarpið var sent 24 aðilum til skriflegrar umsagnar og 17 aðilar voru kallaðir til fundar við nefndina, þar á meðal útgerðarmenn, smábátaeigendur, Hafrannsóknastofnun, fulltrúar sjómanna, fiskverkenda, sveitarfélaga, ferðaþjónustu og ýmsir fleiri.

Meiri hluti nefndarinnar styður hugmyndir um að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni, t.d. á skólabátum. Veiðarnar eru óverulegar og fara fyrst og fremst fram til að kynna fyrir nemendum í skólum landsins veiðar og veiðarfæri. Ráðherra hefur ekki haft slíka heimild en margar umsóknir berast um slíkt árlega frá fræðsluyfirvöldum.

Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að settar verði ítarlegar reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðaþjónustuaðila. Frumvarpinu er ætlað að skýra og styrkja starfsumhverfi þessarar greinar ferðaþjónustunnar eins og hún snýr að markmiðum fiskveiðistjórnarinnar. Meiri hlutinn telur rétt að breyta orðalagi 1. tölul. 4. efnismgr. 2. gr. þar sem tilgreindur er ákveðinn fjöldi stanga/færarúlla sem heimilt er að nota og fiska sem heimilt er að veiða. Lagt er til að ráðherra verði heimilað að setja nánari leiðbeiningar í reglugerð í tengslum við leyfi það sem tilgreint er í 1. tölul. 4. efnismgr. 2. gr., m.a. um fjölda sjóstanga og/eða færarúlla sem heimilt er að nota hverju sinni og fjölda fiska. Einnig leggur meiri hlutinn til að viðurlagaákvæði verði bætt við greinina.

Helstu sjónarmið sem komu fram á fundum nefndarinnar varðandi strandveiðihluta frumvarpsins snúa m.a. að úthlutun hluta af byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðiári til strandveiða og áhrif þess á byggðir landsins. Þær athugasemdir hafa komið fram að sú leið sem lögð er til í frumvarpinu um að nýta hluta byggðakvóta á þennan hátt geti komið niður á ákveðnum byggðarlögum. Í því samhengi var fjallað um svæðaskiptingu þá sem lögð er til í frum-

varpinu. Meiri hlutinn telur svæðaskiptinguna til þess gerða að koma til móts við byggðasjónarmið og telur því í ljósi fram kominna athugasemda rétt að reynt verði að koma enn frekar til móts við þau byggðarlög sem verða fyrir skerðingu á byggðakvóta. Meiri hlutinn leggur því til að ráðherra verði heimilað að setja í reglugerð ákvæði um frekari svæðaskiptingu og löndunarstaði með það að markmiði að koma til móts við þau sveitarfélög sem fá nú minni byggðakvóta í sinn hlut.

Fjallað var um að aukið eftirlit þarf til að halda utan um veiðarnar. Fram hefur komið á fundum nefndarinnar að slíkar ráðstafanir munu ekki reynast flóknar né kostnaðarsamar að mati framkvæmdaraðila.

Einnig var rætt um þau skilyrði sem sett eru fram í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Takmarkanir þessar eru mikilvægar til að frumvarpið nái þeim tilgangi sínum að styrkja og örva atvinnustarfsemi í sjávarbyggðum sem og að auka nýliðun í greininni. Það er mat meiri hluta nefndarinnar að rétt sé að gera nokkrar breytingar á þeim skilyrðum sem fram koma í greininni. Meiri hlutinn leggur til að banndögum verði breytt í föstudag og laugardag. Er það gert í því skyni fyrst og fremst að bæta hráefnismeðferðina þar sem betri skilyrði eru til vinnslu og að koma afla á markað ef miðað er við þá daga. Einnig er lögð til sú breyting að felld verði út skilyrði um tvær rúllur á mann að hámarki um borð. Þess í stað er lagt til að miðað verði við fjögurra rúllu hámark en það er hagkvæmara í framkvæmd. Loks leggur nefndin til að hlutfall ufsaafla af þorskafla hverrar veiðiferðar verði hækkað úr 15% í 30%. Bent hefur verið á að hlutfall ufsa af handfæraafla var hátt á síðasta fiskveiðiári og telur nefndin því rétt að hækka viðmiðunarhlutfallið m.a. til að koma í veg fyrir að meðafla umfram viðmiðunarmörk verði kastað fyrir borð. Telur meiri hlutinn breytingar þessar til þess fallnar að koma til móts við sjónarmið sem fram komu á fundum nefndarinnar.

Í meðferð málsins hjá nefndinni hafa komið fram athugasemdir í tengslum við ákvæði til bráðabirgða II og snúa þær að úthlutun aflahlutdeildar í gullkarfa og djúpkarfa. Leggur meiri hluti nefndarinnar til að ákvæðið verði tekið til endurskoðunar í ljósi þessa og lagt fram síðar.

Þá telur meiri hlutinn rétt að árétta mikilvægi þess að ákvæði til bráðabirgða I verði tekið til endurskoðunar í haust með hliðsjón af reynslu sumarsins þar sem hér er um tilraun að ræða. Líta verði til þeirra þátta sem kunna að hafa áhrif, svo sem byggðasjónarmiða, samfélagslegs ávinnings af tilrauninni og fleiri þátta sem máli kunna að skipta.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita Ólína Þorvarðardóttir, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Róbert Marshall og Helgi Hjörvar.

Ásmundur Einar Daðason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[16:01]

Frsm. minni hluta sjútv.- og landbn. (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér nefndarálit á þskj. 117, frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Það frumvarp sem hér um ræðir byggir í raun og veru á fjórum býsna óskyldum málum. Í fyrsta lagi er verið að veita heimild til þess að undanskilja afla sem fæst við veiðar í fræðsluskyni frá kvóta. Í annan stað er verið að setja lagalegan ramma utan um svokallaðar frístundaveiðar sem er vaxandi atvinnugrein, svona á mörkum ferðaþjónustu og sjávarútvegs, getum við sagt. Í þriðja lagi er í rauninni verið að innleiða að nýju banndagakerfi við fiskveiðar sem menn hafa kallað strandveiðar. Loks var í frumvarpinu gert ráð fyrir því að skipta heildarafla í karfa í gullkarfa og djúpkarfa, sem auðvitað má telja eðlilegan hlut.

Vandinn við þetta frumvarp er sá að undirbúningur þess var mjög slaklegur í veigamiklum atriðum. Það sem hér er sérstaklega átt við er sá þáttur málsins sem kallaður hefur verið strandveiðar eða banndagakerfi hið nýja. Við vitum að þetta átti sér þann aðdraganda að það var kynnt í miðri kosningabaráttu og ég held að það sem hv. fyrrverandi þm. Karl V. Matthíasson sagði um þetta mál sé ekki fjarri lagi, þ.e. að þetta væru fremur atkvæðaveiðar en nokkuð annað.

Það er líka ljóst að þegar þessi mál eru skoðuð og t.d. frumvarpið borið saman við þau upphaflegu áform sem voru kynnt í marsmánuði síðastliðnum þegar þessu máli var fyrst hreyft opinberlega af hálfu stjórnvalda, þá hefur það tekið allnokkrum breytingum sem sýnir auðvitað að fyrsta atrennan að málinu var illa undirbúin og var ekki hugsuð í þaula, ekki fremur en þetta frumvarp eins og það liggur hér fyrir.

Þegar við skoðum frumvarpið þá blasir t.d. við að tvö meginatriði strandveiðifrumvarpsins eða banndagakerfisins nýja sem eru hér grundvallaratriði, að auka nýliðun og styrkja byggðir, það er alveg ljóst mál að hvorugt þessara markmiða næst með frumvarpinu. Á það hefur verið bent, m.a. í skriflegri umsögn sem kom til nefndarinnar núna nýverið, að bara umræðan um þessi mál hefur gert það að verkum að verð á bátum hefur hækkað. Því auðvitað er það þannig að þegar andlag veiðiréttarins verður ekki lengur kvóti heldur bátur þá mun það leiða til þess að veiðirétturinn, þ.e. báturinn, hækkar í verði. Þetta blasti við öllum. Það hefur einnig komið fram á markaði að sá þröskuldur sem hefur verið að aðganginum að auðlindinni hefur þá bara einfaldlega færst til. Og þó að hann sé kannski ekki alveg jafnhár, sem endurspeglar væntanlega minni væntingar manna um árangur við þessar veiðar, þá er hann engu að síður til staðar og hefur hækkað frá því sem áður var.

Það er líka ámælisvert hvernig staðið hefur verið að þessu máli að öðru leyti. Málið var lagt fram í lok maímánaðar af hálfu hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og strax í upphafi voru gerðar mjög alvarlegar athugasemdir við mjög margt í grundvelli málsins og hvernig að þessu máli hefur verið unnið.

Þess vegna var það svo að við í minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar lögðum á það mikla áherslu í nefndarstarfinu að reynt yrði að bæta úr ágöllunum á frumvarpinu með því að ætla sér betri og rýmri tíma til þessarar vinnu. Í því sambandi var sérstaklega farið fram á að þess yrði gætt að hafa umsagnartímann ríflegan til þess að þeir sem hagsmuna hafa að gæta og þeir sem þekkingu hafa á þessum málaflokki hefðu góðan tíma til að ígrunda það og

fara yfir það vegna þess að kynningunni á því hafði verið mjög ábótavant. Auk þess hafði það tekið miklum breytingum frá upphaflegu hugmyndunum og því þurftu menn auðvitað nokkurn tíma til þess að átta sig á því hvað hér væri um að ræða.

Því miður treysti meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar sér ekki til að verða við þessari sjálfsögðu og sanngjörnu ósk og fyrir vikið var umsagnarfresturinn skemmri en nauðsynlegt hefði verið. Ég vek t.d. athygli á því að Byggðastofnun, sú stofnun sem sérstaklega fjallar um byggðamálin í íslenskri stjórnsýslu, fékk þetta mál til umsagnar og umsagnarfresturinn sem stofnuninni var ætlaður var einn dagur. Einn dagur til þess að fara yfir þetta mál sem hefur verið kynnt sem mikilvægt mál, sem einhvers konar stefnubreyting í fiskveiðistjórnarmálum sem hefði margþættan tilgang, bæði þann að opna leiðir fyrir nýliða inn í kerfið og eins til þess að styrkja byggðirnar. Byggðastofnun sem er sú stofnun á m.a. að meta áhrif lagasetningar af þessu tagi á byggðirnar fékk heilan dag, heilan dag af rausnarskap meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar til að fara yfir þetta mál. Og það er ekkert skrýtið þó að í umsögn Byggðastofnunar sé talað um að þetta séu gjörsamlega óásættanleg vinnubrögð.

Þetta er auðvitað ekki bara mótsögn eða móðgun við umsagnaraðilann, það getum við sagt að sé kannski aukaatriði í þessu máli, það sem er miklu verra er að þetta mun auðvitað koma niður á vinnubrögðunum og árangrinum við lagasetninguna sem er að koma á daginn núna vegna þess að þær breytingartillögur sem meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar kynnir í breytingartillögum sínum hér og gerir grein fyrir í nefndaráliti sem hv. starfandi formaður nefndarinnar var að mæla fyrir. Það kemur auðvitað greinilega fram að hér er um að ræða pínulitlar bætur á mjög götótta flík sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sýndi á með frumvarpinu sem hann lagði fram, að ég hygg, þann 26. maí síðastliðinn.

Þetta er auðvitað mjög ámælisvert vegna þess að í sjálfu sér er þessi hugmynd um nýtt banndagakerfi alls ekki útilokuð og hugmynd sem vel má skoða og vinna að. En þá þarf auðvitað að gæta þess að það sé gert þannig að vinnan leiði til þess að við fáum viðunandi niðurstöðu. Þetta séu ekki óásættanleg vinnubrögð, svo ég vitni aftur í umsögn Byggðastofnunar í þessum efnum.

Af þessum ástæðum neyddumst við til þess að kalla fyrir nefndina fleiri umsagnaraðila en ella hefði verið ef betur hefði verið að þessu máli staðið. Og það verður að segjast eins og er að þrátt fyrir tregðu meiri hluta nefndarinnar til þess að slíkum vinnubrögðum yrði beitt þá voru þessar heimsóknir til mikils gagns að flestra mati vegna þess að þær vörpuðu betra ljósi á það mál sem hér er um að ræða og þann vanda sem við er að glíma.

Því miður leiddu þessar heimsóknir og álit fjölmargra umsagnaraðila ekki til þess að meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar vildi gera nægilegar breytingar á frumvarpinu. Það er athyglisvert þegar við skoðum umsagnirnar sem hafa borist að flestar hverjar eru býsna neikvæðar. Meira að segja ef við skoðum umsögn Landssambands smábátaeigenda, sem í grunninn er jákvæð fyrir þeirri hugmynd að innleiða hér nýtt banndagakerfi, þá er það líka þannig að í þeirri umsögn koma fram mjög veigamiklar athugasemdir við marga þætti sem því miður er ekki tekið tillit til nema að mjög litlu leyti.

Ef ég vík aðeins að nokkrum efnisatriðum sem koma fram í frumvarpinu og tek fyrst fyrir 1. gr. frumvarpsins sem lýtur að heimildum til þess að opna á eða tryggja aðgang manna til þess að stunda eða kynna sér, má kannski segja, fiskveiðar í gegnum skólakerfið, þá tel ég að þetta sé sjálfsagt mál. Það er í raun og veru í samræmi við það sem framkvæmdin hefur verið í þessum efnum. Hér er bara verið að styrkja lagagrundvöll þeirra framkvæmda sem menn hafa stuðst við í meginatriðum. Vonandi verður þetta frumvarp til þess að efla þennan þátt málsins, þ.e. kynning æsku landsins á starfsemi tengdri sjávarútvegi. Það er því í sjálfu sér ekki mikið um það að segja og sjálfsagt mál að öllu leyti.

Þá get ég líka sagt að það ákvæði sem lýtur að frístundaveiðibátunum svokölluðu er auðvitað til bóta. Þannig er mál með vexti að þessi mál hafa komið hér nokkuð til umræðu. Á síðasta eða næstsíðasta þingi var lagt fram frumvarp varðandi lagaumgjörð í kringum frístundabátana. Það komu fram ýmsar athugasemdir við það mál og niðurstaða mín, sem þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og niðurstaða meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar var að reyna að vanda sig sem best við þessa lagasetningu. Og í stað þess að flaustra við það mál og skila því í gegnum þingið var niðurstaðan sú að gefa því meiri tíma, setja niður nefnd í málinu þar sem í störfuðu hagsmunaaðilar í þessari grein og þeir komust að tilteknu samkomulagi um hvernig best væri að hátta þeim málum.

Auðvitað er það þannig að þó að nefnd komist að slíkri niðurstöðu þá er jafnvel starf slíkrar góðrar nefndar ekki yfir vafa hafið. Það kom líka í ljós þegar þetta mál var kynnt í meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd á vordögum skömmu fyrir þinglok í vor, kom fram hjá umsagnaraðilum sem komu þá fyrir nefndina, ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara. Í rauninni var það svo að nefndin hafði sett niður á blað eða formaður nefndarinnar hafði a.m.k. sett niður á blað hugmyndir um það sem betur mætti fara til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem komu fram í nefndinni hjá umsagnaraðilum sem ráku augun í sitthvað sem betur mátti fara í þessum kafla málsins.

Ég hafði þó vænst þess að þegar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra legði þetta mál fyrir hefði hann að minnsta kosti látið svo lítið að taka tillit til þeirra sjálfsögðu ábendinga og þeirrar niðurstöðu sem sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hafði komist að í vor. En því miður var því ekki að heilsa. Svo mikið lá á að leggja þetta frumvarp fram að þess var ekki beðið eða gefinn tími til þess að skoða einu sinni þær hugmyndir sem höfðu komið fram við þinglega meðferð málsins í þeim skilningi að málið hafði verið til umfjöllunar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og þar höfðu menn komið auga á sitthvað sem betur mátti fara. En óðagotið var svo mikið við undirbúning málsins að ekki var tími til þess að skoða þessi mál.

Síðan vil ég líka vekja athygli á því að þrátt fyrir þær breytingar sem núna hafa verið gerðar með breytingartillögum meiri hlutans þá taka þær ekki nema að hluta til til þeirra ábendinga sem fram hafa komið. Ég vek t.d. athygli

á því að í umsögn Landssambands smábátaeigenda um þetta mál er bent á að hér hefur líka þróast atvinnuvegur, ekki mjög stór í sniðum en atvinnuvegur sem skiptir máli fyrir einyrkja í sjávarútvegi sem stunda fiskveiðar en hafa líka gert út á þessar frístundaveiðar. Ég get ekki skilið frumvarpið eins og það liggur núna öðruvísi en svo að það sé verið í raun og veru verið að loka algjörlega á möguleika þessara aðila að halda áfram þessari atvinnustarfsemi sinni sem þeir hafa þó lagt fjármuni og fjárfestingu í. Þess vegna held ég að það sé alveg nauðsynlegt að þau mál séu gaumgæfð betur ásamt fleirum milli 2. og 3. umr. málsins.

Í umsögn Landssambands smábátaeigenda segir, eftir að þeir hafa gert grein fyrir breytingahugmyndum sínum á þessu frumvarpi eins og það var lagt fram, með leyfi forseta:

„Dæmi eru um að eigendur báta með veiðileyfi í atvinnuskyni hafi lagt í umtalsverðan kostnað í því skyni að bjóða upp á þjónustu við ferðamenn hluta úr ári. Tilgangurinn er að bæta upp að einhverju leyti hinn gríðarlega niðurskurð þorskveiðiheimilda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hefji aðili umrædda þjónustu 1. maí á hann ekki afturkvæmt til veiða í atvinnuskyni fyrr en að loknu fiskveiðiárinu 31. ágúst.

Þetta ákvæði frumvarpsins mun fæla áhugasama aðila frá hinni nýju atvinnugrein í ferðaþjónustu.“

Þetta er auðvitað mál sem hefði þurft frekari skoðunar við. Á þessu eru örugglega fleiri hliðar en sjálfsagður hlutur hefði ég talið að þetta mál hefði fengið frekari skoðun í nefndinni.

Í þeirri umræðu sem farið hefur fram um þetta frumvarp, bæði innan nefndarinnar, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, og einnig hér í þingsölum og svo sem líka í hinni opinberu umræðu þá hefur ákvæðið til bráðabirgða I fengið mestu umfjöllunina og umræðuna. Í raun og veru er það mál allt í skötulíki og ég verð að segja eins og er að það vekur mikla furðu mína að menn nálgist breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum með þessum hætti. Við þurfum ekki annað en að lesa nefndarálit meiri hluta nefndarinnar og ég tala nú ekki um framsöguræðu hæstv. ráðherra og þær umræður sem fóru fram í þingsölum þegar mælt var fyrir þessu máli og það rætt við 1. umr. til þess að átta okkur á því að það er auðvitað ekki mikil fullvissa á bak við þetta mál. Það eru miklar efasemdir sem greinilega bærast um í kolli þeirra sem standa að þessu máli þrátt fyrir allt. Þeir hafa áhuga á því, sem er út af fyrir sig sjónarmið sem ég tel alveg sjálfsagt að virða og skoða, að taka upp þetta nýja banndagakerfi en hafa hins vegar greinilega miklar efasemdir um sínar eigin útfærslur í málinu. Því það er lagt upp með að þetta séu nokkurs konar veiðar í tilraunaglasi. Eftir árið eigi svo að skoða hvernig til hafi tekist. Ekki þannig, eins og væri auðvitað miklu eðlilegra, að málið væri undirbúið með vönduðum hætti, leitað eftir umsögnum, farið ofan í þessi mál með hagsmunaaðilum, reynt að átta sig á fyrir fram líklegum áhrifum og hvernig hægt væri að gera þetta mál eins vel úr garði sem hægt væri og setja síðan málið fram. Í stað þess er þetta lagt fram eins og ég hef þegar gert grein fyrir og síðan sleginn sá varnagli að þetta mál sé kannski svo ófullburða að það sé ástæða til að gera á því miklar breytingar.

Út af fyrir sig er það rétt að Alþingi hefur alltaf heimild til þess að gera breytingar á lögum og getur gert það hvenær sem er. En þegar um er að ræða mál eins og þetta þar sem verið er að opna á nýja aðferð við fiskveiðistjórn, þó að hún sé ekki mjög stór í sniðum, er sjálfsagt að reyna að gera það þannig að þeir sem taka þátt í þessum veiðum frá fyrsta degi geti haft einhverja vissu fyrir sér.

Ljóst er, t.d. hefur það komið glögglega fram í starfi nefndarinnar, að mjög margir aðilar hafa þegar lagt í talsverðan kostnað og fyrirhöfn við að undirbúa veiðar í þessu skyni og þess vegna er það ekki vel gert gagnvart þeim að skilja þá eftir í lausu lofti. Segja má sem svo að menn beri þá sína ábyrgð sjálfir. En væri ekki eðlilegra — til að reyna að ná hámarksafrakstri út úr þessu, bæði fyrir þá sjómenn og útgerðarmenn sem vilja stunda þessar veiðar og ég tala nú ekki um fyrir þjóðfélagið í heild og ef til vill byggðirnar sem þessa munu njóta — að menn hefðu reynt að skoða þetta betur og haft einhverja meiri fullvissu og farið þannig í málið?

Það sem við í minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar höfum gagnrýnt hvað harðast er sú bersýnilega afleiðing sem verður af þessu frumvarpi, verði það samþykkt á Alþingi sem allt stefnir í, þær afleiðingar að þetta mun færa veiðirétt frá byggðum í umtalsverðum mæli, frá veikustu sjávarbyggðum landsins, þeim byggðum sem hafa helst misst frá sér aflaheimildir þar sem fiskvinnsla hefur dregist saman og íbúum hefur fækkað.

Af hverju nefni ég þessi þrjú atriði? Jú, þetta eru þau atriði sem eru lögð til grundvallar þegar verið er að úthluta byggðakvóta. Úthlutun byggðakvóta fer þannig fram að lagðar eru fram efnislegar forsendur sem unnið er eftir, gagnsæjar efnislega forsendur, og þannig er reiknað út hvernig byggðakvótanum er síðan skipt á milli byggðarlaga, ekki á milli sveitarfélaga heldur byggðarlaga til að koma einmitt til móts við þau minni byggðarlög, jafnvel innan stærri sveitarfélagaeininga sem hafa verið að missa frá sér aflaheimildir þar sem fiskvinnsla hefur verið að dragast saman og þar sem íbúaþróun hefur verið neikvæð. Þetta eru þættir sem við erum að reyna að bregðast við af veikum mætti í okkar fiskveiðistjórnarkerfi og þess vegna vekur það nokkra undrun að það skuli þá verða heillaráðið, þegar ákveðið er að brydda upp á þessu nýmæli að endurvekja banndagakerfið í þessari mynd, að það sé gert með þeim hætti að færa veiðiréttinn í raun og veru frá þessum byggðarlögum.

Það kom glögglega fram í máli fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sóttu okkur heim í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og kom einnig fram í máli fulltrúa Súðavíkurhrepps og Stykkishólmsbæjar að afleiðingin af frumvarpinu væri mjög alvarleg fyrir þau byggðarlög. Í máli fulltrúa Stykkishólmsbæjar og skriflegri umsögn sem lögð var fram í nefndinni kemur fram að innan sveitarfélagsins hefur átt sér stað umtalsverð uppbygging í sjávarútvegi. Við vitum að Stykkishólmur hefur orðið fyrir gífurlegum búsifjum vegna þess að skelveiðarnar sem voru uppistaðan í sjávarútvegi í Stykkishólmi árum og áratugum saman hrundu af ástæðum sem ég ætla ekki að orðlengja sérstaklega.

Á sínum tíma þegar aflakvóta var úthlutað var það stað-

reynd að útgerðirnar sem höfðu skelfiskkvóta fengu í sinn hlut minni aflaheimildir í bolfiski og þess vegna þegar það gerðist að hrun varð í skelveiðum og raunar líka í rækjuveiðum, sem var þýðingarmikill þáttur í atvinnustarfsemi í Stykkishólmi, brugðust útgerðarmennirnir þar við á þann hátt að þeir reyndu að hasla sér völl í bolfiskvinnslu og -veiðum. Í því sambandi skipti tvennt mjög miklu máli. Annars vegar voru til staðar heimildir í fiskveiðistjórnarlögunum um að bregðast við með sérstökum hætti þegar um það væri að ræða að aflaheimildir hryndu í einhverjum tegundum af líffræðilegum ástæðum eins og gerðist bæði í rækjunni og skelinni. Því hefur verið beitt sem betur fer og sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra reyndi ég að beita því þannig á þeim tíma að það kæmi sér sem best fyrir þessi byggðarlög og ég veit að það hefur skipt mjög miklu máli fyrir byggðir í Breiðafirði, Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa svo dæmi séu tekin og raunar austur um líka.

Til viðbótar þessu hefur byggðakvóta líka verið úthlutað til Stykkishólms og vegna þess að aðstæður eru þar eins og raun ber vitni hafa þeir fengið rúmlega 200 tonn undanfarin ár, ef ég man rétt, til að vinna úr. Reglurnar um byggðakvóta eru þannig að áður en menn fá úthlutað verða þeir að leggja upp til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi tvöfalt magn til þess að eiga rétt á byggðakvótanum. Sú ákvörðun ein og sér sem boðuð er með þessu frumvarpi og ákveðin í raun og veru með því, að skerða byggðakvótann um helming, hefur þess vegna margföldunaráhrif í neikvæðum skilningi á stöðu þessara fyrirtækja í Stykkishólmi. Fram kom að byggðakvótinn þar er um 10% af úthlutuðum aflaheimildum í hólminum og það munar auðvitað um minna þegar tekin er ákvörðun um að skerða þetta. Það mun hafa þau áhrif, að því er fulltrúar þessa sveitarfélags segja, að þetta mun stytta vinnslutímann og útgerðartímann í Stykkishólmi um einn eða tvo mánuði og munar um minna.

Sama er að segja þegar fulltrúi Súðavíkurhrepps kom á fundinn og greindi okkur frá því að mjög svipað væri þar upp á teningnum. Þar eru aðstæður á margan hátt svipaðar, þeir hafa orðið fyrir miklum bresti vegna hruns rækjunnar sem skiptir miklu máli fyrir þennan stað, fengu það uppborið að hluta til með byggðakvóta. Þar hafa verið hins vegar ákveðin vandamál uppi í fiskvinnslunni en ljóst er að forsendan fyrir því að þar sé hægt að byggja upp fiskvinnslu er aðgangurinn að byggðakvótanum. Lega staðarins er þannig að þeir munu ekki njóta nema í mjög takmörkuðum mæli að mati heimamanna afrakstursins af þessu nýja fyrirkomulagi. Þegar við skoðum þetta er ljóst að eins og það er lagt fram í frumvarpinu er því miður ekki verið að taka á þeim vanda sem er sannarlega til staðar. Við skulum ekki gera lítið úr þeim byggðavanda sem er í þessum sjávarplássum að hluta til vegna fiskveiðistjórnarkerfisins, að hluta til af öðrum ástæðum, og við höfum verið að reyna að byggja inn í fiskveiðistjórnarlögin alls konar ákvæði sem hafa haft þann yfirlýsta tilgang að reyna að styðja við þessar veikustu byggðir þó að ég skuli fúslega og fyrstur manna viðurkenna að í þeim efnum gætum við auðvitað gert miklu betur.

Ekki þarf annað en að skoða greinargerðina sem fylgir með eða fylgiskjal sem byggist á svari hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn minni um þessi mál þar sem úthlutunin kemur fram eins og hún hefur farið fram undanfarin þrjú fiskveiðiár til einstakra byggðarlaga. Því miður var sú ákvörðun tekin að úthluta ekki byggðakvótanum fyrir þetta ár, við höfum því ekki nýrri upplýsingar en fiskveiðiárið 2007/2008. Við sjáum á þeim töflum að um er að ræða mjög umtalsverðar aflaheimildir fyrir tiltekin byggðarlög sem núna munu þá eiga um sárt að binda vegna þeirra laga sem verið er hér að reyna að lögfesta.

Við bentum líka strax á það við 1. umr. málsins að sú svæðaskipting sem lögð er til grundvallar í frumvarpinu, til að mynda svæði A frá sjávarútvegsbyggðinni Eyja- og Miklaholtshreppi að Skagabyggð, kemur að litlu gagni í byggðalegu tilliti. Á þetta var þráfaldlega bent í umræðunum í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis og guði sé lof hefur það að einhverju leyti skilað sér til meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Þeir átta sig alla vega á því að hér er um að ræða vandamál, þ.e. að frumvarpið tekur ekki á þeim vanda sem við gerðum grein fyrir strax við 1. umr. málsins. Þá var því að vísu mótmælt harðlega, sérstaklega af hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að þessi svæðaskipting ylli einhverjum sérstökum vanda. En í sjálfu sér viðurkennir meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar að um sé að ræða vandamál sem þurfi að bregðast við. Vitaskuld er það þá þannig að þingið hefði, sem hefur fengið þessar upplýsingar, átt þess kost að ræða við fulltrúa hagsmunaaðila, sveitarfélaga og fleiri aðila, eðlilega glímt við það að reyna að teikna upp nýja svæðaskiptingu til þess að koma til móts við þessi sjónarmið og ganga þannig frá málinu að þingið hefði fullvissu um að verið væri að reyna að koma til móts við byggðalegar áhyggjur manna. Það er hins vegar ekki gert heldur með tiltölulega einföldum og billegum hætti, sagt bara sem svo: Nú fær hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra — hann er ekki hér, nei — heimild til þess að spinna og prjóna upp og teikna upp nýja svæðaskiptingu án þess að við vitum sem erum að samþykkja þessi lög nokkurn skapaðan hlut um það hvernig þessi svæðaskipting á að líta út.

Ég tel t.d. alveg einboðið, úr því að verið er að leggja það til að færa valdið í hendur hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að á fundi nefndarinnar milli 2. og 3. umr. komi fulltrúi ráðuneytisins og geri okkur grein fyrir því a.m.k. í grófum dráttum hvaða hugmyndir ráðuneytið hefur um það hvernig þessi svæðaskipting ætti að líta út. Ég er ekki að fara fram á að það sé gert sveitarfélag fyrir sveitarfélag. Ég tel hins vegar eðlilegt að ráðuneytið sýni á spil sín því að ekki getur það verið svo að meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar leggi fram breytingartillögur í þessa veru án þess að á bak við sé einhver grunnhugsun um hvernig þetta fyrirkomulag getur litið út, hvernig menn hafa hugsað sér þetta. Er ekki hugmyndin þá væntanlega sú að fjölga þessum svæðum, minnka þessi svæði til að tryggja það að löndunin eigi sér þá stað a.m.k. innan atvinnusvæðis, þjónustusvæðis, eitthvað í þeim dúr, svo ég noti orðanotkun úr byggðaumræðunni?

Við sjáum hins vegar af því frumvarpi sem liggur fyrir að þar er ekki um að ræða neina svæðaskiptingu sem lýtur neinu slíku. Það er enginn samgangur á þjónustusvæðinu Skagabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, svo dæmi sé tekið af svæði A sem ég kannast aðeins við. Því er ljóst að þessi mál þarf að skýra áður en frumvarpið verður að lög-

um. Alþingi getur auðvitað ekki gengið þannig frá málinu að þingið hafi ekki nokkra hugmynd um hvernig ætlunin er að taka á þessu stóra máli sem við höfum gert að mjög miklu umtalsefni og hefur greinilega ruggað við meiri hluta nefndarinnar í þá veru að nefndin er að velta þessu fyrir sér.

Síðan er það svo — nú fer tími minn að styttast nokkuð — að það er mjög margt annað sem mætti finna að í frumvarpinu sem er til marks um að það sé ekki vel úr garði gert. Það er t.d. ljóst að reglur um veiði annarra tegunda en þorsks munu gera þennan veiðiskap hér um bil ómögulegan á þeim svæðum þar sem ufsi er uppistaðan í handfæraaflanum. Nú sjáum við af þeim tölum sem fyrir okkur voru lagðar frá Fiskistofu að ufsaaflinn fiskveiðiárið 2005/2006 er 3.200 tonn, var 5.900 tonn af þorski, 2006/2007 var aflinn 1.843 tonn í ufsa og 4.400 í þorski og 2007/2008 var það 2.400 tonn af ufsa og 3.500 tonn af þorski. Ekki veit ég nákvæmlega hver skýringin er á þeim breytingum, hugsanlega gætu þær verið að handfæraveiðar hafi verið að færast yfir á svæði þar sem ufsagengd er mikil á sumrin, það er langlíklegasta tilgátan. Að minnsta kosti er ljóst að á ýmsum svæðum er aflinn á handfæri mjög ufsaborinn og ég fullyrði að þær breytingar sem verið er að gera núna með tillögum meiri hluta nefndarinnar koma ekki nema að mjög takmörkuðu leyti til móts við hagsmuni þeirra sem eru á þeim svæðum þar sem ufsinn er sterkastur í handfæraaflanum. Þetta er því svona frekar lítil og ómerkileg skóbót sem er verið að setja á þennan þátt málsins og þannig mætti áfram telja.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að orðlengja um þær umræður sem hafa farið fram um öryggismál þeirra sem þessar veiðar munu stunda, þau mál voru mjög rædd í nefndinni en ég hef ekki tíma til að fara yfir það. Síðan hefur verið bent á að þessar veiðar muni eiga sér stað á sumrin þegar aflinn er kannski verðminni sem hráefni. Miklar umræður komu líka fram um að setja bæri reglur til þess að tryggja hina bestu umgengni um aflann, við vitum að á minni bátunum er aðstaðan oft lakari, t.d. til þess að kæla aflann eftir blóðgun og ísa hann o.s.frv. Þetta eru hlutir sem ég geri ráð fyrir að Fiskistofa og þeir aðrir sem um þessi mál fjalla velti fyrir sér.

Í nefndarálitinu segjum við að við teljum að í sjálfu sér sé sú hugmynd sem verið er að fjalla um allrar athygli verð og það beri að skoða hana. Hins vegar er að okkar mati langskynsamlegast að fresta öllum áformum um framkvæmd þessa nýja banndagakerfis og við eigum þess vegna fremur að fara í það að reyna að skoða þessi mál gjörla alveg eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni. Á málinu eru fjölmargir agnúar eins og við blasa öllum þeim sem það skoða og óvissa sem því fylgir til viðbótar við allt annað.

Þess vegna væri eðlilegast núna að úthluta nú þegar, bara í þessari viku, þeim byggðakvóta sem fyrir liggur og tekinn var frá við úthlutun aflaheimilda í upphafi þessa fiskveiðiárs og úthluta í samræmi við þær reglur sem gilda, eins og ég veit að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur áform um og hann upplýsti okkur um að hann hefði áform um að gera að samþykktu þessu frumvarpi. En eðlilegast væri að úthluta þessum byggðakvóta eins og hann leggur sig á grundvelli þeirra reglna sem hæstv. ráðherra tók undir að gæti verið skynsamlegur grunnur og fresta þá um sinn a.m.k. áformum um að innleiða hið nýja banndagakerfi.

Að lokum vil ég nefna að ég tel að skynsamlegast sé að fresta bráðabirgðaákvæði II líka. Fyrir því eru fullgild rök eins og fram hefur komið. Þar þarf að skoða sérstaklega hvort hægt sé að afla gagna eða hvort til staðar séu nægileg gögn til að framkvæma þessa skiptingu um gullkarfa og djúpkarfa. Það er ekki víst að svo sé, það þurfa menn þá að leiða í ljós. Þess vegna tel ég að skynsamlegt sé, eins og gert er ráð fyrir í breytingartillögum meiri hlutans, að fresta bráðabirgðaákvæði II meðan við förum betur yfir þessi mál.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir nefndaráliti minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Undir nefndarálitið skrifa auk mín hv. þingmenn Jón Gunnarsson og Sigurður Ingi Jóhannsson. Ég ítreka þá ósk mína að áður en málið fer til 3. umr. (Forseti hringir.) komi það til frekari umfjöllunar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

[16:31]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langaði að varpa einni spurningu til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Þegar ég heyrði málflutning hans gat ég ekki lesið annað út úr honum en að hann væri einfaldlega mótfallinn þessu strandveiðifrumvarpi þrátt fyrir að hann segði í hinu orðinu að hann væri tilbúinn til að skoða þetta. Í næstu setningu segir hann að við eigum ekki að taka byggðakvótann í þetta. Hann er þá væntanlega fylgjandi frjálsum handfæraveiðum en ef hann vill ekki taka byggðakvótann að hluta í þetta velti ég fyrir mér hvort hv. þingmaður sé ekki fylgjandi fyrningarleiðinni til þess að ná í kvóta til að setja í þetta.

Ég hygg að þarna séum við komin með góðan fylgismann við fyrningarleiðina.

[16:32]

Frsm. minni hluta sjútv.- og landbn. (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er kannski bara við mig að sakast ef ég hef verið svo óskýr í máli að hv. þingmaður geti dregið þá ályktun að ég sé orðinn talsmaður fyrningarleiðarinnar. Ég vænti þess að hv. þm. Ásmundur Einar Daðason sé það raunar ekki heldur, ekki frekar en ég.

Ég mótmælti þessu frumvarpi vegna þess að við teljum að þetta mál sé einfaldlega vanbúið til þess að taka um það ákvörðun, eins og ég færði ítarlega rök fyrir og við gerum mjög vel grein fyrir í nefndaráliti okkar og er í samræmi við þann málflutning sem var hafður uppi við 1. umr. málsins. Þetta er mál af þeim toga sem hefur greinilega alls konar afleiðingar sem þeir sem lögðu frumvarpið fram sáu augljóslega ekki fyrir. Þá koma í rauninni fram í nefndaráliti meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar áhyggjur af ýmsum þáttum þess máls þó að nefndin treysti sér ekki á þessu stigi til að takast á við þann vanda.

Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé skynsamlegt eins og ég gerði grein fyrir að við förum í það að taka núna veiðirétt frá veikustu sjávarbyggðum landsins til að setja inn í þetta fiskveiðistjórnarfyrirkomulag sem hér er lagt til sem er ákaflega vanbúið og vanhugsað. Þess vegna er okkar niðurstaða sú að það sé skynsamlegast að fresta þessu máli,

hugsa það betur, skoða betur. Ef niðurstaðan verður sú að innleiða einhverjar slíkar hugmyndir verði það gert að athuguðu máli en ekki með flumbrugangi.

[16:34]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir svarið. Ég hjó eftir einu þegar hann flutti mál sitt þar sem hann talar um efasemdir um uppfærslu málsins og að það yrði að skoða þetta, átta sig á þessu fyrir fram o.s.frv. Nú er þetta til eins árs til prufu og reynslu. Eins og ég skildi þingmanninn vildi hann fara með þetta mál, þæfa það, tefja það, svæfa það. Ég átta mig ekki á þessum málflutningi hv. þingmanns og hef ekki fengið svar við því hvort hann sé einfaldlega fylgjandi strandveiðum eða ekki. Ég hygg að hann sé það ekki undir niðri því að málflutningur hans stenst bara ekki. Hann talar í hring í þessu máli.

[16:35]

Frsm. minni hluta sjútv.- og landbn. (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Svo það sé alveg skýrt er ekki meining mín að þæfa þetta mál, tefja það eða svæfa. Ég vil einfaldlega að þessu frumvarpi verði hafnað. Ég tel að þetta mál sé þannig (Gripið fram í.) úr garði gert, ég tel að þetta frumvarp eins og það liggur hérna fyrir (**Gripið fram í:** Verði frestað?) sé illa unnið og að engum sé greiði gerður með því, alls ekki byggðunum og ekki heldur þeim sem eiga síðan við það að búa, þeim útgerðarmönnum sem ætla sér að stunda veiðarnar á grundvelli þessarar lagasetningar, því að þessi lög eru þannig úr garði gerð.

Ég tel að það sé yfir höfuð ekki skynsamleg nálgun á mál eins og þetta að segja sem svo: Hér eiga að fara fram einhvers konar tilraunaveiðar. Ég tel miklu skynsamlegra þegar verið er að fjalla um breytingar, ég tala nú ekki um málefni heillar atvinnugreinar sem menn reyna hér að að fitja upp á breytingum á, að það sé gert með miklum sannfæringarkrafti og vissu um til hvers það muni leiða. Menn leggja mikla áherslu á það, bæði ráðherrann og meiri hluti nefndarinnar, að það þurfi að fara fram sérstök tilraun og athugun síðan eftir árið.

Er ekki skynsamlegra þegar verið er að fjalla um svona mál að menn gefi sér þá þann tíma sem nauðsynlegur er til undirbúnings og leggi síðan málið fram heildstætt þannig að menn geti a.m.k. talað af einhverri vissu um þetta mál? Það er ekki þannig að þegar verið er að setja lög um heilu málaflokkana, hvort sem það er í sjávarútvegsmálum, landbúnaðarmálum, öðrum atvinnumálum eða hvað það er, að menn séu nánast að prófa vatnið, hvort þeir treysti sér út í.

Það er ekki þannig sem menn setja lög. Menn undirbúa lögin eins vel og þeir mögulega geta, leggja þau fram og kalla eftir viðhorfum. Ég veit að meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þótti við reyndar fulldjörf í að kalla eftir slíkum viðhorfum en látum það liggja á milli hluta. Þannig vinna menn auðvitað löggjöfina. Það getur hins vegar þurft að gera breytingar á löggjöfinni einhvern tíma síðar. Það er eðlilegt. En hitt er það að þeir sem hafa ekki sannfæringu fyrir því máli sem þeir flytja eiga einfaldlega að láta ógert að flytja það.

[16:37]

Útbýting:

Landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálendinu, 94. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 120.

[16:37]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í nefndaráliti meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar eru svo sem ekki gerðar miklar tillögur um breytingar frá því frumvarpi sem var lagt fram.

Meiri hlutinn telur rétt að breyta orðalagi 1. tölul. 4. efnismgr. 2. gr. þar sem tilgreindur er ákveðinn fjöldi stanga/færarúlla sem heimilt er að nota og fiska sem heimilt er að veiða. Lagt er til að ráðherra verði heimilað að setja nánari leiðbeiningar í reglugerð í tengslum við leyfi það sem tilgreint er í 1. tölul. 4. efnismgr. 2. gr., um fjölda sjóstanga/færarúlla sem heimilt er að nota hverju sinni og fjölda fiska. Einnig leggur meiri hlutinn til að viðurlagaákvæði verði bætt við greinina.

Ég get alveg tekið undir þetta álit nefndarinnar. Nefndin kemur líka inn á viss sjónarmið varðandi strandveiðihluta frumvarpsins, um úthlutun hluta af byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðiári til strandveiða og áhrif þess á byggðir landsins, og þær athugasemdir að sú leið sem lögð er til í frumvarpinu um að nýta hluta byggðakvóta á þennan hátt geti koma niður á ákveðnum byggðarlögum. Í því samhengi var fjallað um svæðaskiptingu þá sem lögð er til í frumvarpinu. Meiri hlutinn telur svæðaskiptinguna til þess gerða að koma til móts við byggðasjónarmið og telur í ljósi framkominna athugasemda rétt að reynt verði að koma enn frekar til móts við þau byggðarlög sem verða fyrir skerðingu á byggðakvóta. Meiri hlutinn leggur til að ráðherra verði heimilað að setja í reglugerð ákvæði um frekari svæðaskiptingu með það að markmiði að koma til móts við þau sveitarfélög sem fá nú minni byggðakvóta í sinn hlut.

Ég tel líka að þetta eigi fyllilega rétt á sér og að hæstv. ráðherra eigi að fá heimild til að skoða þetta í þessu samhengi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur líka til að breytt verði varðandi daga, áður var talað um að ekki mætti veiða á laugardögum og sunnudögum en nú er lagt til að það verði á föstudögum og laugardögum og að um borð verði einungis fjórar handfærarúllur. Ég tel þetta góðar ábendingar og er sammála þeim.

Í bráðabirgðaákvæði um lengd í hverri veiðiferð var talað um að lengd veiðiferðar yrði 12 klukkustundir og að miðað yrði við þann tíma frá því að fiskiskipið lætur úr höfn og þar til það kemur aftur til hafnar. Ég hefði viljað sjá að þessu yrði breytt milli 2. og 3. umr. þannig að tíminn yrði rýmri. Þar sem verið er að tala um ákveðinn kílóafjölda, 800 kíló af þorski í hverri veiðiferð, væri nægjanlegt að miða við sólarhringinn en ekki þennan klukkustundafjölda þar sem mismunandi er langt á miðin frá hverju sjávarþorpi eða útgerðarstað.

Annars er ég mjög ánægð með að þetta skuli vera komið hingað til 2. umr. og tel brýnt að flýta þessu máli sem mest. Það er beðið eftir afgreiðslu þess vítt og breitt um landið og

þess vegna brýnt að við hröðum afgreiðslu þess. Ég ber ekki neinn ótta í brjósti um að þetta muni koma niður á sjávarbyggðum landsins. Ég tel löngu tímabært að brjóta upp það kerfi sem við höfum búið við. Eins og fram hefur komið er þetta tilraun til eins árs og verður málið skoðað í því ljósi í framhaldinu.

Ég tel að reynslan í sumar muni sýna hvernig þetta verður útfært í framhaldinu. Þetta er gott innlegg í þá endurskoðun á fiskveiðilöggjöfinni sem við erum að fara í og ég mæli því heils hugar með því að þessu máli verði hraðað sem mest.

[16:42]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir vekur athygli á, um lengd róðrar í 12 tíma, er því miður eitt af fjölmörgum óbrúklegum atriðum í þessu frumvarpi. Til að mynda varðandi 12 tíma lengdina er ekki tekið neitt tillit til þess að á Íslandi er mikið um veðrabrigði. Það er ástæðulaust að hvetja sjómenn til að fara á sjó í tvísýnu af því að tíminn er svo knappur. Veiðimannseðlið er þess eðlis að menn gera það. Og þá eiga lögin ekki að hvetja til þess.

Þetta er eitt af mörgum atriðum.

Svo er til að mynda samsetningin, 15% aflahlutfall af ufsa þýðir að ekki er hægt að nota þessa aðferð sums staðar í landinu. Það er bara ekki hægt. Það er ekki nokkur lifandi leið. Ótal mörg atriði í þessu valda því að þetta frumvarp er hrákasmíð, illa ígrundað, góð hugmynd að mörgu leyti en óbrúklegt og gerir ekkert annað en að veikja smærri byggðir landsins, sérstaklega veikari byggðirnar, veikja þær umfram það sem nú er — og til þess er ekki ástæða.

[16:43]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Ég þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir. Hann deilir því með mér að ég hef áhyggjur af þessum 12 tímum og tel mjög nauðsynlegt að það verði skoðað milli 2. og 3. umr.

Annars vil ég bara segja um þetta frumvarp að ég tel það ekki vera hrákasmíði. Eflaust á reynslan í sumar eftir að sýna fram á að ýmislegt megi bæta þar og laga. Ég hef heyrt í fjölda sjómanna sem eru tilbúnir að gera þessa tilraun með okkur og sjá hvernig þetta kemur út. Það eru miklar væntingar víða í sjávarbyggðum landsins og ég tel mjög brýnt að við þessar aðstæður látum við reyna á hvernig þetta kemur út.

[16:44]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er einmitt það sem er, það eru ýmsar væntingar á lofti. Þegar væntingarnar eru umfram það sem kann að verða niðurstaðan er það ekki af hinu góða. Það eru væntingar um að menn geti skapað sér vinnu og aflað tekna og það eru líka kröfur um það í þeirri útgerð sem um er að ræða að til að mynda skemmtibátar verða að vera skráðir sem fiskiskip. Það verður að tryggja alla sem standa fyrir bátnum sem áhöfn, þar er sem sagt áhafnartrygging. Tryggingagjöld hækka. Það eru mörg gjöld sem sækja að í þessu, eftirlitsgjöld o.fl. Menn verða að opna virðisaukaskattsnúmer fyrir reksturinn. Svo stofna menn í ljósi þessara væntinga til margs konar fjárfestinga á litlum bátum sem eru því miður óraunhæfar.

Það vita allir sem eru úr sjávarplássunum og þekkja hvernig kaupin gerast á eyrinni í þeim efnum að það gengur ekki upp og þá eiga stjórnvöld ekki að ríða á vaðið og skapa þessa óvissu, vitlausa fjárfestingu, helsi fyrir marga sem eru í smábátaútgerð og eru kannski dregnir á asnaeyrunum á vitlausum forsendum. Þannig er þetta frumvarp. Það er á vitlausum forsendum.

[16:46]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil láta þá sjómenn sem ætla að taka þátt í þessari tilraun njóta vafans, ég treysti á skynsemi þeirra. Ég treysti á að þeir reikni þetta út og skoði þetta hver fyrir sig og ég treysti því að sjómenn okkar vítt og breitt um landið séu það skynsamir að þeir fari ekki út í slíka útgerð nema þeir telji rekstrargrundvöll fyrir því.

Síðan verður bara að koma í ljós hvort þetta er eitthvað sem við getum haldið áfram með í framhaldi af því að við ætlum að breyta fiskveiðilöggjöfinni til framtíðar eða hvort þetta er eitthvað sem er óraunhæft. Það verður bara að koma í ljós. En ef við tækjum aldrei neina áhættu þá gerðist nú ósköp lítið í þessum sjávarbyggðum.

[16:47]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Við höfum hér til umfjöllunar frumvarp sem lætur kannski ekki mikið yfir sér en er í reynd nokkuð stórt mál. Í máli hv. þingmanna sem hér hafa talað hefur talsvert verið rætt um væntingar og um það hvað þetta mál snýst um. Það er kannski einn af göllum frumvarpsins og málatilbúnaðarins í kringum það að væntingar sem nú þegar er búið að senda út í samfélagið eru allt of miklar. Hér er því verið að reyna að hraða málinu í gegn hvað sem það kostar þrátt fyrir allar athugasemdir, sem eru fjölmargar, þrátt fyrir þá galla sem rætt hefur verið um í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og eins hjá einstaka umsagnaraðilum.

Þetta er kannski, má segja, í nokkru samræmi við annað sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir í sambandi við sjávarútveginn og þar hafa líka verið skapaðar mjög neikvæðar væntingar. Það er í sambandi við fyrningarleiðina sem boðað hefur verið að muni koma hér á dagskrá einhvern tímann í framhaldinu — skilaboðin til sjávarútvegsbyggðanna eru þau að það eigi að fyrna og taka til baka veiðiheimildir. Það hefur haft þær afleiðingar að fyrirtækin hafa hætt við framkvæmdir, hafa stöðvað endurnýjun og alls kyns framkvæmdir sem satt best að segja hefur haft þau áhrif í sjávarbyggðunum að margir iðnaðarmenn sem áður horfðu fram á nokkuð góða tíð þar sem sjávarútvegurinn blómstrar sem aldrei fyrr — þær væntingar hjá iðnaðarmönnunum hafa dregist saman. Ríkisstjórn eða stjórnvöld á hverjum tíma mega ekki tala út og suður og gefa bæði fyrirheit og væntingar fram í tímann sem ekki er hægt að standa við.

Í því máli sem við ræðum hér í dag sem skiptist í fjóra liði — nokkuð vel hefur verið komið inn á það í framsögum hér, þ.e. um heimild til að undanskilja afla frá kvóta í

fræðsluskyni og um að setja lagaramma um frístundaveiðar. Í öðru lagi má segja að bráðabirgðaákvæði um tvennt, annars vegar um strandveiðar og hins vegar um skiptingu heildarafla karfa milli gullkarfa og djúpkarfa — væntingarnar í þessu máli hafa fyrst og fremst snúist um bráðabirgðaákvæði I, þ.e. strandveiðar. Við höfum fengið upplýsingar um það í nefndinni, bæði frá umsagnaraðilum og eins utan úr samfélaginu, að menn hafi verið að kaupa upp rúllur og menn hafi verið að velta fyrir sér fjarskiptatækjum út af því. Menn hafa verið að velta fyrir sér að koma öllum þeim bátum sem taldir eru sjófærir til þess að komast í þessar frjálsu strandveiðar.

Þetta hefur líka haft þau áhrif, sem er auðvitað neikvætt, og hefur aðeins verið komið inn á hér, að þeir sem áður voru í frístundaveiðum, þ.e. með farþega eða á sjóstöng, hafa jafnvel velt því fyrir sér að hætta þeim ferðum. Sú umræða hefur komið upp í nefndinni, m.a. frá umsagnaraðilum, þar sem væntingar eru um að þetta muni skila meiri ágóða en frístundaveiðarnar eða það að fara út með ferðamenn. Þetta er auðvitað mjög neikvætt vegna þess að þetta mun hafa þau áhrif að þessi nýja grein, frístundaveiðarnar og eins náttúrlega sjóstangaveiðin — menn hafa haft nokkrar væntingar um að hún muni vaxa og hún hefur gert það hægt og rólega. Auðvitað er ekki við þá aðila að sakast sem reikna sér þannig niðurstöðu að þeir hafi meiri ágóða af því að fara í frjálsar strandveiðar heldur en að vera í þessum farþegaflutningum eða í frístundaveiðunum.

En hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur farið hér mjög ítarlega yfir nefndarálit okkar í minni hlutanum. Það sem ég mundi helst vilja bæta við, og koma með nokkra áhersluþunkta, er fyrst og fremst um þá galla sem við höfum séð á þessu. Það er í fyrsta lagi það að undirbúningur hefur ekki verið nægur. Þessi hugmynd, sem fékk eins og komið hefur fram mjög misjafnar móttökur þegar hún kom fyrst fram hér í vetur, hefur alls ekki verið útfærð nægilega vel. Við framsóknarmenn útilokum alls ekki einhvers konar strandveiðar. Hugmyndin þarf hins vegar miklu betri undirbúning.

Fjölmargar athugasemdir komu fram í nefndinni. Ég verð nú reyndar að viðurkenna að þegar maður situr í fyrsta sinn í nefnd og fær aðila til að fjalla um mál á fund þá kom mér það satt best að segja á óvart að það var, held ég, ekki einn einasti umsagnaraðili af þeim fjölmörgu sem voru kallaðir fyrir af nefndinni, af okkur í minni hlutanum, sem tóku undir boðskap nefndarinnar ef undanskilinn er hæstv. ráðherra og ráðuneytið. Allir aðrir höfðu eitthvað neikvætt um málið að segja, meira að segja smábátasjómenn, eins og kom fram í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, sem þó hafa hugsanlega mestan ávinning af þessu. Þeir höfðu fjölmargar athugasemdir við málið.

Þrátt fyrir að við fengjum marga umsagnaraðila inn á fund og margar umsagnir sendar þá var það engu að síður svo að ekki komu umsagnir frá öllum á tilskildum tíma og við fengum ekki að kalla alla fyrir nefndina sem við óskuðum eftir. Þannig komst Landhelgisgæslan til að mynda ekki á fund okkar vegna andstöðu meiri hlutans en sendi vissulega skriflega umsögn. Einnig barst okkur umsögn og álit eigenda sjávarjarða eftir að málið var tekið út úr nefndinni og þeir gerðu nokkuð alvarlegar athugasemdir við málið þar sem þeir töldu að réttur þeirra úti fyrir sjávarjörðinni til strandveiða væri ekki reifaður og væri jafnvel sniðgenginn í frumvarpinu. Þeir töldu sig jafnvel eiga kost á sókn fyrir dómstólum ef þetta færi óbreytt í gegn. Ég tel nauðsynlegt í ljósi þessa að við fjöllum um þetta milli 2. og 3. umr. í nefndinni.

En ef ég árétta aðeins helstu gallana þá snúast þeir fyrst og fremst um undirbúning málsins og hvernig sá knappi tími hefur verið notaður. Í raun og veru þarf miklu lengri tíma og menn eiga ekki að senda svona miklar væntingar út í samfélagið sem síðan er hlaupið upp til handa og fóta til þess að reyna að koma til móts við. Þá hafa öryggissjónarmið talsvert verið reifuð í nefndinni og hefur svo sem verið komið með jákvæðar umsagnir sumra aðila um það. Engu að síður hefur verið rætt um að þarna verði ekki eins góð skip á ferðinni og kannski er ætlast til og við höfum séð og eins hugsanlega minni reynsla þeirra sem þarna færu út.

Stærsti kosturinn, sem kannski átti að vera ein af ástæðunum fyrir því að menn væru svolítið skotnir í þessari hugmynd um strandveiðar, átti að vera sá að þarna átti að auka nýliðun og gefa nýjum aðilum möguleika á að komast inn í þessar veiðar. Í umsögnum aðilanna kom ítrekað fram, hjá fjölmörgum þeirra, að það væri galli við þetta að þeir sem væru líklegastir til að komast inn í þessar veiðar væru þeir sem væru nýlega búnir að selja kvóta og ættu sín skip og gætu því farið aftur út á miðin. En það var nú sjálfsagt ekki hugmyndin á bak við það, hugmyndin var fyrst og fremst sú að hleypa nýjum aðilum að. Þessi galli hefur verið reifaður af ansi mörgum umsagnaraðilum í nefndinni og ég tek undir það að þetta er atriði sem hefði þurft að skoða, með hvaða hætti væri hægt að tryggja nýliðun og fjölbreytni án þess þó að ganga of langt hvað varðar öryggissjónarmiðin sem ég ræddi um hérna áður.

Einn gallinn sem hefur líka komið fram í máli flestra umsagnaraðila, og kom skýrt fram í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, í framsögu okkar minnihlutamanna, er að veiðar þessar eru áætlaðar hér til bráðabirgða og eðlilega um sumarið. Sá tími skilar því miður oft og tíðum mun verðminni fiski til lands og reynslan, og það kom fram hjá umsagnaraðilum, hefur sýnt að gæðin eru heldur ekki eins mikil eins og þegar fiskveiðar eru með öðrum hætti, valinn annar tími.

Þetta er auðvitað gallinn við sóknarmark þegar menn eru að fara inn á að veiða sem hraðast að það er ekki endilega markaðurinn sem stýrir veiðunum heldur er fyrst og fremst verið að skila því sem má veiða á hverjum tíma. Þegar það er svona skammur tími er hætt við því að það geti komið niður á bæði verði og gæðum. Það er kannski ekki það sem við þurfum helst, hvernig við eigum að umgangast þessa auðlind okkar.

Fjölmargir umsagnaraðilar nefndu það sem verulegan galla eða áhættu í kerfinu — það er í sjálfu sér ekki innifalið í kerfinu en er hugsanlegur galli — og vísuðu þar til reynslu af öllum þeim skiptum sem opnað hefur verið á þetta kerfi, að menn telja sig vinna sér inn kvóta. Menn telja sig vinna sér inn rétt og ætlast til þess að geta gengið að honum vísum aftur og aftur. Nú er það alls ekki og skýrt er tekið fram að þetta er ákvæði til bráðabirgða. Hins vegar verður það ekki frá þeim tekið sem vinna við svona um-

hverfi að þeir vísa til fortíðar, og menn munu auðvitað láta á það reyna og verða sjálfsagt nokkuð harðir hagsmunaaðilar.

Stærsti liðurinn sem þó hefur verið fjallað um og er stærsti gallinn við frumvarpið — sem hefur líka komið fram í umsögnum sveitarfélaga og nánast allra aðila og ekki síst þá smábátaeigenda eða smábátasjómanna — er tenging strandveiðanna við byggðakvótann. Á fund nefndarinnar komu, eins og fram hefur komið, fulltrúar bæði frá Súðavík og Stykkishólmi. Ég nefni sem dæmi að í Stykkishólmi eru 40–50 störf grundvölluð á byggðakvótakerfinu hjá einu fyrirtæki, sem er að vísu bara hluti af því sem þessi fiskvinnsla þarf á að halda, en tryggir það að hún er þarna á þessum stað.

Það kom líka fram hjá forsvarsmönnum Stykkishólmsbæjar að það væri mjög ólíklegt, eða nánast útilokað, að þessum afla í strandveiðum yrði landað í Stykkishólmi, einfaldlega vegna fjarlægðar frá miðum. Það hefur komið fram í skiptingu á þessum svæðum að með reglugerð og heimild og vinnu sjávarútvegsráðuneytisins og hæstv. sjávarútvegsráðherra eigi að vinna á þeim göllum. Það er auðvitað allsendis óvíst hvernig það muni fara og hvernig það muni reynast. Því er mjög erfitt fyrir okkur sem erum að fjalla um þetta núna að vega það meta. Það er klárlega þetta ákvæði, þó ekki væri annað, sem gerir það að verkum að við getum ekki samþykkt þetta eins og það kemur fyrir.

Breytingar meiri hlutans, sem koma fram í nefndaráliti hans, eru allar til bóta, tel ég, en þær taka hins vegar ekki á helstu vanköntunum sem hafa verið reifaðir hér, bæði í mínu máli og eins í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar.

Ég vil þó ítreka það í lokin að hugmyndin um þessa opnun, um þessar strandveiðar, er alls ekki útilokuð frá hendi okkar framsóknarmanna, en við þurfum í þessu tilliti eins og í öllum málum er varða atvinnuvegina að ganga fram með varúð og taka nægjanlegan tíma í þær breytingar sem við ætlum okkur. Skapa ekki allt of miklar væntingar, hvorki í jákvæða átt né neikvæða, áður en fyrir liggur hver niðurstaðan í málinu verður. Þegar við teljum hér á þinginu að við höfum fundið þá leið sem verði heppilegust í góðu samráði við alla hagsmunaaðila þá eigum við að fara fram með lagasetningu og láta á það reyna.

Mér finnst varhugavert að fara fram með þessa tilraun svokallaða, bráðabirgðaákvæði. Ef hún mistekst hrapallega og þetta fer á vondan veg á ýmsan hátt, ætlum við þá að kippa því til baka og segja: Þetta var bara vond tilraun en tilraunarinnar virði? Ég held varla. Ég held að við hljótum að þurfa að ígrunda málið betur svo að ekki séu líkur til þess að þetta sé bráðabirgðaákvæði til eins árs og komi nokkurn tímann til aftur. Það hlýtur að vera miklu gæfulegra og giftulegra í okkar vinnu hérna inni að við ígrundum málið nokkuð vel þannig að miklar líkur séu til þess að svona ákvæði sé komið til að vera. En ég er efins um að þetta mál sé nægilega vel ígrundað og get þar af leiðandi ekki stutt það. Ég verð hins vegar til viðræðu, við skulum segja ef þetta fer nú hér í gegn, um að skoða strandveiðar með einum eða öðrum hætti næsta vetur sem ég hefði talið að væri eðlilegri framgangsmáti. Að við mundum velta þessu betur fyrir okkur ekki síst í ljósi þess hvernig umsagnaraðilar fjölluðu um málið, það var ekki hægt að finna einn einasta sem samþykkti þetta frumvarp eins og það lá fyrir.

Ég held, frú forseti, að ég láti þetta gott heita í bili. Það má auðvitað segja margt fleira og fara nánar ofan í hvert einasta efnisatriði, til að mynda má nefna þar ákvæði nr. II, um heildarafla í karfa og skiptingu þar, en tek bara undir ákvæðið þar sem meiri hlutinn hefur reyndar lagt til eftir áliti umsagnaraðila, og við tökum undir í minni hlutanum.

En frú forseti. Ég læt þessu máli mínu lokið að þessu sinni en ítreka það í lokin að ég tel nauðsynlegt að um málið verði fjallað í nefndinni milli 2. og 3. umr.

[17:04]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þar sem ég er á mælendaskrá á eftir ætla ég ekki að tefja fundinn með því að fara í mikla efnislega rökræðu en ég vil bara koma nokkru á framfæri vegna athugasemdar sem kom fram í máli hv. þm. Sigurðar Inga Jóhannssonar varðandi það að umsagnaraðilum hefði verið neitað um að koma á fund nefndarinnar.

Í fyrra tilvikinu, þar sem um er að ræða fulltrúa Landhelgisgæslunnar, þá varðaði það mál sem engan veginn er hægt að líta svo á að snerti þetta strandveiðifrumvarp sérstaklega heldur mál sem er í sjálfu sér þarft að ræða við Landhelgisgæsluna almennt og yfirleitt um öryggi sjófarenda og verður vafalaust gert innan tíðar.

Í hinu tilvikinu var um að ræða fulltrúa frá Samtökum eigenda sjávarjarða sem höfðu samband við nefndina og óskuðu eftir fundi eftir að nefndarálit var komið frá nefndinni. Þær athugasemdir komu ekki í tæka tíð. En þeim hefur að sjálfsögðu verið tjáð að þeir séu velkomnir á fund nefndarinnar til að ræða um hagsmuni eigenda sjávarjarða. Ég vildi koma þessu á framfæri á þessu stigi málsins.

[17:05]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að ekki hafi verið hægt að skilja mál mitt þannig að ég hafi talað um að fulltrúum sjávarjarða hafi verið meinaður aðgangur en hins vegar er það alveg rétt að bréf frá þeim barst eftir að málið var komið úr nefnd. Í bréfi þeirra eru álitaefni sem ég tel að nefndin hefði átt að fjalla um og þess vegna tók ég þetta mál upp.

Varðandi Landhelgisgæsluna var það mat meiri hlutans að ekki þyrfti að kalla hana til. En í skriflegri umsögn Landhelgisgæslunnar kom m.a. fram að varðandi þessar strandveiðar mundi hugsanlega hljótast kostnaðarauki hjá Landhelgisgæslunni. Í ljósi erfiðrar stöðu Landhelgisgæslunnar, sem hefur margítrekað verið óskað eftir umræðu um hér í þinginu, hefði í sjálfu sér verið áhugavert fyrir okkur að ræða það mál líka en ekki síður öryggissjónarmið. Ég tek undir með formanni nefndarinnar að um það sé alltaf nauðsynlegt og áhugavert að ræða, ekki síst fyrir okkur þegar við fjöllum um breytingar á atvinnuvegunum, hvernig þeir vinna og hvernig eftirlit þarf að hafa með þeim.

[17:07]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég biðst afsökunar ef ég hef misskilið þingmanninn og lagt honum orð í munn, það var ekki ætlunin.

Aðeins til þess að ljúka þessu varðandi Landhelgisgæsluna þá hefði kannski mátt skilja af síðustu orðum þingmannsins að þeir hefðu sjálfir óskað eftir því að koma á fund nefndarinnar. Það gerðu þeir ekki, það var tillaga sem kom eiginlega fram í framhjáhlaupi. Við því var brugðist með því að óska eftir áliti Landhelgisgæslunnar og lá það skriflega fyrir nefndinni áður en nefndarálit meiri hlutans var skrifað. En ég ítreka að það er að sjálfsögðu áhugavert og þarft að ræða um öryggismál sjómanna við til þess bæra aðila hvenær sem er.

[17:08]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er í sjálfu sér komið fram sem var meginmál og inntak ræðu minnar um þetta efni, að það sé nokkuð æskilegt að við ræðum þetta mál ítarlegar milli 2. og 3. umr. og nokkur efnisatriði þess sérstaklega. Einn angi af því er að væntanlega verður möguleiki á því að kalla Landhelgisgæsluna fyrir ef við teljum þess þurfa, það væri alveg hægt. Einnig er mögulegt að ræða álit og efnisatriði fulltrúa eigenda sjávarjarða, sem ég tel reyndar vera nokkuð stórt mál ef við skoðum það í tengslum við strandveiðar.

Að öðru leyti vænti ég þess að við munum ræða málið í nefnd á milli 2. og 3. umr. og vona að við komumst að ásættanlegri niðurstöðu. Ég tel ljóst af þessu máli að fresta þurfi ákvæðum um strandveiðarnar og að íhuga þurfi það betur. Eins með frístundaveiðarnar og þau atriði sem komu fram hjá eigendum þeirra skipa. Þeir töldu að það væri verulegur ágalli til að mynda á Reykjavíkursvæðinu að ekki mætti vera með þann fjölda stanga sem þeir þurfa og nota þar sem þeir stunda allt annars konar frístundaveiðar en sjóstangveiðarnar sem stundaðar eru á Vestfjörðum. Ég held að svona hlutir hefðu þurft að vera betur undirbúnir og að fjallað hefði verið um þá þannig að þeir væru ekki galli á gjöf Alþingis í þessu máli.

[17:10]

Róbert Marshall (Sf):

Frú forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp um stjórn fiskveiða sem felur í sér að strandveiðar og handfæraveiðar yfir sumartímann eru gefnar frjálsar. Opnað er fyrir handfæraveiðar allra þeirra báta sem uppfylla skilyrði sem gerð eru til fiskiskipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni þannig að opnað er fyrir takmarkaðar veiðar þeirra sem ekki eru handhafar aflamarks eða krókaaflamarks.

Viðbrögð við þessu frumvarpi eru mikil úti í samfélaginu, eftirvæntingin er vissulega mikil, ég verð var við. Margir hafa haft samband, hringt, sent tölvupóst og forvitnast um hvar málið er statt og hvenær það verði afgreitt frá Alþingi, enda eftirvæntingin mikil.

Í þeirri ágætu bók *1984* eftir rithöfundinn George Orwell hafa handhafar valdsins fundið út þá aðferð að ef þeir taka orðið „frelsi“ út úr orðabókum muni fólk ekki lengur vilja frelsi. Þess vegna vekur það athygli mína að í áliti minni hlutans hefur nafni frumvarpsins, sem hingað til hefur verið í opinberri umræðu og snúist um frjálsar handfæraveiðar, verið breytt í „hið nýja banndagakerfi“ sem minni hluti nefndarinnar telur nú að eigi að vera nafnið á þessum lögum. Þetta er skólabókardæmi um það sem kallast spunastjórn í stjórnmálum, þ.e. að búa til neikvætt heiti yfir þá hluti sem manni er illa við og draga þannig upp málið allt í neikvæðri mynd.

Nú eru þeir saman komnir, talsmenn frelsisins til áratuga, talsmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokks, og tala um að meiri hluti nefndarinnar sé að búa til væntingar, hvetja til offjárfestingar. Það eru talsmenn markaðarins sjálfs sem vilja með þessum hætti og talsmáta sínum vernda einkaaðila fyrir hugmyndum sjálfs sín vegna þess að það er í þeirra huga hlutverk löggjafans að hafa vit fyrir þeim sem vilja stunda þessar frjálsu handfæraveiðar, sem meiri hluti nefndarinnar kýs að kalla svo, en minni hlutinn vill kalla hið nýja banndagakerfi.

Það er hætt við því, segir minni hluti nefndarinnar, talsmenn frelsisins, að einstaklingar fari sér að voða í þessum tilraunaveiðum, að væntingarnar verði of miklar þannig að menn sjáist ekki fyrir í þeim fjárfestingum sem þeir ráðast í. Þannig er nú komið fyrir þeim, talsmönnum frelsisins, á Íslandi í dag. Þeir fjalla efnislega um frumvarpið í áliti sínu og gefa því ekki fallega einkunn. Þar er talað um að þær fjölmörgu breytingar sem meiri hlutinn gerði eftir heimsóknir umsagnaraðila og sendingar og umsagnir frá hagsmunaaðilum séu veigalitlar og ómarkvissar, umsagnarferstur vegna málsins hafi verið hraklega stuttur, það sé allt í skötulíki, eins og segir í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„… og í rauninni stórfurðulegt að menn nálgist breytingar á fiskveiðistjórnarlögum með þessum hætti.“

Það sé flumbrugangur og ég veit ekki hvað og hvað.

Engu að síður, þegar vikið er að efnisatriðum frumvarpsins segir um 1. gr. að hún sé í sjálfu sér eðlileg og sjálfsögð og eingöngu til þess fallin að styrkja lagaframkvæmd sem tíðkast hafi um langt árabil. 2. gr. sé sömuleiðis til bóta að flestu leyti þannig að ekki er frumvarpið alslæmt að mati minni hlutans þó að hann kjósi á milli lína að setja fram gífuryrði um vinnubrögðin.

Meðferð þessa máls var þeim þingmanni sem stendur hér nokkuð lærdómsrík vegna þess að það er fyrsta málið sem ég sem þingmaður tek þátt í að fylgja inn í nefnd og fjalla um þar og koma svo aftur með það til 2. umr. Það er því ákveðið lærdómsferli. Mér þótti reyndar mikill tími fara í umsagnarferlið í störfum nefndarinnar. Það var að sjálfsögðu gaman að hitta allt það fólk sem kom, veitti umsögn og ræddi við nefndina en að mörgu leyti voru störf nefndarinnar eins og þau væru miðuð við starfshætti sem tíðkuðust áður en menn fundu upp tölvupóst eða fax vegna þess að oft komu umsagnaraðilar á fund nefndarinnar og sögðu frá efnisatriðum sem þegar voru öllum nefndarmönnum kunnug vegna þess að álitin höfðu þegar verið send. Mikið var um tvítekningar og þrítekningar í nefndinni þannig að að mínu mati fór mjög mikill tími í þetta ferli og hefði verið hægt að vinna málið miklu hraðar.

Það er dálítið merkilegt að verða vitni að því að minni hluti þingsins krefst þess í aðra röndina að mál séu unnin með ofurhraða þegar eitthvað annað sem hentar þeim er til

umræðu en hreyfa sig síðan á hraða snigilsins þegar kemur að málum sem munu hugsanlega búa til væntingar og offjárfestingar þannig að menn fari sér að voða.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu hefur verið tekið tillit til margra þeirra sjónarmiða sem fram komu. Helstu sjónarmiðin sem komu fram á fundum nefndarinnar varðandi strandveiðihluta frumvarpsins snúa að úthlutun hluta af byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðiári til strandveiða og áhrif þess á byggðir landsins. Í því samhengi var fjallað um svæðaskiptingu þá sem lögð er til í frumvarpinu og taldi meiri hlutinn að svæðaskiptingin væri til þess gerð að koma til móts við byggðasjónarmið. Hann taldi í ljósi fram kominna athugasemda rétt að reynt yrði að koma enn frekar til móts við þau byggðarlög sem verða fyrir skerðingu á byggðakvóta. Meiri hlutinn lagði því til að ráðherra verði heimilað að setja í reglugerð ákvæði um frekari svæðaskiptingu með það að markmiði að koma til móts við þau sveitarfélög sem fá nú minni byggðakvóta í sinn hlut. Þá var það enn fremur mat meiri hluta nefndarinnar að gera nokkrar breytingar á þeim skilyrðum sem fram komu í frumvarpinu. Meiri hlutinn lagði til að banndögum yrði breytt í föstudag og laugardag í því skyni að bæta hráefnismeðferð. Þá var einnig lögð til sú breyting að felld yrðu út skilyrði um tvær rúllur á mann að hámarki og loks lagði nefndin til að leyfilegt hlutfall ufsaafla af þorskafla hverrar veiðiferðar yrði hækkað úr 15% í 30%.

Meginreglan sem verið er að styrkja er að hver Íslendingur geti róið til fiskjar og stundað þá atvinnustarfsemi sem allir Íslendingar hafa getað stundað um áratugi og aldir. Hér er verið að auka möguleikana á nýliðun í sjávarútvegi og jafna aðgang. Þetta er gert í tilraunaskyni. Þeir bátar sem fara í þessar veiðar verða að hafa haffærisskírteini, þeir verða að tengjast eftirlitskerfi Vaktstöðvar siglinga og verið er að opna fyrir handfæraveiðar allra þeirra báta sem uppfylla skilyrði sem gerð eru til fiskiskipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni. Ég tel það afar jákvætt. Auðvitað munu menn síðan meta árangurinn af þessu þegar rétt rúmlega tveir mánuðir eru liðnir. Að mínu mati á það örugglega eftir að koma í ljós að það er meira en að segja það að róa út og ná sér í 800 kíló af fiski. Það er ekki eitthvað sem menn hlaupa til bara einn, tveir og þrír og gera en aðalatriðið er að menn hafa núna heimild til þess að gera það.

Það vekur sérstaka athygli að hér er verið að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem eru ákaflega ánægjulegar. Þá kemur í ljós að minni hluti nefndarinnar hefur mestar áhyggjur af þeim byggðum sem eru nánast í rúst vegna laganna um stjórn fiskveiða. (Gripið fram í.) Talað er um að þetta komi verst við þær byggðir þar sem íbúaþróun er neikvæð, þar sem fiskveiðiheimildum hefur fækkað, þar sem vinnslan hefur dregist saman. Nú hafa menn sem varið hafa lög um stjórn fiskveiða hvað harðast allt í einu gífurlegar áhyggjur af þeim byggðum sem orðið hafa hvað verst úti vegna þeirra laga.

Ég fagna þessu máli ákaft, ég tel það mjög mikilvægt og hlakka til að vinna það áfram í þinginu og í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

[17:21]

Frsm. minni hluta sjútv.- og landbn. (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og ég rakti við 1. umr. málsins er þetta ekki í fyrsta skipti sem við reynum að setjast niður við það að finna lausnir til að koma til móts við þarfir þeirra byggða sem hafa orðið illa úti í fiskveiðistjórninni og af ýmsum öðrum ástæðum. Það hefur auðvitað verið gert með margvíslegum hætti eins og ég rakti við 1. umr. þessa máls.

Einn yfirlýstur tilgangur þess frumvarps sem hér liggur fyrir er að styrkja byggðirnar. Þá vekjum við athygli á því að þannig hefur til tekist við stefnumótun þessa frumvarps að þar er gert ráð fyrir því að taka aflaheimildir, helminginn af byggðakvótanum og rúmlega það, frá þeim byggðarlögum þar sem verst stendur á, þar sem menn hafa mest misst frá sér af aflaheimildum og þar sem fiskvinnsla hefur dregist saman, þar sem búsetan á undir högg að sækja. Við sem reynum að horfa á þessi mál gagnrýnum augum veltum fyrir okkur hvort ekki mætti nálgast það með einhverjum öðrum hætti og höfum þess vegna hvatt til þess að við reynum að vanda okkur dálítið við þetta.

Ég hef litið þannig á að meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar hafi gert sér grein fyrir vanköntunum á þessu frumvarpi og það kemur í rauninni alveg fram í nefndaráliti meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar að hann hefur áhyggjur af þessum þætti málsins en í stað þess að takast á við það að reyna að sníða vankantana af, sem m.a. hljótast af því fyrirkomulagi sem er við svæðaskiptinguna, er frumvarpinu meira og minna vísað blankó til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann sem er að reyna að brýna okkur, aðra þingmenn, í að standa okkur vel varðandi byggðaþátt sjávarútvegsmálanna, hvaða hugmyndir hann hafi um það hvernig þessi svæðaskipting eigi að vera. Er hann þá þeirrar skoðunar að það eigi að minnka þessi svæði, fjölga þeim, hvort það eigi að leggja til grundvallar það sem ég nefndi þjónustusvæði, atvinnusvæði eða þess háttar. Það væri fróðlegt fyrir framvindu málsins að heyra þau (Forseti hringir.) sjónarmið frá fulltrúa meiri hlutans í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

[17:23]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Að sama skapi væri ákaflega fróðlegt að heyra hugmyndir hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar um það hvernig hann sjái fyrir sér að hægt væri að tryggja nýliðun í sjávarútvegi, hvernig hann sjái fyrir sér að hægt sé að mæta tiltölulega nýlegum úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem felur í sér að lögin um stjórn fiskveiða á Íslandi mismuni þegnunum með alvarlegum hætti og brjóti á þeim mannréttindi, hvernig hann sjái fyrir sér að hægt sé að gera einhverjar þær breytingar á lögum um stjórn fiskveiða að það séu ekki byggðir í landinu þar sem íbúaþróun er neikvæð eins og hann talaði um, þar sem vinnslan dregst saman og þar sem veiðiheimildum fækkar.

[17:24]

Frsm. minni hluta sjútv.- og landbn. (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nú brestur mig minni til þess að rifja upp þá nafngift sem þeir fá sem svara spurningum með annarri spurningu og sneiða síðan fram hjá því að reyna að svara þeirri spurningu sem fyrir þá var lögð. Ég spurði hv. þingmann, alveg að gefnu tilefni, vegna þess (Gripið fram í.) að hann varði nokkrum hluta af ræðu sinni í að velta fyrir sér byggðaþætti fiskveiðistjórnarlaganna, hvaða hugmyndir hv. þingmaður og þá e.t.v. meiri hluti nefndarinnar hefði haft um það hvernig ætti að bregðast við með þeim hætti sem nefndin leggur fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að gert sé.

Það er vakin athygli á því að sú svæðaskipting sem boðuð er í frumvarpinu sé ekki til þess fallin að styrkja byggðirnar, það er í rauninni viðurkennt af meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, og þá hafði ég gert ráð fyrir því að nefndin hefði a.m.k. grófar hugmyndir um það fyrir sína parta hvernig þessum málum yrði breytt, hvort t.d. ætti að fækka þessum svæðum eða fjölga þeim, sem ég hefði talið að væri miklu rökréttara til að reyna að tryggja að sá afli sem veiddur er í þessu kerfi verði lagður upp þannig til vinnslu í veikustu byggðarlögunum.

Hv. þingmaður spurði mig margra spurninga (Gripið fram í.) og ég get sagt að það er auðvitað ýmislegt til sem við höfum gert í fiskveiðistjórnarkerfinu til að reyna að koma til móts við þarfir byggðanna. Þar ber kannski hæst innleiðingu þessa mikla kerfis, smábátakerfisins, sem sannarlega hefur orðið til þess að styrkja sjávarbyggðirnar í landinu.

Varðandi álit mannréttindanefndarinnar komst ekki hnífurinn á milli mín og Samfylkingarinnar í þeim efnum þegar við vorum að skrifa mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna svar. Við vorum sammála um hvernig ætti að vinna að því máli og um það var enginn ágreiningur milli flokkanna þannig að það svarar út af fyrir sig spurningu hv. þingmanns.

En ég ítreka mína spurningu: Hvernig sér meiri hluti nefndarinnar, svo ég fjalli bara um það frumvarp sem hér liggur fyrir, fyrir sér að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið bregðist við óskum nefndarinnar um (Forseti hringir.) að koma til móts við þarfir byggðanna í ljósi þeirra athugasemda sem hafa komið fram við þetta frumvarp?

[17:26]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki miklu við það að bæta sem fram kemur í áliti meiri hluta nefndarinnar. Málinu er vísað til frekari útfærslu í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Ég ítreka það sem ég hef sagt hér, (Gripið fram í.) þetta mál er unnið í tilraunaskyni og menn munu hafa tækifæri til þess í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að fjalla um það í ljósi þeirrar reynslu sem við öðlumst af þessu í sumar. Þá verður hægt að fara yfir málið efnislega með þá reynslu í huga. Aðalatriðið er hins vegar að með þessu var komið til móts við þau fjölmörgu sjónarmið sem vissulega komu fram í þessum efnum, bæði frá minni hluta nefndarinnar og þeim fjölda umsagnaraðila sem kom á fund nefndarinnar.

[17:27]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er að mörgu leyti búið að vera áhugavert að hlusta á talsmann meiri hlutans, hv. þm. Róbert Marshall, þegar hann gagnrýnir okkur sjálfstæðismenn fyrir að gagnrýna þetta frumvarp og talar um að talsmenn frelsisins vilji nú tala um banndagakerfið — þetta er þó í rauninni ekkert annað — og að við tölum um offjárfestingu sem það gæti leitt af sér á ákveðnum hluta greinarinnar, þegar við erum á sama tíma bara að ræða og endurspegla skoðanir hinna fjölmörgu umsagnaraðila sem komið hafa fram í ferli málsins.

Það var enn fróðlegra að upplifa í fyrsta skipti, alla vega fyrir mig sem þingmann sem starfar í nefndum þingsins, þau samskipti sem hv. þingmaður bendir á í þingræðu að eiga við umsagnaraðila. Hann talar um að það sé eins og fundir þingnefndanna séu haldnir fyrir tíma tölvupósts- og faxtækni.

Með öðrum orðum, það fari allt of mikill tími í að fá til okkar hagsmunaaðila sem kjósa að hitta þingmenn, sem kjósa að fá að ræða við þingnefndir í ferli mála og að koma skoðunum sínum á framfæri til þess að geta tekið þátt í gagnrýninni umræðu á þingnefndarfundum. Það kýs hv. þingmaður að fari í framtíðinni fram í formi tölvupóstsskeyta og faxsendinga. Það kom ítrekað fram á nefndarfundum, það vakti mikla athygli og er nýlunda. Ég frábið mér, virðulegi forseti, slík vinnubrögð.

Það er hlutverk þingnefndar að fjalla ítarlega um mál. Það er hlutverk þingnefnda að fá á sinn fund þá aðila sem þess óska. Og það er hlutverk formanna og forustumanna þingnefnda að boða til fundar þá aðila sem þingmenn í viðkomandi nefnd óska eftir að fá á fund nefndarinnar til að ræða þau mál sem þar liggja fyrir. Því var einnig hafnað í þessari málsmeðferð. Okkur var neitað um að fá Landhelgisgæslu Íslands á fund nefndarinnar til að ræða um þau öryggissjónarmið sem komið hafa fram í þessari umræðu varðandi smábátasjómennina af því það var ekki tími til þess hjá hv. nefndarmönnum meiri hlutans. Vorum við þó að ræða kannski það mikilvægasta sem fram hefur komið í þessu máli, þ.e. öryggismál sjómanna.

Ég vil bæta því við áður en ég held áfram að við vorum gagnrýnd fyrir það í minni hlutanum að vilja vinna að málinu á skjaldbökuhraða. Við urðum þó við ítrekuðum beiðnum formanns nefndarinnar um að halda aukafund í nefndinni. Nokkrir aukafundir voru haldnir og aldrei var mælt gegn því af hálfu okkar í minni hlutanum. Við vorum tilbúin til að leggja á okkur mikla aukavinnu til þess að reyna að hraða þessu máli en við vildum jafnframt reyna að gera það með sem bestum vinnubrögðum svo að sem flest sjónarmið kæmust til skila.

Verið er að ræða um mjög umdeilt frumvarp sem fjallar um strandveiðar, frístundaveiðar og fleiri þætti. Við höfum fengið alvarlegar athugasemdir frá flestöllum umsagnaraðilum þessa máls og í því felst engin pólitík. Vélstjórnar- og málmtæknimenn, Byggðastofnun, Samtök ferðaþjónustu, LÍÚ, Sjómannasambandið, Samtök fiskvinnslustöðva, Farmanna- og fiskimannasambandið, fjölmörg sveitarfélög,

Samband íslenskra sveitarfélaga og smábátasjómenn hafa öll gert alvarlegar athugasemdir meira og minna við þetta frumvarp og hafa stórar áhyggjur af afleiðingunum.

Er þá eitthvað að því að gefa þessu máli þann tíma sem það þarf? Einhver sagði áðan, hv. þingmaður, að þetta væri sett fram til þess að hver Íslendingur gæti í framtíðinni róið til fiskjar og selt afla sinn eins og gert var í gamla daga.

Þessi hugmynd var sett fram af hálfu vinstri grænna í vinstri grænni rómantík nokkru fyrir kosningar og með því ætluðu vinstri grænir að slá sig til riddara. Það er í rauninni ekkert annað en lýðskrum vegna þess að málið var algjörlega óathugað og óútfært. Síðan hafa hv. þingmenn Samfylkingarinnar komist í málið og ekki hefur það nú lagast við það.

Það getur í sjálfu sér hver Íslendingur róið til fiskjar. Til þess að hver Íslendingur geti róið til fiskjar í því fiskveiðistjórnarkerfi sem við störfum eftir þarf hann einfaldlega að hafa aðgang að bát og kaupa sér veiðiheimildir. Það sem gerst hefur í þessu tilfelli er að verðmæti smábáta hefur farið upp úr öllu valdi. Smákænur sem hafa jafnvel ekki farið á sjó í langan tíma, bátar sem höfðu ekki hátt verðgildi, hafa jafnvel margfaldast í verði.

Er það til að greiða fyrir nýliðun í greininni eins og eitt af markmiðum frumvarpsins er sagt vera? Er það valið til þess? Nei, virðulegi forseti. Það hefði verið miklu nær að þeir aðilar sem þurfa í dag að kaupa sér báta sem hafa margfaldast í verði hefðu bara getað keypt sér ódýrari báta og keypt sér aflaheimildir fyrir mismuninn, róið til fiskjar, gert upp í heimabyggð, náð sér í byggðakvóta og þannig farið þá leið sem nýliðarnir fara en er í raun verið að stúta með þessu frumvarpi.

Hraðinn er mikill. Umsagnaraðilum er gefinn mjög lítill tími og við þingmenn minni hlutans erum vændir um að vilja vinna á skjaldbökuhraða. Þetta er dæmi um forgangsröðun hjá þessari hæstv. ríkisstjórn og hjá þessum vinstri flokkum. Það á að vinna svona umdeild mál á miklum hraða í gegnum þingið á meðan allur fagurgalinn um skjaldborg heimilanna, lausnir á vandamálum fyrirtækjanna, lausnir á vandamálum heimilanna í landinu, liggur á milli hluta eins og komið var inn á við setningu þessa þingfundar í dag.

Verið er að taka mikið af eldri bátum í notkun út af þessu frumvarpi og það er einn af þeim neikvæðu þáttum sem eru í þarna að menn hafa áhyggjur af því hvernig meðferð á afla verði vegna þess að aðstöðuleysi er mikið í þessum bátum. Verið er að breyta skemmtibátum í fiskveiðibáta og það er engin aðstaða til þess að vinna sómasamlega úr þeim afla sem fæst.

Við erum þess vegna líka að búa til kerfi sem leiða má líkur að því að rýri aflaverðmæti sem kemur að landi. Það er eitthvað sem við þurfum ekki á að halda núna í þeim bágindum sem eru hjá þessari þjóð þegar við þurfum í rauninni að hámarka verðmæti alls þess sem kemur að landi.

Um það eru engar reglur settar í frumvarpinu. Ekki er heldur talað um að það eru margir nú þegar í kvótakerfinu sem hugsa sér jafnvel að geyma fiskveiðiheimildir til næsta fiskveiðiárs. Þeir sem eru jafnvel með línubáta og báta í núverandi kerfi fara yfir í þetta kerfi og hafa þar með mikið forskot á þá sem koma nýir inn. Við skulum átta okkur á því að þessar svokölluðu frjálsu veiðar eru frjálsar bara upp að ákveðnu aflamarki. Þegar því er náð er þessum veiðum lokið og samkeppnisstaða manna verður mjög mismunandi.

En margir þeirra sem velja þessa leið með allar tilheyrandi fjárfestingar gera það í trausti þess að ekki sé bara tjaldað til einnar nætur. Þannig talaði fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, núverandi fjármálaráðherra, og gaf góðar vonir um að þetta yrði til frambúðar. Nú tala þessir sömu aðilar, vinstri flokkarnir hér á þingi, um að þetta sé tilraunaverkefni og að framtíðin sé alls óráðin.

Mikið var rætt um það í nefndinni að öryggismálin væru sá þáttur sem yrði að skoða alveg sérstaklega. Það kemur ekki síst til af því að menn hafa áhyggjur af því að dregnir verði fram bátar sem langt er síðan hafa farið á sjó og eru jafnvel gamlir. Það kom fram í nefndinni af hálfu Siglingastofnunar að það er mikið af óreyndum skipstjórnarmönnum sem hafa sótt réttindi sín og ætla sér að fara að stunda þessar veiðar. Það eru engar skyldur gerðar til þessara manna um að sækja öryggisnámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna og það er ekkert eftirlit með því hvort þeir hafi farið á slík öryggisnámskeið.

Við höfum á undanförnum árum náð undraverðum árangri í öryggismálum sjómanna svo eftir er tekið. Íslendingar standa sennilega einna fremstir þjóða þegar kemur að því að fækka slysum á sjó og alveg sérstaklega banaslysum. Það er skýlaus krafa okkar sem um þau mál höfum fjallað að ekki verði slakað á klónni á þessum vettvangi.

Eftir fund með nefndinni breytti Siglingastofnun vinnureglum sínum varðandi haffærisskírteini fyrir þessa báta. Verið var að gefa þeim undanþágu frá því að setja fjareftirlitsbúnað um borð í skipin og undanþágan gildir í einn til þrjá mánuði, hún gildir sem sagt í sumar. Það lá því fyrir að fjöldi báta fór á sjó án þess að vera búinn fjareftirlitsbúnaði. Þeir bátar sem fá haffærisskírteini í dag þurfa að uppfylla þessar kröfur, það er orðið skilyrt, en búið var að gefa út fjölda haffærisskírteina með undanþágu. Það mun kalla á mikla vinnu þeirra sem við þessi eftirlitsstörf starfa og hefur mikinn kostnað í för með sér eða getur haft það og er auðvitað eitt af þeim atriðum sem renna hér í gegn vegna þess hversu illa málið er unnið og undirbúið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Það er margt annað sem mun rýra öryggi þeirra sem þessa sjómennsku stunda. Það eru t.d. tímamörkin á sólarhringsvaktinni, að það megi vera tólf tíma á sjó og dagbann á föstudögum og laugardögum. Það kallar á að róið verður við erfiðar aðstæður. Þetta eru veiðimenn sem ætla að fara út og í stað þess að bíða eftir betri aðstæðum er farið á sjó til þess að uppfylla þau tímamörk og þær reglur sem sett eru í kringum þetta.

Ég tala nú ekki um forskot þeirra sem eru með hraðfiskibátana og komast hratt á miðin á kostnað þeirra sem eru kannski nýliðar í þessu með hæggengari, eldri báta sem þeir hafa keypt til að geta róið til fiskjar. Þeir eru í mjög skertri samkeppnisstöðu gagnvart þessum aðilum. Það er allt saman út af því hversu vanunnið þetta frumvarp er, öll þessi atriði.

Það sama á við um eftirlitshlutann. Okkur var neitað um að fá á fund nefndarinnar fulltrúa Landhelgisgæslunnar til að leita eftir sjónarmiðum þeirra varðandi öryggismál sjó-

manna. Það sama á við um eftirlitshlutann. Hann hefur lítið verið skoðaður, eins og fram kom hjá fulltrúum Fiskistofu, og þeir eru í raun í algjörri óvissu með það hvað þetta muni þýða. Þeir sögðu að það færi auðvitað eftir því hversu margir færu að stunda þessar veiðar. Þar munum við sjá fram á mikinn aukinn kostnað við starfsmannahald og það eftirlit sem þarf að vera í kringum þetta vegna þess að vissulega er þessum málum þannig fyrir komið að mjög auðvelt verður að brjóta þær reglur sem hér eru settar er vilji er til þess.

Þetta hefur áhrif á fyrirtæki í ferðaþjónustu, á þá sem stunda frístundaveiðarnar á Vestfjörðum og eru að byggja þar upp öfluga ferðaþjónustu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum eru þeir aðilar að skoða það í fullri alvöru að gera báta sína frekar út á þetta en að stunda ferðaþjónustu. Í þeim málaflokki var reyndar búið að ná ákveðinni sátt á vorþingi sem ekki var litið til nú.

En alvarlegasta málið í þessu eru áhrifin á veikari byggðir landsins, áhrif á þær byggðir sem byggja grunnafkomu sína á byggðakvótanum. Ekki hefur verið sátt um byggðakvótann í gegnum árin en vissulega er úthlutun byggðakvótans komin í þann farveg núna undanfarið ár, getum við sagt, að sáttin hefur aukist og menn hafa verið að leika eftir ákveðnum reglum sem nú er verið að breyta í miðjum leik. Byggðakvótinn byggist á því að smábátar sem hann hafa fengið, þær útgerðir sem hann fá, landa í heimabyggð til vinnslu í sinni heimabyggð til þess að efla atvinnuvegi í þar. Þeir þurfa að landa tvöföldum þeim afla sem þeir fá byggðakvóta út á þannig að þar er kominn ákveðinn grunnur undir fiskvinnslu á þessum stöðum. Nú á að hirða helminginn af byggðakvótanum og setja hann á sumarveiðar þegar hráefnið er verra, þegar vinnslurnar eru ekki allar starfandi og það er ekki skilyrði að menn landi í heimabyggð.

Byggðakvótinn hefur verið leið nýliðanna inn í greinina en það er verið að rýra hana ef ekki eyðileggja með þessu. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar byggðarlaga sem hafa af þessu verulega miklar áhyggjur og segja hreinlega að fari byggðakvótinn frá þessum svæðum eða rýrni mikið fari grunnurinn undan fiskvinnslu þar. Þarna er um að ræða veikustu byggðirnar. Þetta frumvarp vinstri flokkanna vinnur því alveg gegn því sem lagt er upp með að gerist, gegn þeim markmiðum sem það á að ná.

Það er t.d. lengdin á miðin. Það er mjög mismunandi hversu langt er á miðin frá þessum bæjum og menn munu auðvitað fara á þá staði þar sem styst er á miðin út af tólf tíma reglunni. Þannig færi mikið af þessum afla frá veikari byggðum til sterkari byggða.

Hraðinn í þessu máli virðist vera það sem er númer eitt, tvö og þrjú. Gæðin skipta miklu minna máli. Vinnubrögðin eru forkastanleg og mjög óvenjuleg. Það er ákaflega sérstakt að þrátt fyrir ítrekaða aukafundi sem við í minni hlutanum vorum tilbúin til að taka þátt í til þess að greiða fyrir málinu er okkur neitað um umsagnaraðila og við vænd um að vilja vinna á skjaldbökuhraða. Það lá við að það ætti að segja við þá aðila sem óskuðu eftir að koma á fund nefndarinnar: Sendið bara tölvupóst eða skeyti. Við getum lesið frá ykkur það sem þið viljið koma á framfæri.

Þetta er alveg óháð því, virðulegi forseti (Forseti hringir.) að það geti verið full ástæða til þess að endurskoða einhverja þætti fiskveiðistjórnarkerfisins. Í þá vinnu (Forseti hringir.) erum við sjálfstæðismenn tilbúnir að fara en hér verður skynsemin að ráða för.

[17:48]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er merkilegt að hlusta á hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins tala hring eftir hring í þessu máli. Sömu menn og tala af mikilli hörku gegn breytingum á núverandi kvótakerfi hafa mestar áhyggjur af nýliðun í greininni og hafa mestar áhyggjur af þeirri von sem hefur vaknað hjá fólki í veikum byggðum vegna þessa frumvarps sem hér liggur fyrir, þess þáttar þess sem lýtur að strandveiðum. Það er nefnilega hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni að væntingarnar eru miklar, væntingarnar eru þær að menn eru meira að segja, eftir að hafa skoðað málið vel, farnir að hugleiða það að fara t.d. úr frístundaveiðum yfir í strandveiðar. Það ætti að segja eitthvað um það hvaða möguleika menn sjá í því að geta farið á sjó og hafið handfæraveiðar.

Ég kem hins vegar upp til að gera svolitla athugasemd við þessa umræðu um umsagnirnar fyrir nefndinni. Hv. þm. Jón Gunnarsson talaði eins og einhverjum umsagnaraðilum sem hefðu sjálfir óskað eftir að fá að koma fyrir nefndina hefði verið neitað um það. Það er ekki rétt. Þeir sem óskuðu eftir að fá að koma fyrir nefndina fengu það fyrir utan einn aðila sem óskaði eftir því of seint.

Varðandi það að því hafi verið hafnað að fá fulltrúa Landhelgisgæslunnar á fund þá er það einfaldlega rangt. Fulltrúar Landhelgisgæslunnar verða boðaðir til fundar nefndarinnar en þar sem tími vannst ekki til slíks fundar áður en gengið var frá nefndarálitinu var óskað eftir skriflegum athugasemdum frá Landhelgisgæslunni og þeir óskuðu ekki eftir því sjálfir að koma fyrir nefndina svo það sé alveg skýrt. En tíminn er dýrmætur, líka fyrir þá sem kallaðir eru fyrir nefndir og til þess hefur líka (Forseti hringir.) verið tekið tillit.

[17:50]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum áhyggjur, þingmenn minni hlutans, af veikum byggðum varðandi þetta frumvarp. Við segjum það alveg kinnroðalaust að þetta frumvarp er til þess fallið í mjög mörgum tilfellum að veikja þær enn frekar og þetta vita hv. þingmenn meiri hlutans í þessu máli. Þetta vita hv. þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna, að það er ekkert annað í þessu en ávísun á það að þær byggðir sem veikast standa munu verða enn veikari á eftir og af því höfum við áhyggjur og segjum þar með að þetta frumvarp, eins og það er sett fram, mun ekki að ná markmiðum sínum. Það er algerlega kristaltært.

Ég sagði ekki, virðulegi forseti, að umsagnaraðilum sem leitað hefðu eftir því að fá að koma á fund nefndarinnar hefði verið neitað um það. En ég skýrði frá því að þau sjónarmið hefðu komið upp í málflutningi hv. þingmanna meiri hlutans í þessu máli innan nefndarinnar að það væri óþarfi að fá þetta fólk á fund nefndarinnar, það væri nær að láta

senda okkur tölvupósta eða faxskeyti til að það gæti komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Það getur vel verið að hin nýja kynslóð þingmanna sem hér er haldi það eins og hv. þm. Róbert Marshall kom inn á í sinni ræðu, haldið það að slíkt komi í stað eðlilegra skoðanaskipta á nefndarfundum þar sem menn geta talað nokkuð hreint út um málin og svarað spurningum og tekið þátt í umræðum um málið. Það kemur ekkert í stað þess. Það var aftur, svo ég ítreki það, neitað, okkur var neitað um það að fá fulltrúa Landhelgisgæslunnar á fund nefndarinnar og það er alveg furðulegt að hv. nefndarmenn, Samfylkingar (Forseti hringir.) og Vinstri grænna, skuli geta gengið frá nefndaráliti (Forseti hringir.) í þessu máli án þess að hafa hlustað á rök þeirra gagnvart öryggismálum.

[17:52]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ítreka það að meiri hluti nefndarinnar telur mjög þarft að ræða við Landhelgisgæsluna um öryggismál sjómanna og sjófarenda almennt og yfirleitt og mun gera það.

Ég vil þakka minni hluta nefndarinnar fyrir að hafa verið leiðitamir og fúsir að koma á aukafundi í nefndinni. Það er rétt að láta það koma fram samhengisins vegna að þeir fundir voru flestir til komnir vegna sífelldra óska minni hlutans um sífellt fleiri umsagnaraðila sem mættu á fundi nefndarinnar og sátu þar og eyddu tíma sínum í að hlusta á menn í málflutningi sem vissu svo varla um hvað þeir ætluðu að spyrja þessa sömu umsagnaraðila. Það komu upp nokkur vandræðaleg augnablik af því taginu á fundum nefndarinnar en látum það nú vera.

Aðalatriðið er kannski það að þetta strandveiðifrumvarp hefur vakið væntingar eins og fram hefur komið. Þetta eru kannski jákvæðustu og bestu fréttir sem smábátasjómenn víða um land hafa fengið í þeirri örðeyðu og þeim erfiðleikum sem þjóðin stendur frammi fyrir þessa erfiðu mánuði og erfiðu missiri. Það er því undarlegt að hlusta síðan á og verða vitni að, þann tíma sem málið hefur verið í meðförum nefndarinnar, markvissri viðleitni til að tefja þetta mál og koma í veg fyrir að sá reynslutími sem við ætlum okkur að læra af verði fullnýttur. Hann er orðinn verulega skertur nú þegar vegna tafa og það er bagalegt fyrir þá sem eiga mestra hagsmuna að gæta af þessu frumvarpi.

[17:54]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Tíminn er verulega skertur vegna málatilbúnaðar vinstri flokkanna í þessu máli sem öðrum. Þeir eru að koma á síðustu metrunum hlaupandi inn með mikilvæg og stór mál og við eigum að þegja og afgreiða þetta í gegn eins og ekkert sé. Ég frábið mér þessi vinnubrögð. Þegar hv. formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar eða varaformaður sem hefur stýrt nefndarstörfum í fjarveru formanns kemur og segir að þessu máli séu einhverjar mestu væntingar og að það sé bestu fréttir fyrir smábátasjómenn og sjómenn um allt land þá veit ég ekki hvað virðulegur hv. þingmaður á við. Ég gerði grein fyrir því áðan að öll samtök sjómanna í landinu, samtök útvegsmanna, samtök smábátasjómanna, samtök sveitarfélaga, fjölmörg einstök sveitarfélög hafa lýst yfir stórkostlegum áhyggjum af málinu. Ég veit ekki, virðulegur forseti, hvar hv. þingmaður hefur verið í þessum nefndarstörfum. Hún hefur greinilega ekki verið að hlusta á þá sem hafa komið á fundi nefndarinnar til að tjá áhyggjur sínar. Væntingarnar liggja hjá þeim sem eru að kaupa sig inn í greinina eða fjárfesta í henni og eru búnir að gera það. Þær liggja þar. Margir af þeim eru þeir sem áður voru búnir að selja sig út úr greininni eins og fram hefur komið á fundum nefndarinnar. Það hefur ítrekað komið fram að margir þeirra sem voru búnir að selja sig út úr greininni hafa þekkingu og reynslu. Það eru þeir sem eru að koma inn í hana aftur í þessu kerfi.

En áhyggjurnar liggja klárlega hjá öllum samtökum sjómanna í landinu og útgerðarmanna, sveitarfélaga og aðrir sérstaklega smærri byggða sem eiga undir högg að sækja og sjá afkomu sinni ógnað við þessar aðstæður.

[17:57]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, það er merkilegt enn og aftur að hlusta á málflutning sjálfstæðismanna í þessu máli. Þó að hér hafi komið fram hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni að þeir væru tilbúnir að liðka til og koma þessu máli í gegn og annað því um líkt þá liggur alveg ljóst fyrir að þeir reyndu allt sem þeir gátu til að þæfa og tefja þetta mál. Formaður nefndarinnar eða varaformaður öllu heldur, hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir, var mjög lipur í málinu og þeir fengu ítrekað að bæta inn umsagnaraðilum og það var alveg ámátlegt fyrir mitt leyti að sitja undir því, eins og Ólína Þorvarðardóttir kom inn á, þegar menn koma ítrekað inn á fundina sem ekki voru búnir að lesa frumvarpið. Mestur tíminn fór í ræður sjálfstæðismanna og þeir höfðu ekki hugmynd um hvað þeir ættu að spyrja nefndarmennina að. (Gripið fram í.) Maður hlýtur að spyrja sig að því hvort hv. þingmenn vilji ekki segja það hreint út að þeir séu algerlega mótfallnir frumvarpinu í staðinn fyrir að tala svona tvennu máli. Þeir tala í hring í þessu máli. Í einni setningunni kemur fram að þeir séu fylgjandi því að skoða það að ætla að fara í strandveiðar. Í því samhengi ætla ég að koma með eina spurningu til Jóns Gunnarssonar varðandi það hvort hann sé yfir höfuð hrifinn af því að farið sé í frjálsar handfæraveiðar eða frjálsar strandveiðar við Ísland.

[17:58]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Ég vil minna hv. þingmenn á að ávarpa hv. þingmenn á réttan hátt.

[17:58]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér fer hv. þingmaður hreinlega með rangt mál. (**Gripið fram í:** Nei.) Ég óska eftir því að hv. þingmenn sem koma með fyrirspurnir við ræðu mína nefni þá umsagnaraðila sem þeim þykir eftir á að hyggja að hafi ekki átt erindi á fundi nefndarinnar. Ég bið þá að nefna þá. Ég fullyrði að hverjum og einum sem kom fyrir nefndina þótti þeir eiga erindi og við alla þeirra áttum við umræður og að sjálfsögðu þurftum við sjálfstæðismenn að hafa ein-

hverja forsögu að okkar málum. Ég hafna því að við höfum verið að gera þetta til að tefja fyrir málinu þegar við á sama tíma vorum tilbúin til að halda fundi á hverjum þeim tíma sem hv. formaður nefndarinnar óskaði eftir. Málið er einfaldlega ekki svona vaxið. Við vorum tilbúin til að taka þátt í fundum en við vildum fá á fundi nefndarinnar þá aðila sem við töldum mikilvægt að hitta og ræða við og fá fram skoðanir og það er grundvallaratriði í öllu nefndarstarfi á þingi. Þar er vettvangurinn til að leita sjónarmiðanna í samfélaginu. Þar er vettvangurinn til að breyta málum. Það er hinn lýðræðislegi vettvangur fyrir almenning til að eiga samskipti við þingmenn og geta komið fram með sjónarmið sín og skoðanir þannig að við hv. þingmenn tökum tillit til þeirra og komum því inn í það frumvarp sem er til umræðu.

Varðandi það hvort við sjálfstæðismenn erum algerlega mótfallnir strandveiðum þá hef ég sagt það ítrekað í þessari umræðu að við sjálfstæðismenn erum tilbúnir í málefnalega vinnu við að endurskoða ákveðna þætti fiskveiðistjórnarkerfisins okkar. Ég er tilbúinn í þá vinnu, það hef ég ítrekað sagt. Það eru á því vankantar sem þarf að sníða af. En við skulum ekki gleyma því (Forseti hringir.) hverju þetta fiskveiðistjórnarkerfi hefur skilað okkur og byltingarkenndar hugmyndir eins og þær sem komið hafa fram hjá vinstri stjórn landsins eru til þess fallnar (Forseti hringir.) að vekja miklar áhyggjur um allt land.

[18:01]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil auðvitað taka undir með hv. þm. Jóni Gunnarssyni um að það er mikilvægt að nefndarstarfið sé öflugt og að það sé vettvangurinn til að kalla inn hina ýmsu hagsmunaaðila. Þegar kemur að því hvort hann sé hlynntur strandveiðum eða ekki þá kemur það glögglega í ljós að sjálfstæðismenn tala um að þeir séu tilbúnir að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið en þeir eru búnir að vera við völd í 18 ár. Stór hluti þjóðarinnar er mótfallinn því kerfi sem nú er við lýði og ég trúi því ekki fyrr en ég sé það að Sjálfstæðisflokkurinn sé tilbúinn, miðað við þann málflutning sem verið hefur í þinginu við setningu þings og fleira, þá trúi ég því ekki fyrr en ég sé það að Sjálfstæðisflokkurinn sé tilbúinn til að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið og ná sátt við þjóðina í þessu máli. Ég trúi því ekki fyrr en ég sé það en ef það verður þá fagna ég því.

Hins vegar vil ég segja að er alveg með ólíkindum að horfa á Sjálfstæðisflokkinn koma trekk í trekk og verja núverandi kerfi, alla þá galla og meinbugi sem á því eru og maður fer að velta því fyrir sér hvort Sjálfstæðisflokkurinn sé deild í LÍÚ eða öfugt.

[18:02]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það kveður við kunnugleg vísa þegar reynt er að spyrða Sjálfstæðisflokkinn við LÍÚ á sama tíma og við getum nánast sleppt þeim í þessari umræðu vegna þess að það eru byggðirnar út um allt land, það eru smábátasjómennirnir, það eru sjómannasamtökin, Farmanna- og fiskimannasambandið, það eru vélstjórarnir, það eru allir með athugasemdir við þetta. Þá kjósa fulltrúar vinstri stjórnarinnar að tala alltaf um LÍÚ í því sambandi til að draga þá aðila fram sem einhverja grýlu í þessu máli. En þeir kjósa að horfa fram hjá sannleikanum í málinu. Þeir kjósa það.

Hv. þm. Ásmundur Einar Daðason segist ekki trúa því að sjálfstæðismenn séu tilbúnir að fara í vinnu við það að skoða ákveðna þætti fiskveiðistjórnarkerfisins og þeir séu búnir að vera við stjórn lengi og hafi ekki nýtt tímann til þess. Á því tímabili hafa ákveðnar breytingar verið gerðar á fiskveiðistjórnarkerfinu og í stjórnarsáttmála síðustu ríkisstjórnar sem Sjálfstæðisflokkurinn átti sæti í ásamt Samfylkingunni, sem tók við völdum vorið 2007, var ákvæði um að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið. Sú vinna var ekki farin af stað og það var ekki sjálfstæðismönnum að kenna. Þessi yfirlýsing hefur legið fyrir frá sjálfstæðismönnum í nokkurn tíma og ég frábið mér það að okkur sé lagt eitthvað í munn í þeim efnum heldur séu hlutirnir teknir eins og við segjum þá vegna þess að við meinum alveg það sem við segjum í þessum efnum og ég segi það fullum fetum að það eru ákveðnir vankantar á þessu fiskveiðistjórnarkerfi sem ber að sníða af. En sá árangur sem við höfum náð með fiskveiðistjórnarkerfi okkar er engin tilviljun og það er engin tilviljun að fjöldi annarra þjóða og þar með Evrópusambandið (Forseti hringir.) lítur til okkar og fiskveiðistjórnarkerfis okkar þegar kemur að endurskipulagningu þeirra fiskveiðistjórnarkerfis.

[18:04]

Útbýting:

Hálaunastörf á vegum ríkisins, 95. mál, fsp. SkH, þskj. 121.

Meðferð aflaheimilda, 51. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 119.

Nefndir og nefndalaun, 96. mál, fsp. SkH, þskj. 122.

Neyslustaðall, 99. mál, fsp. EyH, þskj. 125.

Skýrsla Seðlabankans um stöðu heimilanna, 98. mál, fsp. EyH, þskj. 124.

[18:05]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Við erum að ræða svokallað strandveiðifrumvarp en enn og aftur fer sjávarútvegsumræðan öll á hliðina. Menn tala alltaf um hlutina í öðru merki en þeir eru. Ég verð að segja að mér finnst mjög dapurlegt að hv. þm. Ásmundur Einar Daðason skuli tala með þeim hætti sem hann gerir. Hann talar með lítilsvirðingu til heillar atvinnugreinar og ég ætla að fá að rifja upp að gefnu tilefni því mér finnst fólk tala af mikilli vankunnáttu um þetta.

Þetta kvótakerfi var sett á 1984 eftir mjög svarta skýrslu frá Hafrannsóknastofnun. Og hvað stóð í henni? Það stóð að ef menn mundu ekki grípa til róttækra aðgerða mundi verða endanlegt hrun sjávarútvegs á Íslandi. Við skulum halda því til haga. Hvað var gert? Jú, veiðiréttur þeirra manna sem störfuðu í greininni, sem var þá sóknarmarkskerfi, var skertur um 40%, þ.e. þeir sem veiddu 1000 tonn á ári máttu veiða 600 tonn. Þannig var þessi svokallaði gjafakvóti sem vinstri menn hafa oft notað í málflutningnum í sambandi við sjávarútveginn.

Svo finnst mér líka mjög dapurlegt þegar menn gera lítið úr þessu og kalla fram svona gamlar lummur eins og hv.

þm. Jón Gunnarsson benti á, þegar talað er um einhverja í LÍÚ. Þetta er náttúrlega ekki mönnum sæmandi að tala með þessum hætti. Það er það ekki. Það er komið mikið meira en nóg af svona málflutningi. Það sem ég ætla að segja við ykkur er þetta, hv. þingmenn, að fólkið sem starfar í sjávarútvegi í dag, 95, 96, 97–99% þess gerir það af fullum heilindum til að halda uppi atvinnu í byggðinni sinni og engu öðru. Það er ekki að gera það af einhverjum öðrum hvötum eins og virðist oft liggja í málflutningi sumra manna. Það er bara þannig og það er mikilvægt að halda því til haga. Síðan geta menn gert lítið úr því og átt það bara við sjálfa sig. En mig langar að lesa úr umsögn sem kom frá bæjarstjórn Stykkishólms við þetta frumvarp. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Enn eitt áfallið yfirvofandi í Stykkishólmi? Stykkishólmsbær mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem fram hafa komið samanber frétt á vef sjávarútvegsráðuneytisins nr. 15/2009 dags. 16.4.2009 varðandi upptöku strandveiða á kostnað úthlutunar byggðakvóta.

Byggðakvóta til Stykkishólmsbæjar hefur verið úthlutað á grundvelli hruns á hörpudiskstofni og aflabrests af þeim sökum og síðar banns við veiðum á hörpudisk. Það er ljóst að ef af þessum hugmyndum um strandveiði verður mun það hafa slæm áhrif á veiðar og vinnslu í Stykkishólmi og þar með alvarleg áhrif á atvinnulífið í bænum. Atvinnuleysi er nú með því lægsta í Stykkishólmi miðað við landið í heild, það er ekki síst fyrir öflugar fiskvinnslur sem verka fisk m.a. á grundvelli byggðakvóta. Það verður ekki séð hvernig auka eigi verðmætasköpun, efla atvinnulíf og auka drifkraftinn í bæjarfélaginu með upptöku strandveiða á kostnað byggðakvóta.

Útgerðir og vinnslur ásamt samfélaginu í Stykkishólmi tóku á sig mikil áföll við hrun hörpudiskstofnsins, en hafa byggt sig upp hægt og rólega m.a. með tilkomu byggðakvóta. Ofangreindar hugmyndir um strandveiðar ásamt svokallaðri fyrningu kvóta yrðu annað stórt reiðarslag fyrir útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í Stykkishólmsbæ og þar af leiðandi atvinnulífið og samfélagið í heild sinni.“

Ég verð að segja það, frú forseti, að mér finnst hv. þingmenn gera lítið úr þessum athugasemdum. Og að hlusta síðan á hv. þm. Róbert Marshall koma hér upp kvartandi og kveinandi yfir því að hann þurfi loksins að tala við umbjóðendur sína og umsagnaraðila í þessu máli er afskaplega dapurlegt og segja síðan að menn gætu sent honum hugsanlega tölvupóst eða símbréf. Þetta er rosalega dapur málflutningur. Ég verð að segja það fyrir mína parta að mér finnst hann enn þá dapurlegri vegna þess að sömu aðilar, þessir ágætu menn tala um breytt vinnubrögð við mikla endurnýjun þingmanna. Það er enn þá dapurlegra í ljósi þess, enn þá dapurlegra.

Svo maður komi sér að aðalefni málsins og ég verð að segja það svo ég gleymi því ekki að ég vil hvetja hv. starfandi formann, Ólínu Þorvarðardóttur, til að fá bæði Landhelgisgæsluna og Slysavarnafélagið til að ræða við sig á milli 2. og 3. umr. vegna þess að það er alveg klárt, alveg sama hvort við erum sammála eða ósammála um hvort það er með aflamarkskerfi og sóknarmarkskerfi, að sóknarmarkskerfi er mikilsvert öryggismál sjómanna. Það eru engar deilur um það, alveg sama hvað okkur finnst um kerfið sem slíkt, vegna þess að það er hvati til þess að menn fari út við verri skilyrði, það segir sagan okkur. Það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir öryggismálum í þessu máli vegna þess að í fyrra var fyrsta árið, sennilega í sögu landsins, sem enginn sjómaður lést við skyldustörf. Það er því að þakka og menn geta lesið það með tilkomu Slysavarnaskóla sjómanna og því mikla átaki sem menn hafa gert í sambandi við öryggismál og öryggisþætti sjómanna. Það er mjög mikilvægt að halda því til haga vegna þess að eins og ég segi, það eru engar deilur um það að sóknarmarkskerfi hefur neikvæð áhrif gagnvart þessu frekar en aflamarkskerfi, alveg sama hvað okkur finnst um kerfið sem slíkt.

En fagnaðarerindið sem hér er verið að boða, fagnaðarerindið eins og menn sögðu og hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir sagði, mestu og bestu fréttir til byggðanna, ég er búinn að lesa úr því hér. En hvernig er svo niðurstaða málsins? Hún er algerlega óútfærð að því leyti til að menn taka 1.455 tonn út úr byggðakvótanum, þ.e. 55% af þorskaflamarkinu, og það er búið að benda þeim á það, m.a. með þessu bréfi frá Súðavík og fleiri stöðum, og hver eru svo viðbrögð nefndarinnar, þessara hugmyndaríku einstaklinga sem sitja þar? Hún skilur eftir blankó blað fyrir sjávarútvegsráðherra til að færa allt í betra horf vegna þess að nefndin er búin að gera sér grein fyrir því að þetta er ekki viðunandi og nefndin tekur undir álit þar sem við sögðum í 1. umr. að menn vöruðu við því að verið væri að færa frá veikustu byggðunum. Ég frábið mér það að menn geri mér einhverjar hugmyndir upp um að ég hafi ekki áhyggjur af því. Ég fordæmi það, á eftir. Menn koma upp og gera lítið úr því að mönnum sem hafa áhyggjur af að það skuli vera fært frá veikustu byggðunum og ég hef áhyggjur af því. Það hefur lengi verið reynt að ná einhverjum sáttum um þennan byggðakvóta og þar hefur gengið margt á.

Síðan ætla ég að rifja það upp að menn eru búnir að vera að gera það með þessum hætti, með þessum byggðakvóta, til að taka þau áföll sem byggðarlögin hafa orðið fyrir, það er búið að sníða af því marga vankanta í gegnum árin. Ekki er ég þó að halda því fram að þeir séu allir farnir, það má ekki skilja mig þannig. En það sem veldur mér mestum vonbrigðum er að ég benti á það við 1. umr. um þetta mál, að menn eru að átta sig á því að þetta mun ekki þýða mikla nýliðun. Það eru öfugmæli. Ég tek heils hugar undir það og mundi vilja vinna með mönnum að því ef þeir setja sér einhver raunhæf markmið gagnvart nýliðun. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú, sem hefur ekki komið fram hér, að við gengisfall krónunnar var stór hluti af smábátaflotanum seldur úr landi, til Færeyja, til Noregs og um allt þannig að það er búið að selja stóran hluta af bátunum úr landi og alla skástu bátana. Eftir sitja einhverjir og það er verið að draga fullt af bátum á flot og það er verið að draga litla báta sem hefur ekki verið róið lengi og þeir þurfa að fá sér haffæri og allt það en það sem er líka við þetta er að nýr handfærabátur í dag — fyrirtæki sem heitir Trefjar er að kynna bát í hringferð kringum landið. Þannig handfærabátur kostar 30 milljónir og það sjá það allir í hendi sér hvað mikil nýliðun er í kringum það. Hann kostar 30 millj. kr. Annað er ekki í boði eins og staðan er í dag nema þeir bátar sem hafa þegar margfaldast í verði. Bátar sem kosta milljón kostuðu

kannski 7 millj. kr. þannig að það er nýliðun sem virkar ekki. Það sem mér finnst þó sárast er, og það er alveg sama hvað verið að deila um þetta blessaða aflamarkskerfi sem við erum að starfa eftir, hvar sem við stöndum í pólitík, þá höfum við flestöll verið sammála um að það sem hefur farið mest fyrir brjóstið á okkur öllum eru þeir aðilar sem hafa selt sig út úr greininni.

Ég benti á það við 1. umr. hvort nú ekki væri ráð af hálfu nefndarinnar og hálfu þingsins að segja sem svo: Þeir sem hafa selt sig út úr greininni á síðustu 4 eða 5 árum mundu þá ekki fá að fara inn, a.m.k. ekki á þessu eina ári. Það væru aðeins einhver smáskilaboð um það, og það mun koma í ljós og við vitum það fyrir, að fullt af þeim mönnum sem hafa selt sig út úr greininni á undanförnum 3–4 árum eiga stærstu og öflugustu bátana sem fara inn í þetta kerfi og það er dapurlegt. Það er staðreynd málsins.

Það er líka annað sem veldur mér miklu hugarangri og ég hef reyndar ekki fengið neina skýringu á og kalla eftir henni hér. Það er reglan um að veiða megi 800 kíló af þorski að hámarki í hverjum róðri, 12 tíma róðri. Ég benti á það við 1. umr., ásamt fleirum, að það má hafa 15% ufsa af þorskaflamarkinu sem menn veiða þann daginn. Núna er búið að hækka þetta upp í 30%, þ.e. að það má hafa 30% af ufsa miðað við þann þorskafla sem veiddur er þann daginn. Ég skil ekki af hverju er ekki hægt að hafa bara eina tölu, þ.e. að það megi veiða hvort sem það eru 800 kg, 500 kg, eitt tonn eða hvað sem það er að hámarki yfir daginn, burt séð frá hvaða tegund það er vegna þess að það er nánast eingöngu veiddur ufsi og þorskur á handfæri. Það er alveg ljóst að ef menn gera þetta með þessum hætti þá eru þeir að fara inn í ákveðið brottkast í kerfinu vegna þess að þegar menn fara út á sjó á mörgum stöðum eru sumir dagar þannig — ég er búinn að stunda handfæraveiðar í mörg ár — að einn daginn færðu mikið af ufsa og annan daginn færðu mikið af þorski. Einn daginn kemstu ekki frá landinu út af veðri og þá ertu að veiða það sem er 60–70% ufsi þó að allir vildu að sjálfsögðu hafa hvatann til að veiða sem mest af þorski vegna þess að hann er mikið verðmætari en ufsi. Þess vegna skil ég ekki af hverju má ekki hafa bara eina tölu. Burt séð frá því, hvað haldið þið að þetta mundi þýða gagnvart eftirlitinu? Þetta mundi einfalda eftirlitið alveg gríðarlega mikið vegna þess að við sjáum þetta fyrir okkur og það mun gerast að menn fara út á sjó og skrapa upp 240 kíló af ufsa sem þeir mega vera með gagnvart þorskinum, eða eitthvert ákveðið magn. Svo reikna þeir með að fá kannski eitthvað af þorski. Síðan verður það ekki þannig. Þá fer báturinn á landstím og til að verða ekki sviptur er ráðið að henda ufsanum í sjóinn. Þetta er alveg fyrirsjáanlegt. Þess vegna bið ég enn og aftur hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur að skoða þetta ofan í kjölinn, vegna þess að það eru engin rök í málinu, akkúrat engin, vegna þess að 2.500 tonnin sem þú tekur af þorski inn í þetta kerfi tekur Jón Bjarnason upp úr vasanum eða úr hattinum. Þau voru hvergi, það er búið að úthluta aflamarki fyrir þetta kvótaár þannig að hann tekur það bara einhvers staðar af himnum ofan eins og sagt er stundum. Þau eru hvergi annars staðar. En 1.450 tonnin sem hann tekur út úr aflamarki byggðakvótans skerðir hann þar þannig að hann getur alveg eins tekið upp úr vinstri vasanum einhver ákveðin tonn af ufsa. Þetta væri margfalt skynsamlegra að öllu leyti og líka til þess að menn mundu ekki fara að kasta fiski í sjóinn.

Annað sem gerist líka við þetta, af því að það er á sumum stöðum í kringum landið þannig að menn veiða miklu meiri ufsa heldur en en kannski 30% og ég tala ekki um miðað við þorskaflamark sem þú veiðir þann daginn, þ.e. miðað við einhver 100 kg af þorski þá máttu vera með 30 kg af ufsa. Menn sjá þetta alveg fyrir sér. Þetta er alveg fyrir séð. Þess vegna ákalla ég ykkur enn og aftur og bið ykkur að breyta þessu vegna þess að þetta hefur engin áhrif og þetta mun laga þetta að stórum hluta.

Við 1. umr. varaði ég líka við því sem gerist og er að gerast núna í minni heimabyggð þar sem ég þekki mjög vel til þar sem eru bátar að róa á línu, þar sem tveir menn eru á sjó og 4–5 í landi en beitningafólkið er allt að fara heim. Það er að segja að þessir bátar munu fara í strandveiðikerfið og fara að fiska þar og beitningafólkið fara heim og það mun ekki þýða sjálfkrafa fjölgun starfa. Þó að ég sé ekki að gefa það í skyn að menn hafi haft það að markmiði að gera það með þeim hætti þá er það ekki sjálfgefið og þetta mun væntanlega, a.m.k. á minni heimaslóð, þýða fækkun á störfum vegna þess að þetta fólk verður sent heim og menn munu fara inn í þetta strandveiðikerfi og segja beitningafólkinu upp.

En menn kalla eftir afstöðu manna og ég skal tala mjög skýrt þar um. Ég er búinn að halda því fram í mörg ár að þetta sé ákveðin leið til að ná sátt í kerfinu og hleypa inn nýliðun, að fara út í einhvers konar handfæraveiðar. En það fer afskaplega mikið fyrir brjóstið á mér eins og hefur komið fram í máli mínu að við skulum vera að opna leið fyrir þá sem eru búnir að selja út úr kerfinu fleiri hundruð milljónir. Það fer afskaplega fyrir brjóstið á mér og þetta núna mun ekki þýða nýliðun. Það er, eins og hefur komið fram, ekki nógu vel ígrundað hvernig þetta er gert en ef menn mundu útfæra þetta — og ég ætla ekkert að gera lítið neitt úr því í þessu sjónarmiði þeirra sem leggja upp málið, þeir vilja að sjálfsögðu láta gott af sér leiða, ég held því alveg til haga, en ég bið ykkur heitast að taka til endurskoðunar í sambandi við aflamarkið sem ætti að vera á hverjum degi þannig að menn fari ekki að henda verðmætum, við megum ekki við því í dag, og eins ef það væri möguleiki að halda þeim fyrir utan þetta, a.m.k. fyrsta árið, sem eru búnir að selja frá sér heimildir í stórum stíl.

[18:21]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ásbirni Óttarssyni fyrir hugvekjandi ræðu og ég meina það. Þingmaðurinn hefur áralanga reynslu af fiskveiðum og útgerð og ég met þá reynslu. Hann flutti sannfærandi rök fyrir mörgu sem hann sagði sem ég vil virkilega hlusta á ef allt væri í mínu valdi sem það er að sjálfsögðu ekki. Enda er ég nú bara varaformaður sjávarútvegsnefndar og mun ekki stýra starfi nefndarinnar mjög lengi.

En mér fannst margt umhugsunarvert sem kom fram í máli þingmannsins og ég deili með honum áhyggjum af afkomu byggðarlaganna. Ég vil samt halda því til haga að það er einmitt af áhyggjum yfir afkomu byggðarlaganna —

og sérstaklega þeirra byggðarlaga sem eiga mikið undir byggðakvóta — sem nefndin leggur til þá breytingu við frumvarpið að sjávarútvegsráðherra verði heimilað að kveða nánar á um frekari svæðaskiptingu og löndunarstaði. Það er nákvæmlega til að koma til móts við það sjónarmið sem ýmsir höfðu uppi í umsögnum um frumvarpið, að treysta mætti grundvöll þeirra sem eiga mikið undir byggðakvótanum.

En það er hins vegar sorglegt í þessu máli að þessu frumvarpi og störfum nefndarinnar hefur verið fundið flest til foráttu í þessari umræðu en því miður hafa fáar tillögur komið fram um úrbætur úr þeirri sömu átt. Ég sakna þess vegna þess að ég held að það væri mjög mikilsvert í þessu máli sem öðrum ef fulltrúar ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar gætu unnið saman í jafnveigamiklu máli sem þessu sem varðar hagsmuni byggðarlaga og atvinnugreinar þar sem margir hafa átt um sárt að binda að undanförnu.

[18:23]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna því að starfandi formaður nefndarinnar tekur jákvætt í þær hugmyndir sem ég kem með fram og ég þekki hana af þeim skörungsskap að hún er vön að vera húsbóndi á sínu heimili þannig að ég treysti henni til að koma þessu í gegnum nefndina.

En akkúrat eins og hv. þingmaður kom inn á í sambandi við svæðaskiptinguna og byggðakvótann þá er það eins og menn hafa bent á og við vitum, að bátar frá Stykkishólmi koma til með að róa úr Rifi vegna þess að þaðan er styttra á miðin og fengsælla. Bátar úr Súðavík munu koma til með og róa frá Bolungarvík. Það eru þessir annmarkar sem við erum að benda á og ég sagði það áðan að mér fyndist að menn ættu að útfæra þetta nánar í þeim tillögum sem hér eru. En ég treysti á að ráðherrann geri það.

Ég setti hins vegar ekkert út á málefni nefndarinnar svo það sé skýrt vegna þess að ég sit ekki í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og þekki ekki þau vinnubrögð. En hins vegar benti ég á það sem hv. þm. Róbert Marshall kvartaði yfir, þ.e. að þurfa að hitta umsagnaraðila og hann kvartaði yfir tímanum sem fór í það. Það var það sem ég var að benda á þegar menn eru að gera þetta.

En ég er alveg fullviss um að hafi meiri hluti nefndarinnar vilja til þess að koma við því veigamikla atriði sem ég er að benda á, vegna þess að hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir kvartaði yfir því að menn komi ekki með tillögur heldur bara kvaki, þá ítreka ég enn og aftur að reyna a.m.k. að halda þeim fyrir utan þetta árið, þeim sem hafa sannanlega selt frá sér mikið af heimildum til að komast ókeypis inn í og hins vegar að setja inn í kerfið að það megi vera hámark á afla á dag en ekki tengja það með þessum vitlausa hætti miðað við tegundir.

[18:25]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er svo knappur tími hér í andsvörum að mér gafst nú ekki ráðrúm til að koma inn á það atriði sem hv. þm. Ásbjörn Óttarsson nefndi varðandi þá sem hafa selt sig út úr greininni. Þetta var eitt af því sem hugleitt var og meira að segja leitað álits löglærðra manna, reyndar ekki formlegs en með símtölum. Og það eru lagalegir annmarkar á því að koma í veg fyrir það að menn sem hafa selt geti nýtt sér þennan möguleika með svipuðum rökum og þeim að það er erfitt að meina manni sem hefur selt hús að hefja húsbyggingar á ný. En þetta var eitt af þeim mórölsku atriðum sem komu til álita.

Ég vil líka halda því til haga, af því að mikið hefur verið gert úr því í þessari umræðu að umsagnaraðilar um þetta frumvarp hafi allir verið neikvæðir í garð þess. Það er ekki rétt. Það komu margar athugasemdir fram við frumvarpið og við þeim athugasemdum hefur vel flestum verið brugðist eins og kemur fram í nefndarálitinu. Fjölmargir þeirra sem umsagna var leitað hjá voru jákvæðir í garð grunnhugmyndarinnar í strandveiðihluta frumvarpsins og margir mjög jákvæðir gagnvart frístundaveiðihlutanum, svo því sé haldið til haga. En menn höfðu að sjálfsögðu athugasemdir eins og vera ber og er bara eðlilegt í lýðræðisþjóðfélagi.

Afstaða hefur verið tekin til, held ég allra, þeirra athugasemda sem fram komu.

[18:27]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er út af því sem hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir talaði um að það hefði verið leitað til einhverra aðila um hvort hugsanlega væru einhverjir lagalegir ágallar á þessari hugmynd að fara með hana fram með þessum hætti.

Þá fyndist mér að það ætti að vera í skjali með álitinu þ.e. það yrði lögformlegt álit sem menn leituðu eftir og fengju skriflegt þar sem segir að þetta væri ekki framkvæmanlegt og þá væru menn ekki að vísa í einhver samtöl úti í bæ við einhvern og einhvern vegna þess að það er mjög mikilvægt að halda því til haga inni í ferli málsins.

Einnig, eins og hv. þingmaður kom inn á, þá er þetta svona móralskt líka út á við. Ég held að því væri bara mjög mikilvægt fyrir meiri hluta nefndarinnar að geta bent á það. Vegna þess að það eru mjög margir sem eru ósáttir við þessa meðferð málsins. Það mundi styrkja nefndina, hvort heldur minni hlutann eða meiri hlutann í nefndinni, að hafa það uppáskrifað frá þar til bærum mönnum sem benda á að þetta væri ekki gerlegt.

[18:28]

Útbýting:

Ríkisstofnanir, 43. mál, svar fjmrh., þskj. 118.

[18:28]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Hér er til umræðu mikilvægt mál, breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Fiskveiðar eru eins og við vitum öll undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar og eins og kom fram í máli hv. þm. Sigurðar Inga Jóhannssonar þá er það skylda stjórnmálamanna að ganga fram gagnvart þeirri atvinnugrein af ábyrgð og að sjálfsögðu þurfum við að vinna vel að heill þessarar atvinnugreinar.

Þess vegna hefur umræðan í dag verið dálítið merkileg í ljósi þess að stjórnarliðar, þ.e. þingmenn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hafa sakað stjórnarandstæðinga, sérstaklega sjálfstæðismenn og fram-

sóknarmenn, um að hafa viljað tefja málið með einhverjum sérstökum hætti.

Ég get einfaldlega ekki fallist á þá skýringu stjórnarliða því eins og ég sagði áðan þá er hér um að ræða hagsmuni þúsunda sjómanna og fiskvinnslufólks. Þetta er undirstöðuatvinnugrein margra byggðarlaga vítt og breitt um landið og þessi málaflokkur á það skilið að fá sanngjarna og mjög góða úrlausn þegar mál þessarar atvinnugreinar koma fyrir á vettvangi Alþingis. Það er síður en svo að það búi eitthvað annarlegt að baki þegar við höldum því fram að við þurfum að fara yfir þessi mál með mjög vönduðum hætti. Ég vil í því ljósi, svona sem tilraun til þess að við komum okkur upp úr þeim skotgröfum sem umræðan hefur verið í, fagna því að forustumenn nefndarinnar og í raun og veru nefndarmenn flestir hafa talað fyrir því að þetta mál þurfi að koma inn á milli 2. og 3. umr., að það sé í raun og veru ekki tækt til þess að afgreiða það sem lög héðan frá Alþingi. Þannig að það er nú strax viðleitni til þess að vanda efnismeðhöndlunina því eins og kemur fram í erindi Byggðastofnunar, með leyfi forseta:

„Byggðastofnun fékk frumvarpið sent í pósti 2. júní og umsagnarfrestur er veittur til 3. júní, þ.e. einn dagur. Svo skammur umsagnarfrestur er óásættanlegur og því mun stofnunin hugsanlega skila inn frekari umsögn ef frestur verður á afgreiðslu lagabreytinganna.“

Það segir sig náttúrlega sjálft að þegar undirstöðustofnun eins og Byggðastofnun er fær einungis einn sólarhring til þess að tjá sig um mjög viðamiklar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða tel ég það ekki óásættanlegt. Og þegar þingmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks koma hér upp og benda stjórnarliðum á að þetta sé með öllu óásættanlegt þá er óviðunandi að liggja undir þeim ámælum að við séum viljandi að reyna að tefja afgreiðslu þessa máls. Það þarf einungis að vanda verulega til verka og ég trúi ekki öðru en að ágætir þingmenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Samfylkingunni geti, svo allrar sanngirni sé gætt, verið okkur sammála í þeim efnum að þetta mál hefur tekið mjög stuttan tíma.

Fyrir þá sem hafa setið í nokkur ár á vettvangi þingsins vil ég benda á að yfirleitt fá lagafrumvörp mun lengri umfjöllunartíma innan nefnda þingsins. En ég geri mér grein fyrir því að af hálfu stjórnarflokkanna og þá kannski sérstaklega hæstv. sjávarútvegsráðherra var mikil pressa lögð á að þetta mál færi sem fyrst í gegn.

Frú forseti. Það sem verið er að gera hér er að leggja til ákveðna grundvallarbreytingu á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi þar sem við mörg hver höfum talað fyrir því að aflamark sé mun hagkvæmari útvegur en sóknarmark í ljósi þess að í núverandi kerfi geta þeir sem eru handhafar þessara veiðiréttinda skipulagt veiðar sínar til langrar framtíðar og m.a. hafa stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins náð mjög þýðingarmiklum samningum við verslunarkeðjur þar sem þau geta tryggt ákveðið afhendingaröryggi sem skiptir mjög mikli máli þegar kemur að sölu á afurðanna.

Í ljósi þess að nú er verið að hverfa að hluta til frá aflamarkinu yfir í sóknarmarkið vil ég benda á þann ókost sem það hefur vissulega í för með sér og væri rétt að heyra hvort hv. þingmenn hafa eitthvað við það að athuga. Ég ætla að vitna til umsagnar frá Svavari Þorsteinssyni sem hann sendi nefndinni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allir bátar hefji veiðar á sama tíma og veiðum verði framhaldið þar til veiðum á kvóta tiltekins landsvæðis er lokið. Þá sé lokað fyrir allar veiðar á því svæði. Áhrif þessa fyrirkomulags eru löngu þekkt. Fiskur kemur í land í miklu magni. Verðið lækkar mjög mikið á mörkuðum eða í beinum viðskiptum. Fiskvinnslur vinna fiskinn í ódýrari pakkningar til þess að geta annað því magni sem til fellur o.s.frv. Í stuttu máli má segja að allar veiðar og vinnsla verði á sem óhagkvæmastan hátt.

Einnig er mjög mikilvægt atriði sem ætti að vega þungt gegn því sóknarmarki sem fyrirhugað er, þ.e. slysahætta sjómanna þar sem róið verður til fiskjar í öllum veðrum af bátum af öllum stærðum og gerðum. Ef dagurinn er ekki nýttur hjá viðkomandi bát þá tapar hann þar með sínum 800 kílóum þann daginn. Því munu menn leggja allt í sölurnar til að geta róið upp á hvern dag þann tíma sem veiðar standa yfir.“

Frú forseti. Ég vil geta þess að ég er því miður ekki nefndarmaður í hv. nefnd og ég veit að örugglega hefur farið fram mikil umræða sérstaklega um öryggisþáttinn hvað þetta varðar. Og það hvort menn eigi að halda áfram í aflamarkinu eða sóknarmarki. Ég þykist viss um að ítarleg umræða hefur farið fram um það. En mér finnst að þetta sjónarmið þurfi að koma fram í þessari mikilvægu umræðu hér því ég held að ef við horfum til heildarhagsmunanna þá sé það búið að sanna sig að aflamarkið skili samfélaginu í heild sinni betri og verðmætari afurðum en sóknarmarkið. Við getum vitnað til margra skýrslna og greininga í þeim efnum.

Í ljósi þess að það kerfi sem við samþykkjum hér að óbreyttu mun leiða til mikillar sóknar af bátum af öllum tegundum og gerðum þá kemur það málefnum Landhelgisgæslunnar náttúrlega beint við. Með þeim breytingum sem við erum að leiða hér í lög er það alveg óumdeilt að menn munu reyna að leitast við að róa sem mest og þá í misjöfnum veðrum. Þar getur komið mikið til kasta Landhelgisgæslunnar við að aðstoða sjófarendur því okkur ber skylda til þess að tryggja öryggi þeirra sem best. Þess vegna skýtur það skökku við að við skulum heyra af því á opinberum vettvangi að það eigi að skera mikið niður í rekstri Landhelgisgæslunnar um leið og það á að fela henni mjög aukin verkefni með samþykkt þessa frumvarps sem hér um ræðir. Ég hefði því talið það heppilegt að ræða og fá ákveðið kostnaðarmat á því eða alla vega áætlanir um það hvar sú mikilvæga öryggisgæsla sem Landhelgisgæslan sinnir, hvað breytingar á þessum lögum muni þýða.

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda því fram, alls ekki og ég tala hér í fullri hreinskilni, að við framsóknarmenn tölum á móti einhvers konar strandveiðum eða einhvers konar útfærslu á þeim. Síður en svo. En hins vegar þurfum við að skoða þætti eins og hvort sóknarmarkið sé það heppilegasta í þessu eða hvort við hefðum getað bundið þetta að einhverju leyti við aflamark, þ.e. hámark á hvern bát. Mér hefði fundist það verulegur akkur ef við mundum skoða það mun betur og það getur vel verið eins og ég segi og endurtek enn og aftur að það hafi verið gert á vettvangi nefndarinnar. En við erum hér í aðalumræðu um þetta mikilvæga mál sem felur í sér ákveðna strúktúrbreytingu á fisk-

veiðistefnunni eins og hún hefur verið undangengin ár.

Frú forseti. Eitt af síðustu atriðunum sem ég vil nefna eru þær væntingar sem stjórnarliðar hafa sérstaklega talað fyrir í þessari umræðu — enda er það eðlilegt þar sem þeir styðja hér sinn málstað — en það hefur komið fram hjá fjölmörgum byggðarlögum að komi til skerðingar á byggðakvóta, eins og nú er ráð fyrir gert, hann hefur verið skertur um 50% á heildina litið, þá mun það óhjákvæmilega leiða til þess að einhver byggðarlög, smábyggðarlög munu lenda í því að byggðakvóti þeirra mun skerðast. Það er ekki hægt að minnka byggðakvótann um helming án þess að það hafi áhrif á þessi byggðarlög.

Og hver eru þessi byggðarlög, frú forseti? Þetta eru þau byggðarlög sem hafa lent í miklum áföllum m.a. vegna þess að fiskveiðiheimildir hafa farið burt úr viðkomandi sveitarfélagi, jafnvel yfir eina nótt og það er náttúrlega einn af vanköntum kerfisins gagnvart byggðunum, að fiskveiðiheimildir geti farið mjög skyndilega burt úr viðkomandi byggðarlagi. Ég vil nú minna á að það var núverandi hæstv. forsætisráðherra, svo við förum í smá söguskýringar, sem átti aðild að þeirri ríkisstjórn sem setti frjálsa framsalið á á sínum tíma. Það hefði verið fróðlegt að spyrja hæstv. ráðherra um skoðun hennar á þessari stöðu mála í dag.

En vegna frjálsa framsalsins þá lögðu menn fram byggðakvótann sem ákveðinn þátt, ákveðinn öryggisventil til þess að koma til móts við þau byggðarlög sem lenda mjög illa í flutningi á veiðiheimildum. En nú er sem sagt verið að minnka þá aðstoð gagnvart þeim byggðarlögum sem eru mörg hver smæstu byggðarlög landsins sem byggja afkomu sína nær alfarið á sjávarútveginum. Það er verið að skerða byggðakvótann um heil 50%. Það er því mjög eðlilegt að það heyrist raddir frá þeim byggðarlögum þar sem fólk hefur mjög miklar áhyggjur af stöðu mála og má þá nefna byggðarlög í kjördæmi hv. starfandi formanns nefndarinnar. Við getum tekið Súðavík og Stykkishólm þar sem kom fram að þar er ein fiskvinnsla eða fiskvinnslufyrirtæki sem heldur uppi 40–50 störfum þar sem byggðakvótinn er akkerið í starfsemi hjá viðkomandi fyrirtæki. En með samþykkt þessa frumvarps er óneitanlega komin ákveðin óvissa um starfsemi margra fyrirtækja vítt og breitt um landið þar sem hundruð fiskvinnslufólks starfar og hundruð sjómanna sjá væntanlega um að afla hráefni fyrir.

Þannig að það er ekki óeðlilegt í ljósi þess að þetta mál ber nú nokkuð brátt að og á að fá mjög hraða meðferð í gegnum þingið að við tölum um vandaða málsmeðferð. Og mér sýnist á umsögnum m.a. frá Byggðastofnun að það þurfi að ræða málið á milli 2. og 3. umr. Það er alltaf vandasamt að útdeila gæðum. Það er verið að gera það í þessu tilviki og það verður aldrei óumdeilt, ég geri mér grein fyrir því. Þess vegna er mikilvægt að við vöndum vel til verka hvað þessi mál áhrærir þótt vissulega sé tímapressa á þessu máli.

En mig langar líka, líkt og hv. þm. Sigurður Ingi Jóhannsson nefndi í ræðu sinni, er snertir væntingar, en nú bíða margir í ofvæni eftir því að geta hafið frjálsar handfæraveiðar, jafnvel einstaklingar sem nýlega hafa selt sig út úr þessari atvinnugrein með miklum hagnaði og eiga bát, þeir geta byrjað upp á nýtt ásamt því þeir eiga vænar fyrningar inni á bankareikningi. Það er vissulega er eitt af þeim atriðum sem við hljótum að líta til að sé einhver galli á þessari aðferð sem við leggjum hér út, þ.e. að menn hafa selt þessi gæði frá sér eða afnotaréttinn háu verði en nú er verið að opna fyrir aftur þannig að þeir sem eru nýbúnir að selja sinn kvóta geta byrjað upp á nýtt, „frítt“. Þeir þurfa ekki að kaupa sér aðgang að greininni, ólíkt þeim aðilum sem viðkomandi seldi kvóta dýrum dómum fyrir stuttu síðan.

Það eru óneitanlega ágreiningsefni hvað þessi mál varðar, þær væntingar sem verið er að gefa til þessara aðila og reyndar í sjávarútveginum almennt þegar við horfum til stórra fiskframleiðslufyrirtækja hér á landi, yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að fyrna eigi kvótaheimildir þeirra fyrirtækja á einungis 20 árum, um 5% á ári. Síðan eftir að sú yfirlýsing var gefin þá á að efna til samráðs með aðilum í útgerð og meira að segja með stjórnarandstöðunni til þess að útfæra það. En í raun og veru liggur útfærslan í grófum dráttum fyrir þar sem menn tala um 5% fyrningu á 20 árum. Þetta hefur leitt til þess að það hefur dregið verulega úr hvata þeirra sem reka þessi fyrirtæki, m.a. að halda þeim við og horfa fram á veginn. Hvernig eiga viðsemjendur þeirra eins og í bankakerfinu að líta á framtíð þessara fyrirtækja þar sem er ljóst samkvæmt úttektum að flest þeirra muni ekki þola nema 6–7 ár með 5% fyrningu þannig að það fyrirtæki fer í þrot? Það hlýtur þar af leiðandi að vera mjög erfitt fyrir íslensk fiskvinnslufyrirtæki sem veita mörgum þúsundum fiskvinnslufólks og sjómanna atvinnu á erfiðum tímum í íslensku samfélagi, að ganga á fund síns bankastjóra og reyna að útskýra framtíðarfyrirkomulagið í viðkomandi rekstri þegar þessi yfirgengilega óvissa er fyrir hendi.

Ég hefði því talið rétt, svo allrar sanngirni sé gætt, að við hefðum fyrst boðað til samráðsins um hver framtíðarstefna okkar eigi að vera í sjávarútveginum með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og öðrum aðilum í íslensku samfélagi og útfæra stefnuna svo. Það hefði í raun og veru verið í anda þeirra samræðustjórnmála sem Samfylkingin hefur nú sérstaklega gefið sig út fyrir að stunda. En því miður virðist svo vera í allt of mörgum málum að menn áætla og gefa sér niðurstöðuna fyrir fram en vilja ræða síðan útfærsluna á niðurstöðunni eftir á. Það höfum við m.a. líka séð í Evrópumálunum þar sem Samfylkingin hefur haft svipuð vinnubrögð sem ég tel að eigi að heyra fortíðinni til.

Ég vil að lokum segja að það er síður en svo að við leggjumst gegn þessu máli, að minnsta kosti ekki sá sem hér stendur, fyrir fram. En við höfum talað fyrir því að þetta mál þurfi mjög ítarlega skoðun á vettvangi nefndarinnar. Það er mjög eðlilegt sjónarmið og ég hefði haft gaman af því að heyra nýja þingmenn sem eru að hefja, vonandi glæstan feril hér á vettvangi þingsins taka undir það að Alþingi Íslendinga eigi að fara yfir mál með mjög yfirveguðum hætti í ljósi þess að við horfum upp á það að margir umsagnaraðila hafa fengið skamman tíma til þess að fara yfir málið.

En ég fagna því að það eigi að ræða þessi mál milli 2. og 3. umr. og vonandi munu menn í þeirri vinnu hafa heildarhagsmunina að leiðarljósi því eins og ég sagði í ræðu minni áðan þá búa vel flest byggðarlög á landsbyggðinni við sjávarútveg sem eina af grunnatvinnugreinum sínum og

það er mikilvægt að við göngum hægt um gleðinnar dyr þegar við ákveðum miklar stefnubreytingar á þeim sviðum þó að við útilokum að sjálfsögðu ekki neitt. En ég frábið mér þess að menn haldi því fram og láti að því liggja að þingmenn hafi komið til í þessarar umræðu, og þá sérstaklega stjórnarandstæðingar, með einhver annarleg sjónarmið eða markmið í huga. Þetta mál tengist svo gríðarlega mörgum og mikilvægum hagsmunum í samfélaginu að ég tel að slíkur boðskapur stjórnarliða sé ekki boðlegur í umræðu um það. Ég fagna því að það eigi að ræða þetta mál milli 2. og 3. umr. í hv. sjávarútvegsnefnd og vonandi verður umræða á milli nefndarmanna og við aðila úti í samfélaginu með fullnægjandi hætti þannig að hægt verði að afgreiða þetta mál málefnalega og vel héðan frá Alþingi.

[18:45]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Hér er á ferðinni frumvarp til laga sem snýr að grundvallaratvinnuvegi okkar Íslendinga og er auðvitað ein af mörgum fyrirhuguðum breytingum sem gerðar hafa verið á því fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum nú við. Þessi fyrirhugaða breyting er þó um margt sérstök af því að hún hreyfir við ákveðnum grundvallarsjónarmiðum í fiskveiðistjórnarkerfinu með þeim hætti að það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur. Í því máli er reynslan harður kennari og menn geta áttað sig nokkuð vel á því hvaða afleiðingar þetta frumvarp muni hafa ef þeir hafa kynnt sér sögu fiskveiða við Íslandsstrendur og fiskveiðistjórnarkerfanna.

Ég get tekið undir að það er nauðsynlegt að endurskoða jafnt og þétt þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við og núna liggur fyrir að ráðast í slíka endurskoðun í nefnd á vegum sjávarútvegsráðherra. Það er þess vegna alveg furðulegt og allt að því óskiljanlegt hvernig stendur á því að á sama tíma og slíkt nefndarstarf er áætlað og sett af stað til að ná fram meiri sátt um fiskveiðistjórn á Íslandsmiðum skuli vera til umræðu þetta frumvarp um grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu annars vegar og hins vegar hið illræmda og alræmda frumvarp, eða hugmyndir ríkisstjórnarinnar öllu heldur, um afskrift á fiskveiðikvótunum, aflaheimildunum, sem augljóslega munu valda gríðarlegum vandræðum í greininni og mun vart þurfa um að búa ef slíkar hugmyndir ganga fram. Þess vegna tel ég reyndar að það færi vel á því að við reyndum að klára nefndarstarfið áður en við afgreiddum frá þinginu frumvarp eins og þetta, en ég geri mér svo sem ekki miklar vonir um það í ljósi þess hversu hart stjórnarþingmenn hafa sótt fram með að klára þetta mál með þessum mikla hraða.

Ef maður reynir að átta sig á efni þessa máls án þess að tapa sér í einhverjum sérstökum smáatriðum er rétt að spyrja sig, sem á auðvitað að gera við öll svona mál, hvernig þjóðhagslegra hagsmuna er gætt gangi þetta frumvarp eftir. Þá kemur náttúrlega sú staðreynd að fiskunum sem ætlað er að við getum veitt mun ekki fjölga með samþykkt þessa frumvarps á Alþingi. Ég á ekki von á því, hv. þm. Helgi Hjörvar, að við þingmenn, þótt voldugir séum og öflugir ábyggilega þegar kemur að lagasetningunni, ráðum yfir því hvernig árar í hafinu, hversu mörgum fiskum þar er að dreifa og hversu mikla möguleika við eigum til að veiða. Verði þetta frumvarp samþykkt þurfa menn að spyrja: Mun heildarafkoman í sjávarútvegi verða betri eða verri? Hvernig getur maður mælt það, frú forseti? Jú, með því að menn skoði hvaða tekjur menn hafa af þessum fiskum sem við veiðum og til hversu mikils kostnaðar er stofnað. Hvort skyldu menn halda að bátunum sem eiga að veiða þessi 3.955 tonn muni fjölga þegar þetta frumvarp verður samþykkt sem lög frá Alþingi, fækka eða standa í stað? Hvort halda menn að fleiri bátar eða færri fari á sjó? Það er alveg augljóst að þeim mun fjölga. Bátum á Íslandsmiðum sem eiga að veiða þessa fiska sem við höfum til að veiða mun fjölga. Hvað þýða fleiri bátar á sjó? Það skyldi þó aldrei þýða það að kostnaður við veiðarnar færist upp. Hvað þýðir aukinn kostnaður, frú forseti, í sjávarútvegi? Það þýðir að samfélagið verður af verðmætum. Það þýðir að íslenskt samfélag verður fátækara en ella. Það þýðir að þessi mikla auðlind mun skila minni velmegun til þjóðarinnar en annars. Það skiptir meginmáli þegar menn mynda sér afstöðu til þessa frumvarps.

Það vill þannig til, frú forseti, að við höfum töluverða reynslu af því að hafa opnar, frjálsar veiðar. Það er ekki svo eins og hér hefur stundum verið talað í þessari umræðu að menn þurfi að prófa sig áfram, að menn viti ekki niðurstöðuna af þessu. Hún er alveg ljós og alveg fyrirsjáanleg og ber reyndar vott um að þeir sem hafa hér um vélað virðast ekki hafa kynnt sér sérstaklega vel sögu fiskveiða á Íslandi eða fiskveiðistjórnarkerfanna. Hvernig var það, frú forseti, þegar við bjuggum við krókakerfið, þegar við bjuggum við dagakerfið, þegar við vorum með svipað kerfi og hér er lagt upp með? Hvernig skyldi reynslan hafa verið af því? Jú, það var stanslaust verið að fækka dögunum sem voru til ráðstöfunar. Það voru gríðarlegar deilur. Kerfið sjálft hafði áður verið opið og bátarnir flykktust inn í það. Fjöldi báta sem máttu veiða innan þess kerfis rauk upp og það horfði allt til vandræða og til voða. Eru menn búnir að gleyma því þegar við bjuggum við skrapdagakerfið sem var líka opið, hvernig það allt saman virkaði? Ég er ekki svo gamall en ég náði þó að vinna í því kerfi og veit hvernig það virkaði, hvaða óskaparugl það var allt saman, hvernig verðmætum var sóað gríðarlega og íslenska þjóðin tapaði óendanlega miklum verðmætum vegna þess að við vorum með þannig kerfi. Sporin hræða. Hvernig á að útfæra þetta? Þetta mun allt snúast um útfærsluna, þetta mun allt saman snúast um það hvernig við ætlum að gera þetta. Ég gríp í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal í reglugerð kveða á um hvernig aflaheimildir skiptast á einstaka mánuði og skal ráðherra með reglugerð stöðva veiðar á hverju svæði þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers mánaðar verði náð.“

Hafa menn velt fyrir sér hvernig þetta muni virka? Hafa menn velt því fyrir sér? Þetta mun þýða að þetta er opið kerfi. Bátunum mun fjölga, þeir mega veiða 800 kíló á dag sem þýðir að fjölgi þeim eru þeir fyrr í mánuðinum búnir að klára þann hluta sem tilheyrir viðkomandi svæði. Hvað þýðir það fyrir útgerðarfyrirtæki? Það verða ekki bara einstaklingar í þessu, það verða fyrirtæki á bak við þessa báta. Þá borgar sig að fjölga bátunum, gera þá öflugri, nota stærri vélar, auka sóknargetuna í samkeppni við hina vegna þess að ef hann gerir það ekki veiða hinir. Þar með fara menn bara í nákvæmlega sömu stöðu og var t.d. í skrapdagakerf-

inu þar sem þeim dögum fækkaði á hverju ári sem við máttum nota flotann. Þetta er uppskrift að nákvæmlega sömu vitleysunni. Ef menn halda að þeir séu að gera þjóð sinni gagn með þessu hafa þeir mjög rangt fyrir. Þetta mun draga úr hagkvæmni í íslenskum sjávarútvegi, einmitt þegar við þurfum á því að halda að hagkvæmnin sé sem mest. Það verður spennandi að fylgjast með því þegar sjávarútvegsráðherrann ákveður daginn innan mánaðarins sem hann ætlar að loka á veiðarnar og hvaða afleiðingar það muni hafa þegar menn standa kannski um miðjan mánuðinn og það er sagt: Þið megið ekki veiða meira það sem eftir er þessa mánaðar. Hafa menn hugleitt hvernig það muni virka og hvernig pressan verður frá þeim sem eiga þessa báta á að fá að fjölga dögunum og möguleikum til að veiða? Sú pólitíska umræða og þau áföll verða alveg gríðarleg. Eftirlitskerfið í kringum þetta allt saman verður gríðarlegt. Hvernig sjá menn fyrir sér pólitíska ákvörðun við að færa á milli svæða? Sagt verður að sum svæði verði verr stödd en önnur, þau þurfi meiri aflaheimildir til að sinna þessu o.s.frv. Flækjustigið verður óendanlegt og ruglið þar af leiðandi líka. Þessi þátturinn verður, held ég, ekki þjóðinni til neinnar sérstakrar gæfu.

Svo bætist við hvernig það verður að samþætta fiskvinnsluna og þessa leið af því að þetta verða ólympískar kappveiðar sem ganga út á að veiða sem hraðast og sem mest og það gerir það að verkum að þeir sem eru í fiskvinnslu munu eiga erfiðara með að nýta þennan afla þannig að úr því komi hámarksverð. Það er augljós staðreynd fyrir alla þá sem vilja skoða þetta mál að sú verður niðurstaðan. Ég man einmitt eftir því sjálfur þegar ég var strákur að vinna í fiskvinnslu norður á Siglufirði, einmitt á þeim tíma sem skrapdagakerfið var, hvernig aflameðferðin var á sumrin af því að menn voru í ólympískum kappveiðum. Reynslan kennir okkur að þegar við förum út í svona kerfi, eins og er lagt upp með hérna, mun það hafa alvarleg áhrif og það sem mun síðan gerast er að við munum taka mörg ár í að bakka aftur út úr þessari vitleysu. Það munu fara mörg ár í það af því að krafan verður alltaf um það eftir því sem bátunum fjölgar — og þeim mun fjölga — að það megi veiða aukinn afla með þessum hætti, dögunum sem menn mega vera á sjó verði fjölgað. Það er svo augljóst. Þannig var það þegar við fengumst við þann vanda sem leiddi af því að við bjuggum til krókaaflakerfið og dagakerfið í kringum það allt saman. Eru menn virkilega búnir að gleyma því öllu saman? Á ég að trúa því, virðulegi forseti?

Síðan er það rétt sem hefur komið hér fram að þessi uppsetning er auðvitað stórhættuleg út frá öryggissjónarmiðum. Af því að maður getur skoðað í eigin reynslu man ég vel eftir því vestur á fjörðum, ég held að það hafi verið sumarið 1992 eða 1993, þegar við vorum að vinna í svona svipuðu umhverfi og hérna á leggja upp með, þegar mjög litlu munaði að illa færi hjá sjómanni sem var einn á bát sem einmitt fór, af því að tímabilið var að klárast, út á sjó í vondu veðri vegna þess að hann ætlaði sér að nota daginn. Hann vissi að ef hann færi ekki mundi hann tapa deginum. Kappið var mikið, viljinn var mikill, getan var heilmikil en það sökk undan honum og hann velktist um í gúmmíbát, gott ef ekki einn eða tvo daga, slapp lifandi frá því en það er akkúrat vegna þessa sem allt kerfið hefur verið fært. Það er þetta fyrirkomulag sem við höfum unnið okkur frá og það er sorglegt að við skulum núna opna á þetta. Þetta er opnun sem mun ekki skila íslensku þjóðarbúi auknum verðmætum, augljóslega ekki, það mun skila minni verðmætum vegna þess að sóknarkostnaðurinn mun vaxa. Það verða fleiri bátar sem sækja þessa fiska eins og ég lýsti í upphafi ræðu minnar. Öryggismálum sjómanna er stefnt í voða og það er merkilegt að það skuli hafa komið fram að menn eigi eftir að fá betur inn umsagnir og skoðanir Landhelgisgæslunnar þó að eitthvað hafi komið í formi skriflegra svara og þegar menn horfa til þess hvernig menn geta samþætt veiðar og vinnslu er það líka vandamál sem er verið að búa til. Allt á þetta að gerast í nafni þess að einhverjir aðrir eigi að veiða á Íslandsmiðum en þeir sem eru að veiða núna. Það er heila málið. Eftir stendur það vandamál sem hér hefur verið lýst af mörgum hv. þingmönnum að þeir hafa sterkustu stöðuna sem hafa fellt sig út úr greininni en eiga þó bátana. Þeir hafa langsterkustu stöðuna.

Auðvitað munu stærri útgerðarfyrirtæki einhenda sér í þessar veiðar eða halda menn að þeir sem eru núna að reka stærri útgerðir muni ekki taka þátt í þessu? Halda menn að þeir muni t.d. ekki setja upp þau módel að vera með bátinn sinn með kvóta yfir veturinn og koma sér síðan yfir í þetta kerfi? Það virkar bara þannig. Þetta opnar aðganginn og það mun alltaf enda með skelfingu. Við Íslendingar og þeir sem hafa kynnt sér fiskveiðistjórnarkerfið og reynsluna af því höfum a.m.k. séð að þar sem við höfum haft þetta opið eins og í skrapdagakerfinu, eins og í krókamarkinu og öllu þeim kerfum sem við höfum verið með, höfum við lent í vandræðum. Eigum við hv. þingmenn ekki núna að reyna að læra af þessari reynslu og fara ekki út í þessa vitlausu leið? Ég held að það séu þannig tímar á Íslandi að við eigum að gera allt sem við getum til að auka vissu í sjávarútvegi, auka afraksturinn af þeim afla sem við höfum til ráðstöfunar til að hjálpa okkur út úr yfirstandandi vanda og þeim sem fram undan er, en ekki eins og gert er með þessu frumvarpi. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um afskriftir á aflaheimildum draga úr allri vissu, skapa óvissu og jafnvel öngþveiti. Það eigum við ekki að gera.

Hitt er síðan annað mál að það kerfi sem við búum við er ekki fullkomið. Ég hef úr þessum ræðustól og í greinaskrifum og á fundum víðs vegar lýst þeirri skoðun minni að það séu alvarlegir vankantar á þessu kerfi sem snúa að samspili líffræðiráðgjafarinnar annars vegar og aflamarkskerfisins hins vegar. Ég tel að þar sé víða pottur brotinn og stór og mikil verkefni fram undan til að reyna að vinna sig í átt til betra samspils þarna á milli og til að auka þekkingu okkar á náttúru og lífríki hafsins. Hinn stóri vandi sjávarbyggðanna á Íslandi, sérstaklega minni sjávarbyggðanna sem hafa átt svo mikið undir þorskveiðum, felst einfaldlega í því að á undanförnum 10–15 árum höfum við þurft að skera aflaheimildir gríðarlega mikið niður. Það að vera kominn niður í þær tölur sem við höfum séð á undanförnum árum í þorskveiðinni er skýringin að stórum hluta á því hvernig staða mála hefur þróast í hinum veikari byggðum, einfaldlega vegna þess að bara innkoman fyrir þessi samfélög hefur minnkað í fullu samræmi við það sem afli hefur verið skorinn niður um. Það er stóri vandinn og ég sakna mjög meiri umræðu um þau mál, um Hafrannsóknastofnun, samspil

hennar og ráðgjöf við það kerfi sem við höfum búið við. Það væri uppbyggilegt og til þess fallið ef við gætum leyst þau vandamál betur að auka þann afla sem við höfum til skiptanna, auka verðmætasköpun í íslensku samfélagi og auka möguleika byggðanna til að blómstra, þróast og eflast. En það frumvarp sem hér er á ferðinni gerir ekkert slíkt. Það mun óumflýjanlega fjölga þeim bátum sem eru á sjó til að sækja þá fiska sem í boði eru. Með öðrum orðum mun það þýða fyrir íslenskt þjóðarbú að minna verður eftir fyrir þjóðina. Það er staðreyndin og það er það sem þetta frumvarp felur í sér.

Hv. þingmenn hafa sumir hverjir talað um þá von sem þessu frumvarpi fylgir. Ég leyfi mér að fullyrða að það er falsvon sem verið er að búa til, það er falsvon að halda því fram að hægt sé að hafa fiskveiðar á Íslandi þannig að það sé opinn aðgangur. Það mun alltaf fara sömu leiðina og hefur farið í þau skipti sem við höfum haft það þannig. Það er ekki eins og að þetta hafi ekki verið reynt og það sem mun gerast núna er að fullt af einstaklingum og fyrirtækjum mun byrja að fjárfesta í bátum til að fara inn í þessar veiðar. Hvað mun svo gerast af því að þeim fjölgar? Þá fækkar sjómönnum sem mega veiða í hverjum mánuði þangað til veiðarnar eru orðnar óhagkvæmar. Hvað mun þá gerast? Þeir sem trúðu þessari von, þeir sem trúðu því sem haldið er fram í frumvarpinu að væri hægt en er ekki hægt, munu þá standa frammi fyrir offjárfestingum og menn munu tapa. Þetta frumvarp mun ekki fjölga fiskunum sem eru til skiptanna, alveg örugglega ekki.

Mér finnst svo sárgrætilegt, frú forseti, og undarlegt að við séum að fara í gegnum þessa umræðu núna með alla þá reynslu og þekkingu sem er í íslensku samfélagi og í þessum sal — var a.m.k. — á þessum vandamálum og þessum málum, hvaða tækifæri menn hafa til að taka á þeim, að mönnum skuli detta í hug að þetta sé einhver lausn, að menn geti farið þessa leið. Það er verið að búa til falsvon og ekkert annað. Eftir örfá ár mun ekkert annað gerast en að dregið hefur úr dögunum sem menn geta notað bátana sína á sjó, það dregur úr arðsemi fjárfestinganna þangað til það er komið niður í núll og menn lenda í mínus. Þá þurfa mann að vinna sig aftur út úr þessu kerfi, aftur frá einmitt þessu sem við lögðum upp með hérna. Þess vegna, frú forseti, er þetta frumvarp um margt ólíkt þeim mörgu breytingum sem hafa verið gerðar á íslensku fiskveiðistjórnarkerfi undanfarin ár. Það er ólíkt hvað það varðar að það fer á ákveðna grunnstoð þess kerfis sem við búum við og breytir forsendum þannig að það horfir til ills fyrir íslenskt samfélag. Þess vegna vona ég að á milli 2. og 3. umr. fari hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd vel yfir þetta mál og sjái hvort hún geti ekki lagað það örlítið, í það minnsta lágmarkað þann skaða sem verður augljóslega af þessu máli úr því að ríkisstjórnarmeirihlutinn er algerlega ákveðinn í því að þvinga þetta fram.

Ég skora á þá þingmenn sem sitja í nefndinni að gefa sér tíma, láta ekki spyrjast um sig það sem kom fram hjá einum hv. þingmanni, að Byggðastofnun hafi borist bréf þar sem í stóð að menn hefðu einn sólarhring til að senda inn umsókn í jafnmikilvægu máli og þessu. Ég vona að rangt hafi verið eftir haft hjá hv. þingmanni en það er a.m.k. tækifæri til að laga þessi mál og reyna að vinna frumvarpið betur. Eins og það er núna úr garði gert hefur það ekki bara engin áhrif, það hefur vond áhrif á íslenskan sjávarútveg. Það er það sem mun koma út úr þessu máli.

[19:05]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Það er kannski best að byrja á því að taka upp athugasemd hv. þm. Illuga Gunnarssonar um að Byggðastofnun hafi verið gefinn sólarhringsfrestur til að tjá sig um það frumvarp sem hér er til umræðu. Það var gefinn vikufrestur til umsagna svo að það komi skýrt fram.

Ég er satt að segja svolítið ráðvillt í málflutningi margra hv. þingmanna og ekki síst síðasta ræðumanns þar sem talað er um að hér sé verið að gefa mikla falsvon. Ég get reyndar tekið undir að væntingarnar til afrakstursins af þessu frumvarpi kunna að vera fullmiklar í einhverjum tilvikum en að þetta sé falsvon og tálsýn annars vegar og hins vegar er svo talað um að að sjálfsögðu hljóti stórar útgerðir að sækja í strandveiðarnar og nýta forskot sitt og veiðigetu. Frumvarpið gerir ráð fyrir 800 kílóum af þorski á dag. Ég sé ekki mjög stórar útgerðir setja skip sín og tækjaafla í slíkar veiðar, a.m.k. ekki í ríkum mæli, en það kann að vera.

Svo eru strandveiðar við Ísland kallaðar vitleysa. Getum ekki reynt að ræða þetta mál og taka það aðeins upp úr öllum þessum fullyrðingaflaumi og öllum þessum sterku orðum? Eins og menn vita, ef þeir vilja horfa á þetta í ljósi einhverrar sanngirni, þá er þetta mál, þetta frumvarp, opnun á kerfi sem hefur verið mjög lokað. Þetta gefur byggðarlögum tækifæri til glæðingar í atvinnulífi og þetta gefur ákveðna von um afkomuauka og lífskjarabót fyrir ákveðinn hóp Íslendinga. En reynslutíminn er stuttur og tíminn er orðinn mjög dýrmætur.

Menn tala um að það eigi að vanda til verka. Vissulega á að vanda til verka en reynslan er góður kennari. Nú er komið fram á mitt sumar og það er nokkuð mikils virði held ég að menn fái að reyna þessar strandveiðar á þeim forsendum sem hér eru gefnar þann tíma sem gefinn er í frumvarpinu, þ.e. til haustsins. Eins og ég sagði áðan þá verður maður stundum svolítið vondaufur þegar málum er fundið flest til foráttu en tillögur til bóta koma ekki. Það er svolítið þreytandi að hlusta á slíkan málflutning til lengdar.

Ég vil nota tíma minn í ræðustóli til þess að fara nokkrum orðum um þær athugasemdir sem hafa komið fram í nefndaráliti minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Það er t.d. talað um það í álitinu að menn muni þurfa að leggja í umtalsverða fjárfestingu til að geta nýtt sér þessar strandveiðar. Það þarf enginn að leggja í umfangsmikla fjárfestingu fyrir bráðabirgðaákvæði sem gildir til haustsins og það er náttúrlega alveg skýrt að það er ekki ráðlegt fyrir nokkurn mann að fara að leggja í umfangsmikla fjárfestingu vegna fyrirkomulags sem er gert í tilraunaskyni, það væri náttúrlega óðs manns æði enda held ég að mönnum detti það í sjálfu sér heldur ekkert í hug.

Það er talað um óvissu, að boðið sé upp á algjöra óvissu með þessu frumvarpi. Hver er óvissan? Það eru ákveðnir dagar sem gert er ráð fyrir að veitt sé. Það er ákveðið magn sem gert er ráð fyrir að veitt sé, það er ákveðinn meðafli

sem tilgreindur er. Það eru ákveðin landsvæði og ráðherra fær reyndar heimild samkvæmt breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar til þess að kveða enn skýrar á um nánari svæðaskiptingu og löndunarstaði. Það er ákveðinn tími sólarhringsins sem kveðið er á um í þessu frumvarpi. Ég sé því ekki að óvissan sé neitt mjög mikil umfram það sem við teljum okkur síðan geta lært af reynslunni ef þessar strandveiðar fá að komast á og vera við lýði um einhvern tíma.

Það er talað um að verið sé að færa veiðirétt í umtalsverðum mæli frá veikustu sjávarbyggðunum, þeim byggðum sem hafa helst misst frá sér aflaheimildir. Frjálsar strandveiðar og handfæraveiðar eins og hér eru lagðar til ættu einmitt að bjóða upp á glæðingu atvinnulífs og lífskjara, einmitt í þessum byggðum. Eins og fram kom í máli mínu áðan er einmitt í breytingartillögum meiri hlutans gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilað að fara út í nánari svæðaskiptingu til þess að koma til móts við þau byggðarlög sem hafa verið mjög háð byggðakvóta.

Síðan er talað um að verið sé að vísa án nokkurra skilmála inn í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, að taka afstöðu til svæðaskiptingarinnar. Það er nú einu sinni Alþingi Íslendinga sem setur lögin og skapar skilyrðin en það er framkvæmdarvaldið sem fer í útfærsluna og í fagráðuneytunum er eðlilegt að nánari útfærsla eigi sér stað í samráði við þá sem hagsmuna eiga að gæta. Alþingi getur ekki í sjálfu sér verið með nefið ofan í hvers manns koppi í þeim skilningi en auðvitað er eðlilegt og gott að slík umræða eigi sér hér stað þannig að hún sé við lýði. En ég held að ráðuneytinu sé fullkomlega treystandi til þess að kveða nánar á um þessi atriði.

Öryggismál hafa verið nokkuð til umræðu. Í því sambandi er náttúrlega vert að minna á að í þessu frumvarpi er gerð sama krafa til haffærni skipa sem fara til þessara veiða eins og hafa alltaf verið gerðar og eru gerðar til allra fiskiskipa. Það er því ekki slegið af neinum kröfum gagnvart þeim sem munu sækja þessar strandveiðar. Hins vegar ef eftirlitsaðilarnir hafa verið að sýna einhverja óeðlilega tilslökun varðandi eftirlitið, eins og nefnt var í málflutningi hv. þm. Jóns Gunnarssonar fyrr í dag, þá er það bara sjálfstæð umræða sem þarf að fara fram. Mér heyrist að hafi verið tekið á því atriði og að umræddur eftirlitsaðili hafi tekið einmitt tillit til athugasemda sem komu fram í umræðum í nefndinni og þá hafa þær athugasemdir orðið til góðs. En þær eiga í raun og veru ekki að vera hamlandi fyrir almennar strandveiðar við Ísland, það segir sig sjálft.

Bátar og veiðarfæri hafa hækkað í verði, segja menn. Það eru tvær hliðar á því máli. Það getur verið að það sé einmitt bara hið besta mál að bátar og veiðarfæri hafi hækkað í verði og séu verðmæt fjárfesting fyrir þá sem hyggja á strandveiðar.

Það er auðvitað eitt og annað sem þarfnast skoðunar við og ég bind miklar vonir við að reynslan af þeim mánuðum sem fram undan eru muni færa okkur einhverja lærdóma og að við munum síðan á þessum vettvangi taka þá reynslu inn í þessa umræðu og leggja þá vonandi framtíðarskipulagi strandveiða við Ísland eitthvað gott til ef einhverjir augljósir vankantar koma í ljós sem þarf að sníða af.

Grundvallaratriðið er kannski fyrst og fremst þetta: Við lifum á erfiðum tímum og á slíkum tímum er gott að geta átt von og séð fram á gott fiskirí, þó að það séu ekki nema 800 kíló á dag.

[19:14]

Frsm. minni hluta sjútv.- og landbn. (Einar K. Guðfinnsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst aðeins út af frestinum sem Byggðastofnun fékk til þess að skoða þetta mál, þá liggur það fyrir í skjali frá Byggðastofnun að það var einn dagur sem stofnunin hafði frá því að bréfið barst til hennar þangað til hún átti að vera búin að skila áliti.

Í öðru lagi það sem er mjög ámælisvert við þetta frumvarp er þessi nálgun, að þetta sé eins og ég orðaði það áðan í ræðu minni, veiðar í tilraunaglasi. Menn ætlast til að farið sé af stað með þetta fyrirkomulag, það er greinilega ekki mikill sannfæringarkraftur á bak við þessa hugmynd, því að það hefur komið fram bæði hjá hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og formanni nefndarinnar og þeim öðrum sem hafa talað fyrir þessu máli að þetta séu tilraunaveiðar og það er auðvitað sú óvissa sem grúfir yfir þeim sem ætla sér að stunda veiðarnar á grundvelli þessarar lagasetningar. Það er kannski það sem við höfum helst fundið að þessu, við höfum sagt: Við skulum skoða þetta mál opnum huga. En það verður ekki gert með einhverri fljótaskrift núna á þessum dögum og þess vegna er skynsamlegast, eins og við leggjum til í nefndaráliti, að núna verði úthlutað byggðakvótanum og síðan verði sett niður alvöruvinna við að skoða þá hugmynd sem hér er verið að leggja fram.

Þetta er auðvitað óvissa og þetta hefur líka það í för með sér að þeir sem hafa orðið að leggja í fjárfestingu, meiri eða minni, vita ekki hvað þeirra bíður eftir að tilraunatímabilinu lýkur 1. september nk. Það er alveg ljóst mál að þeir sem ekki eiga báta og þeir sem ekki hafa átt búnað, handfærabúnað, þurfa að leggja í fjárfestingar. Það liggur fyrir núna og það hefur komið hérna fram að bæði verð á bátum og búnaði hefur hækkað og það er ósköp eðlilegt vegna þess að nú er andlag fiskveiðiréttarins ekki lengur kvóti heldur bátur og það gerir það auðvitað að verkum að þetta tvennt, báturinn og búnaðurinn hækkar í verði. Það er það sem liggur að baki þegar við sem skrifum upp á nefndarálit meiri hlutans segjum að að baki þessu hlýtur að liggja fjárfesting sem verður í fullkominni óvissu 1. september því að við vitum auðvitað ekki hver reynslan verður. Auðvitað vona allir að þetta verði góð reynsla en það vitum við ekki og það er ekki mikil sannfæring af hálfu meiri hluta nefndarinnar um að þetta verði góð reynsla því að þeir telja sjálfir að þessi mál þurfi að skoða (Forseti hringir.) í samfélagslegu samhengi með miklum rannsóknum eins og kemur fram í meirihlutaáliti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

[19:17]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í beinu framhaldi af ræðu hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur tel ég rétt að beina til hennar spurningu um það hvernig hún meti eða hvaða lærdóm hv. þingmaður telur að draga megi af því þegar horfið var frá t.d. dagakerfinu fyrir smábátana á sínum tíma, hvers vegna það var gert. Sérstaklega væri áhugavert að heyra frá hv. þingmanni hvernig hv. þingmaður telur standa á því að bátum fjölgaði

jafngríðarlega og raun varð á í því kerfi og jafnhratt eins og það gerðist, hvers vegna það varð.

Jafnframt væri líka áhugavert að heyra hvers vegna hv. þingmaður telur að menn hafi farið einmitt úr kerfum eins og skrapdagakerfinu sem byggði á því, ekki ósvipað því kerfi sem hér er lagt upp með, að það væri frjáls aðgangur fyrir alla sem vildu. Síðan yrði bara stjórnað með dagafjölda sem menn mættu nýta skipin. Hvað var það sem gerði það að verkum að skipum fjölgaði alveg gríðarlega? (Gripið fram í.) Ég hef lýst skoðun minni á því en ég heyrði það bara ekki hjá hv. þingmanni að í það minnsta væri dreginn lærdómur af þeirri reynslu vegna þess að það frumvarp sem hér er lagt upp með byggir einmitt á því að endurtaka nákvæmlega þá atburðarás, þá röð atburða sem leiddu til þess að menn lentu í þessum miklu vandræðum. Nýjasta dæmið er einmitt smábátakerfið sem við vorum með. Það er vegna þess að menn halda áfram að fjölga bátunum, halda áfram að auka sóknarþungann þar til enginn hagnaður er eftir og við stöndum uppi með vandamál. (Forseti hringir.)

[19:19]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hvers vegna er verið að flytja þetta frumvarp núna um frjálsar handfæraveiðar og strandveiðar við landið? Það er vegna þess að það er ördeyða í atvinnulífi. Það er vegna þess að það hefur verið lokun í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, lítil nýliðun og lítið við að vera fyrir þá sem vilja sækja á fiskimiðin. Það er náttúrlega ástæðan fyrir því að þetta frumvarp er lagt fram.

Reynsluna verðum við síðan að meta. Ég ætla ekki að fara með spádóma um hvað muni hljótast af þeirri tilraun sem hér verður gerð. Ég bind hins vegar miklar vonir við hana og vona að það verði ekki þörf á miklum breytingum á þessu fyrirkomulagi þegar upp verður staðið. En ég ætla ekki að fara með spádóma og ég treysti því að þeir sem standa að þessu frumvarpi og Alþingi Íslendinga þar með, eftir að það hefur komið til umfjöllunar, séu síðan tilbúnir að sníða af vankantana á þessu kerfi komi þeir í ljós.

[19:20]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vandinn við þetta frumvarp er sá að það gerir það að verkum að bátunum sem veiða sama magn af fiski mun fjölga, eins og lagt var upp með. Þegar hv. þingmaður talar um að vandinn og ástæðan fyrir frumvarpinu sé sé ördeyða í byggðunum, hvernig í ósköpunum fá menn það út að það muni hleypa krafti og afli í atvinnulífið að fjölga bátunum til að veiða sama magn af fiski? Það eina sem gerist er að sóknarkostnaðurinn vex. Hann hækkar, afraksturinn af fiskveiðunum minnkar þannig að ördeyðan verður meiri. Það verður meiri vandi í þessum sjávarplássum nema hugmyndin sé sú að auka kvótann, leyfa meiri fiskveiðar. Það séu fleiri fiskar sem menn vilja taka úr hafinu. Þá snýr málið auðvitað öðruvísi. En á meðan það er ekki þá standa menn frammi fyrir þessu.

Síðan er það ástæðan fyrir því að ég spurði hv. þingmann: Hvers vegna? Hvaða lærdóm dregur hv. þingmaður af reynslunni? Ástæðan fyrir að ég spyr er sú að þetta er ekki í fyrsta skipti sem við ræðum þessi mál hér í þingsal. Þetta er eitt af þeim stóru málum sem hafa verið til umfjöllunar árum saman og áratugum saman. Og við erum búin að fara í gegnum ýmis stjórnkerfi fiskveiðanna. Þess vegna hefur safnast fyrir heilmikil reynsla um hvaða áhrif það hefur t.d. þegar við förum þá leið sem hv. þingmaður er að mæla hér fyrir.

Þá skiptir mjög miklu máli að menn hafi lært af þeirri reynslu. Lagt það á sig að lesa þar um og læra og sjá hvaða afleiðingar þetta hefur allt saman haft. Af því að reynslan er mjög góður kennari. Þess vegna sjá menn t.d. alveg augljóslega fyrir ýmsar afleiðingar af þessu frumvarpi. Það er þess vegna sem ég spurði hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur hvaða ályktanir hún dragi (Forseti hringir.) af reynslu þeirri sem við Íslendingar höfum fengið í þeim þáttum sem ég sérstaklega nefndi sem er dagakerfið og skrapdagakerfið þar áður og ýmsar aðrar slíkar tilraunir sem (Forseti hringir.) gerðar hafa verið.

[19:23]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við gætum farið í lærðar umræður og langar um kosti og galla dagakerfisins í samanburði við sóknarkerfi. Hvort tveggja hefur náttúrlega sína kosti og galla og lærdómarnir sem af hvoru tveggja má draga geta verið ýmsir.

Hv. þm. Illugi Gunnarsson talar í gátum og skýrir ekki mál sitt nánar, það er erfitt að ræða við menn sem tala í gátum. Ég hins vegar segi bara eins og er að reynslan er dýrmætur kennari og í þeirri stöðu sem við erum núna þá kveikir þetta fyrirkomulag, þetta strandveiðifyrirkomulag sem hér er til umræðu, von í byggðunum. Við finnum það á viðbrögðunum við þessu frumvarpi hvílík eftirvænting er í gangi og ég held að allir nefndarmenn í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hafi orðið þess varir að þarna sjá menn virkilega möguleika á bættri afkomu og betri lífskjörum um tíma.

Hrakspárnar sem hér eru fluttar og spádómarnir um ördeyðu og jafnvel opinn dauða fyrir sjófarendur og þess háttar, ég vona að ekkert af því rætist. Við verðum bara að vona að ekkert af þeim hrakspám komi fram en komi vankantar í ljós, eins og ég sagði áðan, þá er sjálfsagður hlutur að sníða þá af. Enda, sem betur fer, gefst okkur ekki langur tími til að meta reynsluna af þessu kerfi. Að vísu eru kostir og gallar fylgjandi því að hafa stuttan tíma. Ég tel að það sé reyndar ekki til bóta fyrir þetta fyrirkomulag hvað hefur dregist að afgreiða það í sumar. En engu að síður ætti sá tími sem fram undan er þó að vera nægjanlegur ef afgreiðsla málsins dregst ekki von úr viti.

[Fundarhlé. — 19:25]

[19:46]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég hef kosið að kveðja mér aftur hljóðs um þetta mál vegna þess að mér finnst mjög mikilvægt að gera tilraun til þess að fá hæstv. ríkisstjórn til að skilja að þetta frumvarp getur aldrei haft aðrar en neikvæðar afleiðingar

fyrir íslenskan sjávarútveg þegar upp verður staðið og um leið alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf og íslenskt þjóðlíf.

Ég hjó eftir því og það hefur ítrekað komið fram í ummælum þeirra hv. þingmanna sem mælt hafa fyrir þessu frumvarpi og mæla því bót, þeir hafa haft á orði að þetta frumvarp sé til þess fallið að vekja von þar sem engin von var, að auka möguleika manna til þess að bjarga sér og sínum. Því er alveg öfugt farið. Verði þetta frumvarp að lögum, fari menn þá leið sem hér er boðuð er augljóst að það mun ekki ganga eftir. Það er það sem öll reynsla okkar af fiskveiðum á Íslandsmiðum kennir okkur og tilraunir okkar til að stjórna þessu kerfi og þessum veiðum. Af hverju? Vegna þess að það er svo augljóst og má öllum vera augljóst sem hafa á annað borð lagt það á sig að skoða þessi mál, að með því að fjölga þeim skipum sem notuð eru til að veiða þetta magn af fiski sem við getum náð í, með því að við gerum það á fleiri bátum er verið að auka og hækka útgerðarkostnaðinn. Hvernig í ósköpunum má það vera að sumum hv. þingmönnum detti það í hug að með því að auka útgerðarkostnaðinn á Íslandsmiðum séu þeir að kveikja vonir hjá þeim sem stunda sjóinn, að verið sé að bjóða von þar sem engin var, að verið sé að auka möguleika manna til þess að bjarga sér og sínum?

Það sem þetta gerir er akkúrat öfugt. Þetta mun leiða til, fari menn þessa leið, að fleiri bátar verða notaðir til að sækja sama magn af fiski. Það er þess vegna ástæða til þess að koma hér upp og reyna einhvern veginn að fá hv. þingmenn, sem ætla sér að knýja þetta í gegn á þessum hraða, til að líta nú til baka, skoða söguna, skoða tilraunirnar sem gerðar hafa verið, skoða það hver afraksturinn var, hver niðurstaðan var, áður en lengra er haldið. Það var þess vegna, frú forseti, sem ég kallaði eftir því að heyra skoðanir hv. varaformanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á þeirri reynslu sem nú þegar liggur fyrir af því þegar við höfum opnað kerfið með þeim hætti sem hér er lagt upp með.

Svörin sem ég fékk voru þau að ég talaði í gátum, það væri gátutal að spyrja hv. þingmann um reynsluna sem af þessu hefur hlotist. Hvaða gáta skyldi það nú vera? Skyldi þetta vera gátan um það hvers vegna það gerðist þegar við opnuðum fyrir smábátakerfið á sínum tíma að það hafi fjölgað svo bátum á sjó, smábátum, þannig að til voða horfði fyrir veiðarnar? Skyldi það vera sú gáta sem hv. þingmaður var að velta fyrir sér að lesa mætti úr máli mínu? Skyldi það vera gátan um það hvers vegna við fórum út úr skrapdagakerfinu, hvers vegna óheftur aðgangur að auðlindinni leiddi ekkert annað en ógæfu yfir þjóðina? Skyldi það vera sú gáta, frú forseti?

Skyldi það vera gátan um það hvers vegna það er lykilatriði fyrir okkur Íslendinga að byggja fiskveiðar okkar á þó því kerfi sem snýr að séreignarréttinum, hvort sem menn gera það síðan á grundvelli aflamarks, eins og við gerum, eða hvort menn nota einhvers konar sóknarmarkskerfi, um það geta menn deilt. En reynslan af því að opna kerfið með þessum hætti eins og hér er lagt til liggur alveg fyrir, það þarf ekkert að prófa þetta. Það þarf bara aðeins að spyrja sjálfan sig um söguna. Eða, enn og aftur: Þegar menn horfa til þess hvernig er lagt upp með þetta í frumvarpinu, þegar menn velta fyrir sér hvernig þetta kerfi er hljóta menn að sjá hvers lags vitleysu stefnir í, að sjávarútvegsráðherra á einu sinni í mánuði, þegar búið er að veiða það mikið magn á hverju svæði, að lýsa yfir að veiðum verði hætt.

Fyrsta árið er þetta kannski ekkert svo voðalega slæmt. Þá er bara ákveðinn fjöldi báta sem eru á lausu núna strax þegar veiðar hefjast þannig að þetta verður allt í lagi. Á næsta ári, hvað halda menn að þá hafi gerst? Þá hafa auðvitað margir þeir sem á horfðu og sáu að það myndaðist hagnaður hjá þeim sem voru að veiða á þessu ári hugsað með sér: Ég ætla að vera með í þessu. Þá fjölgar bátunum kannski eilítið, kannski mikið, og hvað gerist þá? Þá fækkar dögunum sem má veiða á hverju svæði. Svona gengur þetta koll af kolli og þetta þekkjum við. Við þekkjum nákvæmlega hvernig þetta virkar. Það verða bara ólympískar kappveiðar og hvort sem það eru stór eða lítil fyrirtæki sem nýta sér þetta eða bara einstaklingarnir og einyrkjarnir má augljóst vera að það verða fleiri bátar sem sækja sama aflann. Þjóðhagslega er þetta því óhagkvæmt og það sem verra er og það sem mér finnst menn einhvern veginn algjörlega horfa fram hjá, hv. þingmenn sem vilja koma þessu máli í gegn, er það sem verður síðan endaniðurstaðan: Þeir sem fara inn í þetta kerfi, trúa á þessa svokölluðu von sem þeir telja að það feli í sér að fjölga bátum til að veiða sama fjölda fiska, en í framtíðinni mun það auðvitað gerast að með því að dagarnir verða skornir niður standa menn uppi með fjárfestingar sem þeir hafa lagt í sem annaðhvort verður að bæta þeim upp úr ríkissjóði eða að menn bera hallann sjálfir, af því að þetta mun alltaf leiða til þess að bátunum fjölgar, nema hvað?

Það er þess vegna sem ég segi: Við erum að taka skef aftur á bak með þessari tillögu, það er bara þannig, þetta er skref aftur á bak. Þetta er skref í þá áttina að neita að horfast í augu við þann lærdóm sem við getum haft af reynslunni, þetta er skref frá skynsamlegri nýtingu náttúruauðlindarinnar, sjávarútvegsins. Þetta er skref frá því sem við þó vitum að við verðum að gera, sem er að auka afraksturinn af þessari auðlind, en þetta er skref í áttina að meiri útgerðarkostnaði. Þetta er skref í áttina að því að auka óvissu í greininni og þetta er skref í áttina að því að draga úr þjóðhagslegri hagkvæmni sjávarútvegsins. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, þetta er óheillaskref sem hér á að stíga.

[19:54]

Frsm. minni hluta sjútv.- og landbn. (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur staðið núna síðdegis og það er svo sem að vonum. Ég hef verið þátttakandi í sjávarútvegsumræðu í þinginu alllengi og mig rekur ekki minni til þess að sjávarútvegsumræða hafi hafist fyrir minna en nokkra klukkutíma og það af miklu minna tilefni en því sem við ræðum í dag. Það skyldi því engan undra að þessi umræða taki nokkurn tíma. Ég hef fylgst mjög gjörla með umræðunni í dag og vil segja að hún hefur verið mestan part mjög málefnaleg og þær gagnrýnisraddir sem hafa komið fram á þetta frumvarp hafa verið mjög efnislegar og hafa eingöngu lotið að því að menn hafa bæði verið að reyna að benda á hugsanlegar leiðir til þess að gera þetta

frumvarp betur úr garði en einnig að spyrja grundvallarspurninga um þá leið sem í raun og veru er verið að fara með þessu frumvarpi.

Það er auðvitað hlutur sem við verðum að gera þegar við erum að velta fyrir okkur sjávarútvegsumræðunni, rétt eins og ég hef stundum verið að segja, mér finnst það stundum gleymast í þessari umræðu að við erum að tala um atvinnuveg. Við erum að tala um atvinnuveg sem á að standa undir lífskjörunum í nánustu framtíð og við erum að tala um atvinnuveg sem skiptir öllu máli fyrir okkur vegna stærðar hans og umfangs, hefur gert það og mun gera það í vaxandi mæli. Þess vegna er mjög eðlilegt að spurt sé grundvallarspurninga eins og þeirra sem hv. þm. Illugi Gunnarsson gerði í sinni ágætu ræðu og báðum sínum ágætu ræðum áðan, þar sem hann var að velta fyrir sér þeim grundvallarspurningum sem við þurfum auðvitað að spyrja okkur í þessu sambandi.

Auðvitað má segja sem svo að strandveiði eða banndagakerfið sem hérna er verið að leiða í lög í tilraunaskyni núna í eitt ár, að því sagt er, muni ekki út af fyrir sig ráða miklu eða stóru. Í heildarumfangi sjávarútvegsins erum við ekkert að tala um þær miklu aflaheimildir né heldur er þetta kannski ýkjastórt sem hlutfall af þeirri heildarfjárfestingu sem er í sjávarútveginum. Það breytir ekki því að prinsippumræðuna þurfum við að taka vegna þess að allt þetta er hluti af þeirri stóru mynd sem sjávarútvegurinn er, og þegar við erum að velta því fyrir okkur hvernig við getum búið hann þannig úr garði að hann standi undir væntingum okkar um góð lífskjör þurfum við einfaldlega að spyrja þessara spurninga.

Hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir kallaði eftir því og sagði að hún saknaði þess í umræðunni að þeir sem hefðu haft uppi gagnrýni á þetta mál hefðu ekki komið með margar tillögur til úrbóta. Það er að vísu ekki rétt. Við höfum varpað fram ýmsum hlutum, bæði með almennum hætti en einnig með meiri og afmarkaðri hætti þar sem við höfum verið að reyna að leggja á ráðin með það hvernig hægt væri að breyta þessu frumvarpi.

Vandinn í þessu máli er hins vegar sá að frumvarpið er eiginlega lagt fram í nánast öfugri röð. Þetta eru, eins og ég orðaði það áðan, veiðar í tilraunaglasi. Það er enginn sannfæringarkraftur á bak við þessa hugmynd. Hugsunin er sú að það væri nú í lagi að setja löppina aðeins ofan í vatnið og vita hvort maður þyldi hitann eða kuldann og sjá svo til eftir tvo og hálfan mánuð hvernig til hefði tekist. Ef vel hefði tekist til héldu menn áfram, ef illa hefði tekist til mundu menn hætta við. Þetta finnst mér ekki vera aðferð við það að nálgast lagasetningu. Lagasetningu nálgast menn með þeim hætti að það er sest niður og reynt að gera sér grein fyrir verkefninu og síðan velta menn fyrir sér lausnunum á úrlausnarefninu og leita eftir sem flestum sjónarmiðum og leggja síðan af stað með lagasetninguna. Mér finnst þess vegna að þetta sé gert, eins og ég orðaði það, í öfugri röð. Núna er á vissan hátt kastað fram hugmynd sem allir sjá í sjálfu sér að er ekki mjög vel útfærð og síðan á að láta reynsluna skera úr um það í sumar hvort þetta hafi tekist vel eða illa.

Ég vakti athygli á því m.a. í andsvari áðan að auðvitað er það þannig að þeir sem fara af stað í þennan atvinnurekstur eru nýir aðilar. Ekki gleyma því að yfirlýstur tilgangur er einmitt sá að kalla inn í atvinnugreinina aðila sem ekki eru að gera út núna, það er markmiðið með þessu frumvarpi, annað markmiðið með frumvarpinu. Þeir aðilar sem eru í þeim sporum gera það ekki nema fara í fjárfestingu og í þessu tilviki felst fjárfestingin annars vegar í bátum og hins vegar í veiðarfærum og útbúnaði. Það kallar auðvitað á fjárfestingu og það má kannski segja sem svo að Alþingi geti þá sagt eftir tveggja og hálfs mánaðar reynslutímabil: Við vöruðum ykkur við, við sögðum við ykkur að þetta yrði tilraunastarfsemi og þið verðið þá bara að bera ábyrgð á því ef illa fer og við teljum ekki ástæðu til þess að halda þessu áfram. Þetta er auðvitað ekki góð aðferð við að byggja upp atvinnustarfsemi. Sá sem vill hasla sér völl í atvinnustarfsemi af einhverju viti þarf að gera það með ákveðinni fullvissu og öryggi, öðruvísi er ekki við því að búast að hann nái miklum árangri.

Eitt af því sem við gagnrýndum í minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar eru hinar byggðalegu afleiðingar. Það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt að það er margt sem hægt er að benda á að hefur farið úrskeiðis í byggðunum sem menn geta rakið til aflamarkskerfisins eða þeirrar staðreyndar að við erum að fiska úr takmarkaðri auðlind. Það veldur því auðvitað að aðgangurinn takmarkast með einhverjum hætti. Framsalið hefur líka haft þessar afleiðingar og við höfum síðan verið að reyna að bregðast við með ýmsu móti, eins og ég hef margoft gert grein fyrir. Hér um bil alltaf þegar við höfum verið að gera breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu undanfarin ár hafa menn einmitt verið að reyna að koma auga á leiðir til þess að bregðast við fyrir hönd byggðanna og opna leiðir fyrir nýja aðila. Það er enginn vafi á því að þegar við horfum fimm eða tíu ár til baka sjáum við að það hefur orðið gríðarlega mikil endurnýjun í sjávarútvegi. Þúsund manna hópur sem fjárfesti í sjávarútvegi í gegnum smábátakerfið er til marks um það. Þannig mætti auðvitað áfram telja.

Það sem við erum hér að benda á er sú staðreynd sem auðvitað blasir við að hluti af þeim veiðirétti sem við ætlum að færa til þessara nýju dagabáta er tekinn með þeim hætti að það er ætlunin að taka hluta af byggðakvótanum, eins og við höfum þráfaldlega verið að benda á, og það vill bara þannig til að þeir sem hafa notið byggðakvótans eru veikustu sjávarbyggðirnar. Við vitum út af fyrir sig ekki hvernig þessi strandveiði mun þróast þannig að það er a.m.k. — svo að maður reyni að vera mjög sanngjarn — fullkomin óvissa um hvaða afleiðingar þetta hefur. En það bendir allt til þess, eins og margoft hefur komið fram, m.a. í máli hagsmunaaðila, umsagnaraðila sem komu til okkar, að þetta muni hafa neikvæð áhrif í einhverjum mæli fyrir veikustu sjávarbyggðirnar og þær sjávarbyggðir sem liggja verst við fyrirkomulagi sem þessu.

Þess vegna var það þannig að í 1. umr. málsins vakti ég athygli á því að þessi svæðaskipting, þessi stóru svæði, þessi fjögur svæði fyrir landið, eru ekki líkleg til þess að skila byggðalegum árangri. Sá sem er að veiða yst á tilteknu svæði hefur ekki áhrif, jafnvel þó að hann landi inni á svæðinu, hann hefur ekki áhrif byggðarlega á svæðið sem liggur fjærst. Þess vegna vorum við að velta því fyrir okkur í nefndinni og víðar og í 1. umr., hvort ekki væri eðlilegt að

skoða þessi svæði upp á nýtt, stokka þau upp á nýtt.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála þegar við lesum álit meiri hlutans að þessi sjónarmið hafa a.m.k. að einhverju leyti komist til skila til meiri hlutans, sjónarmið minni hluti nefndarinnar sem við röktum og einnig mjög margir hagsmunaaðilar, umsagnaraðilar, sem komu á fund nefndarinnar. Þess vegna leggur nefndin til að þessi mál verði stokkuð upp.

Það sem ég sakna í þessari umræðu er að ég tel að meiri hluti nefndarinnar hefði að sjálfsögðu átt að leggja fram miklu meiri leiðsögn til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um hvernig þessum málum ætti að hátta. Mér finnst það vera eins og að senda inn opinn tékka, óútfylltan víxil þar sem við vitum ekki, löggjafinn sem er að setja þessi lög, hverjar afleiðingarnar eru. Útfærsla þessara mála sem núna er lögð algjörlega opin inn í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið mun hafa byggðalegar afleiðingar. Ég veit alveg og veit það manna best að í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu vinnur ákaflega samviskusamt fólk sem vill vel og reynir vel. Það lýtur hins vegar auðvitað pólitísku valdboði og þess vegna er eðlilegt að löggjafinn segi skoðun sína á því þó að ekki sé nákvæmlega ljóst hvernig til að mynda þessi svæðaskipting á að vera.

Ég vakti t.d. athygli á því í fyrri ræðu minni í dag hvort hægt væri að styðjast við hugtök eins og atvinnusvæði eða þjónustusvæði. Þetta eru hugtök sem eru mjög vel þekkt í byggðaumræðunni þar sem landinu er skipt niður í atvinnusvæði þar sem menn reyna að átta sig á því hvar atvinnulegir hagsmunir geti legið saman á einstökum svæðum, hversu langt menn sækja vinnu milli byggðarlaga, hversu langt menn sækja þjónustu milli byggðarlaga o.s.frv. Þarna hefði auðvitað verið mjög eðlilegt að leita til bæði atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni og Byggðastofnunar, til aðila sem hvorir tveggja hafa sérfræðilega þekkingu á þessum efnum en það var ekki gert. Þvert á móti, eins og ég vakti athygli á í ræðu minni og í andsvari, hafði Byggðastofnun einn dag til þess að velta þessu máli fyrir sér eftir að Íslandspóstur hafði skilað af sér bréfinu frá Alþingi með beiðni um það að veita umsögn um málið.

Í öðru lagi var með mjög skilmerkilegum hætti, ekki síst af hv. þm. Ásbirni Óttarssyni, vakin athygli á því að sú meðaflaregla sem frumvarpið hafði að geyma var dæmd til að mistakast og gat haft mjög alvarlegar afleiðingar. Þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til á þessu fyrirkomulagi svarar í rauninni ekki þessari gagnrýni. Þetta var ekki ný gagnrýni, hún var ekkert að koma upp núna í þessari umræðu. Á þetta var bent strax í 1. umr. málsins þar sem vakin var athygli á því að þetta fyrirkomulag væri dæmt til að mistakast. Ég kallaði eftir því í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að við fengjum upplýsingar frá Fiskistofu um tegundaskiptingu við handfæraveiðar undanfarin þrjú ár og ég rakti það aðeins í ræðu minni fyrr í dag hvernig sú tegundaskipting er. Hún er dálítið misjöfn milli ára, sem m.a. getur helgast af því, eins og ég rakti, að handfærasóknin hafi verið meiri á einhverjum svæðum þar sem meiri ufsagengd hefur verið o.s.frv.

Landssamband smábátaeigenda lagði fram hugmyndir um það, eins og hv. þm. Ásbjörn Óttarsson nefndi, að í stað þess að vera með þessa prósentureglu varðandi meðaflann, ufsaaflann, yrði einfaldlega talað um þorskígildi í þessu sambandi og síðan mundi það þá ráðast af tegundaskiptingunni hvernig þetta þróaðist í veiðunum. Allt saman væru þetta mjög eðlilegir hlutir sem væri hægt að taka tillit til, en ég ítreka að ég tel að það væri langsamlega skynsamlegast til þess að ná meiri sátt um málið og til þess að ná skynsamlegri niðurstöðu, að doka við þetta fiskveiðiárið sem núna er brátt á enda. Það er alveg rétt sem hv. starfandi formaður nefndarinnar hefur sagt að það er auðvitað skammur tími til stefnu. Ég vek þó athygli á að það eru innan við þrjár vikur síðan málið kom fyrst fyrir Alþingi. Við höfum verið að vinna sleitulaust á mörgum aukafundum til þess að reyna að ljúka meðferðinni um málið en vitaskuld væri skynsamlegast núna að doka við, úthluta byggðakvótanum eins og margoft hefur komið fram og reyna að vinna að betri undirbúningi málsins.

Það sem hér er í raun og veru verið að gera varðandi þennan hluta frumvarpsins, þ.e. bráðabirgðaákvæði I, er að fara sóknarleið. Það eru alveg lögmæt sjónarmið á bak við það. Við þekkjum það hins vegar að þegar sóknarkerfi er sett á laggirnar þurfa menn samt sem áður að takmarka aðganginn með einhverjum hætti. Menn geta að vísu losnað við það með því að auka aflaheimildirnar ef þörf krefur. Það gerðum við í gamla banndagakerfinu, settum bara kíkinn fyrir blinda augað og jukum aflaheimildirnar en samt sem áður þurftu menn smám saman að fara að gefa eftir og fækka dögunum.

Það er ekki mjög líklegt að sú leið verði farin. Ríkisstjórnin hefur þegar ákveðið, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur tilkynnt það í bréfi til Alþjóðahafrannsóknaráðsins að næstu fimm árin verði fylgt mjög stífri aflareglu upp á 20% af veiðistofnum. Við skulum láta þá ákvörðun liggja á milli hluta en það liggur þá alla vega fyrir að það verður fylgt mjög stífri aflareglu næstu fimm árin og því ákaflega ólíklegt að farið verði í að auka þessar heimildir nema þá að ganga mjög á fiskveiðirétt annarra sem eru í þessu kerfi.

Í öðru lagi er auðvitað sú leið til, sem við beittum í gamla banndagakerfinu, að takmarka aðganginn, kerfinu var lokað. Að lokum var það þannig að menn komust ekkert inn í banndagakerfið, það varð reyndar fljótlega þannig, það var því sá hópur sem var í banndagakerfinu sem fékk að fiska á tilteknum dögum sem voru ákveðnir af sjávarútvegsráðherra hverju sinni í upphafi fiskveiðiárs.

Í þriðja lagi var sú leið, sem var í rauninni leið ráðuneytisins og löggjafans, að fækka þessum dögum þegar sóknarmátturinn jókst. Ef þetta kerfi tekst vel og menn sjá mikla hagsmuni í þessu, góðan afrakstur, mikla veiðimöguleika, mikla tekjumöguleika, þá hlýtur það að verða þannig og það hljóta a.m.k. vonir þeirra sem standa að málinu að standa til, að það verði ásókn inn í þetta kerfi. Þá er það augljóst mál að það mun auka sóknarmáttinn. Við þekkjum það til að mynda þar sem menn hafa beitt sóknarkerfi þá er innbyggt í það að menn reikna með því að sóknargetan sé u.þ.b. 2–5% sem aukist á hverju ári bara með þekkingu á miðum, þekkingu á veiðarfærum, framförum o.s.frv. Það leiðir í sjálfu sér til fækkunar á dögum. Öllu þessu þurfa menn væntanlega að velta fyrir sér þegar búið er að fá af þessu reynslu. Síðan er það það sem hv. þm. Illugi Gunn-

arsson sagði: Vandamálið verður ekki fyrsta árið, vandamálið kemur eftir fyrsta árið.

Þetta eru allt saman eðlileg sjónarmið sem mér finnst eðlilegt að koma hér á framfæri og árétta. Ég tel að þessi umræða hafi verið málefnaleg og gagnleg (Forseti hringir.) en ég geri mér grein fyrir því að það er vilji meiri hluta Alþingis að afgreiða þetta mál og það verður auðvitað gert. Áður en til (Forseti hringir.) þess kemur endanlega þarf málið auðvitað að koma fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að nýju.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 35. mál (samningsbundnar greiðslur til bænda). — Þskj. 35, nál. 110 og 116.

[20:10]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frumvarpið er samið að tilhlutan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í samráði við Bændasamtök Íslands. Tilgangur þess er að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum vegna breytinga á samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til minni háttar breytingar á heimild til greiðslu álags vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt til hagsbóta fyrir kaupendur fjárskiptafjár.

Það er ástæðulaust að hafa langt mál um þetta nefndarálit. Um það var mikil samstaða og nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, frá Bændasamtökum Íslands, Landssambandi sauðfjárbænda og Landssambandi kúabænda.

Breytingar á búvörusamningum um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og sauðfjárræktar voru undirritaðar 18. apríl sl. Þær fela í sér samningsbundna eftirgjöf af hálfu kúa- og sauðfjárbænda af fullum fjárframlögum í tvö til þrjú ár vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í ríkisbúskapnum. Á móti fá kúa- og sauðfjárbændur tryggingu fyrir framlengingu samningstímabilsins í tvö ár, sem vonandi og væntanlega leiðir þá til aukins rekstraröryggis.

Nefndin stendur einhuga að stuðningi við frumvarpið sem hún leggur til að verði samþykkt óbreytt en minni hluti nefndarinnar mun þó engu að síður skila séráliti.

[20:12]

Frsm. minni hluta sjútv.- og landbn. (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Nú kannski sannast það að örlögin geta verið bæði glettin og grá. Nú hefur það gerst, mér vitanlega í fyrsta skipti, að Samfylkingin stendur heils hugar að baki búvörusamningum sem gerðir eru við bændur. Það sem meira er, það urðu örlög Samfylkingarinnar að mæla fyrir málinu þegar það kemur út úr sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis með þeim mikla sannfæringarkrafti sem ég fann að skein út úr orðum hv. varaformanns nefndarinnar og hefur örugglega komið glögglega fram þegar málin voru rædd í þingflokki Samfylkingarinnar. Að því loknu hefur væntanlega ýmist verið haft uppi húrrahróp eða lófatak yfir því að flokkurinn fái það ánægjulega hlutskipti að festa betur í sessi mjólkursamninginn og sauðfjársamninginn, og gera betur, festa hann í sessi til lengri tíma. Ég veit ekki hvort það er ástæða til að óska Samfylkingunni til hamingju með þetta hlutskipti. Mér finnst það að vísu hamingjusamlegt hlutskipti að fá það tækifæri að vera sérstakur flutningsmaður og ábyrgðarmaður málsins í þinginu en a.m.k. er ástæða til að fagna því að um þessi mál, landbúnaðarmálin, sé loksins að skapast sú mikla pólitíska samstaða sem stundum hefur skort á þegar verið er að ræða um landbúnaðarmál í þjóðfélaginu.

Þegar við ræðum um landbúnaðarmálin almennt í þinginu hefur mér þó fundist að um þau mál væri býsna góð samstaða en hins vegar þegar til stykkisins kemur hefur það ekki alltaf verið þannig. Áður en ég gekk til þessarar umræðu rifjaði ég aðeins upp með því að skoða meðferð mjólkursamningsins og sauðfjársamningsins á sínum tíma og hvaða stuðning þessir tveir samningar höfðu. Mjólkursamningurinn var samþykktur á Alþingi 28. maí 2004. Þá sátu einungis fjórir þingmenn Samfylkingarinnar hjá, aðrir greiddu samningnum atkvæði sitt. Nú veit ég ekki annað en að um þessi mál verði þverpólitísk samstaða, annað hefur a.m.k. ekki komið fram. Sauðfjársamningurinn er nýrri samningur og kannski er það einhver skýring, en Samfylkingin treysti sér ekki þá til að styðja hann. 15 þingmenn Samfylkingarinnar sem voru við afgreiðslu málsins sátu hjá, enginn greiddi atkvæði með samningnum. Nú hafa menn hins vegar að athuguðu máli tveimur árum seinna komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt væri að halda sig við þennan samning sem gerður var á sínum tíma, 16.3.2007, og mjólkursamninginn, 28.5.2004, með þeim breytingum sem gerðar eru á samningnum með því frumvarpi sem hér liggur fyrir.

Það sem þetta frumvarp felur fyrst og fremst í sér er breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem er staðfesting á þeirri ákvörðun sem ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir tóku fyrir áramótin þegar ákveðið var að skerða verðbætur í búvörusamningnum eins og hafði verið ákveðið í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Eins og allir vita er þetta gert í ljósi ört versnandi efnahagsaðstæðna. Á sínum tíma var þessi ákvörðun mjög harðlega gagnrýnd, ekki síst af þáverandi stjórnarandstöðu, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Framsóknarflokknum, en einnig auðvitað af bændum sem bentu á að hér væri vegið að tekjuforsendum samningsins sem vissulega var verið að gera. Þess vegna er það að mínu mati fagnaðarefni að nú hefur náðst samkomulag í þessum efnum milli ríkisvaldsins og bænda um að hátta þessum málum með svipuðum hætti og ákveðið var við fjárlagaafgreiðsluna árið 2008, festa það í lög og um leið lengja þennan samning um tvö ár, með öðrum orðum að festa búvörusamningana betur í sessi en áður. Það er mikið fagnaðarefni.

Það er ljóst að við erum í þessum sporum í kjölfar þess að vegna bankahrunsins hrundu tekjur ríkisins. Þetta hrun bankakerfisins, efnahagshrunið í haust, olli því líka að ýmsir útgjaldaliðir fóru úr böndunum sem kallaði á það að ábyrgðarmenn ríkissjóðs urðu að fara í margvíslegar aðgerðir til að draga úr þeim halla sem var fyrirsjáanlegur. Það stefndi í rúmlega 200 milljarða halla og markmiðið var að koma þeim halla niður í 170 milljarða kr. Niðurstaðan varð sem betur fer heldur betri, 150 milljarðar kr. eða þar um bil í halla sem þó er ærinn eins og allir vita og allir eru sammála um að ekki sé við búandi til lengri tíma.

Við þessar aðstæður voru öll góð ráð dýr og engin ráð góð. Þær aðgerðir sem við urðum að grípa til voru allar í eðli sínu sársaukafullar og m.a. voru aðgerðir í þá veru að skerða vísitölubætur mjög víða í fjárlagafrumvarpinu, bæði vísitölubætur sem sneru að almannatryggingum og skyldum hlutum og einnig vísitölubætur sem hefðu orðið í búvörusamningnum ef honum hefði ekki verið breytt.

Ég ætla að halda því til haga að í fyrsta lagi var flutt fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2008 og þar voru auknar verðbæturnar sem gert hafði verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2008. Þetta er eins og alltaf hefur verið gert varðandi framkvæmd búvörusamningsins, ákveðnar forsendur eru lagðar til grundvallar þegar samningurinn er lagður fram og þær forsendur eru verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins hverju sinni. Þegar málin eru síðan gerð upp þegar líður á árið og í ljós kemur, eins og kom fram á árinu 2008, að verðlagsforsendur þess frumvarps sem hafði orðið að fjárlögum hafa ekki staðist er einfaldlega bætt í og aukin fjárframlög til bænda í gegnum búvörusamningana sem því nemur þannig að búvörusamningarnir voru verðbættir að fullu á árinu 2008.

Fjárlagafrumvarpið 2009 var líka lagt fram með tilteknum verðlagsviðmiðum, þ.e. þar var gert ráð fyrir því að verðlag mundi hækka á milli ára að meðaltali um 5-6%. Eftir efnahagshrunið í október og þegar farið var að skoða forsendur fyrir næsta ár, núverandi yfirstandandi ár, kom í ljós að verðlagsforsendur voru að mati efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins þær að ætla mætti að verðlag mundi hækka að meðaltali milli ára um 14%. Þegar niðurstaðan varð þá sú að fara inn í vísitölubætur búvörusamninganna vorum við að tala um skerðingu á vísitölubótum sem nam 6–8 prósentustigum.

Auðvitað er ljóst að þetta var til þess fallið að rýra hag bænda. Hins vegar mun stærðargráðan af þessu fyrst og fremst ráðast af því hvernig okkur tekst til með efnahagsframvinduna. Ef það hefði tekist svo vel til að okkur hefði tekist að ná utan um verðlagshækkanirnar með markvissari hætti en menn spáðu í upphafi þessa árs hefði skerðingin orðið sem þessu nam minni en eins og lagt var af stað með málið í upphafi ársins var gert ráð fyrir því að þetta mundi skerða tekjur bænda um 800 millj. kr. Það skyldi enginn gera lítið úr því og það gerði hvorki ég sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á þessum tíma né ríkisstjórnin eða aðrir þeir sem að málinu komu.

Það er hins vegar ljóst mál að í þessum efnum veldur hver á heldur. Með markvissri hagstjórn hefði verið hægt að draga mjög mikið úr áhrifum þessara skerðinga á afkomu bænda. Lausatök ríkisstjórnarinnar við hagstjórnina, sem hafa birst okkur á hverjum degi, eru sjálfstæður skaðvaldur í þessum efnum. Við höfum dag eftir dag og viku eftir viku kallað eftir efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar en á þeim hefur lítið bólað, þær eru boðaðar í hverri viku en sífellt eru búnar til nýjar dagsetningar og nýjustu dagsetningarnar heyrðum við um síðustu helgi. Verðbólguþrýstingurinn hefur orðið miklu meiri en menn gerðu ráð fyrir, það staðfesti m.a. hæstv. fjármálaráðherra í ræðu hér í dag. Það var gert ráð fyrir því að verðbólgan væri á mun hraðari niðurleið, en gengishrunið sem hefur orðið frá því í mars hefur gert þær vonir að litlu sem engu. Auðvitað sjáum við að verðbólguþrýstingurinn er á niðurleið en það er hins vegar ljóst mál að ef ekki hefði orðið þetta gengishrun hefðum við séð miklu skarpari lækkun á verðbólgu en raun hefur orðið.

Ofan á þetta bætist síðan þetta svimandi íþyngjandi vaxtastig sem leggst ofan á minnkandi tekjur í landbúnaði og kemur niður á landbúnaðinum eins og svo mörgum öðrum atvinnugreinum. Auðvitað eru það sérstök vonbrigði fyrir landbúnaðinn sem er háður innlendri fjármögnun að vaxtastigið þumlungast ekki almennilega niður. Það er þess vegna ljóst að ríkisstjórnin sem nú situr ber mikla ábyrgð á versnandi kjörum bænda á þessu ári. Það er á valdi hennar að hafa áhrif á kjör bænda en hér blasir við aðgerðaleysiskostnaðurinn sem kemur niður á bændum eins og öðrum þjóðfélagsþegnum.

Virðulegi forseti. Ég gerði aðeins að umtalsefni, en þó í mjög stuttu máli, við 1. umr. þessa máls þá ótrúlegu kúvendingu sem hefur orðið hjá hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og flokki hans. Ég verð að játa að ég kann ekki utan að ræður hæstv. ráðherra frá þeim tíma en mig rekur minni til helstu atriða ræðuflutnings hæstv. ráðherra og flokksmanna hans. Þegar þáverandi ríkisstjórn hafði komist að því að nauðsynlegt væri að skerða vísitölu búvörusamninga eins og ég gerði grein fyrir brugðust þessi stjórnmálaöfl mjög ókvæða við og töldu að það mætti ekki, og ætti ekki að skerða vísitöluna í búvörusamningunum. Þeir töldu ekki einasta að það væri lögfræðilega hæpið að gera þetta þannig, þeir töldu einfaldlega að það væru efnisleg rök gegn því að láta þessa skerðingu bitna á búvörusamningunum.

Hefði maður gengið svona bláeygur til þessarar umræðu síðar meir hefði maður getað ímyndað sér að flokkur vinstri grænna hefði látið það verða sitt fyrsta verk í ríkisstjórn að afturkalla þessa ákvörðun fyrrverandi ríkisstjórnar. Því var ekki alveg að heilsa. Þáverandi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og raunar fjármálaráðherra í einum og sama manninum, Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, tilkynnti bændum það ofur einfaldlega við setningu búnaðarþings þann 1. mars sl. að það væri ákveðið að sú skerðing sem ákveðin var í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár mundi standa og ekki bara það, hún yrði líka á næsta ári. Að því búnu boðaði hæstv. ráðherra bændur til sín til að ræða þessar málalyktir og hvernig mætti síðan vinna úr því.

Ég ítreka að í sjálfu sér er fagnaðarefni að það sé búið að ná samkomulagi í þessu máli. Það var mjög mikilvægt að reynt yrði að ná samstarfi við bændur um útfærslu á þeim óhjákvæmilegu skerðingum sem gera varð á búvöru-

samningunum og að því máli hafði verið unnið af minni hálfu strax frá því fyrir áramót. Ég kallaði á minn fund forustumenn bænda áður en ljóst var að niðurstaðan yrði þessi varðandi vísitöluskerðingarnar og gerði þeim grein fyrir því hvað væri í farvatninu, innti þá álits á því hvort þeir vildu að við reyndum að ná samkomulagi um það hvernig þessi mál yrðu útfærð. Niðurstaða bænda varð sú sem ég tel bæði eðlilega og skiljanlega við þessar aðstæður, þeir töldu ekki að þeir hefðu stöðu eða heimildir umbjóðenda sinna til að ganga til slíkra samningaviðræðna og þess vegna var það svo, sem ég taldi líka eðlilegt, að þáverandi stjórnvöld mundu axla ábyrgðina á þessari ákvörðun sem við og gerðum.

Hins vegar gengu þessar viðræður áfram. Þeim var haldið áfram eftir áramótin og þá urðu til þær hugmyndir sem núna hafa litið dagsins ljós í þessu frumvarpi, í fyrsta lagi það að una þeirri niðurstöðu að óhjákvæmilegt væri að fara inn í vísitölubæturnar á búvörusamningunum en reyna að skapa meiri vissu um þetta mál til lengri tíma, til tveggja ára í viðbót, og lengja gildistíma bæði mjólkursamningsins og sauðfjársamningsins sem því nam. Þetta er í rauninni kjarni frumvarpsins sem fyrir liggur hérna og ég fagna því að þessi niðurstaða er fengin og við í minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar lýsum yfir stuðningi við það að þetta mál fái brautargengi á Alþingi.

Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að segja það að ég sakna þess engu að síður að hér líti dagsins ljós frekari áform hæstv. ríkisstjórnar um hvernig þessum málum sem snúa að hagsmunum bænda og kjörum bænda verði haldið áfram. Ég á t.d. við þá vinnu sem er nauðsynleg og er raunar hafin að einhverju leyti við kortlagningu á skuldastöðu bænda og úrræði við að koma til móts við þarfir landbúnaðarins. Við bankahrunið í byrjun október kallaði ég til mín forustumenn bænda til að fara yfir afleiðingarnar fyrir landbúnaðinn sérstaklega og hvernig við gætum brugðist hér við. Okkur var ljóst að ekki voru mörg þægileg ráð í þeim efnum en engu að síður varð að ráði að sameiginlega fóru fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og hagsmunasamtakanna á fund bankastofnana, sem þá höfðu nýlega verið reistar úr rústunum, til að fara yfir það með hvaða hætti bankastofnanirnar gætu séð að þær gætu tekið þátt í þessum vanda með landbúnaðinum.

Nú er skemmst frá því að segja að viðtökurnar voru mjög góðar. Bankastofnanirnar, fjármálastofnanirnar, gerðu sér grein fyrir þýðingu landbúnaðarins og þýðingu þess að landbúnaðarframleiðslan gæti gengið fyrir sig sem áfallaminnst. Þær frystingar sem óskað var eftir að yrðu framkvæmdar gagnvart landbúnaðinum gengu almennt eftir eftir því sem ég best hef upplýsingar um og hef raunar fengið staðfest frá fulltrúum Bændasamtakanna.

Nú er hins vegar komið að ákveðnum þáttaskilum. Þessu tímabili er lokið og við þurfum að sjá fram í tímann og þess vegna hefði ég talið eðlilegt við þessar aðstæður, í tengslum við þetta frumvarp, að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gerði okkur betur grein fyrir stöðu þessa máls, hvernig að þessum málum yrði unnið. Við kölluðum raunar eftir þessum sjónarmiðum í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hjá forustumönnum bænda og það er ljóst að af þeirra hálfu er mikil alvara í því að vinna að þessum málum, en það skiptir líka miklu máli að fyrir liggi stuðningur hins pólitíska valds við þetta mál. Ég tel eðlilegt að það sé gert.

Í annan stað hef ég líka velt fyrir mér í þessu sambandi, sem raunar var mjög til umræðu milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ráðuneytisins og þáverandi forustu Landssambands sauðfjárbænda, hvort það ætti að framlengja svokallaða útflutningsskyldu á dilkakjöti til að koma jafnvægi á kjötmarkaðinn eða a.m.k. hafa möguleika á að grípa inn í ef ástæða þætti til. Ég rakti með hvaða hætti hefði á sínum tíma verið komist að niðurstöðu varðandi útflutningsskylduna. Þá var það gert með því að bæta 300 millj. kr. inn í þennan samning. Nú er verið að skerða þennan samning, nú er staðan á kjötmarkaði erfið og tvísýn á margan hátt eins og margoft hefur komið fram og raunar má segja að ákveðin spegilmynd þess ástands komi fram í töflu sem fylgir með í þessu nefndaráliti sem Landssamband sauðfjárbænda aflaði og sendi okkur. Að mínu mati væri full ástæða til að taka þessi mál upp. Það getur vel verið að niðurstaðan verði að framkvæma þessa hluti með einhverjum öðrum hætti en gert hefur verið. Landssamband sauðfjárbænda vakti t.d. athygli á því að þetta mætti allt gera með því að sameinast um útflutningsmál á kjöti, taldi líka að það ætti að setja þá útflutningsskyldu á allt kjöt í landinu sem er miklu viðurhlutameiri ákvörðun. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra svaraði eins og véfréttin frá Delfí þegar ég spurði um þessi mál þegar við ræddum þau við 1. umr., sagði að það væri verið að ræða málin milli sín og forustumanna bænda án þess að gera nánari grein fyrir því hvað í því fólst. Þess vegna var það upplýsandi að fulltrúar Landssambands sauðfjárbænda greindu okkur frá þeim hugmyndum sem þar voru uppi, þ.e. annars vegar að búa til formlegt samstarf um útflutninginn, hvernig að því máli yrði staðið, og í öðru lagi að setja útflutningsskyldu á allt kjöt.

Það hefði verið fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þessara hugmynda, eða formanns nefndarinnar, en ég sé að bæði eru vant við látin og geta ekki hlýtt á ræðu mína — sem er auðvitað miður, þau hefðu gott af því — en sérstaklega að ræða þá hugmynd sem hefur komið fram hjá forustumönnum sauðfjárbænda um það að fara þessar leiðir í stað þess að framlengja útflutningsskylduna eins og hún hefur verið framkvæmd á undanförnum árum.

Í þriðja lagi er ljóst að mikil breyting hefur orðið á neyslumynstri bæði á kjöti og mjólkurafurðum vegna áhrifa af efnahagshruninu og vegna versnandi hags almennings í landinu. Þetta hefur komið niður á afkomu afurðastöðva landbúnaðarins og vandi þeirra er m.a. fólginn í því að þau geta illilega brugðist við vegna lagaumhverfis sem er mjög hamlandi. Það hefði þurft að knýja á um að þær lagabreytingar sem ég beitti mér á sínum tíma fyrir en náðu illu heilli ekki fram að ganga vegna þvermóðsku Samfylkingarinnar, um að leggja af svokallað verðmiðlunar- og verðjöfnunargjald, hefðu orðið samferða þessu í gegnum þingið til að opna þessa möguleika afurðastöðvanna á að verðleggja afurðir sínar með eðlilegri hætti. Það hefur sem sagt ekki verið gert.

Síðan hefði heldur ekki verið óskynsamlegt, eins og reyndar hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hvatti

mjög til á aðventunni þegar þessi mál voru rædd, að nú yrði gerð sérstök könnun á því hver yrði líkleg verðþróun á afurðum landbúnaðarins og hvernig sú þróun hefði áhrif á hag bænda og afurðastöðva í ljósi þess að nú væri verið að skerða tekjumöguleika greinarinnar og menn yrðu væntanlega að reyna að freista þess að afla sér viðbótartekna í formi þess að velta verðlaginu yfir á neytendur sem eru kaupendur að afurðunum.

Ekkert af þessu hefur verið gert og þess vegna harma ég það að hæstv. ráðherra hefur ekki að mínu mati lagt fram nægilega fullbúið heildstætt mál í þessum efnum. Mér er ljóst að aðstæður eru erfiðar, ríkissjóður er ekki sérstaklega útbær á fé um þessar mundir, það er mér mætavel ljóst og ég geri ekki lítið úr því. Hins vegar eru til úrræði til að reyna að bregðast við vanda bænda með ýmsum hætti eins og ég hef gert grein fyrir, sem ekki kallar nauðsynlega á frekari útgjöld hins opinbera.

Virðulegi forseti. Ég hef í örstuttu máli farið yfir þau helstu atriði sem lúta að þessu frumvarpi. Ég ítreka það, eins og kom fram í ræðu minni við 1. umr., að við sjálfstæðismenn munum að sjálfsögðu standa að þessu frumvarpi. Ég tel að þetta sé, eins og ég orðaði það, iðrunar- og yfirbótafrumvarp hæstv. ráðherra þar sem hann dregur í rauninni í land allar sínar stóryrtu yfirlýsingar frá því fyrir jólin. Það er út af fyrir sig karlmannlega gert að viðurkenna að hafa haft á röngu að standa.

Við erum í miklum nauðum þegar þessi mál eru til umfjöllunar, við erum að fjalla um málið í skugga mikilla erfiðleika sem hafa kallað erfiðleika yfir bændur og ríkissjóð. Sameiginlega er verið að taka á þeim málum með samningnum sem innsiglaður er í þessu frumvarpi. Bændur hafa sjálfir þegar samþykkt þessa samninga. Þeir gera sér grein fyrir stöðu málsins, þeim er vandinn vel ljós. Bændur hafa áður sýnt að þeir eru manna reiðubúnastir til að taka sameiginlega á með þjóðinni þegar erfiðleikar steðja að. Skemmst er að minnast þjóðarsáttarinnar þar sem bændur komu að með mjög myndarlegum hætti á sínum tíma. Það má líka rifja upp að árið 2007 afsöluðu bændur sér einhliða rétti til hækkana á afurðum sínum sem hefði annars verið lögbundinn. Á því ári voru tollar líka lækkaðir einhliða um 40% á samkeppnisvörum íslensks landbúnaðar, sem hefur haft áhrif á samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar og möguleika bænda til tekjuöflunar innan lands.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að hafa öllu fleiri orð um þetta mál. Það er að mínu mati jákvætt í þeim skilningi að þarna er verið að ná þó samkomulagi í mjög erfiðu máli sem kostaði deilur og kostaði bændur fjármuni. Í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru er óhjákvæmilegt að styðja það að þessi niðurstaða náist og hún er í samræmi við það upplegg sem ég lagði upp með bændum í upphafi þessa árs.

[20:36]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Þar er helst að nefna, eins og fram hefur komið í framsögu, að við erum fyrst og fremst að tala um samningsbundna eftirgjöf af hálfu mjólkurframleiðenda og sauðfjárbænda af fullum fjárframlögum í minnsta lagi í tvö til þrjú ár auk yfirstandandi árs en í staðinn fá þessi samtök bænda framlengingu á samningnum um tvö til tvö og hálft ár. Að auki fylgir í þessu frumvarpi minni háttar breyting á heimild til greiðslu álags vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt til hagsbóta fyrir kaupendur fjárskiptafjár sem lenda í riðuniðurskurði.

Um aðdraganda þessa máls væri svo sem hægt að hafa ýmis orð. Við 1. umr. kom fram í máli hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og einnig hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að þeir hafa skipst á stólum í þessu máli í vetur. Af hálfu okkar framsóknarmanna og af minni hálfu geri ég svo sem ekki greinarmun á því hvort um sé að ræða einhliða ákvörðun sem gerð var í desember 2008 af ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks eða þá þennan tvíhliða samning sem gerður er undir mjög sérkennilegum aðstæðum, eins og kom fram í ágætri framsögu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar á búnaðarþingi 1. mars þar sem þáverandi hæstv. landbúnaðarráðherra, sem þá var jafnframt fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, tilkynnti bændum að niðurskurðurinn væri orðinn. Í ljósi þess hafa menn gengið til þessa tvíhliða samnings hjá ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna.

Það er aftur á móti nokkuð ánægjulegt fyrir okkur framsóknarmenn sem við höfðum staðið fyrir því að þessum samningi yrði komið á við bændur fyrr á árum að sjá nú alla flokka tilbúna til að standa að honum, ekki síst Samfylkingu og Vinstri græna og að þeir skuli þá standa að því að festa í sessi þetta starfsumhverfi landbúnaðarins. Samningurinn sem um er fjallað byggir sem sagt á eftirgjöf bænda eins og ég kom inn á, þ.e. sauðfjárbænda og kúabænda auk Bændasamtakanna sem skrifa upp á samninginn. Það er að sjálfsögðu virðingarvert af bændum að leggja sitt af mörkum og taka á sig þær byrðar sem þeir eru tilbúnir til til þess að koma þjóðarbúinu í gegnum þau boðaföll sem nú ganga yfir í ríkisfjármálum og öðru slíku. Það er hins vegar ekki virðingarvert af ríkisstjórninni og allra síst af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem í aðdraganda þessa máls hefur gagnrýnt það allt mjög harðlega. Það er sérkennilegt að í hverju málinu á fætur öðru skuli þeir vera tilbúnir til að venda kvæði sínu í kross og tala í norður þegar þeir töluðu áður í suður.

Það er reyndar einnig ámælisvert af ríkisvaldinu að í þennan samning skuli vanta uppáskrift og samning við garðyrkjubændur. Þrátt fyrir yfirlýstan vilja garðyrkjubænda til að standa að sambærilegum samningi var ríkisvaldið ekki tilbúið til að ganga frá öruggum samningi um niðurgreiðslu á flutningskostnaði raforku til þeirra sem nýta raforku til lýsingar og framleiðslu á heilnæmum afurðum. Það er klárlega mjög ámælisvert af ríkinu og ég sakna þess að við þessa umræðu og síðan þetta var kynnt í þinginu skuli ekki vera búið að tilkynna frá hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða í nefndinni til hvaða ráða ríkisvaldið hyggist grípa til að tryggja rekstrargrundvöll garðyrkjunnar í landinu.

Þessi samningur hefur sannarlega mikil áhrif og í því ljósi er hægt að nefna að á yfirstandandi ári, eins og kom fram í framsögu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, erum við

að tala um 800 millj. kr. og síðan yrði bundin næstu 2–3 árin (Forseti hringir.) föst hækkun sem þýðir að bændur taka algjörlega á sig alla þá áhættu sem fylgir vísitöluhækkunum og verðbólguhækkunum í landinu. (Gripið fram í.) Bændur standa sig sannarlega vel og það væri óskandi að ríkisstjórnin stæði sig jafn vel og bændur hafa gert og væri tilbúin að axla sambærilegar skyldur.

Í sambandi við það hvaða áhrif þessi samningur hefur gildir hann ekki einasta þetta ár 2009 heldur líka 2010, 2011 og 2012 en í tilfelli sauðfjárbænda fá þeir framlengingu á núverandi samningi til ársloka 2015 og kúabændur reyndar um 28 mánuði þar sem þeirra samningi lýkur í ágústlok en mun lengjast til ársloka 2014. Samningurinn hefur nú þegar verið lagður fyrir bændur og verið kosið um hann þar og í þokkalegri þátttöku í atkvæðagreiðslunni samþykktu samninginn 80%–83% bænda sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni.

Það er hins vegar mjög þýðingarmikið og nauðsynlegt að minnast á það sem er í viðauka við þessa samninga tvo, sauðfjárbændur og mjólkurframleiðendur komu inn í samninginn, en þar er um að ræða ákvæði um að beita sér fyrir könnun á skuldastöðu annars vegar sauðfjárbænda og hins vegar mjólkurframleiðenda í ljósi þeirra fjármálaþrenginga sem þjóðin býr nú við og jafnframt að leita lausna til að bæta stöðu greinanna. Það er því áhyggjuefni að samhliða þessu skuli ekki liggja neitt fyrir um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um að efna þann hluta samningsins þegar við erum að samþykkja eða ræða þennan samning hér.

Áhættan sem er fólgin í þessum samningi byggist á því að ekki náist að hemja verðbólgu, að efnahagsástandið verði á sama róli og við höfum horft upp á síðustu mánuðina. Þessi áhætta er sem sagt einhliða tekin af bændum og Bændasamtökunum og gæti orðið þeim afar dýrkeypt ef við náum ekki tökum á ríkisfjármálunum og efnahagsástandinu.

Ég ræddi við 1. umr. mikilvægi þess að í staðinn fyrir að ræða um þessa skerðingu á kjörum bænda ættum við í raun og veru að ræða efnahagsráðstafanir. Ég sakna þess að hafa ekki enn séð þær teknar fyrir, hvorki hér í þinginu né hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Ég ítreka það sem kom fram við 1. umr., við framsóknarmenn munum styðja þetta frumvarp, frú forseti, enda teljum við að við séum í raun og veru að efna þann hlut ríkisins sem sé sjálfsagður í ljósi þess að bændur eru búnir að samþykkja þetta með kosningum sínum.

Í lokin, frú forseti, ætla ég að koma því á framfæri að ég er meðflutningsmaður meiri hlutans að þessu máli. Það er ekki síst áhugavert eða skemmtilegt að vera samstiga Samfylkingunni og Vinstri grænum í að festa í sessi landbúnaðarsamning sem við framsóknarmenn komum á. Við höfum verið gríðarlega stoltir af að hafa komið rekstrargrundvelli landbúnaðarins á það stig sem hann þó hefur verið síðustu árin. Ég vona og trúi því og treysti að við munum ná þeim tökum á efnahagsmálunum að það versta sem maður gæti óttast í þessum samningi, verðbólga upp á 10–20% og gjaldþrot greinarinnar, verði ekki að veruleika heldur að við munum ná tökum á þessu þannig að þetta verði ekki of þungur baggi á landbúnaðinum.

Ég ítreka, frú forseti, í lokin svo það verði örugglega til bókar fært að það er áhugavert fyrir okkur framsóknarmenn að taka þátt í því með Samfylkingunni að tryggja þennan samning í sessi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:49]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við göngum nú til atkvæðagreiðslu um það frumvarp sem hér liggur fyrir. Það hefur fengið allítarlega umfjöllun og við 1. umr. málsins lýstum við sjálfstæðismenn yfir stuðningi við að þetta mál fengi brautargengi og samþykki Alþingis. Það er mjög mikilvægt að ljúka því þar sem fyrir liggur afstaða bænda til þessara breytinga.

Hér er í raun verið að lögfesta þá ákvörðun sem Alþingi tók fyrir áramótin með því að skerða vísitölubætur á búvörusamningi í ljósi þeirra alvarlegu efnahagsaðstæðna sem þá voru uppi og eru enn í dag. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að um þetta mál skyldi að lokum takast samkomulag milli bænda og ríkisvaldsins í samræmi við það sem lagt var af stað með samningaviðræðum sem hófust í minni tíð í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. (**Utanrrh.:** Þegar þið voruð í ríkisstjórninni.) Þegar við vorum í ríkisstjórninni, rétt, hæstv. utanríkisráðherra.

Um leið er þetta frumvarp eins konar staðfesting á því að þeir sem gagnrýndu þessi mál fyrir áramótin eru nú að viðurkenna að þeir höfðu á röngu að standa og betra er seint en aldrei. (Gripið fram í.)

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BJJ, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, HHj, JBjarn, JRG, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, SDG, SIJ, SkH, SJS, SVÓ, VBj, VigH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

31 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KÞJ, LRM, MT, ÓN, REÁ, RR, RM, SER, SII, SF, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:51]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég ætla bara að fagna því að hér er verið að taka til afgreiðslu frumvarp sem er til fullnustu þess samkomulags sem tókst við bændur um að þeir sættu sig við umtalsverða skerðingu á umsömdum afkomugrundvelli sínum sem búvörusamningurinn í raun og veru er. Ég fór í viðræður við bændur og náði þessu samkomulagi, en það eru nýjar upplýsingar fyrir mér að slíkar samningaviðræður hafi verið komnar í gang í tíð fyrri ríkisstjórnar.

2.–7. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 34. mál (strandveiðar). — Þskj. 34, nál. 107 og 117, brtt. 108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:53]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Hér er komið að því að greiða atkvæði um efnisatriði þess frumvarps sem við höfum verið að ræða mestan hluta dagsins. Sannarlega er það þannig að ýmislegt í þessu frumvarpi er til bóta sem má svo sem lýsa stuðningi við en annað er lakara. Það sem er verst í þessum efnum er það að hinn svokallaði strandveiðihluti frumvarpsins er algjörlega vanbúinn eins og hefur glögglega komið fram í þessum umræðum.

Þær breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar leggur til eru lítils háttar viðleitni í rétta átt en nægja engan veginn til þess að gera þetta mál þannig úr garði að hægt sé að styðja það. Þetta eru í sjálfu sér jákvæðar breytingartillögur eins langt og þær ná og út af fyrir sig hægt að fagna því en hins vegar er það þannig að málið er í fullkominni óvissu, það er óljóst og það mun ekki ná þeim markmiðum sem að er stefnt, hvorki með nýliðun eða sem stuðningur við byggðirnar, þvert á móti, og þess vegna mun það koma fram í afstöðu okkar sjálfstæðismanna í þessari atkvæðagreiðslu.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 108,1 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JBjarn, JRG, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁsbÓ, BJJ, EKG, EyH, GStein, PHB, SDG, SIJ, VigH) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KÞJ, LRM, MT, ÓN, REÁ, RR, RM, SER, SII, SF, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB) fjarstaddur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JBjarn, JRG, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁsbÓ, BJJ, EKG, EyH, GStein, PHB, SDG, SIJ, VigH) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KÞJ, LRM, MT, ÓN, REÁ, RR, RM, SER, SII, SF, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB) fjarstaddur.

3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JBjarn, JRG, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁsbÓ, BJJ, EKG, EyH, GStein, PHB, SDG, SIJ, VigH) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KÞJ, LRM, MT, ÓN, REÁ, RR, RM, SER, SII, SF, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB) fjarstaddur.

Brtt. 108,2 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JBjarn, JRG, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁsbÓ, BJJ, EKG, EyH, GStein, PHB, SDG, SIJ, VigH) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KÞJ, LRM, MT, ÓN, REÁ, RR, RM, SER, SII, SF, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér erum við að greiða atkvæði um ákaflega veikburða tilraunir meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar til þess að reyna að stagbæta illa unnið frumvarp sem engin leið er að gera breytingar á svo vel sé með þeim hætti sem hér er verið að leggja til. Þess vegna er ekki hægt að styðja þessar breytingartillögur þó að vissulega megi segja sem svo að þær horfi að einhverju leyti til bóta.

Heildarákvæði frumvarpsins hvað þetta áhrærir er hins vegar með þeim hætti að það er alveg ljóst að það skapar fullkomna óvissu um þetta útgerðarform. Það mun ekki ná þeim árangri sem að er stefnt og þess vegna munum við sjálfstæðismenn greiða atkvæði gegn þessu ákvæði í heild sinni þó að vissulega séu þessar lítils háttar, veikburða lagfæringar heldur til bóta.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 23:3 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JBjarn, JRG, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁsbÓ, EKG, PHB.

6 þm. (BJJ, EyH, GStein, SDG, SIJ, VigH) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KaJúl, KÞJ, LRM, MT, ÓN, REÁ, RR, RM, SER, SII, SF, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB) fjarstaddur.

Brtt. 108,3 (ákv. til brb. II falli brott) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til sjútv.- og landbn.

Fundi slitið kl. 20:58.

20. FUNDUR

þriðjudaginn 16. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til umhverfisráðherra:

2. Íslenska undanþáguákvæðið, fsp. VigH, 41. mál, þskj. 41.

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

3. Undirbúningur að innköllun veiðiheimilda, fsp. RM, 6. mál, þskj. 6.
4. Hvalveiðar, fsp. GBS, 64. mál, þskj. 72.
5. Efling þorskeldis, fsp. GBS, 65. mál, þskj. 73.

Til samgönguráðherra:

6. Vegaframkvæmdir á Vestfjörðum, fsp. GBS, 66. mál, þskj. 74.
7. Verkefnastaða í vegaframkvæmdum á Vestfjarðavegi 60, fsp. ÓÞ, 68. mál, þskj. 79.
8. Malarvegurinn fyrir Melrakkasléttu, fsp. SER, 76. mál, þskj. 88.
9. Björgunarbúningar og öryggisfræðsla sjómanna, fsp. ÁsbÓ, 84. mál, þskj. 96.

Til menntamálaráðherra:

10. Háskólasetur á Ísafirði, fsp. GBS, 63. mál, þskj. 71.
11. Miðstýring háskólanáms, fsp. SER, 72. mál, þskj. 84.
12. Diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun, fsp. SER, 74. mál, þskj. 86.

Til iðnaðarráðherra:

13. Breytingar á raforkulögum, fsp. SER, 75. mál, þskj. 87.

Til dómsmálaráðherra:

14. Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar, fsp. SF, 77. mál, þskj. 89.

Til heilbrigðisráðherra:

15. Staðgöngumæðrun, fsp. REÁ, 86. mál, þskj. 98.

Tilkynning um dagskrá og tilhögun þingfundar.

[13:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að að loknum fyrirspurnatíma verður settur nýr þingfundur þar sem fyrir verða tekin þrjú mál til 3. umr. og atkvæðagreiðsla um þau.

Um klukkan tvö í dag, að loknum umræðum um störf þingsins, fer fram umræða utan dagskrár um nýtingu orkulinda og uppbyggingu stóriðju. Málshefjandi er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting:

Stjórn fiskveiða, 34. mál, þskj. 126.

Störf þingsins.

Icesave – einkavæðing bankanna – Evrópusambandsaðild – fundir menntamálanefndar.

[13:32]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Fyrirspurnin er til hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. Í gær upplýsti hún í viðtali á mbl.is að lánshæfismatsfyrirtæki hefðu verið búin að taka með í reikninginn þann samning sem ríkisstjórnin hefur gert varðandi Icesave-skuldbindingarnar. Ég spyr: Hvernig veit hv. þingmaður að lánshæfismatsfyrirtækin eru búin að taka það með í reikninginn varðandi mat sitt á Íslandi fyrir fram? Ekki vissi þingið að þessarar niðurstöðu væri að vænta og taldi raunar að niðurstaðan yrði mun skárri en raun varð á, það taldi ég svo sannarlega. Hvers vegna telur hv. þingmaður að lánshæfismatsfyrirtækin veiti þetta? Hefði að mati hv. þingmanns ekki verið ráð að heyra að minnsta kosti hljóðið í þessum fyrirtækjum fyrir fram varðandi hver þau teldu að kynnu að verða áhrifin af slíkum samningi? Jafnvel hinir áhættusæknu íslensku bankar stunduðu það þegar þeir réðust í verulegar skuldbindingar að ræða fyrst við lánshæfismatsfyrirtækin til að spyrja þau ráða hvaða áhrif þær kynnu að hafa.

Þetta skiptir alveg gríðarlega miklu máli vegna þess að eins og komið hefur fram er lánshæfi íslenska ríkisins nú einu stigi fyrir ofan svokölluð junk bonds eða ruslbréf, og falli það stiginu neðar eru mjög margir fjárfestar, bankar og stofnanir hér á landi og erlendis sem mega einfaldlega ekki fjárfesta í íslenskum bréfum. Það sama mundi þá væntanlega eiga við um öll íslensk fyrirtæki því að yfirleitt er ekkert fyrirtæki ríkis með hærra lánshæfismat eða betra en ríkið sjálft. Þetta er mjög stórt atriði og væri mjög fróðlegt að heyra hv. þingmann útskýra hvaðan hún hefur þessa vitneskju.

[13:34]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Hv. þingmaður vitnar í það sem haft var eftir mér á mbl.is í gær í tilefni af því að lánshæfismat Íslands kolféll sl. haust og fram eftir vetri og stendur nú í BBB með neikvæðum horfum. Er í því mati tekið tillit til fjölmargra atriða, þar á meðal skuldastöðu ríkissjóðs, skuldastöðu fyrirtækja í eigu ríkissjóðs og þeirra ríkisábyrgða sem fyrir liggja, þar á meðal yfirlýsingum um að Íslendingar ætli að axla ábyrgð á þessum Icesave-skuldum. Flóknara er það nú ekki. Það eru þær upplýsingar sem ég hef og ég vil vekja athygli þingmannsins á því að á heimasíðu Seðlabankans eru talin ein átta eða níu atriði sem notuð eru til að leggja mat á lánshæfismatið. Það er alveg ljóst að ástæða lækkandi mats sl. haust var aukin skuldsetning ríkissjóðs vegna falls bankanna en líka óvissan um þróun efnahagsmála vegna þess að óvissa m.a. um skuldastöðu getur haft áhrif á að lánshæfismatið verði neikvætt og horfurnar neikvæðar.

Nú er ákveðinni óvissu eytt. Lagður verður fram samningur sem eyðir óvissu um skuldastöðu ríkissjóðs að þessu leyti. Það er ljóst að ríkissjóði verður hlíft við greiðslum næstu 7 árin á þeim tíma sem mikið mun mæða á ríkissjóði vegna annarra skulda. Þess vegna er það mat manna að þessi samningur geti ekki gert annað en létt og lyft lánshæf-

ismatinu (Gripið fram í.) og það var það sem ég sagði á mbl.is í gær.

[13:37]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Þetta er dálítið merkileg yfirlýsing hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur vegna þess að það virðist ekki skipta máli hvernig samningurinn hefði litið út. Auðvitað skiptir það miklu máli og auðvitað átti að semja um hámark af þjóðarframleiðslu eða útflutningi til að þjóðin lendi ekki á vonarvöl. Það var ekki gert. Ef samið hefði verið um ákveðið hámark hefðu allar þjóðirnar þrjár haft af því hagsmuni. Það er ekki hagur Breta og Hollendinga að Íslendingar lendi í verulega miklum vandræðum því að þá greiðum við ekki neitt.

Það er miklu skynsamlegra fyrir þá að setja á þetta hámark, segjum 1% af þjóðarframleiðslunni í 10 ár, eins og ég lagði til strax í haust, því að það hefði tryggt gott lánshæfismat. Það skiptir nefnilega máli, frú forseti, hvernig þessi samningur var gerður og sá samningur sem við stöndum frammi fyrir núna er í rauninni ekki með neinu hámarki. Hann gæti farið upp í 900 milljarða ef allt fer á versta veg og það er eitthvað sem þjóðin getur alls ekki staðið undir. Þá mun hver einasti fiskur sem við veiðum næstu 8 ár fara til að greiða af þessu láni. Það gengur ekki upp, það er ekki gott fyrir Hollendinga og það er ekki gott fyrir Breta og samninganefndin átti að segja þeim það.

[13:38]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Það er rétt að menn vissu af því að Alþingi hefði falið ríkisstjórninni að leita samninga í þessu máli en þar var sérstaklega tekið fram að taka þyrfti tillit til erfiðra aðstæðna Íslendinga sem svo ekki hefur verið gert núna af hálfu Breta og Hollendinga. Vextirnir og fyrirkomulagið á þessu öllu saman og að áhættan skuli öll liggja hjá Íslendingum eru því eitthvað sem menn sáu ekki fyrir enda er ég hræddur um að þá hefðu vinstri græn látið heyra í sér enn þá meira en þau gerðu á sínum tíma. Hæstv. fjármálaráðherra nefndi reyndar strax þá að minnisblaðið sem nú er svo mikið vísað til skipti engu máli. Hann hefur þá væntanlega skipt um skoðun núna, telur að það hafi skipt öllu og að lánshæfismatsfyrirtækin hafi getað vitað það þá en þau gátu ekki vitað á hvaða kjörum samningurinn er. Þau gátu ekki vitað að ekkert tillit yrði tekið til aðstæðna Íslendinga eins og lagt var upp með. Þar skilur milli feigs og ófeigs. Að halda því fram að fyrirtækin hafi verið búin að taka það með í reikninginn stenst enga skoðun.

Hitt er svo annað mál og ekki síður alvarlegt að það er ekki rétt að þessi samningur minnki óvissu. Þetta er einhver mest óvissuskapandi samningur sem um getur í Íslandssögunni, líklega sá langmest óvissuskapandi því að ekki nóg er með að hlutir á borð við þróun gengis eða efnahagsþróun í heiminum skipti alveg gríðarlegu máli þarna heldur er slík óvissa um eignir bankans sem standa þarna undir að það getur gerst að dag frá degi sveiflist mat manna á hví hvað muni innheimtast um tugi milljarða kr. Á næstu 15 árum getum við því þurft að fylgjast með því dag frá degi hver áætlunin er, hvort ríkið muni þurfa að borga 300 milljarða, 400 milljarða eða 500 milljarða. Svona verður óvissan næstu 15 árin. Samningurinn tryggir stöðuga óvissu næstu 15–20 árin.

[13:41]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Forseti. Mér þykir skjóta nokkuð skökku við þegar hv. þingmaður talar annars vegar um matsfyrirtækin sem raunverulegan dómstól um mat á lánshæfisstöðu íslenska ríkisins en gerir hins vegar ekki ráð fyrir því að þeir hafi kynnt sér málin sl. haust. Það er alveg ljóst og skjalfest í öllum þeim pappírum sem til eru frá því að lánshæfismat Íslands féll sl. haust að það var ekki síst vegna mikilla skulda bankanna, vegna ábyrgðar bankanna, þær voru taldar ríkissjóði til álitshnekkis og til þess fallnar að lækka lánshæfismat ríkissjóðs. Hvers vegna? Vegna þess að talið var að ríkið bæri ábyrgð á þeim skuldbindingum. Þegar íslenska ríkið lýsti því síðan yfir að það mundi gera það var það auðvitað skjalfest. Það var sl. haust og það veit hv. þingmaður.

Það sem ég er að segja er að Íslendingar tóku ábyrgð á þessum 660 milljörðum kr. sl. haust. Það sem nú liggur fyrir er hvernig sú ábyrgð verður öxluð. Hún verður borguð með eignum Landsbankans. Mismunurinn fellur á ríkissjóð. Það er auðvitað alveg rétt. En það er enginn sem efast um að það verður eitthvað lægri fjárhæð en upphaflega stóð til og það væri kannski athugunar vert að hugsa sér hvaða áhrif það hefði á lánshæfismat ríkisins ef leið hv. þingmanns yrði farin og Íslendingar hreinlega neituðu að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar og semja vegna Icesave-málsins. Ég sé ekki hvað annað er í stöðunni ef þingmaðurinn heldur því fram að samningur sem léttir af óvissu um þessa skuldabyrði og skuldastöðu á að eyðileggja lánshæfismat Íslendinga, þá veit ég ekki hvað aðferð hv. þingmanns mun gera við lánshæfismatið.

[13:43]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Það er kostulegt að hlusta á þingmenn sem leggja mat á hvernig þetta muni fara með lánshæfismat Íslands. Ég held að það sé best að taka dæmi til að reyna að útskýra hvað felst í þeirri óvissu sem er í þessum samningi. Segjum sem svo að íslenska ríkið þurfi á láni að halda og fái heimsókn frá erlendum lánardrottni. Lánardrottinn spyr: Hvað skuldar ríkið? Hver er vaxtabyrðin og hverjar eru endurgreiðslurnar hjá okkur á næstu árum? Svarið við því er: Við vitum ekki hver skuldabyrðin er fyrr en eftir 7 ár. Við vitum ekki hver vaxtabyrðin er fyrr en eftir 7 ár. Við vitum ekki hverjar endurgreiðslurnar verða fyrr en eftir 7 ár. Þá svarar þessi sami lánardrottinn: Já, já, það er ágætt. Ég skal lána ykkur á bestu kjörum.

Það er augljóst að það hefur áhrif á lánshæfismatið, sama hvað hver segir. Óvissan sem þessi samningur skapar er slík að við verðum að staldra við og það þýðir ekkert að skýla sér á bak við að vera stjórnarþingmaður í þeim umræðum.

Ég hitti einn af útrásarvíkingunum fyrir nokkrum dögum sem ég kannast ágætlega við. Hann spurði mig: Hvaða ráðgjafa var samninganefndin, sem er algerlega óreynd í svona samningum, með? Ég sagði: Ég veit ekki til þess að

þeir hafi verið með ráðgjafa. Þá svaraði þessi útrásarvíkingur: Við vorum kannski vitlausir en við vorum aldrei svo vitlausir að vera ekki með ráðgjafa. [Hlátur í þingsal.]

[13:45]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég var að horfa á fréttir í gærkvöldi eins og eflaust mörg ykkar og sá þá mér til ánægju Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi formann Framsóknarflokksins, gráan fyrir hærum austur á Héraði þar sem hann ræddi m.a. við fréttamenn um lærdóminn af einkavæðingu bankanna. Hann taldi að hún hefði í sjálfu sér heppnast þokkalega, einhverra hluta vegna komst hann að þeirri niðurstöðu. En ég hjó reyndar eftir því að hann taldi í ljósi síðari tíma efnahagshruns hefðu Íslendingar betur skilað sér inn í Evrópusambandið og taldi það einhver mestu mistök stjórnvalda og íslenskra stjórnmála á síðustu mánuðum og missirum að Íslendingar hefðu ekki gengið einmitt inn í ESB. Væntanlega á hann við að staðan væri þá betri fyrir vikið í þeim hremmingum sem blasa við okkur Íslendingum núna.

Mér skilst að nafni minn og hv. þingmaður, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sé búinn með sinn tíma. Því beini ég þeirri spurningu til hv. þingflokksformanns Framsóknarflokksins: Er hann að þessu leyti sammála Halldóri Ásgrímssyni, fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, um að við Íslendingar værum betur komnir innan ESB í stöðunni í dag? Eða er fyrrverandi formaður á algjörum villigötum?

[13:47]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þingmanns að það var ánægjulegt að sjá Halldór Ásgrímsson í sjónvarpinu í gær. Ég hafði ekki séð Halldór að ég held í nokkur ár fyrr en ég sá hann í sjónvarpinu í gær. Það var í sjálfu sér mjög ánægjulegt. Ekki kom mér það sérstaklega á óvart að hann taldi gott að vera innan Evrópusambandsins, ég hef heyrt hann segja það áður.

Formenn Framsóknarflokksins síðustu ár hafa beitt sér fyrir mikilli umræðu innan flokksins og látið fara fram mikið starf innan hans til að fjalla um Evrópumál. Halldór er einn af þeim. Jón Sigurðsson gerði það einnig og Guðni Ágústsson. Og nú er nýr formaður tekinn við og Evrópumálið fékk ákveðna lendingu innan Framsóknarflokksins á síðasta flokksþingi. Það mál hefur því fengið mjög vandaða umfjöllun innan flokksins og er komið nú eins og allir vita í þingsályktunartillögu inn í utanríkismálanefnd. Afstaða Framsóknarflokksins eða þingmanna hans á þessu þingi liggur alveg fyrir núna, hvernig eigi að fara með þetta mál. Við viljum setja það í vandaðan og ítarlegan farveg þannig að ekki verði flanað að neinu í þessu mikla máli.

En ég ítreka það sem ég sagði hér í upphafi að fyrrverandi formaður flokksins, Halldór Ásgrímsson, hefur í gegnum árin haft þá trú að við ættum að skoða vandlega inngöngu í Evrópusambandið. Eins og menn vita sjálfsagt sem þekkja söguna fékk það ekki hljómgrunn innan flokksins á þeim tíma. Nú höfum við tekið ákvörðun um það eftir ákveðnum leikreglum að standa að athugun á þessu máli. Ég veit ekki hvernig ég á að svara þessari spurningu þingmannsins öðruvísi en svo að Framsóknarflokkurinn hefur eins og alltaf unnið heimavinnu sína afar vel og hefur lagt fram núna tillögu um hvernig standa beri að því að skoða mögulega aðild að Evrópusambandinu. (Forseti hringir.) Og við stöndum að sjálfsögðu við það og fylgjum okkar flokksþingssamþykkt.

[13:49]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Það er ánægjulegt að sjá það að fyrrverandi formaður okkar, Halldór Ásgrímsson, er kominn til landsins. Hann hefur, skilst mér, verið starfandi í Danmörku, í Kaupmannahöfn, og Danmörk er einmitt hluti af Evrópusambandinu. Allir sem þekkja til Halldórs Ásgrímssonar ættu að vita það að hann hefur lengi vel haft mikinn áhuga á því að Ísland gangi inn í Evrópusambandið en fékk ekki mikinn hljómgrunn fyrir þær hugmyndir sínar innan flokksins þegar hann var formaður.

Síðan þá hafa að vísu held ég verið tveir ef ekki þrír formenn, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir og núna hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Það má því gera ráð fyrir að ýmislegt hafi þróast innan flokksins síðan að Halldór Ásgrímsson var formaður.

Mig langar hins vegar til að minna aðeins á að við tölum mjög oft um það, og má heyra það sérstaklega frá samfylkingarfólki á þinginu, að með því að ganga í Evrópusambandið munum við leysa öll þau vandamál sem við erum að fást við í dag. Mér þætti mjög athyglisvert að ræða kannski einmitt um þau lönd sem eru í Evrópusambandinu og gengu í Evrópusambandið fyrir nokkrum árum síðan, eins og Lettland, Litháen og Eistland. Þetta eru allt lönd sem hafa verið með tengingu við evruna og eiga núna í alveg gífurlegum efnahagslegum vandamálum. Vextir hjá þeim eru í hæstu hæðum. Mér skilst að samdráttur í landsframleiðslu í Lettlandi sé tæplega 30% núna á fyrsta ársfjórðungi og þeir eru í miklum vanda við að halda þessari tengingu við evruna sem Samfylkinguna virðist dreyma, ég vil kannski ekki orða það eins og ég hef áður orðað það, dreyma blauta drauma um.

En ég sé hins vegar ekki alveg hvað það tengist, sem hv. þingmaður talaði um hér, orðum Halldórs Ásgrímssonar í fréttunum (Forseti hringir.) í gær sem framsóknarmenn í dag ætla að gera varðandi Evrópusambandið.

[13:51]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er auðvitað alltaf þannig þegar fólk hættir í stjórnmálum að þá getur það leyft sér að tala skýrar en menn þurfa stundum að tala þegar þeir gegna vissum ábyrgðarstöðum í flokkum. Það er alveg ljóst að Halldór Ásgrímsson hefur kosið að tala mjög skýrt og hann gerði það í fjölmiðlum í gær. Þegar hann var formaður í Framsóknarflokknum færði hann flokkinn talsvert í áttina að Evrópusambandinu, ég held að engum blandist hugur um það.

Það fór fram mjög mikil vinna á vegum flokksins við að skoða kosti og galla við inngöngu og Halldór leiddi þá vinnu um talsvert skeið. Hann spáði því t.d. að Ísland yrði komið í Evrópusambandið í kringum árið 2015. Það gerði

hann á fundi hjá Viðskiptaráði og þetta þóttu stór tíðindi á þeim tíma. Þetta eru ekki stór tíðindi í dag og getur bara vel verið að þessi spá rætist hjá Halldóri Ásgrímssyni. En við höfum tekið mörg skref. Á miðstjórnarfundi fyrir jól samþykkti Framsóknarflokkurinn að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Sú leið var ekki uppi á borðinu í janúar. Við teljum núna að það sé óþarfi að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, við viljum aðildarviðræður með ákveðnum skilyrðum og nú er verið að skoða það mál í utanríkismálanefnd.

Í mínum huga er það aðalmálið að leyfa fólkinu í landinu að taka afstöðu til samningsniðurstöðunnar þegar hún er komin. Þá rennur stóra stundin upp. Það er þá sem fólkið í landinu fær tækifæri til að segja: Já, þetta er fínn samningur, við förum inn. Eða: Nei, þetta er slakur samningur, við viljum vera fyrir utan. Stóra stundin er ekki núna í sumar, virðulegur forseti, stóra stundin er þegar samningsniðurstaðan liggur á (Forseti hringir.) borðinu.

[13:53]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Frú forseti. Þetta er óneitanlega upplýsandi og skemmtileg umræða. Ég á svolítið bágt með að skilja hvort hv. þingmenn Eygló Harðardóttir og Siv Friðleifsdóttir séu í sama flokki. En það er þeirra vandi en ekki minn. Hins vegar liggur það alveg fyrir þó að Framsóknarflokkurinn hafi verið á harðahlaupum frá eigin stefnu í Evrópumálunum um nokkurra vikna og mánaða skeið, og væntanlega á harðahlaupum frá arfleifð fyrrverandi formanna sinna, hvort sem þeir heita Halldór Ásgrímsson, Jón Sigurðsson, Valgerður Sverrisdóttir eða eitthvað annað, þeir fjölmörgu formenn sem leitt hafa Framsóknarflokkinn á undanförnum árum, að þá veit ég ekki betur en að stefna flokksins sé sú eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði, að sækja um aðild og fara í aðildarviðræður og leggja það svo í dóm þjóðarinnar. Ég hef reyndar ekki skilið hv. núverandi formann Framsóknarflokksins með sama hætti og ég skil hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, en það er eitthvað sem Framsóknarflokkurinn þarf væntanlega að vinna í, eru svona tjáskipti á milli aðila í þingflokknum (Gripið fram í.) og að hreinsa aðeins til í stefnunni.

En það sem mér fannst reyndar merkilegast fyrst þetta viðtal við Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi formann Framsóknarflokksins, var gert að umtalsefni að þar varði hann og er enn að verja það hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna, Búnaðarbankans og Landsbankans, hvernig var að því staðið. Það var ekki deilt um að það ætti að einkavæða bankana heldur hvernig það var gert og hann ver það enn að gulldrengir Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks (Gripið fram í.) hafi fengið þessa banka á silfurfati með tilheyrandi kostnaði fyrir þjóðina.

[13:55]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Ég harma það að hafa lokað hv. formann Framsóknarflokksins af í þessari umræðu. Hann var búinn með sinn kvóta en það hefði verið gaman að heyra viðbrögð hans við þessari orðræðu. (Gripið fram í.)

Ég hafna hins vegar þeim orðum sem hv. þm. Eygló Harðardóttir lét falla að einhver hér inni — ég held að ég geti talað fyrir munn hreinlega allra — hafi haldið því fram að Evrópusambandið leysti öll vandamál íslensku þjóðarinnar. Hvílíkt og annað eins! Þetta hefur enginn sagt í þessari pontu og mun sennilega aldrei segja. (Gripið fram í.) Aldrei hefur nokkur maður sagt þetta í þessari pontu og aldrei held ég nokkur samfylkingarmaður úti í samfélaginu og hvað þá aðrir. (Gripið fram í.) Nei, ég held að ég geti fyllilega tekið þetta fram og stend við það hér og nú. Og hvað þá að kenna þessa pólitík við blauta drauma.

[13:57]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við lifum á miklum óvissutímum og það er niðurskurður fram undan hjá ríki og sveitarfélögum. Það þarf hugrakka stjórnmálamenn til að þora að taka upp hnífinn, skera niður og forgangsraða þannig að við náum að standa vörð um þá grunnþjónustu sem er nauðsynlegt að halda uppi. Þar er mjög mikilvægt að halda uppi grunnskólum landsins, framhaldsskólum landsins og háskólum. Við sem sitjum í menntamálanefnd af hálfu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks höfum óskað eftir því að á fundum nefndarinnar verði fjallað um stöðu sveitarfélaganna vegna þess að þar blasir við mikill niðurskurður og sveitarfélögin hafa lagt fram ákveðnar tillögur um það hvernig honum verði mætt. Af slíkum fundi hefur ekki orðið. Fulltrúar sveitarfélaganna hafa ekki enn komið á fund nefndarinnar. Í morgun var fundarfall í nefndinni, þannig að það væri ágætt ef formaður menntamálanefndar gæti svarað þeirri spurningu hvenær þessi umræða fari fram í nefndinni og hver sé skýringin á því að fundur féll niður í morgun.

[13:58]

Oddný G. Harðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Spurt er um af hverju fundarfall hafi orðið í morgun og hvenær fulltrúar frá sveitarfélögunum komi á fund hv. menntamálanefndar. Fundarfallið í morgun snýst einfaldlega um skipulag. Fulltrúar sem áttu að koma í heimsókn til okkar gátu ekki komið. Og eftir að hafa skoðað málið með varaformanni og starfsmanni nefndarinnar ákváðum við að snúa skipulaginu við. Það hefur ekkert að gera með mikilvægi málaflokksins og það skal enginn efast um mikilvægi þessa málaflokks.

Fulltrúar frá sveitarfélögum bæði á lagasviði og skólamálanefnd, fulltrúar frá Kennarasambandinu og frá Heimili og skóla hitta nefndina sennilega 30. júní. Það hefur verið erfitt að finna tíma til að koma þessu fólki saman en unnið er að því. Og bæði málefni grunnskólans og málefni framhaldsskólans og auk þess þau tvö frumvörp sem liggja fyrir nefndinni verða tekin fyrir á næsta þriðjudegi á nefndadögum og síðan 30. júní.

[13:59]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Það var hálfundarleg spurningin sem kom frá hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni til formanns Framsóknarflokksins. Það er staðreynd að það eru mismunandi skoðanir á málinu en það sem við framsóknarmenn höfum gert og kannski umfram Samfylkinguna t.d. er það að við höfum farið í gegnum Evrópuumræðuna á málefna-

legum grunni og reynt að vinna málið eins faglega og við getum. Þetta snýst ekki um trúarbrögð, ekki ef við eigum að fara þarna inn. Við höfum reynt að meta kostina og gallana vegna þess að það er enginn einn einfaldur sannleikur í þessu máli.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði að Framsóknarflokkurinn væri á harðahlaupum frá eigin ályktun. Það er rétt að við ályktuðum að við værum reiðubúin að fara í könnunarviðræður en það verður að halda því til haga og það er mjög mikilvægt að það var gert með skilyrðum. Skilyrðin eru þarna til staðar, þau eru afar ströng og það höfum við framsóknarmenn lagt áherslu á ef hugsanlega verður farið í aðildarviðræður.

Ég hefði reyndar miklu frekar viljað ræða Icesave enn á ný vegna þess að hér kom hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og hélt því fram fullum fetum að það hefði verið gerður samningur í haust. Þetta var viljayfirlýsing og viljayfirlýsingin er ekki skuldbindandi fyrir Alþingi Íslendinga. Síðan hvenær geta einstakir menn í ráðuneytum landsins (**ÁI:** Ég má ekki tala meira.) skuldbundið Alþingi Íslendinga? (Forseti hringir.) Við höfum tækifæri til að segja nei þegar málið kemur fyrir (Forseti hringir.) Alþingi og ég skora á þingmenn Vinstri grænna að standa við eigin sannfæringu í því máli. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[14:02]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Þetta er afar athyglisverð umræða sem hér fer fram. Hún byrjaði vegna orða fyrrum formanns Framsóknarflokksins og ég velti því fyrir mér hvort við ættum kannski að fara að hafa svona dagskrárlið þar sem við tölum um orð fyrrum formanna. Við gætum tekið nokkrar vikur t.d. í Jón Baldvin Hannibalsson eða Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og eytt vikum og mánuðum í að rifja upp merk orð sem þessir ágætu fyrrverandi þingmenn og ráðherrar hafa sagt. Ég er ekki viss um að Samfylking og fyrrum kratar væru mjög ánægðir með það allt saman.

Eitt vakti athygli mína áðan og það var að hv. þingmaður, sem ég man ekki hvað heitir akkúrat núna, fyrrverandi — hvar ertu, góða mín? — umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, ákvað að vitna rangt í og hafa rangt eftir frétt sem var í sjónvarpinu í gær og sagði að Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, hefði verið að verja það hvernig staðið hefði verið að einkavæðingunni. — Já, þarna kemur hv. þingmaður — Þetta er bara rangt, hann sagði þetta ekki. Hann sagði hins vegar, með leyfi forseta:

„Nei, ég held að það hafi nú ekki verið mistök, “ — þ.e. að einkavæða bankana — „einkavæðing bankanna byrjaði nú strax í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks á sínum tíma.“

Ég velti því fyrir mér hvort það séu hv. þingmenn Samfylkingarinnar (Gripið fram í.) sem eru á hlaupaskónum að flýja fyrrum gjörðir og slíkt. Og, nota bene, talandi um stefnuleysi, það virðist vera þannig, hv. þingmaður, að Samfylkingin hafi lagt höfuðáherslu á eitt mál sem er Evrópusambandið og ég sakna þess mjög að takkaskórnir séu ekki notaðir eða hlaupaskórnir í því máli fyrst menn vilja hlaupast hér frá málum.

Um fundarstjórn.

Fundur í menntamálanefnd – viðvera forsætisráðherra.

[14:04]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég óska eftir að forseti beiti sér fyrir því að haldinn verði fundur í menntamálanefnd sem allra, allra fyrst. Hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir talaði um það hversu mikilvægt væri að halda fund um þetta málefni sem allra fyrst. Ég hef setið tvo fundi í hinu mikla samráðsferli á milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Karphúsinu og þar hefur m.a. komið fram að samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um það til hvaða aðgerða á að grípa í skólamálum skipti mjög miklu máli. Það kom meira að segja líka fram að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur hvatt til aukins samstarfs. Það liggur fyrir og hefur legið fyrir nánast frá upphafi þings (Forseti hringir.) beiðni frá þremur þingmönnum í menntamálanefnd (Forseti hringir.) um að haldinn verði fundur. Ég hvet frú forseta (Forseti hringir.) til að beita sér fyrir því að fundurinn verði haldinn sem allra fyrst (Forseti hringir.) en ekki 30. júní.

[14:05]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti fer fram á það að þingmenn ræði fundarstjórn forseta undir þessum lið. (**Gripið fram í:** … fundarstjórn forseta.) Þetta er ekki fundarstjórn forseta.

[14:06]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég óska eftir að forseti reyni að sjá til þess að við fáum að sjá hérna hæstv. forsætisráðherra einhvern tíma á næstunni ef hún er búin að klára að semja um aðild Íslands að Evrópusambandinu við forsætisráðherra Norðurlandanna og meira að segja forsætisráðherra Noregs.

Ástæðan er sú að það eru orðnar býsna margar spurningar sem hæstv. forsætisráðherra þarf að svara og það varðar kannski ekki síst það hvernig ráðherrann hefur haldið á þessu Icesave-máli. Nú birtist forsíðufrétt í *Fréttablaðinu* í dag þar sem segir frá samskiptum hæstv. forsætisráðherra við forsætisráðherra Bretlands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Einnig harmaði Jóhanna …“ (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Þetta er ekki umræða um fundarstjórn forseta.)

Jú, þetta ...

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti fer fram á það að fundarstjórn forseta sé rædd undir þessum lið.)

Frú forseti. Það er mikilvægt að sýna fram á þörfina fyrir að hæstv. forseti kalli hæstv. forsætisráðherra á fund. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Það er komið til skila hér.)

Nei, það er ekki komið til skila. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Hér er ekki efnislega umræða.)

Þetta er alveg stórmerkilegt, hæstv. forseti. Þetta (Forseti hringir.) er stórmerkilegt innlegg í umræðuna hér. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Ég fer fram á að hæstv. forseti hætti að spila á bjölluna og leyfi (Forseti hringir.) mér að klára mál mitt.

Umræður utan dagskrár.

Nýting orkulinda og uppbygging stóriðju.

[14:07]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Nú fer fram áður boðuð utandagsrkárumræða um nýtingu orkulinda og uppbyggingu stóriðju. Málshefjandi er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. (**SDG:** Fundarstjórn forseta.) Umhverfisráðherra Svandís Svavarsdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund. (**SDG:** Fundarstjórn forseta.)

Það verður þá að vera um fundarstjórn forseta. Hér er reyndar að hefjast utandagskrárumræða.

[14:08]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Það hlýtur að fjalla um fundarstjórn forseta ef ég mótmæli því hér að forseti spili stöðugt á bjölluna á meðan ég er að reyna að útskýra hvers vegna ég er kominn í pontu til að útskýra það mikilvæga mál að forseti beiti sér fyrir því — það er fundarstjórn forseta — að forseti beiti sér fyrir því að við fáum að hitta forsætisráðherra til að ræða mikilvægt mál. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Fundarstjórn forseta fer samkvæmt fundarsköpum og forseti fer eftir þeim nú.)

Frú forseti. Ég andmæli þessari túlkun.

[14:08]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Nú hefst áður boðuð utandagskrárumræða. (**HöskÞ:** Fundarstjórn forseta.) Forseti vill geta þess að nú er hafin utandagskrárumræða. Forseti hefur þegar kynnt hana. Hér hefur farið fram umræða um fundarstjórn forseta sem ekki hefur fjallað um fundarstjórn forseta. (**HöskÞ:** Ég óska eftir að taka til máls um fundarstjórn forseta.)

[14:09]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek til máls undir liðnum Fundarstjórn forseta. Nú er það svo að frú forseti virðist túlka þingsköpin á allt annan hátt en hefur verið til siðs undanfarin ár ef ekki áratugi. Hún leyfir þingmönnum ekki að klára mál sitt og ávarpar þá ekki með réttum hætti. Ég óska eftir því að þingflokkur Framsóknarflokksins fái fund með frú forseta til að fara yfir þessi mál vegna þess að svona framkoma er algjörlega ólíðandi í þingsal Alþingis.

[14:10]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Það er velkomið að forseti fundi með þingflokki Framsóknarflokksins og fari yfir það hvað fellur undir liðinn Fundarstjórn forseta. (Gripið fram í.) Er hægt að fá frið í salnum?

Nú hefst áður boðuð utandagskrárumræða.

[14:10]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég bið um utandagskrárumræðu er mjög einföld og hún sú að nú sem aldrei fyrr þurfum við Íslendingar að nýta þau tækifæri sem landið hefur upp á að bjóða. Við höfum sem betur fer gert það fram til þessa sem hefur gert það að verkum að við höfum verið í fremstu röð þjóða og við viljum vera það áfram. Ég þarf ekki að rekja forsögu þess máls hver staðan er hjá okkur Íslendingum í dag en sú staða kallar á það að við nýtum tækifærin enn betur en við höfum áður gert.

Eitt af því sem við Íslendingar eigum er umhverfisvæn orka. Gert er ráð fyrir því, virðulegur forseti, ef maður skoðar grunnspá fjármálaráðuneytisins, að farið verði í byggingu á álveri í Helguvík og stækkun álvers í Straumsvík með tilheyrandi orkuöflunarframkvæmdum. Og ekki aðeins það, virðulegur forseti, heldur segir í sömu spá, með leyfi forseta:

„Út frá efnahagslegum forsendum er tímasetning framkvæmdanna óvenju góð. Ljóst er að atvinnuleysi verður mikið hér á landi á næstu árum og þau störf sem skapast við framkvæmdirnar eru því hrein viðbót við þau störf sem fyrir eru. Má gera ráð fyrir að allt upp undir 1.000 viðbótarársverk skapist við framkvæmdirnar á ári og eru þá ekki meðtalin þau fjölmörgu óbeinu störf sem myndast við framkvæmdir sem þessar. Í árferði þar sem atvinnuleysi er lítið ryðja slíkar framkvæmdir jafnan margvíslegum öðrum verkefnum til hliðar og störfin sem skapast eru því ekki hrein viðbót eins og nú mun verða. Þá mun innstreymi erlends fjármagns vegna framkvæmdanna hafa jákvæð áhrif á gengi íslensku krónunnar til styrkingar en gengi krónunnar er spáð veiku á næstu árum.“

Virðulegur forseti. Með öðrum orðum, þá gæti tímasetningin ekki verið betri, hún gæti ekki verið betri út frá efnahagslegum forsendum. Að auki, virðulegur forseti, eru umhverfisrökin mjög góð. Við erum með algjöra sérstöðu, Íslendingar, þegar kemur að orkuöflun og um 90% af orkuöflun okkar er umhverfisvæn. Ef aðrar þjóðir væru í sömu sporum og við, hefðu farið íslensku leiðina, væru engin loftslagsvandamál, þá væru menn ekki að takast á við þau mál á alþjóðavettvangi.

Við höfum því algjöra sérstöðu hvað þetta varðar. Við getum bæði nýtt orkuna og sömuleiðis höfum við þekkinguna, svokallaða hátækni til að vinna úr þessum málum, sem reyndar er orðin eftirsótt á alþjóðavettvangi. Með nokkurri einföldun má segja að meðan aðrar þjóðir nýta sér olíu, kol og gas nýtum við Íslendingar umhverfisvæna orkugjafa.

Það var því mjög ánægjulegt, virðulegi forseti, að hlusta á umræður sem hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir hóf í síðustu viku um atvinnumál en þar kom hæstv. iðnaðarráðherra og upplýsti þing og þjóð um að aldrei hafi verið jafnmikil traffík af aðilum sem vildu nýta Ísland sem fjárfestingarkost fyrir orkufrekan iðnað. Ekki aðeins nefndi hæstv. ráðherra þetta heldur tilgreindi hún hin ýmsu verkefni sem væru í startholunum eða væru á leiðinni að verða að veruleika eða gætu mögulega orðið að veruleika.

Þess vegna, virðulegi forseti, vil ég spyrja hæstv. umhverfisráðherra, því að um þessi mál verður að vera samstaða til að þau komist í framkvæmd og mikilvægt að þau tefjist ekki, þriggja spurninga:

1. Hvaða áhrif hefur stefna ríkisstjórnarinnar um losun gróðurhúsalofttegunda á uppbyggingaráform orkufreks iðnaðar?

2. Er það stefna ríkisstjórnarinnar að fara í uppbyggingu á orkufrekum iðnaði?

3. Hvar á sækja orku í álver í Helguvík, álver á Bakka, netþjónabú Verne Holdings, Reykjanesbæ, sólarkísilverksmiðju í Helguvík, hreinkísilverksmiðju Strokk-Energy og stórt netþjónabú Greenstone?

Ástæðan fyrir því að ég tilgreini þetta sérstaklega er vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra tilgreindi þetta í ræðu sinni fyrir nokkrum dögum.

Virðulegur forseti. Það er afskaplega mikilvægt að menn átti sig á því að ef við nýtum ekki þessi tækifæri þýðir það aukinn niðurskurð, (Forseti hringir.) það þýðir hærri skatta og versnandi lífskjör.

[14:15]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta utandagskrármál til umfjöllunar enda varðar málið framtíðarsýn og sóknarfæri íslensks samfélags á óvenjukrefjandi tímum.

Ég vil beina sjónum mínum fyrst að nýtingu orkuauðlindanna og þeirri sýn að þar beri við allar ákvarðanir að hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi sem þýðir að við verðum að gæta þess að ganga ekki á rétt og möguleika komandi kynslóða til að njóta, velja og hafna. Þeir sem aðhyllast hugmyndafræði frumkvæðis og frelsis einstaklingsins ættu að skilja þá hugmyndafræði mætavel sem hafnar því að opinberir aðilar eigi að taka fram fyrir hendur einstaklinga framtíðarinnar. Til að ekki sé gengið á auðlindir þarf sem sé að líta á það með sjálfbærum hætti. Sú sýn er smám saman að verða almennari í heiminum og gengur þvert á hinar hefðbundnu pólitísku línur. Almennt má segja að æ fleiri verði þeirrar skoðunar að leið sjálfbærrar nýtingar sé eina leiðin sem tryggir að jarðarbúar eigi sér einhverja framtíð yfir höfuð og að börnin okkar eignist börn sem hafa raunverulegt val og njóta gæða náttúrunnar og fjölbreyttra möguleika.

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar leggur okkur gríðarlega ábyrgð á herðar. Hún gerir þá kröfu að við hugsum alltaf um lengri framtíð. Í því skyni þarf að hverfa frá vanahugsun og lausnum fortíðar. Mannkynið ber ábyrgð á þróun loftslags heimsins og þarf að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ísland hefur nú í fyrsta sinn gert grein fyrir þeim vilja sínum að draga úr losun í stað þess að fara fram á sérstakar undanþágur. Við viljum ekki hafa undanþágustimpil í loftslagsmálum lengur en við munum að sjálfsögðu gæta þess að íslensk fyrirtæki standi ekki verr að vígi en önnur fyrirtæki í Evrópu. Því stefnum við að því að skuldbindingar okkar í evrópska viðskiptakerfinu leysi hið svokallaða íslenska ákvæði alfarið af hólmi þannig að íslensk stóriðja sitji við sama borð og hin evrópska eftir 2012.

Frú forseti. Málshefjandi vildi líka ræða sérstaklega uppbyggingu stóriðju og er því rétt að víkja að því að strangari kröfur alþjóðasamfélagsins í loftslagsmálum gera það að verkum að verðmæti loftslagsvænnar orku í heiminum mun stóraukast. Þess vegna er enn meiri ástæða til þess en nokkru sinni fyrr að huga að því til hvers við ætlum að nýta okkur auðlindir í framtíðinni því að verðmæti þeirra munu væntanlega aðeins aukast. Við viljum ekki setja alla orkuna í eina gerð stóriðju. Það er einfaldlega óskynsamlegt.

Þingmaðurinn spurði sérstaklega um orkuöflun vegna nokkurra skilgreindra verkefna og þakka ég iðnaðarráðuneytinu fyrir að veita umhverfisráðherra þær upplýsingar. Ljóst er að öflunin er í sjálfu sér sterkt álitaefni og gildir til að mynda um Helguvíkurálverið sem hefur þegar samið við Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um orku fyrir 1. áfanga en hluti þeirrar raforku ætti að koma frá Hverahlíðarvirkjun sem ekki liggur fyrir fjármögnun á. Alls er gert ráð fyrir 625 megavatta orku í þetta álver og er ljóst að ekki liggur öll orkan fyrir.

Varðandi álverið á Bakka hefur Alcoa lagt áherslu á að trygg raforka liggi fyrir vegna álvers af sömu stærð og Fjarðarál á Reyðarfirði. Mundi slík verksmiðja þurfa um 600 megavatta orku og ljóst er að ekki liggur fyrir hvaðan sú orka kæmi. Nokkrar rannsóknir hafa farið fram á svæðinu en ekki liggja fyrir neinir samningar um orkuna.

Varðandi netþjónabú Verne Holdings og netþjónabú Greenstone er það að segja að verkefnin eru orkufrek og byggja á svipuðum hugmyndagrunni, þ.e. félögin skapa aðstöðu hér á landi með húsnæði o.s.frv. en selja síðan erlendum notendum aðgang að vörsluþjónustu í verunum. Mjög erfitt er að áætla raforkuþörfina, hún yrði lítil til að byrja með en færi upp í 200 megavött á næstu 10 árum. Staðsetning liggur ekki fyrir en Verne hefur samið við Landsvirkjun um 25 megavött. Hreinkísilframleiðsla á vegum Strokks Energy, sem einnig var spurt um, miðar að því að byggja sólarkísilverksmiðju á Íslandi. Þar er rætt um þrjár mögulegar staðsetningar og eðli málsins samkvæmt hefur ekki verið gengið frá orkuöflun en þar er gert ráð fyrir vaxandi orkuöflun frá 50–150 megavöttum.

Ég ítreka að ég þakka iðnaðarráðuneytinu fyrir upplýsingar um einstök verkefni en það er eðlilegt þegar þrengir að á krepputímum, að við viljum grípa til allra möguleika á að auka atvinnu. Nú eru 17 þúsund manns á atvinnuleysiskrá og það eitt út af fyrir sig er glæpur og sóun í senn. Leggjum því alla áherslu á að fjölga störfum hér og nú en gætum þess ávallt að það verði ekki til þess að fækka störfum á morgun né inn í framtíðina með því að ganga á höfuðstól náttúrunnar. Rauðgræn ríkisstjórn sér fyrir sér iðnaðar- og umhverfisráðherra sem samherja í uppbyggingu sjálfbærrar nýtingar orku og grænnar framtíðar.

[14:20]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda að hefja þessa umræðu og einnig hæstv. umhverfisráðherra fyrir þau svör sem hún gaf. Það er afar mikilvægt, eins og kom fram í máli hæstv. umhverfisráðherra, að hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. umhverfisráðherra og reyndar öll ríkisstjórnin tali einum rómi. Það er mjög mikilvægt þegar talað er við atvinnuvegina í landinu, þegar talað er við fjárfesta, hvort sem þeir eru erlendir eða innlendir, að komið sé fram af myndugleika, stöðugleika og festu og að ekki sé verið að gefa misvísandi skilaboð.

Í því ljósi vil ég minna á umræðu sem var ekki fyrri ríkisstjórn sæmandi, enda gekk ekki sérstaklega vel á því

tímabili hjá hæstv. ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Þegar stóriðjan hófst í Helguvík var mjög sérkennileg umræða á milli hæstv. umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra og reyndar annarra hæstv. ráðherra. Þann dag sem skóflustungan var tekin mættu þrír hæstv. þáverandi ráðherrar Samfylkingarinnar í fjölmiðla, hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra, núverandi þingmaður Suðurkjördæmis, mætti til að taka skóflustunguna. Iðnaðarráðherra hló en umhverfisráðherra úr sömu ríkisstjórn grét. Það voru ekki skilaboðin sem fjárfestarnir þurftu að heyra. Það eru ekki skilaboðin sem fólkið sem er atvinnulaust þarf að heyra. Fólkið þarf að heyra að ríkisstjórnin standi einhuga að baki hverri einustu fjárfestingu sem verður til að fækka atvinnulausum. Ég tek undir með hæstv. umhverfisráðherra, hvort sem atvinnulausir eru 16 eða 17 þúsund sem nefndir hafa verið í pontu, (Forseti hringir.) þeir eru allt of margir og það er nauðsynlegt að við einhendum okkur í að finna atvinnu handa því fólki.

[14:22]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin við fyrirspurnum hv. málshefjanda. Í því efnahagsástandi sem við búum við, vonandi bara um hríð, á Íslandi þarf að huga mjög vel að atvinnuuppbyggingu og fjölgun starfa. Í því ljósi skiptir mjög miklu að við nýtum vel þær auðlindir sem við eigum með sjálfbærum hætti og að við stefnum að því að búa til sem flest störf fyrir þau megavött sem fást úr virkjunum, hvort sem það er úr vatnsafli eða jarðvarma. Fleiri störf fyrir megavattið, mætti kalla það. Þannig hefur það ekki alltaf verið hér á landi. Og vegna þess að búið er að telja upp þá kosti sem í boði eru og eru á borðum orkufyrirtækjanna, stjórnvalda, sveitarstjórna og annarra, er ekki einu sinni búið að afla allrar orkunnar sem þarf til Helguvíkur. Samt er búið að ráðstafa öllu því sem Orkuveita Reykjavíkur telur sig hafa til ráðstöfunar, hvort heldur er á Hellisheiði eða á Reykjanesinu, ef hún fer þangað. Það þýðir, frú forseti, að þeir aðrir sem hingað vilja koma til að byggja upp ný fyrirtæki, hvort sem það er sólarkísill, gagnaver eða eitthvað annað, komast ekki einu sinni inn í röðina. Stefnan hefur verið sú að ekki er einu sinni hægt að fá hingað fjárfesta til að búa til fleiri störf (Gripið fram í.) við þær aðstæður sem við búum nú. Þess vegna verður að horfa á það í heild sinni hver orkustefnan er, í hvað orkan fer, á hvaða atvinnustefnu við byggjum og hvernig við byggjum hana til lengri framtíðar. Hún þarf að vera fjölbreytt, eins og hæstv. umhverfisráðherra sagði, en hana þarf líka að hugsa lengra en sex mánuði fram í tímann.

[14:25]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Hér á landi eru þúsundir atvinnulausra. Fjölskyldur flytja úr landi daglega. Þetta er fólk með hugmyndir, hæfileika, menntun, vonir og þrár, fólk með reynslu, bakgrunn og þekkingu. Hvað ef við settum allt það fjármagn sem suma dreymir um að verja í virkjunarframkvæmdir, til að virkja þetta fólk?

Störf í áliðnaði eru feikilega dýr. Talið er að hvert starf í álveri á Reyðarfirði hafi kostað 230 millj. Ef við veldum fólk af handahófi af atvinnuleysisskrá, þótt auðvitað séu til miklu betri aðferðir, og fengjum þeim 230 millj. eða kannski bara 100 millj., jafnvel aðeins 5 millj., haldið þið ekki að viðkomandi gætu búið til einhver störf sem væru þjóðhagslega hagkvæm? (**TÞH:** Þú þarft erlenda fjárfestingu til þess.) Það þyrfti að mínu mati verulega einbeittan vilja til að klúðra því.

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að huga að heilbrigði lands og þjóðar við mótun atvinnustefnu til framtíðar. Hér býr gáfuð, vel menntuð og dugleg þjóð. Hér eru ótal tækifæri. Þau felast ekki endilega í áliðnaði og sennilega í einhverju allt öðru. Það á ekki að þurfa að vera hlutverk ríkisins að skapa þegnunum störf. Hlutverk ríkisins er að skapa lífvænlegt umhverfi fyrir atvinnulífið.

Við sem erum foreldrar vitum að það þarf að rata hinn gullna meðalveg í uppeldinu. Ef unglingur er á heimilinu sem hefur það gott í kjallaranum hjá mömmu mun hann aldrei flytja að heiman. Þess vegna finnst mér svo mikilvægt að stjórnmálamenn séu ekki sýknt og heilagt að lofa stórframkvæmdum sem eiga að bjarga heilu byggðarlögunum því að þá er eins og hægfara lömum leggist yfir svæðið og allt frumkvæði fólksins hverfur.

[14:27]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa utandagskrárumræðu og hæstv. ráðherra fyrir svörin þótt ég verði að viðurkenna að ég var ekki sérstaklega ánægð með þau. Ráðherra talaði um að mikilvægt væri að tala einum rómi og ég tek undir það. Þess vegna furða ég mig á því hvað þessi ríkisstjórn, ríkisstjórn hinna mörgu stefna, með-og-á-móti ríkisstjórnin, getur ekki talað einum rómi.

Atvinnumálin eru brýnasta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir núna. Atvinnulausir fara að nálgast á annan tug þúsunda. Ríkisstjórnin talar um það á tyllidögum, í stefnuyfirlýsingum og áætlunum, að skapa þurfi 6 þúsund ný störf, þar af 2.000 í orkufrekum iðnaði. Hv. frummælandi las upp úr þjóðhagsspá ríkisstjórnarinnar, þjóðhagsspá fjármálaráðherra Vinstri grænna, þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum í Helguvík, stækkun í Straumsvík og viðeigandi orkuöflun. Við höfum vanist því að skoðanir væru skiptar á milli flokka í ríkisstjórn en þarna eru tveir ráðherrar í sama flokknum, ráðherra umhverfismála og ráðherra fjármála, með ólíkar skoðanir. Á meðan þjóðhagsspáin kemur út virðist umhverfisráðherrann vera í fullu starfi við að senda þau skilaboð út að ekki verði um neina orkuuppbyggingu að ræða. Ég vil því spyrja t.d. varðandi framkvæmdir í Neðri Þjórsá: Hvar standa þau mál, varðandi skipulag hreppanna sem virðist vera frosið í umhverfisráðuneytinu?

Síðan vekur athygli þegar ný loftslagsstefna umhverfisráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar er kynnt að þar eru hnattræn viðmið höfð að leiðarljósi, að Ísland skipi sér í hóp þeirra ríkja sem vilja ná metnaðarfullu hnattrænu markmiði í loftslagsmálum vegna þess að við viljum ekki hafa undanþágustimpilinn. Er ekki metnaðarfyllsta markmiðið í þessum efnum (Forseti hringir.) að nota hreina endurnýjanlega orku (Forseti hringir.) til uppbyggingar atvinnu hérlendis en stuðla að uppbyggingu og notkun ekki eins

hreinna orkugjafa (Forseti hringir.) í öðrum löndum?

[14:29]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Það eru augljós sannindi að við lifum mikla óvissutíma, bæði á Íslandi og í heiminum öllum, óvissutímakreppu. En það eru nokkrir hlutir sem við vitum í allri óvissunni, við Íslendingar. Við vitum að við búum að alveg einstakri og stórfenglegri náttúru, náttúruperlum og dýrmætum auð sem er ábyrgð okkar og skylda að vernda til langrar framtíðar.

Við vitum líka, eins og hér hefur komið fram, að við erum einstaklega auðug og heppin að búa að ríkum endurnýjanlegum orkugjöfum og þar hvílir okkur líka mikil skylda og ábyrgð á herðum, hvernig við nýtum þessa orkugjafa og til hvers. Sjálfstæðisflokkurinn auglýsti það vel í sinni kosningabaráttu fyrir síðustu kosningar að hann ætlaði að byggja æ fleiri álver. Hér er talað um orkufrekan iðnað og það er nokkuð ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn situr enn við sama keip varðandi uppbyggingu álvera. Við skulum taka þau sem dæmi um hvort það sé góð nýting á okkar stórkostlegu orkugjöfum.

Talandi um loftslagsskuldbindingar, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði að ef allir væru eins og Íslendingar væri ekkert loftslagsvandamál. Það er rangt. Við nýtum okkar stórfenglegu orkugjafa í mengandi iðnað og ef við höldum því áfram munum við ekki geta staðið við okkar alþjóðlegu skuldbindingar í loftslagsmálum. Þá er spurningin: Ætlum við að vera metnaðarfull og framsækin í þessum efnum eða ekki? Þetta er einhver dýrasta fjárfesting fyrir hvert starf sem um getur. Efnahagslegur ávinningur af þessu er mjög vafasamur eða spurningum undirorpinn því að gróðinn fer beint úr landi og svo mætti lengi halda áfram. (Forseti hringir.) Það er rangt sem hér hefur komið fram að hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra (Forseti hringir.) ætli sér ekki að leita í sameiningu að orkuuppbyggingu, uppbyggingu á þessum grunni. (Forseti hringir.) En sú uppbygging á að vera græn, umhverfisvæn og framsækin og haldast í hendur (Forseti hringir.) við metnaðarfulla vernd íslenskrar náttúru.

[14:32]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Frú forseti. Skynsamleg auðlindastjórn er hagkvæm nýting á náttúruauðlindunum. Ég er með fyrirspurn á eftir til hæstv. umhverfisráðherra þannig að í þessari ræðu ætla ég ekki að fara út í loftslagsmálin enda tími markaður í það á eftir.

Í auðlindarétti verður að hafa hugfast að hin síðari ár hafa skapast ný réttindi þar sem ekki er alveg á hreinu hvaða eignarréttindum þau tilheyra. Þar er ég að tala um kvóta í sjávarútvegi, loftslagsheimildir og kvóta í landbúnaði. Þessi nýju réttindi eiga það sameiginlegt að til þess að vera virk þurfa stjórnvöld að úthluta þeim eftir ákveðnum reglum og eftir þeim reglum sem stjórnvöld sjálf setja.

Oftar en ekki er atvinnureynsla í viðkomandi atvinnugrein notuð sem viðmið við úthlutun gæðanna. Það var sérstaklega athyglisvert að heyra hér orð fyrrverandi umhverfisráðherra sem er í Samfylkingunni — og ég vil benda á að Samfylkingin hefur verið í ríkisstjórn í bráðum þrjú ár — það var eins og hv. þingmaður vissi ekki að hér hafi verið gerðar ráðstafanir varðandi það að byggja upp stóriðju og álver án þess að nein orka sé til staðar. Ég man það bara sem áhorfandi að því þegar iðnaðarráðherra stóð í Helguvík og tók þar skóflustungu að álveri að þá var umhverfisráðherra uppi í umhverfisráðuneyti og þóttist ekki kannast við neitt.

Hér kom fram í máli hæstv. umhverfisráðherra að umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra ættu að haldast í hendur. Ég legg til að þessi embætti verði bæði lögð niður og tekið verði upp ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála því að þessi mál eru svo tengd á auðlindaréttarlegum forsendum að þetta á að verða nýtt ráðuneyti sem (Forseti hringir.) t.d. olíuauðlindirnar og aðrar auðlindir Íslands koma inn í hönd í hönd við umhverfismál.

[14:34]

Skúli Helgason (Sf):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur klofið íslenska þjóð í andstæðar fylkingar allan síðasta áratug og gott betur. Stóriðjustefnan var fyrirferðarmesti þátturinn í atvinnupólitík þeirrar ríkisstjórnar sem sat að völdum frá 1995–2007. Sú stefna skildi eftir djúp sár í þjóðarsálinni og gjá milli stóriðjusinna annars vegar og náttúruverndarsinna hins vegar. Rétt eins og hermálið á síðari hluta 20. aldar var stóriðjustefnan alvarlegasti klofningsþátturinn í íslenskum stjórnmálum í lok aldarinnar og fram á allra síðustu ár.

Sú ríkisstjórn sem nú situr vill skapa frið um atvinnuuppbyggingu í landinu og móta nýja heildstæða atvinnustefnu í samráði við sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins og háskólasamfélagið. Forsendan er sú að byggt verði á fjölbreyttu atvinnulífi, m.a. í þeim tilgangi að auka áhættudreifingu í þjóðarbúinu, skapa jafnræði milli atvinnugreina og vistvæna atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þetta þýðir með öðrum orðum að vægi hinnar hefðbundnu stóriðju, sem einkum hefur birst í uppbyggingu álvera, mun minnka en sköpuð verða skilyrði fyrir því að aðrar greinar geti dafnað við hlið þeirra greina sem nú skapa mestar útflutningstekjur, þ.e. sjávarútvegs og áliðnaðar.

Umræðan um stóriðjuuppbyggingu hefur oftar en ekki legið í þeim farvegi að valkostirnir séu á milli náttúruverndar annars vegar og atvinnuuppbyggingar hins vegar, valið standi á milli þess að gera ekki neitt eða búa til ný störf. Þetta er sem betur fer ekki svo og eins og fram hefur komið í máli hæstv. iðnaðarráðherra eru nú í undirbúningi fjöldamörg verkefni sem tengjast grænum hátækniiðnaði sem nýtir endurnýjanlega orku en veldur mun minni eða jafnvel engri losun gróðurhúsalofttegunda. Þar má nefna gagnaver, kísilhreinsun og framleiðslu á sólarrafhlöðum til notkunar í sólarorkuiðnaði, vinnslu á koltrefjum til notkunar í málmiðnaði og svo mætti lengi telja.

Tækifærin til grænnar uppbyggingar atvinnu eru næg en vandamálið er skortur á fjármagni og fyrirliggjandi orku. Þess vegna er væntanleg rammalöggjöf um (Forseti hringir.) erlenda fjárfestingu mikilvæg og þess vegna er rammaáætlun um nýtingu og verndun náttúrusvæða lykilatriði.

[14:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vona bara að sem flestir hafi fylgst með þessari umræðu því að þegar við höfum hlustað á stjórnarliða getum við ekki komist að annarri niðurstöðu en að hér séu mjög alvarlegir hlutir í gangi. Það er ekki nokkur leið að greina það eftir að hafa hlustað á ráðamenn hér að menn séu sammála um það sem stendur að sé eitt af þeim atriðum sem ríkisstjórnin ætli að fara í. Ég byrjaði að lesa úr gögnum og áætlunum fjármálaráðuneytisins. Í grunnspá er gert ráð fyrir því að fara eigi í álver í Helguvík og stækka í Straumsvík. Er einhver hér inni sem kemst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa hlustað á stjórnarliða að það eigi að standa við það?

Fyrrverandi umhverfisráðherra hlær. Það er nefnilega orðið þannig að Samfylkingunni finnst margt svolítið fyndið sem öðrum finnst ekki. (Gripið fram í.) Hér finnst okkur held ég ekki fyndið að fólk sé atvinnulaust. Okkur finnst ástandið í þjóðlífinu ekki fyndið. (Gripið fram í.) Við trúðum því að þessi ríkisstjórn, virðulegi forseti, ætlaði að vinna í því … (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Gefið ræðumanni hljóð.)

Það er gott, virðulegi forseti, að þetta fer ekki í taugarnar á hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur. Við skulum vona að hér verði gengið í það að fylgja eftir þeim fyrirætlunum sem búið er að lofa. Ég vil fá staðfestingu frá hæstv. umhverfisráðherra, hún svaraði því ekki skýrt, ég vil fá staðfestingu á því: Mun hæstv. umhverfisráðherra beita sér fyrir því að þær fyrirætlanir — ég er ekki að tala um það sem hæstv. iðnaðarráðherra talaði um, við skulum bara byrja á Helguvík og Straumsvík — ætlar hæstv. umhverfisráðherra að standa við þær fyrirætlanir? Því það er algjörlega ljóst að það verður ekki gert nema hæstv. umhverfisráðherra spili þar með. Við þekkjum það að umhverfisráðherrar hafa komið í veg fyrir störf (Forseti hringir.) fram til þessa, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) og ég fer fram á það að … (**Gripið fram í:** … í pontu.) Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Það er gott að það er lífsmark með sumum hér inni en það kemur hins vegar nokkuð niður á ræðum.

Aðalatriði málsins er þetta: Þegar við höfum hlustað hér á hv. stjórnarþingmenn geta menn ekki komist að annarri niðurstöðu en að ríkisstjórnin (Forseti hringir.) sé algjörlega klofin í þessum málaflokki. Við skulum fylgja þessu máli eftir því að (Forseti hringir.) það er mjög mikilvægt að fólk verði ekki atvinnulaust áfram vegna sleifarlags ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.)

[14:39]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka enn fyrir ágæta umræðu. Fyrir liggur tvennt: Í fyrsta lagi að þingmenn stjórnarandstöðunnar eru sammála því að það beri að styrkja og efla umhverfisráðuneytið og ber að þakka það sérstaklega. Sú ágæta hugmynd sem hér kom fram um að búa til sérstakt umhverfis- og auðlindaráðuneyti er raunar í samstarfsyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar þannig að ég vænti stuðnings þingmanna stjórnarandstöðunnar við það. Ég heyri jafnframt að málshefjandi vill vekja máls á því að umhverfisráðuneytið hafi fyrsta og síðasta orðið að því er varðar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir. Það kann vel að vera að betur færi á því að svo væri, en nákvæmlega það sem hér var fjallað um að því er varðar Helguvík er ekki á borði umhverfisráðherra eins og málin standa núna.

Hins vegar gæti ég haldið um það langar ræður að 625 megavött fyrir 360 þús. tonna álver eru ekki til á þessu svæði. Á meðan erum við að reyna að ræða við aðila af ýmsu tagi, aðila sem banka á dyrnar hjá okkur, aðila sem vilja græn störf og græna uppbyggingu og við getum ekki lofað þeim orku af því að meira og minna öll orka er lokuð inni í álversframkvæmdum, því miður. Það er stóralvarlegt mál.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Margrétar Tryggvadóttur um mikilvægi þess að heilbrigði lands og þjóðar sé haft að leiðarljósi. Við eigum að fara óhrædd inn í þá framtíð. Við eigum að fara óhrædd vonandi inn í langa framtíð vegna þess að almenningur gerir kröfu um aðra pólitík en þá sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson stendur hér fyrir. Umhverfismálin þola ekki skotgrafapólitík, umhverfismálin eru hafin yfir það. (Gripið fram í.) Umhverfismálin þurfa að horfa til lengri framtíðar, almenningur gerir kröfu til þess að við horfum til lengri framtíðar, slíðrum sverðin og stöndum saman um það að fara með Ísland inn í græna framtíð.

Um fundarstjórn.

Upplýsingagjöf til þingnefnda.

[14:42]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svara efnislega ásökunum hæstv. ráðherra, ég hef ekki leyfi til þess undir umræðu um fundarstjórn forseta. Hins vegar kom það alveg skýrt fram frá hæstv. ráðherra í ríkisstjórn að sú áætlun sem hæstv. fjármálaráðherra (Forseti hringir.) hefur lagt upp með gengur ekki eftir. (Forseti hringir.) Ég legg því til að forseti beiti sér fyrir því ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann um að hann er að taka til máls undir liðnum um fundarstjórn forseta og á að ræða hana.)

Virðulegur forseti. Ég er að beina því til hæstv. forseta að hún beiti sér fyrir því að þær upplýsingar sem bárust nákvæmlega núna verði teknar upp í þingnefnd. Er hægt að tala eitthvað skýrar um fundarstjórn forseta? Ég fer fram á að forseti geri þetta. Hæstv. ráðherra sagði hér að þessi áætlun stæðist ekki, (Forseti hringir.) þessi megavött væru ekki til. Við þurfum að taka þetta strax fyrir á sumarþinginu. Ég mælist til þess að virðulegur forseti beiti sér fyrir því.

[14:43]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti hefur hlustað á orð hv. þingmanns. Hv. þingmenn hafa allir tækifæri og möguleika á að taka upp mál í viðkomandi nefndum og inni á þingi um fundarstjórn forseta og önnur mál sem þeir telja nauðsynlegt að ræða.

[14:43]

Útbýting:

Niðurstaða nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum, 67. mál, svar dómsmrh., þskj. 128.

Stjórn fiskveiða, 34. mál, frhnál. meiri hluta sjútv.- og landbn., þskj. 127.

Íslenska undanþáguákvæðið.

Fsp. VigH, 41. mál. — Þskj. 41.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Hauksdóttir) (F):

Virðulegi forseti. Upphafleg fyrirspurn mín til hæstv. umhverfisráðherra verður að taka breytingum í dag þar sem langt er um liðið síðan ég lagði þessa fyrirspurn fram og ekki hefur reynst unnt að koma henni á dagskrá Alþingis fyrr en nú.

Upphaflega hljóðaði fyrirspurnin svo:

„Hyggst ráðherra beita öllum tiltækum ráðum til að viðhalda íslenska undanþáguákvæðinu í Kyoto-bókun á loftslagsráðstefnuninni í Kaupmannahöfn í lok árs?“

Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að gefa íslenska ákvæðið eftir og hyggst ekki sækja þar rétt Íslands og viðhalda íslenska ákvæðinu samkvæmt fréttum sem bárust nú fyrir skömmu.

Á þeim fimm árum sem Kyoto-bókunin gildir, frá árinu 2008 til lok árs 2012, var Íslendingum leyft að auka losun um 10% miðað við árið 1990. Var það sanngjörn og eðlileg krafa þar sem hér er notuð endurnýjanleg orka til hitunar og rafmagnsframleiðslu en ekki mengandi jarðefnaeldsneyti. Síðast en ekki síst var þessi undanþága veitt vegna smæðar efnahagskerfisins hér á landi.

Með því að ná því í gegn áttu Íslendingar að undirrita ákvæði Kyoto-bókunarinnar og fullnægja skuldbindingum hennar. Sýndu samningsaðilar Íslands mikið hugrekki, dug og þor þegar þeir náðu þessu ákvæði í gegn á sínum tíma. Meira að segja fannst núverandi hæstv. utanríkisráðherra samningsstaðan vera svo vonlaus að hann talaði um að samningsaðilar mundu hlæja kröfur Íslendinga út af borðinu. Kunnugleg uppgjöf, frú forseti.

Við gildistöku laga 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, var komið á stýringu varðandi nýtingu losunarheimilda. Markmið laganna var að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar um losun. Við útfærslu laganna voru afnotahafar valdir og réttmæti þeirra skilgreint og í leiðinni fengu fyrirtækin takmarkaða auðlind í hendur, alheimsauðlind um stundarsakir í það minnsta og án þess að greiða endurgjald fyrir notkunina. Íslenska ákvæðið telur 8 milljónir losunarheimilda og eru þær ekki framseljanlegar samkvæmt lögum en ekki er þar með sagt að ekki megi leigja þær til stóriðju. Mengunarreynsla okkar Íslendinga á viðmiðunarárunum færði okkur 2,5 milljónir losunarheimilda. Þær mega ganga kaupum og sölum. Við úthlutun þessara heimilda hefur ásókn í þær verið miklu meiri en hægt er að ráðstafa. Stafar það af því að um takmarkaða auðlind er að ræða, takmarkaða alheimsauðlind.

Nú bregður svo við að þessi vinstri græna velferðarríkisstjórn, eins og hæstv. fjármálaráðherra kýs sjálfur að kalla hana, ætlar ekki að berjast fyrir loftslagsheimildum Íslands á alþjóðavísu. Vinstri grænir líta á loftslagsheimild sem ávísun á álver. Það er þröngsýni og heimóttargangur. Því spyr ég hæstv. umhverfisráðherra: Hyggst hún skipta um skoðun í þessum málum og beita öllum tiltækum ráðum til að viðhalda íslenska undanþáguákvæðinu við Kyoto-bókunina á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn í lok ársins?

[14:47]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir spurninguna. Þarna á fyrirspyrjandi við það sem á lagamáli loftslagssamningsins kallast ákvörðun 14/CP.7, sem hér á landi er oftast kölluð „íslenska ákvæðið“ og fyrirspyrjandi bendir réttilega á að er í eðli sínu undanþáguákvæði. Það hafa verið skiptar skoðanir á þessu ákvæði og núverandi umhverfisráðherra telur að Ísland eigi ekki að óska eftir undanþágum frá almennum reglum loftslagssamningsins. Íslensk stjórnvöld vinna að því að reyna að losna undan þessu ákvæði með væntanlegu Kaupmannahafnarsamkomulagi en þó á ábyrgan hátt þannig að heimildir sem íslensk fyrirtæki hafa fengið fyrir losun til þessa hverfi ekki skyndilega svo gjörbreyting verði á rekstrargrundvelli þeirra.

Til að svara spurningu hv. þingmanns eins vel og hægt er vil ég aðeins gera grein fyrir stöðunni í alþjóðlegum samningaviðræðum fyrir Kaupmannahafnarfundinn. Staðan í loftslagsmálum nú er að mörgu leyti mikið breytt frá því sem var fyrir samþykkt Kyoto-bókunarinnar. Markaður fyrir kolefni er nú fyrir hendi, sá stærsti og virkasti í ríkjum ESB sem sett hafa upp viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir kolaorkuvera og annarra stórra losenda af ýmsu tagi. Ísland er í raun nú þegar þátttakandi í þessu viðskiptakerfi í gegnum EES-samninginn en hér er sem stendur engin starfsemi sem fellur undir kerfið. Það mun breytast á næsta skuldbindingartímabili, fyrst mun kerfið ná til losunar frá flugrekstri frá og með 1. janúar 2012 en síðar, frá 1. janúar 2013, taka til losunar frá stóriðju, svo sem áls og járnblendis.

Það er nefnt í þessu svari því að ljóst er að stóriðja sem fengið hefur undanþágur frá ákvæðum Kyoto-bókunarinnar í gegnum íslenska ákvæðið mun smám saman þurfa að fara að greiða fyrir losun gróðurhúsalofttegunda í viðskiptakerfi ESB þegar nýtt skuldbindingartímabil tekur við. Íslenska ákvæðið missir því að stórum hluta gildi sitt þar sem íslensk stóriðja mun þurfa að taka á sig skuldbindingar um losun, sambærilegar við þær sem önnur ríki í okkar heimshluta búa við. Þó er sá munur á stöðu fyrirtækja hér og í Evrópu að evrópsk fyrirtæki munu aðeins þurfa að standa reikningsskil gagnvart viðskiptakerfinu því að Evrópusambandið kemur fram sem einn aðili gagnvart Kyoto-bókuninni. Ísland þarf hins vegar að óbreyttu að standa reikningsskil bæði gagnvart viðskiptakerfi Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn og gagnvart nýju alþjóðlegu samkomulagi. Þetta fyrirkomulag er og yrði óþarflega flókið. Samninganefnd Íslands hefur því í umboði stjórnvalda leitað leiða með Evrópusambandinu að tryggja að skuldbindingar Íslands gagnvart EES-samningnum og alþjóðakerfinu

fari saman, hugsanlega með því að Ísland taki á sig sameiginleg markmið með Evrópusambandinu gagnvart nýju alþjóðlegu samkomulagi.

Það er óvíst hvernig þessum þreifingum reiðir af, frú forseti, enda staðan í samningaviðræðunum óljós og flókin enn þótt skammur tími sé til stefnu til Kaupmannahafnarfundarins. Því hafa íslensk stjórnvöld haldið þeim möguleika opnum að ákvörðun 14/CP.7 haldi áfram óbreytt á nýju skuldbindingartímabili. Ekki verður óskað eftir rýmkun á ákvæðinu, slíkt stangast á við stefnu ríkisstjórnarinnar og eins má búast við að slík ósk myndi vekja neikvæð viðbrögð og grafa undan stöðu Íslands í viðræðunum. Það er enginn jarðvegur fyrir því að biðja um nýjar undanþágur þegar öll þróuð ríki taka á sig niðurskurð, líka ríki sem fengu heimild til aukningar í Kyoto.

Það er staðreynd að losun hefur aukist frá stóriðju á grundvelli ákvörðunar 14/CP.7 og íslenskra laga sem sett voru til að framfylgja ákvæðum Kyoto-bókunarinnar. Íslensk stjórnvöld ætla að sjá til þess að starfandi íslensk fyrirtæki þurfi ekki allt í einu að greiða að fullu allar sínar losunarheimildir í ársbyrjun 2013 í viðbót við kröfur sem gerðar verða til þeirra í viðskiptakerfi ESB. Takist ekki að finna viðunandi lausn með Evrópusambandinu hafa íslensk stjórnvöld því haldið þeim möguleika opnum eins og áður sagði að framlengja íslenska ákvæðið óbreytt. Slíkt væri slæmur kostur að mínu mati því að það er vont að þurfa að byggja á undanþágum í alþjóðlegu kerfi, sérstaklega fyrir ríki sem hefur alla burði til að vera fyrirmyndarríki í loftslagsmálum. Íslenska ákvæðið hefur einnig þá galla að það krefst flókins bókhalds og það kemur í veg fyrir að aðrir geirar en stóriðjan geti selt heimildir úr landi ef þeir standa sig umfram væntingar.

Staðan í samningaviðræðunum er flókin en ég vil taka saman í lokin helstu atriðin varðandi hana: Íslenska undanþáguákvæðið verður vonandi óþarft í Kaupmannahöfn og losun sem fellur undir það nú verður vonandi færð undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins. Þar munu íslensk stóriðjufyrirtæki, bæði gömul og ný, taka á sig sömu skuldbindingar og fyrirtæki innan ESB. Unnið er að útfærslu á þessari lausn innan loftslagssamningsins og í viðræðum við Evrópusambandið en í raun er ekki hægt að ganga frá slíkri lausn fyrr en skýr drög liggja fyrir að væntanlegu Kaupmannahafnarsamkomulagi.

Þau liggja ekki fyrir í dag en vilji íslenskra stjórnvalda er skýr.

[14:52]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mig langaði bara til að minna hæstv. umhverfisráðherra á að Kína, Sádi-Arabía og Suður-Afríka eru á sama hnetti og Ísland. Raforka sem framleidd er með kolum, gasi og olíu í þessum löndum mengar gífurlega mikið miðað við raforku sem framleidd er á Íslandi á mengunarlausan hátt.

Ég skora á hæstv. umhverfisráðherra að gera heiminum grein fyrir þessu og bjóðast til að virkja eins og við mögulega getum án þess að ganga á náttúruna til þess að hjálpa mannkyninu. Það kom nefnilega fram í svari forvera hæstv. ráðherra að Kárahnjúkavirkjun sparar mannkyninu þvílíka mengun sem svarar til sexfaldrar mengunar Íslendinga af umferð.

[14:53]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Forseti. Eins og kom skýrt fram í máli hæstv. umhverfisráðherra hafa íslensk stjórnvöld ekki lokað neinum dyrum í samningaviðræðum um loftslagssamninginn sem vonandi lýkur í Kaupmannahöfn í lok þessa árs.

Það sem skiptir þó mestu í þessum viðræðum og í þessu samhengi fyrir Íslendinga og íslenska hagsmuni er að stjórnmálamenn og þau fyrirtæki sem í hlut eiga geri sér grein fyrir hvað það þýðir að vera hluti af viðskiptakerfi Evrópusambandsins, sem við erum og höfum verið frá 2005, og að innleiðing þess árið 2012 og 2013 þýðir að allar losunarheimildir í stóriðju á Íslandi munu falla undir og verða verðlagðar (Gripið fram í.) á þeim markaði. Það mun hafa mest áhrif á umhverfi þessara fyrirtækja til framtíðar.

Þessi innleiðing og hið evrópska umhverfi eru sá rammi sem stjórnvöld vinna eftir, (Forseti hringir.) hvort heldur er innan samninganna eða hér heima.

[14:54]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. umhverfisráðherra útilokaði ekki í ræðu sinni að framlengja þyrfti íslenska ákvæðið. Ég vil hvetja hana til að beita sér fyrir því vegna þess að við verðum að hafa það í huga þegar þessi mál eru rædd að ráðherra talaði um að við vildum vera fyrirmynd hvað varðaði loftslagsmálin.

Þá vil ég vekja athygli hæstv. ráðherra á því að við erum nú þegar fyrirmynd hvað varðar nýtingu hreinnar og tærrar sjálfbærar orku. Þess vegna þurfum við ekki að óttast að vera með undanþágu vegna þess að hún er ekki vegna þess að við séum einhverjir skussar. Undanþágan er fyrst og síðast vegna sérstöðu okkar í því hvað okkur gengur vel að nýta þessa orku. Þess vegna þurfum við undanþágu, til að leggja áherslu á sérstöðu okkar. (Forseti hringir.)

[14:55]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að koma inn í þessa umræðu með örstutta athugasemd. Ég vil benda á að við, hópur þingmanna, lögðum fram tillögu varðandi þetta mál sem var að mestu rædd í tengslum við hagsmuni Íslands í loftslagsmálum.

Ég skrifa undir þá þingsályktunartillögu, en til þess að mótmæla því að umræða um auknar losunarheimildir til að viðhalda íslenska ákvæðinu snúist bara um álver. Mér finnst eins og þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna tali allt of oft þannig að við sem komum að þessu séum bara að hugsa um álver og eitthvað slíkt. Það er svo miklu meira sem við getum gert og að mínu mati þurfum við á öllu okkar að halda á næstu árum til þess að byggja upp atvinnu. Við getum þess vegna ekki leyft okkur að festast í þeirri umræðu að þetta snúist allt um álver og ræða um það í neikvæðum tón. (Forseti hringir.) Ég er ekki að tala um álver í neikvæðum tón, þetta snýst ekki um það.

[14:56]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Ég vil örstutt leggja orð í belg í þessari umræðu. Ég vil taka undir þetta og spyrja um nálgun hæstv. umhverfisráðherra í svari hennar við fyrirspurninni.

Ég tel að við eigum að leggja okkar að mörkum. Við eigum að vera fyrirmynd í loftslagsmálum því að það rímar við almenna stefnu í þeim atvinnumálum sem við leggjum hér á hinu nýja Íslandi. Þess vegna tel ég að allar okkar aðgerðir, sama í hvaða ráðuneytum sem þau eru, eigi að stefna í sömu átt.

[14:57]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Ég tek undir þau markmið að Íslendingar verði í fararbroddi í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Ég tel raunar að í þeim miklu þjóðfélagsbreytingum sem verða í heiminum öllum í kjölfar þess að þjóðir þurfa að taka á sig þessar skuldbindingar felist mikil tækifæri fyrir Íslendinga og við eigum að vera í fararbroddi í þróun á grænni tækni og umhverfisvænni atvinnusköpun. Nú þegar bíða fyrirtæki í röðum eftir svörum frá stjórnvöldum um orku til slíkra verka, umhverfisvæna orku. Og það liggur fyrir að slík fyrirtæki skapa mun fleiri störf en gamaldags meira mengandi fyrirtæki sem nú þegar eru komin lengra í því að fá leyfi til orkuöflunar hér á landi.

Ég held því að það sé ekki seinna vænna fyrir Íslendinga, fyrir framtíðina, til þess að við séum í fararbroddi og til að reisa Ísland við í þessari kreppu að við mörkum okkur þá stefnu að vera umhverfisvænasta (Forseti hringir.) og sjálfbærasta ríki heims og í fararbroddi í grænni tækni með allri þeirri atvinnusköpun og verðmætum sem því fylgja. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[14:58]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni að við getum ekki staldrað við þessa umræðu full fordóma í garð t.d. eins orðs sem er álver. Það er fullt af öðrum lausnum sem menga jafnvel miklu meira en álver og hægt er að nefna fjöldamörg dæmi þar um.

Við verðum að horfa á þessi mál frá heiðarlegum sjónarhóli, full bjartsýni á þá möguleika sem til staðar eru í atvinnumálum okkar. Þar vil ég sérstaklega horfa til þess að víða um land er ónýtt, sjálfbær, græn orka sem ekki er farin að skila arði og er eins og myllusteinn um háls sveitarfélaga víða um land. Því þurfum við að halda til haga.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Hauksdóttir) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra svörin. Það kom ágætlega fram í máli hennar hvernig staðan er. Ég þakka líka hv. þingmönnum fyrir þátttöku í þessum umræðum. Þetta er mikilvægt mál fyrir framtíð okkar, sérstaklega vegna þess hversu alvarleg staðan er hér á landi. Það sýnir einnig það sem við glímum við í samningaviðræðum okkar t.d. vegna Icesave-skuldbindinganna, hvað við erum smá og máttvana gagnvart öðrum þjóðum. Að viðhalda íslenska ákvæðinu er í rauninni okkar sjálfsagði réttur því að ákvæðið kom í raun og veru ekki upp úr neinu.

Hlutföllin eiga að ráða, eins og ég sagði. Íslenska ákvæðið er 75% af öllum okkar losunarheimildum og það kemur fyrst og fremst til vegna þess að við brennum ekki kol hér eða annað mjög mengandi brennslueldsneyti. Það kemur líka til vegna þess að efnahagur okkar er svo lítill í sniðum. Þess vegna fagna ég því mjög sem fram kom í máli hæstv. umhverfisráðherra sem eru nýjar upplýsingar fyrir mig, að það standi jafnvel til að fara með ákvæðið til Kaupmannahafnar og semja um það.

Það eru alveg nýjar fréttir fyrir mig og ég fagna því innilega að svo sé því að ef við mundum sleppa því, hæstv. umhverfisráðherra, spyr ég þig, af því að þú átt eftir að tala hér á eftir mér: Hver á að borga fyrir losunarheimildina þegar við erum komin inn í evrópska kerfið með sölu og kaup losunarheimildanna? Er það stóriðjan sem er hér á landi? Er það íslenska ríkið? Ef það er íslenska ríkið sem þarf að kaupa þetta í gegnum þessar heimildir, ætlar það þá að sjá til þess að hér verði stofnaður sérstakur auðlindasjóður og það verði virkilega farið að rukka leigu fyrir notkun á þessum auðlindum? Það langar mig til að heyra en ég fagna því að íslenska ákvæðið skuli að vera enn þá inni í myndinni.

[15:01]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill áminna hv. þingmann um að beina orðum sínum til forseta.

[15:02]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Frú forseti. Það fæðast hérna nýjar fyrirspurnir í fyrirspurnatímanum þannig að ég reyni að bregðast við því.

Ég vona að það hafi komið nógu skýrt fram í máli mínu að við viljum losa okkur undan ákvæðinu og vegna spurningar hv. þingmanns hér alveg í lokin eru það fyrirtækin sjálf sem munu greiða fyrir heimildirnar eins og við sjáum þetta.

Ég vil þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að minna mig á Kína, Indland og Sádi-Arabíu, það er alltaf gott að vera minntur á heimskortið. Hins vegar vil ég sérstaklega fagna sýn hv. þm. Guðmundar Steingrímssonar, sem sýnir mér að það kvarnast líka úr þeim hópi, hinum harða kjarna Framsóknarflokksins sem hefur lagt mjög mikið upp úr hefðbundinni stóriðjusýn sem einu leiðinni í framsókn íslensks samfélags. Ég deili með honum þeirri sýn að Ísland verði sjálfbærasta ríki heims og ég held að við eigum ekkert að setja markið lægra en það.

Þau markmið sem eru fram undan í tengslum við loftslagssamninginn verða auðvitað gríðarlega stór og að ýmsu leyti flókin, það snýst um samkomulag og samstarf allra hlutaðeigandi ráðuneyta, sveitarfélaga, atvinnulífs og ekki síst alls almennings. Raunverulegur árangur í loftslagsmálum snýst um það að allur almenningur átti sig á því að með hegðun okkar erum við alltaf að hafa áhrif á umhverfið. Slík vitundarvakning verður því að vera hluti af því hvernig við síðan vinnum að markmiðum okkar, sem væntanlega og vonandi verða með þeim metnaðarfyllstu sem við sjáum í heiminum og m.a. með því að losa okkur undan íslenska

ákvæðinu svokallaða.

Umræðu lokið.

Undirbúningur að innköllun veiðiheimilda.

Fsp. RM, 6. mál. — Þskj. 6.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Róbert Marshall) (Sf):

Virðulegur forseti. Spurt er um fyrirætlanir hæstv. sjávarútvegsráðherra um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða með innköllun veiðiheimilda að markmiði og hvernig hæstv. ráðherra hyggst vinna að þeim breytingum.

Í stjórnarsáttmála Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Lög um stjórn fiskveiða verði endurskoðuð í heild með það að markmiði að leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á 20 ára tímabili í samræmi við stefnu beggja flokka“ — eins og segir í lið f í þeirri upptalningu.

Nýverið tilkynnti sjávarútvegsráðherra að hann hygðist, með vísan í þessa stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, stofna starfshóp um endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Skipaður verði starfshópur er vinni að endurskoðuninni og kalli til samráðs hagsmunaaðila og sérfræðinga.“

Í tilkynningu frá hæstv. sjávarútvegsráðherra segir hins vegar á dögunum að í starfshópi hæstv. ráðherra eigi eftirfarandi hagsmunasamtök fulltrúa, með leyfi forseta:

„… Landssambandi íslenskra útvegsmanna einn fulltrúa, Landssambandi smábátaeigenda einn fulltrúa, Sambandi íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa, Samtökum fiskvinnslustöðva einn fulltrúa, Starfsgreinasambandi Íslands ...“— matvælasviði — „… Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands … Félagi vélstjóra og málmtæknimanna …“.

Þá segir enn fremur í tilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins, virðulegur forseti, um starfshópinn:

„Honum er gert að skila af sér álitsgerð fyrir 1. nóvember nk. Á grundvelli vinnu starfshópsins og þeirra valkosta sem hann bendir á, mun ráðherra ákveða frekari tilhögun við endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar.“

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að hagsmunaaðilar skuli kallaðir til samráðs, ekki að þeir eigi að ákveða þá valkosti sem ráðherra vinnur út frá. Fulltrúar hagsmunasamstaka, sem sagt hafa í opinberri umræðu að aldrei muni skapast sátt um fyrningarleið, að þeir muni aldrei sætta sig við hana, eiga nú að sitja í vinnuhópi sem ákveður þann grundvöll og velja valkosti sem ráðherra ákveður um frekari tilhögun við endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar.

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar, samkomulagi Vinstri grænna og Samfylkingar um ríkisstjórn, samningi flokkanna á milli, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„… og miðað við að áætlun um innköllun og endurráðstöfun taki gildi í upphafi fiskveiðiárs 1. september 2010.“

Í tilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins segir að fari allt að óskum megi búast við frumvarpi á haustþingi 2010.

Ekki verður unnt að hefja innköllun og endurráðstöfun þann 1. september ef það er ætlun hæstv. ráðherra að leggja fram frumvarp á haustþingi 2010 nema það hausti mjög snemma á næsta ári.

Hefur ráðherra hafið undirbúning að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða með innköllun veiðiheimilda að markmiði? Hvernig hyggst ráðherra vinna að þeim breytingum?

[15:07]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Hv. þm. Róbert Marshall hefur beint til mín fyrirspurn um hvað líði framkvæmd atriða í stjórnarsáttmálanum og þar eru tilgreindar sérstaklega innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda.

Ég vil í þessu sambandi minna á að kaflinn um fiskveiðar er allítarlegur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar þar sem fjallað er um ýmsa mikilvæga þætti.

Í upphafi kaflans stendur, með leyfi forseta:

„Markmið sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fiskveiðar umhverfis landið séu hagkvæmar og skapi verðmæti og störf en séu jafnframt sjálfbærar og vistvænar og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um verndun vistkerfa, lífríkis og hafsbotns. Veiðiheimildir skulu ákvarðast af nýtingarstefnu sem byggist á aflareglu hverju sinni. Íslenskur sjávarútvegur mun gegna lykilhlutverki við þá endurreisn atvinnulífsins sem fram undan er. Það er því afar mikilvægt að skapa greininni bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og treysta þannig rekstrargrundvöllinn til langs tíma, en jafnframt verði leitað sátta um stjórn fiskveiða.“

Eins og fram kom í máli hv. þingmanns eru í stefnuyfirlýsingunni áfram tilgreind brýn atriði sem taka ber á. Knýja þarf á um frekari fullvinnslu afla hérlendis, takmarka framsal á aflaheimildum, vernda grunnslóð, skipa ráðgefandi hóp útgerðarmanna og sjómanna um veiðiráðgjöf og heimila frjálsar handfæraveiðar smábáta yfir sumarmánuðina.

Þetta eru þau atriði sem gert er ráð fyrir að ráðuneytið hafi þegar bein afskipti af og nokkur atriði eru einmitt þegar komin til framkvæmda en vonandi verður frumvarp um frjálsar handfæraveiðar samþykkt hér seinna í dag.

Síðan er það endurskoðun laga um fiskveiðar eins og hv. þingmaður minntist á. Þar eru tínd upp ýmis fleiri atriði sem taka þarf tillit til, stuðla að verndun fiskstofna, stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda sjávar, treysta atvinnu, efla byggð í landinu, skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlindar sinnar og leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á 20 ára tímabili í samræmi við stefnu beggja flokka. Þessi endurskoðun verður unnin í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og miðað við að áætlun um innköllun og endurráðstöfun geti tekið gildi í upphafi fiskveiðiárs 1. september 2010 eins og hv. þingmaður minntist á.

Í framhaldi af þessu hef ég einmitt skipað starfshóp til þess að fara yfir og skilgreina helstu álitaefni sem fyrir hendi eru í fiskveiðistjórninni eins og ég lýsti hér að framan og lýsa þeim. Hópurinn er látinn vinna nauðsynlegar greiningar og setja að því loknu fram valkosti um leiðir til úrbóta þannig að greininni séu sköpuð góð rekstrarskilyrði til

langs tíma en jafnframt að sátt náist um stjórn fiskveiða. Starfshópnum er gert að hafa sem víðtækast samráð við aðila, t.d. með viðtölum, viðtöku álitsgerða og á veraldarvefnum. Honum er gert að skila af sér álitsgerð fyrir 1. nóvember nk. Á grundvelli vinnu starfshópsins og þeirra valkosta sem hann bendir á mun ráðherra ákveða frekari tilhögun við endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar og að sjálfsögðu í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, eins og ég hef hér greint frá.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er einmitt lögð mikil áhersla á samráð og samstarf við alla þá aðila sem geta tengst málinu. Í þeim hópi, sem ég get komið að í seinni ræðu minni, eiga fulltrúa allir stjórnmálaflokkar á Alþingi og einnig allmargir sem eiga bein tengsl að sjávarútvegi. Ég legg áherslu á að hópurinn vinni af mikilli ábyrgð og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á hann er lögð. Sjávarútvegurinn er einn mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar, hann verður að stunda í sátt við þjóðina alla. Hann verður einnig að standa undir atvinnu og byggð vítt og breitt um landið. Við verðum að umgangast fiskstofnana okkar á sjálfbæran hátt og við þurfum einnig að tryggja að sjávarútvegurinn sé stundaður á þann hátt að hann skapi sem mestan þjóðhagslegan ábata innan lands. Ég treysti þessum hópi til að vinna (Forseti hringir.) á þessum grundvelli eins og ég hef hér greint, (Forseti hringir.) frú forseti, og vænti góðs af störfum hans.

[15:12]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Þetta var aldeilis fróðleg lesning upp úr stjórnarsáttmálanum og fróðlegt að sjá hvernig þeir félagar túlkuðu stjórnarsáttmálann á mismunandi vegu. Hér kemur enn á ný fram ágreiningur og mismunandi málefnatúlkun á milli þessara ágætu stjórnarflokka. Fyrirspyrjandinn gat ekki leynt gremju sinni yfir því að hæstv. ráðherra ætlaði að fara í of mikið samráð, m.a.s. við hagsmunaaðila í greininni og þetta mundi ekki hefjast nógu snemma, hann gat ekki leynt gremju sinni yfir því.

Ráðherrann talaði hins vegar um nauðsyn sáttar, samráðs og að fara varlega í þessa hluti enda væru miklir hagsmunir undir. Ég tek undir það með ráðherra en ég vil hins vegar gefa honum góð ráð. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra — í nafni sáttar, í nafni samráðs og til að ráðherra sýni að það er einhver raunveruleg meining á bak við það að vilja gera sjávarútveginn, fiskveiðistjórnarkerfið, þannig að það verði um það sátt — til að hætta við (Forseti hringir.) boðaða fyrningarleið og fara í endurskoðun sem hefur ekki fyrir fram gefna (Forseti hringir.) niðurstöðu þannig að hugsanlega náist um (Forseti hringir.) einhver sátt um þetta mál. (Gripið fram í.)

[15:14]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér birtist ágreiningur ríkisstjórnarflokkanna enn einu sinni. Maður fer að hugsa hvort ríkisstjórnin lifi fram yfir haustið 2010, eins og kom hér fram áðan, ef það haustar mjög snemma það árið verður þessari vinnu kannski lokið.

Ég er komin hingað upp til að brýna hæstv. sjávarútvegsráðherra til að skoða þessi mál vel. Þetta er undirstöðuatvinnuvegur okkar. Ekki má fara af stað með eitthvert óundirbúið mál sem gæti jafnvel rústað greininni. Ég skal fylgja Vinstri grænum eftir ef þið lofið að fara að loforðunum sem þið gáfuð fyrir kosningar að skoða þessi mál vel og fara ekki að hendast á eftir samstarfsflokki ykkar í ríkisstjórn með þessa vanhugsuðu fyrningarleið sem raunverulega kemur til með að rústa greininni ef hún verður farin.

[15:15]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir nálgun hans á þessu máli í ræðunni. Ég fagna því að hann ætlar að nálgast þetta stóra og erfiða mál af mikilli skynsemi, að ég tel. Hann hefur ákveðið að skipa samráðshóp eða nefnd þar sem fjölmargir aðilar koma að til að fara yfir þetta mál. Ég tel að í raun sé mjög góð lending í þeirri stöðu sem við erum komin í. Ég hef hins vegar miklar áhyggjur af því hvernig hv. þm. Róbert Marshall talaði áðan um að samráð ætti ekki að eiga sér stað í starfshópnum heldur vera kurteisislegt spjall, ef ég skildi hann rétt, við þá aðila sem eiga þarna hagsmuna að gæta. Hins vegar hefur Samfylkingin einhliða boðað, án þess að ræða við nokkurn aðila, að það eigi að fyrna aflaheimildir eða fara svokallaða fyrningarleið. Það er mjög sérstakt að setja slíkt fram í svona stóru og alvarlegu máli (Forseti hringir.) án þess að leita ráðgjafar um það.

[15:16]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég tek undir með þeim sem hafa talað hér og fagna mjög hvernig hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nálgast þetta mál. Hann er greinilega búinn að átta sig á því að þetta er ófær leið, búinn að fá margar upplýsingar um það og ég er mjög sáttur við það.

Ég fagna ekki alltaf samstöðuleysi ríkisstjórnarinnar vegna þess að því fylgir mikill kostnaður fyrir þjóðina. Í þessu máli fagna ég þó sérstaklega ósamkomulagi milli ríkisstjórnarflokkanna vegna þess að þetta er, eins og margoft hefur komið fram, gjörsamlega galin hugmynd. Ég velti fyrir mér hvort hv. þingmenn sem tala af miklum sannfæringarkrafti um fyrningu aflaheimilda sem hefur þegar verið bent á að sé algjört brjálæði vilji ekki hugsa aðeins aftur í tímann og skoða hvernig þeirra menn hafa hunsað allar ráðleggingar og aðvaranir frá mönnum sem hafa einhverja aðra skoðun en þeir á málunum. Ég held að það væri hollt fyrir alla að (Forseti hringir.) gera það.

[15:17]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir góð svör og þá áherslu sem hann lagði á það að skapa sátt um sjávarútveginn. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar, um 85%, er algerlega ósáttur við þá skipan sem verið hefur og stórir hópar þjóðarinnar telja þessa skipan vera mesta rán Íslands. Þess vegna er mikilvægt að stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að innkalla aflaheimildir í samræmi við samhljóða stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar í þeim efnum og

ráðherrann vinnur nú að útfærslunni.

Við teljum hins vegar mjög mikilvægt að sjávarútvegurinn þurfi ekki að búa við óvissu og þess vegna settum við í stjórnarsáttmálann að þetta þyrfti að hefjast 1. september á næsta ári sem þýðir, eins og hv. fyrirspyrjandi benti réttilega á, að málið þarf að koma inn í þingið á næsta vetri. Sjávarútvegurinn má ekki búa við meiri óvissu um rekstrarskilyrði sín en nú er, en það verður líka að minna þá á sem halda því fram að sjávarútvegurinn þoli engar byrðar (Forseti hringir.) að hann hefur á síðustu árum, að því er virðist, getað tekið að sér alls kyns útgjöld og alls kyns fjárfestingar án þess að kveinka sér undan því (Forseti hringir.) og ætti þess vegna að geta skilað eðlilegu afgjaldi í sameiginlega sjóði þjóðarinnar.

[15:19]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mér var þannig farið þegar ég hlustaði á hæstv. ráðherra að ég var eiginlega engu nær og mig langar til að skerpa á þeirri hugsun sem í spurningunni felst. Ætlar hann að taka þessar veiðiheimildir af útgerðinni? Er sá ásetningur hans í samræmi við stjórnarsáttmálann? Og svo kannski það sem er öllu áhugaverðara þegar búið er að ríkisvæða kvótann — þetta er ríkisvæðing, það er ekkert annað, og ég geri mikinn mun á þjóð og ríki, mjög mikinn mun — ríkið ætlar sem sagt sem lögpersóna að hirða allan kvótann og þá kemur spurningin sem kannski er öllu alvarlegri: Hvernig ætla menn að deila þessu aftur út? Ætlar hæstv. ráðherra að sitja, gefa, deila og drottna, gefa þessu byggðarlagi, þessum vinum sínum o.s.frv. kvótann?

[15:20]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Nú sem fyrr þegar umdeild fyrningarleið hefur verið rædd í þingsal er ég engu nær um það hvort ríkisstjórnin ætlar að fara þessa leið eða hvort hún ætlar að innkalla veiðiheimildirnar og þá hvernig. Öllum þessum fjölmörgu spurningum er alltaf jafnósvarað. En ég ætla aðeins að leyfa mér að hugsa upphátt þótt ræðustóll Alþingis sé ekkert endilega staðurinn sem maður á að nota til að hugsa upphátt en í því felst ákveðin ráðlegging til þeirra sem höndla með þessi mál. Ég fagna þeim sáttartóni sem þó kom fram í máli ráðherrans. Ráðleggingin er þessi: Mér finnst stundum eins og að þeir sem tala hvað mest fyrir fyrningarleiðinni leggi hana fram til höfuðs þeim sem eru í greininni. Mér finnst standa upp á þá sem mæla hvað harðast fyrir fyrningarleiðinni að þeir sýni a.m.k. fram á hvernig þeir sem eru í greininni (Forseti hringir.) geti notið góðs af þessari leið eða hvernig þeir verði a.m.k. ekki fyrir skaða af henni.

[15:21]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Það er gott að heyra ríkan sáttartón. Eins og hv. þm. Helgi Hjörvar benti á þarf að nást sátt við þjóðina í þessu máli. Þjóðin er ekki sátt við það fyrirkomulag fiskveiðistjórnar sem nú er við lýði. Sú leið sem hér hefur verið lögð til og er til umræðu, þ.e. hin svokallaða fyrningarleið, er hófsöm, sanngjörn leið sem miðar að sátt. Hún gefur rúman tíma, um hana er samstaða milli stjórnarflokkanna og stefna beggja stjórnarflokkanna er sambærileg í þessu máli frá því fyrir kosningar.

Þessi fyrningarleið er ekki til höfuðs neinum. Um hana er eindrægni milli stjórnarflokkanna en útfærslan er samkomulagsatriði og hagsmunaaðilar í greininni ættu að fagna því að eiga þess kost að koma að borðinu til að fá (Forseti hringir.) að hafa áhrif á útfærsluna.

[15:22]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það stundum í umræðum um þessa svokölluðu fyrningarleið að hún var í sjálfu sér ekkert annað en ódýrt lýðskrum fyrir kosningar, ódýr kosningabrella, en það góða við svona byltingarkennda hugmynd er að við fáum málefnalega umræðu um málefni sjávarútvegs og um fiskveiðistjórnarkerfið. Þessi leið er hins vegar kolófær og verður aldrei farin. Hún hefur sett mikla óvissu að sjávarbyggðum og þeim sem standa í sjávarútvegi víða um land. Afleiðingar þess eru orðnar augljósar þar sem bátar eru hættir að komast á sjó sem eru beinar afleiðingar þessarar stefnu vinstri flokkanna þar sem fyrirtæki eru farin að minnka umsvif sín úti á landi vegna þessa.

Annað alvarlegt sem er að gerast líka eru þessar svokölluðu strandveiðar. Minni hlutinn skoraði á meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar í morgun að breyta því máli fyrir 3. umr. Ég vil koma því til hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Forseti hringir.) að breyta því máli þannig að við byggðakvótanum sem nú er loksins að nást (Forseti hringir.) meiri sátt um en verið hefur verði ekki hróflað í þessu tilraunabixi (Forseti hringir.) vinstri flokkanna í sjávarútvegsmálum.

[15:24]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Sem endranær er ekki gott að alhæfa í pólitískri umræðu og ekki vil ég alhæfa um þá sem stunda sjóinn og þá sem reka útgerðir á Íslandi. Í þeim hópi er margt prýðisgott fólk sem fer fram af heilindum og því ber að halda til haga hér og nú. Hitt er annað mál að margir hafa leikið þessa grein mjög illa með fjárglæfrum. Aðalatriðið er þetta: Það er ekki pólitískt lýðskrum að reyna að ná sáttum í þessum mikilvæga atvinnuvegi landsmanna, það er brýnt að ná sáttum og ég hefði ekki viljað standa hér fyrir svo sem 20 árum og segja: Sem betur fer verður framsalsleiðin aldrei farin. Ég hefði viljað geta sagt fyrir svo sem eins og 20 árum: Þvílík ósköp sem sú leið hefur fært þjóðinni. (**Gripið fram í:** Flokkurinn þinn …) (**BJJ:** Þú getur þakkað Jóni …) (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hljóð í salnum.)

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Róbert Marshall) (Sf):

Virðulegur forseti. Fyrningarleiðin snýst um það að jafna aðgang allra landsmanna að einni helstu auðlind okkar Íslendinga, að það sé ekki fámennur, fyrir fram útvalinn hópur sem hafi einn rétt til að stunda þessa atvinnu.

Virðulegur forseti. Ég var kjörinn á þing á grundvelli stefnu sem ég bar fram í aðdraganda alþingiskosninga. Sú

stefna gerði ráð fyrir innköllun og endurráðstöfun veiðiheimilda og var höfð til grundvallar við gerð stjórnarsáttmála sem er sú málamiðlun sem ég var reiðubúinn að gera varðandi mínar hugmyndir um innköllun og endurráðstöfun veiðiheimilda. Fram hefur komið að ég er reiðubúinn til að fyrna veiðiheimildir á mun styttri tíma en stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir og ég tel raunar að sú skoðun eigi mikinn hljómgrunn í þjóðfélaginu. Ég var ekki kosinn á þing til að láta hagsmunasamtök ákveða fyrir mig á hvaða grundvelli lögum yrði breytt. Stuðningur minn við ríkisstjórn Íslands er ekki grundvallaður á blindri trú á ágæti míns stjórnmálaflokks. Þannig vinnubrögð runnu sitt skeið á enda í fyrrahaust þegar Ísland glataði efnahagslegu sjálfstæði sínu. Minn stuðningur við ríkisstjórn er bundinn við stjórnarsáttmála og orð skulu standa. (**Gripið fram í:** Gott að heyra.) (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[15:27]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Það er alveg hárrétt að fátt er meira umdeilt í samfélagi okkar en stjórn fiskveiða. Við höfum bæði skoðanakannanir um hana og mat fjölmargra. Ég minni í þessu sambandi á skoðanakönnun sem Háskólinn á Akureyri gerði meðal framhaldsskólanema sem sýndi að mikill meiri hluti nemenda lítur svo á að sjávarútvegurinn sé mikilvægasta atvinnugrein framtíðarinnar á Íslandi, að hún muni skipta mestu, en einungis 2–3% gátu samt hugsað sér að starfa við greinina. Það sýnir að það er fullkomin ósátt um greinina eins og er og hún nýtur ekki þess trúnaðar og þess trausts sem hún þarf að njóta. Allir aðilar verða að taka það alvarlega, hvort sem þeir eru núna í útgerð eða tengjast þessum málum annars staðar, það verður að taka niðurstöðuna alvarlega og vinna í sátt. Þeir sem halda því fram að hér eigi að vera óbreytt kvótakerfi eru eins og ég hef sagt í fullkominni veruleikafirringu.

Það að við nálgumst málið nú með því að skapa breiða umræðu, köllum á upplýsingar um þau stóru og miklu álitaefni sem uppi eru, fáum þau inn og vinnum úr þeim, kalla ég ekki annað en að vinna á grundvelli stjórnarsáttmála Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar þar sem við ætlum að vinna í samráði. Stefnan sem unnið er eftir og ég las upp áðan og er formálsgrein fyrir stefnu um stjórn fiskveiða og fyrir þessa auðlind af hálfu flokkanna er skýr. Samráðið og sáttaumgjörðin og að við ætlum að leita sátta í þessu máli er leiðin (Forseti hringir.) en auðvitað tökum við síðan þær ákvarðanir sem nauðsynlegt er að taka þegar (Forseti hringir.) við höfum safnað að okkur þeim upplýsingum sem á þarf að halda til að sem breiðust sátt skapist meðal allrar þjóðarinnar. Það er (Forseti hringir.) mjög brýnt.

Umræðu lokið.

Hvalveiðar.

Fsp. GBS, 64. mál. — Þskj. 72.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég lagði þessa fyrirspurn fram fyrir nokkru síðan til hæstv. sjávarútvegsráðherra og ástæðan er sú að möguleikar á hvalveiðum og hvalveiðar er ein af þeim greinum sem Íslendingar hafa haft atvinnu af í býsna langan tíma og hefur fylgt þjóðinni mjög lengi. Persónulega hef ég talið sjálfsagt að nýta þessar afurðir skynsamlega eins og aðrar og ég þekki ekki hvalveiðar á Íslandi öðruvísi en að þær hafi verið gerðar með mjög ábyrgðarfullum hætti og náttúran notið vafans í því. Það er vitanlega eðlilegt að þeir sem eru í ferðaþjónustu og stunda hvalaskoðun hafi áhyggjur af þessu enda er mjög vinsælt hjá ferðamönnum að fara í slíkar ferðir.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að vel sé hægt að samræma þetta. Ég tel það í rauninni eitt af mjög mikilvægum atriðum í atvinnufrelsi okkar að geta stundað hvort tveggja. Ég hefði því talið að það væri mjög mikilvægt að sjónarmið Íslendinga, þ.e. að hvalveiðar séu stundaðar með sjálfbærum hætti, séu kynnt vel erlendis, kynnt þeim ferðamönnum sem hingað koma og kynnt í þeim ríkjum þar sem eru uppi efasemdir um að hvalveiðar séu skynsamlegar yfirleitt.

Því ber ég fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem hljóðar svo:

Hvernig hyggst ráðuneytið kynna á alþjóðavettvangi áherslur Íslands í sjálfbærum veiðum á hval, nú þegar veiðitímabilið er að hefjast?

Ég tel mjög mikilvægt að fá upplýsingar um hvort ráðuneytið hyggist beita sér fyrir sérstakri kynningu með einhverjum hætti og hvernig verði þá að því staðið.

Í framhaldinu finnst mér rökrétt að spyrja hvort ráðherra styðji áframhaldandi hvalveiðar í atvinnuskyni. Þá er ég vitanlega að vísa til þess að sá stuðningur muni væntanlega byggja á því að við séum að gera þetta með ábyrgum hætti og að veiðarnar séu sjálfbærar. Ég ætlast ekki til að hæstv. ráðherra lýsi neinu öðru yfir hér.

En mér þætti gaman og forvitnilegt að fá að vita hvernig og hvort farið hafi verið í eitthvert sérstakt átak varðandi kynningu á sjónarmiðum okkar og eins hug ráðherra til frekari hvalveiða.

[15:33]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni fyrir fyrirspurn hans. Ég vil í upphafi máls míns taka fram að Ísland hefur í málflutningi sínum á alþjóðavettvangi lagt áherslu á rétt ríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins þar á meðal hvalastofna. Afstaða Íslands er öðrum þjóðum kunn og liggur skýrt fyrir, m.a. á heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og víðar. Öllum fyrirspurnum vegna hvalveiða Íslendinga er svarað með stöðluðu tölvubréfi þar sem gerð er grein fyrir afstöðu stjórnvalda í hvalveiðimálum. Íslendingar áskilja sér rétt til sjálfbærrar nýtingar hvalastofna í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Við höfum sýnt fram á að hvalveiðar Íslendinga eru sjálfbærar enda byggðar á vísindalegri ráðgjöf í samræmi við alþjóðaskuldbindingar hafréttarsamkomulags Sameinuðu þjóðanna. Þessi sjónarmið eru svo áréttuð í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar segir jafnframt að Íslendingar áskilji sér hér eftir sem hingað til rétt til nýtingar sjávarauðlinda samkvæmt þessum alþjóðlegu skuldbindingum.

Eins og greint var frá 18. febrúar síðastliðinn mun ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, um hvalveiðar í atvinnuskyni standa óbreytt fyrir yfirstandandi ár enda ekki lagaleg heimild til þess að gera þar breytingar á.

Stjórnvöld munu hins vegar fylgjast grannt með framvindu veiðanna og mála þeim tengdum og áskilja sér allan rétt til að grípa inn í verði breytingar á forsendum. Þá mun grundvöllur hvalveiða verða endurmetinn og því starfi mun verða lokið fyrir undirbúning vertíðar ársins 2010. Þetta endurmat felst m.a. í rannsókn á þjóðhagslegri þýðingu hvalveiða þar sem vegnir verða og metnir mismunandi hagsmunir.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gerði samning við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í apríl síðastliðnum um að taka að sér að leggja mat á þjóðhagsleg áhrif hvalveiða við Ísland. Í matinu verður litið til áhrifa hvalveiða á atvinnustig fjárfestingar, útflutningstekjur auk afleiddra áhrifa á ferðaþjónustu og önnur hugsanleg áhrif á aðrar atvinnugreinar. Í þessu skyni verður beitt kostnaðar- og nytjagreiningu til að bera saman jákvæð og neikvæð áhrif af hvalveiðum fyrir þjóðarhag.

Þessu til viðbótar hefur verið lagt fram og verður dreift hér á allra næstu dögum frumvarpi til laga um hvali. Núgildandi lög um hvalveiðar eru frá 1949. En hér verður þá dreift frumvarpi um hvali sem lýtur að miklu víðtækari nálgun og verndun og meðferð og ábyrgð Íslands á hvölum í íslenskri lögsögu. Drög að frumvarpi hafa verið á vef ráðuneytisins nú um allnokkurn tíma. Þeim aðilum sem vilja koma með ábendingar við frumvarpsdrögin gefst því tækifæri til þess á vef ráðuneytisins.

Þegar frumvarpið kemur hér fram og verður vonandi dreift í dag eða í vikunni, veitir bæði ráðherra víðtækari heimildir til að grípa inn í mál en líka til að tryggja aðkomu annarra aðila að því.

Þegar frumvarpið verður komið inn í þingið gefst hinum ýmsu aðilum sem vilja koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi löggjöf um hvali tækifæri til þess þannig að þingið geti fjallað um það.

Eins og ég benti á áðan er löggjöfin sem lýtur að hvölum og hvalveiðum eingöngu bundin við hvalveiðar frá 1949 og þess vegna löngu orðin úrelt. Það er einmitt mjög mikilvægt að lagaumgjörð um þessar mikilvægu tegundir í lífríkinu sé þannig að tekið sé tillit til allra sjónarmiða hvað verndun og umgengni við þessar dýrategundir varðar. Við gerum okkur grein fyrir því að í þessum efnum eru uppi ýmisleg álitaefni og margir hafa á þeim mjög sterkar skoðanir sem einnig er mikilvægt að virða og taka tillit til.

[15:38]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Nokkrar staðreyndir um hvalveiðimálið. Hvalveiðar eru stundaðar í fullkominni sátt við allar alþjóðlegar reglur um vísindasamfélagið eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra. Viðskiptin ganga eðlilega fyrir sig þvert á það sem hafði verið spáð.

Í dag hafa hvalveiðar skapað hér vel á þriðja hundrað störf. Það er fyrir utan afleidd störf sem má reikna með að séu ansi mörg, sérstaklega núna í byrjun þegar viðhald og uppbygging á sér stað. Áhrif veiðanna og viðskiptanna á aðrar atvinnugreinar eru hverfandi og þrátt fyrir allar þær hrakspár sem þar hafa verið hafðar uppi og nú þegar við erum að fara stíga okkar stærstu skref í hvalveiðum, þegar við förum í stórveiðar á stórhveli þá þetta ekki meira en raun ber vitni. Á fundi sem mér þykir líklegt að hæstv. ráðherra hafi setið í London með fiskkaupendum á íslenskum fiski í síðustu viku var ekki einu sinni minnst á hvalveiðar Íslendinga eða fyrirhugaðar hvalveiðar.

Ég vona að núverandi ríkisstjórn takist ekki, eins og í mörgum öðrum málum, að fara að setja einhverja þröskulda við eðlilega í atvinnustarfsemi í landinu. Það er erfitt að (Forseti hringir.) sjá fyrir afleiðingar þess sem er að gerast núna í sjávarútvegsmálum (Forseti hringir.) og hvalveiðarnar eru þar engin undantekning.

[15:39]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég tek heils hugar undir að það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að nýta hvalinn. Ekki veitir okkur af gjaldeyristekjunum. Ég vil líka beina til ráðherra að ég held að það sé líka mjög mikilvægt að menn setji sér einhver langtímamarkmið til þess að menn geti farið að byggja upp einhverja vinnslu og aðstöðu til þess að verka hvalinn og koma honum í verð til lengri tíma.

Það er líka gríðarlega mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að fjölgun hvala á undanförnum áratugum og árum hefur brenglað öllu vistkerfinu í hafinu, þ.e. ef við nýtum ekki hvalinn þá erum við að brengla vistkerfið og þar af leiðandi mun okkur ganga hægar að byggja upp fiskstofnana sem er gríðarlega mikilvægt.

En hins vegar tek ég undir að það er líka mikilvægt að menn komi sjónarmiðum sínum á framfæri þannig að menn verði ekki undir hjá einhverjum öfgasamtökum og svoleiðis rugluliði þarna úti í heimi. Það er því mikilvægt að Íslendingar kynni málefni sín.

[15:41]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég skora á hæstv. ráðherra að gefa strax til kynna að hann ætli að halda hvalveiðum áfram. Ég tel hvalveiðar mjög mikilvægar. Þær fara vel saman við ferðaþjónustu. Ferðamaðurinn getur skoðað hvalinn lifandi. Síðan minnist ég þess í gamla daga að ferðamenn voru mjög uppteknir af því að sjá hvalskurð og þótti það mjög merkilegt. Auk þess eru hvalveiðar atvinnuskapandi og þar sem hæstv. ráðherra er núna að fjalla um afkomu ríkissjóðs þá vil ég benda á það að hvert einasta starf sem myndast við hvalskurð og hvalveiðar fjölgar skattgreiðendum og fækkar fólki sem þiggur atvinnuleysisbætur frá ríkinu. Það eykur sem sagt tekjur ríkisins og minnkar gjöldin og lagar stöðu ríkissjóðs miklu frekar en skattahækkanir sem menn eru

mikið að tala um, eða skerðing á velferðarkerfinu.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að ég er ekki miklu nær um afstöðu hæstv. ráðherra. En kannski skýrir hann það aðeins betur á eftir.

En ég tek undir með þeim sem hér hafa talað um mikilvægi þess að atvinnugreinin fái tækifæri til að starfa í eðlilegu umhverfi og starfa áfram. Það er gott að heyra að ráðuneytið haldi rétti landsins og skoðunum eða sjónarmiðum á lofti opinberlega. Það er mjög mikilvægt að það sé gert.

Ég velti fyrir mér hvað eigi að gera við þá vinnu sem kemur út úr þessari endurskoðun eða stöðu á breyttum forsendum sem hæstv. ráðherra nefndi áðan. Ég verð að viðurkenna það, hæstv. ráðherra, að ég hef ekki náð að kynna mér þetta frumvarp um hvali. Ég velti aðeins fyrir mér hvers vegna við erum að setja lög sérstaklega um hvali. Eru þeir ekki bara hluti af þeim dýrum sem við nýtum á Íslandi og við Ísland? Við nýtum mikinn lunda í Skagafirði, eins og hæstv. ráðherra þekkir. Eigum við þá að setja lög um lunda, ef hann er mjög …? (**Sjútvrh.:** Það eru lög um lunda.) Nú, eru lög um lunda? Þarna opinberaði ég þekkingarleysi mitt á því. En ég velti fyrir mér hvort það væri þannig að við þyrftum að setja sérlög um hvert kvikindi sem er við landið og á landinu.

En það eru mörg störf í kringum hvalveiðarnar og ég vil varpa því aðeins til hæstv. ráðherra hvort það sé ekki þá um að gera ef við erum að fara að endurskoða þessa hluti að kanna frekari úrvinnslu á hvalaafurðum. Þetta eru stórar og miklar skepnur og eflaust hægt að nýta þær betur. (Forseti hringir.) Einn 90 ára gamall frumkvöðull spurði mig hvort ekki væri hægt að nýta þessar skepnur í (Forseti hringir.) áburðarframleiðslu.

[15:44]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Bara til að taka af öll tvímæli þá stendur í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Vinstri grænna og Samfylkingar, að Íslendingar áskilji sér hér eftir sem hingað til rétt til nýtingar sjávarauðlinda samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Það liggur því í sjálfu sér fyrir. En auðvitað er það gert með hliðsjón af viðtæku hagsmunamati og því hvernig að staðan er og hversu hagkvæmt það er. Og að teknu tilliti til fjölda sjónarmiða var sú ákvörðun tekin. En þetta er alveg klárt.

En til upplýsinga þá standa einmitt þessa dagana yfir fundir í Alþjóðahvalveiðiráðinu þar sem Íslendingar eru með fulltrúa sína og er verið að fara yfir og kynna sjónarmið Íslendinga í þeim efnum. Það er vel haldið á þessum málum á alþjóðavettvangi.

Ég vil svo bara ítreka að vonandi gefst fljótlega tækifæri til þess að ræða um hvalina og stöðu þeirra og hlutverk okkar á viðtækan hátt, (Gripið fram í.) og þá m.a. um hvalveiðar. Ég held að það sé afar brýnt að fá lagasetningu sem tekur á málefnum hvalanna í stærra samhengi, ekki aðeins til veiða eins og er í núgildandi lögum heldur einnig hvernig við verndum þá og tökum á málefnum þeirra í víðum skilningi sem ábyrg þjóð.

Umræðu lokið.

Efling þorskeldis.

Fsp. GBS, 65. mál. — Þskj. 73.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):

Virðulegi forseti. Hér er önnur fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og nú er ég að velta fyrir mér eflingu þorskeldis. Það er í raun eðlilegt að þetta mál komi í framhaldi af því sem við ræddum áðan því að eins og við vitum éta hvalir mikið af æti í sjónum og gjarnan frá öðrum tegundum. Þeir hafa þar af leiðandi mikil áhrif á vöxt og framgang annarra tegunda í vistkerfinu í kringum landið. Sem betur fer hafa menn náð ágætum árangri í þorskeldi og það fer þannig fram að blessaður hvalurinn á ekki auðvelt með að komast í seiðin og það æti sem er nýtt í þorskeldinu. Ég sé fyrir mér að þorskeldi geti vaxið sem atvinnugrein en því miður segja þeir sem stunda þorskeldi og rannsóknir því tengdar og þeir sem vilja auka þessa framleiðslu að ekki sé nægilega stutt við bakið á þeim. Margt kemur eflaust til. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir eflingu þorskeldis hér á landi og ef svo er, hvernig ætlar hann þá að standa að því.

Það eru vitanlega nokkrar leiðir til að efla þorskeldi. Það er hægt að gera það t.d. með nýsköpunarstyrkjum þannig að þessir aðilar geti haft aukið svigrúm fjárhagslega til að stunda þessar rannsóknir. Síðan skiptir líka máli að þeir sem þetta stunda hafi nægar heimildir, þ.e. kvóta til að nota við starfsemi sína. Því er mikilvægt að ráðherrann segi til um hvort til standi að létta einhvern veginn undir með þeim sem þetta stunda.

Hvers konar eldi er til framtíðar litið mjög mikilvægt hvort sem við erum að tala um eldi í sjó eða á landi, bleikju og slíkt. Það er mjög mikilvægt að við glutrum ekki niður þeim tækifærum sem við höfum varðandi þorskinn. Við höfum bæði góða og slæma reynslu af eldi laxfiska og það er mikilvægt fyrir okkur að læra af því. En mig langar til að ráðherra komi upp, sem hann gerir vitanlega, og svari þessum spurningum mínum því að þarna eru sóknarfæri varðandi atvinnusköpun, þekkingu, menntun o.s.frv.

[15:49]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni fyrir fyrirspurn við þorskeldi. Þá er því fyrst til að svara að á undanförnum árum hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti stutt við eflingu þorskeldis með ýmsu móti. Úthlutað hefur verið sérstökum árlegum 500 tonna eldiskvóta til þorskeldisfyrirtækjanna. Kvótanum hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti úthlutað að fengnum tillögum frá fiskeldishópi AVS-rannsóknasjóðsins í sjávarútvegi. Kvótann hafa þorskeldisfyrirtækin nýtt til að fanga ungþorsk til eldis í kvíum. Helstu framleiðendur á eldisþorski eru Gunnvör í Hnífsdal, Þóroddur á Tálknafirði

og Álfsfell á Ísafirði. Þessum þorskkvóta hefur verið úthlutað og má búast við að það verði gert með líkum hætti að öllu óbreyttu.

Á árunum 2007–2009 hafa verið veittir um 30 styrkir samtals að upphæð um 175 millj. kr. til ýmissa verkefna sem miða að því að efla þorskeldi á Íslandi. Stærsta verkefnið, kynbætur og seiðaeldi, hefur fengið um 25 millj. kr. á ári síðan árið 2006. Önnur verkefni eru smærri í sniðum og má þar nefna áhrif seltu á vaxtarhraða og fóðurnýtingu þorsks. Stjórnun vaxtar með háþróuðum ljósabúnaði og svo ýmis verkefni sem tengjast sjúkdómavörnum, umhverfi o.fl. hafa einnig verið styrkt. Árlega úthlutar AVS-rannsóknarsjóður í sjávarútvegi styrkjum vegna rannsókna sem tengjast fiskeldi. Af framantöldu má sjá að þróunareldi í þorskeldi hefur fengið verulegan fjárstuðning á vegum hins opinbera gegnum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið á undanförnum árum. Einnig er þó rétt að geta þess í þessu sambandi að framlag þorskeldisfyrirtækjanna, ef við getum kallað þau svo, í þessu þróunarstarfi er mjög mikið.

Það liggur hins vegar fyrir að aðrar þjóðir eins og Norðmenn setja miklu meira fjármagn í þorskeldisrannsóknir og þróun á þorskeldi en við höfum möguleika á að gera. Það er að mínu mati mikilvægt að fara í heild sinni yfir stöðu þeirra þorskeldisverkefna og þorskeldisrannsókna sem við höfum lagt stund á á undanförnum árum og meta þær. Sérstaklega er ástæða til að meta stöðu þorskkynbóta, þ.e. þegar verið er að taka þorsk sérstaklega til kynbóta, og athuga hver er staðan á því, hvaða árangur hefur náðst og hvaða væntingar eru fyrir það til framtíðar. Ég mun því leggja áherslu á að fara í gegnum stöðu þessara mála til að geta metið framtíð þessa þróunarstarfs betur.

Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að eldi á t.d. bleikju hefur gengi geysilega vel hér á landi. Eldi bleikju er kannski sú eldisaðferð sem við eigum mesta möguleika í. Þar erum við búin að ná góðum tökum á eldistækninni, á kynbótunum og einnig á markaðsstarfinu fyrir eldisbleikju. Ég hef þess vegna lagt áherslu á það innan ráðuneytisins að kannaðir verði rækilega möguleikar okkar til aukins bleikjueldis og hvað þarf til til að við getum náð þar stóraukinni framleiðslu. Þegar við erum góð á einhverju sviði, hvort sem það er á lands- eða heimsvísu eins og við erum í bleikjueldi, er mjög mikilvægt að nýta sér það til fulls. Ég bind því væntingar við að við getum komið að og hvatt til aukins bleikjueldis þótt það sé nefnt í framhjáhlaupi í umræðunni um þorskeldið þar sem ég tel að sé mikilvægt að fara yfir stöðu mála og meta hvernig við stöndum að því í framhaldinu.

[15:54]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Hér ræðum við nýsköpun í matvælaframleiðslu, nýsköpun í matvælaiðnaði, og ég tel að sú nýsköpun verði að vera hluti af þeirri sókn sem við þurfum nú að spila í endurreisn Íslands. Ég vil hvetja ráðherrann til dáða til að setja aukið fé, ef það er fyrir hendi, í nýsköpun af þessu tagi, í þorskeldi og bleikjueldi sem hefur verið nefnt hérna líka. Ég held að það muni skila sér margfalt til baka í störfum og verðmætum þegar fram líða stundir. Við eigum ekki að vera of hrædd við nýsköpun af þessu tagi þótt sporin frá fyrri tíð hræði að mörgu leyti vegna þess að sjúkdómar eiga eftir að koma upp í þessari grein. Þess vegna eigum við að leggja áherslu á rannsóknir og forvinnu.

Á Vestfjörðum hefur náðst talsverður árangur í þorskeldi og þar hafa menn jafnvel stundað skelrækt í tengslum við þorskeldi. En ég hvet til þess að þessi mál verði líka skoðuð heildstætt, (Forseti hringir.) þar er mikið undir. Ef við setjum fjármagn í rannsóknir og þróunarstarfsemi t.d. á Vestfjörðum (Forseti hringir.) í þessum efnum geta Vestfirðir orðið mun meiri matarkista og uppspretta verðmæta en þeir (Forseti hringir.) eru í dag.

[15:56]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað að þorskeldi er gríðarlega mikilvægt. Það er líka mikilvægt núna og fyrir framtíðina að menn átti sig á því að það þarf að styðja enn frekar við þorskeldi núna vegna þess að nú eru erfiðleikar í rekstri fyrirtækjanna sem stundað hafa þetta þorskeldi. Þau hafa að hluta til verið að greiða með því þótt þau hafi fengið styrk frá ráðuneytinu sem er 500 tonna kvóti auk ýmissa styrkja en vandamálið hefur einmitt verið seiðaeldið, eins og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kom inn á, og það sem fylgir því. Það er gríðarlega mikilvægt að menn haldi áfram á sömu braut og eins og fram kom í máli hv. þm. Guðmundar Steingrímssonar hafa fyrirtæki á Vestfjörðum náð mikilli sérstöðu þarna. Það er gríðarlega mikilvægt að menn haldi henni og tapi ekki niður þeirri þekkingu og þeirri reynslu og þar er búið að byggja upp.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir jákvæðar hugrenningar, jákvæð svör varðandi þessa atvinnugrein og þá möguleika sem þar eru. Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðmundar Steingrímssonar áðan að hér er um að ræða mikil tækifæri í nýsköpun í matvælaiðnaði og það eru sóknarfæri í þeirri þekkingu og tækni sem nýttar eru í þetta. Ég tel að það sé rétt sem hv. þingmaður sagði að við ættum að beita okkur fyrir því að hæstv. ríkisstjórn taki mál sem þetta inn í sinn mikla aðgerðapakka sem hlýtur að fara að líta dagsins ljós.

Ég vil líka í framhjáhlaupi taka undir með hæstv. ráðherra að það eru sóknarfæri í öðru eldi eins og bleikjueldi og er nauðsynlegt að við nýtum þá miklu þekkingu sem við eigum þar. Þar er mjög mikil reynsla. Við eigum þar mjög færa vísindamenn sem náð hafa miklum árangri. Við eigum að ýta undir rannsóknir og menntun á því sviði. Niðurstaðan eftir þessa stuttu umræðu er sú að það er vilji þeirra sem hér hafa talað að reyna að styðja við þorskeldi og reyna að efla það eftir bestu getu. Í fljótu bragði sýnist mér að það mætti gera m.a. með því að styrkja og standa betur við seiðaframleiðslu, seiðaeldi, mér skilst að þar sé helsti akkillesarhællinn, en einnig þarf að auka þann kvóta sem er í þorskeldinu.

[15:59]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir afar góða umræðu og hvatningu þingmanna í þessum efnum sem lýtur að eflingu matvælaframleiðslunnar og eflingu framleiðslugreinanna. Við þurfum svo sannarlega á því að halda núna að draga fram mikilvægi framleiðslugreinanna hvort sem er í sjávarútvegi eða í landbúnaði. Það er í gegnum framleiðslugreinarnar, eflingu þeirra sem við munum sækja fram við endurreisn efnahagslífsins á ný. Þetta eru innlendar auðlindir, þetta er innlend atvinna, þetta er innlend þekking sem við styðjumst þarna við til að framleiða hágæðavöru til útflutnings, til gjaldeyrisöflunar.

Ég mun að sjálfsögðu skoða þetta áfram innan þeirra marka. Við þekkjum umræðuna um fjárvöntun í samfélaginu en við horfum nú á þær greinar sem verið er að tala um. Það er líka sjálfsagt að gera úttekt og meta stöðuna, hvar við erum stödd í þorskeldinu, eins og hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson minntist á, og sjá hver hin raunverulegu sóknarfæri eru bæði til lengri og skemmri tíma í þeim efnum og það mun ég láta gera. En samtímis þurfum við að horfa til eldis á öðrum fisktegundum þar sem við búum líka yfir mikilli þekkingu, tækni og möguleikum til að ná enn þá skjótvirkari árangri. En við eigum að sækja á framleiðslugreinarnar og ég þakka fyrir mjög góða hvatningarumræðu í þeim efnum.

Umræðu lokið.

Vegaframkvæmdir á Vestfjörðum.

Fsp. GBS, 66. mál. — Þskj. 74.

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):

Virðulegi forseti. Hér erum við komin til þess að ræða við hæstv. samgönguráðherra um vegaframkvæmdir á Vestfjörðum. Af hverju er spurt sérstaklega um vegaframkvæmdir á Vestfjörðum? Eflaust væri hægt að tala í nokkra klukkutíma um það af hverju í ósköpunum menn ættu sérstaklega að spyrja um það. Við sem búum í því kjördæmi og erum að vinna fyrir fólkið í kjördæminu og þá um leið fólkið á Vestfjörðum eigum í miklum samskiptum við þetta ágæta fólk og þekkjum orðið á eigin skinni eða rassi, ef ég má orða það þannig, hvers konar vegir eru í okkar kjördæmi og ekki síst þarna vestur um. Í rauninni er alveg ótrúlegt að það skuli vera árið 2009 og við enn að keyra á vegum sem eru byggðir, að mér skilst, 1946 eða 1947. Mig minnir að elsti hluti ákveðins vegarkafla þarna sé frá þeim árum. Þess vegna er ekki óeðlilegt að við veltum fyrir okkur hvaða stefnu samgönguráðherra hefur varðandi vegaframkvæmdir á þessu svæði.

Við vitum að ríkisstjórnin er að velta fyrir sér að setja í gang ákveðnar framkvæmdir sem kallast stórframkvæmdir eða eitthvað slíkt. Ég hef heyrt af því og séð — hæstv. ráðherra getur vitanlega leiðrétt það — að uppi á borðinu sé eingöngu ein framkvæmd utan suðvesturhornsins sem telst stór og það eru Vaðlaheiðargöng. Því er mjög mikilvægt að vita, og fá með í þessum svörum væntanlega, hvort einhverjar framkvæmdir á Vestfjörðum teljist það stórar að þær geti fallið inn í þennan pakka.

Spurningin til ráðherra er svohljóðandi: Hvaða vegaframkvæmdir á Vestfjörðum telur ráðherra mikilvægastar og hvernig hyggst hann beita sér fyrir að hraða þeim? Þegar spurt er um hvernig hann hyggist beita sér fyrir að hraða þeim er vitanlega horft til þess hvort sá möguleiki sé fyrir hendi að eitthvað verði af þessum mjög svo brýnu og stóru framkvæmdum sem búið er að fresta vegna þenslu og svo vegna kreppu. Maður veit þá ekki hvenær á að fara í þessar framkvæmdir. Ráðamenn hljóta að hafa verið að bíða eftir einhvers konar status quo til þess að hægt sé að fara í framkvæmdir sem ekki er hægt að fara í vegna kreppu og ekki hægt að fara í vegna þenslu. Því er mjög mikilvægt að heyra hvernig hann hyggist beita sér fyrir því, hæstv. ráðherra, að þessar framkvæmdir komist á koppinn því að þær eru fjölmargar og allar brýnar.

[16:04]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir þá fyrirspurn sem hér er sett fram sem hljóðar svo: Hvaða vegaframkvæmdir á Vestfjörðum telur ráðherrann mikilvægastar og hvernig hyggst hann beita sér fyrir því að hraða þeim?

Mér dettur í hug, virðulegi forseti, hvort svarið geti ekki verið bara stutt og laggott: Allar þær framkvæmdir sem eru langt á eftir áætlun, vegir sem eru engan veginn boðlegir árið 2009. Það hef ég áður sagt og skal ítreka hér.

Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu hvers vegna það er eða af hverju svona hægt hefur gengið á Vestfjörðum. Það er allt annað mál og skulum við ekki fara að rifja það upp núna. Aðalatriðið er að vinna þarf bug á þeim hindrunum sem þarna eru og þeim vegum sem þarna eru sem eru alls ekki samboðnir fólki árið 2009.

Þessu má samt sem áður raða svolítið upp og taka stærri áfangana. Ég tel mikilvægast að leggja áherslu á eftirfarandi kafla:

1. Kaflann frá Flókalundi til Þingeyrar, Vestfjarðaveg nr. 60 um Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði, en segja má að það sé einn af örfáum vegarköflum af stofnvegum á landinu sem ekki er hægt að halda opnum á veturna.

2. Kaflann sem hefur yfirleitt verið nefndur Vestfjarðavegur um Gufudalssveit, þ.e. þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar, vegurinn ofan við Teigsskóg, til að tengja við Þorskafjörðinn og svo aftur við þann kafla sem lauk í fyrra. Það mál er hins vegar hjá Hæstarétti. Umhverfismatið var kært og það bíður Hæstaréttar. Kannski kemur betur að því á eftir í annarri fyrirspurn. Í það verk hefur ekki verið hægt að fara vegna þess að málið var kært, dómur féll í héraðsdómi og málinu var vísað til Hæstaréttar.

3. Kaflann um Kjálkafjörð og Kerlingarfjörð.

4. Tengingu Drangsness með bundnu slitlagi við Hólmavík. Það verk er reyndar í hönnun og undirbúningi.

Öll þessi verk eru í undirbúningi en ekki er hægt að segja til um hvenær eða hvernig þau vinnast. Til þess eru aðstæður í ríkisfjármálum of óljósar. En við komum betur að því á eftir í annarri fyrirspurn sem er frá öðrum þing-

manni úr þessu ágæta kjördæmi.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að í haust eða kannski fyrir verslunarmannahelgi lýkur framkvæmdum í Djúpinu, þ.e. Mjóafirði, þegar búið verður að steypa brúna og taka hana í notkun. Þá klárast líka, kannski eitthvað síðar, framkvæmdin við Arnkötludal. Þá fyrst, virðulegi forseti, haustið 2009 munu íbúar á norðanverðum Vestfjörðum geta keyrt á varanlegu slitlagi til Reykjavíkur. Það sýnir alvarleika málsins eins og ég hef áður sagt að það skuli vera haustið 2009 sem þetta loksins tekst.

Miðað við að allt gangi eftir verður þetta á hausti komanda. Bæði þau verk sem ég nefndi hér síðast eru töluvert á eftir áætlun vegna þess að ekki náðist að klára fyrra verkið með steypu í fyrrahaust og Arnkötludalurinn hefur tafist af öðrum ástæðum.

[16:08]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna því að hæstv. samgönguráðherra hefur ríkan skilning á þeim vandamálum sem blasa við í samgöngum á Vestfjörðum. Ég tek undir með honum, það er fagnaðarefni að nú verður hægt að keyra alla leið til Ísafjarðar á bundnu slitlagi. Það er vissulega nýbreytni og mikil framför en segir hins vegar sitt um stöðuna árið 2009.

Þetta mál snýst auðvitað um að það þarf að tengja Vestfirði innbyrðis, og þar nefnir hæstv. ráðherra réttilega Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði, og líka að tengja suðurfirði Vestfjarða einfaldlega við umheiminn með mannsæmandi vegi.

Ég saknaði þess dálítið að heyra engar tímasetningar í ræðu hæstv. ráðherra og vildi inna hann eftir þeim ef hann gæti nefnt einhverjar, (Forseti hringir.) t.d. varðandi Dýrafjarðargöng. Ég hef staðið í þeirri meiningu að þau séu á samgönguáætlun. Getur hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) kannski gefið einhverjar tímasetningar (Forseti hringir.) varðandi þau í ræðu sinni hér á eftir?

[16:09]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Forseti. Ég tek undir og fagna því að ráðherrann hafi miklar áhyggjur af samgöngumálum á Vestfjörðum. Er full ástæða til eins og við þekkjum öll hér inni.

En mig langar að spyrja um annað. Hann nefnir stóran kafla, talar um Flókalund til Dýrafjarðar. Ég tel mikilvægasta vegarkaflann sem menn þyrftu að komast út úr á Vestfjörðum þann að tengja suðurfirði Vestfjarða við umheiminn.

Því varpa ég því til ráðherra hvort hann væri hugsanlega tilbúinn að skoða það að setja einhver sérstök lög um að taka þessa vegarkafla út úr því dapurlega ferli sem þeir eru búnir að vera í í mjög langan tíma og ekki sér fyrir endann á. Manni finnst í raun og veru ekki metin mikils búsetuskilyrði fólksins, og aðrir hlutir þvælast fyrir. Er ráðherrann tilbúinn til að skoða það (Forseti hringir.) sérstaklega í ljósi sögu þessa máls?

[16:11]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti áminnir hv. þingmenn um að nota rétta titla, hvort sem um er að ræða að ráðherrar séu ávarpaðir hæstvirtir eða þingmenn háttvirtir.

[16:11]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa þakkað ráðherra fyrir upptalningu hans á framkvæmdum sem brýnt er að fara í á Vestfjörðum. Ég tek að sjálfsögðu undir það.

Ég spurði einnig: Hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hraða þessum framkvæmdum? Hann svaraði því reyndar ekki áðan. Ég geri ráð fyrir að það komi í lokaræðu hæstv. ráðherra. Því tengt held ég að það sé ágætt að hæstv. ráðherra upplýsi, þ.e. ef hann getur, hvort það komi til greina og hvort verið sé að ræða um t.d. Dýrafjarðargöng eða aðrar mjög stórar framkvæmdir á Vestfjörðum, sem eru mjög brýnar, í þeim pakka sem ríkisstjórnin er að velta fyrir sér að hrinda af stað. Það er rætt um að það eigi að fara í samgönguframkvæmdir, ef ég skil málið rétt, og því hlýtur að vera kjörið að ráðast í framkvæmdir sem hafa beðið áratugum saman og ýmist verið frestað út af þenslu eða kreppu.

Mig langar til að ráðherra skýri betur hvernig hann hyggst beita sér fyrir að hraða framkvæmdum og einnig hvort hann geti staðfest eða upplýst um það að á borði ríkisstjórnarinnar séu stórar framkvæmdir eins og þær sem hér hefur verið rætt um.

[16:12]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Enn verður forseti að minna hv. þingmenn á að nota rétta titla þegar ráðherrar eru ávarpaðir og nota ætíð hæstv. ráðherra og hv. þingmaður.

[16:13]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu vegna fyrirspurnar frá hv. þingmanni. Það hefur svo sem ekki neitt annað bæst við þetta nema að hv. þm. Ásbjörn Óttarsson spyr hvort ég geti beitt mér fyrir einhverjum sérstökum lögum til að flýta þessum framkvæmdum. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður eigi þá við lög um umhverfismat. Ég hygg að lög frá hæstv. samgönguráðherra muni ekki geta tekið þau út. Þetta er það ferli sem Alþingi hefur ákveðið. Svo getum við aftur haft skoðanir á því hvernig það gengur stundum fyrir sig.

Við áttum okkur á því að ekki alls fyrir löngu var felldur dómur um ákveðinn kafla á sunnanverðum Vestfjörðum. Vegagerðin kærði það strax og Vesturbyggð líka, að mér skilst. Og við þekkjum hvernig málin hafa gengið fyrir sig í Gufudalssveit. Þetta hefur allt tafið framkvæmdir, það er alveg ljóst.

Hv. þingmaður spyr líka hvernig ég hyggist hraða þessum framkvæmdum. Það kom skýrt fram í máli mínu að það er erfitt að gefa svoleiðis yfirlýsingar í dag miðað við stöðu ríkisfjármála og miðað við hvaða stöðu við erum í. Ég hygg

þó að áhersla mín hafi komið fram strax eftir áramót þegar fjárlög voru tilbúin, kafli á sunnanverðum Vestfjörðum, Kjálkafjörður/Vatnsfjörður, var það fyrsta sem boðið var út. Þar hefur verið gengið frá samningi við verktakann sem mun fara í þá framkvæmd.

Varðandi Dýrafjarðargöng er ekkert um þau að segja nema það sama og ég sagði áðan. Það er erfitt að skilgreina og segja til um hvenær hlutir fari í útboð vegna þess að við þurfum að sjá fjárlög og beinagrindina að fjárlögum fyrir öll þau ár sem við erum að tala um í ríkisfjármálum sem við þurfum að setja niður vegna þeirrar stöðu sem þjóðarbúið er í.

Umræðu lokið.

Verkefnastaða í vegaframkvæmdum á Vestfjarðavegi 60.

Fsp. ÓÞ, 68. mál. — Þskj. 79.

[16:15]

Fyrirspyrjandi (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til samgönguráðherra hver sé verkefnastaða í vegaframkvæmdum á Vestfjarðavegi 60. Fyrirspurnin er í fjórum liðum:

1. Hvað líður framkvæmdum þeim sem boðnar hafa verið út á kafla Vestfjarðavegar 60, frá Vatnsfirði að Þverá í Kjálkafirði?

2. Hver er staðan varðandi veginn fyrir Kjálkafjörð og Mjóafjörð í Kerlingarfirði (þverun þessara fjarða að hluta) og inn fyrir Eiðið í Vattarfjörð, sem nú er að fara í umhverfismat, og hvenær má vænta þess að sú framkvæmd verði boðin út?

3. Hvað líður málarekstri og umhverfismati vegna leiðarinnar um Skálanes, fyrir Gufufjörð og Djúpafjörð í Hallsteinsnes og inn Þorskafjörð (um eða ofan við Teigsskóg)?

4. Hvað líður undirbúningi að þverun Þorskafjarðar?

Ástæða fyrirspurnarinnar kom m.a. fram í umræðunni sem átti sér stað hér rétt áðan, þ.e. ófremdarástand það sem árum og áratugum saman hefur viðgengist í vegamálum á sunnanverðum Vestfjörðum. Þeir vegakaflar sem hér er spurt um tilheyra allir veginum sem í reynd er eina leiðin út úr fjórðungnum fyrir íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum, þ.e. tenging þeirra við landið. Þessi hluti vegakerfisins hefur aldrei verið endanlega frágenginn, hann hefur t.d. ekki enn fengið bundið slitlag. Nú hafa ofan á annað bæst við skakkaföll í formi málaferla og annarra erfiðleika sem eru með þvílíkum ólíkindum að það hvarflar helst að manni að þessi vegakafli sé í álögum, þarna séu huldar vættir að verki.

Svo einfalt er það sjálfsagt ekki og til að skýra málið og átta sig betur á því hver staðan er beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra og vænti þess að við getum átt hér svolitla umræðu um þetta í framhaldinu.

[16:18]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Sú fyrirspurn sem hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir hefur borið fram um Vestfjarðaveg 60 er í fjórum liðum eins og hér kom fram. Ég skal reyna að fara yfir allar spurningarnar.

Fyrst er spurt:

„Hvað líður framkvæmdum þeim sem boðnar hafa verið út á kafla Vestfjarðavegar 60 frá Vatnsfirði að Þverá í Kjálkafirði?“

Framkvæmdir eiga að hefjast í kringum miðjan júní. Búið er að semja við verktaka og alla landeigendur nema eigendur Auðshaugs. Það mál er fyrir matsnefnd eignarnámsbóta en eigendur hafa fallist á að heimila umráð landsins.

Í öðru lagi er spurt:

„Hver er staðan varðandi veginn fyrir Kjálkafjörð og Mjóafjörð í Kerlingarfirði (þverun þessara fjarða að hluta) og inn fyrir Eiðið í Vattarfjörð, sem nú er að fara í umhverfismat, og hvenær má vænta þess að sú framkvæmd verði boðin út?“

Svar við þessari spurningu er eftirfarandi: Niðurstaða Skipulagsstofnunar hefur verið kærð til umhverfisráðherra. Engu að síður er undirbúningur að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafinn. Gert er ráð fyrir að niðurstöður matsins geti legið fyrir fyrri hluta ársins 2010.

Þriðja spurningin hljóðar svo, virðulegi forseti:

„Hvað líður málarekstri og umhverfismati vegna leiðarinnar um Skálanes, fyrir Gufufjörð og Djúpafjörð í Hallsteinsnes og inn Þorskafjörð (um eða ofan við Teigsskóg)?“

Mati á umhverfisáhrifum þessara framkvæmda lauk með úrskurði umhverfisráðherra sem féllst á umræddа framkvæmd. Ágreiningur vegna úrskurðar umhverfisráðherra er nú til meðferðar fyrir Hæstarétti. Málflutningur er á dagskrá réttarins áætlaður þann 25. september nk. Miðað við það má ætla að dómur liggi fyrir ekki síðar en í október nk.

Fjórða og síðasta spurningin hljóðar svo:

„Hvað líður undirbúningi að þverun Þorskafjarðar?“

Við mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar milli Bjarkarlundar og Eyrar segir svo í frummatsskýrslu um áfangann:

„Báðar þær leiðir, þ.e. leiðirnar fyrir Þorskafjörð og yfir Þorskafjörð, teljast umferðartæknilega góðar og á þeim er ekki teljandi munur hvað það snertir. Munurinn liggur í kostnaði og lengd. Vegagerðin leggur til að ekki verði ráðist í þverun fjarðarins að sinni enda er engin arðsemi af þeirri framkvæmd miðað við núverandi umferð. Þetta kann hins vegar að breytast með vaxandi umferð, m.a. vegna betri vega á þessari leið. Þetta mun þó taka töluverðan tíma þar sem umferðin þyrfti að tvöfaldast til að þverun fjarðarins yrði arðsöm. Lagt er til að bundið slitlag verði lagt á þann hluta vegarins við Þorskafjörð sem nú er með malarslitlag og einbreitt slitlag verði breikkað. Ekki verði að sinni byggð ný brú í fjarðarbotninum og leiðarvalið endurskoðað áður en að því komi.“

Tilvitnun í þetta mat á umhverfisáhrifum eða þessa frummatsskýrslu er hér lokið og ég tek skýrt fram að þetta er lestur úr þeirri skýrslu.

Virðulegi forseti. Þess má geta að fyrra lag klæðningar á Vestfjarðavegi á umræddu svæði í Þorskafirði var lagt í þessari viku og breikkun einbreiða hlutans lauk árið 2007. Þetta var ein af þeim framkvæmdum sem þáverandi hæstv.

ríkisstjórn setti í flýtiframkvæmd 10. júlí 2007 og þessu verki er sem sagt að ljúka.

Ég vil aðeins bæta því við, vegna þess að það kom ekki fram í umræðunni hér áðan, að árið 2008 var unnið fyrir 2,8 milljarða kr. á Vestfjörðum. Árið 2009, í ár, er áætlað að vinna fyrir í kringum 2 milljarða kr. á þessu svæði og eins og ég hef áður sagt og getið um hér með Djúpið verður það sérstakt fagnaðarefni í október eða nóvember í haust þegar hægt verður að keyra í fyrsta skipti á varanlegu slitlagi frá norðanverðum Vestfjörðum.

[16:21]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin, en það sem kemur fram í svörum hans er einmitt það sem við erum að benda hér á, þingmenn kjördæmisins. Fjórar spurningar liggja fyrir hæstv. ráðherra.

Fyrstu spurningunni svarar hann á þann hátt að það sé í lagi — tvær hinar stóru framkvæmdir, búið er að kæra þær báðar og það er í ferli. Síðan kemur kunnuglegt svar frá Vegagerðinni um hagkvæmni þess að ekki þurfi að þvera Þorskafjörð vegna þess að þar sé svo lítil umferð. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að það getur engin umferð orðið á þessum vegum, það mun engin umferð verða fyrr en það eru komnir vegir þannig að þetta dæmir sig sjálft.

Ég ítreka það að ég held að menn ættu að grípa til einhverra almennilegra ráða áður en samfélögunum blæðir endanlega út á þessum stöðum.

[16:23]

Fyrirspyrjandi (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir þau svör sem hér hafa verið gefin. Þau vekja manni ekki mikla von um að mikið gerist alveg á næstunni en þó svolitla von um að úr rætist að einhverju leyti.

Eins og við vitum hafa Vestfirðingar þurft að búa við áratuga vanrækslu samgönguyfirvalda varðandi samgöngur innan svæðisins og þá sérstaklega á þessum umræddu hluta vegakerfisins og þetta er auðvitað ekki boðlegt lengur. Þetta er, eins og hér hefur komið fram, farið að standa atvinnu- og búskaparháttum byggðarlagsins alvarlega fyrir þrifum. Leiðin suður um, sem ég hef nú spurt um, er einn vandi, annar vandi er vegurinn um Dynjandisheiði, sem er ófær stærstan hluta ársins, og bíður þess að verða byggður upp sem heilsársvegur til að taka við af fyrirhuguðum jarðgöngum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Sá vegur er ekki inni á neinum áætlunum og úr því þarf líka að bæta.

Hæstv. samgönguráðherra hefur sýnt það í verki, þann stutta tíma sem hann hefur verið með þennan málaflokk, þ.e. rúm tvö ár, að hann hefur vilja til að bæta fyrir ýmsar vanrækslusyndir forvera sinna og Vestfirðingar hafa notið góðs af því. Nú skora ég á hæstv. samgönguráðherra að gera allt sem í hans valdi stendur til að bjarga því sem bjargað verður í vegamálum á sunnanverðum Vestfjörðum því að við óbreytt ástand verður ekki unað lengur. Það blasir við.

[16:25]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Sem viðbót við þetta vil ég geta þess að þverun Þorskafjarðar — vegna þess að sá misskilningur hefur verið á ferðinni að þverun Þorskafjarðar hafi verið inni á samgönguáætlun, þar með löngu áætluninni sem var ekki samþykkt. Ég vil taka það skýrt fram að þverun Þorskafjarðar var aldrei inni á áætlun, ekki með eina einustu krónu á þeirri áætlun sem ég tók við, þannig að það sé alveg klárt. Hún fór hins vegar í gegnum umhverfismatið.

Ég þakka fyrir þessa umræðu en það þarf ekkert að brýna mig á því sem þarf að gera á Vestfjörðum eins og áður hefur komið fram. Ég sýndi það með fyrsta útboðinu — nú á næstu dögum hefjast vonandi framkvæmdir við kafla upp á 15 kílómetra. Verktakinn er Ingilaugur Jónsson ehf. Síðan er það kaflinn aftur í Gufudalssveit, 24 kílómetrar, sem er búinn að bíða allt of lengi, bíða þess að fara alla þessa leið í gegnum dómskerfið og þar voru peningar til. Þetta eru bara staðreyndirnar í þessu. Þetta eru þau lög sem hafa verið sett og eftir þeim þurfum við að fara.

Hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir fyrirspyrjandi nefndi hér Dynjandisheiðina en í því sambandi vil ég geta þess að Vegagerðin hefur skoðað það mál og skoðað þá valkosti sem fyrir eru, valkostirnir eru einfaldlega þessir:

Hægt er að gera þarna jarðgöng, um 12 km, og mundu þau kosta í kringum 14 til 15 milljarða kr. Vegagerðin telur hins vegar að hægt sé að byggja mjög góðan veg yfir heiðina og það kosti í kringum 4 milljarða kr. Þetta eru hlutir sem voru m.a. til umræðu á ágætum fundi mínum í síðustu viku með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og samgöngunefnd þar sem farið var yfir þessa þætti. Það er mikilvægt að halda því áfram og mun ég reyna að sjá um að það verði gert.

Umræðu lokið.

Malarvegurinn fyrir Melrakkasléttu.

Fsp. SER, 76. mál. — Þskj. 88.

[16:27]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Frú forseti. Það standa mörg spjót á hæstv. samgönguráðherra sem von er. Samgöngubætur snúast hreinlega um lífskjarabætur og eru í reynd mannréttindamál. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvers vegna samgöngumál fjærst höfuðborg Íslands, Reykjavík, í norðvestrinu, í norðaustrinu og suðaustrinu eru einmitt verst stödd. Er það tilviljun eða er eitthvert samhengi þar á milli?

Það er stórt orð, „þjóðvegur“, og þegar við landsmenn og erlendir ferðamenn, ef svo ber undir, förum um suma vegi hljótum við að spyrja okkur: Er komin ný öld eða erum við enn þá á þeirri síðustu og jafnvel þeirri þarsíðustu?

Þegar ekið er stofnveg, þjóðveg fyrir Melrakkasléttu finnst mér ég vera að fara reiðveg. Það er með hreinum ólíkindum að fólk í þessum landsfjórðungi, fólk sem býr og hefur búið mann fram af manni á Melrakkasléttu, hvort heldur er í dreifðum sveitum eða á Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, svo ég nefni helstu þéttbýlisstaðina á þessu

svæði, skuli hafa sýnt þá biðlund og þá þolinmæði í samgöngumálum sem raun ber vitni. Þessi vegur er að mínu viti einhver sá versti sem þekkist á Íslandi en heitir engu að síður þjóðvegur.

Enn og aftur vek ég athygli á þessu, frú forseti: Er það tilviljun að vegirnir fjærst höfuðborginni í norðvestri, í norðaustri og í suðaustri eru þeir verstu hér á landi? Er eitthvert samasemmerki þarna á milli? Ég spyr hæstv. samgönguráðherra fyrir hönd svo margra sem fara þennan veg á hverjum degi: Er fyrirhugað að gera endurbætur á malarveginum fyrir Melrakkasléttu, ef veg skyldi kalla?

[16:30]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni fyrir þá fyrirspurn sem hér er sett fram þar sem borin er umhyggja fyrir malarveginum fyrir Melrakkasléttu og þeim sem þar um fara.

Á samgönguáætlun eru engar fjárveitingar til norðausturvegar fyrir Melrakkasléttu, Kópasker og Raufarhöfn. En hins vegar verður unnið að reglubundnu viðhaldi á umræddum kafla og á kaflanum frá Raufarhöfn að Hálsum og ekið í unnið malarslitlagsefni sem er til staðar en það er í kringum 1.600 m³.

Hv. þingmaður sagði að þennan veg gæti maður varla kallað veg og má alveg taka undir það. Við ræddum hér um vegi á sunnanverðum Vestfjörðum og ég hef sagt það áður og skal endurtaka það, virðulegi forseti, að það eru sennilega verstu vegir á Íslandi af þéttbýlisstöðum.

Þótt svarið varðandi veginn um Melrakkasléttu hafi verið eins og það var er samt sem áður verið að gera mjög mikið á þessu svæði. Eru það þá fyrst framkvæmdir um svokallaða Hófaskarðsleið eða veg 85 þar sem verklok eru áætluð 1. nóvember nú í haust.

Í öðru lagi er kafli sem boðinn var út og eru verklok áætluð á þessu hausti. Það er vegarkafli sem heitir Fremri Háls/Sævarland. Þá er það þriðji kaflinn í þeim stórkostlegu vegarbótum sem loksins er verið að gera á þessu svæði, þ.e. Raufarhafnarvegur, vegur 874, frá Hófaskarðsleið að Raufarhafnarflugvelli, um 14 kílómetra langur. Þar voru tilboð opnuð 15. apríl síðastliðinn og kom um 60% tilboð í verktakakostnað. Þar á lagningu slitlags að vera lokið 15. ágúst á næsta ári og vegkaflanum að fullu lokið 1. október 2010.

Virðulegi forseti. Það gera sér kannski ekki allir grein fyrir hvað verið er að gera þarna en loksins er sá áfangi að nást að vegurinn til Raufarhafnar og Þórshafnar verði kominn með varanlegt slitlag og í nútímalegt vegarsamband eins og við stefnum að að verði á sunnanverðum Vestfjörðum.

Þetta eru þær áherslur sem unnið hefur verið eftir og þess vegna var Raufarhafnarvegurinn boðinn út, við vildum koma með tengingu sem átti að vera til Raufarhafnar en þá verður komið nútímalegt vegarsamband þangað.

Vegabætur til Raufarhafnar hafa staðið lengi og ég minnist þess er fyrrverandi sveitarstjórnarmaður á Raufarhöfn las fyrir mig fyrir síðustu kosningar ályktun frá Raufarhafnarhreppi sem var 25 eða 30 ára gömul og það virtist vera að ekkert hefði gerst í samgöngumálum þar á þeim langa tíma.

Við þetta mun vegalengdin styttast mjög. Leiðin frá Reykjavík til Raufarhafnar er í kringum 630 kílómetra löng núna, þ.e. ef farið er um Hvalfjarðargöng, Borgarfjarðarbrú, Holtavörðuheiði, Vatnsskarð, Öxnadalsheiði, Víkurskarð og Tjörnes — ég vona að ég gleymi nú engu. Á milli Kópaskers og Raufarhafnar eru um 54 kílómetrar og sú vegtenging sem ég hef talað um, þ.e. Raufarhafnarleiðin, mun stytta leiðina að mig minnir um 20 kílómetra.

Virðulegi forseti. Þetta er svar við fyrirspurn hv. þingmanns um þetta landsvæði. Ég vildi óska þess að ég gæti veitt álíka svar við því sem við vorum að ræða áðan, þ.e. sett inn tímasetningar. En þarna hefur það tekist að setja þessi verk í gang vegna þess að þau hafa verið komin með heimild og farið í gegnum allan ferilinn þó að þar sé — ég tek það skýrt fram — við ákveðið vandamál að etja núna, þ.e. tenginguna við þjóðveg 85, þegar Hófaskarðsleiðin kemur niður á þjóðveginn rétt sunnan við Kópasker. Um það féll dómur í deilumáli í Hæstarétti ekki alls fyrir löngu þar sem Vegagerðin var dæmd frá því að fara þá leið sem hún ætlaði að fara og þarf því að finna sér nýja leið. Ég vonast til þess að það takist í viðræðum sem eiga sér stað um þessar mundir.

[16:35]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ágætt svar en ég vil halda því til haga sem ég nefndi áðan að biðlund fólks eftir almennilegum samgöngum víða úti á landi er með ólíkindum. Samgöngur snúast, eins og ég gat um áðan, um lífskjarabætur og einföld og klár mannréttindi.

Ég leiði hugann að því sem mikilvægt er í þessu efni þegar við stöndum frammi fyrir mjög erfiðum niðurskurði á ríkisútgjöldum, hvort það verði niðurstaðan að þeir landshlutar sem búa við einna verstu samgöngur á landinu muni verða harðast úti þegar kemur til boðaðs niðurskurðar á samgöngumálum. Mig langar því að fá það á hreint frá hæstv. samgönguráðherra hvort hann muni ekki sjá til þess að einkum verði horft til þeirra svæða sem þurfa helst á mannsæmandi þjónustu að halda hvað vegamál snertir og þeim hlíft þegar kemur að boðuðum niðurskurði í vegaframkvæmdum.

[16:37]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Síðasta ár, árið 2008, var mesta framkvæmdaár á Íslandi í vegagerð og árið í ár er það næstmesta. En auðvitað er þeim sem hér stendur og þeim sem í þessum sal eiga að sitja, öllum 63 þingmönnum þjóðarinnar, kunnugt um þá erfiðleika og þau vandamál sem við er að etja í ríkisfjármálum eftir efnahagshrunið á síðasta ári. Það mun koma til einhvers niðurskurðar í samgönguframkvæmdum alveg eins og í öllu öðru hjá hinu opinbera.

Af því að hv. þingmaður ræðir um þau svæði sem hvað verst eru stödd í samgöngumálum má benda á að við niðurskurð þorskaflaheimilda árið 2007 tók þáverandi ríkisstjórn ákvörðun um að gefa í í samgönguframkvæmdum, að setja af stað svokallaðar flýtiframkvæmdir í landsbyggðarkjördæmunum þremur og eftir því hefur verið unnið. Það eru þau verk sem eru í gangi núna og mörgum þeirra er að ljúka á þessu ári.

Síðan verður að koma í ljós hver forgangsröðunin er. Hv. þingmaður kemur úr landsbyggðarkjördæmi og talar um samgöngur úti á landi og síðan koma höfuðborgarþingmenn og tala um samgöngumál hér á höfuðborgarsvæðinu sem snúa meira að umferðaröryggi og öðru slíku.

Ég hef stundum sagt, virðulegi forseti, að þarfirnar eru oft gjörólíkar. Úti á landi er á mörgum stöðum spurning um hvort menn komist frá A til B, hvort það er fært yfir höfuð. Ég tek oft Vopnafjörð sem dæmi en þar þurfa íbúar að búa við þungatakmarkanir og gert það alla tíð þar sem þeir koma ekki fiskafurðum sínum í burtu. En hér á höfuðborgarsvæðinu er það spurning um á hvað mörgum mínútum menn komast frá A til B og hvort þeir komist á öruggan hátt eða þurfi að sitja í biðröðum í umferðartöfum á morgnana og í síðdegisumferðinni sem er líka þjóðhagslega (Forseti hringir.) mjög óhagkvæmt. Virðulegi forseti. Það verður verkefni okkar alþingismanna (Forseti hringir.) að sigla þann góða meðalveg sem þarf í þessu eins og svo mörgu öðru.

Umræðu lokið.

[16:39]

Útbýting:

Heilbrigðisstarfsmenn, 113. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 142.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 100. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 129.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 101. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 130.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 102. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 131.

Hvalir, 112. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 141.

Kynningarstarf vegna hvalveiða, 97. mál, fsp. HHj, þskj. 123.

Mat nýju bankanna á eignasafni þeirra, 115. mál, fsp. EyH, þskj. 144.

Björgunarbúningar og öryggisfræðsla sjómanna.

Fsp. ÁsbÓ, 84. mál. — Þskj. 96.

[16:40]

Fyrirspyrjandi (Ásbjörn Óttarsson) (S):

Frú forseti. Ég beini hér tveimur fyrirspurnum til hæstv. samgönguráðherra. Annars vegar um björgunarbúninga og hins vegar um eftirlit með öryggisfræðslu sjómanna.

Það eru liðin 22 ár frá því að menn settu reglur um það að björgunarbúningar yrðu settir í skip yfir tólf metrum. Það var gert árið 1987 og vil ég, með leyfi forseta, fá að lesa úr nokkuð merku blaði sem heitir *Til sjávar* , sem er fréttablað Siglingastofnunar og síðasta tölublað er helgað slysavörnum úti á sjó:

„Þann 22. maí 1993 var Andvari VE 100 að veiðum með botnvörpu í Reynisdýpi. Veður var vaxandi að austan og þungur sjór. Þegar hífa skyldi inn trollið festist það í botni með þeim afleiðingum að sjór komst í fiskmóttöku, spilrými og millidekk. Skipið fékk á sig slagsíðu sem jókst stöðugt svo skipverjar sáu sitt óvænna og klæddust björgunarbúningum. Einn skipverja hugðist sjósetja gúmmíbjörgunarbát en ekki gafst tími til þess áður þar sem skipið lagðist á hliðina og sökk mjög snögglega. Skipstjóri náði sambandi við Smáey VE sem var að veiðum skammt frá og setti strax stefnuna á slysstað. Allir skipverjar Andvara lentu í sjónum en eftir tæplega hálftíma volk náði áhöfnin á Smáey að bjarga þeim öllum um borð. Hefðu björgunarbúningar ekki verið komnir til sögunnar hefði varla þurft að spyrja að leikslokum.“

Þetta undirstrikar hversu mikilvægt það er að menn setji sams konar reglur fyrir báta undir tólf metrum. Og í ljósi þess að fara á að samþykkja hér ný lög um strandveiðar á Alþingi tel ég mjög mikilvægt að menn komi þessum máli áfram.

Seinni spurningin mín varðar líka öryggisatriði sjómanna eða eftirlit með þeim en bátum undir tólf metrum er ekki skylt að hafa lögskráningu og forsvarsmenn smábátafélagsins hafa sett sig upp á móti því og finnst það þunglamalegt. Þá velti ég því upp við hæstv. samgönguráðherra að í dag eru menn skyldugir til þess að tryggja áhöfnina. Væri þá hugsanlega hægt að gera það með þeim hætti að menn tilkynni um kennitölur þannig að hægt væri að hafa einhvers konar eftirlit með því hvort þeir sem stunda sjó á bátum undir tólf metrum hafi lokið öryggisfræðslu? Það hefur margoft komið fram hjá þeim mönnum sem lent hafa í sjávarháska að þeir þakka oft lífgjöfina að hafa farið í Slysavarnaskóla sjómanna, það hafi skilið milli feigs og ófeigs.

[16:43]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Fyrri spurning hv. þm. Ásbjörns Óttarssonar hljóðar svo: Hvað finnst ráðherra um að ekki er skylt að hafa björgunarbúninga í bátum styttri en tólf metrar og stendur til að breyta reglunum um það?

Siglingastofnun Íslands lagði fram í lok árs 2004 tillögu til samgönguráðuneytisins um breytingu á reglum númer 189/1994, sem kváðu á um að hvert skip, tólf metrar að lengd og lengri, og bátar undir tólf metrum sem notaðir eru í atvinnuskyni skyldu búnir björgunarbúningum fyrir alla skipverja. Tillagan hafði þá fengið umfjöllun í Siglingaráði og verið samþykkt þar en ekki samhljóða. Landssamband smábátaeigenda setti sig á móti slíkri skyldu.

Á meðal þeirra atriða sem þóttu mæla með að hafa björgunarbúninga um borð voru þau að slíkir búningar væru þegar um borð í fjölda báta, að þeir væru mun öflugri öryggistæki en flotvinnugallar og ekki yrði um auknar skoðunarkröfur að ræða. Á hinn bóginn komu fram nokkur sjónarmið gegn þessari skyldu. Björgunarbúningar þóttu t.d. rýra öryggi því að augnablikshik um hvort fara ætti í björgunarbát eða björgunarbúning gæti skipt sköpum og að tíminn sem það tæki að klæðast björgunarbúningi væri of langur.

Þá komu einnig fram atriði eins og plássleysi væri þegar það mikið að ekki væri heppilegt að bæta við búnaði fyrir björgunarbúninga auk þess sem kostnaður við þá væri of mikill. Þá var bent á að fræðsla væri betri aðferð í þessu efni en skylda. Að lokum var fallið frá því að gera það að skyldu að hafa björgunarbúning um borð. Það var gert af

þáverandi samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssyni.

Síðari spurning hv. þingmanns hljóðar svo: Finnst ráðherra ástæða til að taka upp einhvers konar eftirlit með því hvaða sjómenn á bátum styttri en tólf metrar hafi lokið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna?

Lög gera ráð fyrir því að allir sem starfa á fiskiskipum sem eru lögskráningarskyld gangist undir öryggisfræðslu sjómanna samanber reglugerð um lögskráningu sjómanna nr. 880 frá 2001, með síðari breytingum. Eftirlit með því er í gegnum lögskráningarkerfi sjómanna. Ekki er hægt að lögskrá þann sem ekki er með skráð öryggisnámskeið í kerfinu eða hefur skráð sig og fengið frest Siglingastofnunar.

Segja má að með því að leggja fram frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna á síðasta þingi þar sem m.a. var lagt til að öll fiskiskip yrðu lögskráningarskyld hafi sá ráðherra sem hér stendur verið að leggja til að eftirlit yrði haft með því að sjómenn á bátum styttri en tólf metrar hafi lokið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna. Frumvarpið náði hins vegar ekki fram að ganga en er til athugunar að leggja það fram á ný á komandi hausti.

[16:46]

Fyrirspyrjandi (Ásbjörn Óttarsson) (S):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra skýr og góð svör. Ég held að ég hafi heyrt það rétt að hæstv. ráðherra hyggist breyta reglum um björgunarbúninga á bátum undir 12 metrum. Ég fagna því og mun styðja hann í að leggja fram frumvarp sem kveður á um lögskráningu sjómanna þannig að hægt sé að fylgjast með því hvort menn hafa lokið Slysavarnaskóla sjómanna, öryggisgæslu þar.

Hæstv. samgönguráðherra las upp úr fundargerð Siglingaráðs, sem er reyndar ráðgefandi fyrir hæstv. samgönguráðherra hvað varðar öryggismál sjómanna, og reifaði ýmislegt sem kom fram þar sem menn voru að benda á að þeir teldu ekki æskilegt að hafa björgunarbúninga í skipum undir 12 metrum. Ég sagði á þeim fundi, og ég ætla að ítreka það hér, að ef bátar hafa ekki pláss til að hafa björgunarbúninga um borð sé spurning hvort þeir eigi yfir höfuð að vera á sjó. Ekki er um það deilt að þessir búningar hafa bjargað mannslífum og það er gríðarlega mikilvægt að menn gefi ekki eftir í því. Síðasta ár var fyrsta ár í sögu lýðveldisins sem enginn sjómaður lést við skyldustörf. Ég tel gríðarlega mikilvægt að við sláum ekkert af í sambandi við öryggismál sjómanna.

Ég vil að lokum þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir skýr og greinargóð svör og góð viðbrögð við þessum fyrirspurnum. Ég heiti því að styðja hæstv. ráðherra í að ráða þar bót á málum.

[16:48]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil á ný þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál upp. Ef ég hef heyrt rétt, að hann hafi þakkað mér fyrir það svar að ég ætli að setja björgunarbúninga í þessa báta, þá hefur hann aðeins oftúlkað svar mitt. Mér finnst þessi fyrirspurn hins vegar mjög merkileg og það sem hér er sett fram og það mál sem ég hef kynnt mér vegna þess að ég sé á hverju þetta hefur strandað á sínum tíma. Hv. þingmaður var í siglingaráði á þessum tíma og ég hef lesið þær fundargerðir sem þar voru skráðar en þetta er atriði sem við þurfum að taka upp núna.

Ég hef kynnt mér það, virðulegi forseti, að 20% báta, þ.e. 100 bátum af u.þ.b. 500 smábátum af þessari stærð, eru björgunarbúningar um borð. Hér sé ég líka að talað er um kostnað í andmælum gegn þessu. Ég hef kynnt mér það að viðurkenndur búningur, þurrbúningur samkvæmt Evrópusolasstaðli, kostar í kringum 100 þús. kr. í dag. Þessi atriði finnast mér ekki vera mótrök gegn því að taka upp þennan sjálfsagða búnað þannig að ég mun skoða þetta mál vel og heyri það að ég á stuðning fyrir því ef við förum þessa leið. Að mig minnir situr hv. þingmaður í hv. samgöngunefnd en það var auðvitað mjög ánægjulegt það sem gerðist á síðasta ári, þ.e. að enginn sjómaður lést við skyldustörf, var það í fyrsta skipti en vonandi ekki það síðasta.

Umræðu lokið.

Háskólasetur á Ísafirði.

Fsp. GBS, 63. mál. — Þskj. 71.

[16:50]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):

Virðulegi forseti. Þetta mál er eitt af þessum stóru og mikilvægu byggðamálum og það er mjög mikilvægt að skýr svör séu gefin og sagt skýrt frá hvernig þróunin verður. Ástæðan fyrir því að ég spyr um þetta núna er sú að það er ljóst að mikil eftirspurn er eftir því að auka vægi menntunar í landinu. Æ fleiri vilja fara í nám og aðstæður eru vitanlega þannig að gefa þarf sem flestum kost á því að sækja nám. Því eru tækifæri til að efla þær stofnanir út um allt land sem sinna kennslu og ekki síst á háskólastigi. Ég reikna því með því í fyrirspurninni að það sé vilji stjórnvalda nú sem fyrr að standa að uppbyggingu háskólasetursins á Ísafirði. Því er í rauninni verið að spyrja um stefnu. Það er í sjálfu sér ekki verið að kalla eftir einhverjum töfralausnum eða galdralausnum.

Spurt er: Hvernig hyggst ráðherra standa að uppbyggingu háskólasetursins á Ísafirði?

Ég efast ekki um að ráðherra fari létt með að svara þessari spurningu en hins vegar snýst það svolítið um það hvort þessar háskólastofnanir og setur sem eru víða um land falli ekki vel að þeim hugmyndum og þeim ræðum sem hafa verið haldnar af hálfu ríkisvaldsins, að stuðla beri að og efla menntun.

Háskólasetur Vestfjarða var stofnað árið 2005 af 40 aðilum og þar á meðal öllum háskólum landsins ef ég hef tekið rétt eftir. Þetta er vitanlega frekar ung háskólastofnun. Hún er í umhverfi sem er mjög vinsamlegt og gjöfult til að eflast í og dafna í nánum tengslum við atvinnulíf, opinberar stofnanir og rannsóknastofnanir. Þessi ágæta stofnun, eða þetta ágæta háskólasetur, hefur því alla burði til að verða enn stærra og mikilvægara í menntakerfi okkar. Því ákvað ég að orða þessa spurningu með þessum hætti því að það er mjög mikilvægt að við sendum út þau skilaboð að við viljum efla þær menntastofnanir eða þá menntun sem við get-

um staðið við bakið á í dag. Spurningin er því einfaldlega þessi: Hvernig hyggst hæstv. ráðherra standa að þessu?

[16:53]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni fyrir fyrirspurnina um Háskólasetur Vestfjarða. Eins og hv. þingmaður kom réttilega inn á er hér um að ræða sjálfseignarstofnun sem að standa um það bil 40 aðilar, háskólar, atvinnulíf, opinberir aðilar, og háskólasetrið hefur virkað sem tengiliður milli þessa svæðis, Vestfjarða, og háskólans með því að sjá um fjarnám, með því að auglýsa Vestfirði sem áhugasvæði fyrir rannsóknir, halda ýmis námskeið og stunda ýmsa fjölbreytta starfsemi.

Ef ég leyfi mér aðeins að líta aftur í tímann til þeirrar uppbyggingar sem þegar hefur verið á þessu setri þá undirrituðu menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti samning vegna þróunarverkefnis um rekstur á Háskólasetri Vestfjarða árið 2006 og hann gildir til ársloka 2010. Á fjárlögum 2008 voru, með hliðsjón af skýrslu nefndarinnar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum, veittar 20 millj. kr. til viðbótar til að efla starfsemi setursins og heildarframlag menntamálaráðuneytis vegna þessa á fjárlögum árið 2009 nemur 78,1 millj. kr. auk 23,6 millj. kr. framlags frá iðnaðarráðuneyti.

Vegna mótvægisaðgerða vegna minnkaðra þorskheimilda var gerður tímabundinn samningur um frumgreinanám við háskólasetrið árið 2008. Þar var um að ræða þríhliða samning milli háskólasetursins, menntamálaráðuneytis og Háskólans í Reykjavík. Fjárveitingar til þessa á árunum 2008 og 2009 nema 56,4 millj. kr., þar af 28 millj. kr. fyrir árið 2009.

Árið 2008 var líka gerður samningur um meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun með þríhliða samningi milli háskólasetursins, menntamálaráðuneytisins og Háskólans á Akureyri en þar eru gerðar kröfur um ábyrgð háskóla sem hlotið hafa viðurkenningu á fræðasviðinu og ber Háskólinn á Akureyri ábyrgð á því að námið uppfylli gæða- og námskröfur á grundvelli laga um háskóla. Þessi samningur gildir út árið 2009 en áformað er að hann verði framlengdur, enda þykir einstaklega vel hafa tekist til með þetta nám og þar hefur verið mikil ásókn. Þetta er auðvitað ein af þeim greinum þar sem við Íslendingar ættum að geta lagt eitthvað fram til alþjóðasamfélagsins. Þarna koma bæði erlendir nemar og kennarar og þarna stunda Íslendingar líka nám og íslenskir fræðimenn miðla af þekkingu sinni. Við teljum að þetta sé til marks um það þegar einkar vel tekst til að hafa slíka starfsemi úti á landi, í nánu nágrenni við hafið, við sjálfa auðlindina.

Af því að hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson spyr um stefnuna almennt þá held ég að háskólasetrin hafi reynst okkur mjög gjöful á undanförnum árum. Litlar stofnanir um land allt hafa reynst byggðarlögunum mjög mikilvægur vaxtarsproti. Þar hafa myndast aðstæður fyrir háskólamenntað fólk til að starfa og mjög oft myndast afleidd störf í kringum þessi háskólasetur. Þau starfa mjög oft með öðrum aðilum, atvinnuþróunarfélögum, og í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar, framhaldsskóla og eftir atvikum aðra aðila, fyrirtæki í viðkomandi byggðarlagi. Þarna myndast oft ákveðinn miðpunktur frjórrar hugsunar þannig að við höfum séð að þessi setur hafa haft jákvæð áhrif á atvinnulíf og byggðarlög.

Hvað varðar heildarstefnumótun í þeim efnum þá er hún til skoðunar samhliða þessari almennu endurskoðun á háskólastiginu, hvernig við getum nýtt þær auðlindir sem liggja í þessum setrum um allt land enn betur. Uppi hafa verið ýmsar hugmyndir um það hvernig setrin geti orðið einn netháskóli, getum við sagt, fyrir landið allt með ólík fræðasvið sem áherslur, verið styrkur fyrir landsbyggðina og um leið veitt stærri stofnunum mikilvægt innlegg í fræðistörf með því að vera með eitthvert sérsvið sem þeir geta miðlað af á móti. Ég tel að þessi setur eigi eftir að skipa hlutverk í framtíðaruppbyggingu háskólasamfélagsins á Íslandi. Að mínu viti er menntun ein mikilvægasta byggðastefna sem við Íslendingar eigum og getum stólað á. Setrin hafa þar skipt máli og skilað árangri.

Hvað varðar þetta háskólasetur sérstaklega þá hef ég þegar nefnt meistaranámið í haf- og strandsvæðastjórnun en ég hef líka fyrirhugað að heimsækja háskólasetrið á næstunni og ræða við forsvarsmann þess um þeirra sýn og þeirra framtíðarhlutverk í þessu heildarsamhengi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að forsvarsmenn setranna og þeir fræðimenn sem þar hafa starfað taki þátt í þeirri stefnumótun sem er fram undan.

[16:58]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Háskólasetrið á Ísafirði er ákaflega merkileg stofnun. Ég mundi telja að forsendur væru til þess að þar risi í rauninni háskólastofnun, ekki bara háskólasetur, að stofnaður verði háskóli á Ísafirði. Ég sé forsendur til að hann sérhæfi sig í vísindum hafsins og sjávarlífríkisins.

En mig langar til að varpa því fram, sem innlegg í þessa heildarstefnumótun sem þarf að fara fram um háskólastigið, hvort ekki mætti efna til þrískiptrar samvinnu á háskólastigi. Maður sér t.d. fyrir sér að Háskólinn á Ísafirði, Hólar, Háskólinn á Akureyri og mögulegur háskóli á Egilsstöðum geti haft samstarf í einhvers konar blokk. Maður sér fyrir sér að sjálfstæðu háskólarnir svokölluðu, Bifröst, Listaháskólinn og Háskólinn í Reykjavík, geti verið í samstarfi. Svo sér maður fyrir sér að þriðja blokkin geti verið (Forseti hringir.) Hvanneyri , Háskóli Íslands og Keilir í einhvers konar samstarfi og jafnvel (Forseti hringir.) að háskólasetrin verði í samstarfi við Hvanneyri, hér verði til (Forseti hringir.) þrískipt háskólasamfélag. Þetta er innlegg í þessa heildarstefnumótun og jafnframt fyrirspurnina hér á eftir.

[17:00]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti áminnir hv. þingmenn um að halda tímatakmörk.

[17:00]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég þakka hv. menntamálaráðherra fyrir svör hennar og fagna sýn hennar í þessu máli og líka því hversu vel hún gerir sér grein fyrir því hversu mikilvæg háskólasetrin eru úti á landsbyggðinni. Hún nefndi hið merkilega nám sem fer fram í háskólasetrinu á Ísafirði, þ.e. meistara-

nám í haf- og strandfræði, og kom inn á hversu mikilvægt það er að við hlúum að því.

Ég tek hins vegar undir með hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni að það væri kannski framtíðarsýn að við mundum stofna háskóla á Ísafirði upp úr setrinu því að í þessu háskólasetri er afskaplega margt gott og hæft fólk sem starfar af miklum heilindum og stendur sig vel.

Ég ítreka enn og aftur ánægju mína með svar hæstv. menntamálaráðherra.

[17:01]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hennar. Það er rétt sem hefur komið fram í máli hennar og annarra hér að þessi stofnun eða háskólasetrið er gríðarlega mikilvægt sem tengiliður menntastofnana inn á þetta svæði sem þarna er og hefur staðið sig mjög vel. Ég leyfi mér að túlka orð ráðherra þannig að það sé vilji til þess að Háskólasetur Vestfjarða fái tækifæri til að starfa áfram og efla sig og ég fagna því að hún ætli að gera sér ferð til kynna sér þá starfsemi því að ég veit að eins og við hin sem höfum komið þarna og kynnt okkur þessa starfsemi mun hún heillast af því sem þarna er í gangi og hvaða stefnu menn hafa tekið þarna.

Ég tek líka undir að háskólasetrin eru mjög — og háskólar yfirleitt, hvort sem þeir eru litlir eða stórir, mikilvægar stofnanir — en háskólasetur og jafnvel smærri háskólar eru mjög mikilvægir líka á þeim stað þar sem þeir eru. Þetta eru akkeri í sínu samfélagi líkt og háskólar eru í borgum eins og háskólarnir hér í Reykjavík eru, þetta eru mikilvægar stofnanir og akkeri á höfuðborgarsvæðinu og því skiptir miklu máli út frá þeim sjónarmiðum líka að gefin séu skilaboð eða fyrirheit um að áfram verði staðið við bakið á þessum stofnunum. Þetta er þannig að þeir sem starfa í svona stofnunum og jafnvel þeir sem starfa utan þeirra og vilja hag þeirra sem bestan þurfa vitanlega að vita hvernig framtíðin er eða a.m.k. hvernig viðhorf manna til framtíðar eru. Ég veit að margt er óljóst varðandi framtíðina akkúrat í dag, en vilji þeirra sem stjórna og ráða á hverjum tíma þarf að vera býsna skýr.

[17:03]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda Gunnari Braga Sveinssyni og öðrum hv. þingmönnum sem hafa tekið til máls í þessu máli og ég skynja að hér er mikill samhljómur um mikilvægi setranna. Eins og hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson kom inn á er auðvitað ljóst að þó að raunveruleikinn sé sá að við sjáum fram á mjög erfiða tíma í ríkisfjármálum og þar með talið menntamálum skiptir máli að sýnin sé skýr.

Þar sem ég hef kynnst starfsemi háskólasetra úti á landi hef ég einmitt tekið eftir því bæði hversu miklu máli þau skipta fyrir byggðarlagið og líka hversu frjó starfsemi á sér þar stað, oft í tengslum við að rækta ákveðna menningu eða sérþekkingu á svæðum eins og t.d. má nefna bæði með Vestfirðina, Höfn í Hornafirði og víðar.

Hv. þm. Guðmundur Steingrímsson kom inn á þrískipt háskólasamfélag. Hann hafði því miður ekki tíma til að ljúka þeirri ræðu en þó held ég að það sé eitthvað sem við eigum líka að velta fyrir okkur hvernig við getum samnýtt krafta setranna, með þeim skólum sem eru starfandi þeim til eflingar í lengri tíma sýn. Ég veit að inni á setrunum og inni í háskólunum eru margir eldhugar og frumkvöðlar sem sjá fyrir sér að setrin geti orðið lykilstaðir bæði í byggðaþróun á landinu en líka í framþróun háskólastarfs og hvernig við getum ræktað hér tiltekna sérþekkingu, skipt með okkur verkum og nýtt efnivið á hverju svæði til þess að auka þekkinguna. Auka þekkinguna á því sem við erum að vinna með dagsdaglega, auka þekkinguna á þeirri menningu sem er á hverjum stað, og því eru setrin svo gríðarlega mikilvæg, ekki bara fyrir atvinnustigið heldur líka fyrir byggðarlögin sjálf og búsetuskilyrðin þar og þá starfsemi sem þar fer fram, hvernig við hugsum um okkur sjálf og menningu okkar.

Annars vil ég þakka hv. fyrirspyrjanda og öðrum þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni. Ég er nokkuð viss um að hlutverk setranna mun verða til umræðu síðar í þessum sal, þegar línur (Forseti hringir.) taka að skýrast núna síðsumars eða í haust um þróun mála í háskólamálum almennt.

Umræðu lokið.

[17:05]

Útbýting:

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 103. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 132.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 104. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 133.

Kjararáð o.fl., 114. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 143.

Miðstýring háskólanáms.

Fsp. SER, 72. mál. — Þskj. 84.

[17:06]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Frú forseti. Nú þegar við blasa einhverjar mestu aðgerðir í ríkisbúskap okkar þurfum við að staldra við og sjá og greina hvað við höfum gert rétt á öllum sviðum þjóðlífsins, ekki síst þegar kemur að grunngildum samfélagsins, réttinum til heilsugæslu, réttinum til mennta, að ég tali nú ekki um réttinum til vinnu.

Á síðustu árum hefur Háskólinn á Akureyri byggst upp sem einhver besta menntastofnun landsins að mínu viti og hefur jafnframt verið einhver best heppnaða byggðaaðgerð í sögu þjóðarinnar. Við þurfum einmitt í þeim efnum þegar kemur að byggðasamfélögum landsins að spyrja okkur stórra spurninga aftur og aftur. Viljum við halda einsleitninni í atvinnulífinu úti á landi áfram og tryggja fjölbreytnina í atvinnulífinu suðvestan lands í sessi eða ætlum við að gera ráð fyrir því að íbúar þessa lands lifi í einu og sama samfélaginu?

Háskólinn á Akureyri er í reynd stóriðjan á Akureyri. Hún spúir ekki frá sér mengun en hún blæs út af greind og vitneskju. Það er sagt og ég hef það eftir þar til bærum fróðum mönnum að ef Háskólinn á Akureyri yrði lagður

niður hér og nú, þýddi það og jafngilti að þrjú þúsund manns flyttu burt frá Akureyri. Á Akureyri búa nú um 18 þúsund manns, þetta er sjöttungur íbúa á svæðinu.

Að þessum formála sögðum segi ég, frú forseti: Mig hryllir við erlendum aðkomnum hugmyndum um að öllu háskólanámi verði miðstýrt frá Vatnsmýrinni í Reykjavík, að öllu verði ráðið í stofnunum sem eru hvor sínum megin við flugbrautarendana í Reykjavík. Þetta er óbærileg hugsun vegna þess að það á að vera hlutverk okkar stjórnmálamanna að tryggja fjölbreytni í atvinnulífi alls staðar á landinu.

Ég spyr því hæstv. menntamálaráðherra: Ætlar ráðherra að beita sér fyrir því að öllu (Forseti hringir.) háskólanámi verði miðstýrt frá einu og sama póstnúmerinu á Íslandi í framtíðinni?

[17:09]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni fyrir þessa fyrirspurn um miðstýringu háskólanáms. Hv. þingmaður vísar þar til tillögu finnsku sérfræðinganefndarinnar sem svo var kölluð, þ.e. erlendri sérfræðinganefnd finnskra sérfræðinga og sérfræðinga frá OECD sem hæstv. þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fékk til að gera úttekt á málefnum háskóla, rannsókna og nýsköpunar í ljósi fjármálahrunsins í október 2008.

Í skýrslu erlendu sérfræðinganna er vissulega beinlínis lagt til að settir verði á laggirnar tveir háskólar, þ.e. ríkisháskólarnir HÍ, HA, Hólaskóli og Hvanneyri verði sameinaðir í kringum Háskóla Íslands og aðrir háskólar einkareknir eða sjálfseignarstofnanir verði sameinaðar í kringum Háskólann í Reykjavík. Þó er tekið fram í skýrslu erlendu sérfræðinganna að nauðsynlegt sé að halda úti öflugu háskólastarfi utan Reykjavíkur. Á fundi mínum með þessum sérfræðingum tóku þeir mjög skýrt fram, og sú umræða fór t.d. fram í Finnlandi á sínum tíma að þessi sjónarmið, sjónarmið um hvar háskólastarfsemi er staðsett, séu mjög mikilvæg. Það er ekki eingöngu hægt að horfa á háskólastarfsemi út frá sjónarmiðum hagræðingar og ekki heldur eingöngu út frá akademískum gæðum, þessir tveir póstar verða að vera til staðar en það þarf líka að hafa í huga byggðasjónarmið, þannig að þó að þeir leggi þessa tillögu fram eða setji hana fram áttuðu þeir sig vel á aðstæðum hér á landi hvað varðar nauðsyn þess og hvaða áhrif þetta hefur haft á byggðina.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson segir og ég er sammála honum um það að Háskólinn á Akureyri sé ein best heppnaða byggðaaðgerð Íslandssögunnar. Ekki síst af því að hún byggist á menntun, hún er sjálfbær eins og það heitir á máli umhverfisins, þ.e. hún hefur ekki nein spjöll í för með sér heldur rúllar áfram og vex, þekkingin vex, starfsemin eykst og eyðir takmarkaðri orku en skapar um leið meiri þekkingu og þar með meiri auðlindir í kringum sjálfa sig.

Ég vil nefna að samhliða skýrslu erlendu sérfræðinganna kom önnur skýrsla fram frá innlendri nefnd þar sem var lagt til að háskólum yrði fækkað jafnvel niður í tvo en engin tillaga gerð um það hvaða háskóla ætti að sameina eða hvernig. Kannski má segja að meginskilaboðin séu að það þurfi að efla samstarf háskóla á Íslandi og með því móti megi styrkja bæði nám og rannsóknir við skólana og ná fram hagræðingu, enda erum við auðvitað með sjö háskóla starfandi í 300 þúsund manna samfélagi sem þætti ansi vel í lagt svona á flesta mælikvarða. Það væri auðvitað áhugavert að vita hvað hv. þingmanni finnst um það almennt, þ.e. um sameiningar háskóla almennt og hvort hann sér einhverjar leiðir í því.

Eins og fram hefur komið hér í þessum sal hef ég skipað rýnihóp til að fara yfir þessar tillögur þar sem m.a. sitja fulltrúar háskólasamfélagsins sem þekkja vel til starfsemi allra háskóla á Íslandi, þar á meðal einn sem er starfandi við Háskólann á Akureyri. Sá rýnihópur mun skila tillögum að aðgerðum til ráðherra seinna í sumar. En það er ljóst að þar er í raun og veru allt undir, endurskipulagning, möguleikar til samstarfs, sameiningar, skoðun á fjármögnun, skoðun á námsfyrirkomulagi og hugsanlegu sameiginlegu utanumhaldi.

Ég hef lagt á það áherslu að það er hægt að ná fram auknu samstarfi án þess endilega að sameina stofnanir. Spurningin er auðvitað sú: Skilar það einhverri hagræðingu eða sparnaði, t.d. að sameina stofnanir, aðra í Reykjavík og hina á Akureyri, svo dæmi sé tekið, ef á að halda starfseminni úti á báðum stöðum? Við þurfum auðvitað að spyrja þeirra spurninga.

Ég er sammála hv. þingmanni að háskólanámi á alls ekki að vera miðstýrt. Það er einmitt lykillinn að ákveðinni grósku í vísindastarfi að miðstýringin sé takmörkuð og að því leytinu skil ég áhyggjur hv. þingmanns en ég lít svo á að við séum með málið í ákveðnum farvegi þar sem við ætlum að taka öll þessi sjónarmið inn í, hvernig við getum haldið uppi akademískum gæðum, hvernig við getum náð fram hagræðingu og hvernig við getum styrkt byggðasjónarmið í kringum háskólastarf á Íslandi. Þar er allt til skoðunar en ég hef lagt á það áherslu að leiðarljósin séu ákveðin, þ.e. að við eflum samstarf, skoðum verkaskiptingu en viðhöldum um leið því sem ég vil kalla heilbrigða samkeppni, einkum hvað varðar gæði í vísindastarfi en líka bara almennt um gæði í kennslu og öðru slíku þannig að þessi sjónarmið náist fram. Ég er opin fyrir hvaða leiðir eigi að fara að því marki.

[17:14]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Ræða mín áðan sem ég náði ekki fyllilega að klára er ekki síður innlegg í þessa fyrirspurn eða umræðu um hana þannig að ég ætla að freista þess að klára ræðuna núna, (**Gripið fram í:** Framhald.) þetta er sem sagt framhald af ræðunni áðan.

Ég varpaði fram hugmynd um hvort það væri ekki ákveðin gefandi hugsun í þessu samhengi að hugsa háskólasamfélagið á Íslandi í þrennu lagi. Það væru háskólarnir fyrir norðan og austan, Háskólinn á Akureyri, Hólar, Háskóli á Ísafirði og mögulegur háskóli á Egilsstöðum sem mynduðu einhvers konar blokk. Síðan gæti maður séð fyrir sér að Bifröst, Listaháskólinn og Háskólinn í Reykjavík mynduðu blokk númer tvö. Háskóli Íslands, Hvanneyri og Keilir mynduðu síðan þriðju blokkina. Maður getur síðan séð fyrir sér, vegna þess að samstarf Hvanneyrar við há-

skólasetur í landinu er mjög mikið, að þar verði einhvers konar miðstöð háskólasetra. Með þessari leið er unnið gegn (Forseti hringir.) þeirri miðstýringu sem hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson hefur áhyggjur af og ég hef áhyggjur af líka.

[17:16]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Frú forseti. Ég þakka gott svar hæstv. menntamálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, áðan og einnig hvatningu hv. þm. Guðmundar Steingrímssonar. Hæstv. ráðherra nefndi orð sem skipta sköpum í þessari umræðu, það eru orðin akademísk gæði. Við þurfum að hafa akademísk gæði að leiðarljósi þegar við höldum þessari umræðu á lofti. Ég held að það sé mjög brýnt, ekki aðeins út frá byggðarlegu sjónarmiði, svo að ég taki það skrýtna orð mér í munn, heldur líka út frá sjálfstæði háskólanna, sjálfstæði menntunar og samkeppni menntunar að ef kemur til þess að við höfum tvo sjálfstæða háskóla og einhver útibú frá þeim þá séu þessir tveir háskólar einmitt ekki á sama staðnum. Ég vek athygli á þeirri leið sem t.d. Norðmenn fóru með sitt fjármálaeftirlit. Þeir fluttu það út á land vegna þess að þeir vildu ekki að starfsmenn fjármálaeftirlitsins væru á sama stað í hádegismat og þeir sem væri verið að rannsaka á hverjum einasta degi. Þessi hugsun þarf að vera til staðar í háskólasamfélaginu, að við búum til sjálfstæða hugsun ekki á sama blettinum heldur skiljum þar að landfræðilega. Ég held að akademísk gæði fáist út úr því.

Ég vil líka hafa mannréttindamál í huga. Þegar við þingmenn förum um dreifð kjördæmi hittum við þar sérstaklega mæður og þær segja allir eitt og hið sama: Það skiptir sköpum fyrir okkur um það hvar við búum hvar styst er í góða heilsugæslu og góða menntun. Þannig hugsa mæður þessa lands og ég held að hæstv. menntamálaráðherra eigi einmitt að hafa þessi orð íslenskra mæðra í huga þegar kemur að sjálfstæði háskólanna á Íslandi.

[17:18]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni fyrir innlegg sitt í umræðuna. Ég get tekið undir þau sjónarmið að það skiptir máli að varðveita frumkvöðlastarf, sjálfstæði og frjósemi sem verður til á ákveðnum stöðum. Það hefur orðið til þess að við sjáum ólíka háskóla á Íslandi, þeir eru merkilega ólíkir miðað við smæð landsins. Þó að þeir séu ansi hreint margir eru þeir um leið ótrúlega fjölbreyttir og miklar uppsprettur, mundi ég segja, þess hvernig fólk tekur málin ólíkum tökum hreinlega út frá því að aðrar rannsóknaraðferðir eru notaðar, aðrir skólar í gangi innan ákveðinna fræðigreina. Þetta er okkur auðvitað mjög dýrmætt. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan um þessi sjónarmið, um hin akademísku gæði, sem eru auðvitað það sem við þurfum að viðhalda því þau skipta máli — varðveita um leið þetta frumkvöðlastarf og hafa í huga byggðasjónarmið og hagræðingu. Ég er nokkuð bjartsýn á að við getum það með það að leiðarljósi að efla þetta samstarf — því að sumu er hægt að ná fram hreinlega með samstarfssamningum. Þannig er hægt að ná fram miklum samlegðaráhrifum svo að nemendur geti nýtt sér námskeið á milli skóla, aukið samstarf kennara um að taka þátt í ákveðnum rannsóknarverkefnum og annað slíkt. Stundum geta slíkar samningar skilað allt eins miklu og beinharðar sameiningar. Ég hef því lagt áherslu á að fólk skoði þetta út frá öllum sjónarmiðum. Ég held að háskólasamfélagið sé mjög reiðubúið að gera það og vinnur að því núna hvernig við getum brotið múra, eflt samstarfið en um leið varðveitt frumkvæðið á hverjum stað.

Ég þakka hv. þingmönnum umræðuna og þakka fyrir framhaldsræðu og kannski er það einmitt — ég þakka hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni, þetta er góð hugmynd um þrískipt háskólasamfélag á Íslandi og ég efa ekki að hún verði til umræðu í þessum efnum.

Umræðu lokið.

Diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun.

Fsp. SER, 74. mál. — Þskj. 86.

[17:20]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Það hefur verið afskaplega ánægjulegt að fylgjast með því á síðustu áratugum hvernig mannréttindabaráttu fólks með þroskahömlun hefur undið fram. Ekki eru nema örfáir áratugir síðan fólk með ýmiss konar þroskahömlun, fötlun og fjölfötlun var einfaldlega útilokað frá samfélagi okkar, hvort heldur kom til heilsugæslu, menntunar eða annarrar lífsfyllingar. Við sjáum að baki marga glæsta sigra á þessu sviði en enn er ekki nóg að gert til að fólk sem býr við þroskahömlun og ýmiss konar fötlun sé sett á sama stall og svokallað heilbrigt fólk í þessu samfélagi.

Sú var tíðin að fólk með þroskahömlun og fötlun átti þess vart kost að ganga til grunnmennta í landinu. Unnin hefur verið bragarbót á því. Þá mætti þessu fólki næsti veggur sem var framhaldsnám og lengi vel var það svo að úllen/dúllen/doff-aðferðin var notuð þegar fólk með þroskahömlun útskrifaðist úr grunnskólum og fékk inni í framhaldsskólum. Sumir fengu inni, aðrir ekki þrátt fyrir landslög, þrátt fyrir margsettar reglugerðir í hinum og þessum ráðuneytum. Þetta er að mínu viti einhver mesta hneisa sem við höfum búið við lengi vel en ég endurtek það sem ég gat um áðan að margir sigrar hafa sem betur fer unnist. Nú stendur fólki til boða diplómanám í Háskóla Íslands og það er gríðarlega mikið hagsmunamál. Það er út af fyrir sig mikil fullnægja að horfa á fólk sem býr við þroskahömlun og ýmiss konar fötlun eiga möguleika á að taka þátt í atvinnulífinu og stunda framhaldsnám eins og hver annar gegn einstaklingur á Íslandi. Ég held að það sé einu sinni svo að hvert samfélag sé best dæmt af því hvernig það kemur fram við þá sem standa höllustum fæti og eiga minnsta möguleikana í því hraða samfélagi sem við búum í.

Ég spyr því hæstv. menntamálaráðherra hvort hún muni beita (Forseti hringir.) sér fyrir því að framhald verði á diplómanámi fyrir fólk sem býr við fötlun og þroskahömlun (Forseti hringir.) í háskóla á Íslandi.

[17:24]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni sérstaklega fyrir þessa fyrirspurn um diplómanám fólks með þroskahömlun. Forsagan er í stuttu máli sú, eins og hv. þingmaður kom inn á, hvað varðar aðkomu menntamálaráðuneytisins, að árið 2007 heimilaði þáverandi menntamálaráðherra, hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Kennaraháskóla Íslands, sem núna er menntavísindasvið Háskóla Íslands, að bjóða upp á starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Þetta nám var hugsað sem þriggja ára tilraunaverkefni og sumarið 2009 eru tvö ár liðin af þessu tímabili.

Í vor var gerð úttekt á árangri námsins og liggur hún nú fyrir. Hún er til skoðunar í ráðuneytinu og um leið hefur menntavísindasvið átt í viðræðum við ráðuneytið um framhald námsins. Að mínu viti er um mjög mikilvægt framtak að ræða og ég mun skoða leiðir í samráði við Háskóla Íslands til að tryggja að framhald geti orðið á þessu námi sem er að þróast. Þetta er merkilegt framtak og þróunin hefur verið hröð á þeim stutta tíma sem námið hefur staðið. Ég mun í framhaldinu af þessari úttekt, þegar hún hefur verið rædd frekar í mínu ráðuneyti, skoða leiðir í samráði við HÍ til þess að áfram verið unnt að bjóða upp á þetta nám.

[17:26]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka mjög fyrir þetta svar hæstv. menntamálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur. Það er mikilvægt í umræðunni að hún sem menntamálaráðherra ætli að beita sér fyrir því að framhald verði á þessu námi. Þegar við stöndum frammi fyrir gríðarlega erfiðu verkefni við niðurskurð ríkisútgjalda er afskaplega mikilvægt að hann bitni ekki á þeim sem síst skyldi. Við verðum að hafa það í huga við þær erfiðu og viðkvæmu aðgerðir sem við erum að vinna við þessa dagana, í nefndum þingsins, í þinginu og í ráðuneytum, að það bitni ekki á því fólki sem síst af öllu tók þátt í því að steypa þjóðinni í þá glötun sem margir segja að þeir búi við um þessar mundir. Það skal aldrei verða svo, og síst með kröftum þess sem hér talar, að þeir sem hrepptu minnstu bitana af borðum neyslusamfélagsins beri þyngstar byrðarnar þegar upp verður staðið frá því verkefni sem við erum að vinna þessa dagana.

Ég skora því á hæstv. menntamálaráðherra að hún horfi einkanlega til þeirra hópa sem búa við lökust skilyrði þegar kemur að menntamálum, að þeir hópar muni ekki fara verst út úr þeim aðgerðum sem fram undan eru.

[17:28]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Sigmundi Erni Rúnarssyni, fyrir þetta innlegg. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt leiðarljós í þeirri vinnu sem er fram undan í þeirri erfiðu stöðu sem við eigum við í ríkisfjármálum, að horfa sérstaklega til þeirra hópa sem t.d. stunda nám í sérdeildum framhaldsskóla og annað slíkt og reyna að hlífa þeim sem mest við niðurskurði. Eins og hv. þingmaður bendir réttilega á mundi það þá bitna á þeim sem síst skyldi og það er eitt af þeim leiðarljósum sem við störfum samkvæmt og reynum að fylgja í ráðuneyti mínu í þeirri vinnu sem nú stendur yfir við ríkisfjármálin.

Umræðu lokið.

Breytingar á raforkulögum.

Fsp. SER, 75. mál. — Þskj. 87.

[17:29]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig afskaplega fræðandi að koma bratt inn á Alþingi landsmanna og kynnast þeim fjölmörgu verkefnum sem þar er unnið að í nefndum þings, innan þingsalar og á skrifstofum þingmanna og ekki síst úti í kjördæminu og heyra jafnframt frá fólkinu víða um allt land hvar skórinn helst kreppir.

Ég tek undir orð þingmanna við dagskrána fyrr í dag að eitthvað það ömurlegasta verkefni sem við glímum við í dag er að horfa fram á það atvinnuleysi sem við búum við án þess að geta komið þessum stóra hópi til hjálpar með hraðvirkum hætti. Ég held þess vegna að við þurfum að leita margvíslegra leiða til þess að koma atvinnulífinu hratt og vel af stað. Frú forseti. Ég held að fordómalaus atvinnustefna sé þar ágætisleiðarljós.

Það virðast vera allmörg ljón á veginum til þess að auka og hækka atvinnustigið, ef svo má segja. Eins og fram hefur komið eru margir erlendir fjárfestar reiðubúnir að fjárfesta hér á landi en reglugerðir og lagaheimildir skortir. Eins eru margir íslenskir og framtakssamir menn sem vilja spýta í lófana og stofna fyrirtæki. En jafnvel þar eru ýmis ljón á veginum.

Þar kemur að fyrirspurn minni sem ég beini til hæstv. iðnaðarráðherra. Þar standa raforkulögin víða fyrir þrifum og er út af fyrir sig merkilegt að löggjafinn hindri á margan hátt framsókn í íslensku atvinnulífi. Ég vil því spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hún muni beita sér fyrir því að vinnu við breytingar á raforkulögum verði flýtt svo það muni nýtast íslensku atvinnulífi sem fyrst.

[17:32]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn og ég hef sjálf áhyggjur af mörgu sem hann nefndi. Við auðvitað viljum helst greiða sem hraðast fyrir erlendri fjárfestingu inn í landið sem og líka styðja við og standa þannig að málum að ekki séu óþarfa hindranir í vegi þess að menn geti sett á laggirnar öflug fyrirtæki og skapað hér atvinnu.

En varðandi fyrirspurn hv. þingmanns þá spyr hann mig um endurskoðun á raforkulögum. Í bráðabirgðaákvæði XIII við raforkulögin sem staðfest voru árið 2003 er gert ráð fyrir því að hagsmunaaðilar og þingflokkar skipi nefnd til endurskoðunar á raforkulögunum sem eigi að skila af sér hinn 31. desember árið 2010.

Þessi nefnd hefur verið skipuð og í henni eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytisins, Alþýðusambands Íslands, BSRB, fjármálaráðherra, Landsnets, Neytendasamtakanna, Orkustofnunar, Samorku, Sambands íslenskra sveitarfélaga

og Samtaka atvinnulífsins. Síðan er auðvitað þingflokkur framsóknarmanna, þingflokkur sjálfstæðismanna, þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og nú Borgarahreyfingarinnar sem hafa tilnefnt fulltrúa inn og fulltrúi Frjálslynda flokksins fer út.

Þessa vinnu tel ég skipta gríðarlega miklu máli vegna þess að þarna á samtal, eins og á þessu heyrist, mjög breiður hópur hagsmunaaðila sem eru að fara yfir það frá öllum hliðum hvað megi betur fara í raforkulögunum sjálfum. Þessi vinna skiptir máli og hún er þannig stödd núna að menn hafa verið að kynna sér málið frá öllum hliðum og verið að ræða málið eins vítt og hægt er. En á næstu fundum fara þessir hagsmunaaðilar að þrengja vinnuna og fara að ræða hinar ýmsu breytingartillögur.

Raforkulögin byggja eðlilega nokkuð á þeim aðstæðum sem voru til staðar á raforkumarkaði þegar þau voru sett árið 2003 en lögin skipta raforkunotendum að meginstefnu upp í tvo hópa. Almenna notendur, þ.e. heimili og atvinnufyrirtæki, og síðan stórnotendur. Lögin ganga að nokkru út á það að skilja á milli þessara aðila þar sem stórnotendur njóta annarra kjara en almennir notendur sökum þess hversu mikla raforku þeir nota. Þannig er stórnotandi í lögunum skilgreindur sem notandi sem notar á einum stað að minnsta kosti 14 megavött af afli með árlegum nýtingartíma upp á 8.000 stundir eða meira.

Allir stórnotendur í dag hafa umtalsvert meiri þörf fyrir afl en kveðið er á um í skilgreiningu raforkulaga. Þannig nota álverin á bilinu 300–600 megavött. Í frumvarpi sem lagt var fram í þinginu árið 2007 til breytinga á raforkulögunum lagði forveri minn í stól iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson hæstv. utanríkisráðherra, til að þessi skilgreining, þ.e. aflviðmiðið, yrði lækkað í 8 megavött. En það náði ekki gegn hér á hinu háa Alþingi.

Þetta studdi ég vegna þess að það skiptir máli að stórnotendaskilgreiningin sé ekki hamlandi fyrir þá aðila sem þurfa á orku að halda en þurfa ekki samstundis á 14 megavöttum að halda heldur eru að byggja sig upp í áföngum. Þetta þarf klárlega að skoða og þetta er eitt af því sem er í erindisbréfi nefndarinnar svo dæmi sé tekið.

En ég nefni sem dæmi líka að vinnsla og sala raforku er samkeppnisstarfsemi og kjör til meðalstórra atvinnufyrirtækja ráðast af frjálsum samningum milli atvinnufyrirtækjanna og raforkusalans. Þessi breyting hefur í einhverjum tilvikum skilað meðalstórum atvinnufyrirtækjum þó betri raforkusamningum.

Þarna er verið, virðulegi forseti, að fara yfir málið frá öllum hliðum með þeim aðilum sem helst eiga hagsmuna að gæta. Það skiptir máli. En samhliða er það stefna ríkisstjórnarinnar að marka orkustefnu á Íslandi. Það hefur ekki verið gert áður að marka stefnu í samvinnu við stefnumörkun okkar í atvinnumálum þannig að orkustefnan slíti sig ekki frá stefnumörkun í atvinnumálum þar sem þess er gætt að þær vinni saman. Ég efast ekki um að þegar þessari vinnu er lokið, þ.e. vinnu við gerð orkustefnu, þá séu forsendur til þess að hraða þeirri vinnu sem nefndin vinnur að. Vonandi koma jafnvel breytingar á raforkulögunum hingað inn fyrr en dagsetningin í bráðabirgðaákvæðinu kveður á um.

[17:37]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Ég bind heilmiklar vonir við það sem fram kom í svari ráðherra iðnaðarmála um þessa endurskoðun af því það er mjög mikilvægt spursmál, t.d. fyrir garðyrkjuna sem er stundum kölluð gjaldeyrissparandi hollustugrein sem skapar mikil verðmæti hérna inn í landið og framleiðir mikið af mikilvægri vöru, að þeir bændur geti keypt raforku á stórnotendaverði.

Þess vegna skiptir svo miklu máli að í þessari endurskoðun líti menn til þess að breyta skilgreiningunni á stórnotanda þannig að garðyrkjubændur geti keypt raforku á stórnotendaverði eins og er með stóriðju í landinu. Þessi grein grundvallast meira og minna á raforkukostnaði og hann er gífurlega hár og er að sliga marga stóra garðyrkjubændur. Það þarf að byggja undir þessa grein og það er best gert með því að breyta þessari skilgreiningu. Þess vegna fagna ég því sem fram kom í svari ráðherra um áherslur hennar í þessu nefndarstarfi.

[17:38]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka bæði fyrirspyrjanda og ráðherra fyrir þær upplýsingar sem hafa komið fram og þau svör sem hér hafa verið gefin. Mig langar þó að spyrja ráðherra hvort ég hafi tekið rétt eftir að sú nefnd sem hún sagði frá og fjallaði um sem er ekkert nema gott um að segja, eigi að skila af sér fyrir árslok 2010 eða á árinu 2010. Ég man ekki alveg hvernig það var orðað.

Ef svo er og ef við ætlum að bíða eftir því að sú nefnd skili af sér til þess að fá fram einhverjar breytingar á raforkulögunum, nauðsynlegar breytingar miðað við þær aðstæður sem við erum í dag þá er heldur langt að bíða finnst mér. Ég held að það þurfi að koma fram með breytingar á lögunum nú þegar þó að við tökum ekki öll lögin í nefið eða förum í gegnum þau þá þurfi að koma fram með breytingar sem auðvelda fjárfestingar hér á landi.

Ég veit að það er eftir því kallað og það er eftir því beðið að við gerum slíkar breytingar. Vitanlega er ég sammála því sem kom fram varðandi garðyrkjuna. En við þurfum að gera þessar breytingar fljótt.

[17:39]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Hér talaði hæstv. ráðherra iðnaðarmála um atvinnumál og þá miklu tengingu sem er á milli orkuöflunar og atvinnustarfsemi í landinu eins og við hefðum bara nægan tíma. Við hefðum allan tímann í heiminum til þess að reyna að skapa hér öflugt atvinnulíf á grunni þeirra gæða sem landið býður upp á.

Staðreyndin er sú að undir forustu Samfylkingarinnar hefur helst verið unnið að því að standa í vegi fyrir því að hér geti farið af stað öflug atvinnustarfsemi. Setja þröskulda við gerð umhverfismats og svo langt gekk það að meira að segja að ASÍ ályktaði á ársþingi sínu að það yrði að fara að einfalda þær leiðir sem unnið væri eftir til þess að geta eflt íslenskt atvinnulíf með eðlilegum hætti.

Ég skora á þessa flokka, vinstri flokkana, sem lítið hafa sýnt (Forseti hringir.) okkur í þessum hremmingum

en að hér séu á ferðinni skattahækkanir, (Forseti hringir.) ég skora á þá að fara nú að setja einhverjar sprautur í þessi mál af fullri alvöru, (Forseti hringir.) annað en einhver nefndarstörf sem eru til þess fallin að tefja þessi mál enn frekar.

[17:41]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu og tek að mörgu leyti undir það sem hv. þm. Jón Gunnarsson og Gunnar Bragi Sveinsson nefndu hér í pontu áðan, að það er full mikið í lagt að bíða eftir störfum nefndarinnar til ársloka 2010.

Það verður að hafa hér hraðann á, skynsamlegan hraða á, vegna þess að ef það er eitthvað sem okkur Íslendinga vantar á þessari stundu þá er það sá sveigjanleiki sem nýtist atvinnuuppbyggingu hratt og vel.

Það er umhugsunarvert að enn þann dag í dag, eins og fram kom í máli hæstv. iðnaðarráðherra, er skiptingin á milli stórnotenda annars vegar og heimilanna hins vegar. Það er í reyndinni með ólíkindum að það hafi ekki verið fundin viðeigandi lausn á þessum raforkumálum, atvinnulífinu um allt land til heilla. Ég ætla ekki að álasa hæstv. núverandi iðnaðarráðherra fyrir að hafa ekki komið þessu máli áleiðis. Hún er einungis búin að vera nokkrar vikur í starfi. En ég skora á hana að flýta starfi nefndarinnar atvinnulífinu til heilla.

Og ég hlýt að grípa grænmetisræktendur á lofti af því þeir voru nefndir áðan. Það er umhugsunarvert að við Íslendingar framleiðum ekki nema 40% af því grænmeti sem við neytum á hverju ári. Kannski er það vegna þess að við leggjum stein í götu þessarar grænu stóriðju í landi þar sem talsvert er til af grænni orku.

[17:43]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn hafa nú verið, hvað á ég að segja, helst til valkvæðir þegar þeir hlustuðu á mig áðan. Vegna þess að það sem ég var að lýsa er sú dagsetning sem nefnd er í bráðabirgðaákvæði laganna. Ég sagði hins vegar að það skipti okkur öllu máli að fara að marka hér orkustefnu, að marka samþætta atvinnustefnu. Það er vinna sem er að fara af stað og sem ég vil og við í þessari ríkisstjórn erum búin að setja okkur að markmiði að verði unnin hratt og örugglega. Það er það sem þarf til að flýta hér fyrir framkvæmdum og án efa þarf, að lokinni þeirri vinnu, að breyta þessum lögum aftur. En það verður ekki fyrr en eftir árið 2010. Sú heildarendurskoðun sem nú fer fram milli allra þingflokka og milli allra þeirra hagsmunaaðila sem ég nefndi hér áðan, er eðlileg. Og þegar menn eru að feta í gegnum hvert einasta smáatriði laganna er eðlilegt að sú vinna taki tíma þó að annað komi hér til þings.

Ég nefndi það líka áðan að það var síðast reynt árið 2007 að breyta þessari skilgreiningu á stórnotendum en það fór ekki í gegnum Alþingi. Við eigum svo eftir að sjá hvort það gengur núna með hið nýja Alþingi sem hér situr. Það var m.a. hugsað fyrir t.d. gagnaverin sem byrja smátt en skala sig síðan upp, eins og maður segir.

En það sem skiptir máli er að vinna þeirrar orkustefnu sem unnið verður að á næstu mánuðum, það er mjög mikilvægt að horft verði sérstaklega til bæði tímalengdar ferilsins og upphafs rannsókna á orkukostum og til nýtingar og hefðbundinnar samningagerðar sömuleiðis. Hefðbundin samningagerð orkufyrirtækjanna, þ.e. tímalengd samningsins og fleira, fellur eins og staðan er í dag betur að stóriðju en fleiri og smærri kostum á borð við sólarkísil eða gagnaver. Það skiptir máli að við breytum hér um kúrs og förum að horfa (Forseti hringir.) líka til minni aðila og uppbyggingar á því sviði.

Umræðu lokið.

[17:45]

Útbýting:

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 145.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 105. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 134.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 106. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 135.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 107. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 136.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 108. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 137.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 109. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 138.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 110. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 139.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 111. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 140.

Staðgöngumæðrun.

Fsp. REÁ, 86. mál. — Þskj. 98.

[17:47]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. heilbrigðisráðherra og varðar hún svokallaða staðgöngumæðrun en það er eitt þeirra úrræða sem konur sem af einhverjum ástæðum geta ekki eignast börn geta gripið til. Sem dæmi má nefna sístækkandi hóp kvenna sem gengið hafa í gegnum erfiðar krabbameinsmeðferðir á unga aldri og hafa með framförum í læknavísindunum blessunarlega lifað þá meðferð af en með þeim afleiðingum að þeim verður ekki barna auðið með hefðbundnum hætti. Þetta eru dæmi um svokallaðar síðbúnar afleiðingar sem Samtök krabbameinssjúkra barna hafa t.d. fjallað mikið um á vettvangi sínum á síðustu árum.

Ég beindi fyrirspurn til hæstv. ráðherra fyrr í vetur og innti hann eftir fréttum um stöðu vinnuhóps sem fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra skipaði í janúarmánuði sl. til að meta siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitaefni varðandi staðgöngmæðrun. En þetta er ekki einfalt mál, það eru ýmis atriði sem þarf að skoða. Það sem fyrir mér vakti í upphafi, þegar ég vakti máls á þessu, var einmitt að koma þeirri umræðu af stað. Þetta úrræði hefur verið

bannað hér á landi og síðast þegar lögum um tæknifrjóvgun var breytt var ákveðið að gera ekki breytingar á lögunum án þess að umræða hefði farið fram og þess vegna fagnaði ég því þegar hæstv. ráðherra skipaði starfshópinn á sínum tíma.

Nú er ég orðin forvitin að vita hvað þessu nefndarstarfi líði. Það er mín skoðun að nefndin þurfi ekki endilega að taka sér mikinn tíma í þetta mál. Það er um að gera að koma með niðurstöðu eins fljótt og auðið er vegna þess að eðli málsins samkvæmt er þetta mál sem þolir ekki mikla bið þar sem líffræðilega klukkan tifar hjá konunum og einnig geymast fósturvísar ekki lengi. Það eru margir aðilar sem ég hef verið í sambandi við úti í samfélaginu sem bíða í óþreyju eftir því hvort þetta verði leyft eða ekki og þess vegna beini ég áðurnefndri fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra.

[17:50]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir beinir til mín þeirri fyrirspurn hvenær sé að vænta niðurstöðu vinnuhóps heilbrigðisráðuneytisins um siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitaefni varðandi staðgöngumæðrun. Ég tek undir með hv. þingmanni að þetta er mjög mikilvæg umræða sem er tilfinningaþrungin, snertir tilfinningar þeirra sem í hlut eiga, og skiljanlegt að þeir vilji hraða þessari vinnu. Hins vegar má ekki vekja falskar væntingar og ég skal reyna að svara þessu á eins raunsannan hátt og ég get.

Eins og fram kom í máli hv. þingmanns skipaði forveri minn í starfi heilbrigðisráðherra vinnuhóp í byrjun þessa árs, í janúar, til að skoða álitaefni varðandi staðgöngumæðrun og hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun hér á landi. Það eru þrír aðilar í vinnuhópnum, sviðsstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, háskólakennari og aðstoðarlandlæknir. Vinnuhópurinn hefur leitast við að kynna sér stöðu þessara mála í öðrum löndum, einkum í Evrópu, og greina helstu siðfræðileg, læknisfræðileg og lagaleg álitaefni sem tengjast þessu efni. Staðgöngumæðrun er bönnuð í flestum Evrópuríkjum, m.a. alls staðar á Norðurlöndunum. Í Bretlandi er staðgöngumæðrun hins vegar heimil en samningar um hana mega ekki vera á viðskiptalegum grundvelli. Vinnuhópurinn hefur boðað ýmsa aðila á fundi sína í því skyni að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum, þar á meðal fulltrúa Tilveru, samtaka um ófrjósemi, og sérfræðinga á sviði tæknifrjóvgana, kvensjúkdómalækna og félagsráðgjafa.

Eins og ég gat um áðan er ljóst að hér er um að ræða afar viðkvæmt málefni og nauðsynlegt að huga rækilega að hagsmunum allra þeirra sem málið varðar, þ.e. væntanlegra foreldra barnanna og síðast en ekki síst staðgöngumæðra. Skoðanir þeirra sem komið hafa á fund hópsins á því hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun eru skiptar. Þeir sem eru meðmæltir því að leyfa staðgöngumæðrun telja þó að setja þyrfti ströng skilyrði um hvenær slíkt yrði heimilað og allir eru þeir sammála um að nauðsynlegt sé að ákvörðun um hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun sé vandlega undirbúin og fram fari almenn umræða um málið áður en ákvörðun er tekin. Ég er mjög eindregið sammála því sjónarmiði. Það er mikilvægt að efna til umræðu um þau álitamál sem hér er um að ræða þó að ég hafi mikinn skilning á því að þeir sem í hlut eiga, og tek undir það með hv. þingmanni, vilji hraða málinu eins mikið og hægt er. En umræða af þessu tagi krefst líka tíma. Þetta er ekki eingöngu spurning um að safna upplýsingum heldur er þetta spurning um að efna til umræðu áður en lögum er breytt.

Ég vil þannig undirstrika mikilvægi þess að ákvörðun um hvort heimila eigi staðgöngumæðrun verði vandlega undirbúin og ég heiti því að efna til almennrar umræðu um málið áður en slík ákvörðun er tekin. En til að skapa ekki falskar væntingar erum við ekki að tala um niðurstöðu á næstu vikum eða mánuðum, þetta mál tekur lengri tíma en svo. En ég heiti því að leggja að hópnum og þeim sem standa að þessari vinnu að vinna ötullega að því að það dragist ekki um of að komast að niðurstöðu.

Ég vona að ég hafi svarað fyrirspurnum hv. þingmanns.

[17:55]

Fyrirspyrjandi (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég er sammála honum um margt. Ef þetta mál verður leyst þá er ég algerlega sammála því að setja þarf um þetta ströng skilyrði og ég tek undir það að undirbúningur þarf að vera vandaður — ekki síst tek ég undir það að almenn umræða þarf að fara fram. Það er einmitt það sem vakir fyrir mér. Þess vegna hef ég verið að vekja athygli á þessu máli til þess einmitt að slík umræða fari af stað. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra, af því að hann vísaði til þess að hann ætlaði að stuðla að umræðunni, hvort jafnvel standi til að halda einhvers konar ráðstefnu eða málþing eða koma umræðunni þannig af stað, það virðist nefnilega vera svo að þetta komi upp með reglulegu millibili. Fyrir rúmu ári fór mikil umræða af stað þegar auglýsing birtist í blaði, þar sem verið var að auglýsa eftir staðgöngumæðrum. Það var frétt um þetta í sjónvarpinu í gærkvöldi og þannig kemur umræðan upp alltaf öðru hverju, en það leiðir ekki til niðurstöðu.

Það veldur mér þó vonbrigðum þegar hæstv. ráðherra segir að niðurstaða muni ekki liggja fyrir á næstu vikum eða mánuðum. Ég get sætt mig við að hún liggi ekki fyrir á næstu vikum en næstu mánuðir eru teygjanlegt tímabil og of langt fyrir minn smekk. Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að leggja fast að nefndarmönnum að klára þessa vinnu. Vinnan sem þeir eru að inna af hendi er kannski til að undirbyggja lagasetningu og til þess jafnvel að koma þessari umræðu hingað inn í þingið og út í samfélagið þannig að ég tel að nefndin megi ekki liggja of lengi með málið. Einhvern tímann þarf að taka af skarið og álitamálin sem þarna eru liggja fyrir og margt af því eru hlutir sem þarf að taka af skarið með, ef svo má segja. Ég hef mikinn skilning á því og það er eitthvað sem ég mundi vilja, virðulegi forseti, leggja inn að lokum hvort hægt væri að prófa þetta með einhverjum verulega ströngum skilyrðum, þetta er ekki ætlað sem almennt úrræði.

[17:57]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég fullvissa hv. þingmann um að nefndin er að vinna ötullega að þessum málum. Því fer fjarri að hún sé að reyna að þegja þetta mál í hel, enda lagði hv. þingmaður ekki þann skilning í þetta starf. Ég segi ekki annað

en það að ég mun koma ábendingum og hvatningu hv. þingmanns á framfæri við nefndarmenn.

Ástæðan fyrri því að ég hef þann fyrirvara á um niðurstöðu nefndarinnar að það kunni að taka vikur eða mánuði er einfaldlega sú að ég vil ekki vekja falskar væntingar. Ég held að hv. þingmaður hafi náð því takmarki sínu að vekja athygli á þessu málefni og koma þessari umræðu út í þjóðfélagið. Við erum sammála um nauðsyn þess.

Umræðu lokið.

[17:58]

Útbýting:

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. mál, brtt. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 146.

Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar.

Fsp. SF, 77. mál. — Þskj. 89.

[17:59]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra vegna frétta um skerðingar á mannskap hjá þyrlusveit Landhelgisgæslunnar. Á síðustu mánuðum höfum við verið með þrjár þyrlur nokkuð vel dekkaðar en samt skilst mér að það geti ekki ávallt verið tvær þyrlur til reiðu. Fram kom í skriflegu svari hæstv. dómsmálaráðherra til hv. þm. Róberts Marshalls að með þremur þyrlum megi gera ráð fyrir því að Landhelgisgæslan hafi enga þyrlu tiltæka í allt að 10 daga á ári, hún hafi aðeins tiltæka eina þyrlu í allt að einn og hálfan mánuð á ári en við þær aðstæður takmarkast flughraði við 20 sjómílur frá ströndu. Í dag má segja að við höfum ekki dekkað einn og hálfan mánuð á ári með þeim kosti sem við búum við.

Nú er hins vegar búið að segja upp þremur þyrluflugmönnum þannig að við erum að fækka þeim og miðað við skriflegt svar hæstv. dómsmálaráðherra munum við ekki geta komið sjófarendum til bjargar í 3–4 mánuði á ári ef þeir lenda í vandræðum á hafi úti. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort það sé réttur skilningur að það séu 3–4 mánuðir sem við dekkum ekki. Það kom fram á opinberum vettvangi í ræðu sem Árni Bjarnason, formaður Félags skipstjórnarmanna, hélt á sjómannadaginn síðasta, að þetta væru 5–6 mánuðir á ári og finnst mér skeika þarna talsverðu.

Ég geri mér grein fyrir því að það er geysilega dýrt að leigja þyrlu og kemur fram í skriflegu svari hæstv. ráðherra hvað það kostar. Ég var sjálf að leika mér að því að giska á kostnaðinn við að leigja þyrlu í einn mánuð og giskaði á 10 millj. Ég bað einn hv. þingmann sem situr í salnum að giska líka og hann giskaði á 4–5 millj. En svarið er að það kostar tæpar 60 millj. á mánuði að leigja þyrlu, þ.e. 700 millj. kr. á ári. Áhöfnin kostar 120 millj. á ári, þ.e. 10 millj. á mánuði, þannig að það kostar 70 millj. á mánuði að leigja þyrlu og áhöfn.

Það er auðvitað mikil upphæð og ég vil spyrja, af því að leigukostnaðurinn er greinilega að sliga Landhelgisgæsluna, hvort hæstv. dómsmálaráðherra hafi eitthvað leitað eftir því t.d. við lífeyrissjóðina hvort þeir gætu komið að þessu máli þannig að við gætum losnað við þessi ofboðslega háu leigugjöld. Svo vil ég líka spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hún telji það forsvaranlegt að verja ekki (Forseti hringir.) sjómenn okkar í 3–4 mánuði á ári.

[18:02]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er þyrlusveit Landhelgisgæslunnar búin undir að bregðast við neyðartilvikum eftir að flugmönnum var fækkað nýverið?

Því ber að svara þannig að hún er undir það búin að ákveðnu marki. Ég væri ekki að skýra þingheimi rétt frá ef ég segði að hægt væri að ábyrgjast 100% björgunargetu allan ársins hring. Ég lét taka saman tölur um hvernig þetta lítur út vegna fyrirspurnar hv. þm. Róberts Marshalls og vissulega koma fram ákveðnar staðreyndir í svari mínu. Í niðurlagi svarsins segir að þegar uppsagnir koma að fullu til framkvæmda næsta haust verður nokkuð um að aðeins ein þyrla sé til taks. Það gæti þá verið í fjórðung til þriðjung hvers mánaðar eins og það er skipulagt. Þá verður björgunargetan aðeins 20 sjómílur frá ströndum því að þyrluflugmenn treysta sér ekki til að fara lengri vegalengdir nema að hafa aðra á eftir sér.

Lítum á rekstur Landhelgisgæslunnar. Ég ákvað í kjölfar ákveðins tilviks sem varð aðfaranótt 1. júní að hafa fund með Landhelgisgæslunni og farið var vel yfir saumana á rekstri hennar en það hafði reyndar áður verið gert. Nú horfist stofnunin í augu við ákveðinn sparnað og hann bitnar í rauninni síst á flugrekstrardeild. Reksturinn þar er aftur á móti mjög viðkvæmur eins og sjá má af þeim tölum sem við lítum á, þegar borið er niður í flugdeildinni hefur það þessar afleiðingar. Það væri ekki sannleikanum samkvæmt að segja að fimm vaktir geri sama gagn og sex en svona hefur þessu verið stillt upp og við höfum farið yfir rekstrartölur og rekstraráætlun með stofnuninni og hvernig það er allt saman. Stofnunin hefur í rauninni verið ákaflega markviss í aðhaldsaðgerðum sínum, við að halda tækjakostinum úti og leggja ekki skipum, leggja ekki þyrlu, leggja ekki flugvél, en reksturinn er þó eins og hann er. Ég get því ekki sagt annað en að svona standa málin og ég hef gert þinginu grein fyrir því.

Auðvitað tel ég að björgunarþjónusta við sjófarendur verði að vera með forsvaranlegum hætti. Ég tel ekki annað vera í stöðunni og þá er það spurningin hvort menn telja að sú björgunargeta sem lýst er í þessu skriflega svari sé forsvaranleg. Ég verð að segja að ég fylltist efasemdum þegar ákveðið atvik varð 1. júní og varð þá að reiða sig á velvilja og viðveru starfsmanna sem ekki voru á vakt. Mér skilst að það hafi verið þær erfiðustu aðstæður sem hugsast gátu sem komu upp en við getum heldur aldrei útilokað að slíkar aðstæður komi upp þannig að ég fagna því að fá að skýra þinginu frá því hvernig þetta lítur út frá okkar bæjardyrum séð. Ég tek undir áhyggjur um að þessi mál séu ekki með fullnægjandi hætti.

[18:07]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er ljóst að því metnaðarfulla plani í landhelgisáætlun sem þáverandi dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, setti fram verður erfitt að fylgja eftir við þær aðstæður sem eru í samfélagi okkar. Öryggismál á stóru hafsvæði sem eru á okkar ábyrgð eru þó alls ekki einkamál okkar Íslendinga. Í dag verðum við í ljósi breyttra aðstæðna að hefja endurskipulagningu á þessum málum sem miða við getu okkar. Val á tækjum verður alltaf í samræmi við þau verkefni sem við ætlum að leysa og þau liggja kannski nokkuð ljóst fyrir.

Í því sambandi held ég að ljóst sé að við verðum að leita allra leiða, við verðum að líta til annarra þjóða sem öryggismál á þessu hafsvæði skipta einnig miklu, vinaþjóða okkar í Evrópu og jafnvel innan NATO. Við þurfum m.a. að skoða hvort ekki sé ástæða til að semja við NATO-þjóðir og vinaþjóðir okkar um að koma og sinna þessum öryggismálum með okkur með tækjabúnaði sem þær hafa til umráða (Forseti hringir.) í stað þess að vera í einhverju loftrýmiseftirliti (Forseti hringir.) á þotum sínum. Öryggismál sjómanna og þeirra áhafna sem starfa hjá Landhelgisgæslu eru það sem við verðum að hafa að leiðarljósi.

[18:08]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir heiðarleg og góð svör til þingsins. Það er alveg ljóst að hún deilir áhyggjum þeirra sem hér hafa talað varðandi öryggismál sjómanna og stöðu Landhelgisgæslunnar.

Í ljósi þeirra upplýsinga og talna sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir talaði um í ræðustóli, að það kostaði á milli 60 og 70 millj. á ári að leigja svona tæki, og spurði hvort hugsanlega hefði verið leitað til lífeyrissjóða varðandi fjármögnun svona þyrlu, velti ég fyrir mér hvort það sé ekki hreinlega sparnaður að því að fjármagna kaup á svona tæki til langs tíma í staðinn fyrir að leigja það fyrir hundruð milljóna á ári og nýta þá það svigrúm til að spara annars staðar í rekstri þessara tækja.

[18:10]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og tek undir að það voru afar heiðarleg svör. Þegar ráðherra segir að Landhelgisgæslan sé undir það búin að ákveðnu marki að bregðast við þessum niðurskurði, málin standi svona og nú sé hún búin að gera þinginu grein fyrir því að hún hafi fyllst efasemdum um þetta, spyr ég, í ljósi þess að ráðherrann er ópólitískur, ekki kjörinn: Hver ber ábyrgðina ef illa fer?

Nú er hæstv. ráðherra búinn að gera þinginu grein fyrir þessum málum. Guð forði því að eitthvert slys verði á hafi úti en ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að gera allt sem í hennar valdi stendur til að bæta þetta ástand. Mér leikur þó svolítil forvitni á að vita hvað hæstv. ráðherra ætlar að gera í þessu máli. Ég ítreka: Hver ber hina endanlegu ábyrgð?

[18:11]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir) (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svörin. Hún hefur sagt að ef upp kemur neyðartilvik hjá okkur og þyrlusveit Landhelgisgæslunnar verður kölluð út erum við tilbúin til að takast á við það bara upp að ákveðnu marki. Hæstv. ráðherra segist hafa fylgst með efasemdum um stöðuna þegar nýlega kom upp tilvik sem reyndar var hægt að bregðast við vegna þess að fólk fór úr fríum sínum og mér skilst líka að fólk sem búið var að segja upp hafi mætt á svæðið og allir hlupu til. Hér segir svo hæstv. ráðherra að hún taki undir áhyggjur varðandi það að þessi staða sé ekki með fullnægjandi hætti þannig að staðan er ekki góð.

Ég tel að skoða þurfi þessi mál mjög vel og sjá hvort hægt er að ná fram einhverjum sparnaði, einhverjum samlegðaráhrifum, hugsanlega með sjúkraflugi eða með samstarfi við vinaþjóðir eins og Dani sem eru með þyrlukost á skipum sínum. Þau eru talsvert mikið hér við land og í kringum Færeyjar og Grænland. En ég vil ítreka ábendingu mína til hæstv. ráðherra um að skoðað verði hvort lífeyrissjóðirnir geti komið að því að losa okkur út úr þessari ofurleigu, þetta er ótrúlega há upphæð, 60 millj. á mánuði í leigu á þyrlu. Það væri mjög gott að losna við þann leigukostnað. Ég vil að lokum spyrja hæstv. ráðherra hvort til standi að endurskoða þessi mál í heild sinni þannig að við getum verið með eina þyrluáhöfn í viðbót. Alþingi er reyndar fjárveitingavaldið, við berum auðvitað ábyrgð á þeim fjárveitingum sem við setjum í þyrlumál okkar þannig að við þingmenn berum kannski öll 1/63 af ábyrgðinni.

[18:13]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður og ábendingar sem fram hafa komið við þessa umræðu. Ég hefði átt að ljúka máli mínu áðan með því að segja að auðvitað er málið ekki búið í ráðuneytinu heldur erum við áfram að reyna að leita leiða til að að bæta björgunargetu þyrlnanna.

Hvað varðar það að líta til annarra þjóða á Landhelgisgæslan í mjög nánu samstarfi bæði við landhelgisgæsluna í Noregi og í Danmörku. Það er mikið og gott samstarf á milli þessara stofnana og hafsvæðið í kring er vaktað af ýmsum aðilum. Ég held að allar hagræðingar í tækjaleigu og öðru eigi að skoða mjög vel, hvort verið sé að gera hlutina á sem hagstæðastan hátt og ég þakka þá ábendingu sem kom áðan. Hvað ábyrgðina varðar mun ég ekki skorast undan því að bera ábyrgð á þessum málaflokki og að þessi mál séu með forsvaranlegum hætti.

Ég tel líka að stjórnendur Landhelgisgæslunnar og starfsfólk allt sé, eins og forstjóri Landhelgisgæslunnar lýsti í byrjun mánaðarins, hugsjónafólk og vinni vel. Auðvitað er gott að vita á meðan við vinnum að lausninni að það skuli vera slíkur vilji og svo gott fólk sem þarna starfar að hægt sé að bjarga málunum eins vel og mögulegt er en ég held að það leysi okkur hins vegar ekki undan því að finna viðunandi lausn á þessum málum til frambúðar.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 18:15.

21. FUNDUR

þriðjudaginn 16. júní,
að loknum 20. fundi.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 34. mál, þskj. 126, frhnál. 127. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 35. mál, þskj. 35. — 3. umr.
3. Listamannalaun, frv., 69. mál, þskj. 81. — 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 127. — Afbrigði samþ. með 36:3 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GStein, HHj, JBjarn, JónG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, ÓÞ, PHB, REÁ, RM, SER, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, VigH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

nei: BirgJ, ÞSa, ÞrB.

1 þm. (GBS) greiddi ekki atkv.

23 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JóhS, JRG, KÞJ, OH, ÓN, RR, SDG, SIJ, TÞH, UBK, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 34. mál (strandveiðar). — Þskj. 126, frhnál. 127.

[18:19]

Frsm. meiri hluta sjútv.- og landbn. (Ólína Þorvarðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Eftir að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingu, hafði verið vísað til 3. umr. á þingfundi í gær ákvað sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd að taka málið til frekari umfjöllunar í dag. Nefndin fékk á sinn fund Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmann ráðherra, Steinar I. Matthíasson skrifstofustjóra, Hrefnu Gísladóttur og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Dagmar Sigurðardóttur lögfræðing og Ásgrím L. Ásgrímsson frá Landhelgisgæslu Íslands og Arthúr Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda.

Umsagnir bárust frá Landhelgisgæslu Íslands og Samtökum eigenda sjávarjarða.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við ákvæði til bráðabirgða.

a. Í stað orðanna „12 klukkustundir“ í 2. tölulið 4. mgr. komi: 14 klukkustundir.

b. 5. tölul. 4. mgr. orðist svo: Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 800 kg af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð.

Undir þetta álit skrifa fulltrúar meiri hlutans, Ólína Þorvarðardóttir varaformaður, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ásmundur Einar Daðason, Björn Valur Gíslason, Róbert Marshall og Helgi Hjörvar.

[18:21]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Til marks um þann flumbrugang sem hefur einkennt undirbúning að þessu máli og vinnuna í kringum það er verið að taka málið til 3. umr., sem við höfum greitt fyrir þingmenn minni hlutans með því að taka þátt í fundahöldum á aukafundum í nefndinni, og það hafa orðið veigamiklar breytingar á því milli 2. og 3. umr. sem er merki um þennan flumbrugang og hversu illa málið er undirbúið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Því ber samt sem áður að fagna að það var þó hlustað á þá aðila sem kallaðir voru fyrir nefndina en jafnframt verður að taka það fram að þeir umsagnaraðilar sem kallaðir voru fyrir nefndina og óskað var eftir að kæmu fyrir nefndina til að ræða þessi mál komu þar að frumkvæði okkar, minni hlutans í sjávarútvegs- og í landbúnaðarnefnd. Í einhverjum tilfellum þurftum við hreinlega að toga það út með töngum að fá að hitta þetta fólk. Eftir fundarhöld í morgun voru síðan gerðar þessar breytingar í frumvarpinu sem eru þó skref í rétta átt.

Það er með ólíkindum, virðulegi forseti, þegar svo mikilvæg mál eru til umfjöllunar í þinginu sem varða svo marga og ekki síst veikustu byggðir landsins að vinnubrögðin skuli vera með þessum hætti og væri hæstv. ríkisstjórn nær að reyna að hraða þeim málum sem hún boðaði sumarþing til til að fjalla um eins og skjaldborg um heimilin og fyrirtækin í landinu og aukin atvinnusköpun í landinu. Það sést fátt af því.

Ég verð að lýsa undrun minni á því að hv. meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar skuli ekki fjölga klukkustundum fyrir smábáta til að sækja sér þennan mögulega afla meira en úr 12 í 14. Það eru engin haldbær rök fyrir því að leyfa ekki lengri tíma, en skemmri tími skekkir mjög samkeppnisstöðu þeirra sem standa kannski veikast gagnvart þessu máli. Þetta skekkir mjög samkeppnisstöðu þeirra byggða sem m.a. hafa treyst mjög á byggðakvóta sem grunn að fiskvinnslu í viðkomandi heimabyggð vegna þess að þar er lengra á miðin en annars staðar. Þetta rýrir möguleika þeirra byggða til að sækja þennan afla. Þetta rýrir líka möguleika þeirra sem eru að kaupa sér ódýrari báta til að fara inn í þetta kerfi, en eitt af markmiðum frumvarpsins er sagt vera það að greiða fyrir nýliðun í greininni. Og skyldi maður þá ætla að það væri litið til þeirra sem hafa minna fé á milli handanna og ætla að reyna að treysta á eigin dugnað og eljusemi við að koma sér af stað og kaupa sér þess vegna ódýrari og hæggengari báta. En þarna er verið að hygla þeim sem eiga stærri, kraftmeiri og öflugri báta á sama tíma og verið er að hygla þeim byggðum þar sem stutt er á miðin á kostnað þeirra byggða sem sumar hverjar standa veikast og eiga lengra á miðin. Ég skil ekki

svona málsmeðferð, virðulegi forseti, og ég skil ekki að þeir vinstri flokkar sem starfa á þinginu og kenna sig við jafnaðarmennsku skuli stunda svona vinnubrögð þegar þeir á annað borð eru að hræra í þessum málum.

Með miklum harmkvælum, virðulegi forseti, tókst okkur loksins að fá fulltrúa Landhelgisgæslunnar á fund nefndarinnar í morgun og er það vel. Þar komu m.a. fram áhyggjur þeirra vegna fjareftirlitsbúnaðar og vegna aukins eftirlits og álags á Vaktstöð siglinga. Og þá kom í ljós að ekkert hefur verið rætt við Landhelgisgæsluna varðandi Vaktstöð siglinga, um mögulega aukið álag vegna þessa og mögulegan kostnaðarauka sem því kann að fylgja. Enn eitt dæmið um þann flumbrugang sem hér viðgengst.

Það hefur komið fram hjá Siglingastofnun að gefin hafa verið út leyfi á smábáta sem verið er að sækja um haffæri fyrir vegna þessara veiða. Gefin hafa verið út leyfi með undanþágu fyrir fjareftirlitsbúnaði upp í 1–3 mánuði. Það er því ljóst að við erum að brjóta þá reglu sem hefur verið við lýði og hefur verið grunnurinn að því öryggiskerfi sem fiskiskipafloti okkar býr við og er stærsti þátturinn í því að fækka slysum á sjó. Það er verið að gefa undanþágu fyrir fjareftirlitsbúnaði í mörgum skipum og gefin hafa verið út haffærisskírteini með þessum undanþágum. Reyndar virðist mér, eftir fund með nefndinni, sem þessu hafi verið breytt og Siglingastofnun gefi ekki út haffærisskírteini með þessum undanþágum lengur heldur verði menn að koma upp fjareftirlitsbúnaði sem er náttúrlega eðlileg krafa og allir á þessum vettvangi hafa búið við á undanförnum árum.

Á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar í morgun hvatti ég sérstaklega hv. þingmenn í meiri hluta nefndarinnar til að taka til skoðunar meðferð þeirra á byggðakvótanum í þessu samhengi. Það er verið að breyta leikreglum í miðjum leik, virðulegi forseti, og það er aldrei gott. (Gripið fram í.) Þegar menn leggja af stað í einhvern leik verða þeir að geta treyst því að þær leikreglur sem þeir eiga að spila eftir gildi allan tímann en svo er ekki í þessu tilfelli. Fjöldinn allur af útgerðarmönnum, sérstaklega minni útgerða, smábáta um allt land, gera út á það að fá úthlutun í byggðakvóta sem er grunnurinn fyrir fiskvinnslu í heimabyggð þeirra, en eins og menn vita væntanlega er byggðakvóta úthlutað þannig að menn verða að landa a.m.k. tvöföldu því magni sem þeir fá úthlutað í byggðakvótanum í sinni heimabyggð, til vinnslu í sinni heimabyggð. Þessu er verið að raska, virðulegi forseti, í miðjum leik. Þarna er líka verið að ógna þeirri leið sem hefur kannski verið helsta vonarleið nýliða í greininni þannig að frumvarpið er í raun farið að vinna gegn markmiði sínu. Nýliðar í greininni hafa getað fjárfest í bátum, keypt sér einhvern kvóta, landað í heimabyggð, náð sér í byggðakvóta og þannig byggt sig upp hægt og bítandi eins og dugmikið eljusamt fólk gerir gjarnan í atvinnurekstri. Aftur leggja þessir jafnaðarmannaflokkar stein í götu þessa fólks og hygla þeim efnameiri í þessu samhengi, þeim sem hafa efni á því að kaupa dýrari tæki og vinna þetta með þeim hætti.

Ég hvatti hv. meiri hluta til þess á fundi nefndarinnar í morgun að breyta þessu, hreyfa ekki við byggðakvótanum í þessari tilraunastarfsemi sinni, en eins og ítrekað hefur komið fram í málflutningi bæði nefndarmanna og hæstv. ráðherra þá er hér um tilraunastarfsemi að ræða og tilraunadýrin eru smábátasjómenn um allt land sem hafa treyst á byggðakvótann í rekstri sínum. Þeir skulu blæða, þeir eru tilraunadýrin hjá þessari hæstv. vinstri ríkisstjórn.

Við fengum á fund nefndarinnar, virðulegi forseti, fulltrúa sveitarfélaga, lítilla sveitarfélaga, sem hafa sagt okkur að verði þetta frumvarp að lögum þýði það einfaldlega að fiskvinnsla muni leggjast af á þeim stöðum, á stöðum sem eru kannski með um 200 tonn í byggðakvóta, sem þýðir að þar er landað a.m.k. um 400 tonnum og verður auðvitað miklu meira þegar menn eru á annað borð farnir að landa og það er vinnsla til staðar. Athafnamenn hafa verið að setja upp vinnslu á þessum stöðum byggða á þessum grunni. Þetta er sorglegt vegna þess að það er ekki eins og byggðakvótinn sé eitthvað sem mikil sátt hefur ríkt um í fiskveiðistjórnarkerfi okkar nema síður sé. Þetta hefur verið ágreiningsmál en í tíð hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Einars K. Guðfinnssonar, var búið að koma þannig skikki á úthlutunarreglur í þessu sambandi að sáttin um þetta var að aukast. Búið var að eyða þeim stóru ágreiningsmálum sem voru fyrir hendi en þá koma þessir jafnaðarmannaflokkar og ráðast á þetta með þeim afleiðingum sem ég hef farið yfir, mögulegu afleiðingum, og hefur verið lýst ítrekað fyrir nefndinni.

Það er engin tilviljun að við í minni hlutanum óskuðum eftir að fá alla þessa aðila á fund nefndarinnar. Ástæðan er einföld, um þetta mál er mjög mikill ágreiningur. Allir hagsmunaaðilar sem hafa komið fyrir nefndina gera meira og minna athugasemdir við málið. Þar er um að ræða smábátaútgerðarmenn, LÍÚ, öll samtök sjómanna, sveitarfélögin, stór og smá, og Samband íslenskra sveitarfélaga, ferðaþjónustuna. Allir sjá ógn í þessu en áfram skal keyrt á sama hraða. Þetta sem sett var fram í grænni nostalgíu af hálfu vinstri grænna fyrir kosningar algerlega vanreifað, algerlega vanhugsað er síðan tekið upp á arma núverandi ríkisstjórnar og skal keyrt áfram sama hvað það kostar. Það er sama, virðulegi forseti, hvað vitleysan kostar hjá ríkisstjórninni, það skal bara keyrt í gegn.

[18:33]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég sé ástæðu til að kveðja mér hljóðs í þeirri von, þó að veik sé, að ríkisstjórnarflokkarnir endurskoði hug sinn í þessu máli. Í sjálfu sér er ýmislegt gott í þessu frumvarpi. Það eru ágætir þættir þar sem snúa að frístundaveiðum, menntun og öðru slíku. En síðan er það sú grundvallarbreyting sem á að gera á fiskveiðistjórnarlöggjöfinni á Íslandsmiðum að taka upp opnar veiðar, þ.e. með frjálsum aðgangi, takmarka þó magn við 3.955 tonn. Ég tel að það sé skref aftur á bak í fiskveiðistjórnun á Íslandi og muni án vafa bæði draga úr þjóðhagslegri hagkvæmni greinarinnar og líka valda gríðarlegum vandamálum þegar fram í sækir. Ég ætla að fara í gegnum þetta og sennilega þá í síðasta sinn áður en þetta verður samþykkt ef stjórnarmeirihlutinn heldur fast við sitt.

Hvers vegna er þetta þjóðhagslega óhagkvæmt? Þetta er þjóðhagslega óhagkvæmt og menn þurfa að spyrja sig: Ef þetta frumvarp verður að lögum mun það leiða til þess að þessi kvóti eða þ.e. þetta magn, þessi 3.955 tonn, verði sótt með fleiri bátum eða færri en annars hefði orðið? Það er al-

veg augljóst mál, og menn þurfa ekki að hafa grandskoðað sögu sjávarútvegs á Íslandi síðustu áratugina til að átta sig á því, að með því að opna fyrir þessar veiðar með þessum hætti mun bátunum sem munu sækja þessi 3.955 tonn að sjálfsögðu fjölga. Það er augljóst. Það er ekki hægt, tel ég, að færa fyrir því rök að þeir verði færri eða jafnmargir. Hvað þýðir það ef bátunum fjölgar sem mega sækja þessi tonn? Hvaða afleiðingar hefur það í þjóðhagslegu samhengi? Það þýðir að söknarkostnaðurinn við að ná í þessa fiska verður meiri og þar með verður þjóðhagsleg hagkvæmni sjávarútvegsins minni. Það er staðreynd sem er óhrekjanleg þannig að þetta er vont fyrir íslenskt þjóðarbú. En þá spyrja menn: Er þetta gott fyrir einhverja einstaklinga, einhverja þá sem ekki eru að sækja sjóinn núna en sjá sér tækifæri til að gera það með þessu fyrirkomulagi? Svarið við því er nei. Þetta er ekki gott fyrirkomulag og reynslan er mjög harður og ólyginn kennari í þessu máli. Hvað mun gerast? Það sama mun gerast og gerðist þegar við vorum með dagakerfið, þegar aðgangur var á sínum tíma opinn sem síðan var reyndar lokað af, það sama og gerðist í skrapdagakerfinu á sínum tíma, og þetta mun gerast með eftirfarandi hætti:

Fyrsta sumarið, þ.e. þetta sumar núna, mun ekki verða nein stór fjölgun á þessum bátum. Það tekur tíma að gera báta hæfa til veiða. Menn þurfa að útvega sér báta o.s.frv. þannig að fyrsta sumarið, þar sem hver bátur má veiða 800 kíló á dag, munum við svo sem ekki sjá neinar stórar breytingar en það verða þó fleiri bátar sem munu verða á sjó. Síðan mun það gerast næsta sumar — þegar menn sjá þann hagnað sem varð hjá þeim sem gátu með þessum hætti komið inn í greinina þá munu auðvitað fleiri nýta sér það án nokkurs vafa. Nægur er viljinn og næg er kunnáttan og næg er getan. Hvað gerist þá? Þá gerist það einfaldlega að það klárast fyrr sem má veiða á hverju svæði sem sjávarútvegsráðherra er búinn að skipta landinu upp í þar sem hvert svæði hefur ákveðið magn sem má veiða í hverjum mánuði — eftir því sem bátarnir eru fleiri því fyrr er það sem sjávarútvegsráðherrann hringir bjöllunni og segir: Nú verðum við að hætta veiðunum. Þannig mun það ganga koll af kolli, bátunum mun fjölga, dögunum í hverjum mánuði sem má nýta þá mun fækka, dögunum þar sem þeir liggja við bryggju ónotaðir mun fjölga þangað til hagnaður í veiðunum er algerlega horfinn, þangað til allir eru farnir að tapa. Þeir sem leggja út í þessar fjárfestingar, af því að því hefur verið haldið fram í sölum þingsins af þeim hv. þingmönnum sem telja að þetta frumvarp sé vonarglæta fyrir sjávarbyggðir landsins — ef menn láta blekkjast af því hafa þeir ekkert lært af því sem gerðist einmitt í þessu sama kerfi þegar menn hafa gert sömu tegundir af tilraunum, nákvæmlega ekki neitt. (**Gripið fram í:** ... kvóta.) Það var nákvæmlega það sem gerðist, það var lokað og ef menn eru að fara í þetta sem einhvers konar tæki til að snuða kerfið enn einu sinni, gott og vel. (**Gripið fram í:** Koma þeim inn sem voru settir út.) Það er rétt sem hv. þingmaður bendir á, þeir verða komnir fyrstir inn sem seldu kvóta sem þeir höfðu á smábátana sína, áttu bátana áfram og fara nú aftur inn. Og hvert er nú réttlætið við það? En það er þetta sem mun gerast.

Að sjálfsögðu verður sú krafa uppi þegar fram líða stundir, af hálfu þeirra sem stunda þessar veiðar, þegar sjávarútvegsráðherrann kemur og segir: Nú er nauðsynlegt að hætta veiðum, nú er búið að klára þann þorsk sem ætlaður var fyrir þetta svæði. Haldið þið, hv. þingmenn og virðulegi forseti, að það verði þannig að menn muni sitja þegjandi og hljóðalausir hjá þegar þeim verður sagt að fara í land með bátana sína og bíða næstu 20 dagana af því að kvótinn kláraðist á fyrstu 10? Nei, það verður uppi gríðarleg krafa um það að auka veiðiheimildirnar fyrir þessa báta til að þeir geti haldið áfram að nýta þá. Innan skamms tíma verður gripið til þess ráðs að loka þessu. Það er það sem mun gerast. Það hefur gerst áður, það hefur gerst í öllum þeim tilvikum þar sem við höfum farið svipaða leið. Þegar búið er að loka fá þeir sem fóru inn réttindi sem þeir munu síðan væntanlega geta selt, fénýtt, farið aftur út og beðið eftir því að Alþingi Íslendinga verði svo vitlaust aftur að fara annan hring í málinu. Það er mjög alvarlegt.

Ég verð að segja eins og er og mér líður þannig, frú forseti, eins og allt minni og öll kunnátta í þessu máli hafi einhvern veginn þurrkast út í þessum sölum, að menn trúi því virkilega að þetta sé hægt. Menn eru tilbúnir til að horfa fram hjá allri þeirri sögu og allri þeirri reynslu sem við höfum af fiskveiðum á Íslandsmiðum og tilraunum okkar til að stjórna því. Menn vita nákvæmlega, frú forseti, hvaða afleiðingar þetta mun hafa. Það þarf ekki að gera neina tilraun í þessu máli. Enda er furðulegt að tala um tilraunastarfsemi í íslenskum sjávarútvegi á þessum tíma. En það er eins og menn haldi einhvern veginn að það komi eitthvað allt annað út úr þessari tilraun en öllum öðrum tilraunum sem menn hafa gert með nákvæmlega sömu aðferðum, með nákvæmlega sömu hugmyndum og það er alveg furðulegt á að hlýða. Ég held að það væri nær fyrir Alþingi Íslendinga að einbeita sér að því að búa íslenskum sjávarútvegi það rekstrarumhverfi sem er hvað öruggast og stöðugast til að sjávarútvegurinn geti orðið sú aflvél sem hann á að vera í því að keyra okkur út úr þeim efnahagsvanda sem nú er uppi.

Ofan á þetta furðulega frumvarp ætlar ríkisstjórnin sér, og hefur lýst því yfir að hún hyggist gera það, að fyrna aflaheimildir íslenskra útgerða um 5% á hverju einasta ári bótalaust. Það hangir ofan á og til viðbótar við þetta system sem hér á að koma saman. Ég verð að segja eins og er að það er ómögulegt að átta sig á því hvað vakir fyrir hv. þingmönnum. Ef þetta er hugmynd um eitthvert sérstakt réttlæti þá mun það réttlæti fara fyrir lítið þegar menn munu neyðast til að loka þessu aftur, og það mun gerast fyrr en varir. Þá verða til ný réttindi einmitt fyrir þá sem fóru inn og það eru sérstaklega þeir sem voru búnir að selja kvóta sinn áður, áttu áfram bátana og fá þá kvóta aftur úthlutað. Hvers lags réttlæti er þetta?

Ég geri mér, frú forseti, svo sem engar stórar grillur um það að ríkisstjórnin muni snúa af þessari óheillabraut. En þetta er mín spá. Þetta er það sem ég tel að muni ganga fram á næstu sumrum, næstu árum. Við munum horfa til baka til þessarar umræðu og velta því fyrir okkur hvernig á því stóð að við tókum ákvörðun á Alþingi um að horfa algerlega fram hjá þeirri reynslu sem við Íslendingar höfum í þessum málum. Það er alvarlegt mál.

Ég vil líka taka það fram að afstaða mín til þessa máls

byggist á ákveðnum grundvallarsjónarmiðum en hún er ekki byggð á því, eins og mátti skilja af athugasemdum sumra hv. þingmanna sem komu fram við 2. umr. þessa máls, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins standi einhverja sérstaka varðstöðu fyrir stórútgerð í landinu, eða menn geti ekki hugsað sér neinar breytingar á núverandi kerfi. Þannig er það ekki. Þetta er ekki fullkomið kerfi sem við búum við. En það eru ákveðin grundvallarsjónarmið, sem snúa m.a. að réttlætinu, sem snúa að möguleikum íslensku þjóðarinnar til að nýta þessa grundvallarauðlind — það eru slík sjónarmið sem menn hlaupa ekki frá.

Ég hef lýst því yfir, og geri enn og aftur, að ég tel mikla þörf á því að við skoðum kvótakerfið og samspil þess við líffræðilegu ráðgjöfina til að við getum unnið okkur hraðar upp með þorskstofnana, þ.e. að við bætum fiskveiðiráðgjöfina og rannsökum betur og skiljum betur samhengið á milli fiskveiðiráðgjafarinnar annars vegar og aflamarkskerfisins hins vegar. Það er mjög mikilvægt. Það getur leitt til þess að heildarafli á Íslandsmiðum eykst. En hugmyndir eins og sú sem hér liggur fyrir, þar sem sama afla á að sækja á fleiri skipum með meiri sóknarkostnaði, minni hagnaði fyrir greinina, þar af leiðandi minni þjóðhagslegum hagnaði — við hljótum að hafna slíkum hugmyndum. Þær eru ekki í rétta átt fyrir íslenskt samfélag, ég tala ekki um þegar svo illa árar eins og nú gerir og sjávarútvegurinn er jafnmikilvægur og hann er um þessar mundir.

Ég sé að hér gengur inn í salinn hæstv. sjávarútvegsráðherra og ég skora á hann að skoða þetta mál, íhuga það vel, læra af reynslunni, sjá hvaða mistök ýmsir forverar hans í embætti gerðu hvað þetta varðar og endurtaka þau ekki heldur gerast úrræðagóður og tillögugóður sjávarútvegsráðherra og falla frá þessu, sjá hvort ekki séu til aðrar leiðir til að ná þeim markmiðum sem hann er alveg örugglega, hæstv. ráðherra, að leita að, sem er að styrkja hinar veikari byggðir landsins, aðra leið en þá sem svo augljóslega veikir þær þegar upp verður staðið. Hverjum dettur í hug að það sé til styrktar byggðunum í landinu að auka útgerðarkostnaðinn? Hverjum dettur það í hug? Ég veit að hæstv. sjávarútvegsráðherra dettur það ekki í hug. Ég hef það á tilfinningunni að þessi hugmynd hafi orðið til einhvers staðar í kosningabaráttu, einhvers staðar á fundi óhugsuð og óútfærð og nú vilji menn framkvæma hana á þinginu í sumar til að fara af stað, eins og hefur verið ítrekað sagt af hálfu stjórnarliða, og gera tilraun með þessi mál. Tilraunin hefur þegar verið gerð, hæstv. sjávarútvegsráðherra, hún hefur verið gerð oftar en einu sinni. Niðurstaðan er alveg ljós. Er ástæða til þess, frú forseti, að endurtaka enn á ný sömu mistök?

[18:47]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir hv. þm. Illugi Gunnarsson taka ansi stórt upp í sig — ef ég má orða það svo, frú forseti, fyrirgefðu orðbragðið en þetta er nú góð íslenska — með því að útmála áform um strandveiðar með hrakspám.

Ég tel að hér sé verið að stíga mjög mikilvægt skref með því að opna almenningi leið, að þeir sem vilja stunda sjó, vítt og breitt um landið geti gert það án þess að þurfa að kaupa til sín kvóta. Þetta er ekki svo stórt magn af heildaraflahlutdeildinni eða aflamarkinu sem er í landinu. Þannig að það ætti nú ekki setja á slig. Í haust að afloknu þessu fiskveiðiári verður skoðað hvernig til hefur tekist og metið.

Ég verð að segja að þeir þingmenn sem koma hér hver á fætur öðrum, sérstaklega frá Sjálfstæðisflokknum og vilja halda svona gjörsamlega í óbreytt kerfi, að þar megi engu hagga og engu breyta og (Gripið fram í.) hafa mörg svo stór orð um að verið sé að feta sig inn á nýja braut í þó ekki stærra mæli en hér um ræðir, mér finnst að þeir eigi að hugsa sinn gang. Ég vildi miklu frekar heyra að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins kæmu og segðu: Þetta er athyglisverð tilraun, það er mjög athyglisvert sem þarna er verið að gera. Við skulum taka þátt í henni. Við skulum vera með í að meta árangurinn og (Forseti hringir.) sjá hvort þetta er skref til heilla og hvernig megi snúa því á enn betri veg. Þannig á að mínu (Forseti hringir.) mati, frú forseti, að nálgast málið.

[18:49]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir leitt að valda hæstv. sjávarútvegsráðherra vonbrigðum með því að vera ekki tilbúinn til að loka augunum fyrir reynslunni og láta eins og við séum að byrja nú í dag að stýra íslenskum sjávarútvegi.

Í upphafi skyldi endi skoða. Það sem menn verða auðvitað að átta sig á þegar þeir fara af stað með svona mál er hvar þetta muni enda. Sú spurning sem hæstv. sjávarútvegsráðherra þarf að spyrja sjálfan sig að er þessi, frú forseti: Hvenær kemur að því að ég þurfi að loka kerfinu? Vegna þess að ef bátar halda áfram að flykkjast í þetta kerfi, sem ég tel að sé alveg einsýnt og einboðið, og eftir að sjávarútvegsráðherra er búinn að hrekjast í að fækka dögunum sem menn mega nota bátana, því menn hafa hámarksaflamarksviðmið fyrir hvern mánuð á hverju svæði, hvenær telur hann mögulegt að hann komist í þá stöðu að segja: Hingað og ekki lengra verður gengið, hérna verð ég að loka fyrir það að menn bætist inn í þetta kerfi?

Annað atriði varðar þá fullyrðingu að við sjálfstæðismenn séum ekki tilbúnir til að skoða neinar breytingar. Ég veit ekki betur en að við höfum lýst því yfir að við munum taka þátt í vinnu þess starfshóps sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða þetta kerfi. Hæstv. ráðherra hefur lagt fram mjög opið umboð fyrir nefndina en á sama tíma er hann að keyra í gegn þetta mál og yfir okkur hanga 5% afskriftahugmyndir.

Að lokum vil ég segja að það verður mjög skrýtið ef menn ætla sér að meta afrakstur þessa núna í sumar. Það verður stuttur tími. Ég benti á í ræðu minni áðan að að sjálfsögðu munu ekki bætast við mjög margir bátar á þessu sumri. En á næsta og svo næsta og svo koll af kolli, síðan mun hæstv. ráðherra fækka dögunum þangað til að kemur að hinu óumflýjanlega. Hann verður að loka kerfinu. Það hefur gerst áður og ítrekað. Það er saga þessara fiskveiða. Það er óeðlilegt og rangt að horfa fram hjá reynslunni í þessu máli. (Forseti hringir.)

[18:51]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hægt að reikna sig með öllum sínum hrakfallahugmyndum alveg niður í botn eins og hv. þm. Illugi Gunnarsson gerir hér. Ég varð fyrir vonbrigðum með hv. þingmann því oft finnst mér hann segja margt skynugt.

Ég vil minna á skoðanakönnun sem gerð var af Háskólanum á Akureyri nú nýverið og mér finnst afar athyglisverð. Það var skoðanakönnun meðal ungs fólks, framhaldsskólanemenda en meginþorri unglinga fer í framhaldsskóla. Í fyrsta lagi var spurt: Hvaða atvinnugreinar teljið þið að skipti þjóðina mestu máli á næstunni, bæði í atvinnulegu og þekkingarlegu tilliti? Yfirgnæfandi meiri hluti nefndi sjávarútveg. Næst nefndu þeir ferðaþjónustu og svo landbúnaðinn. Þetta sýnir í hversu miklum mæli framleiðslugreinarnar eiga hug fólks núna.

En jafnframt voru nemendur spurðir hvort þeir vildu starfa við sjávarútveg. 2 –3% af þeirra voru reiðubúnir eða vildu læra eða starfa tengt sjávarútvegi. Það að ætla að reka höfuðatvinnuveg þjóðarinnar í þvílíkri ósátt eða ímyndarvanda gagnvart uppvaxandi kynslóð gengur einfaldlega ekki upp. Þeir þingmenn sem halda að hægt sé að halda öllu óbreyttu hvað þetta varðar og hafa uppi alls konar hrakyrði um það þegar verið er að feta sig inn á nýja braut sem gæti opnað þetta kerfi aðeins, þegar lítið skref er stigið til að leita sátta meðal þjóðarinnar um nálgun á þessari auðlind, (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) ég vil bara undirstrika það að þessir menn verða að horfast í augu við raunveruleikann (Forseti hringir.) og hér er góð leið til þess að fara af stað með, frú forseti.

[18:54]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get vel skilið að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi orðið fyrir vonbrigðum með málflutning minn. (**Sjútvrh.:** Já, en þú getur nú bætt þig.) Það kemur mér ekkert á óvart. (Gripið fram í.) Það kemur ekki á óvart af því að þannig er jú í mannheimum að mönnum líkar ekki alltaf að vera sagður sannleikurinn og vilja oft horfa á hann með sínum augum, loka augunum fyrir því sem er óþægilegt og hentar ekki inn í þá mynd sem menn vilja draga upp af raunveruleikanum.

Raunveruleikinn er sá sem ég lýsti áðan. Og af hverju segi ég það? Vegna þess, frú forseti, að reynslan sýnir okkur það, reynslan af dagakerfi smábátanna, reynslan af skrapdagakerfinu, reynslan af því þegar við höfum haft opinn aðgang inn í auðlindina.

Það hafa engin borist svör frá hæstv. ráðherra eða hv. þingmönnum þegar um þetta hefur verið spurt. Um þessa atburðarás, um þetta orsakasamhengi. Einu svörin sem hafa borist eru þau að menn séu svartsýnir, skilji ekki að skoðanakannanir í Háskólanum á Akureyri sýni eitthvað sem henti ekki o.s.frv.

Ég man það og ég veit að hæstv. ráðherra man það jafnvel betur en ég því hann er þetta eldri, hvernig komið var fyrir íslenskum sjávarútvegi og hversu fýsilegt mönnum þótti að starfa innan þeirrar greinar hér á árum áður þegar aðgangur var opinn fyrir alla. Þegar allir gátu komið og hafið störf í þeirri grein. Og hvers vegna var það sem menn töldu það ekki mjög fýsilegt þegar um það var spurt í skoðanakönnunum? Vegna þess að það var allt á hvínandi hausnum vegna þess að það voru allt of mörg skip, allt of mörg frystihús til þess að vinna og veiða allt of fáa fiska.

Þetta frumvarp, verði það að lögum, gerir bara það eitt að það verða fleiri bátar til að veiða sama magn af fiski. Það dregur úr þjóðhagslegri hagkvæmni. Ég sé að nú er kominn í salinn hæstv. fjármálaráðherra. Þetta frumvarp getur nú varla glatt hann mjög þegar hann hugsar til þess hvaða skatttekna hann gæti hugsað og látið sig hlakka til að fá frá sjávarútveginum. Því (Forseti hringir.) þær munu minnka vegna þessa frumhlaups hæstv. sjávarútvegsráðherra.

[18:56]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Þetta er að mörgu leyti merkilegt mál sem við erum að ræða hér. Ég talaði í 1. umr. um það og taldi þá að við værum að ræða mál sem fengi mjög vandaða og góða yfirferð hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og yrði síðan til umræðu og mönnum yrði gefinn góður tími til umræðna.

Það er dálítið merkilegt að horfa fram á það að hér erum við með annað mál sem lýtur að sjávarútveginum. Fyrst hefur verið tilkynnt um fyrningu aflaheimilda. Hér er svo komið með frumvarp þar sem í rauninni er verið að flytja fjögur lítt skyld mál saman. En á sama tíma óskar hæstv. sjávarútvegsráðherra eða ríkisstjórn eftir því að tilnefndir séu fulltrúar í að endurskoða fiskveiðistjórnina, sem er mjög gott. Enda hældi ég hæstv. ráðherra fyrr í dag fyrir að hafa óskað eftir því að tilnefnt yrði með formlegum hætti í þessa nefnd og þar á meðal hagsmunaaðilar.

En það er dálítið skrýtið að á sama tíma og talað er um samráð og samvinnu þá er verið að demba slíkum málum sem tengjast þessu beint yfir þingið. Ég hefði haldið að það væru rétt vinnubrögð að mál sem þetta yrði ekki keyrt hér í gegn núna með þessu hraði heldur yrðu þessi mál rædd í nefndinni eða vinnuhópnum, þetta heitir víst vinnuhópur, sem á að fjalla um fiskveiðistjórnarkerfið.

Það kemur m.a. fram þegar farið er yfir ferli þessa máls að þeir umsagnaraðilar sem fengu til sín erindi fengu mjög stuttan tíma. Meðal annars gerði Byggðastofnun mjög miklar athugasemdir við það að hún fékk einungis einn dag til þess að fjalla um þetta mál. Það eru í sjálfu sér vinnubrögð sem ekki eru til eftirbreytni.

Mér finnst ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að tala um að þeir sem gagnrýna þetta frumvarp vilji halda öllu óbreyttu. Ef svo væri að við vildum halda öllu óbreyttu tækjum við ekki þátt í að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið eins og við höfum ákveðið að gera. Þá hefðum við einfaldlega hunsað það boð og sagt að þetta væri á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. En við höfum hins vegar sýnt það í verki að við erum tilbúin til þess að endurskoða þetta með því að tilnefna fulltrúa í þennan vinnuhóp.

Það er kallað eftir því að þingmenn nálgist þetta mál jákvætt og lagt upp úr því að menn eigi að vera víðsýnir og þora að ræða hlutina og slíkt. Það er alveg sjálfsagt að gera það og ég tek undir það. En það er mjög vandasamt að

nálgast mál sem eru unnin með þessum hætti, sett fram með þessum hætti með jákvæðum huga þegar vinstri höndin ef má orða það þannig, segir: Við skulum fara og gera fjórar óskyldar breytingar á fiskveiðistjórninni. En hægri höndin boðar svo samráð og segir: Við skulum fara yfir þetta í heild. Slíkt er ekki ásættanlegt.

Það sem er samt kannski einna alvarlegast við þetta mál allt saman er að það er verið að færa veiðirétt frá veikustu sjávarbyggðum landsins. Það er eitthvað sem gengur ekki að mínu viti og ég trúi ekki að hafi verið upphaflegt markmið hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra. Ég held að hafi hann viljað fara þessa leið þá hefði hann getað gert það með öðrum hætti, þ.e. aukið kvótann svo ekki sé verið að skerða byggðakvótann. Þau byggðarlög sem hafa fengið byggðakvóta eða hafa notið góðs af honum hefðu þá getað gert það áfram.

Það er líka varhugavert í þessu öllu saman eða svolítið sérstakt að þessi breyting býður upp á að þeir sem hafa verið gagnrýndir einna helst, það sem mest hefur verið gagnrýnt í fiskveiðistjórnarkerfinu er að menn geti selt sig út úr kerfinu, nú hafa þeir aftur tök á að kaupa sig inn í það eða sem sagt að komast inn í kerfið með því að ná sér í bát. Þeir hafa margir hverjir einna helst efni á því að kaupa sér bát og fara á veiðar og afla sér þá væntanlega veiðireynslu og eitthvað slíkt. Það er því margt sem er gagnrýnivert í þessu.

En ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð um þetta. Þetta mál er í raun unnið þannig og sett fram með þeim hætti að það er mikill gassagangur á þessu. Á sama tíma er verið að tala um samráð og sátt og alla þá hluti.

Ég vil þó að endingu taka undir áhyggjur hv. þm. Illuga Gunnarssonar varðandi það sem hann nefndi áðan, að verið sé að taka upp og fara af stað með óhagkvæmni sem búið er að vinna mikið að að eyða í kerfinu. Ég efast ekki um að það séu leiðir til þess að breyta núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. En ég held að það sé rangt að gera það ef það er einsýnt eða líklegt að sú breyting sem ákveðin verður leiði til þess að óhagkvæmnin í kerfinu aukist.

Að endingu vil ég enn og aftur ítreka og ég vil að það komi skýrt fram að mér þykja vinnubrögðin varðandi þetta mál ekki við hæfi í ljósi þess að hér er mikill vilji til þess að skoða málefni sjávarútvegsins frá upphafi til enda, mundi ég segja. Mér finnst ekki rétt að fara fram með málið með þessum hætti og þess vegna geri ég miklar athugasemdir við það.

[19:03]

Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegi forseti. Það mætti halda af þeim ræðum sem hafa haldnar verið um þetta mál, breytingar á stjórn fiskveiða í þá veru að auka handfæraveiðar, heimila frjálsar handfæraveiðar við Íslandsstrendur, að það skipti algjörum sköpum fyrir land og þjóð. Hér færi hreinlega allt fjandans til ef þetta mál næði fram að ganga. Það er nú öðru nær.

Ég hafði vonað að við þessa umræðu mundi skapast einhver yfirvegun og rólegheit, menn yrðu tilbúnir til að endurskoða stjórn fiskveiða eins og þeir segjast vera tilbúnir til, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokks og hv. þingmenn Framsóknarflokks sem hafa farið hvað harðast fram í gagnrýni sinni á þetta mál. Það hafa þeir ekki verið, hv. þingmenn hafa ekki verið tilbúnir til að ræða þetta á þeim grunni að sé hægt sé að halda uppi samræðu um það þó að þeir telji sig og haldi því ítrekað fram að þeir séu meira en tilbúnir til að fara í endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu og séu fullir vilja til þess.

Það er eingöngu út af því að nú hafa þeir verið neyddir til þess að taka þátt í endurskoðun á fiskveiðikerfinu, þeir hafa ekki þurft þess hingað til með meiri hluta í ríkisstjórn, þeir hafa verið dregnir að því borði, nauðugir viljugir og þess vegna eru þeir komnir í þá stöðu sem þeir höfðu aldrei óskað sér að lenda í, þ.e. að taka þátt í endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.

Menn hafa talað mikið um reynslan sé ólygnust og talið upp dæmi um að það sé algjörlega ómögulegt að heimila veiðar af þessu tagi vegna þess að reynslan sýni að það mundi allt enda með ósköpum og hér færi allt fjandans til eins og ég sagði áðan. Menn ættu að skoða reynsluna af fiskveiðistjórnarkerfinu að öðru leyti. Við höfum, virðulegi forseti, aldarfjórðungsreynslu af því fiskveiðistjórnarkerfi sem núna loksins er verið að reyna að hreyfa við, sem núna loksins eftir öll þau ár er verið að reyna að hreyfa við og færa til betri vegar og sú reynsla er bara alls ekki góð. Þar hefur þjóðin öll verið höfð að tilraunadýri, hver einasta byggð, hver einasta sveit í öllu landinu, hver vík og hver fjörður hefur verið hafður að tilraunadýri í því tilraunaverkefni sem lagt var af stað með í byrjun níunda áratugarins. Reynslan er ólygnust í því og hún segir okkur að við eigum að leita nýrra leiða, opna á ný tækifæri, vera fersk í hugsun og reyna að snúa ofan af þeirri vitleysu sem við erum komin í hvað það varðar.

Í sjálfu sér snýst þetta mál ekki um heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða, það er síðara mál, síðara verkefni sem við munum fara í á haustdögum, vonandi.

Gagnrýni sem hv. þingmenn hafa að öðru leyti haft uppi um þetta frumvarp snýr að því að það sé verið að breyta leikreglum í miðjum leik. Ég átta mig ekki á því hvað hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins meina með því að leikreglum sé breytt hér í miðjum leik, ég átta mig ekki á leiknum, hver leikurinn er og hvaða leikreglum er verið að breyta. Það er verið að auka, það er verið að bæta í þær heimildir sem smábátar geta veitt á Íslandi, það er ekki verið að draga úr því. Það er verið að lagfæra gallað kerfi, meingallað kerfi, sem engin sátt er um og engin sátt hefur verið um í mörg ár, sérstaklega undir stjórn þáverandi sjávarútvegsráðherra hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar þar sem ekki hefur tekist að úthluta nema litlum hluta þess byggðakvóta sem hefur verið til úthlutunar á hverju ári og um hann hafa staðið deilur mánuðum og árum saman. Um það hefur engin sátt verið.

Það hefur verið gagnrýnt hér að það sé verið að gefa út haffæriskírteini á þá báta sem hugsanlega munu sækja í þetta nýja handfærakerfi, en hvað segir um það í lögunum? Hvað segir um það í frumvarpinu sem nú liggur hér fyrir, virðulegi forseti?

Með leyfi forseta, ætla ég að lesa upp úr frumvarpinu:

„Aðeins er heimilt að veita fiskiskipi leyfi til veiða samkvæmt þessu ákvæði að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.“

Hvað segja þau lög? Í 5. gr. laga um stjórn fiskveiða segir, með leyfi forseta:

„Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.“

Með öðrum orðum, það gilda bara sömu reglur um þá báta sem ætla að fara á handfæraveiðar innan þessa kerfis eins og alla aðra báta á Íslandi sem fá veiðileyfi, það er bara svo einfalt. Það er ekki verið að flækja málin nokkurn skapaðan hlut, einfaldara getur þetta ekki verið.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hafa borist fjölmargar athugasemdir eða við höfum fengið greinargerðir frá fjölmörgum aðilum, bæði opinberum aðilum, stofnunum, samtökum og einstaklingum, sem flest hver — öfugt við það sem hér er sagt og haldið fram — flest hver hafa sýnt þessu máli velvilja.

Hér erum við með erindi frá Landssambandi smábátaeigenda og í áliti þeirra samtaka segir, með leyfi forseta:

„Landssamband smábátaeigenda, LS, lýsir ánægju með framkomið frumvarp um aukið frjálsræði til handfæraveiða.“

Sambandið gerir að vísu nokkrar athugasemdir við frumvarpið sem hefur verið tekið tillit til nánast að öllu leyti. Síðast í morgun kom fulltrúi Landssambands smábátaeigenda á fund nefndarinnar og gerði örlitlar athugasemdir við frumvarpið sem nefndin brást við.

Fiskistofa sendi inn álit um frumvarpið og gerði engar athugasemdir við það.

Fulltrúi Farmannasambands Íslands og Félags skipstjórnarmanna kom á fundinn og gerði örlitlar athugasemdir við frumvarpið en það finnast þó engar samþykktir innan þess félagsskapar um þetta mál að nokkru leyti. Þar hefur stjórn þess félags aldrei nokkurn tíma rætt þetta mál, það hefur aldrei verið borinn upp til ályktunar, til samþykktar í stjórn þess félagsskapar, nokkur hlutur þessu tengdur. Það veit ég vel því að ég sit í stjórn þessa klúbbs, það hefur aldrei verið rætt.

Einstaklingar hafa lagt fram álit um þetta frumvarp og gert við það örlitlar athugasemdir en í grunninn mælt með því að það verði tekið fyrir og samþykkt á Alþingi.

Það þarf ekki að vekja neina undrun að Landssamband íslenskra útvegsmanna mæli gegn frumvarpi af þessu tagi, það liggur við að það gerist bara sjálfkrafa ef sjávarútvegsmál eru tekin til umræðu á Alþingi þá leggist Landssamband íslenskra útvegsmanna gegn því, þannig að það er í sjálfu sér engin frétt.

Það hafa borist fjölmargar ályktanir frá sveitarfélögum víða um landið og fjölmargar ályktanir frá sveitarfélögum sem hvetja til þess að fiskveiðistjórnarkerfið verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar, fjölmargar ályktanir sem hvetja til þess.

Ég vil vitna hér í samþykkt í bæjarráði Akureyrar, það er nú enginn smávegis sjávarútvegsbær, þar sem meiri hluti bæjarráðs Akureyrar samþykkir eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„Íslenskur sjávarútvegur mun gegna lykilhlutverki við þá endurreisn atvinnulífsins sem fram undan er. Það er því afar mikilvægt að skapa greininni bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og treysta þannig rekstrargrundvöllinn til langs tíma, en jafnframt verði leitað sátta um stjórn fiskveiða.“

Þetta segir bæjarráð Akureyrar og vitnar beint í samstarfssáttmála ríkisstjórnarflokkanna, Vinstri grænna og Samfylkingar. Áfram heldur bæjarráð Akureyrar, með leyfi virðulegs forseta:

„Bæjarráð Akureyrar tekur heils hugar undir þetta. Það er löngu tímabært að skapa vinnufrið í íslenskum sjávarútvegi og ná sátt um stjórn fiskveiða.“

Þetta er það sem bæjarráð Akureyrar, í þeim mikla sjávarútvegsbæ, hefur fram að færa. Þar sitja nú sjálfstæðismenn, ef ég man rétt, í meiri hluta með bæjarstjóra, í það minnsta þegar þetta var ritað og samþykkt. (**JónG:** Hv. þingmaður er að rugla saman tveimur málum.) Það er hvatt til endurskoðunar og þetta er hluti af endurskoðun fiskveiða. Hv. þm. Jón Gunnarsson kallar fram í að ég sé að rugla saman tveimur málum, en hann talaði um þetta sama mál í sömu andrá og hann talaði um frumvarpið um frjálsar handfæraveiðar hér áðan. Þá var hann að tala um fyrirrætlanir ríkisstjórnarinnar varðandi endurskoðun á stjórn fiskveiða, þannig að það er ekki eins og verið sé að blanda saman málum hér hvað það varðar.

Fleiri ályktanir sem sveitarstjórnir hafa sent frá sér. Það má nefna við að utanverðan Eyjafjörð er sveitarfélag sem heitir Fjallabyggð sem sendi frá sér sambærilega ályktun og kom frá Akureyrarbæ. Ef ég man rétt er bæjarstjórnarmeirihluti þar samansettur af Sjálfstæðisflokknum og framsóknarmönnum og þar er bæjarstjórn samhljóða með níu atkvæðum, nánast orðrétt yfirlýsing eins og kemur frá bæjarráði Akureyrar.

Það má vísa til sveitarstjórans í Breiðdalshreppi og víðar. Það er verið að kalla eftir endurskoðun á óréttlátu kerfi og þetta er fyrsta leiðin í því. Það er ekki eins og það sé verið að snúa heiminum á hvolf þó að 2.500 tonnum eða hvað það nú er sé bætt við til að auka frjálsar handfæraveiðar við Íslandsstrendur. Það er ekki eins og hér muni allt fara fjandans til ef það verður leyft, virðulegur forseti.

Það vekur líka athygli mína hversu harkalega og af mikilli hörku andstæðingar þessara breytinga bregðast við hér í þingsal miðað við þau viðbrögð sem urðu í sjávarútvegsnefnd fyrr í morgun, við þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð við undirbúning þessa máls þar sem fulltrúar minni hlutans í nefndinni þökkuðu formanni nefndarinnar fyrir vel unnið starf, fyrir að taka tillit til athugasemda sem hafa borist nefndinni og fyrir að hafa orðið við beiðnum minni hlutans um að taka inn umsagnaraðila og að fá frumvarpið inn til umræðu í nefndinni milli 2. og 3. umr. Það var varla hægt annað á þeim að skilja en að þeir væru ósköp sáttir við það vinnulag allt saman frá upphafi til enda. Þeir treystu sér reyndar ekki til að styðja þær breytingar sem voru gerðar á frumvarpinu í morgun í nefndinni að ósk Landssambands smábátaeigenda þó að þeir væru í hjarta sínu fylgjandi því eins og heyra mátti á ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar áðan.

Þetta frumvarp finnst mér vera hið besta mál, þetta er framfaramál í sjávarútvegi. Það er verið svo sannarlega að

gera tilraun eins og oft hefur komið fram. Það er alltaf og öll mál sem hingað hafa komið varðandi sjávarútveginn eru í því formi til að byrja með, þar á meðal byggðakvótinn sem var lagður fram á Alþingi sem tilraun til að leita sátta í sjávarútvegi en sú leið mistókst og sú reynsla er ólygnust. Hún mistókst rétt eins og stjórn fiskveiða í heild sinni hefur að stórum hluta mistekist, þess vegna er verið að breyta því. Þess vegna verðum við að taka okkur á og hætta að spyrna við gegn handónýtu kerfi sem engu hefur skilað í þjóðarbúið.

[19:16]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er sérstakt að heyra hv. þingmann snúa út úr málum algerlega þvers og kruss. Hann vitnar í mikla sátt hjá sveitarfélögum um þær breytingar sem verið er að gera og vitnar til ályktana í Fjallabyggð og á Akureyri þar sem hvatt er til þess að farið verði í ákveðna endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu í heild sinni til að tryggja grundvöll þess. Þetta eru þær byggðir m.a. sem fara mjög illa út úr strandveiðifrumvarpinu og það þekkir hv. þingmaður mjög vel. Hann kemur frá þessu svæði og veit að smábátasjómenn á þessum svæðum munu eiga mjög undir högg að sækja í þessu kerfi vegna þess að það er svo langt á miðin fyrir þá. Samkeppnisstaða þeirra skerðist verulega.

Enn og aftur er LÍÚ-grýlan dregin á flot og sagt að ekki komi á óvart þótt LÍÚ sé á móti frumvarpinu og breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu. En hvað með alla hina? Hvað með alvarlegar athugasemdir smábátasjómanna, ferðaþjónustunnar, allra sjómannasamtaka landsins, sveitarfélaganna um landið, einstakra sveitarfélaga sem segja að grundvelli undir fiskvinnslu á viðkomandi stöðum sé ógnað með þeim hætti að reikna megi með að hún leggist niður? (Gripið fram í.) Súðavík, Stykkishólmur og fleiri staðir sögðu: Vinnslan mun hreinlega leggjast af við þetta.

Við þökkuðum fyrir það á fundi nefndarinnar í morgun að hafa fengið umsagnaraðila á fund en það var eftir að við höfðum náð að draga (Forseti hringir.) það út úr formanni nefndarinnar með töngum, við fengum umsagnaraðila á fund milli 2. og 3. umr. sem þó hefur leitt af sér breytingar (Forseti hringir.) sem eru jákvæð skref en ganga alls ekki nægilega langt. Við sjálfstæðismenn treystum okkur til að styðja þessar breytingartillögur af því að við viljum ganga lengra.

[19:18]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér hefur oft fundist felast í orðum þeirra sem hafa talað af hálfu minni hlutans um þetta mál að Íslendingar séu að uppistöðu til hálfgerð fífl, að fólk sé fífl, að sjómenn séu kjánar og þeir kunni ekki fótum sínum forráð, rói út í vitleysuna án þess að taka veðurspá hvað þá meira. Sveitarstjórnarmenn bættust nú við hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni áðan, að þeir vissu ekkert um hvað þeir væru að tala, allra síst norður í Eyjafirði og þó svo að sveitarstjórnarmenn þar samþykktu það og hvettu til þess að farið væri í að endurskoða lög um stjórn fiskveiða vissu þeir ekki um hvað þeir væru að biðja. Hér hefur verið rætt líka, eins og hv. þingmaður nefndi áðan, að ferðaþjónustan muni fara illa út úr þessu. Hvað sögðu ferðaþjónustuaðilar, virðulegi forseti, þegar þeir komu fyrir nefndina? Þeir sögðu að þeir mundu líklega fara betur út úr því að fara út í þetta kerfi, handfærakerfi, smábátakerfi en að vera í ferðaþjónustunni. Er það svo slæmt? Er það svo djöfullegt að menn finni sér annan farveg í lífinu, að þeir hagnist meira á því að vera í atvinnurekstri af því taginu en að læsa sig fasta einhvers staðar þar sem þeir hafa engan hagnað? Ég held ekki. Ég hélt að það væri m.a. markmiðið að hvetja menn til að finna sér farveg þar sem þeir skila nógu miklu bæði til sjálfs sín og til samfélagsins.

Hv. þm. Illugi Gunnarsson nefndi það áðan hvernig reynslan af þessu mundi verða í framtíðinni þegar við færum að líta til baka, að bátum mundi fjölga og fjölga þar til hagkvæmnin hyrfi úr þessu, um leið og smábátasjómenn mundu sjá það í ár að hagnaður væri í þessu mundu þeir flykkjast í þetta og ekki hætta fyrr en hagnaðurinn væri horfinn, allir farnir á hausinn, allir farnir að tapa. Með öðrum orðum, fólk er fífl að hans mati.

[19:20]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér er djúpt seilst, verð ég að segja, þegar vitnað er til þess að ég tali um fólk sem fífl þegar ég vitna í umsagnir aðila, þegar ég vitna í þær umræður sem hafa farið fram. Hv. þm. Björn Valur Gíslason kýs að snúa út úr máli mínu og kýs að snúa út úr þeirri hvatningu sem hefur komið frá sveitarfélögum um að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið þegar þau sömu sveitarfélög hafa alvarlegar athugasemdir við þær breytingar sem hér er verið að gera, vegna þess að þessar breytingar koma viðkomandi sveitarfélögum mjög illa og smábátasjómönnum sérstaklega á þessum svæðum. Það er alger lágmarkskrafa, virðulegi forseti, að í ræðustól Alþingis sé a.m.k. ekki hallað réttu máli. Og að sjómenn rói út í vitleysuna og taki ekki einu sinni veður, það er ekki eins og hv. þm. Björn Valur Gíslason þekki ekki vel til sjómennsku. Hann er skipstjóri sjálfur og kemur úr sjávarútvegi, hann þekkir það vel þegar smábátasjómenn búa við slíkt kerfi að þeir eru þvingaðir til að fara á sjó út af þröngum tímamörkum eða þvingaðir til að landa þess vegna á sama stað, að fara aftur inn í þá höfn sem þeir lögðu upp, hann veit vel hvaða slysahætta getur verið fólgin í því þegar hvatinn í kerfinu býður upp á það að menn taki áhættu. Við bendum einfaldlega á að reynt verði að laga þetta, að þær leiðir sem augljóslega eiga fara í gegn í þessu kerfi verði þó öruggari en ella, þær verði öruggari en lagt er upp með í frumvarpinu í dag.

Ég lít ekki á þetta fólk sem vitleysinga og það er einmitt þess vegna, virðulegi forseti, sem við sjálfstæðismenn og minni hlutinn í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd lagði svo mikla áherslu (Forseti hringir.) á að fá þetta fólk til viðræðu við okkur um þessi mál, fá þetta fólk á fundi nefndarinnar á sama tíma og fulltrúar meiri hlutans sögðu að menn gætu bara sent þetta frá sér í tölvupósti eða faxskeytum til nefndarinnar og komið sjónarmiðum sínum þannig á framfæri.

[19:23]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það virðist allt bera að sama brunni í

ræðum hv. þm. Jóns Gunnarssonar í þessu máli. Í ræðum í gær um þetta mál fór hann ítrekað yfir það hvernig sjómenn mundu haga sér ef frumvarpið yrði að lögum að þeim yrði heimilt að sækja sjó innan þess kerfis.

Hann talaði ítrekað um meðferð afla, menn mundu fara illa með aflann og það yrði lítið hugsað um meðferð á aflanum. Það mundi rýra aflaverðmætið, sagði hann orðrétt í gær, (Gripið fram í.) ef menn fara út í þetta kerfi. Samt sem áður mælir hann með því í dag. Hv. þm. Jón Gunnarsson gerir athugasemd við þá ákvörðun meiri hlutans á nefndarfundi í morgun að auka úthaldið, að leyfa lengra úthald á bátunum, um tvo tíma, úr 12 í 14. (**JónG:** Og lengur.) Að fara aðeins lengra. Það er ekki verið að hugsa um verðmæti aflans þar, að rýra gæðin þá, heldur betur ekki. Það er ekki verið að hugsa um vinnulöggjöfina í landinu sem mælir með því að ekki sé unnið sé lengur en 14 tíma á dag. Það er ekki verið að hugsa um öryggismálin þar. (Gripið fram í.) Þó hélt ég að hv. þingmaður gerði það og ég veit það, ég ætla ekki að gera honum upp þá skoðun, virðulegi forseti, að hann sé að reyna að auka óöryggi sjómanna því að ég hef reynt hann af öðru og veit að hugur hans stendur til þess að reyna að tryggja öryggismál sjómanna sem mest. En ég er ekki alveg tilbúinn til að kaupa þau rök sem hv. þingmaður hefur fram að færa að telja að væntanlegu kerfi í frjálsum handfæraveiðum fylgi hvati til að taka áhættu. Ég treysti íslenskum sjómönnum miklu betur en svo að þetta sé þeim hvatning til að taka áhættu að óþörfu.

[19:25]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef fylgst með umræðunni um stjórn fiskveiða í gær og í dag og raunar er það svo að inn í þá umræðu hafa flækst almenn sjónarmið um breytingar á fiskveiðilöggjöfinni sem ríkisstjórnin hyggst hrinda í framkvæmd. Það má segja að öll umræðan beri þess vitni að menn treysta nú jafnvel meira en oft áður á þá grundvallaratvinnugrein sem sjávarútvegurinn er og hún er kannski að fá meira vægi í sölum þingsins þessa dagana en árin á undan þegar menn voru uppteknari af öðrum hlutum í landinu en að hugsa um þessar grundvallaratvinnugreinar sjávarútveg og auðlindanýtingu.

Einmitt þess vegna langar mig að spyrja hv. þm. Björn Val Gíslason þegar horft er til þess hversu mikilvægur sjávarútvegurinn er fyrir íslenskt samfélag, hvort hann telji virkilega að um kerfi þar sem verið er að úthluta takmörkuðum gæðum geti nokkurn tíma orðið fullkomin sátt. Þetta tal stjórnarliða — ég tek sem dæmi hv. þm. Róbert Marshall sem fer mikinn þar — að það þurfi að gera sátt við þjóðina, það þurfi að kalla inn veiðiheimildir strax til að ná þeirri sátt, telja menn virkilega að í kerfi af þessum toga sé hægt að ná fullkominni sátt? Það er rétt að vinna þarf á ýmsum agnúum sem eru í kerfinu, það er reynt, en annað er að halda því fram að um kerfi sem veitir takmörkuð gæði geti orðið víðtæk og almenn sátt í samfélaginu. Svoleiðis verður yfirleitt aldrei þegar um slík kerfi er að ræða.

Enn fremur langar mig til að spyrja hv. þingmenn hvort hann telji, miðað við þær aðstæður sem íslensk þjóð er í núna þar sem í rauninni allt er meira og minna upp í loft, ástæðu til að fara af stað með breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu sem geta valdið verulegum óróa, geta valdið viðkomandi fyrirtækjum búsifjum, hvort við Íslendingar þurfum á því að halda núna þegar við þurfum meira en nokkru sinni fyrr að stóla á okkar grundvallaratvinnugreinar til sjávar og sveita.

[19:27]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel undir með hv. þm. Ólöfu Nordal varðandi það að við munum þurfa að treysta á sjávarútveginn nú sem aldrei fyrr í þeim hremmingum sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir. Sjávarútvegurinn hefur kannski aftur fengið þá stöðu í samfélaginu sem hann var í áður fyrr en varð undir í hringavitleysunni sem reið yfir samfélagið á undanförnum árum og keyrði okkur að lokum í þrot.

Ég tel ekki að það muni á endanum nást fullkomin sátt um stjórn fiskveiða, það hvarflar ekki að mér að það náist fullkomin sátt um stjórn fiskveiða. Ég trúi því hins vegar að hægt sé að ná meiri og betri sátt um stjórn fiskveiða en ríkt hefur í samfélaginu undanfarna áratugi og ríkir í dag. Ítrekað benda skoðanakannanir til þess að 70–75% þjóðarinnar séu andvíg því fiskveiðistjórnarkerfi sem er í dag. Það er ekki hægt að líta fram hjá því, þetta eru nánast fastar stærðir í skoðanakönnunum af þessu tagi.

En við þurfum líka, hv. þingmaður, að velta því fyrir okkur hvað fólk segir. Hvað teljum við að fólk sé að segja þegar það segist vera andvígt fiskveiðistjórnarkerfinu? Ég hef ákveðnar skoðanir á því. Allir eru sammála um að takmarka þarf aðgang að þessari auðlind eins og öðrum auðlindum sem ekki eru ótæmandi og að það er ekki sama hvernig það er gert. Um þetta er samstaða meðal þjóðarinnar að mínu viti. Það er hins vegar óánægja með það kerfi sem felst í því að hægt sé að selja eða leigja aflaheimildir á milli staða með þeim afleiðingum sem það hefur haft í för með sér og það sé hægt að selja sig út úr þessu kerfi eins og margir hafa gert á undanförnum árum. Um það snýst málið og um það á endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu fyrst og fremst að snúast, að leita sanngirni.

[19:29]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að fara inn á mál sem er ekki akkúrat til umræðu í dag heldur áform ríkisstjórnarinnar um innköllun aflaheimilda vegna þess að þetta hefur eiginlega verið rætt jöfnum höndum í dag. Mér finnst að verið sé að eltast við menn sem eru löngu farnir út úr kerfinu þegar verið er að kvarta undan framsalinu, sem var reyndar sett á í tíð síðustu vinstri stjórnar sem hér sat og Sjálfstæðisflokkurinn, svo það komi fram, greiddi atkvæði gegn — af því að það er alltaf verið að tala um að hann sé sérstakur verndari kvóta. Mér finnst eins og menn séu alltaf að hlaupa eftir einhverju sem liðið er. Sannleikurinn er nefnilega sá að það er afskaplega sérkennilegt og mér finnst það bara ábyrgðarhluti af ríkisstjórninni við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu, að ætla að fara að snúa þessu kerfi á haus. Það verður þannig þegar menn leggja fram þetta frumvarp um innköllun aflaheimilda að þá verður meiri háttar óróa í þjóðfélaginu. Ofan á allt annað sem yfir okkur hefur gengið, ofan á þau ósköp sem við stöndum frammi fyrir núna í ríkis-

fjármálum ætlum við að fara að rugga þeirri atvinnugrein sem er að skapa okkur mikilvægar gjaldeyristekjur um þessar mundir, nokkuð sem okkur veitir ekki af að gæta að. Mér finnst þessi áform ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum afskaplega varhugaverð svo ekki sé meira sagt. Mér liggur við að segja að menn séu að stofna möguleikum okkar til að koma okkur út úr vandanum í verulegt uppnám. Ég hvet hv. þingmenn stjórnarliðsins til að velta fyrir sér hvaða afleiðingar þessi gjörð þeirra muni hafa og hvort menn telji virkilega að nú sé tíminn til að fara að rugga bátnum í mikilvægustu grundvallaratvinnugrein þjóðarinnar.

[19:31]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólöf Nordal telur að með væntanlegri endurskoðun á stjórn fiskveiða eigi að fara að eltast við menn sem hafa selt sig út úr kerfinu á liðnum árum. Það stendur alls ekki til. Það stendur ekki til að fara að eltast við menn með því að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Það er langur vegur frá því.

Ég vek athygli á því að hér hafa sjálfstæðismenn flestir hverjir sem komið hafa í þennan ræðustól í dag og í gær sagt að menn væru tilbúnir til að fara í þá endurskoðun. Öðruvísi mér áður brá, hæstv. forseti, því að það er þá í fyrsta skipti í 25 ár sem þeir telja vera tilbúna til þess og guð láti gott á vita hvað það varðar. Þetta er ekki liðin tíð, eins og hv. þm. Ólöf Nordal nefndi áðan, það er enn þá heimild í lögum um stjórn fiskveiða til að selja og leigja og framselja veiðiheimildir á alla kanta við strendur Íslands. (Gripið fram í.) Það er ekki liðin tíð og því þarf að breyta. Það er ekki það versta sem hægt er að gera í ástandi eins og er í dag þegar reynt er að leita leiða til að ná sátt í einni mikilvægustu atvinnugrein á Íslandi, ef ekki þeirri mikilvægustu. (Gripið fram í.) Eiginlega það besta sem hægt er að gera er að leita sátta innan greinarinnar, milli greinarinnar og þjóðarinnar, eins og ég benti á áðan, hv. þingmaður, því að markmiðin með lögum um stjórn fiskveiða hafa ekki náðst. (Gripið fram í.) Við fjarlægjumst með hverju árinu sem líður þau markmið sem sett voru um stjórn fiskveiða fyrir áratugum síðan og þá eigum við bara að endurskoða málin.

[19:33]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það líður að lokum þessarar umræðu og er kannski óþarfi að lengja hana um of en þó er rétt að gera allar þær tilraunir sem mögulegar eru til að vekja athygli á þeim vanda sem svo augljóslega er í uppsiglingu.

Ég hjó eftir því að sú skoðun hefur komið fram að þetta frumvarp gæti orðið grundvöllur einhvers konar sáttar og að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hafi ekki náð markmiðum sínum. Því væri þetta tilraun í áttina til þess að ná þeim markmiðum sem sett hefðu verið. Það er rétt að skoða aðeins þá fullyrðingu og þá hugsun. Mun þetta frumvarp ýta fiskveiðistjórnarkerfinu í þá átt að ná markmiðum sínum sem eru hagkvæmar veiðar á Íslandsmiðum, auka möguleika okkar til fiskveiða, auka mögulegan arð fyrir þjóðina? Svarið við því liggur í augum uppi: Það mun ekki gera það. Hafi það vakað fyrir hv. stjórnarþingmönnum að reyna að leggja eitthvað til sem gæti ýtt fiskveiðistjórnarkerfinu í átt til þeirra markmiða sem sett voru, er þetta skref algerlega rangt. Þetta er skref aftur á bak og frá þeim markmiðum vegna þess — og enn og aftur ætla ég að endurtaka sjálfan mig — að þetta að fjölgar bara þeim skipum og bátum sem verða á sjó til að veiða sama magn af fiski. Hverjum dettur í hug að það sé tilgangurinn með stjórn fiskveiða eða útgerð á Íslandsmiðum? Tilgangurinn er ekki sá að hafa sem flesta báta á sjó. Tilgangurinn er sá að reyna að hámarka afrakstur greinarinnar.

Það má margt segja um núverandi fiskveiðistjórnarfyrirkomulag og það eru ýmsir gallar á því en þetta frumvarp, verði það að lögum, mun bara auka þá galla sem til staðar eru. Og hvað sáttina varðar leyfi ég mér að spá því, frú forseti, að þetta frumvarp mun valda miklum deilum þegar upp verður staðið í íslenskum sjávarútvegi. Hvers vegna segi ég það? Vegna þess að dagakerfið sem við bjuggum við, sem var auðvitað ekkert annað en það sama og lagt er upp með í þessu frumvarpi, nákvæmlega það sama og við bjuggum við í skrapdagakerfinu, olli alveg gríðarlegum deilum sem voru mjög skaðlegar fyrir íslenskan sjávarútveg. Þeir hv. þingmenn sem telja að hér sé á ferðinni sáttargjörð eða tilraun til að ná fram sátt munu verða fyrir miklum vonbrigðum því að þegar það gerist að að fækka þarf dögunum sem þessir bátar hafa til að veiða — þegar þeim fækkar jafnt og þétt og bátunum fjölgar — mun óánægjan vaxa jafnt og þétt. Og fyrr en varir mun hæstv. sjávarútvegsráðherra, hver svo sem það nú verður þegar að því kemur, þurfa að loka fyrir aðganginn. Þá verður gríðarleg ósátt, þá munu menn sjá að margir þeir sem fóru inn í kerfið og munu fara inn í það í sumar voru einmitt þeir sem áttu kvóta, höfðu eignast kvóta, selt hann, farið út úr kerfinu og átt bátana sína. Þá munu menn segja: Þetta var ógæfuspor því að hvorki leiddi það til þess að auka hagkvæmni fiskveiða á Íslandsmiðum né að ná fram nokkurri sátt. Þessi leið mun bara búa til ósátt í kerfinu. Það er því miður staðan og er ekki að sjá annað en að stjórnarmeirihlutinn sé algerlega ákveðinn í því að stíga þetta skref.

Við hv. þingmenn munum greiða atkvæði um þetta mál á fimmtudag, ef ég hef skilið það rétt, og síðan, verði frumvarpið að lögum, mun þetta kerfi taka gildi og menn munu prófa það í sumar. Ég fullyrði enn og aftur: Það mun ekki verða svo gríðarleg aukning á bátunum í sumar, einhver væntanlega. En næsta sumar mun þeim fjölga og sumarið þar á eftir mun þeim fjölga enn meira og allt það sem hér hefur verið sagt mun ganga eftir, því miður. Ég vildi að það væri öðruvísi, frú forseti, en sagan kennir okkur þetta og það er það sem við vitum að mun gerast, því miður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 35. mál (samningsbundnar greiðslur til bænda). — Þskj. 35.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listamannalaun, 3. umr.

Frv. menntmn., 69. mál (brottfall eldri laga og breytt tilvísun). — Þskj. 81.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:39.

---

22. FUNDUR

fimmtudaginn 18. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 34. mál, þskj. 126, frhnál. 127. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 35. mál, þskj. 35. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Listamannalaun, frv., 69. mál, þskj. 81. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, stjfrv., 89. mál, þskj. 105. — 1. umr.
6. Kjararáð o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 143. — 1. umr.
7. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 145 og 148, brtt. 146. — 2. umr.
8. Hvalir, stjfrv., 112. mál, þskj. 141. — 1. umr.
9. Heilbrigðisstarfsmenn, stjfrv., 113. mál, þskj. 142. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 11. þm. Reykv. n.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Tilhögun þingfundar.

[13:33]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármálin er lokið.

[13:33]

Útbýting:

Endurskipulagning rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, 1. mál, nál. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 148.

Ráðgjafarstofa fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, 116. mál, þáltill. EyH o.fl., þskj. 147.

Tilkynning um dagskrá.

[13:34]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Ráðgert var að halda utandagskrárumræðu um upplýsingar um Icesave-samningana kl. 3. í dag þar sem málshefjandi væri hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon yrði til andsvara en ekki er ljóst hvort umræðan verður. Forseti mun halda stuttan fund með þingflokksformönnum að lokinni umræðu í óundirbúnum fyrirspurnatíma. Að loknum þeim stutta fundi verður gert ljóst hvort utandagskrárumræðan verður í dag eður ei.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Þjóðaratkvæðagreiðslur og ESB.

[13:35]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Fyrir þinginu liggur þingsályktunartillaga um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Í þeirri þingsályktunartillögu er þess getið að samhliða því máli verði lagt fram frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur. Nú liggur það fyrir samkvæmt stjórnskipun Íslands að þingið getur ekki afgreitt mögulegan aðildarsamning að Evrópusambandinu að óbreyttri stjórnarskrá. En því hefur hins vegar ekki verið fylgt eftir með neinum skýringum hvað vakir fyrir ríkisstjórninni að koma fram með frumvörp um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þar sem augljóst er að í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu gæti aldrei verið tekin endanleg ákvörðun um hvort skrifa ætti undir samning eða ekki virðist sem þarna sé einungis um að ræða einhvers konar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þar sem þetta mál er algerlega óútskýrt af hálfu ríkisstjórnarinnar og tillagan um aðildarumsókn að Evrópusambandinu er til meðferðar í þinginu verð ég að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvaða þýðingu möguleg þjóðaratkvæðagreiðsla muni hafa, hvaða samhengi er á milli aðildarumsóknar að Evrópusambandinu og þess frumvarps sem boðað hefur verið um þjóðaratkvæðagreiðslur. Kemur til álita af hálfu hæstv. forsætisráðherra, m.a. í ljósi nýrra skoðanakannana um mikinn áhuga þjóðarinnar á því að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort yfir höfuð eigi að

leggja fram umsókn, að hafa slíka þjóðaratkvæðagreiðslu t.d. síðar á þessu ári? Hvert er heildarsamhengið á milli aðildarumsóknar að Evrópusambandinu og væntanlegs frumvarps (Forseti hringir.) um þjóðaratkvæðagreiðslu?

[13:37]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að verið hefur til skoðunar frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslu sem fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna hafa komið að og ef ég skil málið rétt er ágæt samstaða um það frumvarp. Ég veit að einn flokkurinn vill hafa það víðtækara en þar er lagt til og þá kemur það fram í þinginu. Um er að ræða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég veit líka að í utanríkismálanefnd er verið að fjalla sérstaklega um þetta mál m.a. með tilliti til hugsanlegrar aðildar að Evrópusambandinu og þá verður það skoðað sérstaklega. Ef farið yrði í aðildarumsókn að Evrópusambandinu og niðurstaðan yrði sú að menn vildu leggja það fyrir þjóðina, sem á auðvitað að gera, væri það frumvarp sem núna er til umræðu meðal stjórnarflokkanna og er á leið inn í þingið, nægjanlegt í mínum huga. Ég held að frumvarpið sé a.m.k. komið til þingflokkanna en það er nægjanlegt til að fara með málið í þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að ég er alveg viss um að farið yrði eftir þeirri niðurstöðu sem þar fengist þó að að forminu til sé hún ráðgefandi. En síðan þarf auðvitað að leggja fram breytingu á stjórnarskránni sem slíkri ef menn ganga inn í Evrópusambandið.

Í mínum huga nægir þetta frumvarp, ef að lögum verður, til að fara í almenna þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn, ég veit að utanríkismálanefnd fjallar nú um málið. (Forseti hringir.) En það kemur ekki til greina í mínum huga og ég tel það bara óæskilegt að vera með tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, (Forseti hringir.) eins og mér fannst hv. þingmaður vera að ýja að.

[13:40]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Þetta eru þó nokkur tíðindi sem hæstv. forsætisráðherra færir okkur hér, nefnilega þau að þjóðin muni ekki fá að eiga síðasta orðið um aðild að Evrópusambandinu vegna þess að hún mun einungis fá að taka þátt í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu áður en samningurinn um mögulega aðild að Evrópusambandinu kemur hingað fyrir þingið. Og þingið ætlar síðan í framhaldinu að afgreiða málið alla leið, m.a. með stjórnarskrárbreytingu. Þetta eru þó nokkuð mikil tíðindi fyrir mér.

Ég hef alltaf gengið út frá því að þjóðin fengi að eiga síðasta orðið. En sú vegferð sem nú á að fara í er svo illa ígrunduð, svo illa undirbúin að grundvallaratriði á borð við þetta eru smám saman að koma í ljós. Við getum ekki haldið áfram, við getum ekki látið okkur detta í hug að halda áfram og afgreiða þingsályktunartillöguna (Forseti hringir.) áður en mál af þessum toga eru kláruð.

[13:41]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað bara útúrsnúningur hjá hv. þingmanni að halda því fram að þjóðin fái ekki að hafa síðasta orðið í þessu stóra máli. Hún mun auðvitað hafa það í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar fyrir liggja þeir kostir og gallar sem eru á því að ganga í Evrópusambandið, þá verður þjóðaratkvæðagreiðsla. Hún er að vísu ráðgefandi (Gripið fram í.) en ég sagði skýrt áðan að það yrði óeðlilega farið að þeirri niðurstöðu sem kæmi úr þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu. (Gripið fram í.) Síðan er alveg ljóst að breyta þarf stjórnarskránni (Gripið fram í.) ef gengið verður í Evrópusambandið. Þá þarf að rjúfa þing og efna til kosninga og það er þá líka þjóðaratkvæðagreiðsla í þeim skilningi þannig að þetta er bara útúrsnúningur. (**Gripið fram í:** Nei.)

Varðandi tvöföldu þjóðaratkvæðagreiðsluna finnst mér að fólkið eigi að fá að vita hvað í boði er að því er varðar Evrópusambandið, hvaða kostir og hvaða gallar fylgja því. Þegar það liggur fyrir á þjóðin að fá að segja álit sitt í því efni og ég tel hana geta gert það (Forseti hringir.) á grundvelli þess frumvarps sem liggur fyrir þingflokkunum. (Forseti hringir.) Ef það dugar ekki skoðum við auðvitað málið áfram og eins og ég sagði er verið að ræða það í utanríkismálanefnd.

Icesave-samningarnir.

[13:42]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Hv. þingmenn stjórnarliða, þ.e. stjórnarflokkarnir, veittu ríkisstjórninni heimild til að undirrita samninginn um Icesave án þess að hafa séð hann. Hæstv. ríkisstjórn, þar á meðal hæstv. forsætisráðherra, veitti hæstv. fjármálaráðherra heimild til að undirrita samninginn væntanlega eftir að hafa séð hann.

Nú reikna ég með því að hæstv. forsætisráðherra hafi kynnt sér samninginn í hörgul, kynnt sér lögfræðilegar og hagfræðilegar afleiðingar hans og að hún hafi sérstaklega kynnt sér áhættugreiningu sem fylgir slíkum samningi. Nú langar mig til að spyrja hæstv. forsætisráðherra Íslands: Hvað eru miklar líkur á, sem hún hlýtur að vita, að eignir Landsbankans um allan heim dugi ekki fyrir 30% af þeim skuldbindingum sem við erum að gangast inn á, þ.e. á gjaldþroti Íslands?

[13:43]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég tel engar líkur á því að með þessum samningi sér stefnt að gjaldþroti Íslands, eins og hv. þingmaður nefndi. Það eru öryggisákvæði í þessum samningi. Það öryggisákvæði er mjög mikilvægt að ef gjaldþol þjóðarinnar verður þannig þegar kemur að því að Ísland þarf hugsanlega (Gripið fram í.) að greiða skuldirnar eftir sjö ár, að gjaldþolið verði ekki meira en það var í nóvember 2008. Það er mjög mikilvægt ákvæði. Það er líka öryggisákvæði um að ef við fáum hagstæðari lánakjör er hægt að greiða upp þetta lán og taka þá lán á lægri kjörum. Það er grundvallaratriði og er mjög sérkennilegt að reynt sé að halda því fram á þessum degi og í sjónvarpinu í gærkvöldi að með Icesave-samningunum sé hægt að gera aðför að eigum íslenska ríkisins og meira að segja er gengið svo langt að segja að hægt sé að fullnusta þennan samning með eig-

um ríkisins. Þar eru einnig nefndar auðlindir þjóðarinnar. Það er auðvitað fráleitt og svo langsótt að ég skil ekki hvað vakir fyrir þeim sem setja slík ákvæði fram. (Gripið fram í.) Auðvitað er ekkert slíkt í spilunum og ég hef kynnt mér þennan samning nægilega vel til þess að geta með fullu haldið því fram að við erum ekki (Gripið fram í.) að stefna gjaldþoli ríkisins í hættu með þessum samningi. Þvert á móti eru (Gripið fram í.) þarna öryggisákvæði sem tryggja það að svo verði ekki.

[13:45]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Það er greinilegt að hæstv. forsætisráðherra Íslands hefur ekki kynnt sér áhættugreiningu í sambandi við þennan samning. Það hljóta að vera einhverjar líkur á því að eignir dugi að fullu en það hljóta líka að vera einhverjar líkur á því að þær dugi ekki nema fyrir 30% eða minna. Það hljóta að vera þessar líkur. Og hæstv. forsætisráðherra getur ekki komið hingað og lagt þjóðina og fjöregg þjóðarinnar undir án þess að nefna þessar líkur, án þess að hafa kynnt sér þær. (Gripið fram í.) Það að ákvæði sé um þetta og að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi sagt að gjaldþol Íslands hafi verið svona og svona og hann hafi vitað það, af hverju í ósköpunum var það ekki sett sem efri mörk inn í samninginn, gjaldþolið og það sem Ísland getur greitt? Hvers vegna í ósköpunum er það ekki inni í samningnum? Og hvernig getum við samið þegar við erum orðin gjaldþrota?

[13:46]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það hefur nú varla farið fram hjá hv. þingmanni að lagt hefur verið mat á þessar eignir Landsbankans sem eiga að ganga upp í þessar skuldir. Þær eru allt frá því að vera 75% sem muni geta gengið upp í að greiða þessar skuldir og alveg upp í 95%. (Gripið fram í.) Það eru bæði skilanefndirnar og erlend matsfyrirtæki sem hafa lagt mat á þetta.

Ég skil ekki af hverju verið er að sá þessari tortryggni hjá þjóðinni um að þjóðin geti jafnvel orðið gjaldþrota með þessum samningi. Það er ekki hætta á neinu slíku. (Gripið fram í.) Ef það væri minnsta hætta á slíku að við værum að stefna þjóðinni í gjaldþrot (Gripið fram í.) eða að veita aðgang að eignum íslenska ríkisins, mundi ég ekki styðja slíkan samning. Það er alveg ljóst. (**Gripið fram í:** Þú ert nú samt að gera það.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti biður þingmenn um að gefa ræðumönnum hljóð.)

Icesave-skuldbindingar.

[13:48]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Í rökstuðningi sínum fyrir Icesave-neyðarsamningnum hefur ríkisstjórnin iðulega beitt fyrir sér þeim fullyrðingum að eignir Landsbankans muni duga fyrir stærstum hluta skuldanna. Um þá fullyrðingu er deilt enda er enn á huldu hverjar þessar eignir eru og ómögulegt að geta sér til verðmæti þeirra á grundvelli þeirra upplýsinga sem þó liggja fyrir. Þá hafa ráðamenn fullyrt að strax verði byrjað að greiða inn á höfuðstólinn og það verði gert hratt og örugglega eftir því sem eignir Landsbankans seljist til að lækka höfuðstólinn og draga úr vaxtabyrði.

Breska ríkisstjórnin lagði hald á 230 millj. breskra punda að jafnvirði um 50 milljarða íslenskra króna sem setið hafa vaxtalaust í seðlabanka Englands. Hæstv. fjármálaráðherra sagði á blaðamannafundi með leyfi forseta:

„Þar eigum við nú rúmar 230 millj. punda, um 50 milljarða kr. sem losna núna og hægt er að nota til að greiða höfuðstólinn strax.“

Samkvæmt lögum hins vegar er skilanefndum aðeins heimilt að greiða skuldir vegna innlána eftir fyrsta kröfuhafafund eftir að kröfufresti lýkur ef víst er að nægilegt fé sé til að greiða að fullu eða í jöfnu hlutfalli kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð eftir ákvæðum laga sem nýlega var breytt á Alþingi.

Því vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra: Fara þessar 230 millj. punda beint í að greiða niður höfuðstól Icesave-skuldbindinganna eða þarf að bíða þess að hefðbundin kröfumeðferð þrotabús Landsbankans ljúki þar til hægt verður að ráðstafa þeim til lækkunar höfuðstólsins? Getur forsætisráðherra fullyrt að allar eignir Landsbankans muni renna til þess að greiða Icesave-skuldbindingarnar eða þarf innstæðutryggingarsjóður að bíða eins og aðrir kröfuhafar eftir að eignum þrotabúsins verði ráðstafað á lögbundinn hátt? Samkvæmt fréttum stefnir í málsókn á hendur íslenska ríkinu til að fá neyðarlögunum hnekkt. Verði þeim hnekkt, hver verður þá staða innstæðutryggingarsjóðs gagnvart öðrum kröfuhöfum í þrotabú Landsbankans?

[13:50]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Varðandi spurninguna um þær eignir sem voru í bankanum í Englandi og hafa verið frystar þar, þá hefur því verið aflétt. Og hvort þetta gangi beint inn í þrotabúin í hendurnar á slitastjórnunum og til kröfuhafa get ég bara ekki svarað. Ég hef ekki skoðað það nákvæmlega. Það sem er mikilvægast er þó að búið er að létta af frystingunni og það verður að skoða hvernig með þetta er farið, hvort þetta þarf samkvæmt lögum að renna til slitastjórnarinnar og sameinast við þær eignir sem eru þá til ráðstöfunar fyrir kröfuhafana. Þetta verður bara að koma í ljós.

[13:51]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég er eiginlega bara slegin yfir svörum hæstv. forsætisráðherra, sem segir það að hún viti raunverulega ekki hvort við munum geta ráðstafað eignum Landsbankans. Er það ekki meginforsendan fyrir því að við séum tilbúin að samþykkja hugsanlega ríkisábyrgð að ríkisstjórnin segir að eignir Landsbankans muni ganga upp í að greiða lánið sem verið er að taka? Svo er að koma hér fram að hæstv. forsætisráðherra veit ekki hvort svo verður eða ekki. (Gripið fram í.) Við vorum einmitt, af því að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir kallar fram í, að breyta lögum. (**ÁI:** Hv. þingmaður veit væntanlega hvernig sú breyting var.) Já, og þar kemur fram, ef víst er að nægilegt fé sé til að greiða að fullu eða í jöfnu hlutfalli kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð. (Forseti hringir.) Og ég spyr: Er

verið að segja það að Icesave-skuldbindingarnar njóti hærri stöðu en aðrar kröfur sem eru í þrotabúi Landsbankans?

[13:52]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er líklegt að samkvæmt neyðarlögunum séu þessar Icesave-kröfur hærra settar og njóti þar ákveðins forgangs. En eins og ég sagði, þetta verður bara að koma í ljós. (Gripið fram í.)

Birting eignasafns að baki Icesave-skuldbindingum.

[13:53]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Mig langar að fá að vita og spyr hæstv. forsætisráðherra hvort hún hafi séð hið meinta eignasafn sem liggur að baki Icesave-skuldbindingunum. Mig langar jafnframt að spyrja hvort hún sé tilbúin til að beita sér fyrir því að þingheimur fái að sjá eignasafnið og þá ekki þann brandara sem okkur var sýndur á fundi utanríkismálanefndar.

Þá langar mig líka að spyrja hvort þú getir tryggt það að staðfest verði af alþjóðlegu (Forseti hringir.) lánshæfisfyrirtæki, fyrirgefðu hv. forsætisráðherra, að alþjóðlegt lánshæfisfyrirtæki, ...

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Hæstv. ráðherra.)

... hæstvirtur, fáist til að staðfesta að lánshæfismat Íslands muni ekki lækka vegna samningsins eða hann komi í veg fyrir eðlilega hækkun í framtíðinni.

[13:54]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er skoðun mín að lánshæfismatið muni fremur batna við þennan samning heldur en hitt ef þessi samningur liggur fyrir. (Gripið fram í.) Það er mat bæði fjármálaráðuneytisins ...

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Gefa ræðumanni hljóð.)

... og Seðlabankans að eftir að þessi samningur verður gerður megi ætla að lánshæfismatið verði betra en það var á meðan samningurinn lá ekki fyrir.

Varðandi eignirnar þá verð ég að treysta sérfræðingum sem ég hef rætt við um þessi eignasöfn að þau séu með þeim hætti sem hér hefur verið lýst, að 75–95% af eignunum muni geta gengið upp í þessar skuldir. Og ef hægt eitthvað er hægt að opna það nákvæmlega þannig að þingmenn geti farið ofan í það og það er ekkert sem hindrar það finnst mér alveg sjálfsagt að gera það. Vegna þess að ég vil hafa eins mikið gagnsæi í þessu öllu og hægt er, þannig að ef ekkert hindrar það mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir því.

Ég hef farið ofan í þetta með sérfræðingum sem hafa farið nákvæmlega yfir þetta með mér og ég treysti þessum sérfræðingum að þeir hafi rétt fyrir sér í þessu efni. Það er nú svo að bæði forsætisráðherra og aðrir hafa kannski ekki tíma til að leggjast yfir einstaka hluti í smáatriðum og verða að geta treyst sérfræðingum í þessu efni sem ýmsum öðrum. (Gripið fram í.)

Ég treysti því sem fyrir mig hefur verið lagt í þessu, að eignasafnið dugi eins og við höfum farið yfir og síðan er þetta öryggisákvæði, sem ég bið hv. þingmenn að vanmeta ekki, að ef gjaldþol þjóðarinnar fer yfir það sem það er eða var í nóvember 2008, þá getum við tekið allan þennan samning upp. Ég bið hv. þingmenn um að vanmeta það ekki. (**Gripið fram í:** … gjaldþrot.)

[13:56]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Það vill nú svo til að ég bað formlega ...

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill biðja hv. þingmann um að ávarpa forseta í upphafi máls síns.)

Frú forseti. Það vill svo til að ég er margoft búin að biðja formlega um það að fá að sjá þetta meinta eignasafn og ég er ekki enn búin að fá að sjá það. Ég bað um það strax á föstudeginum þegar ljóst var að skrifa átti undir þessa samninga.

Ég hef alla vega upplýsingar um að þetta sem þú varst að nefna að hefði verið staðfest í Seðlabankanum … (Forseti hringir.) Afsakið, hæstv. forsætisráðherra, hefur ekki komið fram þar.

Þá svaraði hæstv. forsætisráðherra því ekki hvort það væru alþjóðleg lánshæfismatsfyrirtæki sem mundu meta lánshæfismat Íslands og mér þætti gott að fá svar við því.

[13:57]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég hef upplýst það sem ég veit um þetta mál að því er varðar mat á þessum eignum og hef engu við það að bæta. En það er alveg ljóst að þingmenn munu fá öll tækifæri til að fara yfir þetta mál þegar það kemur fyrir þingið varðandi ríkisábyrgðina. Það er alveg ljóst að fjármálaráðherra verður einungis veitt heimildin á grundvelli þess fyrirvara að það sé fyrirvari þar að því er varðar greiðsluþol ríkisins og stöðu Íslands sem fullvalda ríkis. Ég hef farið yfir það í hverri fyrirspurninni á fætur annarri síðastliðinn hálftíma hvernig það hefur verið allt saman.

Umferðarmál á Kjalarnesi.

[13:58]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra sem tengist máli sem brennur mjög á íbúum þess hverfis í Reykjavík sem heitir Kjalarnes. Þar hefur verið mikil og gild umræða um öryggisleysi sem stafar af ástandi í umferðarmálum. Hafa kröfur íbúanna verið um að gerðar verði tafarlausar úrbætur á hlutum sem ég held að flestum þyki mjög sjálfsagðar.

Í örstuttu máli gengur málið út á það að í gegnum þetta hverfi, þvert á það sem gerist við bæjarfélög víða um land, er keyrt mjög hratt sem skapar mikla hættu fyrir alla en sérstaklega börn sem fara þar í og úr skóla.

Krafa íbúanna er einföld, þau vilja sjá þjóðveginn girtan af, sömuleiðis að komið verði fyrir hraðahindrunum og undirgöngum. Nú hafa þau bent á að nágrannarnir í Kjós hafi t.d. undirgöng fyrir skepnur, nánar tiltekið beljur, og fyndist þeim sjálfsagt að eitthvað sambærilegt yrði gert fyrir íbúa Kjalarness.

Það er ekki alveg ljóst, virðulegi forseti, miðað við þær umræður sem verið hafa hvar þessi mál standa. Ég vek at-

hygli á því að þetta hlýtur að vera algjört forgangsmál. Hér er ekki um að ræða milljarða. Hér er verið að ræða um milljónir, kannski tug milljóna, en málið er þess eðlis að við viljum ekki að komi til mjög alvarlegs slyss. Því miður hefur munað mjög litlu að svo hafi orðið á síðustu vikum og ég vildi gjarnan fá svör frá hæstv. ráðherra um hvar þetta mál stendur og hvernig hann hyggst bregðast við.

[14:00]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður notaði orðin, held ég, „ekki ljóst“ hvað á að gera á Kjalarnesi hvað varðar undirgöng. Jú, það er nefnilega allt ljóst um hvað á að gera þar. Það hefur áður komið fram að ég sem samgönguráðherra og borgarfulltrúar og fulltrúar í samgöngunefnd vorum boðuð á borgarafund þarna upp frá 1. apríl sl. Þar stóð upp úr sem aðalkrafa um fyrstu aðgerðir umræða um umrædd undirgöng.

Ég hlustaði með mjög mikilli athygli á íbúana sem færðu þar fram þau rök sem voru mjög sannfærandi. 2. apríl áttum við vegamálastjóri fund saman þar sem þessu máli var hrint í framkvæmd. 3. apríl var opinn fundur samgöngunefndar þar sem ég var spurður út í þetta atriði og svaraði þá strax að þetta væri komið í þann farveg og væri komið í gang til undirbúnings.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að það er alveg klárt af hálfu Vegagerðarinnar að þetta mál á að vinna en það á að vinna það þannig að það standi til framtíðar. Þess vegna vill Vegagerðin m.a. fá að vita frá borginni hvernig gangstígar til og frá eiga að vera þarna, með öðrum orðum að þetta sé unnið til framtíðar en ekki bráðabirgðaaðgerðir. Þrátt fyrir allt er þetta framkvæmd upp á 60–70 millj. kr. og telst þá auðvitað inni í því kostnaður að búa til nýjan veg fram hjá meðan verið er að gera þessi undirgöng. Það er alveg klárt.

Eftir því sem ég best veit, virðulegi forseti, hefur verið brugðist við því og átti að hefja framkvæmdir við þessa girðingu sem hefur verið talað um. Þó að ég viti ekki nákvæmlega hvað hefur gerst í morgun vona ég að það sé komið í gang.

Virðulegi forseti. Það er alveg klárt að þetta var ferillinn, strax í apríl var þetta sett í gang. Hvenær þau koma, þessi útboð, veit ég ekki nákvæmlega en það er kannski ekki alveg allra besti tíminn (Forseti hringir.) til að gera þetta núna. Það hefði verið betra að vera búinn að því ef þess hefði verið kostur.

[14:02]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég var ásamt fleiri þingmönnum á fundi fyrir nokkrum dögum og ég held að allir sem þar voru geti tekið undir með mér að það ber mjög mikið á milli upplýsinga frá hæstv. ráðherra og borginni. Mjög mikið ber á milli.

Aðalatriðið er að það má engan tíma missa. Ég hvet hæstv. ráðherra til að setjast niður með borginni og ganga frá þessum málum. Þetta eru öryggismál fyrir börnin okkar. Það getur ekki verið flókið fyrir þessa ágætu aðila að fá niðurstöðu í þetta mál.

Hæstv. ráðherra vék eingöngu að undirgöngunum og girðingunum. Þá eru eftir hraðahindranirnar. Það verður að minnka hraðann. Nú fer í hönd mesti ferðatími ársins og það er ekki viðunandi að hafa ástandið eins og það er núna. Ég hvet hæstv. ráðherra til að ganga í þetta mál með borginni og kynna okkur síðan niðurstöðuna — sem allra fyrst. (Forseti hringir.)

[14:03]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Það ber ekki mikið á milli í þessu sambandi. Ef Reykjavíkurborg er með allt klárt hjá sér, hvernig gangstígar og annað slíkt eiga að vera þarna, er Vegagerðin tilbúin að klára þetta mál. Ég ætla ekki að fara út í karp um hvernig skipulagsmál ganga hjá Reykjavíkurborg. Kannski gefst betri tími til þess síðar.

Mætti ég, virðulegi forseti, biðja hv. þingmann ef þess væri nokkur kostur að hjálpa okkur kannski við að flýta ýmsum skipulagsmálum sem stundum hefur staðið á varðandi ýmsar samgönguframkvæmdir í höfuðborginni?

Aðeins varðandi hraðann, ef ég man rétt er þarna 70 kílómetra hámarkshraði. Ég þykist líka hafa séð það í gögnum frá borginni að Reykjavíkurborg hafi óskað eftir því við lögreglustjórann í Reykjavík að þarna verði bætt úr hvað varðar hraðamyndavélar og aukið eftirlit með hraðanum þannig að öllum vegfarendum þarna sé kunnugt um að löggæsluvélar eru í nágrenninu (Forseti hringir.) og að hraðabrot varða miklum sektum.

Icesave-samningar og ríkisábyrgð.

[14:05]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram ágætisumræða um Icesave-samningana. Ég get tekið undir allar þær spurningar sem hér hafa komið fram en því miður ekki fengist nægilega skýr svör við. Þetta mál verður sífellt undarlegra og því miður einkennist það allt af hálfsannleik, leynd og blekkingum. Það er ótrúlegt til þess að hugsa að við þingmenn höfum ekki enn þá fengið afrit af þessum samningum sem átti að hvíla svo mikil leynd yfir sem reyndist svo ekki fótur fyrir.

Nú hefur komið í ljós að þetta er í rauninni ekki alþjóðasamningur eins og ríki gera sín á milli heldur ber þessi samningur, miðað við fréttaflutning, öll einkenni lánasamnings þar sem annar aðilinn fer á hnjánum til lánardrottins og gengst undir þá skilmála sem hann setur. Og það skýrir af hverju breskir dómstólar eiga að leysa úr ágreiningi en ekki gerðardómar eða Alþjóðadómstóllinn í Haag sem er annars venjan í alþjóðasamningum.

Hæstv. forsætisráðherra hélt því fram hér áðan að ekki væri verið að setja eignir þjóðarinnar að veði. Ég vildi bara fá skýr svör við spurningunni: Á hverju ætlar meiri hluti stjórnarinnar að veita ríkisábyrgð? Ég get ekki betur séð en að við séum að veðsetja eigur þjóðarinnar, þar á meðal gjaldeyrisvarasjóðinn sem er í rauninni blóð íslenska hagkerfisins.

Ég mundi vilja fá skýr svör: Hvaða eignir er verið að veðsetja? Fyrir hvaða eignum er væntanlega meiri hluti Alþingis, nema vinstri grænir fylgi sinni fyrri (Forseti hring-

ir.) sannfæringu, að veita ríkisábyrgð?

[14:07]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég er aftur og aftur að svara sömu spurningunum. Mér finnst að það eigi að verða við þeim óskum þingmanna sem hér hafa kallað eftir langri og ítarlegri utandagskrárumræðu um hana (Gripið fram í.) sem mér skildist að ætti að vera í dag. Það stendur ekkert á þessum samningi. Það hefur margkomið fram í dag að þessi samningur verður gerður opinber. Hann verður kynntur í utanríkismálanefnd, allir þingmenn fá hann og hann verður gerður opinber fyrir þjóðinni. Það hefur aldrei staðið á okkur Íslendingum að gera þennan samning opinberan. Hann verður gerður opinber. (Gripið fram í.) Það eru aftur á móti viðsemjendur okkar, Hollendingar og Bretar, sem óskuðu eftir því að hann yrði ekki gerður opinber. Þeim var tilkynnt í dag að þessi samningur yrði gerður opinber og það mun auðvitað standa á þessum degi, utanríkismálanefnd fær hann og þingmenn og öll þjóðin til þess að fara yfir.

Þegar spurt er aftur og aftur: Hvað kemur mikið á íslenska ríkið? hefur margsinnis verið sagt að það hefur verið farið yfir eignirnar og þær eiga að duga fyrir 75%–95% af þessari Icesave-skuld. (**Gripið fram í:** Hvað með …?) Það er ekki þar með sagt, hv. þingmenn, að restin eigi að falla á skattgreiðendur. Það er hægt að fara aðrar leiðir í því, við höfum t.d. rætt um að það væri hægt að setja álag á lánastofnanir til að setja inn í innstæðutryggingarsjóð. En hér talar hver þingmaðurinn á fætur öðrum eins og að hver einasta króna sé að falla á íslenska ríkið, og því jafnvel haldið fram að við séum að steypa þjóðinni í hreint gjaldþrot. (Gripið fram í.)

Mig undrar sá málflutningur (Forseti hringir.) þingmanna að það sé verið að hræða þjóðina með þessum hætti vegna þess að þetta er ekki rétt. Væri einhver minnsta hætta á því, eins og ég sagði hér áðan, að það væri verið að stefna þjóðinni í þjóðargjaldþrot og það væri hægt að ganga að innlendum eignum ríkisins mundi ég ekki greiða þessum samningi atkvæði hér þegar ríkisábyrgðin kemur til kasta þingsins. (**Gripið fram í:** Af hverju …?) Komi eitthvað í ljós (Forseti hringir.) á þessum tíma um það að við séum að stefna þjóðinni í gjaldþrot — sem er alrangt — mun ég auðvitað ekki styðja þá ríkisábyrgð sem hér verður lögð fyrir þingið. (Forseti hringir.)

[14:10]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Áður en ég gef hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni orðið vill forseti geta þess að eins og þingmenn vita er ráðgerð utandagskrárumræða um Icesave-samningana og upplýsingar um þá síðdegis. Forseti hyggst ræða það mál við þingflokksformenn á eftir á stuttum þingflokksformannafundi, að loknum þessum umræðum, en hyggst áður klára hér atkvæðagreiðslu.

[14:10]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Það er algjörlega óvíst hvort það verður utandagskrárumræða um Icesave-samningana á eftir eins og hefur komið fram auk þess sem hæstv. forsætisráðherra verður ekki til svara þá heldur hæstv. fjármálaráðherra.

Ég vil líka taka fram að spurning mín snýst um hvað verið er að setja að veði. Hér spurði hv. þm. Eygló Harðardóttir um forgangskröfur. Hv. þm. Birgitta Jónsdóttir spurði um leyndina á eignasöfnunum. Af hverju er þeim ekki aflétt ef þetta á allt að vera uppi á borðum? Eigum við að treysta erlendum sérfræðingum eins og hæstv. forsætisráðherra sagði hérna? Af hverju fáum við ekki bara að sjá safnið? Eins og við viljum fá að sjá samninginn. Og hv. þm. Pétur Blöndal spurði um áhættugreiningu og lánshæfismat.

Ég ber aftur fram spurninguna: Hvað erum við að setja að veði? Hvaða eignir íslensku þjóðarinnar erum við að setja að veði? Er það gjaldeyrisvaraforðinn? Er (Forseti hringir.) það blóðið í íslensku hagkerfi?

[14:11]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég hef margsvarað þessari spurningu. Ég er mjög hissa á því að hv. þingmaður skuli hvorki heyra né skilja það sem hér er sagt úr ræðustól. Það er ekki verið að veðsetja gjaldeyrisvaraforðann ef sérstaklega er spurt um það. (**Gripið fram í:** Hvað er verið að veðsetja?) (Gripið fram í.)

Um fundarstjórn.

Túlkun þingskapa.

[14:12]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Nú er það þannig að frú forseti er með nýja túlkun á þingskapalögunum þannig að þegar við þingmenn, og þá kannski sérstaklega nýir þingmenn, ávarpa ekki rétt stendur hún upp … (**Gripið fram í:** … ekki hægt að hafa þingmann í …) Virðulegi forseti. Fæ ég lengri ræðutíma? Gott og vel. Þá er verið að grípa fram í mál þeirra eins og gerðist áðan hjá hv. þm. Birgittu Jónsdóttur þannig að hún gat ekki komið máli sínu nægilega vel til skila. Auk þess stóð frú forseti upp og skammaði stjórnarandstöðuþingmenn fyrir að kalla fram í meðan hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hélt uppi samræðum rétt áður við Eygló Harðardóttur meðan hún var í miðri sinni ræðu. Ég held að við verðum að fá á hreint hvort það eigi að breyta áralangri eða áratugalangri venju í samskiptum á þessu þingi sem m.a. frú forseti hefur (Forseti hringir.) tekið þátt í.

[14:13]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að hér eru engar nýjar túlkanir á þingsköpum. Nú hefst atkvæðagreiðsla.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 34. mál (strandveiðar). — Þskj. 126, frhnál. 127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:14]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls óskaði minni hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar eftir því að málið gengi að nýju til nefndarinnar til að fara yfir a.m.k. þau nokkur álitaatriði sem höfðu komið fram, bæði í störfum nefndarinnar og eins hér í umræðunni. Þessi nefndarfundur fór fram og afrakstur þeirrar vinnu er m.a. sá sem við sjáum hér í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar sem eru sannarlega til bóta.

Það er alveg ljóst mál að hefði þessi fundur ekki verið haldinn fyrir atbeina minni hluta nefndarinnar stæðum við uppi með enn þá verra mál en raun ber vitni um þrátt fyrir allt. Þetta er til bóta og þess vegna sjálfsagt að styðja þessar breytingartillögur.

Brtt. í nál. 127 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, IllG, JóhS, JBjarn, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SER, SII, SkH, SJS, TÞH, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞBack, ÖS.

6 þm. (GBS, HöskÞ, JónG, SF, VigH, ÞrB) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁPÁ, BJJ, EyH, GStein, KJak, KÞJ, SIJ, SVÓ, SSv, UBK, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

Sigurður Ingi Jóhannsson:

Frú forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar um frumkvæði minni hlutans að þessari breytingu. Breytingarnar eru sannarlega til bóta og mun ég leggja til að þær verði studdar þrátt fyrir að við hefðum kosið að gerðar yrðu frekari breytingar á frumvarpinu í heild sinni. Við framsóknarmenn munum ekki geta stutt það, eins og kom fram í nefndinni, að öllu leyti þar sem þær breytingar sem við fórum fram á snerta fyrst og fremst byggðakvóta og annað slíkt en koma því miður ekki fram hér við 3. umr.

Þær breytingar sem hér eru munu snúast fyrst og fremst um öryggismál, minna brottkast og frekara aðgengi sjómanna til að geta farið betur með auðlindina og nýtt hana betur. Við óttumst þó að þessi breyting muni hafa það í för með sér í heild sinni að (Forseti hringir.) ekki verði gengið eins vel um auðlindina og æskilegt væri á þessum síðustu og verstu tímum.

Frv., svo breytt, samþ. með 31:12 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, VBj, ÞSa, ÞBack, ÖS.

nei: ÁJ, BÁ, BjarnB, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, TÞH, UBK.

13 þm. (ÁsbÓ, EKG, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, RR, SDG, SIJ, SF, VigH, ÞKG, ÞrB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁPÁ, BJJ, KJak, SVÓ, SSv, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:17]

Ólína Þorvarðardóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram hefur komið hér í máli tveggja hv. þingmanna, að frumvarpið tók svolítilli breytingu við 3. umr. Ég vil hins vegar, svo að það sé sagt úr þessum ræðustóli, koma því skýrt á framfæri við þingheim að minni hluti nefndarinnar hefur ekki flutt eina einustu breytingartillögu við þetta frumvarp.

[14:17]

Illugi Gunnarsson:

Frú forseti. Ég tel að með því að samþykkja þetta frumvarp sé verið að draga úr hagkvæmni sjávarútvegs á Íslandi. Það gerist þannig að það er ákveðið magn sem má veiða á hverju sumri, það er opinn aðgangur sem þýðir að þeim bátum sem notaðir eru við veiðarnar mun fjölga jafnt og þétt. Þar með verður minni afrakstur af greininni fyrir íslenskt þjóðfélag og því er ástæða til að vera á móti.

Jafnframt tel ég þetta vera margreynda tilraun. Það sem mun gerast núna er að það mun fjölga bátum á þessu sumri, ekki óhóflega, en á næsta ári mun þeim fjölga enn meira. Það er búið að skipta landinu upp í ákveðin svæði, ákveðið magn sem má veiða á hverju svæði í hverjum mánuði og eftir því sem bátunum fjölgar mun fækka dögunum sem má nota þá. Þannig mun það halda áfram þangað til enginn arður er eftir í greininni. Þá er annaðhvort að auka aflann eða, sem er langlíklegast, að lokað verður á og (Forseti hringir.) búið til nýtt leikkerfi. Það tel ég vera afskaplega óskynsamlega ráðstöfun í þessu máli öllu saman.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill minna þingmenn á að greiða atkvæði.)

Ég segi nei.

[14:19]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp sem hér um ræðir var lagt fram bæði vanbúið og illa úr garði gert á allan hátt. Það hefur verið hlutskipti okkar í minni hluta nefndarinnar að reka þann mikla flótta sem hefur brostið á í þessu máli af hálfu stjórnarliðsins og með okkar atbeina hafa verið knúnar fram ýmsar breytingar sem stjórnarliðið hefur síðan neyðst til að gera á þessu frumvarpi.

Þetta frumvarp er hins vegar þannig samansett að í því eru ýmsir hlutir sem eru sjálfsagðir og við höfum stutt við meðferð málsins. Hins vegar er strandveiðihluti þess algjörlega óviðunandi og felur m.a. í sér að með þessari lagabreytingu er verið að færa meira en helminginn af byggðakvótanum frá þeim byggðarlögum þar sem íbúum hefur fækkað, þar sem fiskvinnsla hefur dregist saman, þar sem kvóti hefur minnkað. Þess vegna er ekki undir nokkrum kringumstæðum hægt að styðja frumvarpið.

[14:20]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Hér kemur til lokaafgreiðslu stórmerkilegt mál. Það er verið að opna upp möguleika fyrir fólk, fyrir sjómenn, til að fara á sjó án þess að hafa keypt sér til þess sérstakar veiðiheimildir. (Gripið fram í.) Það er ekki í sjálfu sér mikill afli sem þarna er verið að ráðstafa en þetta er opnun á kerfinu. Ég bind miklar vonir við að reynslan af því geti áfram verið okkur leiðarljós.

Það er athyglisvert að heyra hér að þeir sem leggjast gegn þessu séu þingmenn Sjálfstæðisflokksins, einmitt þeir sem vilja halda óbreyttu fiskveiðistjórnarkerfi. Það er athyglisvert.

Ég þakka nefndinni fyrir afar vel unnin og góð störf í þessu máli og fagna því að þetta skuli vera á lokastigi þannig að hægt sé að fara að vinna eftir þessum nýjum lögum þegar þau hljóta endanlega staðfestingu.

[14:21]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er sérstakt að heyra hæstv. ráðherra nefna hér að þetta frumvarp sé til mikils framdráttar fyrir samfélagið. Það liggur fyrir að um vanreifað mál er að ræða og þá sérstaklega strandveiðihluta frumvarpsins. Það er engum blöðum um það að fletta að allflestir, langflestir, eiginlega allir umsagnaraðilar sem komu fyrir nefndina eða sendu henni umsagnir sínar, það er sama hvort um er að ræða samtök sjómanna, útgerðarmanna, sveitarfélaga, ferðaþjónustu, allir hafa mjög alvarlegar athugasemdir við þetta frumvarp og lýsa yfir miklum áhyggjum.

Alvarlegustu áhrif þess verða á hinar veikari byggðir, á þær byggðir sem hafa treyst á byggðakvótann sem grunn að fiskvinnslu í sinni heimabyggð. Það liggja fyrir yfirlýsingar (Forseti hringir.) frá fulltrúum þessara sveitarfélaga sem segja að fiskvinnsla á þeirra stöðum (Forseti hringir.) muni hreinlega leggjast niður verði þetta að veruleika. (Forseti hringir.) Það er ótrúlegt að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skuli leggja þetta fram með þessum hætti. Ég sagði nei.

[14:22]

Tryggvi Þór Herbertsson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkrir punktar sem gera það að verkum að það er ómögulegt að samþykkja þetta, í fyrsta lagi það sem hv. þm. Illugi Gunnarsson lýsti svo vel, að þetta mun leiða til ólympískra fiskveiða sem verður að lokum til þess að mikið óréttlæti skapast þegar einhverjir hópar manna geta jafnvel fengið í hendur verðmæti sem þeir geta selt í fjórða skiptið.

Svo er punktur sem ekki hefur verið nefndur hér, hér er talið að það séu staðbundnir þorskstofnar, staðbundnir fiskstofnar. Það er algjörlega ljóst að strandveiðarnar munu leiða inn í þessa staðbundnu stofna sem eru inni á fjörðum og flóum. Í anda vinstri grænna vil ég því láta náttúruna njóta vafans og segi nei.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 150).

Listamannalaun, frh. 3. umr.

Frv. menntmn., 69. mál (brottfall eldri laga og breytt tilvísun). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SER, SII, SF, SkH, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞBack, ÖS.

4 þm. (ÁsbÓ, KÞJ, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁPÁ, BirgJ, BJJ, GÞÞ, GBS, KJak, SIJ, SJS, SVÓ, SSv, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 151).

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 35. mál (samningsbundnar greiðslur til bænda). — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:28]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að þegar menn gera grein fyrir atkvæði sínu fara menn ekki í efnislega umræðu, heldur gera grein fyrir atkvæði sínu.

[14:29]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að ef menn vilja gera grein fyrir atkvæði sínu eiga þeir að láta vita áður en fyrsti maður byrjar að gera grein fyrir atkvæði sínu. Menn verða að biðja um að fá að gera grein fyrir atkvæði sínu áður.

Var hv. þingmaður að óska eftir því að gera grein fyrir atkvæði sínu? (**HöskÞ:** Nei, ég var að óska eftir …)

Hv. þingmaður var of seinn, en forseti leyfir — af mildi sinni — hv. þingmanni að gera grein fyrir atkvæði sínu.

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞrB, ÞBack, ÖS.

2 þm. (MT, ÞSa) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁPÁ, BJJ, KJak, SJS, SVÓ, SSv, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:25]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur tíðindi að svona mikil samstaða sé að takast um búvörusamningana í landinu. Þetta eru auðvitað tíðindi að því leytinu að Samfylkingin hefur þá horfið frá því að vilja ekki styðja búvörusamninga eins og við vitum að hefur verið reyndin í fortíðinni. Batnandi mönnum er best að lifa.

Aðalatriði málsins er þó að með þessari atkvæðagreiðslu er verið að staðfesta það sem lá fyrir í afgreiðslu þingsins fyrir áramótin, nauðsyn þess að grípa inn í búvörusamninganna með því að skerða vísitölubindinguna. Þá var það harðlega gagnrýnt. Við sem að því máli stóðum þá gerðum hins vegar grein fyrir röksemdunum sem að baki eru og að lokum hafa þeir sem andmæltu fyrir áramótin komist að sömu niðurstöðu og við. Í því tilviki á líka við að batnandi mönnum er best að lifa.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill geta þess að það er bilun í klukkunni þannig að menn verða bara að hlýða hér tímamælingu af forsetastóli.)

[14:27]

Ásmundur Einar Daðason:

Frú forseti. Já, hér erum við að samþykkja breytingu á búvörulögum sem felur í sér tveggja ára lengingu á búvörusamningi. Aðdragandi þessa máls er sá að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson tilkynnti þegar hann var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einhliða lækkun á verðtryggingu á búvörusamningum án þess að ráðist yrði í einhverjar framkvæmdir á móti, samninga við bændur og annað því um líkt, þannig að það er hlutverk Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að breiða yfir för Einars í þessu máli. Ég þakka Einari hólið sem hann sendir vinstri grænum í þessu máli því að við sjáum hér að hv. þingmenn Samfylkingarinnar (Gripið fram í.) styðja þetta mál. Það er betra en það var þegar Einar K. Guðfinnsson var landbúnaðarráðherra.

[14:28]

Sigurður Ingi Jóhannsson:

Frú forseti. Þrátt fyrir að samningurinn innihaldi skerðingar sem kúabændur og sauðfjárbændur eru tilbúnir að taka á sig munum við framsóknarmenn styðja þennan samning, ekki síst í ljósi þess að um er að ræða framlengingu sem hér hefur komið fram, um tvö ár og tvö og hálft ár, á samningum sem við framsóknarmenn erum afar stoltir af að hafi verið gerðir við bændur og að allur þingheimur, allir flokkar, skuli nú sameinast um að festa í sessi.

Við gerum hins vegar ekki greinarmun á því hvort þessari stöðu hafi verið náð með einhliða uppsögn eða því að semja undir þvingunum sem núverandi ríkisstjórn virðist kjósa að setja sig í þegar hún gerir samninga, hvort sem er við bændur eða Breta. Við munum því samþykkja þennan samning.

[14:29]

Höskuldur Þórhallsson:

Frú forseti. Ég heyri að forseti tekur upp betri og hógværari siði gagnvart okkur. Það er vel. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Gera grein fyrir atkvæði sínu.)

Við vonum það að minnsta kosti.

Við framsóknarmenn segjum já og mig langar að geta þess að á bændafundi á Hótel KEA á Akureyri rétt fyrir kosningar var þar staddur hæstv. þáverandi landbúnaðarráðherra og við framsóknarmenn skoruðum á hann að lengja í búvörusamningunum. Það vildi svo skemmtilega til að sólarhring seinna gaf hann út að það yrði gert. Við framsóknarmenn fögnum því að þessi lenging hafi átt sér stað vegna þess að í þessari búgrein skiptir öllu máli að menn geti séð fram í tímann. Margir hafa farið í uppbyggingu á búum sínum og út í miklar fjárfestingar þannig að þetta er jákvætt skref. Ég segi já.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 152).

[Fundarhlé. — 14:31]

Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, 1. umr.

Stjfrv., 89. mál. — Þskj. 105.

[14:46]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. maí sl. eru boðaðar víðtækar breytingar á skipulagi Stjórnarráðs Íslands, verkefnum ráðuneyta og stofnana ríkisins. Markmið breytinganna eru að auka skilvirkni í ríkisrekstri, einfalda stjórnsýslu og bæta þá þjónustu sem sérstök áhersla verður lögð á. Þetta kallar m.a. á breytta verkaskiptingu milli ráðuneyta og stofnana en einnig þarf að huga að því að auka samstarf þannig að ríkið í heild og einstök ráðuneyti og stofnanir vinni saman sem ein heild.

Byggja þarf upp öflugar einingar á öllum málefnasviðum ríkisins og vinna þannig með skilvirkum hætti að þeim verkefnum sem löggjafinn felur framkvæmdarvaldinu að sinna á hverjum tíma með sem minnstum tilkostnaði.

Við þær breytingar sem fram undan eru er mikilvægt að forgangsraða og tryggja sem minnsta skerðingu á grunnþjónustu og þeim verkefnum sem samstaða er um að ríkið sinni. Liður í því er að stækka og fækka einingum, gera þær hagkvæmari og skilvirkari og forgangsraða betur en gert hefur verið og draga þannig úr kostnaði ríkissjóðs til frambúðar.

Þeir þættir sem huga þarf að við fyrirhugaðar breytingar eru:

Hvernig má hagræða án þess að skerða þjónustu?

Hvernig má hagræða og bæta þjónustu?

Hvernig má efla rafræna þjónustu og draga úr kostnaði til lengri tíma?

Hvernig má samþætta þjónustu ýmissa stofnana ríkis og sveitarfélaga?

Hvernig má gera þjónustu ríkisins sveigjanlegri og hagkvæmari?

Hvernig má auka skilvirkni?

Hvernig má virkja starfsfólk betur og auka sveigjanleika í starfi?

Hvernig má efla þróun og nýsköpun innan stjórnsýslunnar?

Breytingarnar verða innleiddar í áföngum á kjörtímabilinu. Þessar breytingar kalla í sumum tilfellum á lagabreytingar, í öðrum tilvikum nægja breytingar á reglugerð nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, og í einhverjum tilfellum duga einföld bréfaskipti á milli ráðuneyta. Í frumvarpi því sem hér er lagt fram eru lagðar til þær lagabreytingar sem gera þarf til að hrinda fyrsta áfanga í þessari endurskipulagningu ríkiskerfisins í framkvæmd.

Í athugasemdum með frumvarpinu er lýst nánar þeim breytingum sem til stendur að ná fram á þessu ári. Þær snúast um tilfærslu verkefna milli ráðuneyta til þess að efla þau og samsvarandi breytingar á heitum ráðuneyta. Verður nú stiklað á stóru í þessum breytingum en þær hafa verið útfærðar í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti.

Lagt er til að heitum ráðuneyta verði breytt á eftirfarandi hátt: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti komi í stað viðskiptaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneyti í stað menntamálaráðuneytis, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti í stað dóms- og kirkjumálaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti í stað samgönguráðuneytis. Þessum nafnbreytingum er ætlað að endurspegla betur meginverkefni viðkomandi ráðuneyta.

Jafnframt er að því stefnt að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneytið verði sameinað í einu öflugu atvinnuvegaráðuneyti og að til verði umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Verkefni sem tengjast efnahagsstjórn munu flytjast frá forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti til efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Þar er einkum um að ræða Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands og verkefni af efnahagsskrifstofum forsætis- og fjármálaráðuneyta.

Til að þessi efling efnahags- og viðskiptaráðuneytis nái fram að ganga þarf að breyta lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð og lögum um Seðlabanka Íslands. Vert er að leggja áherslu á að með því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið heyri undir eitt og sama ráðuneytið er hrint í framkvæmd einni helstu tillögu finnska bankasérfræðingsins Kaarlos Jännäris sem skilaði skýrslu í lok mars um orsakir hruns íslensku bankanna. Fram undan er að meta jafnframt hvort sameina beri Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands eins og Jännäri fjallaði m.a. um í skýrslu sinni en ekki hefur verið tekin afstaða til þess.

Einnig verður skipulag hins nýja efnahags- og viðskiptaráðuneytis endurskoðað í ljósi aukinna verkefna. Þá er lagt til að við Hagstofu Íslands verði starfrækt sjálfstæð rannsóknareining sem er aðskilin frá þeirri hagskýrslustarfsemi sem fyrir er. Rannsóknareiningin skal fylgjast með afkomu þjóðarbúsins, semja þjóðhagsspár og áætlanir og birta opinberlega.

Með þessu fyrirkomulagi er undirstrikað mikilvægi þess að efnahagsspá innan ríkisins sé sjálfstæð og trúverðug. Aðilar innan ríkisins eins og efnahags- og viðskiptaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og fleiri munu síðan nota þessar upplýsingar frá Hagstofunni við sína vinnu. Er þarna um að ræða hluta þeirrar starfsemi sem nú fer fram í efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Þá er lagt til að dómsmálaráðuneytið fái aukin verkefni. Þannig verða verkefni sem tengjast fasteignamati og fasteignaskráningu flutt, samkvæmt frumvarpinu, frá fjármálaráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga frá samgönguráðuneyti. Flutningur málefna er varða mansal verður flutt frá félags- og tryggingamálaráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Flutningur neytendamála verður úr viðskiptaráðuneyti í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Er þar um að ræða ýmis lög er varða verkefni Neytendastofu og talsmanns neytenda.

Fjármálaráðuneytið verður eflt sem ráðuneyti er fer með eignarhlut ríkisins í opinberum hlutafélögum. Er gert ráð fyrir að þetta forræði flytjist til fjármálaráðuneytisins 1. september nk. ef frumvarpið verður að lögum.

Um næstu áramót flyst svo forræðið yfir Keflavíkurflugvelli ohf. og Flugstoðum ohf. Leggja ber áherslu á að þessi tilfærsla eignarhalds í félögunum breytir engu um það að önnur fagráðuneyti munu áfram fara með stjórn viðkomandi málaflokka.

Af svipuðum toga eru tillögur um að umsýsla með eignum ríkisins færist alfarið til fjármálaráðuneytisins, svo sem þjóðlendum frá forsætisráðuneytinu, jarðeignum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og varnar- og öryggissvæðum á Keflavíkurflugvelli frá utanríkisráðuneytinu. Þannig verður þekking á eignaumsýslu samhæfð á einum stað innan stjórnkerfisins.

Þessar breytingar munu taka gildi eigi síðar en 1. júlí 2010 og gefst fjármálaráðuneytinu því ráðrúm til að fara yfir og endurskipuleggja fyrirkomulag eignaumsýslu ríkisins, m.a. í tengslum við stofnanir sínar, Fasteignir ríkissjóðs og Framkvæmdasýslu ríkisins. Síðar á árinu verður lagt fram frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar vegna þessa. Vinnuhópar á vettvangi hlutaðeigandi ráðuneyta munu fjalla um þessar breytingar.

Þá mun forræði menningarstofnana, menningarverkefna og sjóða, svo sem Gljúfrasteins og Þjóðmenningarhússins, stafkirkjunnar í Heimaey, þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal og Grænlandssjóðs flytjast frá forsætisráðuneytinu til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Einungis flutningur Grænlandssjóðs kallar á lagabreytingu.

Í greinargerð með frumvarpi þessu er jafnframt tilgreint að samningur um Vesturfarasetur á Hofsósi skuli flytjast til, frá forsætisráðuneyti til menntamálaráðuneytis, en horfið hefur verið frá því í ljósi sérstaks eðlis starfsemi Vesturfaraseturs og sérstökum tengslum við Vestur-Íslendinga sem talið er eðlilegt að haldist í forsætisráðuneyti.

Eins og fram kemur í stjórnarsáttmálanum stendur til að efla forsætisráðuneytið sem verkstjóra- og stefnumótandi ráðuneyti innan Stjórnarráðsins. Er þar m.a. byggt á skipulagi forsætisráðuneyta í öðrum löndum og þá ekki síst í Danmörku. Meðal einkenna forsætisráðuneyta annars staðar á Norðurlöndum er að þar eru fáir eða engir málefnaflokkar eða verkefni, heldur gegna slík ráðuneyti fyrst og fremst samræmingarhlutverki og verkstjórn.

Flutningur hefðbundinna stjórnsýsluverkefna til annarra ráðuneyta skýrist af þessari fyrirætlan. Jafnframt verður þá svigrúm fyrir ríkisstjórn að fela forsætisráðuneytinu sam-

ræmingu varðandi ýmis sérstök forgangsmál. Þannig verður nú sett á fót ráðherranefnd um jafnréttismál undir forustu forsætisráðherra en jafnréttismálin almennt (Jafnréttisstofa, Jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála og jafnréttisskrifstofa) verða áfram í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Önnur ráðherranefnd mun tryggja eftirfylgni með verkefnum sem heyra undir önnur ráðuneyti á sviði efnahagsmála og samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Skipurit forsætisráðuneytisins verður endurskoðað með það að markmiði að gera því betur kleift að sinna forustuhlutverki við stefnumótun og samhæfingu milli ráðuneyta og á vettvangi stjórnsýslunnar almennt.

Meðal annars er þegar hafin vinna við sóknaráætlun fyrir alla landshluta og þar verður m.a. tekið til umfjöllunar hvernig samræma megi og einfalda þjónustu um land allt. Verður þar horft til þess hvernig þjónusta á vegum ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar er skipulögð og hvort samræma megi þjónustu opinberra aðila.

Um önnur áform ríkisstjórnarinnar í síðari áföngum vísast til stefnuyfirlýsingar hennar. Þar er t.d. boðuð fækkun ráðuneytanna á kjörtímabilinu úr tólf í níu. Settur hefur verið á fót starfshópur um skipulag og verkefni ríkisstofnana.

Verkefninu er stýrt af forsætisráðuneytinu og unnið í samráði við ráðuneytisstjóra allra ráðuneyta. Starfshópurinn mun vinna með ráðuneytum og stofnunum að breytingum á skipulagi og stofnanagerð ríkisins og í samráði við aðila vinnumarkaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila. Annar vinnuhópur mun fjalla um fyrirkomulag stjórnsýsluumbóta og hagræðingarmála hjá ríkinu, svo sem er varða rafræna stjórnsýslu.

Markmiðið er skýrari verkaskipting og öflug samvinna milli forsætis- og fjármálaráðuneyta. Þá verður sett á fót nefnd til að fara yfir fyrirkomulag og mögulega hagræðingu vegna reksturs grunnskráa hjá ríkinu, þ.e. þjóðskrá, fasteignaskrá, fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá og ökutækjaskrá.

Í öllum þessum verkefnum er mikilvægt að haft verði samráð við starfsmenn og hvernig hugsanlega megi flytja til starfsmenn í samræmi við breytt verkefni, en ekki er gert ráð fyrir að starfsmönnum verði fækkað. Á hinn bóginn tel ég afar mikilvægt að í þessum breytingum verði byggt á skýrum markmiðum og leiðarljósum sem séu öllum kunn fyrir fram og byggð á jafnræðissjónarmiðum.

Eins og áður segir er eitt meginmarkmið umræddra breytinga að gera ráðuneytum betur kleift að sinna verkefnum sínum með sem minnstum tilkostnaði, skyldum málefnum verði þannig skipað saman og sérþekking nýtt sem best. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að starfsmenn fylgi verkefnum og flytjist milli ráðuneyta í samræmi við það og sama eigi við varðandi flutning starfsmanna frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins til Hagstofu Íslands.

Ég tel afar mikilvægt að sveigjanleiki innan stjórnkerfisins verði aukinn með það að markmiði að nýta þann mikla mannauð sem býr innan ráðuneyta og stofnana enn betur en gert hefur verið. Þar tel ég að við eigum m.a. að horfa til Danmerkur þar sem gert er ráð fyrir umtalsverðum breytingum innan stjórnsýslunnar við ríkisstjórnarskipti og jafnvel oftar eftir áherslum og breytingum í samfélaginu.

Við eigum stöðugt að endurskoða málaflokka og forgangsröðun með það að markmiði að auka skilvirkni og bæta þjónustu um leið og fyllstu hagræðingar er gætt. Ég finn fyrir áhuga meðal starfsmanna Stjórnarráðsins og einstakra stofnana, og mörg ráðuneyti og stofnanir hafa þegar margar hugmyndir um breytingar sem verða teknar til skoðunar. Ég nefni þar m.a. fyrirhugaða sameiningu Tryggingastofnunar ríkisins og Vinnumálastofnunar sem ég tel að sé afar skynsamleg.

Með frumvarpi þessu er stigið fyrsta skref af mörgum í átt til breytinga og hagræðingar. Við verðum að horfa opnum augum á alla möguleika til breytinga, ekki síst á þessum erfiðu tímum sem við göngum nú í gegnum. Ég tel að nú sé tími til þess að taka höndum saman um að skoða allar hugsanlegar leiðir og ég finn fyrir miklum samstarfsvilja innan stjórnkerfisins til að vinna að þessu máli.

Að svo mæltu legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[14:59]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er með spurningar til hæstv. forsætisráðherra af þessu tilefni. Frumvarpið er um margt athyglisvert og ég fagna því að þarna virðist, alla vega í orði kveðnu, í breyttum titlum ráðuneytanna, vera lögð meiri áhersla á mannréttinda- og menningarmál, það er ánægjuefni.

Mig langar að spyrja í tengslum við þessar breytingar á lögum um Hagstofu Íslands, þar sem Hagstofu Íslands er falið að starfrækja sjálfstæða rannsóknareiningu um afkomu þjóðarbúsins, semja þjóðhagsspár o.s.frv., hvort hér sé komið eitthvert ígildi fyrrum Þjóðhagsstofnunar en margir núverandi og fyrrverandi þingmenn hafa verið áhugasamir um að endurreisa þá merku stofnun. Lítur hæstv. forsætisráðherra svo á að hér sé verið að endurvekja Þjóðhagsstofnun?

Mig langar líka að spyrja hæstv. forsætisráðherra, hún fór aðeins inn á það í ræðu sinni, hvaða málaflokkar verða þá eftir í (Forseti hringir.) forsætisráðuneytinu eða er það markmið frumvarpsins að það verði engir málaflokkar þar?

[15:00]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er ein af þeim mörgu sem saknaði þess og sá eftir því þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður af þáverandi ríkisstjórn. Mikil umræða var um það mál á sínum tíma, að það væri ekki skynsamleg leið að leggja Þjóðhagsstofnun niður.

Ég held að reynslan sýni að það hafi verið rétt mat. Það er mjög mikilvægt að stjórnarandstaðan ekki síst hafi aðgang að stofnun eins og Þjóðhagsstofnun og með því að styrkja Hagstofuna, eins og hv. þingmaður nefndi, er verið að styrkja sjálfstæða rannsóknareiningu á sviði efnahagsmála og hagrannsókna. Ég er alveg sannfærð um að það mun nýtast mjög vel fyrir þingið í heild þannig að hluta til er hægt að svara því að menn hafi aðeins verið að horfa til þessa þáttar þegar þessi breyting var gerð á Hagstofunni.

Ég sé að það er komið rautt ljós á mig þannig að ég vil svara því síðar og þá í næstu umferð.

[15:01]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil hæstv. forsætisráðherra svo að það sé að nokkru leyti verið að stofna hér einhvers konar ígildi Þjóðhagsstofnunar. Ég vil því spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það standi þá til að efla þennan þátt starfseminnar eitthvað enn frekar, t.d. hvað varðar aðgang stjórnarandstöðuþingmanna að þjónustu þessa þáttar í starfsemi Hagstofunnar?

Það hefur t.d. verið rætt, eins og hæstv. forsætisráðherra nefndi, að ein röksemdin fyrir því að stofna Þjóðhagsstofnun aftur, eða endurreisa hana, sé sú að slík stofnun mundi gagnast þinginu einkar vel og ekki síst stjórnarandstöðuþingmönnum. Ég spyr því hvort þetta sé vísir að einhverju stærra í því samhengi eða einhvers konar stofnun sem muni gagnast þinginu í efnahagsmálum?

Ég ítreka svo fyrri spurningu um það hvort engir málaflokkar verði þá eftir í forsætisráðuneytinu eftir þessar breytingar?

[15:02]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur líka verið kallað eftir því hér innan þingsins að hafa sérstaka hagfræðideild en miðað við stöðu efnahagsmála tel ég að við verðum að halda okkur við það sem fyrir er í því efni og reyna að nýta það sem best. Það verður auðvitað þröngt um vik að fara að setja aukafjármagn eða peninga í Hagstofuna, menn hugsa þá frekar til þess að flytja starfsfólk þarna á milli. En ég vona sannarlega að þessi breyting á Hagstofunni verði til þess að þingið geti þá nýtt sér þetta sem best, þessa breytingu.

Varðandi forsætisráðuneytið þá kom fram í ræðu minni að hér er verið að efla verkstjórnarhlutverk forsætisráðuneytisins þannig að þetta er með líkum hætti og er hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. En það er ýmislegt sem stendur eftir inni í forsætisráðuneytinu og ég bið hv. þingmenn bara að fara í gegnum það því að ég á fjórar sekúndur eftir. Þarna eru 22 meginatriði sem eru inni í forsætisráðuneytinu en það eru sennilega ein fimm eða sex mál, að vísu mikilvæg mál, (Forseti hringir.) sem flytjast frá forsætisráðuneytinu, eins og Seðlabankinn og Hagstofan. (Forseti hringir.) Ég tel það í samræmi við eðlilega stjórnarhætti í þessum málum að efnahagsmálin (Forseti hringir.) eigi sem mest að vera á einni hendi og nú verður það í höndum sérstaks (Forseti hringir.) efnahagsráðuneytis.

[15:04]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var þess getið að ýmsar breytingar væru fyrirhugaðar varðandi Stjórnarráðið og skiptingu verka þar. Ég held að flestir sem sáu þær hugmyndir hafi hugsað með sér að það gæti alla vega verið byrjun á umræðu um skynsamlegar breytingar í þeim efnum. Ég held að allir geti verið sammála um að slík verkefni og fyrirkomulag þeirra og skipulag kallar auðvitað alltaf á stöðuga endurskoðun.

Það kom mér hins vegar á óvart, þegar frumvarpið kom hér fyrir þingið, að þarna er aðeins um að ræða eitthvert brot af því sem við getum leitt líkum að að von sé á frá ríkisstjórninni. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort ekki hefði verið eðlilegt að leggja fram einhverja heildstæða mynd af því hvernig ríkisstjórnin sér fyrir sér breytingar á Stjórnarráðinu.

Í annan stað spyr ég líka eftir því, sem kom fram í stjórnarsáttmálanum, hvað líði hugmyndum um fækkun ráðuneyta? Og hvað líður hugmyndum um hagræðingu og sparnað sem einnig voru nefndar í stjórnarsáttmálanum?

[15:05]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um það að hagræðing og sparnaður eru á fullri ferð innan ráðuneyta. Hvert einasta ráðuneyti er nú að snúa við hverjum hlut hjá sér til þess að athuga hvar hægt er að hagræða og spara. Menn munu sjá það þegar ríkisfjármálin koma hér inn í þingið í frumvarpsformi að gerð er mjög hörð atlaga að rekstri ríkisstofnana, kannski harðari en hægt er að ætlast til að ráðuneytin geti náð fram. Engu að síður er það markmiðið að gera það. Það eru sett ákveðin leiðarljós í því efni, hvernig hægt er að ná niður rekstrinum, og ég held að það sé hægt ef menn vinna eftir því og samræma vinnubrögð í því efni.

Það er heildarsýn í þessu frumvarpi og það hefur líka komið í ljós, og er í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar, að ráðuneytum á að fækka úr tólf í níu á kjörtímabilinu. Stefnt er að því að til verði eitt atvinnuvegaráðuneyti, hugsanlega þegar á næsta ári, og að einnig verði lögfest hér innanríkisráðuneyti (Forseti hringir.) — dóms- og kirkjumálin verði sameinuð og samgönguráðuneyti (Forseti hringir.) og margir málaflokkar innan þess í eitt innanríkisráðuneyti (Forseti hringir.) sem mun þá koma til framkvæmda á næsta kjörtímabili en verður lögfest á þessu kjörtímabili.

[15:06]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil kannski umorða spurningu mína og spyr því hæstv. forsætisráðherra hvort ekki hafi verið ástæða til að nýta ferðina, ef svo má segja, þegar verið er að leggja frumvarp um breytingu á Stjórnarráðinu fram með þessum hætti til þess að ná fram einhverjum markmiðum um aðhald og sparnað. Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er aðeins tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir kostnaðaraukningu af þessum breytingum. Ekki er gert ráð fyrir sparnaði af þessum breytingum. Raunar má velta fyrir sér hvort það stenst að ekki komi til kostnaðaraukningar eins og yfirleitt gerist alla vega fyrst í stað þegar farið er í skipulagsbreytingar af þessu tagi.

En nóg um það. Ég vil taka það fram að mér finnst engin ástæða til að agnúast út í það að farið sé í endurskoðun á verkefnum í Stjórnarráðinu, við stóðum að því fyrir tæpum tveimur árum og ég held að enginn sjái fyrir sér að ástæða sé til að fara til baka. En ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Af hverju var ekki ákveðið að nýta ferðina (Forseti hringir.) til þess að ná fram einhverri hagræðingu og einhverjum sparnaði þegar á annað borð var verið að leggja fram frumvarp um breytingar á Stjórnarráði (Forseti hringir.) Íslands?

[15:08]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það liggi nú alveg í augum uppi að þegar verið er að fækka ráðuneytum, eins og að er stefnt á þessu kjörtímabili, úr tólf í níu, þá eru menn að stefna að því að hagræða.

Það er rétt sem hv. þingmaður nefndi varðandi þann sparnað sem kemur þegar verið er að hagræða og sameina innan stjórnkerfisins að það tekur nokkurn tíma þar til hann skilar sér. Þó að það komi ekki fram í þessu frumvarpi að það sé gert, að það muni t.d. gerast á þessu ári, þá er ég viss um það, og ég held að það liggi alveg í augum uppi, að til lengri tíma litið mun verða veruleg hagræðing af þessari breytingu sem ríkisstjórnin er að fara í. Ég held að það sé alveg ljóst og liggi í augum uppi.

[15:09]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar við þessa 1. umr. að varpa fram einni eða tveimur spurningum til hæstv. forsætisráðherra um frumvarpið sem hér er til umræðu.

Ég vil þó fyrst segja að mér finnst umhugsunarvert hvort æskilegt sé að taka efnahagsmálin undan forsætisráðuneytinu nú þegar það skiptir hvað mestu máli fyrir hæstv. forsætisráðherra að vera mjög djúpt sokkinn í þau mál. Hafi einhvern tímann verið þörf á því að hæstv. forsætisráðherra sé vel inni í efnahagsmálum þá er það nú.

Mig langar hins vegar að spyrja, vegna þess að það kemur fram í greinargerð að gert sé ráð fyrir því að starfrækja hér ráðgjafarnefnd í tengslum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og að það verði undir forustu hæstv. forsætisráðherra, hvort það sé þá tímabundið þannig að þegar við ljúkum samstarfi okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn muni forsætisráðuneytið að öllu leyti láta eftir stjórn á efnahagsmálum eins og verið hefur? Já, ég sé það að ég þarf að geyma (Forseti hringir.) frekari spurningar þar til síðar.

[15:10]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil minna hv. þingmann á að þetta var nú eitt af því sem lagt var fram í skýrslu Finnans Jännäris sem eitt aðalmálið, þ.e. að sameina efnahagsþættina úr fjármálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu á einn stað. Meira að segja var bent á að þetta væri m.a. ein ástæðan fyrir því að ekki hefði tekist betur til að því er það varðar að koma með einhverjum hætti í veg fyrir þetta efnahagshrun, þ.e. að efnahagsmálin voru dreifð á þrjá staði. Það væri miklu skynsamlegra að hafa þetta á einum stað, að halda utan um þetta allt saman og það er eins og gerist hjá ýmsum Norðurlandanna að þetta er á einum stað.

Það var líka lagt til að Fjármálaeftirlitið yrði sameinað Seðlabanka. Það er að hluta gert — komið allt saman, allir þættirnir sem voru í viðskiptaráðuneytinu, (Forseti hringir.) fjármálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu á einn stað. Þá erum við að tala um það (Forseti hringir.) að — (Forseti hringir.) við erum líka á leiðinni að skoða þennan þátt.

En ég verð að svara síðari spurningunni hér (Forseti hringir.) á eftir því að tíminn er skammur.

[15:12]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má til sanns vegar færa að ekki sé óeðlilegt að efnahagsmál séu undir einu ráðuneyti, ég held að við þurfum kannski ekki endilega deila mjög mikið um það. En það vekur spurningar hvort heppilegt sé að það sé tekið undan forræði hæstv. forsætisráðherra.

Efnahagsstjórn er lykilatriði í rekstri hvers lands og ég hefði haldið, og ekki síst við þær aðstæður sem nú eru, að það væri afar óheppilegt að fara að rugga þessum bát núna. Raunar held ég að hægt sé að færa fyrir því ýmis rök að þetta séu umfangsmestu og mikilvægustu störf hverrar ríkisstjórnar og ég hefði haldið að slík verkefni ættu að sjálfsögðu að vera á forræði forsætisráðuneytisins.

Mig langar líka til að spyrja gagnvart Seðlabanka Íslands — nú er líka ákvörðun um það að færa hann undan hæstv. forsætisráðherra. Þá geri ég ráð fyrir því að skipunarvaldið muni væntanlega flytjast um leið frá forsætisráðuneytinu yfir til þessa efnahagsmálaráðuneytis. Þetta ber allt að þeim brunni að hið mikla vald sem felst í stjórn efnahagsmála er fært frá forsætisráðuneytinu til einhvers annars ráðherra og þá spyr maður sig: Hvað ætlar hæstv. forsætisráðherra að hafa fyrir stafni? (Gripið fram í.)

[15:13]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nú alveg óþarfi að gera lítið úr forsætisráðuneytinu þó að þessar breytingar verði á skipulaginu, þetta er lagt er til af þessum sérfræðingi sem ég nefndi til þess að hafa þetta allt á einum stað. Ég held að það sé vel til fundið að þetta sé í einu efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

En það er alveg ljóst að þó að þessir þættir flytjist inn í eitt efnahagsráðuneyti munu forsætisráðherra og forsætisráðuneytið að sjálfsögðu fylgjast vel með öllum gangi efnahagsmála. Það er alveg ljóst að með ákveðnum hætti er verið að auka verkstjórnarvald forsætisráðuneytisins. Auðvitað verða reglubundnir fundir haldnir með þeim ráðherrum sem á einn eða annan hátt koma nálægt þessu máli þó að utanumhald sé á einum stað eins og t.d. málefni Seðlabankans, sem hér var nefnt, og Hagstofunnar.

Ég held að til lengri tíma litið muni menn sjá að (Forseti hringir.) skynsamlegt sé að gera þetta með þeim hætti sem hér er gert. Ég bið hv. þingmann (Forseti hringir.) að fara yfir reglugerðina um Stjórnarráðið og sjá að það eru nú töluvert mörg verkefni (Forseti hringir.) eftir í forsætisráðuneytinu þó að þessi breyting verði.

[15:14]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er tækifæri til að gera breytingar. Þegar við stöndum illa fjárhagslega er einmitt mjög spennandi að gera svona breytingar.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra út í tvennt. Það er í fyrsta lagi, og það sjá það allir, verið að taka mjög mikið af málaflokkum frá forsætisráðuneytinu en þó er verið að færa

til forsætisráðuneytisins nefnd sem heitir nefnd um jafnréttismál. Mig langar að heyra hvað hæstv. ráðherra hefur að segja um væntingar til hennar af því að stofnanir á sviði jafnréttismála eiga að vera áfram hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Einnig er talað um eitthvað sem heitir ráðherranefnd um jafnréttismál og tel ég það mjög spennandi tækifæri og vil gjarnan heyra meira um það.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég koma með ábendingu til hæstv. forsætisráðherra og spyrja eftir viðbrögðum við henni, ábendingin er sú að það þurfi að skoða hvað ráðuneytin eru hlutfallslega veik miðað við stofnanirnar. Ég er ekki að segja að stofnanirnar séu almennt sterkar en það er alla vega ljóst í mínum huga að ráðuneytin eru allt (Forseti hringir.) of veik.

[15:15]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér kemur ekki á óvart að hv. þingmaður skuli spyrja um jafnréttismálin, eins mikinn áhuga og hún hefur á þeim málaflokki. Það var mjög huglægt hvernig fara ætti með þessi mál og stóð til að flytja þau jafnvel alfarið í forsætisráðuneytið. Margir hafa áhuga á því vegna þess að jafnréttismálin falla með einum og öðrum hætti undir hvert einasta ráðuneyti þannig að á margan hátt er skynsamlegt að hafa þau í forsætisráðuneytinu. Innanríkisráðuneytið kom líka upp í huga margra í þessu sambandi en það verður stofnað, eins og ég nefndi hér áðan, síðar á þessu kjörtímabili. Menn vildu aðeins meta hvort það væri þá rétt til frambúðar að fella þessi mál undir innanríkisráðuneytið eða forsætisráðuneytið en töldu rétt að hafa ákveðið verkstjórnarvald að því er varðar þessa hluti í forsætisráðuneytinu. Þar yrði skipaður hópur ráðherra, fjármálaráðherra, félags- og tryggingamálaráðherra og forsætisráðherra (Forseti hringir.) sem færu reglubundið yfir þessi mál til þess að leggja (Forseti hringir.) áherslu á þennan málaflokk og sjá til þess að ýmsum málum sem þarf að framfylgja, t.d. á sviði framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum, yrði fylgt eftir.

[15:17]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu og heyri að hæstv. ráðherra undirstrikar það sem ég var að vonast til í þessu andsvari, að reynt er að veita jafnréttismálum meira pólitískt vægi og ég fagna því svo sannarlega.

Ég ítreka ábendingu mína sem kom fram áðan varðandi ráðuneytin, það er mjög sérstakt hvað ráðuneytin okkar eru veik hlutfallslega miðað við stofnanirnar. Ég tel að það verði að gera hér breytingu á. Það eru dæmi um að ráðuneyti hafi ekkert getað ráðið við stofnanir sem farið hafa t.d. mjög mikið fram út fjárlögum. Það fylgjast kannski ein eða tvær manneskjur í ráðuneyti með stofnunum sem velta mjög háum fjárhæðum og hafa eiginlega engin tök á því að halda utan um þau mál, fyrir utan það að það vantar líka mjög mikið upp á stefnumótun í mörgum málaflokkum innan ýmissa ráðuneyta.

Ég held að við þurfum að endurskoða svolítið þetta kerfi og styrkja ráðuneytin á næstu árum.

[15:18]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Þeir sem hafa verið ráðherrar þekkja nákvæmlega það sem hv. þingmaður talar um, hve mörg ráðuneyti eru veik samanborið við þær stofnanir sem undir þau heyra. Þetta er vandamál innan stjórnsýslunnar og nú þegar verið er að taka á þessum málum í heild sinni innan Stjórnarráðsins er þetta sannarlega mikilvægt atriði sem þarf að huga að.

[15:19]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns árétta það sem fram kom í andsvari mínu hér áðan að ég tel að það sé skynsamlegt og eigi fullan rétt á sér að gera með reglulegum hætti úttekt á stöðu mála og málaflokka innan Stjórnarráðsins, færa málaflokka til, breyta fyrirkomulagi, þess vegna heitum ráðuneyta, fækka ráðuneytum ef möguleikar eru á því o.s.frv. Ég tel að það sé afar jákvætt að stjórnsýslan sé sveigjanleg að þessu leyti og nái að laga sig að þeim breytingum sem verða í umgjörðinni og í þeim málaflokkum sem undir þau heyra.

Þess vegna fagna ég því að við hér á nýkjörnu þingi fáum tækifæri til þess að ræða um Stjórnarráðið og skipulag þess en ég hefði þó vænst þess þegar frumvarp er lagt fram til breytinga á lögum sem varða Stjórnarráð Íslands að þar kæmi fram einhver skýr heildarsýn á hvað ríkisstjórnin ætlar sér í þessum efnum. Við þekkjum auðvitað það sem fram kom hjá hæstv. forsætisráðherra, að ýmis atriði eru nefnd í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sum af þeim eru tilteknin hér, önnur ekki. Ég held að þegar málið er í meðförum þingsins hefði verið miklu æskilegra ef hægt væri að fjalla um breytingar á ráðuneytum á heildstæðan hátt en ekki að taka út mjög afmarkaða þætti eins og hér er gert.

Eftir að hafa farið yfir frumvarpið sýnist mér að frumvarpið sjálft feli fyrst og fremst í sér tvenns konar breytingar, annars vegar er tilflutningur efnahagsmála, sem í dag heyra undir a.m.k. þrjú ráðuneyti, til viðskiptaráðuneytisins, sem á þá að heita efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Það er stóra breytingin sem felst í þessu frumvarpi. Svo eru ýmsar smávægilegar breytingar sem eru fæstar veigamiklar, að mér sýnist, heldur frekar tæknilegar breytingar og tilflutningur á mjög afmörkuðum verkefnum sem ég hef ekki tekið neina afstöðu til. Sumt af því sýnist mér í fljótu bragði vera til bóta, annað hef ég meiri efasemdir um en ég held að það séu allt atriði sem hægt er að ræða með yfirveguðum hætti í allsherjarnefnd þegar málið kemur þangað.

Varðandi stóra málið, þ.e. tilflutning efnahagsmála vil ég áður en lengra er haldið láta í ljósi þá skoðun mína að það sé eðlilegt að þunginn í efnahagsmálum sé í forsætisráðuneytinu. Í dag er það þannig hugsað að þunginn er hjá forsætisráðuneytinu. Fjármálaráðuneytið hefur auðvitað mikilvægu hlutverki að gegna að því er varðar ríkisfjármálin, bæði tekju- og gjaldahlið, auk þess sem það hefur ákveðna áætlunargerð með höndum. Viðskiptaráðuneytið er hins vegar, eins og nafnið ber með sér, annars vegar viðskiptaráðuneyti og hins vegar bankamálaráðuneyti. Ég verð

að segja að í ljósi reynslunnar og í ljósi aðstæðna hefði ég frekar talið að ástæða væri til þess að styrkja efnahagsþáttinn hjá forsætisráðuneytinu frekar en að færa efnahagsmálin í heild sinni frá forsætisráðuneytinu og veigamikla þætti frá fjármálaráðuneytinu til viðskiptaráðuneytisins. Það er ólík nálgun. Auðvitað stefnum við öll að því og höfum öll þau markmið að það sé, a.m.k. á einum stað og helst auðvitað víðar, mjög mikill þungi í efnahagsmálunum, varðandi þekkingu á efnahagsmálum og fagmennsku á því sviði.

Ég hefði talið að forsætisráðuneytið þyrfti að hafa það með höndum. Þess vegna hefði ég frekar stutt tilflutning verkefna frá öðrum ráðuneytum til forsætisráðuneytisins, ekki síst í ljósi þeirra aðstæðna sem eru uppi í þjóðfélaginu þar sem efnahagsmálin eru langsamlega mikilvægasta viðfangsefni allra stjórnvalda, allrar ríkisstjórnarinnar, og vandséð annað en að forsætisráðuneytið og forsætisráðherra þurfi hvort sem er ekki aðeins að vera með fingurinn á púlsinum heldur líka með daglega stjórnun á mörgum þáttum efnahagsmála, samskiptum við aðila, t.d. aðila vinnumarkaðarins, samskiptum við erlenda aðila, sérfræðistofnanir og ég veit ekki hverja og hverja. Forsætisráðuneytið mun þurfa að sinna þessu hvort sem er.

Forsætisráðherra mun þurfa öfluga efnahagsráðgjafa eftir sem áður. Ég sé ekki að sú breyting verði að hægt sé að flytja efnahagsskrifstofu forsætisráðuneytisins út úr forsætisráðuneytinu án þess að í staðinn komi sérfróðir aðilar sem veitt geti forsætisráðherra sem verkstjóra ríkisstjórnar góð ráð um stöðu efnahagsmála. Það er sjónarmið, við erum ekki kannski sammála um það, það er hægt að nálgast þetta með ýmsum hætti. Eins og staðan er hefði ég frekar talið að rétt væri að styrkja efnahagsþáttinn í forsætisráðuneytinu en að færa verkefnin á því sviði þaðan.

Það var reyndar athyglisvert að heyra orðaskipti hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og forsætisráðherra hæstv. áðan um jafnréttismálin þegar talað var um að til þess að veita jafnréttismálum meira vægi ætti að setja þau undir forsætisráðuneytið. Nefnt var að jafnréttismálin kæmu við sögu í flestum ráðuneytum. Ég bendi á að hægt er að segja það nákvæmlega sama um efnahagsmálin, efnahagsmálin koma öllum ráðuneytum við. Efnahagsmálin eru ekki einangraður málaflokkur í þeim skilningi að hann snerti ekki svið hvers einasta ráðuneytis hvort sem um er að ræða atvinnuvegamálaráðuneytin, umhverfisráðuneytið, utanríkisráðuneytið eða hvað þið viljið nefna, efnahagsmálin eru alls staðar nálæg. Með sömu rökum og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir töluðu um að eðlilegt væri að færa jafnréttismálin til forsætisráðuneytisins vil ég segja að mér finnst eðlilegt að efnahagsmálin séu hjá forsætisráðuneytinu.

Auðvitað vitum við, eins og hæstv. forsætisráðherra gat um í ræðu sinni, að þessum málum er skipað með mjög mismunandi hætti í löndunum í kringum okkur. Sums staðar eru efnahagsmálin hjá leiðtoga ríkisstjórnarinnar, stundum eru þau hjá fjármálaráðherra, stundum er um að ræða sérstakt efnahagsmálaráðuneyti, það er hægt að velja mjög mörg mismunandi „módel“ í því sambandi. Ég verð að játa að ég hef ekki á þessari stundu forsendur til að dæma nákvæmlega um það en fyrst farið er út í einhverjar breytingar á þessu sumri hefði ég haldið að réttara væri að fara þá leið sem ég talaði hér fyrir, að veita efnahagsmálunum meira vægi í forsætisráðuneytinu og hugsanlega að færa þá verkefni til forsætisráðuneytisins. En látum þeirri umræðu lokið, við getum deilt um þetta og það er enginn sannleikur í þessu.

Það er annað atriði sem ég vildi víkja að í þessu sambandi og það varðar undirbúning þessa máls. Ég les greinargerð með frumvarpinu og velti því fyrir mér þegar ég skoða hvaða undirbúningur hefur átt sér stað í aðdraganda þessarar tillögugerðar. Ég kem ekki alveg auga á að greint sé frá því hvernig þessar tillögur verða til. Ég minnist þess að þegar fram komu tillögur um breytingar á Stjórnarráðinu haustið 2007 var að baki nokkurra mánaða vinna innan Stjórnarráðsins þar sem lagt var upp með töluverðar skipulagsbreytingar. Ég er ekki alveg klár á því eftir að hafa lesið almennar athugasemdir við frumvarpið hvers konar vinna hefur átt sér stað í aðdraganda þessa frumvarps og mér er heldur ekki ljóst eftir að hafa lesið þetta hvernig handbók um framlagningu og samningu lagafrumvarpa hefur verið fylgt við undirbúninginn, hvernig hefur t.d. verið haft samráð við hagsmunaaðila, þær stofnanir sem málið varðar og annað þess háttar, mér er það bara ekki ljóst. Ég held því ekki fram að ekki hafi verið um slíkt samráð að ræða, ég veit það ekki, en frumvarpið ber ekki með sér að neitt slíkt samráð hafi átt sér stað. Það kemur ekkert fram í frumvarpinu um að talað hafi verið við stofnanirnar, að talað hafi verið við hagsmunasamtök sem koma að þessum málum eða aðra aðila sem það gæti hugsanlega varðað.

Ég velti því fyrir mér og spyr hæstv. forsætisráðherra í því sambandi hvort henni finnist þetta mál vera þess eðlis að ekki sé ástæða til þess að fara eftir leiðbeiningum handbókarinnar um undirbúning lagafrumvarpa og þá hvers vegna eða hvort þær leiðbeiningar, tilmæli og athugasemdir sem fram koma í handbókinni séu einfaldlega þess eðlis að ekki sé ástæða fyrir ráðuneytið að taka mark á þeim þegar lagafrumvörp eru samin. Er handbókin eitthvað sem við þurfum ekki að hugsa um eða eru einhverjar sérstakar ástæður sem gera það að verkum að handbókinni er ekki fylgt þegar undirbúningur lagafrumvarpa á sér stað? Gæti hæstv. forsætisráðherra í leiðinni upplýst aðeins um aðdraganda þessa máls og undirbúning fyrir utan það sem við vitum að stendur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar? Stefnuyfirlýsing pólitískrar ríkisstjórnar er auðvitað ekki faglegur undirbúningur að samningu lagafrumvarpa, alla vega ekki mér vitanlega.

Ég vildi að lokum, hæstv. forseti, árétta að í þessu frumvarpi er ekkert vikið að hagræðingu eða sparnaði, ekki er gert ráð fyrir því að þetta frumvarp hafi í för með sér hagræðingu eða sparnað. Fjármálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir því í mati sínu að um verði að ræða kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, fjármálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir því en það gerir heldur ekki ráð fyrir því að um neina hagræðingu verði að ræða enda er ekki verið að leggja niður nein verkefni, það er bara verið að færa þau til.

Fjármálaráðuneytið segir í fjárhagsmati sínu á frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að áhrif frumvarpsins og þeirra breytinga sem um er fjallað í athugasemdum á

kostnað ríkissjóðs verði einkum í formi tilflutnings á kostnaði milli ráðuneyta og stofnana og auki þannig ekki heildarkostnað ríkissjóðs. Í fjárlögum munu áhrifin koma fram í tilflutningi fjárlagaliða og fjárheimilda milli ráðuneyta. Í einhverjum tilvikum kann þó að koma til breytinga á kostnaði, svo sem vegna breytinga á starfsmannafjölda eða húsnæði, en komi til slíkra ófyrirséðra útgjalda eða biðlauna verður að fjalla um það sérstaklega.“

Fjármálaráðuneytið gerir sem sagt ráð fyrir því að kostnaðaráhrifin af frumvarpinu sem slíku verði núll, að ekki verði um að ræða aukinn kostnað og að ekki verði um að ræða minni kostnað. Ekki verður ráðið af því sem stendur í þessu fjárhagsmati að þessar breytingar sem er verið að fjalla um í frumvarpinu leiði til neins sparnaðar í framtíðinni, það eru ekki neinar ráðagerðir um það.

Þess vegna ítreka ég þá spurningu sem ég lagði fram í andsvari hér áðan: Af hverju nota menn ekki tækifærið fyrst lögin sem varða Stjórnarráð Íslands eru opnuð, og taka ákvarðanir um tillögugerð um breytingar þar, að ná fram einhverjum sparnaði, einhverri þeirri hagræðingu sem allir eru sammála um, og ég efast ekki um að hæstv. forsætisráðherra er sammála, að æskilegt er að ná fram? Af hverju er verið að leggja í þessa vinnu og koma með þetta frumvarp inn í þingið án þess að þar sé einhver heildarmynd af því sem gera á? Þarna er bara brot af því sem á að gera í Stjórnarráðinu. Fyrst menn eru að leggja upp í þennan leiðangur, svo vinsælt orðalag sé notað, af hverju er ferðin þá ekki notuð til þess að ná fram einhverjum sparnaði eða einhverri hagræðingu?

[15:33]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem hæstv. forsætisráðherra hefur nú nýlega mælt fyrir.

Margt í frumvarpinu horfir við fyrstu sýn til bóta og allt gott um það að segja. Ég vil hins vegar setja það frumvarp sem við ræðum hér í samhengi við þá stöðu efnahagsmála sem blasir við samfélaginu og þá staðreynd að tekjur ríkissjóðs munu núna og hafa verið að dragast saman. Skuldirnar eru að stórhækka og það er alveg ljóst að í ríkisrekstrinum þurfum við að gæta mikils aðhalds og því miður að skera niður á næstu mánuðum og árum. Það veldur mér því vissulega vonbrigðum að í frumvarpinu sem hér er mælt fyrir skuli ríkisstjórnin ekki kveða meira á um sparnað á eigin heimili, þ.e. í rekstri ráðuneyta ríkisstjórnarinnar. Það vakti líka dálitla athygli þegar þessi ríkisstjórn var mynduð í kjölfar síðustu kosninga að eitt af fyrstu verkefnum hennar var að fjölga ráðherrum um tvo. Það var nú upphafið að sparnaðaráformum ríkisstjórnarinnar að fjölga ráðherrastólunum.

Það er nú, frú forseti, ekki beint í samræmi við þau skilaboð sem ríkisstjórnin er að senda út til stofnana sinna, til skólanna, til heilbrigðisstofnana, þar sem verulegur samdráttur er fram undan og hagræðing því að að sjálfsögðu felst í því mikill útgjaldaauki fyrir ríkissjóð þegar ráðherrastólunum er fjölgað, það er mikið fyrirtæki sem fylgir hverjum og einum ráðherra. Ég vil því spyrja hæstv. forsætisráðherra, í ljósi þess að hún hefur talað fyrir því að nú sé þörf á samvinnu og samstöðu um gríðarlegan sparnað í rekstri ríkissjóðs, hvers vegna hún flýti ekki þeirri vinnu að sameina og fækka ráðuneytunum, þannig mætti slá tvær flugur í einu höggi. Með því að sameina ráðuneytin og efla þau gætum við fengið skilvirkari stjórnsýslu og með því að fækka ráðherrum í ríkisstjórninni mætti ná fram einhvers konar hagræðingu að því leytinu til. Því hljótum við að spyrja hæstv. forsætisráðherra, sem er verkstjóri í ríkisstjórninni, hvenær það standi til á þeim bænum að fækka ráðherrastólunum á sama tíma og hinir sömu ráðherrar gera gríðarlegar aðhaldskröfur til stofnana á sínum vegum.

Það er mikilvægt að ríkisstjórnin vinni með öllum opinberum stofnunum þegar kemur að niðurskurði og í raun og veru gæti ríkisstjórnin gengið á undan með góðu fordæmi og byrjað á því að taka til heima hjá sér. Reyndar er búið að gefa það út að trúlega verði ráðherrum fækkað um tvo á kjörtímabilinu. Ég mundi gjarnan vilja vita, fyrst ekki er kveðið á um það hér, hvenær hæstv. forsætisráðherra, sem er verkstjóri í ríkisstjórninni, hyggist beita sé fyrir slíkum aðhaldsaðgerðum á þeim bænum.

Mig langar að nefna það að innan Framsóknarflokksins hefur verið unnin mikil vinna á undangengnum árum hvað það varðar að skoða hvernig stjórnskipulagi framkvæmdarvaldsins gæti verið háttað. Samband ungra framsóknarmanna gaf m.a. út skýrslu þar að lútandi. Nú síðast var gefin út skýrsla árið 2007, skýrsla stjórnarráðsnefndar Framsóknarflokksins, þar sem kveðið er á um ýmsa hluti, m.a. um fækkun ráðuneytanna, sem Framsóknarflokkurinn ætlaði að hafa sem forgangsverkefni í kjölfar síðustu kosninga hefði hann komist í aðstöðu til þess að gera fyrirkomulagið skilvirkara og fækka þar af leiðandi ráðherrum í ríkisstjórninni. Mig langar í þessu samhengi að vitna til þess sem ungir framsóknarmenn ályktuðu á sínum tíma í skýrslu sinni, með leyfi forseta:

„Í dag er ráðuneytum sem fara með atvinnumál skipt eftir einstökum atvinnuvegum. Sjávarútvegsráðuneytið fer með málefni útgerðar og fiskvinnslu, landbúnaðarráðuneytið fer með málefni landbúnaðarins, samgönguráðuneytið fer með málefni ferðaþjónustu og samgöngufyrirtækja, viðskiptaráðuneytið fer með málefni fjármagnsmarkaðarins og iðnaðarráðuneytið fer með málefni iðnaðar og orkugeirans. Þessi skipan er barn síns tíma þegar það tíðkaðist að ríkisvaldið gripi til sértækra aðgerða til að vernda tilteknar atvinnugreinar. Þessi skipan á hins vegar illa við þegar leitast er við að móta almenna atvinnustefnu þar sem ekki á að hygla hagsmunum tiltekinna atvinnugreina framar öðrum.“

Reyndar er það svo að hæstv. forsætisráðherra hefur boðað að stofna og setja á fót eitt atvinnumálaráðuneyti og lýsi ég yfir mikilli ánægju með það. Ég hefði þó haldið, eins og staða mála er í dag í íslensku samfélagi, að mikilvægt væri að hraða þeirri vinnu þannig að heildaryfirsýn fáist yfir atvinnugreinarnar hér á landi og menn geti í ljósi nýrra aðstæðna markað heildarstefnu gagnvart íslenskum atvinnuvegum og veitir svo sannarlega ekki af því á þeim tímum sem við lifum þessa dagana.

Frú forseti. Þrátt fyrir að ég hafi rætt hér áður um mikilvægi hagræðingar, sérstaklega hjá ráðuneytunum, hjá hinu opinbera, sem er nauðsynleg, hljótum við í þessari umræðu

að velta því fyrir okkur, í ljósi þess með hvaða hætti framkvæmdarvaldið hefur haldið á málum á undangengnum vikum, hvort ráðherrar eigi samhliða sínum mikilvægu störfum að gegna störfum hér á Alþingi sem alþingismenn. Framsóknarflokkurinn hefur ítrekað ályktað um nauðsyn þess að koma á skýrari skilum á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og mér er það til efs að á undangengnum vikum og mánuðum hefðu ráðherrar sem sækja umboð sitt til Alþingis en eru ekki jafnframt alþingismenn leyft sér að haga ákvörðunum sínum og samráðsleysi gagnvart Alþingi Íslendinga með þeim hætti sem raun ber vitni, sem er sorglegt.

Nýlegasta dæmið er í gærkvöldi þegar kjörnir alþingismenn hafa beðið hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni um aðgang að mikilvægum upplýsingum sem snerta stærstu ríkisábyrgð Íslandssögunnar, Icesave-skuldbindingarnar — ég var staddur í afmælisveislu norður í Skagafirði í gærkvöldi og þurfti að horfa upp á það þar hvað stendur í þessu samkomulagi þrátt fyrir að við alþingismenn höfum í hálfan mánuð farið fram á það við hæstv. ríkisstjórn að fá aðgengi að þessu samkomulagi. Alltaf var þessari leynd borið við og því var borið við að samningsaðilar okkar þyrftu að samþykkja slíkt. Ég spyr: Þurfti hálfan mánuð til þess hjá ríkisstjórninni að fá já eða nei frá samningsaðilum okkar vegna Icesave-skuldbindinganna um það hvort kjörnir fulltrúar íslensku þjóðarinnar fengju aðgengi að slíkum upplýsingum? Mér er það til efs, og ég endurtek það enn og aftur, að ráðherrar sem ekki eru alþingismenn og sækja sitt umboð til þingsins og hafa þar ekki atkvæðisrétt, mundu haga sér með viðlíka hætti. Mér er það reyndar líka til efs að framkoma sem þessi gagnvart löggjafarþingi hverrar þjóðar mundi viðgangast í einhverju öðru vestrænu samfélagi.

Við erum komin að endimörkum þess að horfa upp á það að framkvæmdarvaldið traðkar í hverju málinu á fætur öðru á löggjafarsamkundunni sem á að veita framkvæmdarvaldinu umboð til starfa. Það er framkvæmdarvaldið sem á að sækja umboð sitt til Alþingis, það er ekki Alþingi sem á að hlusta á fréttir og blaðamannafundi ráðherra í ríkisstjórninni um það hvað Alþingi eigi að samþykkja eftir tiltekna daga eða vikur.

Þessum tímum þarf að ljúka. Við þurfum að hætta þessum vinnubrögðum og ég velti því fyrir mér hvort alþingismenn og hæstv. ráðherrar, eins og Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. forsætisráðherra, og Steingrímur J. Sigfússon, hæstv. fjármálaráðherra, sem hafa setið hér á Alþingi um áratugaskeið og þekkja einfaldlega ekki vinnubrögð af annarri tegund en þessari — hvort ekki þurfi aðra kynslóð af stjórnmálamönnum til þess að innleiða vinnubrögð af þessu tagi.

Þeir tímar eru liðnir í íslensku samfélagi að Alþingi Íslendinga taki við einhverjum skipunum frá ráðherrum ríkisstjórnarinnar og hlusti á mikilvægar upplýsingar eins og öll þjóðin í fjölmiðlum. En nú megum við þakka fyrir það, þingmenn stjórnarandstöðunnar, að fá aðgang að leyndarhjúpi Icesave-samninganna. Og hvers vegna? Jú, vegna þess að þeim var lekið í fréttir Ríkisútvarpsins í gærkvöldi. Ef Ríkisútvarpið hefði ekki náð þessum upplýsingum í gær værum við trúlega enn hér að ræða um fundarstjórn forseta og af hverju við fengjum ekki aðgang að þessum samningum. En ríkisstjórnin neyðist nú, í ljósi þess að fjölmiðlar hafa komist yfir þetta samkomulag, til að gjöra svo vel að sýna okkur þingmönnum, hvort sem það er í stjórn eða stjórnarandstöðu, út á hvað þetta samkomulag gengur.

Ég vil hér í umræðum um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands ræða það að við þurfum ný og breytt vinnubrögð. Við köllum á það að ríkisstjórnin taki fyrst til heima hjá sér þegar kemur að hagræðingu í opinberum rekstri og við hljótum að spyrja forsætisráðherra að því hvernig stóð á því í kjölfar síðustu kosninga að fyrsta verk ríkisstjórnarinnar var að fjölga ráðherrastólunum um tvo? Í ljósi þess að hæstv. forsætisráðherra hefur nú á sumarmánuðum sagt að staðan í ríkisfjármálum og í samfélaginu væri miklu verri en menn hefðu gert sér grein fyrir stendur þá ekki upp á ríkisstjórnina að grípa til erfiðra ákvarðana innan sinna raða, stuðla að hagræðingu hjá hinu opinbera þó ekki væri nema með því að hafa ráðherrana jafnmarga og þeir voru fyrir síðustu alþingiskosningar hjá þeirri ríkisstjórn sem við framsóknarmenn veittum hlutleysi okkar. Það er mikilvægt að hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, svari þessum spurningum hér.

En annars vil ég segja um frumvarpið sem við ræðum hér: Það eru vissulega ákveðin mál í þessu sem ég hlýt að fagna og styðja. En mér finnst einfaldlega ekki tekið á stóru heildarmyndinni. Hvernig á að spara í rekstri hins opinbera? Það er alveg örugglega ekki með því að fjölga ráðherrum í ríkisstjórn Íslands.

Ég vona að hæstv. forsætisráðherra komi þá inn á það hér, væntanlega í seinni ræðu sinni, hvernig hún sjái það til framtíðar litið að við skiljum í rauninni á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það fyrirkomulag að ráðherrar gegni starfi alþingismanns og starfi ráðherra er að mínu viti orðið barn síns tíma, sérstaklega í ljósi þess hvernig sömu hæstv. ráðherrar koma fram gagnvart þingmönnum á Alþingi Íslendinga. Mér finnst það sorglegt, frú forseti, hvernig stjórnarliðar, og þá sérstaklega nýir þingmenn í ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, virðast taka hlutskipti sitt, þ.e. að þeir taki við skipunum frá ráðherrum í ríkisstjórninni.

Ég ætla að minna á það í þessu samhengi að í fréttum Ríkisútvarpsins fyrir hálfum mánuði staðfestu nokkir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að þeir mundu styðja við undirskrift íslenska ríkisins, þ.e. fjármálaráðherrans, gagnvart Icesave-skuldbindingunum, að þeir mundu bara styðja það án þess að hafa séð hvaða gögn liggja þar að baki. Mér þykir það nú þrælslund af hálfu þingmanna Vinstri grænna í þessari umræðu að lýsa yfir stuðningi við eitthvert mál sem þeir hafa efnislega ekki hugmynd um út á hvað gengur — þeir hafa ekki hugmynd um hversu verðmætt eignasafn Landsbankans er í Bretlandi, þeir ætla bara að samþykkja það sem ríkisstjórnin leggur fram. Þetta er áhyggjuefni, verulegt áhyggjuefni, og það er skiljanlegt að samtök á borð við Indefence og almenningur hér á landi skuli lýsa algjörri andstöðu við vinnubrögð af þessu tagi. Þetta er eitthvað sem við þurfum að uppræta.

Því miður horfum við upp á það að ríkisstjórnin, sem nú hefur setið í einn og hálfan mánuð, ætlar sér að sitja í tólf ár, samkvæmt upplýsingum sem við fengum frá hæstv.

heilbrigðisráðherra. Ég vona fyrir hönd íslensks almennings að við þurfum ekki að horfa upp á vinnubrögð sem þessi næstu tólf árin hér í vestrænu siðuðu samfélagi þar sem stjórnvöld sækja sér vanalega umboðið til þjóðþings viðkomandi þjóðar, til fólks sem hefur verið kjörið til þess að taka ákvarðanir. Við þurfum að fara að koma hlutunum í það horf að Alþingi Íslendinga hafi völdin svo að þingmenn þurfi ekki að hlusta á fréttamannafundi frá ráðherrum í ríkisstjórninni sem gera grein fyrir því hvernig þeir ætli að hafa þetta — þingið skal svo bara gjöra svo vel að samþykkja það sem hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, og hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, hafa ákveðið. Slíkt er ekki líðandi og við, þingmenn Framsóknarflokksins, munum ekki vera slíkar gungur og druslur, svo að ég nefni nú þau frægu orð, að sitja undir vinnubrögðum sem þessum.

[15:48]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins. Ég segi nú: Ekki seinna vænna. Reyndar er frumvarpið frekar lítil breyting. Aðallega er verið að einblína á efnahagsmál sem eru reyndar afskaplega mikilvæg sem stendur en maður hefði gjarnan viljað sjá metnaðarfyllra starf og það á kannski eftir að koma.

Ég get á margan hátt tekið undir það sem hér hefur verið lagt til. En ef maður kemur að lagasafninu og ætlar að skoða t.d. hluti um bætur, t.d. barnabætur, hvar skyldi maður þá leita að þeim? Í skattalögunum, frú forseti. Tekjuöflunartæki ríkissjóðs — þar leitar maður að barnabótum. Hvar skyldi maður finna ákvæði um húsnæðisstyrki eins og vaxtabætur? Það er líka í skattalögunum og heyrir undir fjármálaráðherra. Hvar skyldi maður finna bætur eins og sjómannaafslátt — sem er nú reyndar spurning hvort eru bætur til sjómanna eða útgerðar, sennilega til útgerðar? Það finnur maður líka í skattalögunum. Síðan heyra lífeyrissjóðirnir, sem greiða svona helming af lífeyri í landinu, undir fjármálaráðuneytið, merkilegt nokk. Tryggingastofnun og heilbrigðisráðuneytið, þetta heyrir hist og her undir ráðuneyti, út og suður. Þetta er ekki bara afskaplega hvimleitt heldur veldur því að skipulag þessara mála er allt einhvern veginn í molum. Það er ekkert samræmi.

Ég nefni t.d., frú forseti, að ekkert hefur verið rætt hér á Alþingi um skerðingar lífeyrissjóðanna vegna hrunsins. Það er kannski vegna þess að allir þingmenn völdu sér besta lífeyrissjóð í landinu, sem er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Þeir völdu hann í vetur og hann sætir engum skerðingum. En það þarf að hækka iðgjöldin til hans, þ.e. að hækka skatta á hina sem borga í almennu sjóðina. En þetta hefur ekkert verið rætt, sennilega vegna þess að lífeyrissjóðirnir heyra undir fjármálaráðuneytið.

Lengi hefur verið talað um að slengja saman atvinnuvegaráðuneytunum, landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og iðnaðarráðuneyti, og taka hugsanlega hluta af viðskiptaráðuneytinu inn í það líka. Ekki er gerð tilraun til þess í þessu frumvarpi og hefði getað sparað ansi mikið því að ég hygg að sérstaklega í landbúnaðarráðuneytinu, sem er orðið mjög verkefnalítið, er eiginlega bara farið að fjalla um menntamál því að landbúnaðarháskólarnir falla undir landbúnaðarráðuneytið — það væri mjög skynsamlegt að sameina þessi ráðuneyti öll og flytja þá menntamálin undir menntamálaráðuneytið. Ég tel því að hér sé mjór vísir að einhverju sem getur orðið meira og ég ætla að vona að hæstv. ríkisstjórn standi í stykkinu og haldi áfram að breyta. Því það er rétt sem hér hefur komið fram í umræðunni að eftir svona áfall og eftir svona mikið hrun er tækifæri til breytinga.

Ekki er heldur tekið hér á skipulagi stjórnsýslunnar og ég hef grun um það, frú forseti, án þess að það hafi verið kannað sérstaklega, að skipulag stjórnsýslunnar skýri að hluta til þau viðbrögð sem urðu við hruninu sem sumir segja að hefðu getað verið skipulegri og markvissari. Stundum var utanríkisráðuneytið t.d. að semja um Icesave, stundum var það fjármálaráðuneytið, stundum var það viðskiptaráðuneytið og menn voru sendandi pappíra og minnisblöð út og suður. Það er því ekki spurning að skipulag stjórnsýslunnar má bæta mjög mikið og ég ætla að vona að hv. nefnd sem fær frumvarpið til skoðunar skoði aðeins hvernig skipulagi stjórnsýslunnar er háttað.

Ég hef þó mestar áhyggjur af því, frú forseti, að við erum að fjalla hér um mjög mörg stór mál á mjög stuttum tíma. Mér finnst menn ekki vera markvissir í störfum sínum. Hér hefur í allan dag verið rætt um Icesave-reikningana. Það er mjög stórt mál, verulega stórt, og mundi duga venjulegum þjóðþingum í einhvern tíma. Svo erum við að fjalla um Evrópusambandið. Verið er að leggja til að Ísland gangi í Evrópusambandið sem mun, ef af verður, binda öll ráðuneyti meira og minna í þau verkefni í tvö eða þrjú ár. Hver á þá að sinna hruninu og stöðu heimila og fyrirtækja? Hver á að taka á vandamálunum ef öll stjórnsýslan er bundin við það að sækja um Evrópusambandið? Svo erum við meira að segja með fjárlögin fyrir 2009. Árið er nánast hálfnað og ekki er enn komið á hreint hvernig eigi að vinna fjárlögin, og tillögur eru bara væntanlegar í dag um það. Menn eru að tala um þjóðaratkvæðagreiðslur og ræða það. Það er verið að gera alla hluti á sama tíma. Maður óttast dálítið að það sé dálítið ofmat á getu Alþingis til að leysa mjög stór mál þannig að vit sé í.

Það kom t.d. fram í dag, í umræðu um Icesave, að það er greinilegt að menn hafa ekki gert á þessu áhættugreiningu. Það er alveg með ólíkindum að menn ætli sér að fara út í svona stórt dæmi án þess að hafa gert á því áhættugreiningu — hvað eru miklar líkur á því að meira en 100% greiðist, hvað eru miklar líkur á að minna en 30% greiðist o.s.frv. — þannig að menn átti sig á því hvaða áhættu þeir eru að taka fyrir hönd þjóðarinnar. Það er greinilegt á svörum hæstv. forsætisráðherra að það hefur ekki verið gert. Því hún nefndi nánast, ég veit ekki hvort hún hefur sagt það orðrétt, að það væru engar líkur á því, 0% líkur á því, að það greiddist minna en 30%. Ég fullyrði sem líkindafræðingur að það eru ákveðnar líkur á því. Þær eru til og ég hef grun um að þær séu löngu reiknaðar og liggi fyrir í greiningardeild og áhættustýringardeild Landsbankans. Þetta liggi allt saman fyrir.

En menn vaða áfram inn í þessi mál. Mér finnst hætta í því fólgin, frú forseti, að taka svona óskaplega mörg mál fyrir í einu og vinna þau meira og minna ekki nægilega vel.

[15:56]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Við fyrsta lestur frumvarpsins má sjá margt í því sem horfir til betri vegar. Margar af þeim tillögum sem þarna eru lagðar fram fyrir þingið eru þarfar og eru til mikils gagns, skipulagsbreytingar. Þetta er hins vegar stórt og viðamikið verkefni og ég hef ákveðnar efasemdir um að nú sé rétti tíminn til að fara í slíka vinnu þrátt fyrir að hér séu mörg góð verkefni og ég styðji mörg þeirra.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á hér áðan, að mörg stór verkefni liggja fyrir þessu þingi. Það er Evrópusambandsaðild, sem ég hygg að ég og hv. þingmaður séum sammála um, við munum vonandi báðir fella þá tillögu. Ég mun fylgja sannfæringu minni í því máli eins og alls staðar annars staðar. Síðan er það náttúrlega, eins og hann kom inn á, Icesave-málið. Rétt eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson kom inn á hér áðan þá er það mál líka hér til umræðu. Það er náttúrlega alveg rétt að því fylgir mikil vinna.

Ég náði ekki að svara hv. þingmanni áðan varðandi það mál — hann kom mjög rækilega inn á það í sinni ræðu — en það er algjörlega rangt að ekki hafi verið ætlunin að Alþingi fengi allar upplýsingar í því máli. Það er algjörlega rangt hjá honum líka að þingmenn hafi samþykkt þetta mál án þess að hafa gögn í höndum.

Ég get bara sagt fyrir mitt leyti að sú heimild sem veitt var á þingflokksfundi fyrir þessu máli var á þann veg að þetta mál yrði lagt fram og það klárað en hins vegar var það alltaf til staðar að samningurinn kæmi og öll gögn kæmu. Ég hef ávallt sagt að ég mundi ekki taka afstöðu í þessu máli fyrr en öll gögn lægju fyrir. Hv. þingmaður er því þarna að leggja okkur þingmönnum Vinstri grænna orð í munn. En ég hef hins vegar sagt að vel kunni að vera að ég samþykki þetta en til þess þurfi maður að hafa öll gögn. Ég hef ávallt lagt áherslu á það þannig að þetta er svolítið úr lausu lofti gripið.

En svo við snúum okkur að frumvarpinu þá eru þættir í því sem ég hef ákveðnar efasemdir um. Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram, í b-lið, þar fjallað er um að til fjármálaráðuneytis skuli flutt allt jarðnæði, þar á meðal þjóðlendur og jarðeignir frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti — ég hef ákveðnar efasemdir um þetta, í það minnsta að forsvar þessara jarða verði flutt yfir til fjármálaráðuneytis.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna hér í fyrirspurn frá hv. þm. Drífu Hjartardóttur, sem sat á þingi fyrir nokkru, sem varðar þetta mál. Þar kemur fram að 437 lögbýli séu ríkisjarðir — þessi fyrirspurn er frá árinu 2005 — þar af séu 62 lögbýli undir umsjón ráðuneytis, þ.e. Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla. Síðan séu lögbýli í ábúð 280. Það er mjög mikilvægt að þessi lögbýli, sem eru ríkisjarðir, og eru margar hverjar nýttar til búrekstrar, verði áfram í umsjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, að forræði yfir þeim verði að minnsta kosti ekki flutt yfir til fjármálaráðuneytisins.

Á 17. bls. í athugasemdum við einstaka þætti frumvarpsins er lítill kafli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur þróunin innan landa OECD verið í þá átt að færa eignarhald fyrirtækja í eigu ríkisins frá hlutaðeigandi fagráðuneyti til eins ráðuneytis þar sem lögð er áhersla á ríkið sem eiganda. Markmið með breytingunum er m.a. að tryggja að ríkið hafi eina samræmda eigendastefnu til að auka trúverðugleika og einingu um hlutverk ríkisins sem eiganda.“

Síðar í þessum kafla segir:

„Þá eru fagráðuneyti oft og tíðum kaupendur þjónustu frá opinberum hlutafélögum sem undir þau heyra. Slíkir samningar eru gerðir með þjónustusamningum og aðgreining hlutverka innan ríkisins er til þess fallin að efla kaupendahlutverk ríkisins gagnvart slíkri þjónustu.“

Ég hef ákveðnar efasemdir um þetta. Tökum til að mynda sem dæmi flutning Íslandspósts yfir til fjármálaráðuneytisins og þessa skilgreiningu á kaupenda- og þjónustuhlutverki ríkisins. Mörg þeirra fyrirtækja sem þarna um ræðir eru einfaldlega grunnstoðir í samfélagi okkar og allt forræði og öll stjórnun þeirra á í mínum huga að heyra undir það fagráðuneyti sem það snertir. Að öðru leyti held ég að þetta mál hljóti málefnalega umfjöllun og fari til nefndar. Ég vonast til þess að í það minnsta það sem varðar ríkisjarðirnar í landbúnaðinum — að ríkisjarðir sem heyra undir landgræðslu, skógrækt og annað verði áfram í umsjá þeirra ráðuneyta sem þær eiga svo sannarlega að heyra undir.

[16:02]

Forseti (Siv Friðleifsdóttir):

Forseti vill tilkynna að hlé verður gert á þingfundi frá kl. 16.30 til 17.30 fyrir þingflokksfundi. Áður boðuð utandagskrárumræða um upplýsingar um Icesave-samningana fer fram kl. 18.

[16:02]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni fyrir útskýringu á sínu máli sem snýr að Evrópumálum og Icesave-skuldbindingum. Ég gat ekki heyrt annað á hv. þingmanni en að hann væri ekki reiðubúinn til að lýsa yfir stuðningi við það að ríkisstjórnin staðfesti Icesave-samkomulagið. En ég vil minna hv. þingmann á umfjöllun í Ríkisútvarpinu á laugardegi fyrir hálfum mánuði þar sem fjallað var um afstöðu einstakra þingmanna Vinstri grænna til málsins, þannig að annaðhvort fer Ríkisútvarpið með rangt mál, sem ég hef satt að segja ekki reynt útvarpið oft að, eða hugsanlega gæti verið um einhvern meinlegan misskilning að ræða í svo stóru máli sem þessu.

Ég vil spyrja hv. þingmann, af því að við erum að tala um eitt stærsta mál sem þingið hefur horfst í augu við í lýðveldissögunni: Hver er afstaða hv. þingmanns til þess að ekkert hámark skuli vera á skuldbindingum Íslands í því samkomulagi sem um er rætt, þ.e. að íslenskur almenningur eigi að bera alla ábyrgðina ef illa fer með tilheyrandi afleiðingum eins og við þekkjum öll? Ég vil líka spyrja hv. þingmann að því hvort honum finnist eðlilegt að skorið verði úr ágreiningsefnum sem geta komið upp vegna þessa samkomulags fyrir breskum dómstólum. Mér finnst það algjörlega með ólíkindum ef við þurfum að fara að senda sækjendur okkar eða málsverjendur til Bretlands til að verja

hagsmuni þjóðarinnar í þessum efnum þar.

Varðandi Evrópusambandið vil ég minna hv. þingmann á það að á forsíðu *Fréttablaðsins* ekki fyrir löngu síðan var einmitt haft eftir hæstv. forsætisráðherra að vel hefði verið tekið í ESB-plan ríkisstjórnarinnar. Ég vil minna hv. þingmann á að hann á aðild að umræddri ríkisstjórn (Forseti hringir.) þannig að í þessum efnum er náttúrlega ekki bæði hægt að eiga kökuna og éta hana.

[16:04]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég taldi mig hafa talað nokkuð skýrt varðandi Icesave. Það sem ég sagði við hv. þm. Birki Jón Jónsson er að á umræddum þingflokksfundi gaf þingflokkurinn heimild til þess að gengið yrði frá þessum samningum. Varðandi hámark á því sem íslenskur almenningur á að taka á sig og það að skorið skuli úr þessu fyrir breskum dómstólum segi ég bara það sem ég hef sagt áður, að ég hef ekki sagt hvort ég muni styðja þetta eða ekki. Ég hef talað um að það sé mikilvægt að öll gögn komi til þingsins í þessu máli. Þau gögn sem þú vitnar í eru gögn sem RÚV hefur undir höndum og þingmenn fá í þinginu þegar frumvarpið verður lagt fram og þá tökum við málefnalega umræðu um þetta en ekki núna því að þú ert að vitna þarna til gagna sem ekki hafa verið lögð fram í þinginu. Þegar þau koma fyrir þingið tökum við um þetta málefnalega umræðu.

Varðandi ESB-aðild þá held ég að það hafi tíðkast áður í sögunni að ekki styðji allir þingmenn stjórnarfrumvörp. Það segir ekkert um stuðning minn við ríkisstjórnina í heild sinni enda gerði ég fyrirvara um það við myndun ríkisstjórnarinnar að ég mundi hvorki styðja þetta mál í þinginu né tala gegn því úti í samfélaginu alls staðar þar sem ég kæmi. Það breytir engu um stuðning minn við ríkisstjórnina.

[16:06]

Forseti (Siv Friðleifsdóttir):

Ég minni hv. þingmenn á að ávarpa aðra hv. þingmenn á réttan hátt.

[16:06]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að vitna hér, með leyfi forseta, til kvöldfrétta Ríkisútvarpsins af því að hv. þingmaður sagði að ég hefði ekki farið rétt með:

„Fréttastofa ræddi í dag við sjö af níu óbreyttum þingmönnum Vinstri grænna. Tveir þeirra vildu ekki lýsa yfir stuðningi við samningana. Atli Gíslason sagðist hafa alla fyrirvara á þessu samkomulagi og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sagðist ætla að skoða málið vel og taka ákvörðun í framhaldi af því. Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Ásmundur Einar Daðason, Björn Valur Gíslason og Lilja Rafney Magnúsdóttir reikna hins vegar með að styðja samkomulagið. Ekki náðist í Lilju Mósesdóttur og Þuríði Backman.“

Hæstv. forseti. Það er ómögulegt að ætla annað af þessari frétt en að hv. þm. Ásmundur Einar Daðason hafi ætlað sér að styðja þetta mál. Ég spyr hv. þingmann enn og aftur að því hvort hann sé tilbúinn, ef svo er að ekkert hámark verður á skuldbindingum íslensks almennings gagnvart þessum samningum ef illa fer, hvort hann sé reiðubúinn til að taka slíka áhættu óháð því hvort það er inni í samningnum eða ekki. Er hann yfir höfuð reiðubúinn til slíks?

Hv. þingmaður svaraði því ekki heldur hvort honum þyki það eðlilegt og í raun og veru forsvaranlegt að við sem þjóð þurfum að sækja eða verja málstað okkar fyrir breskum dómstólum í þessu máli.

Ég vil spyrja hv. þingmann — svo ég fari úr Icesave yfir í Evrópumál sem eru náskyld mál vegna þess að margir Evrópusinnar vilja halda því fram að það að ná niðurstöðu í Icesave-deilunni sé grundvöllur aðildarviðræðna að Evrópusambandinu — hvort hann telji að ríkisstjórnin sé í raun og veru starfhæf fari svo að hún hafi ekki meiri hluta í þessu máli. Í ljósi þess að þetta er skilyrði Samfylkingarinnar fyrir stjórnarmyndun og stjórnarþátttöku, er þá í raun og veru um einhverja ríkisstjórn að ræða? Ef ekki er meiri hluti í þessu máli er núverandi ríkisstjórn þá yfirleitt starfhæf?

[16:08]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil í fyrstu biðjast velvirðingar á því að hafa ekki ávarpað hv. þm. Birki Jón Jónsson rétt.

Varðandi skilmála þarna vitnar hv. þingmaður enn og aftur til atriða sem ekki hafa verið birt þinginu. Það sem ég sagði í umræddu ríkisútvarpsviðtali var að ég teldi allar líkur á því að ég mundi styðja þetta samkomulag, það er alveg rétt. Ég mun hins vegar setja alla fyrirvara við það hvernig þessir samningar eru. Í stórum málum kynnir maður sér öll gögn og það mun ég gera. Það var með þeim fyrirvara, sem ég nefndi hér, að ég mundi kynna mér öll þessi gögn. Síðan tekur Ríkisútvarpið þetta upp eins og það vill. Það segir ekkert um hvort ég muni styðja þetta mál eða ekki. Það kemur bara í ljós þegar ég lít á þetta og fer yfir þessi gögn. Ég tel verulegar líkur á að ég muni gera það en hef allan fyrirvara á því.

Varðandi Evrópusambandið og Icesave og hvort það tengist að einhverju leyti þá vísa ég bara til þess að þetta sé eitthvað sem menn hafi slegið upp en ég vil engan veginn taka undir þetta. Ég ítreka enn og aftur að afstaða mín til Evrópusambandsins er óbreytt og ég mun fella það mál í þinginu og tengi það á engan hátt við Icesave og mun skoða Icesave sem sjálfstætt mál.

[16:10]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur orðið um þetta mál þó að hún hafi aðeins farið út fyrir efnið eins og fram kom hjá síðustu ræðumönnum.

Ég held, miðað við þær undirtektir sem málið hefur fengið, að flestir séu á því að hægt sé að hagræða og skipuleggja betur innan Stjórnarráðsins enda hefur það verið á borðinu hjá ýmsum ríkisstjórnum að skoða hvað hægt væri að gera í þessum efnum. Ég held að með því frumvarpi sem hér er lagt fram sé tekið á ýmsum málum sem lengi hafa raunar verið til skoðunar í ráðuneytunum. Ég nefni t.d. að ýmislegt varðandi nýsköpun og hagræðingu í ríkisrekstri

hefur verið til skoðunar í fjármálaráðuneytinu í mörg ár. Innan þess ráðuneytis hefur starfað sérfræðingur sem hefur skoðað það mál og verið með margar hugmyndir á borðinu sem við höfum sannarlega tekið til skoðunar í þessu verkefni og sjá má stað í þessu frumvarpi þó að sjálfstæðismenn hafi ekki hrint þeim í framkvæmd á sinni tíð. Ég held að margar þeirra séu til verulegra bóta.

Af því að hér var spurt um við hvern haft hafi verið samráð í þessu efni vil ég segja að haft var samráð við ýmsa aðila í ráðuneytunum og stofnunum sem þekkja vel til þessara mála og nýttar voru margar athyglisverðar hugmyndir og tillögur sem þar hafa komið fram. Ég vil þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að nefna þá vinnu sem framsóknarmenn hafa einmitt lagt í það að vinna hugmyndir og tillögur að endurskipulagningu á Stjórnarráðinu. Það er auðvitað sjálfsagt að hafa þær til skoðunar og hliðsjónar í þeirri vinnu sem er fram undan í þessu efni vegna þess að henni er hvergi nærri lokið jafnvel þó að þetta frumvarp sé í höfn.

Það er mikið spurt um sparnað og hagræðingu vegna þessa máls. Ég kom inn á það í ræðu minni og það þekkja allir að fyrsta kastið þegar farið í svona hagræðingu og breytingar þá skilar það ekki sparnaði og stundum auknum útgjöldum en menn sjá til lengri tíma litið að muni skila sparnaði. En það er alveg ljóst, og ég held að engum blandist hugur um það, að miðað við þær miklu breytingar sem hér er verið að fara í þá skilar það sparnaði til lengri tíma litið.

Nokkuð hefur verið spurt um það af hverju verið er að búa til efnahagsráðuneyti og af hverju þessi mál eigi ekki að vera áfram hjá forsætisráðuneytinu. Það er auðvitað skoðun út af fyrir sig en ég held að þegar menn horfa til reynslunnar og til þeirrar skýrslu sem finnski sérfræðingurinn Jännäri gerði í þessu efni þá taldi hann rétt að hafa þessi mál á einum stað í einu ráðuneyti. Við þær breytingar sem við höfum gert í þessu efni var horft til Danmerkur sem er þekkt fyrir vandaða stjórnsýslu og sterka stöðu efnahagsmála en þar er fyrirkomulagið með þessum hætti. Ef þessu er betur komið fyrir með þessum hætti, burt séð frá því hver gegnir stöðu forsætisráðherra, þá held ég að við eigum að horfa til þess, enda er reynslan kannski ekki mjög góð þegar litið er til undanfarinna ára að hafa málin með þeim hætti sem þau hafa verið í, t.d. í forsætisráðuneytinu þar sem Seðlabankinn heyrir undir o.s.frv. Að athuguðu máli held ég að skynsamlegt sé að gera þetta með þessum hætti.

Hér var m.a. rætt og ríkisstjórnin gagnrýnd fyrir það að hafa ekki gagnsæi í störfum sínum, leyna upplýsingum o.s.frv. Ég held að það sé alveg ljóst að ekki er hægt að brigsla þessari ríkisstjórn um að vera með einhverja leyndarhyggju varðandi gögn sem hún getur gert opinber. Hún hefur gert öll þau gögn opinber, ég hef lagt mig fram um það í mínu ráðuneyti að gera þau gögn opinber sem hægt er, m.a. um einkavæðingu í ríkisrekstri sem ekki höfðu verið gerð opinber, um einkavæðingu bankanna o.s.frv. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson talaði mikið um að skoða þyrfti betur skil milli ríkisvaldsins og framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Ég alveg sammála honum í því og hef flutt margar tillögur um það, en ég minni samt hv. þingmann á það og get ekki setið á mér í því efni, að Framsóknarflokkurinn hefur verið ansi lengi við stjórnvölinn þar sem maður þurfti að búa mjög við það að það var ýmislegt sem fékkst ekki upp á borðið. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður verður líka að geta hlustað á forsöguna í þessu efni þar sem Framsóknarflokkurinn var við stjórnvölinn síðastliðin 12 ár þegar ýmislegt var gert í sambandi við einkavæðingu á bönkunum sem var ekki mjög gott að fá upp á borðið þegar kallað var eftir upplýsingum, m.a. til að geta tekið ákvörðun um það hvort það væri rétt og skynsamlegt að hlutafélagavæða bankana. Ég gæti vitnað hér í mörg svör sem ég hef fengið frá fyrrverandi viðskiptaráðherra bæði varðandi bankana og þá leynd sem þar hvíldi yfir og varðandi ýmsar upplýsingar sem maður var að kalla eftir hjá Fjármálaeftirlitinu og menn skýldu sér alltaf á bak við álitsgerð sem stjórnarflokkarnir létu gera hjá lögfræðingi um að það væri ekki hægt að fá þessar og hinar upplýsingar af því að búið væri að hlutafélagavæða bankana. Það var ekki mjög gott að fá upplýsingar um ýmislegt sem þar var kallað eftir. Mér finnst bara ástæða til að nefna það af þessu tilefni sem hér var gefið að það var ýmislegt í tíð fyrri ríkisstjórna sem draga má fram í þessu sambandi þegar menn kjósa að kalla það fram hér að núverandi ríkisstjórn sé að leyna gögnum eða vilji ekki upplýsa um hlutina o.s.frv.

Hv. þm. Ásmundur Einar Daðason, 9. þm. Norðvest., sem er nú ekki í þingsal, var með ákveðnar skoðanir að því er varðar jarðamálin og fyrirkomulag á þeim málum þar sem verið er að flytja umsýslu á eignum ekki bara úr ráðuneyti landbúnaðarmála yfir í fjármálaráðuneytið heldur er svo víða. Hugmyndin að baki því hefur kannski lengi vakað og lengi verið rædd að umsýsla eigna sé á einum stað enda þótt stefnumörkun t.d. varðandi nýtingu lögbýla verði áfram undir stjórn landbúnaðarráðherra. Það sama á við um annað sem hann nefndi að þó að umsýsla eignahluta flytjist til fjármálaráðuneytisins varðandi Íslandspóst mun stefnumörkun áfram verða undir samgönguráðuneytinu. Ég held að það fáist betri yfirsýn að hafa umsýslu eigna á einum stað þannig að hægt sé að hafa heildaryfirsýnina og þar með hagkvæmnina í sem bestu formi að því er þetta varðar.

Spurt var, sem ég ætla sannarlega að svara, hvort fjölga ætti ráðherrum og það sé ekki sparnaður fólginn í því. Það er alveg rétt að ráðherrum var fjölgað úr tíu í tólf. Við verðum að muna eftir því að þegar ráðherrarnir voru tíu — þeir voru nú tólf lengst af eða var ekki svo allan tímann í tíð framsóknarmanna og sjálfstæðismanna? — þá var það í minnihlutastjórn Samfylkingar og VG sem voru tíu ráðherrar. Á þessum kannski erfiðustu tímum sem þjóðin gekk í gegnum voru tíu ráðherrar sem varð til þess að a.m.k. tveir ráðherrar þurftu að gegna tveimur þungum ráðuneytum á sama tíma, þar af fjármálaráðherra fjármálaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Sömuleiðis var utanríkisráðherra með iðnaðarráðuneytið. Þó að það gangi í stuttan tíma að gera þetta með þeim hætti að hafa tvö erfið ráðuneyti undir stjórn eins og sama ráðherrans gengur það ekki til lengri tíma. Því var þetta ákveðið til að byrja með í þeirri nýju ríkisstjórn. Engu að síður er stefnumörkunin alveg skýr og ljós í þessu. Það er sérstaklega sameiningin á atvinnuvegaráðuneytunum sem ég vona að geti gerst fyrr en seinna og þá mun það fylgja um leið að ráðuneytum fækkar. Sömuleiðis

leiðir það sjálfkrafa til fækkunar á ráðuneytum þegar sameinað verður dóms- og kirkjumálaráðuneytið og samgönguráðuneytið og því mega menn ekki gleyma þegar þeir setja þetta fram sem gagnrýnispunkt í þessu máli.

[16:20]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir síðari ræðuna. Ég verð þó að segja að ekkert sem kom fram í máli hennar gerir það að verkum að ég styðji málið frekar en varð við fyrsta lestur á frumvarpinu þó að ég vilji alls ekki halda því fram að það sé alslæmt og held að í því séu ýmsar hugmyndir sem vel geta átt rétt á sér. Ég vil samt hafa allan fyrirvara á þessu máli og tel að það þurfi góða og yfirvegaða meðferð í þinginu til þess að hægt sé að átta sig á því hvaða rökstuðningur er á bak við einstaka tillögur þarna og hvernig þessum málum verði best háttað.

Ég sakna þess enn að málið skuli ekki vera tekið heildstætt, þ.e. að það skuli ekki vera farið yfir sviðið í heildinni og lögð fram tillaga um heildstæða endurskoðun á Stjórnarráðinu. Jafnvel þótt það hefði þurft að bíða einhverjum mánuðum lengur þá sé ég ekki að það hefði verið skaði ef niðurstaðan hefði orðið heildstæð uppstokkun á Stjórnarráðinu sem hefði getað leitt til sparnaðar og hagræðingar.

En ég ítreka það sem kom fram í máli mínu áðan að í þessu frumvarpi er ekkert sem leiðir til sparnaðar og það er ekkert í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins sem gefur til kynna að hagræðingarsparnaður muni nást til framtíðar. Það er bara vísað til þess í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins að þarna sé um að ræða tilflutning verkefna en ekki verið að draga úr verkefnum með neinum hætti eða ná fram sparnaði öðruvísi.

Ef hæstv. forsætisráðherra hefur einhverjar hugmyndir um að það megi ná fram sparnaði með þessu frumvarpi eins og það lítur hér út þá hefur fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins greinilega sést yfir það. Því ella hefði sú ágæta skrifstofa væntanlega getið þess í kostnaðarmati sínu, ef hún hefði ímyndað sér að einhver hagræðing kæmi fram eða sparnaður næðist með þessu til framtíðar litið.

[16:22]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég hafði nú ekki gert mér neinar vonir um að ræða mín mundi breyta afstöðu hv. þingmanns til þessa frumvarps. En fagna því þó að hv. þingmaður sér nú ýmis ljós í þessu frumvarpi sem hann horfir á jákvæðum augum og það er gott. Málið fer til meðferðar í nefnd og við skulum sjá hvað setur þar.

En ég held að það sé ómögulegt annað en að halda því fram að ákveðin hagræðing sé fólgin í þessu frumvarpi þó að við sjáum það ekki strax. Í kostnaðarmatinu er sagt að ekki sé um aukningu að ræða. Það verður þá um tilfærslu á starfsfólki að ræða. En til lengri tíma litið þá hljóta menn að sjá sparnað í því að búa til t.d. eitt atvinnuvegaráðuneyti og það er alveg augljóst að úr því verður sparnaður. Það er líka sparnaður í því fólginn að fella saman tvö ráðuneyti, dóms- og samgönguráðuneyti í eitt ráðuneyti. Það tekur allt tíma.

Hv. þingmaður er nú það vanur hér í þingsölum og að vinna að því að skoða hvernig hægt er að hagræða og ná fram sparnaði, t.d. með því að fella saman stofnanir, að hann veit að það getur falist í því kostnaðarauki til skemmri tíma litið þó að sparnaður sjáist þegar horft er til lengri tíma. Þannig eru nú bara málin og ég held að það sé einmitt málið að því er þennan málaflokk varðar.

[16:23]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að sá sparnaður og hagræðing sem hæstv. forsætisráðherra vísaði til varðandi sameiningu ráðuneyta og þess háttar fjallar um mál sem er utan sviðs þessa frumvarps. Það eiga þá eftir að koma fram frumvörp síðar sem fela í sér ráðagerðir um slíka hagræðingu eða sparnað. Það er ekki inni í þessu frumvarpi og því munum við enn þurfa að bíða eftir tillögum ríkisstjórnarinnar sem leiða til hagræðingar og sparnaðar.

[16:24]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að öll áform ríkisstjórnarinnar í þessum breytingum innan Stjórnarráðsins sjá sér ekki stað í þessu frumvarpi sem slíku. En ég bið þá hv. þingmann að bera saman samstarfsáætlun þessarar ríkisstjórnar, verkefnaáætlun út kjörtímabilið með þessu frumvarpi og þá mun hv. þingmaður sjá heildarmyndina á öllu saman.

[16:25]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Hins vegar veldur það mér óneitanlega vonbrigðum að hæstv. ráðherra hefur ekki tímasett hvenær hún hyggist taka til í eigin ranni með því að fækka ráðherrum um tvo, í það minnsta. Það hefur ekki verið tímasett. Má ég þá skilja orð hæstv. forsætisráðherra þannig að það sé ekkert sérstakt forgangsmál núna þegar verið er að taka mjög erfiðar ákvarðanir á öllum stigum í hinu opinbera kerfi, að þá skuli ekki vera hægt að grípa til róttækra aðgerða eða til slíkra breytinga hjá hæstv. ríkisstjórn? Skil ég það rétt?

Og þegar hæstv. ráðherra talar um að enginn leyndarhjúpur hafi verið í hennar ríkisstjórn eða væntanlega þeim ríkisstjórnum sem hún hefur setið í, þá minni ég á að við fréttum af skilmálum af Icesave í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi. Við lásum um skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í dagblaðinu *DV* og fleira mætti nefna í þessum efnum.

Hæstv. forsætisráðherra vill tala um fortíðina á meðan við hér viljum mörg hver tala fyrir nýjum vinnubrögðum og ræða á opinn hátt um það hvernig við getum bætt vinnubrögðin hér á Alþingi og þá sérstaklega samskipti framkvæmdarvalds og löggjafarvalds.

Ef hæstv. forsætisráðherra vill endilega festa sig í fortíðinni þá má nefna það að ég held að hún sé eini sitjandi þingmaðurinn hér á Alþingi sem setti frjálsa framsalið á í fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort það sé ekki rétt og hver afstaða hennar sé til þess gjörnings því hún sat í ríkisstjórn þann tíma sem frjálsa framsalið var sett á.

Ég bið því hæstv. forsætisráðherra sem er þingreyndur einstaklingur að horfa fram á veginn, hætta að tala um fortíðina. Ég vil benda hæstv. forsætisráðherra á að það er mikið af nýju fólki sem kom inn fyrir þingflokk Framsóknarflokksins nú í kjölfar þessara kosninga og það ágæta fólk á ekki að þurfa að eyða hálfu ræðunum í það að tala um hvað gerðist jafnvel fyrir 25 árum. Við skulum fara að horfa til framtíðar.

[16:27]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég geri mér auðvitað fyllilega grein fyrir því að það er stundum viðkvæmt fyrir suma að rifja upp fortíðina en stundum gefa þeir nú sjálfir sem eru að tala um að það eigi ekki að tala um fortíðina heldur um framtíðina, bara tilefni til þess að hún sé rifjuð upp. Það er auðvitað full ástæða til þess að gera það ekki síst varðandi það stóra mál sem var einkavæðing bankanna og hvernig að því var staðið og hvernig þingið var leynt ýmsum upplýsingum sem þarf að vera að kalla eftir. Það er bara nauðsynlegt að halda því til haga.

Varðandi Icesave-samninginn sem hv. þingmaður nefndi þá þykir mér það mjög miður að þetta hafi farið í fjölmiðlana með þessum hætti áður en þingmenn fengu tækifæri til þess að sjá þennan samning. Ríkisstjórnin hafði reynt að gera sínar ráðstafanir til þess að létta því af að það væri hægt að sýna þennan samning. En með einhverjum hætti barst þetta til fjölmiðla á meðan við vorum að bíða eftir svörum frá Hollendingum og Englendingum um það að létta því af að ekki mætti sýna þennan samning. Ég er alveg sammála því að það hefur auðvitað ekki verið hægt að bjóða þinginu upp á það að fara að afgreiða hér Icesave-ríkisábyrgðina án þess að sjá þennan samning. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um það.

En menn verða stundum að þola það að fortíðin sé stöku sinnum rifjuð upp hér í ræðustól. Það væri þá mikil breyting á þingstörfum ef menn teldu að það væri alveg óhæfa að gera það.

[16:29]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er hæstv. forsætisráðherra í sjálfsvald sett hvort hún vilji eyða megninu af ræðutíma sínum í að ræða orðna hluti og fortíðina. Jafnvel hluti sem hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafa ekki komið nálægt, margir hverjir. Ég bið nú hæstv. forsætisráðherra að gefa því nýja fólki sem er komið inn á Alþingi og vill vinna að málum sem horfa til framfara það svigrúm í umræðunni að skiptast á skoðunum um nútíðina og framtíðina.

Getur það verið rétt, af því við erum að fara að ræða um Icesave-samkomulagið á eftir, að við höfum orðið fyrir þeirri niðurlægjandi aðgerð að eignir okkar erlendis voru frystar vaxtalaust? En ef við skrifum undir Icesave-samkomulagið þá eru afturvirkir vextir á því samkomulagi til 1. janúar. Á meðan að eignir okkar erlendis báru enga vexti þá skulu Íslendingar gjöra svo vel að borga vexti afturvirkt. (Forseti hringir.) Getur þetta verið rétt, hæstv. forsætisráðherra, þannig að við tölum um mál (Forseti hringir.) sem snerta núið og ekki síst framtíðina?

[16:30]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins. Alveg er hreint með ólíkindum að ég sem nýr þingmaður þufi að hlusta á málatilbúnað hæstv. forsætisráðherra eins og hann er settur hér fram. Hér fór flokkur hæstv. forsætisráðherra fram með miklum gassagangi fyrir kosningarnar og talaði um gegnsæi, lýðræðisleg vinnubrögð og opna stjórnsýslu.

Nú hefur hæstv. forsætisráðherra enn einu sinni dottið í þá gryfju að fara að velta Framsóknarflokknum upp úr fortíð sinni. Við getum alveg staðið frammi fyrir fortíðinni og horfst í augu við hana, hæstv. forsætisráðherra, en við erum að tala um núið hér á Íslandi, það skiptir máli hvernig við sem þjóð ætlum að koma okkur út úr þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir. Að mínu mati var margt gert rangt í fortíðinni en fortíðinni breytum við ekki en á framtíðina getum við haft áhrif.

Einn þáttur í hruninu var jafnvel sú aðgerð þegar Samfylkingin fer í ríkisstjórn á sínum tíma — minni á það að Samfylkingin hefur nú setið í þremur ríkisstjórnum. Þegar Samfylkingin fer í fyrsta sinn í ríkisstjórn sem fullburða stjórnmálaflokkur voru settar fram svo miklar kröfur um það að breyta og færa til verkefni innan Stjórnarráðsins, það er jafnvel einn þáttur í því hvers vegna hrunið var svona alvarlegt. Það er mjög hagstætt fyrir vanhæf stjórnvöld að hafa stjórnsýsluna svo veikburða og ruglaða að enginn veit hvað hann á að gera eða hvað er hvers og hvað hver á að gera.

Ég minni hæstv. forsætisráðherra á það að Samfylkingin hefur setið í þremur ríkisstjórnum. Ef við erum að tala um fortíð, eins og verið er að tala hér um, þá er það líka fortíð þó að fortíðin sé kannski örlítið yngri en fortíð Framsóknarflokksins í ríkisstjórn.

[16:32]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli síðasta ræðumanns á því að með því frumvarpi sem við erum að ræða hér, um breytingar á Stjórnarráðinu, þá erum við að styrkja verulega stjórnsýsluna og veitti ekki af. Við höfum nú farið í gegnum það að það var nauðsynlegt að gera það með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ég held að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir — þó að hún sé ný hér inni sem kosinn þingmaður þá er hún enginn nýgræðingur í pólitík. Eftir því sem ég best veit hefur hv. þm. Vigdís Hauksdóttir lengi verið starfandi innan Framsóknarflokksins og vitað hvað þar hefur farið fram. Það er bara með þeim hætti, þó að hv. þingmaður vilji ekki hlusta á fortíð Framsóknarflokksins og (Gripið fram í.) sögu hans hér í þingsölunum, þá held ég að hún neyðist til þess að hlusta á hana. Fortíð Framsóknarflokksins að því er varðar einkavæðingu bankanna, ég segi bara, virðulegi forseti: Guð hjálpi mér. Ekki hefði ég viljað vera með þá forsögu í eftirdragi að hafa staðið þannig að einkavæðingu bankanna eins

og Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn gerðu. (Gripið fram í.)

[16:34]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sagði í ræðustól hér áðan að ég gæti algjörlega horfst í augu við fortíð Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn er öflugur og stöndugur flokkur og hann er atvinnumálaflokkur fyrst og fremst og hefur þurft að taka á í gegnum tíðina, hvort sem hann hefur verið í stjórnarandstöðu eða stjórn, með það að bera hag þjóðarinnar fyrir brjósti sem núverandi ríkisstjórn gerir alls ekki. Hér er verið að binda þjóðina á skuldaklafa og hæstv. forsætisráðherra verður að horfast í augu við það.

Varðandi það að með frumvarpinu sé verið að styrkja stjórnsýsluna — ég hef einungis orð hæstv. forsætisráðherra fyrir því. Það er margt ansi illa rökstutt í þessu frumvarpi og eins og annað eru það orð forsætisráðherra sem eru lög í þessu landi. Áður en búið er að afgreiða hér lagafrumvörp eða samþykkja nokkurn hlut, þegar hæstv. forsætisráðherra talar er það það sem gildir og ekkert annað.

[16:35]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef ég réði nú ein ferðinni væri landið eitthvað öðruvísi en það er í dag, en því miður er það ekki svoleiðis.

Ég vil líka segja, af því að hv. þingmaður talar um að Framsóknarflokkurinn sé atvinnumálaflokkur, hvaða flokkur er ekki atvinnumálaflokkur? Ég vildi gjarnan að Framsóknarflokkurinn hefði verið meiri velferðarflokkur þegar hann stjórnaði hér í tólf ár. Það er hörmulegt til þess að hugsa að þegar við vorum í uppsveiflu í efnahagslífinu, með kannski 80 milljarða afgang á ríkissjóði, leyfði Framsóknarflokkurinn sér að standa við hlið Sjálfstæðisflokksins og vinna að því að láta þetta velferðarkerfi drabbast niður. (Gripið fram í.) Ef það hefði ekki drabbast svona niður í (Gripið fram í.) tíð Framsóknarflokksins værum við betur stödd í að mæta þessari erfiðu efnahagskreppu sem við erum að reyna að vinna á. En við erum með þessa fortíð — Framsóknarflokkurinn ber vissulega þunga byrðar hvað það varðar að standa þannig að málum að velferðarkerfið drabbaðist niður. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

[Fundarhlé. — 16:36]

[18:01]

Útbýting:

Fjárnám og nauðungarsala, 45. mál, svar dómsmrh., þskj. 115.

Lokafjárlög 2007, 57. mál, nál. fjárln., þskj. 153; brtt. fjárln., þskj. 154.

Umræður utan dagskrár.

Upplýsingar um Icesave-samningana.

[18:02]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Nú fer fram áður boðuð utandagskrárumræða um upplýsingar um Icesave-samningana. Málshefjandi er hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 3. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í um klukkustund. Málshefjandi og ráðherra hafa átta mínútur í upphafi, talsmenn annarra flokka fimm mínútur hver í fyrri umferð. Í seinni umferð hefur hver þingflokkur fjórar mínútur og málshefjandi og ráðherra fimm mínútur í lokin.

[18:02]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Frá því að ríkisstjórnin kynnti áform um Icesave-samningana á þann hátt að samningurinn væri góður — mjög góður, sögðu sumir, og jafnvel stórglæsilegur — hefur komið á daginn að allt það sem stjórnin hafði fram að færa sem rök fyrir því að þetta væri góður samningur, eðlileg og æskileg niðurstaða, hefur reynst rangt. Því var haldið fram að ekki hefði verið um annað að ræða en að semja um það sem raunin varð vegna þess að undirritað hefði verið minnisblað í fyrrahaust sem hefði orðið til þess að menn ættu engan annan kost, það væri sem sagt með minnisblaði búið að skuldbinda ríkið, og þetta minnisblað hefði elt núverandi ríkisstjórn eins og draugur.

Svo kemur fram að hæstv. forsætisráðherra hafði nýverið samband við forsætisráðherra Bretlands, landsins sem réðist að okkur með beitingu hryðjuverkalaga, og gerði honum ljóst að til stæði að semja við Breta, íslensku samninganefndinni hefði verið falið að semja við Breta á grundvelli þessa minnisblaðs, minnisblaðsins sem menn þóttust hafa verið á harðahlaupum undan, minnisblaðsins sem sagt var vera eins og draugur sem elti þessa nýju ríkisstjórn. Hæstv. forsætisráðherra magnaði upp þennan draug og tilkynnti forsætisráðherra Bretlands að á þessum nótum yrði samið. Þetta hlýtur að vera nýtt met í samningatækni Samfylkingarinnar sem er búin að koma íslensku þjóðinni í þá stöðu sem hún er í nú í þessu Icesave-máli og hófst með því að menn vonuðust til að ef við sýndum ákveðinn velvilja og segðumst vera reiðubúin til að taka á okkur skuldbindingar — sem okkur ber ekki lagaleg skylda til — ef við segðumst vera tilbúin til að taka þetta á okkur yrði okkur líklega sýnd miskunn, sýnd linkind, sýnt þakklæti fyrir að taka þetta á okkur. Annað hefur heldur betur komið á daginn og sú hefur verið raunin í þessu máli alla tíð, það kemur á daginn að ekkert stenst sem haldið er fram.

Þegar þessi samningur var kynntur var talað um að 250–300 milljónir punda lægju tilbúnar í Englandsbanka og að strax við undirritun væri hægt að ná í þessa peninga og byrja að borga niður skuldirnar. Svo kemur á daginn núna að þessir peningar sitja fastir sem fyrr og ástæðan er sú að það er óljóst hvernig þeir eiga að skiptast. Íslendingar eru að taka á sig miklu meiri skuldbindingar en sem nemur þessari margumræddu 20.000 evra skuldbindingu Evrópusambandsins. Aðeins helmingur af eignum Landsbankans fer í það, hinn helmingurinn fer til annarra kröfuhafa en þó

ekki allra kröfuhafa. Þar er gert upp á milli kröfuhafa með hætti sem mjög hæpið er að fái staðist og með því móti setur íslenska ríkið sig í stórkostlega hættu gagnvart þeim kröfuhöfum sem gengið er fram hjá.

Það var fullyrt að við fengjum sjö ára skjól með undirritun þessa samnings. Flestum má nú vera ljóst hversu fráleitt er að halda því fram að þessar gríðarlegu skuldbindingar hafi ekki áhrif á ríkið vegna þess að þær komi ekki til greiðslu fyrr en eftir sjö ár. Nú er meira að segja komið í ljós að getið er um það í samningunum að uppfylli íslenska ríkið ekki tiltekin skilyrði eða innstæðutryggingarsjóðurinn, eitt af fjölmörgum skilyrðum — óvenjulegum skilyrðum, skilyrðum sem lögmenn sem leitað hefur verið ráða hjá hafa aldrei séð í samningi áður — sé strax hægt að gjaldfella allt lánið, hvenær sem er á þessu sjö ára tímabili eða eftir það. Það verður þá lítið úr þessu sjö ára skjóli eftir allt saman fyrir utan það að halda því fram að þetta veiti skjól af því að það er í framtíðinni ber bara vott um það að ríkisstjórnin tekur á öllum vanda með því að reyna að fresta honum, ýta honum fram fyrir sig og stinga höfðinu í sandinn.

Því var haldið fram að þetta hefði ekki áhrif á lánshæfismat. Hvernig í ósköpunum á það að vera að það hafi ekki áhrif á lánshæfismat að taka á sig þessar gífurlegu skuldbindingar? Þá segja menn: Vissu menn ekki af þessu fyrir? Nei, menn hljóta að hafa gert ráð fyrir því að farið yrði að því sem þingið lagði upp með og því sem okkur þingmönnum var sagt, að Bretar og Hollendingar hefðu fallist á að koma til móts við okkur í ljósi efnahagsaðstæðna hér. Svo er það ekki gert. Hvernig taka lánshæfismatsfyrirtækin á því?

Því var haldið fram að þetta mundi draga úr óvissu. Óvissan hefur aldrei verið meiri. Framtíðarhorfurnar geta sveiflast dag frá degi, bara eftir hagspám um það hvernig efnahagsástandið verður næstu árin, eftir nýjum upplýsingum um lánshæfismat, vexti eða hvaðeina, þannig að við getum horft upp á tugmilljarða króna sveiflur dag frá degi í framtíðarstöðu íslenska ríkisins. Óvissunni var aldeilis ekki eytt.

Svo var talað um að þetta væru góðir vextir. Margir hagfræðingar hafa komið fram og bent á að það sé ekki alveg rétt túlkun og þá er sagt: Ja, miðað við aðra lánasamninga. Þetta er samningur milli þriggja ríkja sem er gerður við mjög óvenjulegar aðstæður þar sem eitt ríkið er í gríðarlegum efnahagsvandræðum, er að gera pólitíska samning og var búið að fá fyrirheit um aðstoð við að komast í gegnum vandann. Að bera vextina á þessum samningi saman við vexti sem einhver áhættufjárfesting fær er náttúrlega algjörlega fráleitt.

Því var haldið fram að við hefðum verið beitt þvingunum. Þó er það aldrei sagt berum orðum, það er gefið í skyn. Hvað gerist svo? Utanríkisráðherrar Norðurlanda koma og segja: Þessir samningar um lán frá Norðurlöndum höfðu ekkert með Icesave að gera, það var ekki skilyrði. Samt er því haldið mjög á lofti að ef við gengjum ekki að þessum samningum kæmi eitthvað voðalega slæmt fyrir okkur, eitthvað ógurlegt, við mundum einangrast, við yrðum ein í heiminum. Ég efast ekkert um að Evrópusambandinu er mikið í mun að við tökum á okkur þessar ábyrgðir, enda er um að ræða galla í regluverki Evrópusambandsins. Skárra væri það nú, þeir hljóta að vilja komast hjá því að sá galli setji allt í uppnám. Hann hefði átt að vinna með okkur og styrkja samningsstöðu okkar en, nei, hann virðist ekki hafa gert það. Vegna þess að Evrópusambandið hafði svo miklar áhyggjur af því að allt innstæðutryggingakerfið og allt bankakerfi Evrópu gæti hrunið töldum við að við þyrftum nauðsynlega að ganga að skilyrðum þess.

Svo er því haldið fram að í þessum samningi — og hæstv. fjármálaráðherra veifaði samningnum — væri ákvæði sem mundi bjarga okkur ef allt færi á versta veg, flóttaleið svoleiðis að við þyrftum ekki að hafa svona miklar áhyggjur. Hvernig er þetta ákvæði? Það er þess eðlis að komi í ljós að Ísland geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sé lent í enn meiri vandræðum en við erum í núna, skuldbinda Hollendingar og Bretar sig til að setjast niður með fulltrúum Íslands á fundi og ræða málið, ekki meira en það. Þeir ætla að setjast niður á fundi og ræða málið, sjá hvort eitthvað er hægt að gera. Þetta er flóttaleiðin sem hæstv. fjármálaráðherra boðar sem lausn þessa máls.

Ósvífnast af öllu væri líklega að halda því fram að þetta mundi styrkja gengi íslensku krónunnar. Það getur hver sem er séð að það að skuldbinda ríki svona gríðarlega í erlendri mynt, taka stóran hluta af tekjum ríkisins í erlendri mynt á hverju ári og leggja til hliðar, getur ekki annað en veikt gengið verulega enda hefur gengið fallið hratt síðan og verður að öllum líkindum veikt a.m.k. næstu 15 árin og líklega lengur en það.

Ekkert hefur því staðist, ekkert hefur staðist sem sagt hefur verið um þennan samning og samt ætlast hæstv. fjármálaráðherra og þessi ríkisstjórn til þess að við trúum því að þetta verði allt í lagi því að líklega munum við geta staðið undir þessu — líklega — og ef ekki, verði líklega komið til móts við okkur af þessum sömu löndum og búin eru að þvinga okkur til að gangast í ábyrgðir fyrir það sem við bárum ekki lagalega skyldu til og getum ekki staðið undir. Það er ekki boðlegt að ætlast til þess að alþingismenn staðfesti þennan samning.

[18:10]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er ágætt að fá tækifæri til að ræða þetta mál aftur, það var gert hér þarsíðasta mánudag í framhaldi af því að samningar tókust milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og íslenska ríkisins annars vegar og Breta og Hollendinga hins vegar. Þeir voru undirritaðir að kvöldi 5. júní sl.

Ég geri tvær athugasemdir við málflutning málshefjanda, örstutt. Sú fyrri varðar það að ég kannast ekki við að forsætisráðherra Íslands hafi tilkynnt Bretum, hvorki núverandi né fyrrverandi forsætisráðherrar okkar, að við vildum ganga til samninga á grundvelli minnisblaðsins við Hollendinga. Það eru mér nýjar fréttir (Gripið fram í.) ef þetta er staðreynd. Já, ég sé að heimildin er traust hjá hv. þingmanni. (**SDG:** … staðfestingarblaðið …)

Í öðru lagi verð ég að gera þá athugasemd að það að tala um þetta mál í samhengi við gengi krónunnar eða lánshæfismat eins og að þessar kröfur og þetta mál hafi ekki legið fyrir eða eins og að það hverfi ef ekki er samið um það er

dálítið sérkennilegt. Ætli það sé svo gott að það geti gufað upp frekar en skuldir? Þetta hefur hangið yfir Íslandi, allir hafa vitað það, lánsmatsfyrirtæki sem og aðrir, og það er ærin ástæða til að ætla að það sé fremur til bóta og eyði óvissu að ganga frá því en að hafa það þannig áfram.

Varðandi aðgang að upplýsingum um þetta mál vil ég í fyrsta lagi segja að það er litið svo á af hálfu viðsemjenda okkar, og reyndar ekki um það deilt, að hér er um að ræða lánasamning einkaréttarlegs eðlis. Það er almennt ekki venjan að gera slíka samninga opinbera nema allir aðilar samþykki það. Engu að síður óskaði íslenska ríkið eftir því að fá að gera samningana opinbera, í öllu falli að tryggja aðgang alþingismanna að þeim og alveg frá því að samningurinn var undirritaður hafa bréfaskriftir verið í gangi milli Íslands og gagnaðilanna um þetta mál. Það er því fjarri öllum sanni að vilja hafi skort til þess af hálfu okkar að gera málin opinber, það er þvert á móti öfugt, og enn er það svo að það er andstaða við að þessir samningar séu gerðir að fullu og öllu opinberir og var m.a. áréttuð í dag af hálfu annars aðilans og sendiherra þess ríkis á Íslandi. Engu að síður er ætlunin að gera það eins og nú er í pottinn búið.

Varðandi tvennt efnislega sem borið hefur upp í umræðunni frá því í kvöldfréttum sjónvarpsins er það í fyrra lagi ákvæðið um lögsögu í þessu máli. Eins og þeir þingmenn nú sjá sem hafa fengið samninginn er í báðum tilvikum gert ráð fyrir því að bresk lög og breskir dómstólar hafi lögsögu. Það er venja í alþjóðlegum lánasamningum að um ágreining gildi annaðhvort lög þess ríkis sem veitir lánið eða bresk lög. Það skýrist m.a. af stöðu London sem alþjóðlegrar fjármálamiðstöðvar og þeirrar sterku og ríku hefðar sem breskur réttur hefur um allan heim á þessu sviði.

Það varð því að samkomulagi þrátt fyrir óskir okkar um annað, sem hefðum gjarnan og að sjálfsögðu viljað íslenska lögsögu í þessu eða óháða lögsögu, að fallast á þessa niðurstöðu í samræmi við venju. Má til samanburðar nefna að í þeim lánasamningum sem eru í burðarliðnum við Norðurlöndin og í þeim tilvikum þremur þar sem ríki lánar ríki, þ.e. sænska, finnska og danska ríkið, er lögsagan í heimaríki lánveitandans.

Annað atriði hefur mönnum orðið tíðrætt um og það er sú takmörkun friðhelgisréttinda sem er að finna í samningnum. Ísland nýtur að þjóðarrétti friðhelgi og friðhelgisréttinda í lögsögum annarra ríkja. Þessi friðhelgisréttindi stæðu í vegi fyrir því að lagaleg úrlausn deilumála vegna samningsins gætu gengið fram ef ekkert væri við því gert. Því er það föst venja í lánasamningum milli ríkja að víkja þessum friðhelgisréttindum til hliðar. Slík ákvæði hafa eðli málsins samkvæmt eingöngu gildi í landinu þar sem friðhelgin er, þ.e. í lögsögulandinu. Án slíks fráfalls friðhelgisréttinda væri hvorki hægt að stefna máli né reka það eða koma því fyrir dómstóla.

Ákvæði þetta hefur engin áhrif á innanlandsrétt. Það skapar því ekki á nokkurn hátt grundvöll fyrir aðför að eigum íslenska ríkisins hér á landi. Öll umræða um að með ákvæðinu hafi verið opnað fyrir aðför eða fullnustu á eigum íslenska ríkisins hér á landi er því úr lausu lofti gripin. Það er auðvitað enn langsóttara og fráleitara að tala um mögulega aðför að íslenskum náttúruauðlindum í þessu sambandi. (Gripið fram í.) Þetta er ósköp einfaldlega þannig að í samningnum gengst íslenska ríkið við því að verja sig ekki með friðhelgi sinni í viðkomandi landi ef bera þarf ágreining um samninginn fyrir dómstóla.

Það er líka rétt að minna á í öllu þessu samhengi að eignir Landsbankans eiga að stærstum hluta að standa undir skuldinni og ábyrgð ríkissjóðs er eftirstæð í þessu máli. Öll rök standa til þess að íslenska ríkið muni ráða vel við skuldbindingarnar eins og nú horfir. (Gripið fram í.) Það er líka rétt að minna á að þetta verður að skoða í samhengi við það öryggisákvæði um breyttar forsendur sem eru í samningnum. Fari svo að staða Íslands breytist til hins verra frá því að metið var í október, fari svo að Ísland lendi í erfiðleikum með að standa við greiðslur sínar á árunum 2016–2024, eigum við rétt í samningnum til þess að óska eftir viðræðum um endurupptöku hans. Viðmiðin eru annars vegar það sem stendur í samningnum sjálfum og hins vegar hin sameiginlegu viðmið frá 19. nóvember sl. Og hver voru þau? Þau voru þess eðlis að gera ætti Íslandi kleift að endurreisa fjármálastofnanir sínar og efnahag. Það er þess vegna alveg ljóst að frumvarp sem hér mun koma til laga um ríkisábyrgð verður með fyrirvörum um greiðsluþol ríkisins að þessu leyti og gagnvart fullveldi ríkisins.

Af framansögðu er ljóst, virðulegur forseti, að það er með öllu ástæðulaust að hafa af því áhyggjur eins og borið hefur á í gærkvöldi og í dag að hér sé á nokkurn hátt um að ræða gjörning sem sé óvenjulegur eða sérstakur og sem stofni á nokkurn hátt hættur hvað varðar stöðu íslenska ríkisins og eignir þess og auðlindir hér á landi. Færi einhvern tímann svo að að undangengnum árangurslausum tilraunum til að endurskoða samninginn að ágreiningur lenti fyrir dómstóla yrði málsvörn Íslands væntanlega sú að um forsendubrest væri orðið að ræða og málið færi þá allt til umfjöllunar í því samhengi. Það er ekki, virðulegur forseti, ástæða til að hafa þær áhyggjur sem menn hafa hér uppi haft.

Ég hvet þingmenn til að kynna sér svo rækilega og vel öll þau gögn sem fram verða reidd með þessu máli þegar það kemur hingað til þingsins. Nú hafa menn (**Gripið fram í:** … samninginn.) samninginn undir höndum. (**Gripið fram í:** Nei.) Ég verð að leyfa mér að segja að ég tel að það þjóni takmörkuðum tilgangi í þessu vandasama máli að ala á tortryggni og hræðslu gagnvart almenningi sem fyrir er illa svikinn og sár og treystir fáu. Ég held að við Íslendingar ættum að sameinast um það að trúa á það að við ætlum sjálf að vinna okkur í gegnum þessa erfiðleika á eigin fótum og gera það sem uppistandandi þjóð. (Forseti hringir.) (**Gripið fram í:** Hvað hefur breyst í …?)

[18:19]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Mér finnst framan af þessari umræðu að hún hafi verið tekin á röngum forsendum. Hún hefur verið rekin áfram í þingsal á þeirri forsendu að sá samningur sem nú er í höfn við Breta og Hollendinga sé miklu betri en samningurinn sem fyrri ríkisstjórn ætlaði að gera. Það stenst auðvitað enga skoðun. Upp á síðkastið hefur okkur verið sagt að það sé eitt og annað í þessum samningi sem eigi að veita okkur öryggi, sannfæringu um að jafnvel þó að hlutirnir mundu þróast á versta veg sé búið að tryggja í

samningnum sjálfum að við eigum undankomuleið.

Ég get ekki betur skilið þegar hæstv. forsætisráðherra, og núna hæstv. fjármálaráðherra, kemur hér upp og fjallar um þennan samning en að virðulegir ráðherrar séu ánægðir með hann og séu að reyna að telja okkur trú um það og þar með þjóðinni allri að samningurinn sé bara býsna góður og að með honum séu þau vandamál sem tengjast innstæðum Íslands, Landsbankans í útlöndum, leyst og við getum farið að snúa okkur að öðru.

Ekkert af þessu stenst skoðun. Ekki eitt af þessu stenst skoðun. Öryggisákvæðið sem okkur var kynnt í fjölmiðlum um daginn, öryggisákvæðið sem svo rík áhersla var lögð á, er auðvitað bara loft, gjörsamlega innihaldslaus yfirlýsing viðkomandi stjórnvalda um að ef íslenska ríkið lendir í meiri greiðsluvanda en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mat að ríkið væri í sl. nóvember sé hann tilbúinn til að ræða við okkur um það hvort hann muni bregðast við því með einhverjum hætti. Hann er tilbúinn að ræða við okkur hvort hann muni gera það. Hann er ekki tilbúinn til þess að skrifa upp á samning þar sem hann lofar því að það verði gert. Nei, hann er tilbúinn til þess að ræða við okkur um það hvort það komi til greina.

Ég verð að segja að öll sú umræða sem átt hefur sér stað í fjölmiðlum og kemur nú fram frá hæstv. fjármálaráðherra um fullveldið og ákvæði samningsins sem okkur hefur nú loksins verið kynntur er afar einkennileg. Það er eiginlega þannig með flest það sem hæstv. ráðherrar forsætis og fjármála hafa túlkað ofan í okkur með samningi sem þau ætluðu örugglega ekki að sýna okkur. Það stenst ekkert af því sem verið er að túlka úr þessum samningi, ekki nokkur skapaður hlutur, svo sem að það sé bara eðlilegt, og sjálfsögð venja í samningum á milli ríkja, að gefa frá sér réttinn til þess að bera fyrir sig fullveldið og komast undan málssókn annars staðar. Að það sé vísað til einhverrar samningsvenju þegar við erum að ræða um samninga sem eru álíka stórir og fjárlög íslenska ríkisins. Yfir þúsund milljarða samningur. Og það er veittur aðgangur að eigum Íslendinga, til að mynda erlendis. Það er ekki hægt að lesa þennan samning öðruvísi. Við munum fá lögfræðilegt álit um þetta efni, en samningurinn er alveg skýr um það að til að mynda væri hægt að ganga að sendiráðum Íslands erlendis ef menn lentu í vanskilum. Ekki bara vanskilum í þessum samningi, nei, ef íslenska ríkið lendir einhvers staðar annars staðar í einhverjum öðrum samningi í vanskilum er hægt að gjaldfella þennan samning upp á þúsund milljarða. Það er hægt að gjaldfella hann allan og byrja að ganga að eigum íslenska ríkisins, eftir atvikum í útlöndum eða annars staðar.

Það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur og þegar ég segi að umræðan sé tekin á röngum forsendum segi ég: Við eigum að vera að ræða um það hér hvað mundi gerast ef þessi samningur yrði ekki staðfestur. Og við skulum spyrja eftir því hvers vegna ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir tveir hafi ekki eytt allri óvissu um það að hér sé meiri hluti fyrir samningnum á þinginu. Það eru stjórnarflokkarnir sjálfir sem valda allri óvissunni og óróanum í tengslum við þetta mál. Þeir treysta sér ekki til að eyða henni.

Og ég fullyrði að það er ástæða fyrir því, mjög einföld. Hún er þessi: Þingmennirnir í þessum sal eru ekki að fara að staðfesta þennan samning. [Lófatak og háreysti á þingpöllum.] Það er ástæðan og það er hin dapurlega staðreynd. Þess vegna er dapurlegt að ekki hafi verið haft ríkara samráð við þingmenn stjórnarandstöðunnar áður en gengið var til samninganna. Við þurfum núna að fara að ræða það hvaða staða er komin upp þegar þessi samningur verður ekki (Forseti hringir.) staðfestur vegna þess að hann hefur ekki staðist neinar væntingar sem ríkisstjórnin hefur gefið um innihald.

[18:24]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill biðja gesti á pöllum að hafa hljóð á meðan umræðan fer fram.

[18:24]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni að þessi umræða er tekin á röngum forsendum. Hv. þingmenn sem hér hafa talað í dag gefa sér þá forsendu, sem verður aðallega til í þeirra eigin hugskoti, að ríkisstjórnin hafi farið um með fagnaðarlátum og trumbuslætti og talið að þetta væri sérstaklega og einstaklega góður samningur. (**Gripið fram í:** … gert það.) (**ÞKG:** Glæsileg niðurstaða.) (**Gripið fram í:** Glæsileg niðurstaða.)

Ég minni á það að þegar hæstv. fjármálaráðherra hélt ræðu sína hið fyrsta sinni um efni þessa samnings talaði hann ekki með þeim hætti. Hann sagði að þetta væru mjög erfiðir samningar. (**Gripið fram í:** … viðtal við forsætisráðherra.) Ég segi það alveg klárt og hef sagt það mörgum sinnum í þessum sal að ég tel að þetta séu einhverjir erfiðustu samningar sem nokkur ríkisstjórn hefur nokkru sinni gengið til. Það er fjarri því að hægt sé að halda því fram að það sé eitthvert tilefni til að gleðjast yfir þessum samningi.

Hitt er rétt sem hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði, menn ættu að velta fyrir sér hvað það mundi kosta okkur ef menn gerðu ekki þennan samning. Staðan er einfaldlega þannig að í þessari erfiðu og þröngu stöðu sem við Íslendingar erum í tel ég að við þessar aðstæður hafi verið rétt að ganga til samninga á þeim forsendum sem er að finna í samningnum.

En ég sagði líka um daginn í umræðu að ég hefði glaður gefið vinstri höndina til að það væru skaplegri vaxtakjör en eru í samningnum. En hv. þm. Bjarni Benediktsson segir: Þingmenn ættu heldur að ræða um það hér hvað það mundi kosta okkur sem þjóð ef þessi samningur yrði ekki gerður.

Frú forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur þegar fyrir sitt leyti svarað þessari vangaveltu í ræðu sem hann hélt 5. desember. Þar lýsti hann því með nokkuð skýrum hætti hvers vegna menn ættu heldur að ganga til samninga en, eins og hann sagði, að festa sig í einhverjum lagadeilum. Og hann lýsti því þar, alveg eins og kom fram í nefndaráliti meiri hlutans þá, hvað það mundi kosta okkur að axla ekki samninga.

Þegar hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kemur hingað sem formaður Framsóknarflokksins finnst mér sem hann setji allt á hvolf miðað við það sem hann hefur áður sagt. Hvað hefur þessi hv. þingmaður áður sagt um það hvernig ríkisstjórnir eiga að vinna og hvernig þingmenn

eigi að vinna þegar þeir eru að skoða erfiða hluti eins og þessa? Jú, eins og þegar við vorum að ræða efnahagsaðgerðir hér fyrr í vetur og hann var nýorðinn formaður Framsóknarflokksins sem þá veitti minnihlutastjórn hlutleysi krafðist hann þess að faglegir, hlutlausir aðilar úr akademíunni kæmu að. Hann kallaði sjálfur til einn slíkan, Jón Daníelsson, sem er kennari við London School of Economics. Hann var sérstaklega skipaður hagfræðilegur fulltrúi Framsóknarflokksins.

Tekur hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ekki mark á þessum skipaða fulltrúa sínum frá því í vetur? Nei, hann gerir það ekki. Hví segi ég þetta? Vegna þess að Jón Daníelsson hefur sagt að það sé óhjákvæmilegt að samþykkja þennan samning. Hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur talað um að við ættum að fara upp í háskóla og leita að fólki sem hefur vit á þessum hlutum. Einn af þeim mönnum sem hv. þingmaður hefur kallað til liðsinnis og ráðslags við Framsóknarflokkinn er Gylfi Zoëga. Sá ágæti maður er prófessor í hagfræði. Hv. þm. Sigmundur Davíð veit ekki um nokkurn samning sem er jafnvondur og sá sem hér er til umræðu. Hann talar sérstaklega um vaxtakjörin. Hvað segir þessi ágæti maður uppi í háskóla sem hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur stundum sagt að við ættum að hlusta á og hefur sjálfur kallað til ráðslags? Hann hefur sagt að þetta séu hagstæðir vextir miðað við það sem gerist á alþjóðlegum lánamörkuðum. Hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur líka sagt að við verðum að reikna út gjaldþol okkar og skoða það. Til þess eigum við að fá hverja? Jú, akademíuna, sjálfstæða, óháða, hlutlausa fræðimenn. Nú, það vill svo til að einn þeirra hefur þegar gert það. Hann hefur birt útreikninga sem Framsóknarflokkurinn hefur ekki gert.

Þegar Framsóknarflokkurinn segir að þessi samningur, sem ég fellst alveg á að hefði mátt vera betri fyrir íslenska hagsmuni — (**Gripið fram í:** Nú?) ja, ég hef alltaf sagt það, samanber vinstri höndina — en hv. þm. Sigmundur Davíð hefur aldrei birt neina útreikninga sem sýna að þetta muni reyra íslensku þjóðina í viðjar fátæktar. Uppi í háskóla er hagfræðiprófessor sem hefur birt slíka útreikninga. (**Gripið fram í:** Neei.) Uppi í háskóla er Þórólfur Matthíasson prófessor, [Hlátur og háreysti í þingsal.] ja, eru menn að efast um hlutleysi háskólans? Þá skulu menn bara fá aðra til þess. (Gripið fram í.) En sá ágæti maður hefur sagt að vissulega verði þetta blóðtaka, að þetta verði erfitt og sé óvissu undirorpið. En hvað þýðir það? segir hann. Jú, það gæti þýtt það (Forseti hringir.) sama og að skrúfa fyrir Kárahnjúkavirkjun og Reyðarál í átta ár. Það er auðvitað blóðtaka, en við munum geta siglt í gegnum það. (Forseti hringir.) Elsku vinir í stjórnarandstöðu, það sem þið þurfið að gera er einhvern tímann að sjá ljós. Íslenska þjóðin hefur margvísleg tækifæri. (**Gripið fram í:** Hætta að drekka.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill minna hæstv. ráðherra og hv. þingmenn á að nefna hv. þingmenn fullu nafni.) .

Gunnlaugsson.

[18:30]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Virðulegi forseti. Við erum hér saman komin í kvöld vegna skelfilegs samkomulags íslenskra stjórnvalda við Breta og Hollendinga um greiðslur innstæðna á Icesave-reikningum Landsbankans. Mér er málið skylt, verið er að velta skuldum einkaaðila yfir á almenning og þar með mig, alla þá sem hér sitja, fólkið í landinu og jafnvel ófædd börn. Ég stofnaði ekki til þessara skulda og mér finnst ekki að ég eða börnin mín eða barnabörn eða nokkur annar hér á landi eigi að greiða þær. Þetta er bara algjört prinsippmál.

Við verðum að ljúka þessum málum með einhverjum hætti, ég get alveg tekið undir það. Bjóðum Bretum og Hollendingum allar eignir Icesave og fáum aðstoð þeirra við að negla þá sem komu okkur í þessa stöðu. Þeir eiga öflugar eftirlitsstofnanir, þeir eiga leyniþjónustu, þeir eiga ýmis úrræði sem við höfum ekki yfir að ráða, og eins og við höfum komist að og hæstv. ríkisstjórn, eru þeir mjög harðir í samningum sem við erum greinilega ekki.

Hér erum við að tala um ríkisábyrgð. Ég var að ræða við sérfræðing í Evrópurétti sem segir að það sé alls ekki víst að ríkið eigi að bera ábyrgð á þessum samningum og við verðum að skoða þetta betur og gefa okkur lengri tíma í þetta. Krafa Breta og Hollendinga er algjörlega skiljanleg en það er ógerlegt fyrir Alþingi að ganga að öllum kröfum þeirra. Ríkisstjórnin vill ekki fara með málið fyrir dómstóla og rökstyður það ekki frekar. Af hverju ekki? Við verðum að fá að vita það. Við getum ekki flýtt okkur svona mikið, við getum ekki tekið alla áhættuna á okkur vegna þess að ef þetta er einhver hluti, þótt það sé ekki nema lítill hluti, getum við ekki borgað þetta, það er svo einfalt. Eignirnar eru ótryggar, sérstaklega í því árferði sem er núna, og það er ætlast til þess að við tökum á okkur alla áhættuna. Það er miklu heiðarlegra að horfast í augu við það núna áður en skrifað er undir þennan samning og skrifa hreinlega ekki undir hann. Ef við skrifum undir hann getum við hugsanlega farið í nauðasamninga eftir sjö ár en þá mun ekki standa til boða að leita til alþjóðlegra dómstóla. Við verðum að skoða þetta betur og við verðum að fá hæft fólk í samninganefndina. Ísland er gömul nýlenda og við erum að semja við rótgróna nýlenduherra sem hafa ekki hlíft nýlendum sínum í gegnum tíðina. Ætlum við að gerast nýlenda þeirra?

Mér barst í dag íslensk þýðing á grein 16,3 í samningnum við Hollendinga, það er Magnús Thoroddsen hæstaréttarlögmaður sem þýddi hana og, með leyfi forseta, langar mig að lesa hér byrjun greinarinnar.

Fyrirsögnin er: Afsal á griðhelgi fullveldis.

„Bæði tryggingasjóðurinn og Ísland samþykkja algerlega hvers konar málsókn gegn sér í sambandi við hvaða deiluefni sem upp kunna að koma og hvers konar annað réttarúrræði gegn sér, þar á meðal aðför eða fjárnám, í hvaða eignum eða réttindum án tillits til hvaða nota þau eru ætluð samkvæmt hvers konar úrskurði eða dómi.“

Þetta er algjört afsal á fullveldinu. Svona semja evrópsk lýðræðisríki ekki. Því miður eru mörg Afríkuríki og þriðja heims ríki í þeirri stöðu að svona samningar eru þar daglegt brauð en þetta hefur ekki viðgengist í okkar heimshluta. Þýðir þetta t.d. það að flugvélar Icelandair, sem nú eru í ríkiseigu, verði gerðar upptækar við lendingu í Evrópu, íslensk skip sem sigla til Evrópu, verða þau gerð upptæk þar? Í þessu hafa ýmsar skuldugar þjóðir með ríkisflugfélög lent, t.d. Tyrkir.

Hæstv. forseti. Ég óska eftir hugrekki fyrir Íslands hönd. Við mótmælum öll.

[18:35]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Við erum búin að fá í dag örstutta kynningu á samningi sem eru afarkostir fyrir íslenska þjóð. Þetta er samningur sem ekki má samþykkja á Alþingi.

Mér leikur forvitni á að vita frá hæstv. fjármálaráðherra hvernig hann ætlar að sjá til þess að eignir okkar verði ekki teknar ef við getum ekki borgað. Ef við eigum ekki gjaldeyri til að borga þær skuldir hvað kemur þá til fullnustu? Hvaða eignir geta Hollendingar þá tekið til dæmis? Þessi samningur er allur á kostnað Íslendinga, allur.

Það vakti athygli okkar í þeirri kynningu sem við fengum áðan að þegar sá sem kom og kynnti samninginn fyrir hönd ríkisins var spurður um greiðsluáætlun, þá er verið að vinna hana núna. Er það virkilega svo að það hafi ekki verið gerð nein áætlun um það hvernig við eigum að geta borgað af þessum samningi? Það er mjög merkilegt ef svo er.

Síðan leikur mér líka forvitni á að vita og velti því hér upp: Var það virkilega þannig að ríkisstjórnin hélt að af því að þetta væri samningur sem er einkaréttareðlis gæti hún bara samþykkt hann án þess að þingið fengi að vita nokkurn skapaðan hlut? (**Utanrrh.:** Aldrei.) Það lá í orðum áðan, hæstv. utanríkisráðherra, að hér yrði farið í gegn með samninginn án þess að kynna hann fyrir þinginu vegna þess að þetta væru einkaréttarákvæði. Ég bara spyr: Er þetta þannig? Og ráðherra segir líklega þá að svo sé ekki.

Mig langar aðeins að vitna í þennan samning. Í 7. gr. samningsins er talað um að ef við gerum aðra samninga sem bera t.d. hærri vexti en sá samningur sem við erum væntanlega að gera nú við Hollendinga eða ríkisstjórnin vill gera við Hollendinga — ég vona að þingið ætli ekki að samþykkja þennan óskapnað — geta Hollendingar gjaldfellt samninginn og heimtað sömu vexti, þeir geta hækkað vextina á samningnum. Finnst mönnum þetta eðlilegt? Er ráðherra klár á því, spyr ég bara, hvort þetta sé svona?

Í 16. gr., eins og kom fram áðan að nokkru leyti, kemur fram að Íslendingar verði að reka sín mál fyrir breskum og hollenskum dómstólum, ef eitthvað kemur upp. En Hollendingar mega sækja okkur í hvaða lögsögu sem er, hvar sem er í heiminum, það er ekkert sem bindur þá. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé samningatækni sem menn eru stoltir af.

Svo er það 11. gr. þessa samnings við Hollendinga og hún er mjög athyglisverð. Þar eru fjölmörg ákvæði um hvað gerist verði samningurinn gjaldfelldur, ef Hollendingar ætla að gjaldfella samninginn. Það er hreint með ólíkindum að svona lagað skuli vera sett á blað, að hollenska ríkið geti gjaldfellt samninginn án þess í raun að spyrja Ísland. Þeir þurfa að fá uppáskrift frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, ef ég skil þetta rétt.

Síðan er grein 11.1.11, sem er mjög merkileg. Það er dæmi um það sem við erum að afsala okkur hér. Ef Íslendingar breyta lögum til þess t.d. að vernda eignir sínar sem hér eru geta Hollendingar gjaldfellt samninginn. Hvaða skjól er í slíkum samningi? Hvað er eitthvert sjö ára skjól ef þetta er þannig að ef við ætlum að verja eigur okkar, breyta lögum sem snerta þennan samning megi annar samningsaðilinn einfaldlega fella hann, gjaldfella hann? Þá vaknar aftur sú spurning: Hvaða eignir verða þá til á móti?

14. maí 2004 átti hæstv. fjármálaráðherra, þá þingmaður, orðastað við þáverandi forsætisráðherra og kallaði þann forsætisráðherra gungu og druslu. Ég ætla ekki að leggja þessi orð mér hér í munn en einhverra hluta vegna koma þau upp í huga mér. (Gripið fram í.)

[18:39]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Umræðan um Icesave-samningana hefur tekið á sig ýmsar sérkennilegar myndir að undanförnu. Þegar mál af þessum toga kemur upp er eðlilegt að margvíslegar spurningar vakni, bæði um efnishlið málsins og formhlið þess. Það skiptir miklu máli að þessi umræða sé málefnaleg og hún sé byggð á traustum og réttum upplýsingum en ekki slagorðum og órökstuddum dylgjum.

Því miður hefur á það skort að stjórnvöld hafi gert þjóðinni nægilega vel grein fyrir því hvað í samningnum felst og hvaða leiðir, ef einhverjar, voru færar út úr þeim ógöngum sem Icesave-skuldbindingarnar sannarlega eru. Gagnrýnendur samninganna hafa heldur ekki gert með trúverðugum hætti grein fyrir því hvernig þeir hefðu staðið að málum, hvaða leiðir þeir hefðu valið og hvaða afleiðingar það hefði haft í för með sér.

Þegar horft er til baka er það í raun með hreinum ólíkindum að stjórnendum Landsbankans hafi verið heimilað að stofna til þeirra skuldbindinga sem innlánssöfnunin í gegnum Icesave fól í sér. Það eru ýmsir sem kenna regluverki Evrópusambandsins um en í gegnum EES-samninginn erum við aðilar að evrópsku innlánstryggingarreglunum. Sannarlega má halda því fram að þær reglur hefðu átt að vera þannig úr garði gerðar að þær kæmu í veg fyrir taumlausa skuldsetningu heillar þjóðar. Það breytir þó ekki hinu að íslensk stjórnvöld og eftirlitsaðilar áttu að bregðast við þegar allar viðvörunarbjöllur gullu og stöðva ósómann hjá stjórnendum Landsbankans.

Í lok september skrifaði Fjármálaeftirlitið íslenska hollenskum stjórnvöldum og fullvissaði þau um sterka stöðu Landsbankans. Hvernig mátti það vera? Breskum og hollenskum almenningi verður að sjálfsögðu ekki kennt um hrun íslenska bankakerfisins og syndir stjórnvalda og eftirlitsaðila hér á landi. Hversu sárt sem okkur kann að þykja það lendir sú ábyrgð á íslenskum herðum.

Það breytir ekki því að við Íslendingar hljótum að gera allt sem við getum til að endurheimta það fé sem sólundað var í boði Landsbankans og draga þá til ábyrgðar sem hana sannarlega bera og það er ekki almenningur, hvorki hér á landi né annars staðar.

Ég vil leggja á það áherslu að ég tel að við vinnslu þessa máls á Alþingi þurfi allar upplýsingar að liggja fyrir, bæði fyrir þing og fyrir þjóð. Þær þingnefndir sem fá þetta mál til umfjöllunar verða líka að vera í aðstöðu til að kalla eftir frekari gögnum og eiga orðastað við þá sem unnið hafa að málinu og leita annarrar sérfræðilegrar ráðgjafar eftir atvikum. (Gripið fram í.)

Hér hefur mikið verið talað um einstök efnisatriði í

þessum samningi. Honum var dreift til þingmanna síðdegis í dag. Ég fæ ekki séð annað en að margir af þeim sem hér hafa tekið til máls, sérstaklega úr röðum stjórnarandstöðunnar, hafi mótað sér afstöðu til málsins fyrir fram og taki ekkert tillit til þeirra svara og þeirra röksemda sem hafa komið fram hjá þeim aðilum sem hafa verið að skýra þetta mál af hálfu samninganefndanna. (Gripið fram í.) Ég tel að ef menn beita einhverri sanngirni eigi fyrst og fremst að nota tímann á næstunni til að fara rækilega í saumana á þessu máli öllu, spyrja allra krítísku spurninganna, taka þær umræður á vettvangi þeirra þingnefnda sem málið fá og fá þar svör við þeim spurningum sem þeir vilja bera fram.

Það er eðlilegt að það sé mikil reiði í samfélaginu í dag út af þessu máli. Hún beinist að og er auðvitað vegna bankahrunsins, (Forseti hringir.) efnahagshrunsins sem hér varð í haust. Það er mikilvægt að við tökum á þessu máli af alvöru og umræðan verði ekki (Forseti hringir.) alvörulaus eins og mér hefur því miður fundist einkenna hana um of til þessa. (Gripið fram í.)

[18:43]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að vitna til greinar eftir Stefán Má Stefánsson lagaprófessor og Lárus Blöndal hæstaréttarlögmann sem var skrifuð í *Morgunblaðið* 12. júní sl. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Samninganefnd Íslands hefur skilað sínu verki. Forsendan í starfi hennar virðist hafa verið sú að okkur bæri skylda til að greiða og því ekki annað að gera en að semja um greiðslukjör. Þessi nálgun er hvorki í samræmi við þá þingsályktun sem samþykkt var þann 5. desember sl. á Alþingi né þá kynningu sem fram fór á hlutverki samninganefndarinnar þegar hún var skipuð. … Ef til eru lögfræðileg rök fyrir þeim niðurstöðum sem samninganefndin hefur samið um, þá verður að kynna þau. … Séu niðurstöður samninganna byggðar á pólitískum sjónarmiðum, t.d. vegna mögulegrar aðildarumsóknar Íslands að ESB, eða beinum eða óbeinum þvingunum, verður að upplýsa það. Síðan verða þingmenn að taka upplýsta ákvörðun um hvort þau sjónarmið réttlæti skuldsetningu þjóðarinnar sem hljóða upp á óvissar en gríðarlegar fjárhæðir þrátt fyrir að lögfræðileg rök hnígi í aðra átt.“

Þess vegna er spurt: Hver voru þau markmið sem ríkisstjórnin, sem tók við þessu máli 1. febrúar, setti samninganefndinni undir forustu Svavars Gestssonar? Það er eðlilegt að svo sé spurt, ekki síst í ljósi orða þáverandi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hæstv. fjármálaráðherra í dag sem borið hefur ábyrgð á úrvinnslu þessa máls hátt á fimmta mánuð. Einungis viku áður en hann tók við forræði málsins taldi hann að samningarnir um Icesave væru bæði riftanlegir og ógildanlegir nauðasamningar og enn væri unnt að afstýra stórslysi fyrir íslenska þjóð. Nú er þessi sami stjórnmálamaður borinn þeim sökum að hafa blekkt íslenska kjósendur þegar hann leggur fyrir Alþingi, og óskar eftir staðfestingu alþingismanna á, plagg sem hann sjálfur gaf nafn við hæfi, nauðasamningar fyrir íslenska þjóð.

Hæstv. ráðherra fjármála hefur reynt að halda því fram að hann hafi tekið við þessu máli fullbúnu og niðurstaðan hafi svo að segja verið gefin fyrir fram. Svo langt ganga forustumenn ríkisstjórnarinnar í því að segjast vera bundnir af fyrri vinnu að hæstv. forsætisráðherra leyfir sér að halda því fram opinberlega að hún treysti því að sjálfstæðismenn muni styðja nauðasamninginn á þingi í ljósi forsögunnar.

Í þessum efnum eru margar skoðanir. Fróðlegt er að lesa álit lögfræðingsins sem var aðstoðarmaður utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, þegar átökin um þessi mál stóðu sem hæst, en Kristrún Heimisdóttir hefur m.a. haldið því fram að staðreyndin væri sú að ný ríkisstjórn er við tók hefði hæglega getað snúið við ákvörðunum fyrri ríkisstjórnar um Icesave-samningana hefði verið pólitískur vilji fyrir því. Forræði á Icesave-samningnum hefur verið hjá fjármálaráðherra í öllum ríkisstjórnum sem starfað hafa á þessum erfiða vetri og núverandi ráðherra og flokkur hans hefur sama frjálsa svigrúmið til ákvarðana og aðrir höfðu á undan að mati Kristrúnar Heimisdóttur.

Það er ekkert undarlegt þó að alþingismenn í þessu landi og almenningur allur hafi ríka fyrirvara á afstöðu sinni til þessa máls þegar það er borið á borð fyrir fólk með þeim hætti sem raun ber vitni. Að sjálfsögðu gera allir sem þessu máli tengjast sér fullkomlega grein fyrir alvarleika og innihaldi þess. En það er grundvallaratriði að áður en ætlast er til þess að Alþingi Íslendinga taki afstöðu til þess nauðasamnings sem ríkisstjórnin hefur nú loksins, fyrir örfáum mínútum, kynnt þingmönnum, hafi alþingismenn fengið þær upplýsingar sem þörf er á svo þeir geti tekið upplýsta afstöðu til viðfangsefnisins. Grunnspurningin sem hver og einn alþingismaður stendur frammi fyrir og þarf að svara á næstu vikum er sú hvort hann sé tilbúinn til þess að ríkissjóður taki ábyrgð á 600–750 milljarða skuld sem (Forseti hringir.) einkaaðilar stofnuðu til.

[18:48]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. Margrét Tryggvadóttir rakti hér áðan. Þetta er ósanngjarnt mál. Þetta er erfitt mál og það er meira að segja hægt að segja að þetta sé andstyggilegt mál. Það er hins vegar okkar að leysa úr því og það verðum við að gera eins og best við getum.

Bretar þurfa að inna af hendi 2,4 milljarða punda og Hollendingar 1,7 milljarða evra vegna Icesave, meira en Íslendingar þurfa að bera. (Gripið fram í.) Við vitum það af þeirri reynslu sem við gengum í gegnum í haust og í vetrarbyrjun að við eigum ekki þann kost að bera þetta mál undir neinn alþjóðlegan dómstól. Það er ekki þannig að við eigum dómstólaleið greiða, því miður. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Það hefðum við gjarnan viljað en það eigum við ekki vegna þess að viðsemjandinn vill ekki bera málið fyrir dómstóla. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Þetta er hin bitra staðreynd sem við þurfum að horfast í augu við og jafnvel þótt við gætum lagt málið fyrir dóm er það ekki heldur einhlítt að af því hefðum við ávinning. Eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson rakti hér í desember er mjög vafasamt að gera því skóna að við höfum endilega hag af því að tefla málinu fyrir dóm og eiga á hættu að tapa því. (Gripið fram í.) Fyrir því færði hann mörg góð rök sem öll eiga jafn vel við í dag.

Það er vegna þessara erfiðu aðstæðna sem við þurfum

að taka á þessu máli og ljúka því. Vegna þess að lausn á því er nauðsynleg forsenda þeirrar efnahagslegu endurreisnar sem við verðum að ná. (Gripið fram í.) Íslenska þjóðin á annað betra skilið en að við höldum efnahagslegri óvissu um ófyrirséða framtíð vegna óljóss ávinnings af langvinnum lagaþrætum sem engar sterkar líkur eru á að muni færa okkur betri stöðu en við höfum þó í dag. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Einnig hefur verið leitt í ljós í þessari umræðu af hálfu hæstv. fjármálaráðherra að þau samningsákvæði, sem mikið hefur verið vísað til á síðustu dögum og verið talin standa fyrir einhvers konar fullveldisafsal eða geti haft í för með sér hættu á afsali auðlinda þjóðarinnar, eru vanabundin samningsákvæði (Gripið fram í.) í lánasamningum sem ríki eru aðilar að.

Allt er málið hins vegar þannig vaxið að það sýnir okkur hvernig við þurfum að læra að vinna í nýju Íslandi. (Gripið fram í.) Ég játa fyrir mitt leyti að ég tel að við sjáum á þróun undanfarinna vikna að við hefðum getað hagað upplýsingagjöf í þessu máli talsvert öðruvísi. Nú er mikilvægt að við nálgumst úrvinnslu þessa máls með þeim hætti að velt verði við hverjum steini og róið fyrir hverja vík til þess að kanna málið til hlítar. (Gripið fram í.) Ég tel mjög mikilvægt að við verjum þeim tíma sem nauðsynlegur er í nefndarvinnu til þess að upplýsa málið til fulls.

Hér hefur verið bent á að kalla þurfi til sérfræðinga til þess að fjalla um lánakjörin, um samningsákvæðin, og það er mikilvægt að það starf fari fram fyrir opnum tjöldum eins og kostur er til þess að eyða óvissu og áhyggjum og greiða úr misskilningi. Ég held því að það sé mikilvægt að við tökum þann tíma sem nauðsynlegur er til að fjalla um málið í nefnd. Það skipta ekki máli dagar til eða frá í því efni. Það er algjört grundvallaratriði að við upplýsum þetta mál eins vel og kostur er. Ég held að flestum áhyggjum varðandi þennan samning verði svarað með vandaðri umfjöllun í nefnd og ég treysti því að sjálfsögðu að þingið standi undir því að tryggja glæsilega og góða þingmeðferð málsins þannig að við getum öll verið viss um að velt hafi verið við hverjum steini og málið upplýst til fulls.

[18:52]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar. Við höfum legið yfir þessum samningi eins og mögulegt er á þeim örfáu mínútum sem við höfum haft síðan við fengum hann í hendurnar. Að okkar mati hefur ríkisstjórn Íslands einfaldlega lagst í duftið og brugðist þjóðinni og er þá kannski vægt til orða tekið.

Ríkisstjórn og þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna hafa tekið þann kost og munu gera það nánast hver og einn að velta skuldum einkaaðila, svokallaðra útrásarvíkinga, yfir á almenning í landinu sem stofnaði ekki til þeirra skulda. Það er algjörlega óásættanlegt. Það er algjörlega óréttlátt og algjörlega siðlaust. Mér býður einfaldlega við þeirri hugsun að menn vogi sér að taka slíkar ákvarðanir og velta þessu yfir á almenning í landinu, á börnin okkar og barnabörnin. Hvernig vogið þið ykkur að gera það? Hvers konar hugsun býr eiginlega að baki?

Það er ekki verið að gera neitt sem mark er á takandi til þess að elta þá menn sem stofnuðu til þessara skulda. Þeir eru enn þá að afgreiða sjálfa sig um tugi milljóna út úr einhverjum lagakrókum og einkalífeyrissjóðum til þess að skemmta sjálfum sér á meðan verið er að leggja hér fram bandorm sem sýnir alveg greinilega hvernig allur íslenskur „infrastrúktúr“ mun molna niður á næstu árum fyrir framan augu okkar vegna þess að sumir þingmenn ætla að nota peninga þjóðarinnar til þess að borga skuldir einkaaðila. Skammist þið ykkar! Skammist þið ykkar fyrir að láta ykkur detta þetta í hug og það meira að segja sennilega að óþörfu.

Við höfum heyrt hér mat Stefáns Más. Við vorum með einn fremsta sérfræðing landsins í Evrópurétti, Elviru Pineda, hjá okkur áðan sem heldur því alveg hiklaust fram að það sé fyllilega sanngjarnt að Ísland láti reyna á þetta mál fyrir Evrópudómstólnum. Evrópudómstóllinn hefur þegar kveðið upp dóm í sambærilegu máli þar sem kom skýrt fram að það er ekki sjálfkrafa ríkisábyrgð þegar svona stendur á. Hér er ekki hlustað á það, 700 milljarðar kr. skuld og það er ekki hlustað á það. Hvers konar eiginlega virðing er það fyrir landi og þjóð sem þessi ríkisstjórn ber? Þetta er svo skammarlegt að mér verður orðfall, ég verð að viðurkenna það. En þetta er eitthvað sem íslensk stjórnvöld, þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna, þora ekki að láta reyna á.

Eins og kom fram áðan hjá hv. þm. Gunnari Braga, sem stal nú frá mér glæpnum, hafa orðin gunga og drusla verið sögð hér úr þessum stól og það af mun minna tilefni. Þau er nú hægt að herma upp á þá þingmenn alla sem styðja þennan samning, (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) gunga og drusla. Skammist þið ykkar!

Samfylking og Vinstri grænir munu velta 700–1000 milljörðum króna yfir á íslenskan almenning án þess að hafa fengið upplýsingar um þær eignir sem komið hafa á móti. Samninganefndarmaðurinn sem kom á fund okkar áðan hafði ekki séð eignasafnið. Hvar er réttlætið? Hverjir hafa verið handteknir? Hvaða eignir hafa verið frystar? Rannsóknarnefnd Alþingis er í uppnámi vegna þess að íslenskir embættismenn eru að agnúast út í eina alvörusérfræðing nefndarinnar. Rannsókn sérstaks saksóknara er í uppnámi vegna þess að hann veldur ekki verkefninu. Hann er skipaður af dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins sem ber meginábyrgð á því sem gerðist og það er ekki hnikað við manninum. Hvers konar (Forseti hringir.) hugsun er eiginlega hér að baki? Hvers konar virðing og hvers konar ætlan er í gangi hjá þeirri ríkisstjórn og þeim þingmönnum sem standa (Forseti hringir.) fyrir þessu? Svo ég ljúki nú máli mínu pent eina ferðina enn: Skammist þið ykkar bara. Skammist þið ykkar!

[18:56]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti verður að gera athugasemdir við hv. þingmann. Honum ber að nefna þingmenn með fullu nafni og beina orðum sínum til forsetans og ávarpa hv. þingmenn ekki í annarri persónu úti í sal.

[18:57]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég get nú ekki annað en tekið undir með hv.

þm. Þór Saari. Ég skil ekki hvernig þingmenn sem hafa lesið þennan samning hafa geð í sér til að koma hér og tala fyrir honum og reyna að halda því fram að það sé ásættanlegt að skuldbinda þjóðina með þeim hætti sem þar er lýst.

Hæstv. utanríkis- og fjármálaráðherrar tala mikið um hvað ég sé neikvæður, svartsýnn. Ég má væntanlega ekki tala markaðinn niður. (Gripið fram í.) Ég má ekki vera svona leiðinlegur. Ég verð að taka þátt í jákvæðninni og bjartsýninni. Hvar hefur maður heyrt þetta áður, hæstv. ráðherra? Er ekki kominn tími til að við hættum að blekkja þjóðina og segjum henni hlutina eins og þeir eru raunverulega þannig að menn séu tilbúnir til að takast á við þá? (Gripið fram í.) Vegna þess að þá eru menn tilbúnir að takast á við þá. Þá verðum við líka að þora að draga upp þá mynd sem er raunveruleg.

Ég er svolítið hræddur um það að ríkisstjórnin skilji einfaldlega ekki þann gjörning sem hún talar fyrir hér. Það er eina skýringin sem ég get fundið fyrir því að hún haldi nú áfram að tala fyrir þessum samningi. Það er einfaldlega tekið fram í samningnum, það er ekki hægt að misskilja það, að hægt sé að ganga að eignum íslenska ríkisins hvar sem er ef stjórnvöld þessara ríkja telja að vanefndir hafi orðið á samningnum.

Hvers vegna skilur hæstv. ríkisstjórn það ekki? Hugsanlega vegna þess að hún virðist ekkert hafa leitað ráðgjafar í þessu máli. Hæstv. utanríkisráðherra lagði nú verulega lykkju á leið sína til þess að reyna að sýna fram á að mér hefði snúist hugur í þessu máli með því að fara að fjalla um einhverja háskólaprófessora sem hann taldi að einhvern tímann hefðu komið á minn fund.

Ég kannast nú reyndar ekki við að Gylfi Zoëga hafi verið efnahagsráðgjafi Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Það er rétt, ég hitti Jón Daníelsson. En ég bendi hæstv. ráðherra á að fletta því upp í gagnasafni fréttamiðlanna hvað Jón Daníelsson hefur sagt um Icesave. Ég geri reyndar ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi ruglast, að hann hafi verið að horfa á fréttir í Sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum og séð Jón Daníelsson í viðtali þar sem hann var að tala um Icesave. Jón Daníelsson sagði í þessu viðtali að það væri ekki valkostur fyrir ríki að standa ekki við lagalegar skuldbindingar sínar, að lenda í því sem kallað er þjóðargjaldþrot. (Gripið fram í.)

Það er einmitt heila málið í þessu öllu saman. Í Icesave-málinu höfum við lagastöðu. Við höfum rétt, við getum farið og varist núna. En ef við gerum það ekki núna er afleiðingin sú að við lendum í þeirri stöðu sem Jón Daníelsson sagði, að engin þjóð gæti leyft sér að lenda í, þjóðargjaldþroti. Við skulum því líta til ráðgjafa og huga að því sem þeir hafa um þetta mál að segja.

Ég held að það sé reyndar alveg rétt sem hæstv. utanríkisráðherra nefnir, að menn hafi verið sjálfum sér samkvæmir. Menn eins og hæstv. félagsmálaráðherra, Árni Páll Árnason, hann hefur svo sannarlega verið sjálfum sér samkvæmur í þessu máli. Hér kom hæstv. ráðherra á sínum tíma og talaði nánast eins og hann hefði verið ráðinn til starfans af Evrópusambandinu. Það vottaði ekki fyrir áhuga hjá honum á því að kynna sér lagalega stöðu Íslands, hvað þá að láta reyna á hana. Nei. Hæstv. ráðherra vildi fyrir alla muni ekki styggja vini sína innan Evrópusambandsins. Og við hvað er þessi hræðsla? Stjórnarandstaðan er sökuð um hræðsluáróður. Hvað með ríkisstjórnina sem hvað eftir annað gefur í skyn að ef við samþykkjum ekki þennan agalega samning gerist eitthvað enn þá hræðilegra. Og hvað á það að vera? Við einangrumst og vinaþjóðir okkar fara væntanlega í einhvers konar efnahagslegar refsiaðgerðir gegn okkur.

Hvers vegna ættu Bretar, Hollendingar eða Þjóðverjar að vilja leggja íslenskt efnahagslíf í rúst? (Gripið fram í.) Þeir eiga gífurlega mikið undir því að íslenskt efnahagslíf rétti úr kútnum þannig að við getum greitt þeim sem mest upp í það sem fulltrúar þessara þjóða hafa lánað hingað. Það mundi nú ekki gagnast þeim að ætla að leggja Ísland í rúst.

Um hvað snýst þetta þá? [Hlátur í þingsal.] (Gripið fram í.) Hvers vegna? Hæstv. fjármálaráðherra, vegna þess að samningurinn gerir ráð fyrir því, eins og þú sæir ef þú læsir samninginn, að þeir geta gengið að eigum íslenska ríkisins. Það er ekki flóknara en það. Það kemur fram í samningnum og þar er ekkert undanskilið. Það er að meira segja tekið fram. Það skiptir ekki máli þótt íslenskt efnahagslíf verði lagt í rúst vegna þess að þeir eru tryggðir upp í topp með þessum samningi, þökk sé hæstv. fjármálaráðherra sem hér birtist sem allt annar maður, talar eins og bankarnir gerðu. Það má ekki vera neikvæður. Hann gerir eins og bankarnir gerðu, tekur stærsta kúlulán Íslandssögunnar og hann mun uppskera eins og bankarnir gerðu. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[19:02]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að beina máli sínu til forseta úr ræðustól Alþingis.

[19:02]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka undir það sem hv. þm. Margrét Tryggvadóttir sagði, sem flutti hér málefnalega og hófstillta ræðu, að það er að sjálfsögðu afar mikilvægt að hv. alþingismönnum verði gerð aðgengileg gögn og að þeim gefist tími til að setja sig mjög vel inn í þetta mál, ég mæli eindregið með því að það verði gert, (**Gripið fram í:** Hvað gefa Bretar langan tíma?) skoði það frá öllum hliðum, bæði göllum og kostum þess að samþykkja þessa niðurstöðu og hinum kostinum að hafna henni.

Ég get ekki gefið málflutningi sumra annarra stjórnarandstæðinga sömu einkunn og Margréti Tryggvadóttur. (**Gripið fram í:** Æ, æ.) Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það umhugsunarefni og nokkuð dapurlegt að formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarni Benediktsson, fyrrverandi formaður utanríkismálanefndar, skuli nú tala með þessum hætti um þetta alvarlega mál. (**Gripið fram í:** Þvílík vonbrigði!) Er það meiningin, er það ætlun formanns Sjálfstæðisflokksins að halda sig til frambúðar í félagsskap með formanni Framsóknarflokksins og draga dám af honum í málflutningi? Ég get ekki mælt með þeim skóla. (**Gripið fram í:** Nú?) (**Gripið fram í:** Þetta er …) Er það svo að Sjálfstæðisflokkurinn eða þess vegna Framsóknarflokkurinn séu algerlega alsaklausir í þessu máli?

Auðvitað eru það stjórnendur Landsbankans sáluga fyrrverandi sem bera mestu ábyrgðina á þeirri ógæfu sem þetta hefur leitt yfir okkur (Gripið fram í.) en það gera líka stjórnvöld og eftirlitsstofnanir þess tíma (**Gripið fram í:** Þú ert ekki í stjórnarandstöðu.) sem til þessa stofnaðist. (**Gripið fram í:** … ábyrgðin.) Liggur ekki einhver hluti ábyrgðarinnar á þessum vandræðum hjá þeim sem bjuggu þau til? (**SDG:** Hún liggur hjá þér …) Liggur öll ábyrgðin á þeim sem eru að reyna að leysa úr málinu? (**SDG:** Lestu eigin greinar.) Það mætti ætla af málflutningi hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Hann vill skjóta sendiboðann í þessu máli en ekki boðskapinn. (Gripið fram í.)

Aðalatriði málsins er að mínu mati, frú forseti, að hér hefur enginn getað hrakið það með neinum rökum að þær fullyrðingar sem uppi hafa verið í gærkvöldi og í dag um að ákvæði þessa samnings stofni á nokkurn hátt í hættu stöðu okkar, eignum okkar og auðlindum innan lands vegna þessa máls, engin rök hafa komið fram fyrir slíku. (**Gripið fram í:** … samninginn.) Það er einfaldlega þannig að slíkt gæti aðeins gerst handan þess að öryggisákvæði samningsins hefðu ekki náð því að leysa vandamálin, handan þess að dómsmál hefði þá tapast erlendis og eftir að íslenska ríkið væri komið á hliðina og nánast liðið undir lok sem réttarríki, að íslenska ríkið færi í aðgerðir gegn sjálfu sér vegna eigna sinna hér innan lands. (Gripið fram í.) Slíkt geymir sagan engin dæmi um að hafi verið gert gagnvart þjóðum, ekki einu sinni þeim sem hafa orðið að játa sig sigraðar og gengið í Parísarklúbbinn og orðið að biðja um niðurfellinga skulda o.s.frv.

Hvers vegna í ósköpunum ætti það að geta gerst í þessu tilviki? Ákvæðin sem hér er vitnað til eru algerlega hliðstæð þeim sem verða væntanlega í lánasamningum við hin Norðurlöndin. Halda menn að frændþjóðir okkar á Norðurlöndum fari að setja slík ákvæði inn í samning til þess að geta með krókaleiðum ásælst auðlindir Íslendinga? Nei. (Gripið fram í.) Þetta er af lagatæknilegum og samningatæknilegum ástæðum.

Ég verð að segja alveg eins og er, frú forseti, að ég er hugsi yfir því hversu margir velja það að nota ræðutíma sinn til að útmála þetta mál og sjá ekkert nema hættur og vonleysi í tengslum við þetta. (Gripið fram í.) Þjónar það þeim tilgangi okkar sem þjóðar að reyna að glíma við erfiðleikana og trúa á að við ætlum í gegnum þá og sigrast á þeim sem sjálfstæð þjóð? Það kostar líka sitt að vera sjálfstæð þjóð. Það kostar m.a. það að menn bera ábyrgð á sjálfum sér, að menn reyni að standa við skuldbindingar sínar, og það hélt ég að væri það sem við ætluðum að gera. (Gripið fram í.)

Þetta er hluti af lausn þeirra vandamála sem að okkur hafa steðjað, það er það, það verða hv. þingmenn að horfast í augu við. Þetta hangir saman við fjölmörg önnur vandamál og úrlausnarefni sem við þurfum að hafa okkur í gegnum. Á meðan ég verð í einhverju hlutverki í þeim efnum verður það í trúnni á það að Ísland ætli sem sjálfstæð þjóð að glíma við þessi vandamál á eigin forsendum og sigrast á þeim en ekki gefast upp. (Gripið fram í.) Eða er það kannski það sem er á bak við málflutning sumra manna hérna sem tala endalaust um þjóðargjaldþrot og hörmungar? Er það það að þeir hafi sjálfir misst trúna á það að Ísland geti sigrast á erfiðleikum sínum? (Forseti hringir.) Það skyldi nú ekki vera?

[19:07]

Útbýting:

Aflaheimildir utan höfuðborgarsvæðisins, 10. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 158.

Framhaldsskólanám nemenda með fötlun eða þroskahömlun, 73. mál, svar menntmrh., þskj. 156.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 155.

Ríkisjarðir, 79. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 157.

Þjóðaratkvæðagreiðslur, 117. mál, frv. ÞSa o.fl., þskj. 149.

[Fundarhlé. — 19:08]

Kjararáð o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 114. mál (ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna). — Þskj. 143.

[19:31]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð, og breytingu á fleiri lögum.

Með frumvarpi þessu eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar á ýmsum lögum í þeim tilgangi að færa til kjararáðs ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna hlutafélaga og annars konar félaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins. Undir þetta falla m.a. hlutafélögin Nýi Kaupþing banki, Nýi Landsbankinn og Íslandsbanki, opinberu hlutafélögin Flugstoðir, Íslandspóstur, Keflavíkurflugvöllur, Matís, Neyðarlínan, Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveitur ríkisins og Ríkisútvarpið, auk Byggðastofnunar og Seðlabanka Íslands. Sjóðirnir Íbúðalánasjóður og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og sameignarfyrirtækið Landsvirkjun munu sömuleiðis falla hér undir. Þetta frumvarp tekur einnig til félaga sem eru í meirihlutaeigu nefndra félaga. Hafa verður þó þann fyrirvara á að ekki gert ráð fyrir að þetta eigi við um félög sem eru í eigu félaga sem aftur eru að meiri hluta í eigu félags sem er að meiri hluta í eigu ríkisins. Sem dæmi má nefna ef að sameignarfélagið Landsvirkjun á hlutafélagið Landsvirkjun Invest hf. þá mundi hlutafélag sem væri að meiri hluta í eigu Landsvirkjunar Invest hf. ekki falla hér undir.

Þessu frumvarpi er að sjálfsögðu ekki heldur ætlað að taka til félaga, rekstrarfélaga eða almennra hlutafélaga sem tímabundið gætu lent í óbeinni eigu ríkisins í gegnum banka í eigu ríkisins o.s.frv. Þessi landamæri þarf ef til vill að draga upp með skýrari hætti en gert er í frumvarpinu sjálfu og ég beini því til hv. þingnefndar að huga m.a. að þessu máli í meðförum málsins.

Ákvarðanir um launa- og starfskjör forstöðumanna Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins, sem eru A-hluta stofnanir, verða sömuleiðis færðar undir kjararáð. Jafnframt er tekið fram að í ákvörðunum sínum skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu þeirra aðila sem undir

kjararáð heyra annarra en forseta Íslands verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra fyrir dagvinnu. Þetta á jafnt við um þá aðila sem færast undir ráðið nú og þá aðila sem kjararáð hefur úrskurðað um launa- og starfskjör til þessa.

Í öðru lagi er kveðið á um það í 2. gr. að frumvarpið taki ekki til forseta Íslands. Helgast það að sjálfsögðu af ákvæði 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að óheimilt skuli að lækka greiðslur af ríkisfé til forseta á kjörtímabili hans.

Í þriðja lagi eru í 3.–14. gr. lagðar til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að færa ákvörðun um starfskjör forstöðumanna stofnana ríkisins þar sem stjórnir ákveða starfskjör þeirra og forstöðumanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins til kjararáðs og forstöðumanna í eigu þeirra.

Meginverkefni efnahagsmála næstu missirin er að ná aftur jafnvægi í rekstri ríkissjóðs, endurreisa fjármálakerfið, ná þjóðarsátt um lykilmarkmið og viðamiklar efnahagsráðstafanir eftir hrun fjármálakerfisins í haust. Eitt af mikilvægustu verkefnum í efnahagsmálum næstu missirin er því á sviði ríkisfjármála. Lykillinn að endurreisn íslensks efnahagslífs felst í víðtækum aðgerðum á sviði ríkisfjármála með það að markmiði að mæta hinu mikla tekjufalli sem ríkissjóður hefur orðið fyrir vegna efnahagshrunsins og þeim miklu skuldum sem það skilur eftir sig. Meginmarkmið þessa frumvarps er að laga rekstur ríkisins að þessu leyti að gjörbreyttum efnahagslegum raunveruleika og til þess að mæta stórfelldum tekjusamdrætti vegna efnahagskreppunnar.

Það má því segja að frumvarp þetta sé liður í mun víðtækari aðgerðum, sem sumar hverjar munu verða til umfjöllunar á Alþingi á næstu dögum, til þess að jafna kjörin og setja þau inn í núverandi samhengi efnahagsumhverfisins á Íslandi og í sanngirnisátt frá því sem var á tíma ofurlauna sem vissulega leiddu inn í launaákvarðanir innan hins opinbera, sérstaklega í tilviki þeirra sem sömdu sjálfir um sín laun við stjórnir sjálfstæðra eininga innan ríkisrekstrarins.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál að öðru leyti, það er tiltölulega einfalt að formi og gerð og markmiðið með því sömuleiðis. Ég legg því til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og skattanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari.

[19:37]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er sérstakt fagnaðarefni að þetta mál skuli vera komið til hér umræðu. Það er rétt sem hæstv. fjármálaráðherra sagði að það lætur ekki mikið yfir sér en þetta er afskaplega mikilvægt mál og mikilvægur þáttur í þeirri heildarmynd sem þarf að draga upp á næstu vikum, mánuðum og missirum um nýjan sáttmála, nýja þjóðarsátt um launamyndun og launakerfi í landinu.

Við horfumst nú í augu við erfiðar aðgerðir og erfiða stöðu í þjóðarbúinu og munum þurfa að grípa til erfiðra aðgerða sem reyna munu á heimili og það verður ekki einfalt fyrir okkur að takast á við þennan vanda.

Við leggjum líka í dag fram á Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem rætt verður á morgun þar sem m.a. er að finna tillögu um sérstakt hátekjuskattþrep á tekjur yfir 700 þús. kr. En þar er líka að finna ákvæði sem fela í sér kjaraskerðingu fyrir lífeyrisþega jafnt ellilífeyris- sem örorkulífeyrisþega. Við þær aðgerðir höfum við reynt að verja sem kostur er hag þeirra sem lakast standa en það er samt sem áður afar erfitt að horfast í augu við það að þurfa að grípa til aðgerða sem bitna á þeim sem ekki hafa valið sér hlutskipti sitt og eiga ekki í annað hús að venda um tekjumöguleika við þessar aðstæður, en við verðum að axla ábyrgðina af því.

Þess vegna er þetta frumvarp svo mikilvægt því það fyllir inn í þá heildarmynd sem nauðsynleg er til að skapast geti samfélagslegt sátt um þær erfiðu aðgerðir sem fram undan eru, erfiðar aðgerðir sem fela að sjálfsögðu í sér hátekjuskatt á hæstu tekjur og auðvitað hækkandi skattbyrðar fyrir þorra fólks og kjaraskerðingu fyrir þá lakast settu í formi skerðinga á bótum.

Við þær aðstæður er mjög mikilvægt að taka skýrt og hart á þeirri öfugþróun í launamálum sem einkennt hefur útþenslu hjá hinu opinbera á undanförnum árum þar sem tilteknir toppar í sjálfstæðum félögum hafa í reynd sagt sig úr lögum við samfélagið hvað varðar launakjör og umgjörð um starfskjör. Það er mikilvægt að snúa þessari öfugþróun við og það er mikilvægt að stemma þessa á að ósi. Í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að sparnaður ríkissjóðs af þessari aðgerð verði í kringum 38 millj. kr. Sjálfur ég sannfærður um að hann verður meiri vegna þess að aðgerðin mun að sjálfsögðu hafa áhrif áfram niður launastrúktúrinn í kerfinu og mun koma böndum á millistjórnendalaun jafnt í bönkunum sem í þeim stofnunum sem hér um ræðir.

Það eru einfaldlega þeir tímar að við verðum að ætlast til þess að þeir sem betur eru í stakk búnir til að bera byrðar geri það og við verðum að grípa til afgerandi aðgerða til að koma þeim skilaboðum á framfæri. Þeir tímar eru liðnir að sjálftökulið geti valsað um opinbera sjóði og þeir tímar eru liðnir að hægt sé að sætta sig við margfaldan launamun. Nú er einfaldlega runninn upp sá dagur að við þurfum að taka með afgerandi hætti á því rofi sem orðið hefur á milli hópa í samfélaginu og koma eðlilegum viðmiðum á í ákvörðunum um laun hjá æðstu stjórnendum í stofnunum sem í eðli sínu eru þjónustustofnanir við almenning í landinu og áttu aldrei að fá að komast úr samhengi við önnur laun í landinu eða önnur laun hjá hinu opinbera.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar þetta mál en ég vil þó minna á að í 2. gr. frumvarpsins er tekið fram að við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra. Ég tel þetta óþarflega loðið orðalag og sé ekki ástæðu fyrir því af hverju þarna þurfi að höfða til dagvinnu þegar fyrir liggur að forsætisráðherra fær öll sín laun fyrir alla sína vinnu og þar því um heildarlaun að ræða.

Ég vil beina því til nefndarinnar að kanna þetta atriði sérstaklega. Það er a.m.k. vilji minn að við göngum hér enn skýrar fram og það verði þannig að ákvarðanir kjararáðs að þessu leyti lúti að heildarlaunum þeirra forstjóra sem hér um ræðir og að þau verði þá í öllum tilvikum ekki hærri en heildarlaun forsætisráðherra. Það tel ég sanngjarnt, eðlilegt

og að öllu leyti skynsamlegt. Við þurfum síðan að gera fleiri breytingar til að festa í sessi önnur viðmið en þau sem gilt hafa í opinberum rekstri hingað til.

[19:43]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og fleiri lögum. Það er svolítið merkilegt og mikil upplifun að heyra hæstv. félagsmálaráðherra kalla það fólk sem hér um ræðir sjálftökulið í opinberum sjóðum og opinberum störfum, en það er að sjálfsögðu hans skoðun.

Mig langar til að fara aðeins yfir út á hvað þetta gengur. Kjaranefnd og Kjaradómur voru sameinuð og breytt í kjararáð með lögum nr. 47/2006 um kjararáð. Helstu rök fyrir því að kjararáð var stofnað voru þau að tvær stofnanir, kjaranefnd og Kjaradómur, fjölluðu um laun opinberra starfsmanna. Kjaradómur fjallaði um alþingismenn, ráðherra, forseta og hæstaréttardómara en kjaranefnd fjallaði um opinbera starfsmenn í ýmsum stöðum. Ástæðan fyrir því að þessu var breytt og sett undir einn hatt var sú að þarna lægi of mikið undir, þarna væru of margir komnir undir, því að eins og allir vita fjallar kjararáð eingöngu um þá opinberu aðila sem ekki hafa verkfallsrétt.

Í 1. gr. laga um kjararáð segir að verkefni þess sé að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra, dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt. Nú er komið fram frumvarp þar sem þeim fjölgar sem heyra undir kjararáð og hæstv. fjármálaráðherra las hér upp áðan hverjir þeir væru þannig að óþarft er að tíunda það orð fyrir orð, en þarna eru m.a. bankastjórar bankanna og þeirra félaga sem bætast við.

Aðeins til upprifjunar um það hve hættuleg aðgerð þetta er sem verið er að fara hér í þar sem framkvæmdarvaldið er með puttana í úrskurðarnefnd eins og kjararáð er, þá langar mig til að lesa upp úr greinargerð formanns Kjaradóms frá því 17. febrúar 2006 sem fylgdi með sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um kjararáð en þar segir, með leyfi forseta:

„Kjaradómur, sem starfar í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma, getur komist að niðurstöðu sem hentar ekki á hinu pólitíska leiksviði þá og þá stundina. Kjaradómur fer ekki eftir fyrir fram gefnum pólitískum línum og menn verða að geta treyst því að hann starfi óháður stjórnvöldum. Með lögum nr. 1/2006 var hins vegar raskað því innbyrðis kerfi sem Kjaradómur hafði komið sér upp í samræmi við fyrirmæli til hans í lögum …“

Þarna bendir formaður Kjaradóms á hve það er í raun og veru hættuleg aðgerð þegar pólitíkin fer að skipta sér af launum þeirra aðila sem þarna um ræðir sem hafa, eins og ég kom inn á áðan, ekki verkfallsrétt. Það hefur gerst tvisvar eða þrisvar síðustu ár sem ég man eftir að löggjafinn gekk fram í því að fá því hnekkt þegar Kjaradómur og kjararáð höfðu ákvarðað laun þessara aðila sem byggðust fyrst og fremst á þróun á launamarkaði og tóku tillit til þess hver þróunin var. Þá sá löggjafinn sig knúinn til að hnekkja þeirri niðurstöðu þvert á lög því að þessir aðilar áttu að starfa algjörlega sjálfstætt án þess að pólitískir puttar kæmu þar nærri.

Hins vegar þegar kjararáð var stofnað upp úr kjaranefnd og Kjaradómi var samsetningin á kjararáði sú að þrír aðilar eru skipaðir af Alþingi og tveir koma annars staðar frá. En áður en lögunum var breytt voru þessar stofnanir algjörlega sjálfstæðar og hvorki framkvæmdarvaldið né löggjafarvaldið hafði aðkomu þar að. Með því að skipa lögum um kjararáð með þessum hætti var jafnframt gefið í skyn að löggjafinn hefði þarna ákveðið hlutverk og það er akkúrat það sem er að gerast núna því að nú er búið að leggja fram frumvarp þar sem lagt er til að fjölga þeim sem heyra undir kjararáð og löggjafinn hefur í raun og veru aðgang þarna inn.

Að mínu mati er sparnaðurinn sem fólginn er í þessum launalækkunum afar lítill. Við þingmenn, minni hlutinn og örugglega meiri hlutinn líka erum í raun og veru að bíða eftir því hvaða aðgerðir ríkisstjórnin ætlar að fara í til að sýna fram á einhvern niðurskurð. Ég bendi á að þegar lög beinast að einstökum aðilum eins og í þessu frumvarpi, það á að spara hér 12 millj. kr. á þremur einstaklingum, 38 millj. kr. sparnaður bitnar á níu aðilum, þá langar mig til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra að því hvort það sé ekki örugglega vanhugsað að fara fram með málið á þessum grunni. Fallið hafa hæstaréttardómar þar sem hægt er að rekja lög til einstakra aðila, þar sem einstakir aðilar eru teknir út úr einhverju heildarmengi, þeir hafa fallið á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar um að verið sé að taka einstakling eða fyrirtæki út úr heilu mengi og það hefur bakað íslenska ríkinu bótaskyldu, hæstv. forseti.

Ég hef áhyggjur af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar sem laun eru varin með, laun og lífeyrissjóðsgreiðslur eru varin með eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Það hefur ekki reynt á það en ég veit að héraðsdómari ætlaði á sínum tíma að láta reyna á það, að einhliða lækkun löggjafans á launahækkun Kjaradóms varð til þess að héraðsdómari ætlaði jafnvel að fara í málsókn á þessu ákvæði en varð ekki úr, hefur kannski brostið kjark vegna ástæðna í þjóðfélaginu þá og ef til vill leita þeir aðilar sem um ræðir í þessu frumvarpi ekki réttar síns vegna aðstæðna í samfélaginu sem leiðir þá til þess, eins og ég hef bent á áður, að réttarríki okkar er í gríðarlegri hættu á þeim tímum sem við lifum núna, því að í raun og veru er verið að fara út á ystu nöf með ýmis mál varðandi réttinn sem varinn er í stjórnarskránni og annað.

Að lokum langar mig til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort segja eigi upp þeim aðilum sem hér falla undir og frumvarpið nær til og endurráða þá. Er búið að gera eitthvert samkomulag við þá um að þeir taki á sig launaskerðingu? Er búið að ganga frá því að þeir fari ekki í málsókn við íslenska ríkið verði frumvarpið að lögum og skaðabótakröfur? Hvernig ætlar hæstv. fjármálaráðherra að leysa vandamálið varðandi eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og rétt þessara aðila til að lækka þessi laun?

[19:51]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi sparnaðinn er það alveg rétt að hann er ekki mjög mikill reikningslega séð ef aðeins eru teknir þeir aðilar sem hér færast beint undir kjararáð. Þó er skotið á að laun eða launakostnaður mundi lækka strax um u.þ.b. 50 millj. kr. sem laun eða launakostnaður af þeim

sökum. Þá er rétt að hafa í huga að enginn afleiddur sparnaður er reiknaður inn í dæmið og ekki er heldur tekið tillit til þess sparnaðar sem væntanlega verður þegar allmikill fjöldi dótturfélaga sem hér munu eiga í hlut sætir sömu meðferð.

Ég held að það sé hafið yfir allan vafa að löggjafinn getur ákveðið þessa breytingu á fyrirkomulagi launaákvarðana starfsmanna sinna. Kjararáði hafa áður verið falin verkefni sem eru á grundvelli tiltekinna markmiða sem löggjafinn vill ná fram í sambandi við launakjör eins og gert var í vetur þegar kjararáði var falið beint að lækka laun þeirra sem það hafði áður úrskurðað um. Kjararáð hefur nú lokið því verkefni, því voru falin ákveðin viðmiðunarmörk í þeim efnum og hefur það leyst það vel af hendi. Síðasti hópurinn sem þar á í hlut er núna að fá nýjan úrskurð.

Ég held að það skapi heldur enga réttaróvissu þegar kjararáð kemst að sinni niðurstöðu. Þá gera viðkomandi forstöðumenn það einfaldlega upp við sig hvort þeir vilji vinna áfram á þeim launakjörum sem þannig hafa verið ákvörðuð af hálfu vinnuveitandans eða hvort þeir kjósa ef svo bæri undir að segja frekar starfi sínu lausu. Þannig geng ég út frá því að þetta gerist og ég held að það skapi alls enga óvissu í þessum efnum. Það er að sjálfsögðu ekki þannig að menn eigi stjórnarskrárvarinn rétt á því að halda einhverjum tilteknum launakjörum gagnvart vinnuveitanda sínum og allra síst þeir sem ekki falla undir (Forseti hringir.) almenna kjarasamninga og hverra launaákvarðanir hafa verið ákvarðaðar með sérstökum hætti áður.

[19:53]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Jú, það er nákvæmlega það fólk sem hefur launaréttinn varinn með stjórnarskrárbundnu ákvæði sem ekki getur farið í verkfall og barist fyrir rétti sínum á þeim grunni þannig að ég tel að hæstv. fjármálaráðherra misskilji málið. Þó að kjararáð hafi úrskurðað um lækkun launa á sl. vetri og hefur gert það áður að tilmælum Alþingis er ekki þar með sagt að það þurfi að vera svo um ókomna tíð því að í lögum um kjararáð segir að það skuli vera sjálfstætt.

Komum við þá aftur að því sem við höfum svo oft orðið vör við á þessu vorþingi að ríkisstjórnin, sú sem nú situr, lítur svo á að hafi einhver ákveðin framkvæmd verið eins um ómunatíð, hefur jafnvel ekki verið í takt við það sem gerist og gengur, eigi hún að vera þannig áfram. Erum við ekki að tala um það á þessu sumarþingi eftir nýafstaðnar kosningar að hér eigi að ríkja gegnsæi og heiðarleiki (Gripið fram í.) og láta af þeim vinnubrögðum sem stjórnarandstaðan og þá sérstaklega flokkur hæstv. fjármálaráðherra, þá í mikilli stjórnarandstöðu, hefur gagnrýnt svo mikið? Því ekki að taka upp ný vinnubrögð þegar tækifæri gefst til þess?

Því segi ég að þó að þessi aðgerð hafi verið gerð í vetur er ekki þar með sagt að allir falli undir það. Það myndast ákveðinn móralskur stuðningur fyrir því að lækka laun. Auðvitað lækkar almenni vinnumarkaðurinn líka laun og fólk missir vinnuna o.s.frv. En ég bendi á aðalatriðið að mínu mati í því frumvarpi sem liggur fyrir, þ.e. hinn stjórnarskrárvarða eignarrétt hvað varðar laun og launatengd gjöld sem þessi hópur hefur svo sannarlega unnið sér inn.

[19:55]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því að ráðningarsamningar verði teknir til skoðunar þegar kjararáð fer að vinna sína vinnu og afla sér gagna. Frumvarpið hefur verið undirbúið af færum lögfræðingum á sviði vinnuréttar þannig að ég treysti því að það sé vel úr garði gert sem slíkt en að sjálfsögðu getur hv. þingnefnd sannreynt það og kallað til sín sérfræðinga á þessum sviðum.

Kjararáði hafa alltaf verið sett einhver viðmið í sambandi við störf sín af hálfu löggjafans, alltaf. Til dæmis hafa verið sett viðmið um að taka mið af almennri launaþróun eða öðrum slíkum hlutum. Kjararáð vinnur síðan sjálfstætt í þeim skilningi að það starfar á grundvelli laganna og þeirra viðmiða sem með lögum eru sett og það leysir af hendi þau verkefni sem því eru falin af hálfu löggjafans. Ég tel að þetta frumvarp sé einmitt spor í átt til samræmis og gagnsæis og sé fráhvarf frá því sem myndaðist t.d. með hlutafélagavæðingu opinberra stofnana sem varð skjól fyrir ógagnsæi í launaákvörðunum og ýmis fríðindi sem við vitum að viðgangast, svo sem bílafríðindi og aðra slíka hluti sem eru ígildi kjara. Það er því ekki nokkur minnsti vafi í mínum huga að þetta er til bóta í þessum efnum og til samræmingar og er sanngjarnt. Það er ósanngjarnt að opinberir starfsmenn séu á mjög mismunandi kjörum eftir því hvert rekstrarform þeirrar opinberu einingar er sem þeir starfa hjá. Og það er að mínu mati löngu tímabært að launaákvarðanir opinberra, háttsettra embættismanna eins og yfirmanns Ríkisútvarpsins eða annarra slíkra aðila séu með sambærilegum hætti og forstöðumanna annarra stofnana sem heyra undir kjararáð, ráðuneytisstjóra og fleiri. Ég held að það megi þvert á móti færa sterk rök fyrir því að þetta sé framfaraspor í þessum efnum.

[19:57]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frumvarpi sem færir fleiri forstöðumenn sem núna eru orðnir ríkisstarfsmenn undir kjararáð. Það hefur nefnilega verið þannig á undanförnum árum að stjórnir ýmissa ríkisfyrirtækja hafa umbunað þessum forstöðumönnum ríkulega fyrir árangur í starfi sem hreinlega gufaði upp eftir bankahrunið.

Þetta frumvarp felur í sér skipulagsbreytingu sem ætti, ef rétt er á málum haldið, að leiða til kjarajöfnunar og færa hæstu laun í opinbera geiranum niður. Slíkt mun hafa þau áhrif að kynbundinn launamunur mun minnka þar sem karlar eru miklu oftar forstöðumenn hjá ríkinu eða hjá hinu opinbera en konur.

Þessi skipulagsbreyting mun ekki taka á rót vandans eða ástæðu þess að við höfum hér á landi mun meiri launamun kynjanna en gerist almennt í öðrum EES-löndum. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að það er mjög mikill launamunur milli einkageirans og opinbera geirans. Meiri hluti karla eða um 80% karla unnu árið 2008 í einkageiranum þar sem greidd eru mun hærri laun en í opinbera geiranum en konur skiptast tiltölulega jafnt milli einkageirans og opinbera geirans.

Það sem ég hef hins vegar áhyggjur af varðandi þetta

frumvarp er að það muni leiða til þess að laun lækki almennt hjá hinu opinbera, sérstaklega hjá menntuðu starfsfólki. Það mun gera það að verkum að spekileki mun aukast frá opinbera geiranum til einkageirans. Meðalheildartekjur í einkageiranum voru t.d. 22% hærri en í opinbera geiranum árið 2008, eins og fram kom í könnun sem gerð var af Félagsvísindastofnun. Í henni var fjármálageirinn ekki inni og má geta þess að fjármálageirinn tók yfirleitt ekki þátt í launakönnunum vegna þess að það hefði þýtt miklu meiri launamun milli stétta og karla og kvenna.

Þessi spekileki mun ekki einskorðast við að fólk flýi úr opinbera geiranum yfir í einkageirann heldur líka til útlanda. Gengishrunið hefur þýtt að laun hér á landi eru umtalsvert lægri en á Norðurlöndunum. Af því hef ég miklar áhyggjur og þess vegna langar mig til að beina fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra um hvort fyrirhugað sé að endurmeta eða endurskoða laun forsætisráðherra þannig að laun fyrir það starf séu í einhverju samræmi við laun í einkageiranum.

[20:01]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Því ber að fagna að við séum farin að sjá efnahagsaðgerðirnar líta dagsins ljós eina af annarri. Mig langar til þess, með leyfi forseta, að lesa hér aðeins upp úr greinargerð með frumvarpinu sem sýnir rökstuðninginn fyrir þessari aðgerð.

Það hljómar einhvern veginn svona, með leyfi forseta:

„Meginverkefni efnahagsmála næstu missiri er að ná aftur jafnvægi í rekstri ríkissjóðs, endurreisa fjármálakerfið, ná þjóðarsátt um lykilmarkmið og viðamiklar efnahagsráðstafanir eftir hrun fjármálakerfisins.“

Síðan segir, með leyfi forseta, hér aðeins aftar:

„Meginmarkmið frumvarpsins er að laga rekstur ríkisins að gjörbreyttum efnahagslegum raunveruleika til þess að mæta stórfelldum tekjusamdrætti vegna efnahagskreppunnar.“

Þessi breyting gefur okkur 12 milljónir í A-hluta og 38 milljónir í B-hluta samkvæmt mati sem fram kemur í frumvarpinu. Þetta er því gríðarlega mikil efnahagsaðgerð sem hér er á ferðinni.

Það er fleira sem hangir á spýtunni. Núna eftir hrunið stöndum við Íslendingar frammi fyrir því að það verða gríðarlega miklar launalækkanir í þjóðfélaginu. Þessi breyting setur ný viðmið og þessi viðmið eru skemmandi fyrir launastrúktúrinn í ríkiskerfinu. Það er algjörlega ljóst að nema laun forsætisráðherra verði þá hækkuð verulega frá því sem nú er mun þessi launalækkun raunverulega með tímanum ná niður allt kerfið. Það er nákvæmlega það sem hv. þm. Lilja Mósesdóttir benti hér réttilega á.

Það er annar vinkill á málinu og hann er sá að þetta eykur launamun á milli opinbera geirans og einkageirans til langframa. Það sem það gerir er annars vegar að það leiðir til spekileka, eins og hv. þm. Lilja Mósesdóttir benti réttilega á, að fólk mun fremur leita í einkageirann en í opinbera geirann og að opinberi geirinn mun ekki hafa yfir jafnhæfu starfsfólki að ráða.

Jafnframt fyrir æðstu stjórnendur hjá ríkinu, sem frumvarpið á greinilega að ná til — það er augljóst að það fólk mun ekki leita eftir störfum hjá hinu opinbera heldur mun annaðhvort fara til útlanda eða út í einkageirann. Önnur hlið á málinu er sú að við höfum verið að reyna að ná fólki heim frá útlöndum, það var t.d. gert með sérstöku átaki í Háskóla Íslands. Við sáum þetta núna gerast á Landspítalanum o.s.frv. Hvernig eigum við að geta fengið fólk sem við viljum fá hingað heim vegna sérþekkingar sinnar og hæfileika til þess að snúa aftur ef við gerum það ekki með launum?

Viðmiðið fyrir kjararáð verður þá í framtíðinni: hæstu laun; laun forsætisráðherra. Við vitum að þetta er popúlismi og ekkert annað, þetta er til að slá ryki í augun á almenningi, láta fólk halda að það sé verið að ná einhverju. Orðalag eins og hæstv. tryggingamálaráðherra notaði hér áðan, sjálftökulið og annað slíkt, um menn eins og Pál Magnússon útvarpsstjóra, menn eins og Þorgeir Pálsson hjá Flugstoðum, og svona menn, nokkra menn sem hægt er að telja á tíu fingrum — þetta er popúlismi, ómerkilegur popúlismi.

Við vitum að laun þingmanna eru allt of lág. Það er þess vegna sem ekki er meira atgervi í sölum Alþingis en raun ber vitni. Við höfum ekki fengið fólk, klárt fólk, sem hefur víðtæka reynslu, mikla reynslu, til þess að koma hér inn og taka að sér þessi störf vegna þess að fólk hefur einfaldlega ekki efni á því. Ég ætla að endurtaka það: Það er þess vegna sem atgervið er ekki meira hér í sölum Alþingis en það er.

Hæstv. tryggingamálaráðherra, þetta snýst ekki um sjálftökufólk. Þetta snýst um atgervi, atgervi fólksins sem á að stjórna þessum ríkisstofnunum, atgervi okkar hér inni á þingi. Þetta er popúlismi af ódýrustu sort, ódýrustu sort.

Mig langar að beina orðum mínum til hæstv. fjármálaráðherra þegar hann talaði um samræmingu í launakjörum og annað slíkt: Munu þá ríkisforstjórar fá einkabílstjóra? Munu ríkisforstjórar fá þá þau hlunnindi sem ráðherrar fá nú þegar? Munu ríkisforstjórar fá þau eftirlaunakjör sem ráðherrar fá nú? Hvernig verður þessu öllu saman háttað?

Ég segi: Þetta er vanhugsað, áhrifin hafa ekki verið hugsuð. Það er yfirmáta hallærislegt að segja að þessi aðgerð sé vegna erfiðleika í efnahagsmálum. Það er miklu heiðarlegra að segja, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði: Þetta snýst ekki um peninga, þetta snýst um einhvers konar tekjujöfnun í þjóðfélaginu. Ég segi enn og aftur: Þetta mál er popúlismi og ríkisstjórnin er að reyna að skora ódýr stig.

[20:08]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kemur mér nokkuð á óvart því að hann hefur gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir lítinn dug í efnahagsaðgerðum. Hann hefur kallað eftir því að ríkisstjórnin kæmi með trúverðugar tillögur um samdrátt í ríkisrekstri. Hann veit það afskaplega vel að af rekstrarútgjöldum ríkisins eru 70% laun og hann talar hér um það sem eina hina mestu vá sem að ríkinu geti steðjað að laun lækki hjá ríkinu.

Ef hv. þingmaður meinar eitthvað með því sem hann segir, og hann hefur líka sagt að hann vilji verja velferðarútgjöld, og þar er nú yfirgnæfandi hluti laun, m.a.s. allmikið, gríðarlega miklu lægri laun en hér er verið að ræða um,

þá hlýtur hann að skilja það að ein af forsendunum fyrir því að við getum náð t.d. þeim 14 milljörðum sem við erum að vonast til að ná í rekstraraðhaldi á næsta ári er sú að okkur takist að feta í fótspor lýðskrumaranna, flokksbræðra hans og -systra í Reykjavík, sem hafa gert nákvæmlega það að semja við starfsmenn sína um endurskoðun á ósamningsbundnum launagreiðslum og náð með því 4% samdrætti í launaútgjöldum, hinir miklu lýðskrumarar, meiri hluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í Reykjavík. Nú eða lýðskrumaranna flokksbræðra hans í kjördæmi hans á Akureyri sem eru í því með Samfylkingunni, hv. þingmaður, hafa unnið að því að lækka ósamningsbundin laun umfram 200 þús. kr.

Það er auðvitað þannig að við þurfum að lækka ósamningsbundin laun ef við ætlum að ná einhverjum markmiðum um aðhald í ríkisrekstri. Það, hv. þingmaður, að átelja ríkisstjórnina fyrir að ganga hvívetna fram til þess að draga úr launamun og þétta launabilið, það er lýðskrum.

[20:10]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég átti svo sem ekki von á miklu úr þessari átt. Ég var að gagnrýna að það væri kynnt sem meiri háttar efnahagsaðgerð að spara ætti 12 milljónir í A-hluta ríkissjóðs, 38 milljónir í B-hluta ríkissjóðs. Hv. þingmaður ber það saman við þær aðgerðir sem verið er að framfylgja af festu og raunhæfni bæði í Reykjavíkurborg og á Akureyri og eru til umræðu á fleiri stöðum þar sem verið er að lækka laun yfir línuna. Hann ruglar síðan saman samningsbundnum launum annars vegar, sem við erum að ræða hér, og ósamningsbundnum launum hins vegar.

Það er eins og ég segi, ég átti svo sem ekki von á miklu úr þessari átt sem sýnir raunverulega hvað málefnin eru lítil, að við skulum vera að eyða tíma Alþingis í að ræða einhvern sparnað sem á heildina litið, á ársgrundvelli, er 50 milljónir meðan heimilunum blæðir og fyrirtækin brenna — þetta er bara ómerkilegur popúlismi og lýðskrum, hæstv. tryggingamálaráðherra.

[20:12]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi bara ekki hlustað á ræðuna sína hér í upphafi. Hann sagði þar alveg skýrt að ein mesta vá sem að ríkinu stafaði væri ef laun hjá ríkinu lækkuðu og launastrúktúr ríkisins lækkaði. Ég tel að við þurfum öll í samfélaginu núna að taka á. Það eru allir að taka á sig launalækkanir, hvort sem það er á hinum almenna markaði eða bótaþegar, og það er auðvitað þannig að við þurfum líka að leita eftir því að lækka ósamningsbundin laun.

Hér eru líka fyrirtæki sem eru í grunninn að sinna opinberum þjónustuverkefnum en eru komin algjörlega út úr korti við aðra launaþróun í landinu. Með þessari aðgerð er hafin sú vegferð að laga það. Hv. þingmaður getur komið hér með háðsglósur eins og hann vill og gert lítið úr því að sú vegferð sé hafin, en henni lýkur auðvitað ekki með því að kjararáð úrskurði um laun forstjóranna heldur mun leiða af því að launastrúktúr viðkomandi fyrirtækja og stofnana hlýtur þá líka að taka mið af því því að eftir höfðinu dansa limirnir. Þetta mun þá vonandi hafa þau áhrif inni í stofnunum að ósamningsbundin laun verði líka tekin upp þar og menn horfi á leiðir til þess að draga úr launakostnaði inni í stofnunum í kjölfarið. Ég tel allar líkur á að það verði niðurstaðan.

Það er þess vegna sem þetta er ein af mörgum aðgerðum og ekki mun standa á ríkisstjórninni, hv. þingmaður, að vinna að því í góðu samstarfi við stéttarfélög opinberra starfsmanna að ná tökum á ósamningsbundnum launagreiðslum með sama hætti og gert hefur verið á Akureyri og í Reykjavík. Í því felst ekkert lýðskrum heldur viðurkenning þess að það þarf að taka á ríkisrekstrinum alls staðar.

Hv. þingmaður virðist vera að gera því skóna hér að það eigi að skilja hin opinberu hlutafélög eftir á einhvers konar einskismannslandi ofurlauna. Því er ég bara algjörlega ósammála.

[20:14]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að svara þessu en það sem ég var að reyna að koma til skila hér áðan var það að með því að klippa ofan af launum í fyrirtækjum, ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum, mun sú klipping leka niður launastrúktúrinn í fyrirtækjunum. Þetta þýðir að opinber laun verða enn minna samkeppnishæf við einkageirann, sem þýðir spekileka úr ríkisgeiranum og yfir í einkageirann og ég nefndi sem mjög gott dæmi um það það atgervi sem er hér á Alþingi.

Það að halda því fram að þessi áhrif sem koma fram á lengri tíma séu eitthvað sambærileg aðgerð við það sem sveitarfélögin hafa verið að gera er bara grundvallarmisskilningur hjá hæstv. tryggingamálaráðherra, grundvallarmisskilningur. Þetta eru langtímaáhrif sem munu leiða til breyttrar launasamsetningar hjá hinu opinbera og að þau verða ekki jafnsamkeppnishæf. Jafnframt minntist ég á það: Hvernig eigum við að ná í forstjóra í stofnanir og í yfirmannsstöður hjá ríkinu, sem við viljum fá þar inn vegna hæfileika þeirra, ef grunnviðmiðið eru laun forsætisráðherra sem eru allt of lág vegna þess að í lýðskruminu — þannig að við notum það orð einu sinni aftur — hafa þingmenn og ráðherrar tekið á sig launalækkanir og þóst vera að ganga fyrir með einhverri góðri fyrirmynd í því efni.

[20:16]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér einn ganginn enn breytingu á lögum um kjararáð og fleiri lögum. Það hefur mikið verið til umræðu undanfarin ár og stefnan hefur lengi vel verið sú að fækka þeim hópum og þeim einstaklingum sem heyra undir kjararáð vegna þess að talið var æskilegra að menn semdu sjálfir um sín laun og myndaðist þar ákveðið jafnræði.

Hér verður ákveðin stefnubreyting og má segja að það sé í samræmi við margt annað. Það varð hrun hérna og margt hefur breyst. Menn gera margar ráðstafanir mjög víða en flestar eru þær ráðstafanir tímabundnar. Hér er hins vegar verið að gera varanlega ráðstöfun og ég hlýt að setja

spurningarmerki við að menn breyti til frambúðar ákveðnum strúktúr sem hefði kannski mátt breyta til tveggja ára eða eitthvað svoleiðis.

Ég tek undir það sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson sagði áðan um samkeppni ríkisins við einkageirann og við útlönd sérstaklega. Ég vil benda á það að margar stéttir þurfa að fjárfesta í dýrri menntun til margra ára og hafa þar af leiðandi styttri starfsævi. Þeir þurfa á þeirri stuttu starfsævi að hafa hærri laun en aðrar stéttir bara til að ná sömu ævitekjum og til að fá til baka það fé sem þeir hafa fest í menntuninni. Þetta frumvarp tekur ekkert mið af því þannig að það borgar sig hreinlega ekki fyrir fólk að mennta sig vegna þess hámarks sem hér er sett. Nú er ljóst að ekki ná allir hæstu launanum sem í boði eru að menntun lokinni, margir eru kallaðir og fáir útvaldir. Ég nefni lækna, flugumferðarstjóra, flugstjóra og fleiri sem þurfa jafnvel að hætta starfi 55 ára og aðra sem ekki geta hafið störf að fullu fyrr en 35 ára. Þetta frumvarp tekur lítið sem ekkert mið af því og er dálítið hugsunarlaust að því leyti.

Hér hefur verið nefnt að við gætum misst hæft og gott fólk frá ríkisstarfi og kannski sérstaklega til útlanda. Ég hugsa að það sé kannski það sem okkur stafar mest hætta af núna. Sumir segja að krónan hafi bjargað stöðunni hér á landi og að við skulum ekki vera með einhverja pikkfasta evru eða eitthvað slíkt. Krónan hefur bjargað því að hér hefur ekki orðið eins mikið um gjaldþrot og hefði getað orðið, hvorki hjá einstaklingum né fyrirtækjum. Hún gerir það líka að verkum að búið er að lækka laun allra Íslendinga mjög verulega. Þeir sem eru í stöðu til þess að geta unnið bæði erlendis og heima — þá á ég við langskólamenntað fólk — horfa náttúrlega á allan heiminn sem starfsvettvang. Það fer nú heldur betur að halla á Ísland ef krónan lækkar launin fyrst, svo koma aukaskattar sem búið er að setja á laun yfir 700 þús. kr. og síðan kemur þetta til viðbótar. Þá hugsa ég að sumir fari nú að kíkja hvar ferðataskan er geymd.

Á sama tíma ráðum við hingað erlenda sérfræðinga á mörgum sviðum — ég nefni erlendan sérfræðing í sakamálum — og við borgum þeim væntanlega töluvert hærri laun en hér er verið að tala um og það eiginlega eingöngu vegna þess að þeir eru erlendir. Þetta rekst því allt saman hvað á annars horn. Þetta er í sjálfu sér ekkert annað, frú forseti, en birting þess að við erum með vinstri stjórn sem vill jafna laun og auka skattlagningu. Hún hefur ekki tekið á niðurskurði af neinu viti í velferðarkerfinu, hún hefur guggnað á því verkefni og leggur frekar á skatta og lækkar laun en að reyna að fjölga störfum og bæta stöðu ríkissjóðs með því að breyta fólki sem er með atvinnuleysisbætur yfir í vinnandi fólk sem borgar skatta, sem er náttúrlega miklu gáfulegra. Hér er verið að spara 50 milljónir og ef maður lítur á allan pakkann er það pínulítil baun. Og ef hægt er að gefa þessu eitthvert nafn mundi ég ekki endilega kalla það lýðskrum, þetta er svona öfundarskattur, menn eru með öfund og keyra á öfundinni í þjóðfélaginu. Margt af þessu er bara þannig að það gefur afskaplega lítið. Ég geri ráð fyrir að hátekjuskatturinn gefi mjög lítið hlutfallslega en hann róar þann sem öfundast yfir því að einhver sé með há laun og má þá flokka hátekjuskattinn undir öfundarskatt.

Skattlagning og hvatning til að hætta að sækjast eftir háum launum gera það að verkum að menn verða annaðhvort áhugalausir eða fara bara eitthvert annað, þeim sem hafa virkilega hæfileika og dýrmæta menntun standa yfirleitt allar dyr opnar. Mér finnst þetta vera frekar slæm þróun og alveg sérstaklega vegna þess að hún er ekki tímabundin. Ef staðið hefði til að breyta lögunum í tvö ár eða þrjú ár hefði ég getað fallist á það en með tilliti til alveg sérstakra aðstæðna. Við erum að brúa ákveðið bil, en að breytingin sé varanleg finnst mér ekki nógu sniðugt.

[20:23]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir framlagningu málsins og hv. þingmönnum fyrir ýmsar ábendingar og ágæt innlegg. Mér koma þó nokkuð á óvart þau innlegg sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt inn í umræðuna vegna þess að ég átti einmitt orðastað við fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen, um þessi sömu efni í kjölfar hrunsins í nóvemberbyrjun, hvort ekki væri eðlilegt að líta svo á í ríkiskerfinu að forsætisráðherra ætti að vera sá sem hæst laun bæri úr býtum. Að við hefðum misst stjórn á launaþróun hjá hinu opinbera á undanförnum árum og misst marga forstöðumenn upp fyrir almenna launaþróun og þess vegna væri ástæða til þess að vinda ofan af því. Ég fékk við því góðar undirtektir hjá hæstv. fjármálaráðherra og hygg að ýmsir fleiri úr þeim röðum hafi tekið undir svipuð sjónarmið í vetur án þess að nokkur hafi til þessa kallað þá lýðskrumara eða eitthvað þaðan af verra fyrir að hafa þá skoðun. Ég held að það sé ósköp málefnalegt sjónarmið að forsætisráðherra eigi að vera hæst launaður í launaskipulagi ríkisins. Svo geta menn deilt um það hversu hátt launaður forsætisráðherra á að vera, það er önnur saga.

Menn verða auðvitað að hafa í huga að eitt af því sem gerðist í aðdraganda hrunsins var að hér varð ákveðið hömluleysi, ákveðið óhóf, og menn misstu tökin á ýmsu. Eitt af því var launaþróun yfirmanna, ekki bara hjá ríkinu heldur auðvitað líka og ekki síst í einkageiranum. Það er verkefni okkar að vinda ofan af því. Ég bið menn nú að tala varlega um atgervi í þessu efni vegna þess að ég vísa því á bug að það sé einhver algildur mælikvarði á milli atgervis og launa. Ég held að það sé líka eitt af því sem undanfarin ár hafa kennt okkur og ættu að hafa kennt ýmsum þeim sem tekið hafa þátt í þessari umræðu að sumir þeir sem hér á síðustu árum voru rómaðir mjög fyrir atgervi og áttu fyrir það að njóta gríðarlegra launa og hlunninda og starfslokasamninga reyndust þegar bækurnar voru skoðaðar betur, ekki hafa verið þeir miklu atgervismenn sem öll orðræðan stóð um. Nei, ég held að oft sé að finna mikið atgervisfólk á lágum launum og stundum líka fólk á háum launum sem er lítið eða ekkert atgervisfólk. Ég held að við eigum að fara okkur varlega í því að blanda þessu saman.

Auðvitað er mikilvægt að launa fólki fyrir ábyrgð, menntun og fyrir að taka á í störfum sínum. Það er sannarlega málefnalegt, eins og hér hefur komið fram við umræðuna að hafa áhyggjur af spekileka milli opinbera kerfisins og einkamarkaðarins eða af því að fólk leiti héðan úr landinu. Ég er hins vegar dálítið hugsi yfir orðræðu okkar og í raun og veru afstöðu vegna þess að við eigum því miður

fram undan gríðarlega erfiða mánuði og ár. Við þurfum að vinna okkur út úr stærsta áfallinu frá því í kreppunni miklu. Við þurfum að brúa bilið í ríkisrekstrinum, 170 milljarða gat eða sem nemur hátt í tveimur millj. kr. á hvert heimili í landinu á ári. Við þurfum að vinna upp mikinn og tilfinnanlegan samdrátt í landsframleiðslu um leið og við þurfum að standa undir miklum fjármagnskostnaði af erlendum skuldum okkar.

Við þessar aðstæður er ákaflega mikilvægt að við séum okkur öll mjög vel meðvituð um að í þeim leiðangri munu allir þurfa að leggja af mörkum, kjör allra munu meira og minna lækka og auðvitað erum við öll sammála um það að þar þurfa þeir sem mest hafa að leggja mest til. Við getum ekki farið í gegnum þessar aðgerðir, sem sumar verða stórar en aðrar smáar, eins og þessi er í sjálfu sér í upphæðum talið, og rætt málið út frá þeim forsendum að allir eigi að halda sínu, það væri best. Ef við tökum þá afstöðu og höfum orðræðu okkar þannig að verja eigi hagsmuni allra og að gæta eigi að stöðu og sjónarmiðum allra þannig að þeir séu óskertir eftir það sem á undan er gengið munum við ekki ná árangri. Þetta vitum við öll og ég veit að það eru allir meðvitaðir um það. Ef við ekki nálgumst verkefnið og lausn þess með þessum hætti og ef við missum samfélagið í það að hér standi bara allir vörð um hagsmuni sína, munu lífskjörin náttúrlega verða brennd með öðrum hætti eins og við höfum svo langa sögu af. Það mun verða miklu verri úrlausn en hér er lögð til fyrir alla hópa, líka fyrir þá sem við fjöllum hér um.

Ég held ekki að það sé af neinni öfund sem þetta mál er lagt fram. Ég held að það séu ósköp einfaldlega eðlileg málefnaleg sjónarmið að forsætisráðherra eigi að vera hæstlaunaði forstöðumaðurinn í stjórnkerfi ríkisins.

[20:29]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Þetta er að mörgu leyti sérstakt mál. Ég ætla að taka undir með þeim sem hér hafa gefið í skyn að það sé svolítil vinsældalykt af þessu máli en ég tek samt líka undir orð hv. þm. Helga Hjörvars áðan um að í samfélagi okkar hafi verið orðið ákveðið hömluleysi og óhóf. Ég held hins vegar að það hömluleysi og óhóf hafi að stórum hluta átt sér stað einhvers staðar annars staðar en akkúrat þar sem þetta lagafrumvarp á að taka til en tel eðlilegt að allir hlutir séu skoðaðir.

Það sem ég undra mig svolítið á í þessu eru stríðsfyrirsagnir um að mikið sé hægt að spara í kerfinu með einhverjum aðgerðum eins og þessum en svo kemur fram í frumvarpinu sjálfu að það eru einhverjar 50 millj. kr. sem þetta sparar. Ef það er markmið löggjafans eða ríkisstjórnarinnar að setja fram einhvers konar yfirlýsingu með þessu þá er rétt að þetta komi fram.

Ég hef hins vegar áhyggjur af nokkrum atriðum í frumvarpinu. Í fyrsta lagi velti ég því fyrir mér hver skilaboðin eru til þeirra sérfræðinga og þess hámenntaða fólks sem vinnur hjá ríkinu núna og vitna þá til orða formanns Læknafélagsins sem veltir því fyrir sér hvort læknar muni nú flykkjast úr landi vegna þess að lækka eigi laun þeirra. Hann orðaði það svo skemmtilega að það væri meiri eftirspurn eftir læknum erlendis en íslenskum pólitíkusum. Ég hugsa að það sé nokkuð rétt hjá honum.

Ég velti því síðan fyrir mér á hvaða vegferð ríkið er með þessu máli þegar við horfum upp á það að stjórnandi einhvers spjallþáttar í Ríkisútvarpinu hefur gefið upp að hann sé með 800 þús. kr. á mánuði í laun, sveitarstjórar og bæjarstjórar eru gjarnan með 700–800 og alveg upp í 1.100 þús. kr. á mánuði í laun, ef ég man rétt var rætt um að forseti ASÍ væri á verulega góðum launum, gott ef það var bara ekki upp undir milljón. (**Gripið fram í:** Milljón.) Þakka þér fyrir upplýsingarnar, hv. þingmaður.

Það sem ég hef þó mestar áhyggjur af er það að með þessu sé ríkisvaldið að setja ákveðna línu í launastrúktúrinn, ef ég má nota það orð, sem mun gera hinum almenna launþega, hinum almennu stéttum í landinu erfiðara fyrir að sækja sér hærri laun. Hvað ætlum við að segja við hinn almenna verkamann, við t.d. sjúkraliða eða hjúkrunarfræðing eða einhverja slíka þegar þeir fara að reyna að sækja sér kjarabætur ef við erum búin að segja að enginn megi hafa hærri laun en svo og svo mikið? Að enginn megi vera hærri en forsætisráðherra og eitthvað slíkt? Hvað erum við að segja við þetta fólk? Ég held að um leið séum við að segja að vegna þess að þetta fólk sem gegnir svona miklum ábyrgðarstöðum, ráðherrar, forsætisráðherra, hugsanlega forstjórar einhverra ríkisstofnana, megi ekki hafa hærri laun en þetta geti menn eðlilega ekki samið um hærri laun. Eða erum við að segja að almennir starfsmenn ríkisins, sem hafa væntanlega einhverja menntun, eða almennir verkamenn geti sótt upp að þeim mörkum sem stjórnendur hafa? Ég held að við þurfum að velta þessu svolítið fyrir okkur því að þetta skiptir verulegu máli.

Svo er hins vegar hægt að taka umræðu um það hvort laun forsætisráðherra eru yfirleitt nógu há. Hvort það sé ekki hreinlega meinið. Ég velti því fyrir mér í ljósi þeirrar stöðu sem það embætti hefur. En meginhyggjur mínar snúa að því að með því að samþykkja þetta frumvarp, ef það fer í gegn, sé verið að setja tappa, jafnvel varanlegan tappa í þær launa- og kjarabætur sem almenningur getur í raun sótt sér og almennir starfsmenn ríkisins.

[20:34]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa reifað áhyggjuefni sem fylgja því frumvarpi sem við ræðum nú. Það eru mjög réttmæt sjónarmið að með þeirri aðgerð sem við ræðum hér gætum við m.a. horft upp á það að fá ekki jafnhæft fólk til starfa og ella hefði verið og jafnvel horft upp á meiri fólksflutninga frá landinu en nú eru, því að nú þegar á fyrstu mánuðum hrunsins eru fjölskyldur í nokkrum mæli að yfirgefa Ísland. Vonandi að ekki verði framhald á því, en eins og horfurnar eru og aðgerðir ríkisstjórnarinnar sýnist mér, því miður, að áframhald verði þar á.

Mér finnst mikilvægt að ríkisstjórnin og fjármálaráðherra svari ákveðnum spurningum um það hvernig menn ætli að hefja þá vegferð að skera niður ríkisútgjöld. Í þessu bráðsnjalla frumvarpi sem stjórnarliðar guma sig af er talað um að hægt verði að ná um 50 millj. kr. á ári í sparnað. Ég vil í því samhengi minna á hvert fyrsta verkefni ríkisstjórnarinnar var þegar hún var mynduð í kjölfar síðustu kosn-

inga en það var að fjölga ráðherrum um tvo. Mér telst svo til að laun og launatengd gjöld tveggja ráðherra séu um 22 millj. kr., um 18 millj. fyrir tvo aðstoðarmenn, síðan þurfa þessir ágætu ráðherrar bílstjóra og þeir þurfa að reka bíl, þannig að við erum komin vel yfir þær 50 millj. kr. sem ríkisstjórnin hefur kynnt svo mjög með þessu frumvarpi. Ég held að það væri efni og ástæða til þess að hæstv. fjármálaráðherra svaraði okkur þingmönnum því hvenær núverandi ríkisstjórn ætlar að byrja á að taka til heima hjá sér.

Ljóst er að það eru uppi tillögur um hvernig sameina megi ráðuneyti. Það væri hægt að fækka ráðherrum um tvo, ráðuneytisstjórum um tvo, aðstoðarmönnum um tvo, bílstjórum um tvo og annað utanumhald upp á tugi milljóna króna. Þegar hæstv. ráðherrar tala fyrir því að nú séu erfiðir tímar fram undan hjá opinberum starfsmönnum og opinberum stofnunum, og þá erum við að tala um skóla og heilbrigðisstofnanir, er þá ekki rétt að ríkisstjórnin gangi á undan með góðu fordæmi og byrji heima hjá sér á einhverjum samdrætti í þeim efnum með því að fækka ráðuneytum úr tólf í tíu? Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Hvers vegna gengur ekki ríkisstjórnin, í ljósi þess að staða mála er svo miklu alvarlegri en hún hafði gert sér grein fyrir — og það eru tilbúnar tillögur um það að sameina ráðuneyti — á undan með góðu fordæmi og sameinar ráðuneyti og fækkar þeim úr tólf í tíu? Spyr sá sem ekki veit.

Ef ríkisstjórninni færi nú í þá aðgerð mundi maður sýna hörðum aðgerðum í opinberum fjármálum meiri skilning en ella en það fyrsta sem núverandi ríkisstjórn gerði eftir að hún tók til starfa var að fjölga ráðherrum um tvo með öllu sem því fylgir. Ég heiti á hæstv. fjármálaráðherra að ganga á undan með góðu fordæmi og taka til á borði ríkisstjórnarinnar í þessum efnum því að þar er svo sannarlega líka hægt að hagræða, frú forseti.

[20:37]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að lýsa undrun minni á málflutningi sem hafður hefur verið frammi í kvöld að hér tali hv. þingmenn eins og að við eigum fullt af peningum og það sem við þurfum helst að gera núna sé að hækka laun. Það var þannig á þeim árum sem við erum nú að hreinsa upp eftir öll saman að menn hækkuðu mikið í launum og þá var alltaf sagt að það væri vegna þess að ef þeir fengju ekki þessi laun færu þeir til útlanda.

Ég segi nú bara: Guð gæfi að þeir hefðu farið til útlanda. (**Gripið fram í:** Læknarnir? Þeir fóru.) Hv. þingmaður, ég er ekki að tala um lækna. Ég er að tala um þá menn sem rifu hér upp laun á undanförnum árum og einmitt þessi ohf.-fyrirtæki, sem ég er út af fyrir sig á móti og mun koma að síðar. Einhvern tímann á næsta vetri væntanlega og ætla ekki að fara út í hér, laun þeirra drógust áfram og við hljótum öll, held ég, hv. þingmenn, að sjá að þau eru úr hófi við allt annað sem er hjá ríkinu.

Ég held og ég veit að fólk kann að meta það að tekið er á þessum málum þó að vissulega sé hér ekki um stórar upphæðir að ræða. Vegna þess að athöfn skiptir oft miklu máli, það eru ekki alltaf upphæðirnar sem skipta máli. Ég held að í þessu sambandi skipti athöfnin máli, að við sýnum að við ætlum að reyna að hafa stjórn á því sem hér fer fram.

[20:39]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þar sem ég tók þátt í þessari umræðu vil ég árétta það að ég talaði ekki fyrir því að laun þyrftu að hækka hjá hinu opinbera eins og sakir standa í dag. Ég geri mér alveg grein fyrir því að erfiðra ákvarðana er þörf. En ég vil spyrja hv. þingmann, sem talaði réttilega um að hið opinbera á sannarlega ekki of mikið af fjármunum: Hvað finnst henni um það að ríkisstjórnin skuli hafa fjölgað ráðherrum úr tíu í tólf í kjölfar síðustu alþingiskosninga? Væri ekki rétt að sameina nokkur ráðuneyti með hraði og fækka þar af leiðandi ráðherrastólunum úr tólf í tíu?

Svo vil ég minna hv. þingmann á, um leið og ég árétta þessa spurningu mína og ég þykist vita að hún gerir sér grein fyrir því, að við erum að missa úr landi núna þessa mánuði venjulegt fólk, fjölskyldufólk, fólk af minni kynslóð, því miður, og ég þekki sjálfur þess dæmi, en við erum líka að missa mjög hæfileikaríkt fólk, langskólagengið fólk. Ef við keyrum alla launastefnu niður úr öllu þá finnst mér það alveg réttmæt ábending að við gætum horfst í augu við það að missa kannski fleira fólk úr landi en við höfum efni á. Ég bið hv. þingmann um að segja álit sitt á þessu. Hann er vandrataður meðalvegurinn, ég geri mér grein fyrir því, en ég er sammála hv. þingmanni að við þurfum að taka til og sýna aðhald hjá hinu opinbera. Ég spyr hv. þingmann hvort hún telji ekki rétt að samflokksbræður hennar og -systur ásamt Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem sitja í ríkisstjórn Íslands byrji á niðurskurðinum þar áður en menn halda lengra niður eftir ríkisstiganum í því kerfi sem við ætlum að reyna að hagræða í.

[20:41]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að gera lítið úr þeim ósköpum sem mér finnst það vera að fólk flýr nú úr landi af því að lífskjör hér eru ekki eins og þau hafa verið vegna þess að fólk hefur ekki atvinnu. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. Mér finnst heldur ekki að hv. þingmaður geti sagt að byrjað sé einhvers staðar neðarlega í kerfinu þegar hæstu laun í ohf.-fyrirtækjunum eru snert. Þar er verið að koma við toppana en ekki láglaunafólk. Og hvað það varðar að ráðherrar séu tólf en ekki tíu þá vildi ég gjarnan að þeir væru sjö.

[20:42]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni góð svör.

[20:42]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu, hún er ágætisundirbúningur, held ég, undir það að málið gangi til nefndar og fái þar góða skoðun. Hér hefur verið hreyft ýmsum sjónarmiðum og ég vil aðeins bregðast við nokkrum spurningum eða ábendingum sem komu fram í málinu.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Lilja Mósesdóttir hvort áform væru um að breyta frekar launum forsætisráðherra. Það er ekki ætlunin að svo stöddu, það ég best veit, þau

laun voru lækkuð umtalsvert í vetur, um hátt í 15% ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Já, það var vissulega tímabundin ráðstöfun en það er ekki ólíklegt að á henni verði framhald. Það hefur ekki verið rætt sérstaklega svo ég viti að breyta frekar launum forsætisráðherra. Það var mat manna með þeirri viðmiðun eða leiðsögn sem kjararáði var gefin að það væri ástæða til að færa laun æðstu embættismanna sem kjararáð úrskurðaði um nokkuð niður í ljósi breyttra efnahagslegra ástæðna í landinu. Forseti lýðveldisins óskaði sjálfur eftir því að laun hans væru lækkuð enda ekki hægt að ná fram breytingum þar með öðrum hætti. Hitt er svo annað mál að að sjálfsögðu munu laun forsætisráðherra, og þá sú viðmiðun önnur ef henni verður viðhaldið sem hér er vísað í, taka breytingum í takt við breyttan efnahagslegan veruleika og efnahagslegar aðstæður á Íslandi. Ég held að það sé sjálfgefið.

Hér er fyrst og fremst verið að stíga skref til launajöfnunar og samræmingar eins og ég áður sagði og ég held að við verðum að horfast í augu við það að það dró verulega í sundur og launamunur fór vaxandi innan opinbera geirans á ákveðnum tíma. Og það var því miður ekki þannig að laun hækkuðu þá almennt í takt við það sem einstakir toppar risu, hvorki í opinbera kerfinu né þaðan af síður á hinum almennum vinnumarkaði. Það er því ekki endilega þar með sagt að það eigi að gagnálykta af því að allt muni þrýstast niður með sama hætti þó að þeir hinir sömu toppar verði núna færðir til meira samræmis við laun annarra almennt.

Ég held að óhóflegur launamunur sé ekki af hinu góða og ég held að það hafi ekki bætt starfsandann í ýmsum þessum fyrirtækjum eða stofnunum þegar hlutafélagavæðingin hélt innreið sína sem yfirleitt leiddi fyrst og fremst til þess að topparnir og fámennur hópur yfirstjórnenda steig mjög í launum og fékk jafnvel ýmis hlunnindi með en almennir starfsmenn sátu meira og minna óbættir hjá garði. Þetta eru veruleikinn þegar þetta er skoðað, held ég. Á þessu fór strax að bera þegar stofnanir voru hlutafélagavæddar hér á landi á tíunda áratugnum og á fyrri hluta þessa áratugar.

Hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson vék að spurningunni um afleidd áhrif út í launakerfið annars staðar hjá hinu opinberlega, t.d. eins og í tekjuháum hópum innan heilbrigðisgeirans þar sem menn vinna mikla yfirvinnu, taka margar vaktir o.s.frv. og heildarlaun verða eðlilega mjög há. Eftir því sem ég best þekki mun þessi viðmiðun í fæstum eða nokkrum tilvikum hafa áhrif á föst umsamin dagvinnulaun. Eins og ég þekki t.d. kjarasamninga lækna þá eru þeir undir þessum mörkum fyrir föst dagvinnulaun. Háar tekjur þar myndast yfirleitt fyrst og fremst vegna mikillar yfirvinnu og mikillar vaktatöku, einkum á fámennari heilbrigðisstofnunum þar sem menn standa tíðar vaktir. Þetta hróflar að sjálfsögðu ekki á nokkurn hátt við því. Það er augljóst mál að innan opinbera geirans munu áfram verða aðilar sem fá hærri heildarlaun en hér er miðað við enda skýrt tekið fram í frumvarpinu að þetta snýst um samanburð og jöfnuð í föstum umsömdum dagvinnulaunum.

Varðandi spurningu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar um það hvort ríkisstjórnin eigi ekki að taka til hjá sjálfri sér og byrja á því að fækka ráðuneytum þá svarið jú, það stendur til. Hins vegar var sú leið valin við stjórnarmyndun í vor að fara ekki þá braut að láta einhverja tiltekna ráðherra gegna tveimur ráðuneytum heldur hafa fullmannaða ríkisstjórn og fækka síðan ráðuneytunum með skipulagsbreytingum sem á að ráðast í í áföngum á þessu kjörtímabili.

Ég held að ég verði að segja hafandi af því þó nokkra reynslu því að ég hef í tvígang glímt við það að gegna tveimur ráðuneytum, með nokkurra ára millibili að vísu, að ég get ekkert sérstaklega mælt með því til lengdar að það sé gert. Ég held að verkefnin séu yfirleitt ærin í hverju ráðuneyti fyrir sig, ég tala ekki um við aðstæður eins og nú eru. Hins vegar er ég algjörlega sammála því að þessar breytingar á að gera og þær munu ekki bara taka til ráðuneyta, þær munu líka taka til stofnana og ég spái mönnum því að stofnanalandslagið muni, sem liður í víðtækum hagræðingaraðgerðum innan opinbera geirans, taka miklum breytingum á næstu árum.

Ég bendi mönnum á að skoða frumvarpið ekki einangrað heldur setja það í samhengi við ýmislegt annað sem bæði hefur verið gert og mun verða gert á næstunni til að draga úr kostnaði þar sem mönnum finnst að hann geti farið niður. Það er búið að afnema, og hér var reyndar að því spurt, öll eftirlaunaforréttindi kjörinna fulltrúa, en þeir mynda nú lífeyrisréttindi með sama hætti og aðrir opinberir starfsmenn. Þau voru einfaldlega afnumin í vetur. Það er búið að lækka t.d. verulega dagpeningagreiðslur og það er búið að afnema ýmis forréttindi einmitt í því kerfi, (Gripið fram í.) t.d. með því að fella niður dagpeningagreiðslur til maka ráðherra og takmarka verulega dagpeningagreiðslur til sendiherra. Það er búið að lækka ýmsan risnukostnað og það verður haldið áfram á þeirri braut. Hlutir eins og aksturssamningar, nefndaþóknanir og fleira í þeim dúr verður allt tekið til skoðunar. Þetta er liður í víðtækari aðgerðum sem allar miða að sama marki, að reyna að ná niður kostnaði og draga úr öllu sem hægt er að kalla óhóf eða ónauðsynlegan kostnað sem okkar samfélag hefur einfaldlega ekki efni á.

Ég minni menn líka á siðferðilega þáttinn í þessu máli, að allir hlutir af þessu tagi hljóta að verða í því sviðsljósi að við munum þurfa að taka erfiðar ákvarðanir um að skerða hér þjónustu og skerða hér kjör og það mun ganga yfir allt samfélagið.

Að síðustu er rétt að hafa í huga að á almenna vinnumarkaðnum, sem menn tala hér mikið um, hefur orðið mikil breyting. Fjölmargir stjórnendur og forstjórar hafa sjálfir riðið á vaðið og gefið gott fordæmi og lækkað sín laun og deila í ríkari mæli kjörum með starfsmönnum sínum en áður var. Er það ekki þannig hugarfar sem við þurfum í raun og veru einmitt á að halda núna? Að menn axli byrðarnar sjálfviljugir, þeir sem sjá það og eru sannanlega vel aflögufærir? Til dæmis og ekki síst til þess að við getum jafnað kjörin og jafnað vinnunni og reynt að verjast því eins og kostur er að til uppsagna þurfi að koma. Þá munar um allt, margt smátt gerir eitt stórt. Ég held að þegar búið verður að fara yfir hinn opinbera rekstur allan með þessu hugarfari komi í ljós að það má heyja saman í býsna myndarlegar upphæðir ef farið er með þessu hugarfari áfram yfir allan rekstur hins opinbera.

Þetta eru sveitarfélögin líka að gera. Þar hafa fjölmargir, vissulega ekki allir, bæði kjörnir fulltrúar og stjórnendur

tekið á sig launalækkun eða kjaraskerðingu. Kannski meiri kjaraskerðingu en endilega beinar launalækkanir því að menn hafa auðvitað reynt að bera niður í þeim þáttum sem eru utan við og ofan við hin föstu umsömdu laun. Og það er munur á, menn skulu hafa það í huga, launalækkun, ef menn leggja í hana þann skilning að þá sé verið að tala um föst umsamin laun, og kjaraskerðingu sem tekur niður aðra þætti eins og hefur þegar gerst í ríkum mæli. Þannig hafa t.d. yfirvinnugreiðslur og ýmsar aðrar kostnaðargreiðslur aðrar en launaútgjöld hins opinbera lækkað svo nemur stórum fjárhæðum núna á um sex mánaða tímabili. Þegar keyrðar eru yfirvinnugreiðslur í septembermánuði síðastliðnum og aftur núna í apríl lætur nærri að þar sé um 22% samdráttur og enn meiri í ýmsum öðrum kostnaðargreiðslum.

Þessi þróun er í gangi og hví skyldu þá ekki þessir hæst launuðu, einstöku opinberu embættismenn eða toppar innan kerfisins einnig taka á sig byrðar í þessum efnum? Það held ég að öll sanngirnisrök standi til. Að öðru leyti þakka ég umræðuna.

[20:52]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Hins vegar fannst mér þau ekki nægilega skýr að því leyti að hæstv. ráðherra sagði að ráðuneytum yrði væntanlega fækkað um tvö á kjörtímabilinu og það eru næstum fjögur ár eftir af þessu kjörtímabili. Í ljósi þess tók það ríkisstjórnina ekki nema einungis nokkrar vikur að setja á fót, sem verður gert í haust, sérstakt viðskipta- og efnahagsráðuneyti sem á að samþætta ýmsa þætti innan viðskiptaráðuneytisins, forsætisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Mjög flókin framkvæmd, trúlega miklu flóknari framkvæmd en til að mynda gera eitt atvinnuvegaráðuneyti eða að sameina dómsmálaráðuneyti og samgönguráðuneyti.

Ég spyr: Hvar er viljinn til þess að sameina þessi ráðuneyti og ráðast í einhverjar raunverulegar hagræðingaraðgerðir? Miðað við þann tíma sem það tók hæstv. ríkisstjórn að búa til nýtt efnahags- og viðskiptaráðuneyti ætti það einungis að vera nokkurra vikna verk að sameina þessi ráðuneyti og ná þar af leiðandi tugmilljóna króna sparnaði í rekstri hins opinbera og veitir svo sannarlega ekki af því.

Ég inni hæstv. ráðherra aftur eftir því hvar viljinn sé til að spara á þessum sviðum. Er það virkilega svo að stólarnir eru mikilvægari fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og Samfylkinguna en það að spara í ríkisrekstri? Ég er alveg sannfærður um það, þ.e. ef viljinn er fyrir hendi, að það er hægur vandi að sameina þessi ráðuneyti og við þurfum ekki hátt í fjögur ár til þess. Ég óska eftir einhverjum tímasetningum á því frá hæstv. ráðherra. Svo væri fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra tjá sig um hugmyndir hv. þm. Valgerðar Bjarnadóttur um að hafa ráðuneytin bara sjö.

[20:54]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það má deila um það hversu þægilegir stólarnir eru um þessar mundir. Minn er lítið slitinn og rúmið enn þá minna. Ég veit ekki betur en að á dagskrá í dag hafi einmitt verið frumvarp til laga um breytingu á Stjórnarráðinu þar sem verið er að leggja lagagrunninn að þessum breytingum á ýmsan hátt.

Varðandi stofnun efnahags- og viðskiptaráðuneytisins þá er það tiltölulega einföld aðgerð að ég tel en mikilvæg engu að síður, því að þar verða sameinuð á einn stað helstu stjórntæki efnahagsmálanna önnur en ríkisfjármálin. Gert er ráð fyrir því að sú breyting, ef ég veit rétt, nafnbreytingin að minnsta kosti, geti orðið með haustinu.

Það er nokkuð viðameira að stofna atvinnuvegaráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Það er mun meiri færsla að hluta en sú einfalda aðgerð að færa efnahagsskrifstofuna úr forsætisráðuneytinu yfir í viðskiptaráðuneytið og hluta af efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og þjóðhagsspá og annað því um líkt.

Nákvæm tímasetning þessara breytinga verður náttúrlega unnin samhliða því að frumvarpið verði gert að lögum en gert er ráð fyrir því að þessi hluti gerist á fyrri hluta tímabilsins allir nema þá það sem talað er um að gerist í lok kjörtímabilsins sem er enn þá víðtækari sameining málefna í innanríkisráðuneyti. En sú fækkun ráðuneyta sem að er stefnt áður er ráðgerð á fyrri hluta kjörtímabilsins.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál (stofnun hlutafélags, heildarlög). — Þskj. 1, nál. 145 og 148, brtt. 146.

[20:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta efnahags- og skattanefndar um mál nr. 1 á þskj. 1, en álitið er að finna á þskj. 145. Að því standa allir þingmenn nefndarinnar utan einn, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, sem gerir grein fyrir sínu áliti, áliti minni hluta á þskj. 148, á eftir.

Það er skemmst frá því að segja að það mál sem hér er til umfjöllunar hefur nú verið flutt á tveimur þingum, fyrst fyrir nýafstaðnar alþingiskosningar og síðan endurflutt að þeim loknum á þessu þingi. Er óhætt að segja að það hafi á tímabili a.m.k. verið nokkuð umdeilt og kannski einkum vegna þess að menn höfðu ýmsar áhyggjur af hvaða fyrirætlanir kynnu að liggja hér að baki og ýmisleg tortryggni sem málið vakti og kannski hve skammur aðdragandinn var. Málið átti rót sína að rekja í tillögum sérfræðinga í því að fást við fjármála- og bankakreppur sem hingað voru fengnir, undir forustu Mats Josefssons, og skiluðu okkur skýrslu um tillögur sínar. Ríkisstjórnin vann síðan upp mál sem var flutt fyrir þingkosningarnar en náði þá ekki fram að ganga þar sem ekki náðist samstaða um málið í þáverandi hv. efnahags- og skattanefnd og kom aldrei til 2. umr. Það var síðan endurflutt talsvert breytt á yfirstandandi þingi og ég held að óhætt sé að segja að ýmis ákvæði hafi verið langtum sterkari í fyrri útgáfu þess og það hafi verið mjög dregið úr öllum tækjum og tólum í málinu eins og það var

endurflutt núna til að koma til móts við gagnrýni.

Við umfjöllun í efnahags- og skattanefnd kom fram nokkuð eindreginn vilji nefndarmanna til að skapa þessu fyrirtæki þá aðstöðu sem nauðsynleg væri í þeim gríðarlega brýnu verkefnum sem það þarf að koma að sem er fjárhagsleg endurskipulagning atvinnufyrirtækja. Það er auðvitað eitt af þeim lykilverkefnum sem við verðum að fást við næstu mánuði og missiri til að ná hjólum efnahagslífsins aftur í gang, því að eins og fram kom hjá hv. fyrrverandi formanni efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Pétri H. Blöndal, í umræðu um málið á undan þá er það auðvitað það sem mestu máli skiptir að við vinnum okkur út úr þeim vanda. Það er hvorki niðurskurður né skattar heldur þvert á móti verðmætasköpunin sjálf, að við tryggjum það að tjónið í atvinnulífinu verði eins lítið og mögulegt er úr því sem komið er og að fyrirtækin komist á skrið aftur og þar er auðvitað fjárhagsleg endurskipulagning þeirra lykilatriði.

Nefndin fékk m.a. á sinn fund nefndan Mats Josefsson, sem hefur mikla reynslu af því að eiga við sambærilegar aðstæður frá fjármálakreppunni í Svíþjóð, og hlýddi á þær athugasemdir sem hann hafði fram að færa við málið. Ég held að þær breytingartillögur sem hér eru fluttar, raunar er málið flutt sem breytingartillaga nokkuð breytt, miði mjög að því að flytja málið aftur til fyrra horfs og þeirra tillagna sem komu upphaflega frá hinum erlendu sérfræðingum, þó með þeirri veigamiklu breytingu að hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir því að þetta fyrirtæki aðstoði með ráðgjöf bankana við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja en að fyrirtækin sem í hlut eiga verði ekki tekin yfir af þessu nýja félagi, þ.e. að fyrirtækin verði endurskipulögð í bókum bankanna þar sem þau nú eru. Þess vegna verði eðli þessa fyrirtækis ekki það risavaxna eignarhaldsfélag sem sumir sáu fyrir sér með nokkurri skelfingu að ríkið ætlaði að fara að starfrækja, heldur sé eðli þess það að vera ráðgjafarfyrirtæki við hina fjárhagslegu endurskipulagningu. Og í stað þess sem upphaflega var ætlað að fjalla um að það gæti tekið yfir þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki, sem var ákaflega umdeild skilgreining í fyrri umfjöllun um málið, kaus nefndin einfaldlega að orða það svo að í undantekningartilfellum geti félagið tekið yfir rekstur. Þar er þá átt við fyrirtæki sem eru svo stór og umfangsmikil og í viðskiptum við fleiri en eina fjármálastofnun að það sé niðurstaða manna að í undantekningartilfellum geti það komið til álita að félagið taki yfir eignarhaldið. Meginreglan sé sú í starfsemi og afskiptum félagsins að það komi til ráðgjafar við þetta mikilvæga verkefni og að þar byggist upp sérfræðiþekking í því að takast á við þessi verkefni. Að þetta geri sem allra best í því að hjálpa bönkunum við að horfa til framtíðarinnar, til morgundagsins, til uppbyggingar verkefnanna, en létti sem mest á þeim í því verki að grafast fyrir í fortíðinni og um þann vanda sem skapaðist í atvinnulífinu í kjölfar hrunsins heldur komi ráðgjöf og sérfræðiþekking þarna inn til að aðstoða við það.

Fjárhagsleg endurskipulagning er líka ákaflega viðkvæm og þar eru margar flóknar spurningar. Almenningi er alls ekki sama hvernig að því er staðið, sérstaklega ekki eftir hrunið þegar svo margar stofnanir í okkar samfélagi, m.a. okkar eigin stofnun, eru algerlega rúnar trausti. Þá eru auðvitað uppi áhyggjur og efasemdir um að rétt sé staðið að þeim miklu hagsmunamálum sem verið er að taka ákvarðanir um við fjárhagslega endurskipulagningu í atvinnulífinu. Þess vegna taldi nefndin mikilvægt að styrkja mjög þá þætti málsins sem lúta að því að þetta sé sem opnast ferli og gagnsæjast, að þar sé eftirlit sterkt og þar sé líka um að ræða aðkomu þingsins bæði með eftirliti hv. efnahags- og skattanefndar en líka með því að hæstv. fjármálaráðherra, sem fer með forræði þessara mála, þurfi að gefa þinginu skýrslu um hina fjárhagslegu endurskipulagningu með reglulegu millibili. Með þessum ýmsu úrræðum á að reyna að tryggja eftir fremsta megni að stjórnmálamenn og samfélagið allt, almenningur, hafi sem bestan og gleggstan aðgang að upplýsingum um það með hvaða hætti er staðið að þessum verkefnum. Við höfum því miður þess dæmi í löndum sem farið hafa í gegnum svipaða hluti og við að þar hefur orðið mikið ósætti um það með hvaða hætti staðið var að fjárhagslegri endurskipulagningu, hverjir fengu að eiga, hverjir fengu afskrifað o.s.frv. Þess vegna er afar mikilvægt atriði fyrir okkur til að geta skapað sátt í samfélaginu og endurvakið traust að ferlið sé eins opið og gagnsætt og mögulegt er eðli mála samkvæmt.

Af þeim álitaefnum sem ekki tókst að vinna úr held ég að helst sé að geta um það með hvaða hætti staðið er að stjórnarkjöri. Gert er ráð fyrir því að stjórn félagsins sé kjörin á aðalfundi og að það geri hæstv. fjármálaráðherra. Nefndin ræddi mikið um hvernig mætti tryggja sem best að hér væru hæfustu einstaklingar á faglegum forsendum kjörnir í stjórn. Hún skerpti nokkuð á því orðalagi sem laut að hæfniskröfum til stjórnarmanna og ég held að það sé út af fyrir sig framför. Hins vegar voru uppi nokkuð ólík sjónarmið um það hvaða eiginleikum stjórnarmenn ættu að vera búnir, m.a. allt frá því að mikilvægt væri að meiri hluti stjórnarmanna væru íslenskir menn og yfir í sjónarmið um það að þeir ættu allir að vera erlendir menn og hafa engin óeðlileg tengsl í samfélaginu hér og ýmis önnur sjónarmið. Það var kannski ekki gott að samræma svo ólíka sýn en jafnframt var hitt að við ræddum ýmsar aðferðir við að haga stjórnarkjöri með öðrum hætti, tilnefningarnefndir og ýmsar slíkar útfærslur. Engin þeirra var sannarlega gallalaus og niðurstaðan var sú að hafa þá skipan óbreytta í tillögum okkar hér við 2. umr.

Hv. þm. Þór Saari er í okkar hópi sá sem hefur fyrirvara um þetta og ég hygg að álit minni hlutans, hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, byggi m.a. á þessu atriði auk eðlilegra sjónarmiða um að málið, sem hefur tekið miklum breytingum, megi fara aftur til umsagnaraðila og hljóta frekari og vandaðri umfjöllun til að tryggja eðlilega málsmeðferð. Ég hef gert ráð fyrir því að málið komi til umfjöllunar, og við höfum rætt það í nefndinni, milli 2. og 3. umr. enda um gríðarlega mikla hagsmuni og viðamikla að ræða og mikilvægt að við reynum að stuðla að því að það sé bæði sem best vandað en líka að um það megi takast sem mest og breiðust sátt. Við þær aðstæður sem við búum á Íslandi í dag þar sem traust er að verulegu leyti horfið og þar sem áhyggjur einkenna mjög orðræðu manna, er það síst til að létta okkur þann erfiða leiðangur sem við eigum fyrir höndum ef við ölum á sundrungu í okkar hópi. Þess vegna er ánægjulegt þegar tekst að ná með málefnalegri umfjöllun að breikka samstöðu og fækka álitaefnum. Ég vil sérstaklega þakka

öllum nefndarmönnum fyrir málefnalega umfjöllun um málið og góðar ábendingar og tillegg í þessari umfjöllun.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þingmenn Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Magnús Orri Schram, Þór Saari, með fyrirvara eins og áður var getið um, Tryggvi Þór Herbertsson og Pétur H. Blöndal.

[21:09]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja. Ég mæli fyrir minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja kemur nú fram í annað skipti frá ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Frumvarpið náði ekki fram að ganga á síðasta löggjafarþingi vegna andstöðu flestra umsagnaraðila og stjórnarandstöðu þar sem við fyrstu sýn virtist vera um ríkisvæðingu atvinnulífsins að ræða.

Frumvarpið hefur tekið miklum breytingum frá síðasta löggjafarþingi og horfir sumt þar til framfara. Ágæt samvinna hefur verið um málið innan efnahags- og skattanefndar en í ljósi þess hversu miklar breytingar meiri hlutinn leggur til við frumvarpið má færa fyrir því gild rök að eðlilegt sé að senda málið aftur út til umsagnar. Svo mikilvægt mál sem þetta þarf að fá vandaða efnismeðferð þannig að yfir vafa sé hafið að ekki séu mistök falin í lagasetningunni. Enn eru miklar efasemdir um frumvarpið hjá aðilum sem gegna lykilhlutverki í endurreisn íslensks efnahagslífs í samvinnu við stjórnvöld. Má þar nefna Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands og stjórnendur ríkisbankanna þriggja. Eins og áður sagði er þess vegna mikilvægt að á milli 2. og 3. umræðu fjalli nefndin aftur efnislega um málið í samráði við helstu hagsmunaaðila. Það hlýtur að vera keppikefli stjórnvalda á tímum sem þessum að eiga sem víðtækast samráð, m.a. við aðila vinnumarkaðarins, og að sem mest sátt ríki um þær aðgerðir sem frá stjórnvöldum koma.

Á tímum gjaldeyrishafta og þegar ríkið fer með eignarhald fjármálafyrirtækja sem eru með um 90% markaðshlutdeild þarf að tryggja að viðskiptalíf og stjórnmál blandist ekki um of. Sagan kennir Íslendingum að slík tengsl eru vægast sagt varhugaverð. Ekki er svo ýkja langt síðan almenningur fékk húsnæðislán á grundvelli flokksskírteinis og það sama má segja um innflutning á atvinnutækjum. Gjaldeyrishöft voru sett á í kjölfar kreppunnar miklu í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar, það tók þjóðina hálfa öld að vinna sig út úr þeim gjaldeyrishöftum. Þess vegna er nauðsynlegt að Ísland vinni sig sem allra fyrst út úr höftum í ljósi þeirrar reynslu á gjaldeyri og að frjálsræði komist á að nýju í rekstri fjármálastofnana.

Í þessu ljósi er varhugavert að gera ráð fyrir að einungis einn ráðherra skipi stjórn hins nýja eignaumsýslufélags. Ekki eru dregin í efa heilindi þess fjármálaráðherra sem nú starfar en það er ekki við hæfi að Alþingi setji lög á grundvelli persónu fjármálaráðherrans. Að ráðherrann einn komi að skipun á stjórn félagsins, sem er falið mjög vítt valdsvið samkvæmt frumvarpinu, felur í sér hættu á því að pólitískir samherjar verði skipaðir í stjórn félagsins. Alþingi Íslendinga á ekki að samþykkja löggjöf sem felur þessa hættu í sér. Þess vegna er mikilvægt að fleiri en einn aðili komi að skipan stjórnar félagsins og því leggur minni hlutinn til að að minnsta kosti þrír af fimm stjórnarmönnum hafi íslenskan ríkisborgararétt, sem ég mun kom nánar að á eftir, auk þess sem sérstök hæfnisnefnd mun fara yfir þá aðila sem eiga að sitja í stjórn félagsins.

Mikilvægt er og það verður seint ofmælt að við endurskipulagningu fyrirtækja sé faglegra vinnubragða gætt í hvívetna til að draga megi úr óhjákvæmilegri gagnrýni sem upp hlýtur að koma frá samkeppnisaðilum á markaði og starfsmönnum fyrirtækjanna sjálfra. Að sama skapi tekur minni hlutinn undir ábendingu Ríkisendurskoðunar um að reglur um sölu á eignarhlutum ríkisins í hlutafélögum verði lögfestar fremur en að byggja skuli í því efni á reglugerð. Skýrt þarf að liggja fyrir hvernig félagið mun standa að sölu eignarhluta í atvinnufyrirtækjum.

Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram ítarlegar tillögur í efnahagsmálum á undanförnum mánuðum. Því miður hafa stjórnarflokkarnir ekki gert þær tillögur að sínum og í raun má segja að þörfin á róttækum aðgerðum í efnahagsmálum hafi aldrei verið eins knýjandi og í dag. Tækifæri Íslands til að sigla út úr ólgusjó kreppunnar eru einnig mikil en núverandi stjórn hefur hins vegar ekki séð til lands í þeim efnum, því miður. Verði ráðist í tillögur Framsóknarflokksins má færa fyrir því gild rök að Íslendingar verði fyrstir þjóða komnir í uppbyggingarstarf á ný. Reyndar hangir fleira á spýtunni en aðgerðir í þágu heimila og fyrirtækja. Ógnvænlegt er ef Alþingi Íslendinga ætlar að staðfesta Icesaveríkisábyrgðina án þess að hafa kynnt sér til hlítar hvað slíkt þýðir fyrir íslenskt samfélag til lengri tíma litið.

Frekari skuldsetningu ríkisins þarf því hindra með öllum tiltækum ráðum. Eins og fram kemur í umsögn Viðskiptaráðs Íslands um frumvarp þetta segir í skýrslu OECD frá árinu 2005 að félög af þeim toga sem kveðið er á um í frumvarpi þessu hafi leitt til óhóflegrar skuldsetningar og séu hvorki skilvirk þegar kemur að endurskipulagningu rekstrar né fjármálastjórn. Að mati minni hlutans þarf því að koma í veg fyrir að eignaumsýslufélagið verði áhættusamur þáttur í hinni erfiðu fjárhagslegu stöðu sem vinna þarf úr á næstu árum.

Við þær aðstæður sem nú eru í íslensku efnahagslífi þar sem undantekningartilfelli geta orðið að venjum er mikilvægt að vandað sé til verka. Kallað er á nýjar og auknar kröfur á hendur stjórnendum opinberra fyrirtækja. Því væri rétt að mati minni hlutans, eins og áður sagði, að koma á fót sérstakri tilnefningarnefnd sem hefði það hlutverk að finna tilvonandi stjórnarmenn og meta hæfi þeirra. Niðurstöður nefndarinnar yrðu að því búnu lagðar fyrir ráðherra. Í tilnefningarnefnd ættu sæti fulltrúi ráðherra og fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins, eftirlitsstofnunum og háskólasamfélaginu.

Þá telur minni hlutinn að brýnt sé að ríkið setji sér skýra eigendastefnu gagnvart eignaumsýslufélaginu. Eftirfarandi málaflokkar þurfa að vera skýrt afmarkaðir: markmið eignarhaldsins, skuldbindingar ríkisins í dag og í framtíðinni,

rammi um starfsemina sem slíka, hverjar séu helstu skyldur og hlutverk stjórnarinnar, hvernig upplýsingaflæðinu eigi að vera háttað og í hvaða tilvikum ríkið megi beita eigendaréttindum sínum umfram aðalfundi.

Í ljósi framangreinds telur minni hlutinn það ekki forsvaranlegt að samþykkja frumvarpið í núverandi horfi. Undir þetta ritar Birkir Jón Jónsson.

Eins og hv. framsögumaður meiri hlutans benti á ræðum við þetta mál hér í annað skipti. Samstarfið innan nefndarinnar hefur verið með ágætum en ég vek athygli á því að við 2. umr. sem er aðalumræða um þetta mál liggur ekki fyrir skýr skilningur helstu hagsmunaaðila, m.a. aðila vinnumarkaðarins, um tilganginn með þessu frumvarpi.

Og upphafið var þannig, sem var hugsanlega misskilið af mörgum, að um mögulega ríkisvæðingu væri að ræða til þess að þetta eignarhaldsfélag ætti að taka yfir hlutafélög sem væru í viðskiptum við bankana og væru orðin skuldug. Við framsóknarmenn lögðumst harðlega gegn því á sínum tíma ásamt helstu hagsmunaaðilum í samfélaginu sem fjölluðu um þetta mál.

Nú er málið komið í annan og nýjan búning og nú á að leysa vanda fyrirtækjanna innan veggja bankanna og horfir það til framfara. Það á sem sagt ekki að rífa þau þaðan út jafnvel í ósætti við stjórnendur og eigendur þeirra heldur á að vinna að lausnum vandans innan bankanna. Þetta félag á, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar nefndi hér, fyrst og fremst að einbeita sér að ráðgjöf, að það verði sanngjörn og réttlát meðferð gagnvart skuldugum fyrirtækjum þannig að ekki vakni tortryggni í samfélaginu.

En það er ákvæðið sem fjallar um undantekningartilvikin sem ég hef áhyggjur af, að stjórn félagsins eða félagið megi taka yfir skuldsett fyrirtæki í undantekningartilvikum. Það er mjög rík valdheimild sem þessi stjórn hefur því að við lifum vissulega á undantekningartímum. Áhyggjur mínar snúa að því að stjórn þessa félags geti rökstutt jafnvel með óyggjandi hætti að við lifum á undantekningartímum og hér sé þess vegna um undantekningaraðgerðir að ræða sem hægt væri að réttlæta í ljósi ástandsins.

Og ég hefði í raun og veru ekki miklar áhyggjur af því ef ég hefði vissu fyrir því að stjórn þessa félags væri samkvæmt lagatexta algjörlega fagleg. Það er þess vegna sem ég hef lagt til og mun væntanlega leggja til við 3. umr., vegna þess að ég lít svo á að við eigum eftir að ræða þetta mál mikið á milli 2. og 3. umr., að sérstök tilnefningarnefnd fari yfir og finni hæfa einstaklinga. Í þessari tilnefningarnefnd væri fulltrúi ráðherra, fulltrúi frá háskólasamfélaginu og aðilum vinnumarkaðarins sem færu mjög faglega yfir málið og reyndu að finna hæft fólk til að sitja í stjórn þessa félags.

Ég sé einfaldlega ekki rökin gegn því að það sé slæmt fyrir fjármálaráðherra, sama hver hann verður, að fá slíkar tilnefningar og síðan getur ráðherrann á grundvelli þeirra tilnefninga jafnvel verið ósammála mér. Þá skal ráðherrann líka takast á við þá umræðu að hafa ekki farið að ráðum mjög faglegra aðila varðandi skipan í stjórn á þessu félagi sem mun geta haft veruleg völd í íslensku samfélagi til lengri tíma litið. Ef menn túlka þessi undantekningartilvik í ljósi þess að við lifum í undantekningarástandi þannig að menn taki yfir fyrirtæki í miklum mæli er mikilvægt að þar sé vandað til verka. Og þó að hæstv. fjármálaráðherra sé eflaust ágætur embættismaður og ráðherra finnst mér ekki hægt að við afgreiðum lög frá Alþingi Íslendinga á grundvelli persónu ráðherrans því að það getur einhver allt annar ráðherra verið kominn við völd í næstu viku. Þess vegna verðum við þingmenn að ganga haganlega frá þessu. Ég minni á að þegar við afgreiddum lög um Seðlabanka Íslands lögðum við framsóknarmenn mjög mikla áherslu á að seðlabankastjórinn yrði ráðinn á faglegum forsendum. Sérstök nefnd var látin fara yfir hæfni umsækjenda sem sóttu um starfið og skilaði niðurstöðu í þeim efnum til þess, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar benti réttilega á, að minnka tortryggnina í samfélaginu og reyna að ná sem víðtækastri sátt um aðgerðir stjórnvalda hverju sinni. Þess vegna er svo mikilvægt fyrir ríkisstjórnina að geta vitnað í það að hún hafi farið eftir ráðleggingum faglegrar nefndar sem lagði til ákveðna hluti. Ef hæstv. ráðherra er ósammála nefndinni varðandi val á mönnum í stjórn þessa félag hlýtur hann að leggja rök gegn valinu á borðið og að sjálfsögðu tökum við efnislega afstöðu til þess.

En eins og frumvarpið lítur út núna finnst mér ótækt að við afgreiðum það að þessu leyti til, að það sé einungis undir einum ráðherra komið hvernig þessi valdamikla stjórn verður skipuð.

Ég mun ekki hætta að vara við því sem við höfum upplifað á undangengnum áratugum sem eru tengsl viðskiptalífs og atvinnulífs og flestir stjórnmálaflokkar eiga sína sögu í því, ég dreg ekki dul á það. Við hljótum öll að stefna að sama marki í þeim efnum að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Þá er það enn og aftur sú hætta sem ég nefndi hér áðan að það sé undir einum ráðherra komið hvernig þessi stjórn verður skipuð. Þá finnst mér að okkur beri skylda til þess að koma í veg fyrir að það verði allt einstaklingar úr sama stjórnmálaflokknum án þess að nokkur annar aðili geti komið þar að varðandi umsögn eins og sú tilnefningarnefnd sem ég legg til í þessu frumvarpi að verði skipuð. Við verðum að gjöra svo vel og ganga hægt um gleðinnar dyr á mjög viðkvæmum tímum þegar ríkið er um og yfir og allt um kring á fjármálamarkaðnum með 90% markaðshlutdeild og eignast vel flest fyrirtæki og atvinnustarfsemi í landinu. Við verðum að slá einhverja varnagla til að viðskiptalífið og pólitíkin fari ekki að tengjast órjúfanlegum böndum á ný. Við þurfum að skera á þessa líflínu ef hún er þá einhver í dag.

Að öðru leyti vonast ég til þess að þau fyrirtæki sem ríkið mun eignast verði seld einhvern tímann og þá með gagnsæjum hætti. Í gegnum árin hafa einstakir ráðherrar haft reglugerðarvald til þess að útfæra söluna, sem sagt að búa til leikreglurnar. Ég tel í ljósi þess hvernig við höfum séð mál þróast í öðrum löndum að mikilvægt sé að Alþingi Íslendinga komi að því hvernig þessar reglur eru settar og að Alþingi lögfesti reglurnar gagnvart söluferlinu þannig að það sé yfir vafa hafið og vonandi þá í breiðri sátt og samstöðu.

Ríkisendurskoðun hefur bent okkur á að heppilegast væri að gera það með þessum hætti og ég nefni það í þessari umræðu vegna þess að við erum að stíga fyrsta skrefið í þessari endurreisn og óhjákvæmilega mun það gerast í ein-

hverjum tilvikum að ríkið mun taka yfir einhvern rekstur, hvort sem það er í þessu félagi eða annars staðar. Mér finnst óraunhæft að halda annað. Þá þurfum við að horfa fram á veginn. Vonandi getum við komið þessum fyrirtækjum sem fyrst út á markaðinn aftur en þá þurfa leikreglurnar að vera alveg skýrar í þeim efnum.

Það kemur kannski spánskt fyrir sjónir af hverju lagt er til og tilkynnt í breytingartillögu að tveir af fimm stjórnarmönnum í þessu félagi verði með íslenskan ríkisborgararétt. Það er einfaldlega sú sjálfsvirðing sem ég tel að við Íslendingar þurfum að hafa í þeirri endurreisn sem fram undan er. Íslendingar eiga að koma að uppbyggingu þjóðfélagsins að nýju og það segi ég í ljósi þeirrar umræðu og þeirra áherslna að jafnvel eingöngu útlendingar eigi að koma að þessu félagi meira eða minna.

Við höfum séð það undanfarnar vikur og mánuði að við höfum fengið norskan seðlabankastjóra. Við höfum fengið sænskan efnahagsráðgjafa. Við höfum fengið franskan rannsóknarmann, allt mætasta fólk. (Gripið fram í.) — og norskan leiðsöguhund, segir hv. formaður Helgi Hjörvar og ég óska honum til hamingju með það, hann stendur sig vel. Og allt er þetta ágætis fólk. (Gripið fram í.) Já og hundurinn líka. En það sem ég vil leggja áherslu á í þessu endurreisnar- og uppbyggingarstarfi sem fram undan er að við verðum líka að treysta á okkur sjálf að einhverju leyti.

Ég tek fullt mark á því að við þurfum að fá aðstoð og ráðgjöf annars staðar frá og jafnvel aðila inn í þessa stjórn frá útlöndum til þess að tryggja að fólk komi sem víðast að. En ég hef þá trú að það verði samt á endanum fyrst og síðast við Íslendingar sem þurfum að vinna okkur upp úr þessu og þess vegna megum við ekki að öllu leyti leggja traust okkar á ágæta erlenda sérfræðinga.

Ég verð ekki einn af þeim sem munu halda því fram þegar sögubækurnar verða skrifaðar eftir nokkur ár og bankahrunið gert upp að allt fólk sem starfaði í íslenskum bönkum sé slæmt fólk. Þar er fullt af afbragðsfólki sem vann af heilindum. En hins vegar er ljóst að einhverjir aðilar fóru mjög óvarlega, svo vægt sé til orða tekið, og við erum að súpa seyðið af því. En í þessum bönkum og í íslensku samfélagi er fullt af hæfileikaríku fólki sem vill búa hér, sem vill byggja upp íslenskt samfélag til framtíðar, og þess vegna geld ég varhuga við því ef við ætlum að fara að stofna eignarhaldsfélag sem yrði nær algjörlega stýrt af erlendum aðilum, svo ágætir sem þeir kunna að vera.

Það er í ljósi þess sem ég legg þetta fram til umræðu í nefndinni milli 2. og 3. umr. Við þurfum að fara enn ítarlegar yfir þetta mál og ég tel að við þurfum að fá umsagnir frá þeim helstu hagsmunaaðilum sem ég nefndi hér áðan varðandi það frumvarp sem er nú reyndar orðið opinbert, frá aðilum vinnumarkaðarins og jafnvel þeim sem starfa í þessum bönkum í dag og fleiri aðilum til þess að koma í veg fyrir að við endurtökum einhverja vitleysu sem hefur því miður verið gerð á undangengnum vikum og mánuðum í lagasetningu. Við eigum að stuðla að vandaðri lagasetningu hér á landi og þetta mál er af þeirri stærðargráðu að við þurfum að vanda vel til verka.

Ég er mjög ánægður með það samstarf sem átt hefur sér stað innan nefndarinnar. En hversu gott sem samstarfið kann að vera í málum sem þessu leiðir það ekki alltaf til þess að menn geti komist að einróma niðurstöðu. Ég á einfaldlega eftir að sjá það þegar við skoðum þessi mál betur af fullri sanngirni að það sé heppilegasta fyrirkomulagið að fjármálaráðherrann einn, hver sem hann er, eigi að skipa fimm manna stjórn yfir þetta valdamikla félag.

Það samræmist einhvern veginn ekki þeirri lýðræðishugsun sem ég hef heyrt svo marga stjórnmálamenn tala fyrir á undangengnum mánuðum, fyrir kosningar og eftir kosningar. Ég spyr enn og aftur sem innlegg í þessa umræðu: Hverju töpum við á því að skipa faglega nefnd sem meira að segja fulltrúi ráðherra mætti eiga sæti í, sem mundi fara og leita, jafnvel auglýsa eftir þeim sem vildu vera í stjórn þessa félags og leggja mat á hæfi viðkomandi einstaklinga og ráðherrann tæki síðan afstöðu út frá því? Ég held að það væri miklu heppilegra, ekki síst fyrir hæstv. ráðherrann sjálfan sem situr undir því ámæli dag eftir dag að betur hefði mátt gera í hinum og þessum málum og það mundi þar af leiðandi veita hans andstæðingum gott vopn sem vilja gera skipan þessarar stjórnar tortryggilega.

Mér finnst samstarfið innan nefndarinnar í raun og veru hafa verið hafið yfir flokkspólitískar línur. Við höfum öll lagt okkar af mörkum í þessu og hv. formaður nefndarinnar hefur tekið tillit til allra sjónarmiða okkar. En mér þykir miður ef þetta sjónarmið, hvernig sem við útfærum það, verður ekki ofan á, að fleiri aðilar komi að skipan í stjórn þessa félags. Ég fer fram á málefnalegu umræðu um það af hverju ráðherrann á einn að koma að þessu og hleypa engum öðrum að. Eins og þessi breytingartillaga hljómar, þ.e. ef hún yrði flutt við 3. umr. um málið og ég legg fram sem hugmynd á milli 2. og 3. umr., er hér einungis um tilnefningar að ræða, hugmyndir til ráðherra sem hann getur svo síðar meir í ferlinu samþykkt eða hafnað. En þá höfum við þó eitthvert faglegt mat í höndunum frá einhverri nefnd sem hefur ráðist í að skoða það faglega hvaða einstaklingar séu heppilegastir í svo viðamikið verk sem það er að stýra þessu fyrirtæki.

Hér er um gjörbreytt mál að ræða en þar sem ekki er ljóst hvernig staðið verður að stjórn þessa félags eða skipan í stjórn en eins og það er núna er það bara fjármálaráðherrann sem verður þar. Ég get því miður ekki sæst á það og minni á að við lifum á undantekningartímum þar sem auðvelt er að færa rök fyrir einhverjum undantekningarákvörðunum fyrir yfirtöku á hinum og þessum fyrirtækjum. Ef það er gert á grundvelli stjórnmálanna af einhverjum pólitískt kjörnum fulltrúum fer það að verða eins og áður fyrr þegar fólk fékk húsnæðislán á grundvelli flokksskírteinis. Ég trúi því ekki að við viljum upplifa slíka tíma aftur og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn muni skipa í þessa stjórn með þessum hætti. Ég ætla ekki að fullyrða það hér.

Eins og ég sagði er hæstv. fjármálaráðherra án efa ágætismaður. En þetta er mál sem við þurfum að ræða mun betur í efnahags- og skattanefnd um leið og ég þakka þetta samstarf og bið hv. nefndarmenn, hina átta sem ekki eru með mér á þessu áliti, að hugleiða hvort við værum í raun og veru ekki að gera hæstv. fjármálaráðherra mestan greiða með því að koma einhverju faglegu ferli af stað í kringum skipan þessarar stjórnar því að þessi stjórn og þetta félag mun hugsanlega þurfa að taka mjög erfiðar og umdeildar ákvarðanir. Ég vona svo sannarlega að það komi ekki í hlut

stjórnmálamanna eða aðila sem nátengdir eru stjórnmálaflokkunum að taka slíkar ákvarðanir því að sporin hræða í þeim efnum. Og ég tel að ef vel heppnast í þessu og þetta verður einungis „apparat“ sem mun veita bönkunum ráðgjöf með hóflegum hætti og tryggja að það sé sanngjörn og réttlát meðferð hjá skuldugum fyrirtækjum í þessu landi er þetta mál vissulega af hinu góða. Tilgangurinn núna er allur annar en í því frumvarpi sem lagt var fram á síðasta kjörtímabili. Ég man eftir því að við framsóknarmenn lágum undir miklum ámælum af hálfu ríkisstjórnarinnar þá að hafa ekki hleypt því máli í gegn og vilja ekki styðja það mál. Það mál var margsinnis gagnrýnt en ég held að það séu flestallir sammála því í dag að það var rétt að það mál fór ekki í gegn á sínum tíma og þess vegna þurfum við að hugsa vandlega um hvort við getum ekki náð einhverri sameiginlegri lendingu. Ég vona það og miðað við það samstarf sem verið hefur í þessari nefnd hingað til eigum við eftir að eiga gott samstarf áfram.

En að mínu viti þurfum við að kalla til þessa aðila til þess að fá álit þeirra á þessu frumvarpi sem er enn í meðförum nefndarinnar um leið og ég þakka öllum samnefndarmönnum fyrir gott samstarf. Það mættu fleiri mál vera meðhöndluð með þessum hætti hér á Alþingi Íslendinga innan nefnda og formaðurinn á réttilega hrós skilið fyrir það. Við erum búin að gera málið miklu betra en það var og þar hafa stjórn og stjórnarandstaða lagst á eitt og að sjálfsögðu ættu vinnubrögðin að vera með þeim hætti frekar en að við þurfum að hlusta á ýmsar yfirlýsingar ráðherra ríkisstjórnarinnar sem virðist í sumum málum geta gefið út dagskipanir og þá fara málin nær óbreytt í gegn. Við eigum að vinna saman á þinginu og þetta mál, sem er eitt af fyrstu málunum sem efnahags- og skattanefnd tók fyrir, lofar góðu í þeim efnum og ég hlakka til vinnunnar á milli 2. og 3. umr. um þetta mál.

[21:33]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Mig langar að taka undir það sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði hér um störf nefndarinnar. Sem nýliði á þingi hef ég haft mikla ánægju af því að vinna þetta mál í efnahags- og skattanefnd og hv. formaður nefndarinnar, Helgi Hjörvar, hefur höndlað málið með stakri prýði og mikilli yfirvegun og mikilli sanngirni. Ég met það mikils hve ólík sjónarmið hafa fengið mikið vægi og góða umfjöllun og hef haft ánægju af því, eins og ég sagði, að vinna þetta mál með þessum hætti. Ég ber það svolítið saman við önnur störf sem ég verð vitni að á þinginu og þetta hefur verið til mikillar fyrirmyndar.

Málið hefur tekið miklum breytingum. Ráðherra sjálfur hefur samþykkt þær breytingar og það ber líka að virða sanngirni hæstv. ráðherra í málinu. Þetta er mikið mál, þetta gæti orðið stórt og erfitt batterí við að eiga en efnahags- og skattanefnd hefur tæklað það með þeim hætti að það hefur breyst út því sem menn kölluðu sovét ohf. við 1. umr. í kannski eitthvað sem mætti kalla kækiber ehf. í dag. Deilan snýst kannski fyrst og fremst um það í dag hver á að eiga kækiberið og ráða því.

Minnihlutaálit Birkis Jóns Jónssonar er fyllilega réttmætt að því marki að við höfum kannski oft frekar slæma reynslu af því að vera með pólitískt skipaðar stjórnir og ég hef að ýmsu leyti aðhyllst það að skipuð yrði stjórn yfir þessu félagi með öðrum hætti en gert hefur verið hingað til hér á landi. Við fórum mjög rækilega í gegnum þetta og ræddum málið fram og til baka. Ég taldi og tel að hluta til enn að að þessu þurfi að koma erlendir stjórnendur einfaldlega vegna þess að hér þarf menn með mjög greinargóða og ítarlega þekkingu á þessum málum. Vonandi verður það raunin að hér komi inn einhverjir menn með slíka kunnáttu og reynslu.

Önnur ástæðan fyrir því að ég skrifa undir þetta nefndarálit með fyrirvara er að þetta snýst mjög mikið um trúverðugleika og traust. Trúverðugleiki er tvenns konar, það er trúverðugleiki í reynd og trúverðugleiki í ásýnd. Ég sagði hér um daginn að ég væri feginn því að við hefðum þó alla vega núverandi fjármálaráðherra til að skipa þessa stjórn en ekki einhvern annan sem hefði þá kannski verið forveri hans eða jafnvel einhver enn lengra síðan, því að ég treysti hæstv. fjármálaráðherra Steingrími J. Sigfússyni til að fara vel með þetta vald í þessu tilviki. Það verður svo bara að koma í ljós hvort hann stendur undir því trausti.

Trúverðugleiki í ásýnd er aftur annað mál og það er það sem blasir við fólki utan þessa salar og kannski fólki úti í samfélaginu og fólki erlendis líka. Það er sú aðferð að einn ráðherra skipi alla í stjórn svo mikilvægs félags, hver svo sem sá ráðherra er, sú ásýnd er kannski ekki eins skotheld og hún mætti vera. Ég tel því nokkuð víst að skipan stjórnar þessa félags muni sæta gagnrýni nánast sama hverjir verða skipaðir í stjórnina einfaldlega vegna þess að hún verður með þeim hætti að það er ráðherrann sem ræður. Það er miður í þessu tilviki, það þarf ekki endilega að vera svoleiðis, en ég treysti því að Alþingi beiti sér fyrir breytingum þar á ef það kemur í ljós að sú stjórn sem verður skipuð verði að einhverju leyti pólitísk og starfi á pólitískum nótum eða á byggðalegum forsendum því að við megum ekki heldur missa þetta mál út í hreppapólitík, það gæti orðið vont og jafnvel enn verra. Ég treysti því að þingið og ráðherrann standi sig með sömu prýði í þessu máli og hefur verið gert hingað til.

Eins og ég sagði þá hefur verið ánægjulegt fyrir mig sem nýjan þingmann að taka þátt í þessu starfi og ég er feginn að eiga aðild að því og mun styðja það áfram.

[21:38]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér nefndarálit meiri hluta efnahags- og skattanefndar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja. Frumvarpið er gjörbreytt og fjallar ekki lengur um þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki sem enginn gat reyndar skilgreint nákvæmlega, ýmist féllu öll fyrirtæki undir það eða ekkert, það hefur sem sagt tekið mjög miklum breytingum. Fyrir þá sem gagnrýna þessi frumvörp öll vil ég benda á að ríkið er í gegnum ríkisbankana þrjá að eignast fjöldamörg fyrirtæki í landinu og er búið að eignast þau og er komið með þau sem eigandi. Við búum því við þann vanda að vera með fjölda fyrirtækja sem eru í miklum vandræðum og eru gjörsamlega háð ríkisvaldinu.

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir er sá að samræma þarf hvernig tekið er á þessum fyrirtækjum þannig að jafnræðis sé gætt á milli kröfuhafa, jafnræðis milli eigenda, jafnræðis milli starfsmanna einstakra fyrirtækja og þess að gagnsæi sé viðhaldið í öllu ferlinu. Þetta er mjög mikilvægt. Mér finnst að unnið hafi verið mjög faglega í hv. efnahags- og skattanefnd að því að gera breytingar á þessu og mér finnst að þessi markmið hafi að mestu leyti náðst fram og eiginlega að öllu leyti. Ég er því tiltölulega ánægður með niðurstöðuna.

Þegar fyrirtæki lendir í vandræðum, hvort sem það er af eigin sökum eða vegna þess að það verður fyrir dóminóáhrifum af einhverju öðru fyrirtæki sem lendir í vandræðum, fara mikil verðmæti forgörðum yfirleitt. Þar er um að ræða stjórnendaþekkingu, ég nefndi þetta við 1. umr., þar er stjórnendaþekking, þar eru tengsl við birgja og umboðsmenn og annað slíkt, þar er „good-will“ sem fyrirtækið býr að meðal almennings o.s.frv. Það er mjög mikilvægt, frú forseti, að þessum verðmætum sé viðhaldið eins og hægt er. Það er reyndar mjög erfitt að viðhalda þeim en við þurfum að stefna að því að viðhalda þessum verðmætum og einn þáttur í því er að búa til fyrirtæki sem veitir bönkunum ráðgjöf við þetta uppgjör og samræmingu á reglum þannig að það séu ekki mismunandi reglur í bönkunum þremur og jafnvel innan hvers banka fyrir sig. Að fyrirtæki séu ekki stundum meðhöndluð svona og stundum hinsegin, að það sé einhver aðili sem hefur vald til þess og líka þekkingu innan borðs til að beina þessu ferli inn í samræmt og gagnsætt ferli. Það er nefnilega alls ekkert einfalt að ráða við þann vanda sem við erum með í dag, svona mikið og almennt gjaldþrot fyrirtækja hefur aldrei verið á Íslandi áður. Það er eitthvað sem við þurfum að taka á og mér sýnist að þetta fyrirtæki, eftir að breytingar hafa verið gerðar á því, nái því markmiði.

Það kemur fram í greinargerð á síðu 3, með leyfi forseta:

„Eins og áður sagði lagði Josefsson áherslu á að félagið ætti ekki að kaupa lánskröfur eða eignarhluta í fyrirtækjum nema nauðsyn bæri til.“

Ég skil þá nauðsyn eingöngu þannig að ef viðkomandi banki eða bankar ef allir bankarnir eiga kröfu á eitt fyrirtæki sem sé svo mikið í sniðum að bankarnir hver um sig ráða ekki við það. Það er minn skilningur á þessari setningu. Það stendur líka í lögunum um tilgang félagsins að það eigi eingöngu í undantekningartilvikum að kaupa lánskröfur og eftir atvikum eignarhluti í hlutaðeigandi atvinnufyrirtækjum. Þetta á að vera algjör undantekning og það er ekki undantekning í þeirri stöðu sem við búum við í dag heldur undantekning í þeim fjölda fyrirtækja sem við erum að fjalla um. Þannig lít ég á það. Það verður vonandi aldrei að fyrirtæki þurfi að kaupa kröfur, svo ég tali nú ekki um hluti í fyrirtækjum.

Svo kemur hinn endinn og það er ráðstöfun eignanna og það er ekki minni vandi. Hann er eiginlega öllu stærri, hann er miklu, miklu stærri, frú forseti. Ríkisstjórnin er alltaf pólitískt valin — hún hlýtur að vera það, hún er kjörin af Alþingi og hún er pólitískt kjörin — og hún ráðstafar bönkunum sem eru ríkisbankar, þannig að allt er þetta, ef ég má nota það orð, löðrandi í pólitík. Bankaráðin eru þar af leiðandi undir pólitískum áhrifum og ráðstöfun á fyrirtækjunum sem á að fara að selja gæti þar af leiðandi — ég legg áherslu á gæti — orðið pólitísk. (Gripið fram í.) Og þá held ég að við getum lent í vondum málum, sagan hefur kennt okkur það, og ég tel einmitt að þetta fyrirtæki sem veitir ráðgjöf, samræmda ráðgjöf, án þess að koma að sem eigandi eða kröfuhafi, geti hindrað þau slys sem hugsanlega gætu ella orðið í svona pólitískt löðrandi kerfi.

Það náðist líka fram sú breyting að það væri hugað að samkeppni í þessu bæði þegar fyrirtækin eru tekin yfir og eins þegar þau eru seld. Það er mjög mikilvægt líka og bent var á það og nefndin breytti því. Síðan var líka hugað að því að aðrir aðilar gætu komið að ásamt með bönkunum við söluna, t.d. lífeyrissjóðir eða samtök þeirra, fyrirtæki einstaklinga, það gæti verið að einstaklingar stofnuðu hlutafélag til þess að kaupa svona fyrirtæki, útlendingar gætu komið að ásamt með þeim aðilum sem er verið að selja, þannig að þetta verði almennur kaupendamarkaður að þessum fyrirtækjum.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta, ég bendi á að markmið laganna er gjörbreytt, það á ekki að kaupa eitt eða neitt, það á að tryggja skjóta úrlausn fjármálafyrirtækja á skuldavanda rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja og sama er með tilgang félagsins, hann er gjörbreyttur líka.

Hv. þingmaður Birkir Jón Jónsson ræddi dálítið um stjórnina og sá vandi var töluvert ræddur í nefndinni. Ég legg til eins og hér hefur komið fram að nefndin fjalli um málið á milli 2. og 3. umr. og fái til sín gesti sem gefa væntanlega breytt álit á þessu frumvarpi, það er jú breytt, og einnig að menn fjalli faglega um vandamálið með stjórnina og ég treysti því að það verði gert áfram.

Í þeirri stöðu sem við stöndum í dag er verulega mikilvægt að menn vinni að lausn þessara fyrirtækja, að lausn bankanna og öllu slíku með miklum hraða. Það er nefnilega þannig að allt er einhvern veginn í frosti, bankarnir geta ekki lánað, það er enginn að kaupa fyrirtæki, það er enginn að ganga frá fyrirtækjum. Mér finnst mjög brýnt að frumvarpið nái fljótt fram vegna þess að vandinn er vaxandi. Það er mjög mikilvægt að svona fyrirtæki fari í gang, byrji jafnvel að selja fyrirtæki ef áhugi er fyrir því, og ég held, frú forseti, að það sé töluvert meiri áhugi á því að kaupa fyrirtæki á Íslandi en menn átta sig á og töluvert meiri kraftur sem stendur á bak við það. Lífeyrissjóðirnir hafa mjög mikið lausafé, það telst í tugum milljarða. Bankarnir eru fullir af lausafé og vextir eru meira að segja farnir að lækka langt niður fyrir stýrivexti, stýrivextir eru hættir að stýra á Íslandi. Vextir eru ekki lengur 12% eins og menn gætu haldið, þeir eru eitthvað um 9%, 9,5%, og fara lækkandi vegna þess hve miklir peningar eru í umferð. Þetta gerir það að verkum að mikið fé bíður eftir því að fara að vinna og þetta frumvarp gæti stuðlað að því, ef vel tekst til, að þessir peningar fari að vinna. Það er svo mikilvægt, eins og ég hef bent á, að við fækkum þeim sem þiggja atvinnuleysisbætur og fjölgum þeim sem borga skatta með því að auka atvinnutækifærin í þjóðfélaginu. Þetta frumvarp gæti eftir allar þessar breytingar, sem eru mjög jákvæðar, orðið einn þáttur í því að koma því í gang.

Frú forseti. Ég get ekki lokið þessu máli án þess að bera lof á hv. formann nefndarinnar, Helga Hjörvar, sem nú er

reyndar horfinn úr þingsal en hann heyrir þetta sennilega seinna. Hann hefur unnið þetta mjög faglega og hefur tekið mið af öllum sjónarmiðum sem hafa komið fram. Allar hugmyndir hafa verið ræddar, sumar hafa náð fram, aðrar ekki eins og gengur en menn hafa það á tilfinningunni að unnið hafi verið mjög faglega. Ég tel að sú niðurstaða sem við erum með hér, þetta gjörbreytta frumvarp sé miklu betra en það sem lagt var af stað með og það er hv. formanni nefndarinnar að þakka.

[21:49]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Ég fagna því að þetta mál er komið til 2. umr. Það er alveg ljóst að á sínum tíma var ráðherra og nefndinni nokkur vandi á höndum. Þetta er eitt af þeim stóru málum sem komið er inn til Alþingis sem þarf að vinna hratt en samt gríðarlega vel. Atvinnulíf landsmanna er komið í hendur bankanna og víða um samfélagið er til staðar mikið vantraust á vinnubrögðum þeirra. Ég held að það sé ekki réttmætt því að ég held að bankarnir séu að miklu leyti að gera sitt besta í mjög erfiðri stöðu.

Markmið nefndarinnar var að móta reglur til að tryggja góð vinnubrögð innan bankanna, að tryggja gagnsæi og kannski ekki síst að veita ráðgjöf erlendis frá, einhvern farveg inn í íslenskt bankakerfi. Þá var það ekki síður markmið nefndarinnar að móta einhverjar reglur um hvernig þingið gæti haft eftirlit með að góðum vinnubrögðum væri fylgt, gætt væri jafnræðis og gætt væri að samkeppni o.s.frv.

Heilt yfir var það mat nefndarinnar að starfsemi miðlægs eignaumsýslufélags kynni að reynast vel í ákveðnum tilvikum þegar um væri að ræða endurskipulagningu mikilvægra atvinnufyrirtækja og þá sérstaklega þegar vinna við slíka endurskipulagningu væri umfangsmikil og erfið viðfangs fyrir hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki. Athuga ber að þarna er gengið út frá þeirri forsendu að nýju bankarnir þrír muni í flestum tilvikum hafa alla burði til að leysa úr skuldavanda fyrirtækjanna sem væru í viðskiptum við þá. Hins vegar má ekki gleyma því að það er áhyggjuefni að við núverandi efnahagsaðstæður er fjöldi atvinnufyrirtækja í skuldaerfiðleikum og að geta og færni hinna nýstofnuðu banka til að annast þessa endurskipulagningu er takmörkunum háð.

Við umfjöllun málsins innan nefndarinnar var lögð áhersla á mikilvægi þess að aðferðir við skuldameðferð atvinnufyrirtækja byggist á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum þar sem gætt væri jafnræðis milli fyrirtækja og gagnvart kröfuhöfum þeirra. Meiri hlutinn hefur lagt á það ríka áherslu að úrræðin komi að gagni til að fyrirbyggja að verðmæt og rekstrarhæf fyrirtæki fari forgörðum í meira mæli en orðið hefur vegna hrunsins. Innan nefndarinnar hafa komið fram þau sjónarmið að þeir sem misst hafa fyrirtækin þrátt fyrir skynsamlegan rekstur eigi að fá tækifæri til að eignast þau aftur. Um þessi sjónarmið hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal t.d. rætt bæði í 1. umr. og í 2. umr. og ég get tekið undir sjónarmið hans. Það er mikilvægt að tryggt verði að hæfir stjórnendur fyrirtækjanna eigi að fá einhverja hlutdeild í því að endurreisn þeirra takist vel, og ég held að það sé mikilvægt að við stöldrum aðeins við þennan punkt því ákveðins misskilnings hefur gætt í almennri umræðu.

Ég held að langstærstur hluti stjórnenda í íslenskum fyrirtækjum hafi stýrt fyrirtækjum sínum með ágætum hætti en eru hins vegar í dag með fyrirtæki sín í miklum vandræðum vegna utanaðkomandi áhrifa. Meðal þessara stjórnenda leynist margt hæfileikafólk sem gegna þarf lykilhlutverki við endurreisn þessara fyrirtækja og því þarf að gæta að þeirri þekkingu sem þar býr. Það þarf að tryggja að þetta fólk geti haft aðkomu að endurskipulagningu sem á sér stað innan bankakerfisins á þeim atvinnufyrirtækjum sem þar eru.

Mig langar einnig að staldra við í frumvarpinu þar sem við ræðum um rekstrarhæf atvinnufyrirtæki. Þar á meiri hlutinn við þau fyrirtæki sem skila framlegð eða eru líkleg til þess eftir endurskipulagningu. Hér erum við að horfa til vænlegra fyrirtækja sem búa við jákvætt sjóðstreymi og horfum þá til þess að breyta þurfi samsetningu skulda þeirra til að þau komist klakklaust út úr þeim erfiðleikum sem þau búa við.

Í frumvarpinu gerum við einnig ráð fyrir að félagið hafi heimild til þess að kaupa eignarhluta í atvinnufyrirtækjum ef nauðsyn ber til og einkum þá vegna mikils umfangs endurskipulagningarinnar. Hins vegar ber að leggja áherslu á að hér er aðeins verið að tala um undantekningartilfelli þegar gert er ráð fyrir að félagið þurfi að kaupa veðkröfur í þessum fyrirtækjum.

Í umsögnum til nefndarinnar taldi Samkeppniseftirlitið að tillögudrögin kynnu að fara í bága við markmið samkeppnislaga og að gefin fyrirheit um samræmdar lausnir fjármálafyrirtækja við skuldavanda atvinnufyrirtækja drægju verulega úr þeim sjónarmiðum. Ég held að það sé mikilvægt að halda því til haga að meiri hlutinn ítrekar það sem áður hefur komið fram um mikilvægi þess að félagið gæti hlutlægni, gagnsæis og jafnræðis við meðferð rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja. Það er alls ekki markmið laganna að hindra samkeppni með nokkrum hætti og raunar tel ég ekki að það verði raunin.

Eins og segir í a-lið 3. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Félagið skal starfa eftir gagnsæjum og hlutlægum reglum um endurskipulagningu og kaup á eignum að teknu tilliti til sjónarmiða um jafnræði og samkeppni.“

Það er að segja gagnsæi í störfum félagsins og vinnubrögðum bankanna ætti þannig að mínu mati að virkja samkeppnina miklu fremur.

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir að það er mikilvægt að félagið ráðstafi eignarhlutum í fyrirtækjum eins skjótt og markaðsaðstæður leyfa og jafnframt að teknu tilliti til sjónarmiða um virka samkeppni og dreifða eignaraðild. Undirstrikað hefur verið á fundum nefndarinnar mikilvægi þess að heimila aðkomu áhugasamra fjárfesta að söluferlinu, einkum einstaklinga og lífeyrissjóða. Hér erum við að snerta á mikilvægi þess að atvinnufyrirtækjum þessum sé ráðstafað með skynsamlegum hætti.

Í c-lið 3. gr. frumvarpsins segir að tilgangur félagsins sé eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Að ráðstafa eignum sem félagið kaupir, sbr. a-lið, eins fljótt og markaðsaðstæður leyfa með gagnsæjum hætti og að teknu tilliti til sjónarmiða um jafnræði, virka samkeppni,

dreifða eignaraðild, þar með talið eignaraðild starfsfólks, hámörkun verðmæta ríkissjóðs og byggðafestu.“

Þetta er mikilvægur þáttur og ég held að sé fyrsta skrefið tekið í þá átt að tryggja að þessi fyrirtæki komist aftur út á markaðinn og úr eigu bankanna.

Meiri hlutinn er sammála því að mikilvægt er að tryggja gagnsæi í störfum félagsins og eftir ítarlegar umræður var lagt til að Ríkisendurskoðun annist fjárhagsendurskoðun félagsins og að stjórn félagsins verði heimilað að ráða innri endurskoðanda eða endurskoðunarfélag. Þar er enn fremur lagt til að félagið gefi efnahags- og skattanefnd Alþingis að lágmarki tvisvar á ári skýrslu um starfsemi þess og að fjármálaráðherra gefi þingheimi ítarlega skýrslu um starfsemina með sama millibili og þá um leið um ráðningu framkvæmdastjóra stjórnar.

Eða eins og segir í 6. gr., með leyfi forseta:

„Þá skal gerð grein fyrir hvernig könnun hefur farið fram á almennum og sérstökum hæfisskilyrðum stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra sem starfa á vegum félagsins auk þess sem getið skal um hagsmunatengsl og önnur atriði sem til þess eru fallin að draga óhlutdrægni þessara aðila í efa.“

Þessi hæfismál eru vissulega vandmeðfarið verkefni eins og kom fram í máli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar og ég tel og tek að mörgu leyti undir með þeim sjónarmiðum sem hann reifaði, að nefndin þurfi að skoða þetta vandlega í meðförum málsins á milli 2. og 3. umr. Ég tel þó að með þessu ákvæði séum við að skapa nauðsynlegt aðhald við ákvarðanir fjármálaráðherra við skipun stjórnar og framkvæmdastjóra og formaður nefndarinnar rakti sömuleiðis þau álitamál hér áður.

Frú forseti. Að lokum við ég segja þetta: Markmið þessarar lagasetningar er að tryggja hlutlæga ráðgjöf, sanngjörn og gegnsæ vinnubrögð og að tryggja jafnræði og heiðarlega samkeppni. Því markmiði er náð með þessu frumvarpi og ég vil einnig leggja á það áherslu að aðeins í undantekningartilfellum á þetta umsýslufélag að fara inn í atvinnufyrirtækin sjálf, aðeins í algjörum undantekningum, því þetta eignaumsýslufélag á fyrst og fremst að vera ráðgefandi og tryggja góð vinnubrögð.

Í gegnum eignarhald sitt á bönkunum situr ríkið nú uppi með stóran hluta af atvinnulífi landsmanna. Það er í raun og veru grábölvað. Hér erum við um leið að reyna að móta farveg fyrir gagnsæi í vinnubrögðum á þeim þáttum sem snúa að þeirri tengingu sem við komumst ekki hjá, þ.e. tengingunni á milli stjórnmálanna og atvinnulífsins. Ekki síður þurfum við öll, og það erum við að reyna með þessu frumvarpi, að byggja upp traust á þessari tengingu.

Lykilsetningin í þessu öllu saman er kannski sú setning sem sjaldan eða að ég held ekki er að finna í þessu frumvarpi, þ.e. að við erum að reyna að endurvinna traust á bankakerfi landsmanna og skapa traust á endurreisn atvinnulífsins. Ég tel að þetta frumvarp hafi náð þeim markmiðum, ekki síst fyrir tilstilli vinnu nefndarmanna og góðri vinnu formanns nefndarinnar, hv. þm. Helga Hjörvars, og ég tek undir með nefndarmönnum sem hafa rætt um gott starf hans á undanförnum vikum.

[21:58]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er í raun alveg nýtt mál fyrir mér, frú forseti. Það hefur tekið það miklum breytingum að maður veltir því fyrir sér hvernig smíðin á frumskjalinu var, hvernig því var háttað og hvaða vinna var lögð þar í, breytingin er þvílík. Þetta er miklu betra skjal eða betra mál sem nú er verið að fjalla um og kynna fyrir okkur, því er ekki að neita. Ég get tekið undir það sem sagt hefur verið varðandi þær breytingar sem hafa verið gerðar á frumvarpinu. Ég vil samt árétta nokkur atriði sem koma fram í áliti minni hluta nefndarinnar, þ.e. í áliti hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. Það hefði mátt gera örlítið meiri breytingar á því til þess að þetta mál fengi algjöran stuðning í þinginu. Það er þó gott og rétt að halda því til haga að það virðist vera horfið frá því að búa til einhvers konar ríkisfyrirtæki sem ætti að sýsla með helstu fyrirtæki í landinu, heldur er þetta orðið miklu nær því að geta talist eðlilegt fyrirtæki eða eðlileg ráðstöfun sem hér er verið að fara fram með.

Þær efasemdir, eins og kom fram í máli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar áðan, eru ekki eingöngu bundnar við álit hans heldur hafa aðilar sem hafa komið fyrir nefndina, að mér skilst eða fjallað um málið, haft ákveðnar efasemdir við einstaka þætti og má þar nefna Alþýðusambandið, Samtök atvinnulífisins o.fl. Ég held að það sé mikilvægt, eins og ég skildi þingmenn fyrr í kvöld, að það sé eðlilegt að þetta verði rætt aðeins betur milli umræðna og jafnvel að þeir umsagnaraðilar sem komið hafa áður verði kallaðir aftur fyrir nefndina því að það er ljóst að þetta er ekki sama mál og þeir voru látnir fjalla um á sínum tíma.

Varðandi einstök atriði í frumvarpinu er ljóst að þar er gert ráð fyrir að ráðherra fái töluvert mikið vald og þær efasemdir sem ég hef varðandi það snúast ekki um þann ágæta ráðherra sem er nú í stóli fjármálaráðherra heldur það að við séum að skilja þetta eftir nokkuð opið. Ég held að það sé mjög mikilvægt að í þessu félagi og þessu máli sem og öðrum sem við fjöllum um að sagt sé með skýrum hætti skilið við þá hluti eða þau vinnubrögð sem tíðkuðust á sínum tíma og voru kannski ekkert óeðlileg á þeim tíma en nú eru uppi önnur sjónarmið í samfélaginu og hér á hinu háa Alþingi.

Ég tel einnig mikilvægt að ítreka að það sé tekið fram að í stjórninni skuli sitja aðilar sem eru íslenskir ríkisborgarar. Það er mikilvægt að tryggt sé að inn í þetta fyrirtæki eða inn í þetta félag verði skýr og öflug tengsl við þjóðfélagið og þá starfsemi eða þá menningu sem hér er, en að sama skapi sé tryggt að utanaðkomandi aðilar komi, með nýja sýn á hlutina.

Það eru nokkrir hlutir sem þarf að skýra og ég tek undir það sem kemur fram í áliti minni hlutans að það er mikilvægt að taka undir ábendingu Ríkisendurskoðunar um að reglur um sölu á eignarhlutum ríkisins verði lögfestar. Það er mjög mikilvægt að þau atriði séu mjög skýr og það liggi ljóst fyrir um leið og fyrsta skrefið er tekið í þessu hvernig menn ætli að halda áfram, hvernig á að klára þau mál sem hér er verið að fara af stað með.

Við gerum okkur kannski ekki öll grein fyrir því hvaða fyrirtæki, félög eða starfsemi gætu lent eða endað inni í

þessu eignarhaldsfélagi eða þessu félagi en það er að sama skapi alveg ljóst að áhrif þess og völd geta orðið mjög mikil og haft því áhrif á uppbyggingu efnahagslífsins og framtíð þess. Ég tek undir það sem fram hefur komið að þetta er eflaust mikilvægur þáttur í því að endurreisa efnahagslíf okkar og því er mjög mikilvægt að við vöndum vel til verka.

Það eru, eins og kemur fram í áliti minni hlutans, ekki allir sérfræðiaðilar sammála því að þetta sé besta leiðin en ég held að við eigum kannski ekki svo marga aðra möguleika til þess að koma að þessum málum og því ber að fagna að tillit hafi verið tekið til þeirrar gagnrýni sem kom fram við 1. umr. og unnið að málinu öllu með vandaðri og betri hætti.

Alþingi ákvað þegar verið var að ráða seðlabankastjóra að sérstök hæfisnefnd yrði skipuð til þess að fjalla um þá umsækjendur. Þetta er kannski ekki jafnmikilvægt og Seðlabankinn en engu að síður tel ég það mjög mikilvægt og í rauninni eðlilegt að gerð sé sama krafa þar, að það sé einhvers konar hæfisnefnd sem fjalli um þá sem tilnefndir verða í þessa stjórn, að það sé ekki eingöngu bundið við ráðherra á hverjum tíma að ákveða það og skipa. Ráðherra á að sjálfsögðu síðasta orðið um það og þarf að gefa sitt samþykki.

Hér er talað um að í tilnefninganefnd gætu setið fulltrúar ráðherra, eða ættu að sitja, og frá aðilum vinnumarkaðarins, eftirlitsstofnunum og háskólasamfélaginu. Með því móti er verið að tryggja sem breiðasta sýn á það hverjir séu hæfastir til þess að vera í stjórn.

Að lokum er í minnihlutaálitinu kveðið á um að minni hlutinn telji brýnt að ríkið setji sér skýra eigendastefnu. Ég held að það sé afar mikilvægt því að það er ekki sama hvernig á þessu er haldið og hvernig upplýsingar og annað er veitt út úr slíku félagi.

Ég ætla ekkert að hafa þessi orð mikið lengri, ég vil bara ítreka að það mál sem við fjöllum um hér er allt annars eðlis og í raun nýtt mál sem kemur nú frá nefndinni og það er alveg hægt að hrósa nefndinni fyrir að hafa tekið duglega til hendinni með að breyta því frumvarpi sem fyrst kom fram og þeirri tillögu. Hins vegar vil ég ítreka að nefndinni verði gefið færi á að kalla til sín eða leita umsagnar þeirra aðila sem gáfu umsögn um frumdrögin því að þetta er allt annað og er í rauninni nýtt mál eins og ég sagði áðan.

Að lokum ítreka ég að ég tel að það hefði verið hægt að gera örlítið betur og tek því undir álit minni hlutans.

[22:06]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir innlegg þeirra í umræðu um málið og hlý orð í minn garð en það hefur nú ekki verið erfitt að stjórna hv. efnahags- og skattanefnd eins vel og hún er mönnuð. Mér telst til að ég hafi þar á að skipa ekki færri en fjórum hagfræðingum, einum stærðfræðingi og tveimur með meistaragráðu í viðskiptastjórnun auk eins fyrrverandi framkvæmdastjóra úr atvinnulífinu sjálfu þannig að ég hef búið að því að hafa mikla og góða þekkingu sem varðar þetta málasvið í nefndinni. Sömuleiðis að þeirri yfirlýsingu hæstv. fjármálaráðherra við 1. umr. málsins um að hann legði það í raun og veru fram eins og hann hefði fengið það útfært frá tæknimönnunum og hann gaf í framsöguræðu sinni við 1. umr. nefndinni mjög frjálsar hendur með að vinna með málið eins vel og hún gæti. Það umboð frá hæstv. fjármálaráðherra er þakkarvert.

Við munum auðvitað, þó að mikilvægt sé að vinna hratt og vel að endurreisn íslensks atvinnulífs, taka þann tíma í meðferð þessa máls sem þarf til þess að sem best verði til þess vandað og hægt að koma til móts við sem flest sjónarmið. Við munum áfram fjalla um þau sjónarmið sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson reifaði milli 2. og 3. umr. þó að það verði trúlega alltaf deilt um stjórnarskipunina, eins og hv. þm. Þór Saari nefndi hér, á hvern veg sem hún verður. En ef við getum fundið leiðir til þess að styrkja þann þátt málsins frekar til að skapa meiri sátt og eyða tortryggni hljótum við að leitast við að gera það.

Ég þakka hv. þm. Magnúsi Orra Schram fyrir að skýra vel ýmsa þætti málsins og vil að lokum taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal um að við verðum að fjalla um þessi mál með þeim hætti sem veruleikinn hefur búið okkur. Öll stærstu fjármálafyrirtæki landsins eru orðin ríkisfyrirtæki. Þau hafa hjá sér mikinn fjölda af fyrirtækjum í miklum skuldavanda og eiga ýmist eða gætu átt gríðarlegan fjölda fyrirtækja sem hjá þeim eru í viðskiptum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ríkið hafi skýra stefnu og sterka aðkomu að þessari uppbyggingu því að eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði er þetta allt löðrandi í pólitík. En einmitt vegna þess að við höfum lært það af reynslunni að við þurfum að gæta sem allra best faglegra sjónarmiða í atvinnulífinu og reyna að draga úr pólitískum áhrifum sem mest er hér reynt að skipa málum þannig að þau séu armslengd frá stjórnmálunum og milli 2. og 3. umr. geri ég ráð fyrir að í þinginu komi líka fram stjórnarfrumvarp um sérstaka eignarhaldsstofnun fyrir þetta félag og sömuleiðis fyrir ríkisbankana sem er þá gefinn möguleiki á að skipað gæti stjórn þessa félags. Þannig væri stjórnarskipunin í rauninni færð úr höndum ráðherrans og við hljótum að skoða það milli umræðna um málið um leið og ég þakka fyrir þessa góðu umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hvalir, 1. umr.

Stjfrv., 112. mál (heildarlög). — Þskj. 141.

[22:11]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi á þingskjali 141, 112. mál, en um er að ræða frumvarp til laga um hvali.

Þann 10. mars 1999 ályktaði Alþingi að hefja skyldi hvalveiðar hið fyrsta hér við land. Í kjölfar þeirrar ályktunar voru ýmis skref stigin að þessu markmiði. Ber þar m.a. að nefna kynningu á málstað Íslands erlendis, endurinngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið, virka þátttöku innan Alþjóðahvalveiðiráðsins við tilraunir til að koma þar á stjórnkerfi fyrir hvalveiðar í atvinnuskyni sem og málflutning á vettvangi

samningsins um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, virka þátttöku innan Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins og viðamiklar talningar á hvalastofnum og framkvæmd hrefnuhluta vísindaáætlunar Hafrannsóknastofnunar. Það var síðan þann 17. október 2006 sem þáverandi sjávarútvegsráðherra lýsti því yfir á Alþingi að atvinnuveiðar á hrefnu og langreyði mundu hefjast að nýju hér við land eftir tuttugu og eins árs hlé. (Gripið fram í.)

Frá því í febrúar sl. hefur verið unnið að því í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að yfirfara og endurmeta ákvörðun fyrrverandi ráðherra sem heimilaði veiðar á langreyði og hrefnu næstu fimm ár með útgáfu reglugerðar og fjögurra veiðileyfa þann 27. janúar sl. Víðtækt samráð hefur átt sér stað við fulltrúa mismunandi hagsmuna og sjónarmiða, sem og við Hafrannsóknastofnunina auk þess sem leitað var til hæstaréttarlögmanns til þess að meta lagalega stöðu málsins. Niðurstaða í málinu var sú að ákvörðun fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um hvalveiðar í atvinnuskyni skyldi standa óbreytt fyrir yfirstandandi ár. Á hinn bóginn var tekið fram að hvalveiðimenn geta ekki gengið að því sem vísu að ákvörðun hans standi hvað varðar veiðar næstu fjögur ár. Stjórnvöld munu fylgjast grannt með framvindu veiðanna og málum þeim tengdum og áskilja sér allan rétt til að grípa inn í verði breytingar á forsendum. Þá mun grundvöllur hvalveiða verða endurmetinn og því starfi mun verða lokið fyrir undirbúning vertíðar ársins 2010. Það endurmat felst m.a. í rannsókn á þjóðhagslegri þýðingu hvalveiða þar sem vegnir verða og metnir mismunandi hagsmunir. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gerði samning við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í apríl sl. um að taka að sér að leggja mat á þjóðhagsleg áhrif hvalveiða við Ísland. Í matinu verður litið til áhrifa hvalveiða á atvinnustig, fjárfestingar og útflutningstekjur auk afleiddra áhrifa á ferðaþjónustu og önnur hugsanleg áhrif á aðrar atvinnugreinar. Í því skyni verður beitt kostnaðar- og nytjagreiningu til að vega saman jákvæð og neikvæð áhrif af hvalveiðum fyrir þjóðarhag.

Í kjölfar ofangreindrar athugunar skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nefnd til að gera tillögu að endurskoðun laga um hvalveiðar, nr. 26/1949. Í skipunarbréfinu sagði að lögin bæru sterk kennimerki liðins tíma og þörfnuðust endurskoðunar með hliðsjón af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Var nefndinni ætlað að hafa hliðsjón af öðrum lögum um nýtingu sjávarauðlinda í því skyni að tryggt yrði, eftir því sem kostur væri, að samræmis og jafnræðis væri gætt við framkvæmd laganna. Í samræmi við skipunarbréf sitt endurskoðaði nefndin lög nr. 26/1949, um hvalveiðar, og hefur nú skilað af sér frumvarpi því sem hér er mælt fyrir.

Frumvarpið byggir á þeirri meginforsendu að verði hvalveiðar stundaðar hér við land verði það gert á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Það er á valdi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hvort hvalveiðar eru stundaðar og í hve miklum mæli. Hafrannsóknastofnun gerir tillögur til ráðherra um nýtingu hvalastofnanna í upphafi árs. Ráðherra kynnir þessar tillögur og forsendur þeirra og gefur þeim sem það kjósa frest til að koma athugasemdum sínum á framfæri vegna þeirra. Að þeim fresti liðnum tekur ráðherra ákvörðun um hvaða tegundir hvala skuli veiða og hve marga af hverri tegund. Þetta gefur ráðherra færi á að taka tillit til rökstuddra athugasemda um hagsmunaárekstra og önnur sjónarmið við aðrar atvinnugreinar svo sem hvalaskoðun.

Þegar fyrir liggur hvort veiða megi hvali á sjálfbæran hátt og þá hvaða hvali megi veiða og hve marga af einstökum tegundum tekur ráðherra ákvörðun um það með hvaða hætti þeim veiðum er stjórnað. Hann getur valið milli aðferða í því efni samkvæmt frumvarpinu. Honum væri heimilt að skipta leyfilegum fjölda dýra eða hluta þeirra á milli skipa og við það taka mið t.d. af reynslu þeirra eða stærð. Hann getur einnig ákveðið að veiðar skyldu frjálsar uns tiltekinn heildarfjöldi dýra væri veiddur eða ákveðið að takmarkanir yrðu á fjölda veiddra hvala á tilteknum tíma. Þá eru í frumvarpinu ýmis ákvæði sem lúta að skilyrðum fyrir veitingu leyfa til hvalveiða en þar er gert ráð fyrir að mun ítarlegar verði kveðið á um þau í reglugerðum.

Auk þess sem frumvarpið opnar víðtæka möguleika við stjórn hvalveiða og eftirlit með þeim til að tryggja m.a. mannúðlega aflífun eru í frumvarpinu ákvæði sem tryggja eiga að fullkomnum veiðitækjum sé beitt og að aðilar sem veiðarnar stundi hafi þjálfun í meðferð veiðitækja. Að lokum má nefna að ráðherra hefur heimildir til þessa að binda hvalveiðar við ákveðin svæði, m.a. í því skyni að tryggja að þær trufli ekki hvalaskoðun.

Nauðsynlegt er að frumvarp þetta verði samþykkt nú á þessu sumarþingi til þess að afla megi heimilda m.a. fyrir hvalveiðigjaldi til þess að mæta kostnaði eftirlitsaðila, sem engar fjárheimildir eru nú fyrir.

Frú forseti. Að öðru leyti vísa ég til þeirra athugasemda sem fylgja frumvarpinu og fylgiskjals með því sem hefur að geyma kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins. Ég vil minnast á hér að undirbúningi þessa frumvarps hefur verið hagað með þeim hætti að drög að frumvarpinu hafa verið um allnokkurn tíma aðgengileg á vef eða heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem allir sem þess hafa óskað hafa getað komið athugasemdum og ábendingum á framfæri varðandi þau efnisatriði sem frumvarpið mætti innihalda.

Ég legg ríka áherslu á að þetta frumvarp lýtur að fjölþættri umgjörð sem hið opinbera getur verið ábyrgt fyrir varðandi hvali í lögsögu Íslands og þess vegna er mjög mikilvægt að þetta mál komist sem fyrst til meðferðar þingsins af þeim ástæðum sem ég hef greint frá áður, að færa hin gömlu lög um hvalveiðar til nútímahorfs í þeim efnum en líka til þess að hinir ýmsu aðilar sem vilja koma ábendingum og athugasemdum á framfæri geti í meðförum þingsins fengið þar beinan aðgang að. Það er því mjög brýnt að málið fái meðferð í þinginu til þess að taka á atriðum sem eru löngu orðin úrelt í lögunum frá 1949 sem gilt hafa um hvalveiðar.

Ég legg því til, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og 2. umr.

[22:20]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég geri í sjálfu sér ekki athugasemdir við að settur skuli lagarammi um veiðar á hvölum sem fyrrverandi

sjávarútvegsráðherra leyfði korteri fyrir kosningar og það til nokkurra ára. Það eru hér mörg ákvæði sem vert er að taka vel í og fagna og ég vona að þau atriði sem mér líkar miður í þessu frumvarpi verði lagfærð í nefnd.

Mig langar aðeins til að nefna tvennt í stuttu andsvari. Annars vegar er gerð tillaga um að þetta frumvarp til laga fari til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Ég vil hvetja formann þeirrar nefndar til að vísa málinu til umsagnar umhverfisnefndar vegna þess að það skiptir verulega miklu máli að verndunarsjónarmið fái aðkomu að umfjöllun um þetta mál. Ég tel að það skorti svolítið á það. Ég tel tilvísun til alþjóðasamninga of þrönga. Hér er aðeins vísað til alþjóðahafréttarsáttmálans en Bernarsáttmálinn og jafnvel Osmar-sáttmálinn, sáttmálar sem við Íslendingar höfum gert fyrirvara við eru hvergi nefndir.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hverju það sætir að hvalveiðigjald sem hér er gert ráð fyrir að renni til Fiskistofu skuli ekki áætlað nema 1.000 kr. á þessu ári en að öðru leyti er reiknað með að það sé miklum mun hærra, eitthvað um 2.800 kr. á kíló.

[22:22]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir minntist á að umhverfisnefnd fengi frumvarp þetta til umsagnar. Ég hvet til þess af minni hálfu að leitað verði umsagnar umhverfisnefndar um það mál. Það er alveg sjálfsagt að leggja áherslu á þau sjónarmið sem lúta að þessum málaflokki, að koma þeim á framfæri við þingið við meðferð þessa máls í heild sinni.

Ég vil líka taka fram að varðandi hvali eru mörg sjónarmið uppi og einnig mjög sterk tilfinningasjónarmið sem ber líka að taka fullt tillit til. Ég legg áherslu á að það er hugað að öllu þessu í meðferð þingsins. Ég vil geta þess hér um leið að nú stendur yfir fundur í Alþjóðahvalveiðaráðinu sem við eigum aðild að.

Varðandi gjaldtökuna sem hv. þingmaður minntist á treystu menn sér til að vera með fullt gjald núna í ár vegna þess að það er þegar búið að veita leyfin samkvæmt lögunum frá 1949 þar sem ekki var gjaldskylda. Annars væri verið að koma aftan að þeim sem voru búnir að fá leyfin. Því var lögð áhersla á að ná á þessu ári a.m.k. inn ríflegum raunkostnaði fyrir eftirlitinu. (Forseti hringir.) Þess vegna, frú forseti, var haft þetta lægra gjald í ár.

[22:24]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég átta mig ekki alveg á þessum rökum eins og ég sagði. Ég tel eðlilegt að ef verið er að taka upp hvalveiðigjald á annað borð eigi að gera það á þessu ári jafnt sem á öðrum.

Hæstv. ráðherra nefndi tilfinningamál og tilfinningasjónarmið sem blönduðust í þetta. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að hvalveiðar eru í augum mjög margra, sérstaklega Vestur-Evrópubúa og Norður-Ameríkubúa, tákn um rányrkju, um það hvernig maðurinn hefur farið með auðlindir sjávar. Við Íslendingar höfum því miður ekki tekið nægilegan þátt í alþjóðasamstarfi um verndun hvala. Við höfum haft, eins og ég nefndi áðan, fyrirvara við verndunarákvæðið að því er lýtur að sjávarspendýrum m.a. í Bernarsáttmálanum.

Ég nefndi áðan að það væri ýmislegt sem ég gæti gert athugasemdir við, t.d. að í 1. gr. er vísað til þess að hvalastofnarnir séu sameign íslensku þjóðarinnar og það er áréttað í skýringum við þessa grein að Íslendingar hafi fullt forræði við nýtingu þessarar auðlindar. Ég vil minna á að stórhvelin eru flökkustofnar sem eru ekki bara eign okkar Íslendinga heldur sameign mannkyns og það verður að horfa til þeirra sem slíkra. Í nótt munu fyrstu tvær langreyðarnar koma á land. Það voru fréttir af því í dag að verið væri að flytja tvær fyrstu langreyðarnar til lands og ég tel að hér hafi í rauninni meiri hagsmunum verið fórnað fyrir minni og ég óttast að áhrif þess að við tökum nú upp (Forseti hringir.) stórhvalaveiðar geti orðið til að skaða orðspor Íslands enn frekar en orðið er (Forseti hringir.) og er vart á bætandi.

[22:27]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil að það komi einnig fram að það hefur verið svo eins og er kveðið á um í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna að Íslendingar áskilja sér hér eftir sem hingað til rétt til nýtingar sjávarauðlinda samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum og forsendur fyrir veiðum á nýtingu sjávarspendýra verða jú bara endurmetnar með tilliti til sjálfbærni og efnahagslegrar þýðingar fyrir þjóðarbúið í heild og alþjóðlegra skuldbindinga og ímyndar Íslands.

Ég legg áherslu á að við þær veiðar sem stundaðar eru, hversu svo umdeildar sem þær eru frá þeim sjónarmiðum sem hv. þingmaður vakti athygli á, er lögð rík áhersla á vísindalegan grunn sem staðfestur er á alþjóðavettvangi að um sjálfbærar veiðar sé að ræða hvað varðar viðkomandi stofna sem slíka þannig að það á ekki að vera hætta á rányrkju hvað það varðar.

En það er mjög mikilvægt að taka tillit til sem flestra sjónarmiða sem lúta að umgengni, verndun og nýtingu á þessum auðlindum sem öðrum og þess vegna hefur verið sett í gang mjög vönduð úttekt á þessum hagsmunum sem hægt er að leggja mat á með tölulegum hætti. Það er mjög mikilvægt í þessari umræðu að allar þær forsendur séu til staðar þegar ákvarðanir eru teknar en með þessu frumvarpi er verið að gefa ráðherra og þingheimi heimild til að stöðva (Forseti hringir.) veiðar ef rík ástæða er til sem ekki er í núgildandi lögum.

[22:29]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hvað hvalveiðar skapa mörg störf. Nú er mikill skortur á störfum í landinu, atvinnuleysi og atvinnunauð.

Þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki alveg öruggt að hann tryggi hvalveiðar áfram. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti ekki séð fyrir sér að tengja saman ferðaþjónustu og hvalveiðar. Nú hefur ferðaþjónusta blómgast mjög mikið, líka eftir að hvalveiðar

voru teknar upp og virðist það ekki hafa nein áhrif á ferðaþjónustuna þrátt fyrir spádóma um annað. Getur hæstv. ráðherra hugsað sér að tengja saman t.d. 8. gr. um þekkingu og reynslu af hvalveiðum þannig að seld verði veiðileyfi á hval? Það þykir mjög gott og fínt víða í Afríkuríkjum að menn veiði dýr af ýmsum stærðum og spurningin er hvort hæstv. ráðherra geti hugsað sér að selja veiðileyfi á hval, við skulum segja á 10 millj. eða 20 millj. á stykkið. Því fylgi kennsla á skutul og þriggja vikna námskeið þar sem veiðimennirnir búa á fimm stjörnu hóteli og borga svo fyrir hvern veiddan hval upp á 10 millj. Svo mega þeir hirða beinagrindina fyrir 1 eða 2 millj. í viðbót og fá svo mynd af sér. Sér hæstv. ráðherra það sem möguleika í ferðaþjónustu að tengja saman hvalveiðar og ferðaþjónustu?

[22:31]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er vandi fyrir ráðherra að blanda eigin tilfinningum inn í það að meta spurningu hv. þingmanns en varðandi þá veiðiaðferð sem hv. þingmaður lýsti síðast þá get ég eiginlega ekki hugsað mér það. En það er svo aftur bara mín tilfinning sem segir mér það. Hitt vil ég leggja áherslu á varðandi spurningar hv. þingmanns um störf og aðra verðmætasköpun í þessu sambandi að nú í ár er verið að hefja hvalveiðar eftir langt hlé og því er erfitt að leggja mat á það og upplýsingar um markað og markaðsverð og annað því um líkt. Þetta er eitt af því sem sú stofnun sem ráðuneytið hefur falið að gera þessa úttekt á að fylgjast vel með, hverju þessar veiðar eru að skila og koma með upplýsingar um í lok veiðitímabilsins í ár.

Varðandi ferðaþjónustuna þá er það alveg rétt hjá hv. þingmanni að huga þarf sérstaklega að ferðaþjónustu sem tengist þessu og hann minntist þar á hvalaskoðun. Núna er svæðisskipt hvar megi stunda þær hvalveiðar sem fóru af stað samkvæmt ákvörðun fyrrverandi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra eða þar á undan og hvar er frátekið svæði fyrir hvalaskoðun. Það má vel vera að færa verði til þessi svæði þannig að tekið sé tillit til þessara sjónarmiða. (Forseti hringir.) Nú þegar er farið að tengja saman með þessum hætti hvalveiðar og ferðaþjónustu og ég tel að huga eigi vandlega að ferðaþjónustuþættinum varðandi þetta mál.

[22:33]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki vera nógu bjartsýnn og ekki nógu vakandi yfir möguleikum í sínu ráðuneyti við að búa til enn meiri verðmæti úr hvalveiðum en gert er í dag. Ég man þá tíð að það þótti mikill viðburður fyrir erlenda ferðamenn og allir mínir erlendu vinir sem heimsóttu mig á Íslandi á þeim tíma fóru upp í hvalstöð til að sjá hvalskurð. Það var ógleymanlegt fyrir þá ferðamenn og þeir tala um það enn þann dag í dag hvað það var mikilfenglegt að sjá hvalskurð. Ég vil að menn séu opnir fyrir því að nýta hvalinn að öllu leyti til ferðaþjónustu. Það að skoða lifandi hval, að sjá hval skorinn, að borða hval og fá að veiða hval, fá veiðileyfi til að veiða hval hugsa ég að gæti verið ógleymanlegt fyrir þá sem hafa gaman af því að veiða stór dýr.

Ég vil endilega að hæstv. ráðherra sé opnari fyrir möguleikum í sínu ráðuneytis í því að skapa atvinnu og búa til verðmæti í landinu.

[22:35]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að hvalveiðar og neysla á hvalafurðum er hluti af menningu strandríkja eins og Íslands og fleiri ríkja, enda er skýrt kveðið á um það og Ísland hefur ávallt haldið því fram að nýting sjávarauðlinda sé réttur strandríkja ef það er gert á sjálfbæran hátt og í sátt við alþjóðasamfélagið og á það er einmitt lögð áhersla í þessu sambandi.

Ég vil líka taka undir þau sjónarmið hv. þingmanns að hvalur meðfram ströndum landsins er ein af auðlindum okkar og bendi á að nú þegar er hann undirstaða undir mjög víðtæka og sterka ferðamannaþjónustu sem skapar gjaldeyri til landsins og skapar fjölda starfa í landinu sem ég vonast einnig til að fá úttekt á í þeirri greinargerð sem við höfum beðið Háskóla Íslands að vinna fyrir ráðuneytið, að öll þessi sjónarmið og allir þeir möguleikar sem hvalurinn gefur í atvinnusköpun fyrir þjóðina séu þar vegnir og metnir saman. Ég legg áherslu á hversu mikilvægt það er fyrir okkur að hafa mjög sundurgreindar upplýsingar um þá miklu hagsmuni sem eru í húfi fyrir íslenska þjóð að hvalastofnar við Ísland (Forseti hringir.) séu bæði verndaðir og þeir nýttir til sem mestra hagsbóta og þjóðhagslegs ábata fyrir þjóðina.

[22:37]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að frumvarp til laga um hvali er komið fram í þinginu og óska sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til hamingju með það. Það kemur til endurnýjunar á lögum sem eru ívið eldri en ég, lög frá 1949, og kominn tími til að lögfesta veiðarnar í því umhverfi sem við búum við í dag.

Ég fagna því líka að í lagafrumvarpinu er sett fram það markmið að sameina bæði verndun og nýtingu og að verið er að tryggja þann rétt okkar að nýta sjávarauðlindina hvað varðar hvalveiðar og er mikilvægt að halda því til haga að við höldum þessum rétti þrátt fyrir töluverða pressu í alþjóðlegu umhverfi um að við hættum hvalveiðum.

Ég verð að segja það hreinskilnislega að þegar ég sem skólastjóri var á ferðalagi í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum og heimsótti þar skóla og sá hvernig fjallað var um hvali sem gæludýr þá fylltist ég ákveðinni svartsýni á að hér yrðu hafnar hvalveiðar að nýju. Það var einfaldlega þannig að skólabörn í miðri Washington-borg voru að teikna myndir af hvölum, eignuðust hvali sem sagðir voru hvalir á Íslandsmiðum og greiddu jafnvel framlög til að fylgjast með þessum hvölum. Á einhvern hátt virkaði þetta á mig sem alveg ótrúleg firring að hægt væri að ljúga því að börnum að það væri verið að fylgjast með ákveðnum hvölum í Norðurhöfum og hafa af þeim peninga til að vernda þessa hvali.

Sjálfur hef ég alltaf litið á hvali sem hluta af lífríkinu

sem við eigum að nýta okkur en auðvitað eigum við að ganga að lífríkinu þannig að við göngum ekki á hvalastofninn, að við tryggjum verndina og þess vegna fagna ég því að hér er reynt að setja lagaramma sem gerir hvort tveggja hvað þetta varðar.

Ég fagna því líka að í 1. gr. kemur skýrt fram að þeir sem fá leyfi til að nýta hvalakvóta eða fá að stunda veiðar myndar ekki eignarrétt eða ígildi eignarréttar eins og kvótakerfið hefur gert, að það sé afdráttarlaust tekið fram að hér fá menn eingöngu afnotarétt. Ég fagna því líka að það sé sett á þetta veiðileyfisgjald þannig að þeir sem nýta auðlindina þurfi að greiða fyrir það og bera kostnaðinn sem fylgir því að vel sé staðið að málum og að sú þjónusta sem hvort heldur Fiskistofa eða Matvælastofnun inna af hendi í sambandi við eftirlit hvort sem er með veiðum eða vinnslu, sé greidd af viðkomandi fyrirtækjum sjálfum.

Mér brá svolítið þegar ég las frumvarpið af því að það er mikið af ákvæðum þar sem hæstv. ráðherra er falið að túlka lögin með ýmsum hætti og leyfin eru gefin út af hæstv. ráðherra eins og verið hefur um árabil. Sjálfsagt er óhjákvæmilegt að hafa valdsvið ráðherra svo viðamikið, sérstaklega í byrjun meðan við erum að læra og laga og nýta þá reynslu sem við erum að skapa okkur að nýju við hvalveiðar.

Ég treysti á það, vitandi hversu vel hefur verið staðið að hvalarannsóknum á undanförnum árum og hversu vel menn hafa fylgst með hvalastofnunum í gegnum árin í alþjóðlegu samstarfi og með rannsóknum á heimavelli, að hér sé hvergi verið að ógna hvalastofninum, árlegur kvóti sé hæfilegur og það er tryggt enn frekar í 6. gr. þessa frumvarps með því að þegar kvóti hefur verið tilkynntur hafa menn andmælarétt og geta gert athugasemdir við kvótann og fengið til þess ákveðinn tíma þannig að ráðherra tekur ákvörðun að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar og eftir ábendingar frá þeim sem vilja gera athugasemdir varðandi magnið.

Um leið ber að fagna því að það er öryggisákvæði í sömu 6. gr. þar sem kveðið er skýrt á um það að á hverjum tíma skuli meta heildarhagsmuni af slíkum veiðum. Mikil umræða hefur verið um það að veiðar á hval geti spillt fyrir ferðaþjónustu og það er auðvitað bæði skylt og nauðsynlegt að fylgjast vel með því hver áhrifin verða og reyna þá að mæla með einhverjum hætti hvaða hagsmunir eru þar mikilvægastir. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að þetta fari mjög vel saman og ég er óhræddur við það að við veiðum hval og ég held af fenginni reynslu, hafandi farið í hvalaskoðun, að það sé engin hætta á því að þeir verði margir sem hætta við að koma til Íslands vegna þess að við séum hvalveiðiþjóð. Að minnsta kosti komi jafnmargir hingað til að fylgjast með hvalveiðunum og gera þá jafnvel hvort tveggja, að fara í hvalaskoðun, fylgjast með því hvernig hvalurinn hegðar sér í lífríkinu, og fá um leið tækifæri til að sjá hvernig unnið er úr hvalafurðum.

Það er líka tekið fram í frumvarpinu að gæta þurfi að því að hagsmunir hvalaskoðunar og þeirra sem veiða hval geti farið saman og menn haldi ákveðnum svæðum utan við veiðisvæðin til að tryggja það að hvalaskoðun geti farið fram því að það er augljóst að það er gríðarlega eftirsótt að fá að fara og fylgjast með hval við strendur landsins.

Það er tekið fram hér að úthlutun á veiðileyfum sé aðeins til eins árs í senn og ég hef ákveðnar efasemdir við það ákvæði. Ég held að það sé mikilvægt að menn úthluti hvalveiðileyfunum til lengri tíma, jafnvel þó að þau séu framlengd um ákveðinn tíma og það sé fyrirvari líka um magn frá ári til árs að fenginni veiðireynslu og könnunum á lífríkinu á hverjum tíma, en ég held að það sé mikilvægt fyrir atvinnugreinina sem slíka að menn viti það aðeins lengra fram í tímann en eitt ár í senn og það sé mikilvægt fyrir þá sem stunda þessa vinnu eða hafa það sem möguleika að vinna við þessa grein. Þar komum við kannski að því sem skiptir mestu máli í augnablikinu að við erum að frétta af því að búið sé að veiða fyrstu tvö stórhvelin eða langreyðarnar og þær séu á leiðinni í land. Það minnir okkur á að hér bíður fólk sem þegar hefur verið ráðið til starfa, jafnvel hátt á annað hundrað manns sem fær vinnu næstu mánuðina í tengslum við þessar veiðar og það er ómetanlegt á þessum tíma að slíkt komi fram. Við vonum svo að það gangi vel að selja afurðirnar þannig að það geti orðið framhald á þessu.

Það er sett gjald á þessar veiðar. Eins og ég sagði áður finnst mér sjálfsagt að kostnaður við þessar veiðar sé greiddur af greininni sjálfri. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hvort upphæðin er hæfilega há en ég tel að það sé nauðsynlegt núna þegar við tökum upp hvalveiðar að við höfum einmitt þetta kerfi að þeir sem fá heimild til að nýta þjóðarauðlindir okkar borgi hæfilegt afgjald fyrir þá notkun.

Ég vil ítreka þá skoðun mína og það hefur verið sagt svona í gríni og alvöru að þegar menn koma til landsins og fara í hvalaskoðun og annað, þá geti farið ágætlega saman eins og ég segi og menn hafa sagt að skoða, skjóta og éta. Sjálfur hef ég farið í hvalaskoðun þar sem menn hafa borðað hval um borð í sömu skipunum og stunda hvalaskoðun og mér fannst það leggjast ágætlega í þann útlendingahóp sem ég var með. Ég hef raunar gert það tvisvar sinnum. Í annað skiptið var það ekki alveg marktækt því að þá vorum við með Færeyingum, Grænlendingum og Íslendingum sem allir eru vanir hvalveiðum en í hitt skiptið var ég með breskum viðskiptamönnum og ég gat ekki séð annað en þeim líkaði mjög vel að á hlaðborðinu væri einmitt hrefna til að borða í þeirri hvalaskoðunarferð. Ég held að þetta sé meira spurning um með hvaða hætti við kynnum þetta, að við tryggjum rétt okkar til að nýta þessa sjávarauðlind og nýtum áralanga hefð fyrir því að nýta hval til matar.

Ég fagna því að fram er komið frumvarp til að ná utan um þetta og veit að það mun fá góða umfjöllun og þá gagnrýna umfjöllun vegna þess að þetta er auðvitað farið inn á netið og menn geta gert athugasemdir og komið með tillögur um að skapa þessari atvinnugrein einhverja framtíð og eðlilegt umhverfi. Ég fagna því um leið að margt fólk skuli geta farið að vinna við vinnslu á hvalafurðum að nýju.

[22:46]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. sjávarútvegsráðherra til hamingju með daginn. Ég geri ráð fyrir að það sé mjög ánægjulegt fyrir hann að vera í stól sjávarútvegsráðherra nú þegar hvalveiðar á stórhval fara af stað

fyrir alvöru á Íslandi eftir 24 ára bið. En eins og kom fram í ræðustól áðan fór Hvalur 9 á miðin klukkan eitt í nótt og það var tignarlegt að sjá skipið sigla út úr höfninni hljóðlaust eins og þau sigla þessi skip. Það er eins og saumavél sé í gangi þegar þessi stóru skip fara af stað en stuttu seinna komu fréttir af því að veiðarnar gengju vel og hann er á leiðinni í land með tvö fyrstu dýrin.

Hvalveiðar verða okkur mjög nauðsynlegar, virðulegi forseti, til að halda jafnvægi í lífríkinu í hafinu kringum landið. Það er enginn ágreiningur um það í alþjóðavísindasamfélaginu að þeir stofnar sem við erum að veiða núna, hrefna, langreyður og sá fjöldi dýra sem við ætlum að veiða er langt innan þeirra marka sem getur flokkast undir ógn við þessa stofna. Þetta eru algerlega sjálfbærar veiðar og í fullkominni sátt. Það á reyndar við um sandreyði líka en það hefur komið fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar að veiðar eins og þær voru stundaðar á þeim stofni áður höfðu engin áhrif á stofninn, en frekari rannsóknir þarf til að gefa þar út veiðileyfi. Það er mjög mikilvægt að hraða rannsóknum á fleiri hvalastofnum, t.d. hnúfubak sem vitað er að hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum. Talið er að stofninn sé í dag 14–16 þúsund dýr en þegar talningar hófust var hann vel innan við þúsund dýr. Þetta er stofn sem fjölgar sér um 11% á ári samkvæmt upplýsingum frá vísindamönnum. Þarna þurfum við að fara að grípa í taumana til að viðhalda jafnvægi í lífríkinu.

Ég tek undir að það er ástæða til að endurskoða löggjöf sem er orðin 60 ára gömul, ekki síst á þessum tímamótum þegar hvalveiðar eru að fara af stað aftur. Hættan er sú þegar þetta er nálgast, eins og manni finnst aðeins bera á í þessu frumvarpi, að verðum við kaþólskari en páfinn. Ég vil nefna það sérstaklega í þessu sambandi að Ísland uppfyllir öll skilyrði sem sett eru á í alþjóðasamfélaginu gagnvart veiðum og viðskiptum með hvalafurðir. Við höfum lagt okkur fram við að uppfylla þær reglur og það eru fáar þjóðir ef nokkrar sem hafa í raun stundað eins miklar rannsóknir á hvalategundum hér við land og í eins langan tíma og við. Okkar saga í hvalveiðum er í raun þannig að hér var aldrei nauðsynlegt að setja á hvalveiðibann. Hér var ekki um að ræða ofveiði af hálfu þeirra sem stunduðu hvalveiðar og af hálfu íslenskra stjórnvalda sem að hluta til takmörkuðu þær veiðar þegar þeir voru í gangi. Miklu frekar voru menn fyrir löngu búnir að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að ganga af virðingu um þessa stofna og gæta þess að um ofveiði yrði ekki að ræða. Það má því segja að við séum, líkt og gagnvart fiskstofnunum leiðandi á alþjóðavettvangi, að vera sem næst sjálfbærri nýtingu á þessum stofnum.

Alþjóðahvalveiðiráðið er með mjög strangar reglur um margt sem lýtur að hvalveiðum og við erum ekki með fyrirvara gagnvart neinu af því sem er í þeirra sáttmála eða reglum nema því sem lýtur að hvalveiðibanninu en það er eins og menn vita líka mjög óeðlilegt hvernig Alþjóðahvalveiðiráðið hefur höndlað hvalveiðibannið. Við erum með alþjóðastofnun sem árið 1983 tekur þá ákvörðun að setja á hvalveiðibann frá og með árinu 1986 og til að koma skikki á veiðarnar og vera búnir að gefa út sinn kvóta og viðmið árið 1990. Sá kvóti eða viðmið hafa ekki enn litið dagsins ljós vegna þess að mörg þeirra landa sem þarna hafa náð undirtökum í hvalveiðimálum, hafa sjónarmið sem byggja ekki á skynsamlegri nýtingu heldur eru í raun fylgjandi banni á nákvæmlega engum forsendum. Í vinnu nefndarinnar mun ég leggja mikla áherslu á að við séum ekki að setja reglur sem gangi lengra en þær alþjóðareglur sem við þurfum að uppfylla og það bar aðeins á því í reglugerð sem var verið að gefa út í ráðuneytunum að þar væru menn að ganga lengra en kallað er eftir hjá þeim viðskiptalöndum sem við eigum viðskipti við og hjá þeim löndum og samkvæmt þeim reglum sem gilda á alþjóðavettvangi. Það er alger óþarfi hjá okkur að vera að ganga eitthvað lengra en eðlilegt getur talist.

Það er ekki nýtt að til standi að gera úttekt á áhrifum hvalveiða, m.a. á aðrar atvinnugreinar og það er ekkert nýtt að gerðar séu kannanir meðal þjóða um afstöðu þeirra gagnvart sjálfbærum hvalveiðum. Ég hvet hæstv. ráðherra til að kynna sér það sem hefur verið gert í þessum málum á undanförnum árum. En það er þannig að allar þær athuganir og rannsóknir sem hafa verið gerðar sýna okkur fram á að það er sáralítil eða engin andstæða við hvalveiðar og allar þessar fréttir um hina miklu andstöðu á alþjóðavettvangi um áhrif á aðrar atvinnugreinar eru ofsögum sagðar og reynslan sýnir okkur það. Hver er reynsla okkar sl. 6 ár, hæstv. ráðherra og virðulegi forseti? Hver er reynsla okkar af því að stunda hvalveiðar og hver er reynsla þeirra þjóða sem fara fremst í hvalveiðum í heiminum eins og Noregs, Japana og fleiri? Þetta er sama reynslan alls staðar, þetta er stormur í vatnsglasi og við verðum að taka mið af því og reyna að standa í lappirnar í þessum efnum þegar kemur að því að ákvarða framtíðina.

Það hefur ekki unnist mikill tími til að skoða endanlega útgáfu þessa frumvarps og því mun maður gefa sér betri tíma í það í meðferð málsins en við fyrstu yfirsýn virðist málið vera mjög opið til frekari útfærslu og ákvörðunar á borð við ráðherra. Það eru þó svona atriði sem stinga í augun og ég vil nefna alveg sérstaklega það sem segir í lokamálsgrein 8. gr., að leyfi til hvalveiða verði gefin út til eins árs í senn. Það er grundvallaratriði, virðulegi forseti, að atvinnuvegir sem eru stundaðir í landinu búi við eitthvert rekstraröryggi gagnvart framtíðinni og það sér hver maður sem það vill skoða að það getur engin atvinnugrein búið við það að hafa leyfi fyrir starfsemi sína eingöngu til eins árs í senn. Það dregur úr allri fjárfestingu og öllum kjarki manna til að leggja í þetta það sem þarf að gera til að atvinnugreinin skili sem mestum arði. Þetta er atriði sem við verðum klárlega að skoða.

Það eru fleiri atriði eins og í 5. og 6. gr. þessa frumvarps sem ég tel að við þurfum að horfa til og það vekur aðeins áhyggjur, sérstaklega ef höfð er í huga afstaða margra þingmanna í þingflokki hæstv. ráðherra Vinstri grænna gagnvart þessu máli, að málið skuli vera svona opið eða eins og segir síðan í athugasemdum með frumvarpinu að það byggist á þeirri meginforsendu að „ef hvalveiðar verði stundaðar hér við land“. Það eru þessir fyrirvarar sem vekja ákveðnar áhyggjur hjá okkur sem viljum sjá þennan atvinnuveg blómstra og færa sem mesta atvinnusköpun og útflutningsverðmæti fyrir þessa þjóð.

Það sama á við um gjaldtökuna. Hæstv. ráðherra setur inn gjaldtöku á veiðar á hval fyrir þau fyrirtæki sem munu

stunda þessar veiðar og á það bæði við um hrefnu og langreyði og það er mismunandi hvað er rukkað fyrir þetta. Þetta fer eftir þyngd skepnunnar. Ég velti því fyrir mér á sama tíma og talað er um að ferðaþjónusta og hvalaskoðun geti fært okkur miklar tekjur af hvalastofnum í framtíðinni, hvort ekki sé ástæða til að sama gjaldtaka eigi við um þau fyrirtæki sem stunda hvalaskoðun. Það er verið að nýta hvalastofna með misjöfnum hætti, annars vegar með því að veiða þá og hins vegar með því að sýna ferðamönnum hvalina. Eiga þessar atvinnugreinar ekki að sitja við sama borð þegar kemur að gjaldtöku á nýtingu náttúruauðlindanna? Ég tel að svo vera. Það þarf eftirlit við hvort tveggja. Það þarf heilmikið eftirlit með útgerð ferðamannaskipa og báta sem stunda þetta, bæði gagnvart frístundaveiðum og gagnvart áhöfnum og öðrum öryggisbúnaði sem þarf að vera í þessum skipum og það er eðlilegt að horft sé til þessa þáttar að öllu leyti þannig að atvinnugreinarnar starfi við sambærileg skilyrði.

En mér sýnist fljótt á litið að hæstv. ráðherra ætti að skoða sérstaklega þá gjaldtöku sem hann hyggur á að taka af hvalveiðifyrirtækjum. Mér sýnist í lauslegum útreikningi að hún muni gefa meiri tekjur en heildarskatttekjur af hvalaskoðunarfyrirtækjum í landinu eru nú. Mér sýnist að heildarskatttekjur hvalaskoðunarfyrirtækjanna séu mun lægri upphæð en ætlað er að þau fyrirtæki sem stunda veiðarnar borgi í veiðileyfi og getum við þá haldið áfram að velta fyrir okkur arðseminni af hvoru sem er. Ég er ekki að tala niður til hvalaskoðunar nema síður sé. Ég vil þeirri grein allt hið besta en mér finnst sú gagnrýni sem hefur komið af þeim vettvangi vera mjög ómakleg og ekki átt við rök að styðjast eins og dæmin hafa sýnt og það auðvitað er slæmt þegar svo ómálefnaleg umræða er síðan tekin marktæk í sölum Alþingis.

Það er mjög mikilvægt þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda að það séu þjóðarhagsmunir sem fái að ráða og það er vissulega áhyggjuefni hvernig vinstri stjórnum og þessum vinstri flokkum sem nú eru við stjórn virðist vera það mikið kappsmál að þegar verið er að fjalla um atvinnumál snýr það meira og minna að því að leggja einhverja þröskulda eða stein í götu atvinnugreina og frekari atvinnuuppbyggingar. Það á vissulega við í þessu máli vegna þess að hér hafa verið settir fyrirvarar í hvalveiðimálinu sem eru þess eðlis að sú atvinnustarfsemi fór alls ekki af stað með þeim áformum sem áætluð voru og það eru ákvæði í þessu frumvarpi sem klárlega skapa mikla óvissu og munu draga úr kjarki og vilja manna til að leggja fjármagn og mikla vinnu í þessi mál og til uppbyggingar fyrirtækjanna til lengri tíma litið meðan svo mörg óvissuatriði eru höfð opin í frumvarpi sem þessu.

Þetta sama á við um fiskveiðistjórnarkerfið og þá óvissu sem núverandi ríkisstjórn hefur sett inn í íslenskan sjávarútveg með aðgerðum sínum og ummælum, með fyrningarleiðinni svokölluðu, með þessu strandveiðifrumvarpi sem fór í gegnum þingið í dag. Einnig má tala um það þegar kemur að nýtingu orkuauðlinda í landinu en eins og ítrekað hefur komið fram hjá hæstv. iðnaðarráðherra í ræðustól Alþingis eru þessi mál öll meira og minna til skoðunar í einhverjum nefndum. Nefndirnar eiga að skila vinnu sinni í lok þessa árs og á árinu 2010, á sama tíma og Róm brennur.

Virðulegi forseti. Það er tími til kominn til að við förum einbeitt að gera okkur grein fyrir því hvað það er sem þjóðin mun byggja á. Hún mun byggja á nýtingu náttúruauðlinda landsins og þetta er stór þáttur í því og það er þar sem við munum geta sett þá atvinnusköpun í gang sem mikilvæg er.

Það kom enn einu sinni fram forsjárhyggja hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur þegar hún fór að tala um að hér væri verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Þetta eru sjónarmið sem við höfum orðið vör við en ég legg á það áherslu að gagnvart framtíðinni náum við samstöðu um að koma á fót atvinnugrein sem mun geta skilað sem mestum verðmætum í þjóðarbúið í framtíðinni, atvinnugrein sem getur unnið í sátt við aðrar atvinnugreinar í landinu.

[23:02]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Það vill þannig til með það mál sem við ræðum hér að það er nokkur sérstakt sjónarhorn sem felst í 1. gr. en það snýr að síðustu málsgrein, með leyfi forseta:

„Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða áfturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Hv. þm. Guðbjartur Hannesson gerði þetta að nokkru umtalsefni í ræðu sinni fyrr í kvöld og mig langar aðeins að snerta á þessum þætti því að hér er mjög áhugavert úrlausnarefni sem snýr að einu af grundvallaratriðum í stjórnmálum og efnahagsmálum en það er hvernig eignarréttur verður til á náttúruauðlindum.

Í þessu tilviki er til löng nýtingarsaga einkaaðila í hvalveiðum við Íslandsstrendur, bæði innlendra aðila og erlendra. Síðan gerist það að fyrir tilstuðlan hins opinbera á grundvelli vísindalegra niðurstaðna er ákveðið að hætta hvalveiðum fyrir einum 24 árum síðan. Svo líður og bíður og við ákváðum að hefja hvalveiðar aftur. Þá kemur spurningin: Hvernig á að útdeila slíkum réttindum? Það er ekki einfalt mál. Ein rökin væru þau að þeir sem stundað hefðu slíkar veiðar áður, lagt fé sitt í að þróa veiðitækni, tekið áhættu af slíku með fjármuni sína, líf og limi, þeir aðilar ættu að sitja fyrir og fá útdeilt í einhverju hlutfalli mögguleikanum á því að nýta auðlindina. Eða eins og mér sýnist vera niðurstaðan varðandi þetta mál af hálfu tillöguflytjanda að þau ár sem liðin eru frá því að veiðum lauk séu það langur tími að engin slík réttindi séu til staðar og það sé eðlilegt að hið opinbera kasti eign sinni á þessa auðlind.

Við höfum áður rætt nokkuð, núna síðast í vor, um hugtakið þjóðareign og þá réttaróvissu sem er um það hugtak. Hugtakið „sameign íslensku þjóðarinnar“ fellur þar undir og í mínum huga er um að ræða eign hins opinbera, eign ríkisins. Það er ekkert annað sem um er að ræða enda er það svo þegar menn skoða frumvarpið að það gjald sem tekið er vegna þessara veiða, bæði veiðigjald og líka sérstakt gjald sem lagt er á hvert kíló af veiddum hval rennur að sjálfsögðu í ríkissjóð enda eðlilegt þegar menn nálgast það út frá þeirri hugsun að það sé ríkið sem eigi þessi réttindi. Þótt ég viti að það sé skrautlegra og skemmtilegra að tala um sameign íslensku þjóðarinnar er miklu nær sanni og réttara að segja að þetta sé eign ríkisins. En gott og vel.

Þetta er áhugavert mál. Ég ætla ekki að skera úr um

hvort 24 ára tími sé það langur að hægt sé að líta svo á að réttindi manna séu fyrnd. Það er eitthvert mat og ég reikna með að menn munu ræða það í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þegar málið kemur þangað inn. Ég vil þó taka undir m.a. með hv. þm. Guðbjarti Hannessyni og fleirum — hv. þm. Jón Gunnarsson nefndi það einnig í sinni ágætu ræðu — að í 8. gr., þar sem kveðið er á um þann tíma sem leyfi eru gefin út, þ.e. til eins árs í senn, að það er allt of mikil óvissa uppi til að menn geti réttlætt það að fjárfesta í þessari grein. Eins árs leyfi er bara of stuttur tími. Nú veit ég að hæstv. sjávarútvegsráðherra er mikill áhugamaður um hvalveiðar og hvaladráp og ég treysti því að hann vilji byggja upp og skapa grunn fyrir nýja atvinnugrein eða endurreisn þessarar atvinnugreinar. Þess vegna er mikið atriði að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra endurskoði þennan þátt vegna þess að það er ljóst þegar menn lesa textann í 6. gr. frumvarpsins og eins ef menn fara yfir í athugasemdirnar að ráðherrann hefur með reglugerðarvaldi alveg gríðarlega mikið vald þegar kemur að því að ákveða hvernig úthluta á þessum veiðiheimildum. Með leyfi forseta vil ég fá að grípa niður í athugasemdirnar á bls. 5 þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Heimilt væri honum að skipta leyfilegum fjölda dýra eða hluta þeirra á milli skipa og við það taka mið af t.d. reynslu þeirra eða stærð. Hann gæti einnig ákveðið að veiðar skyldu frjálsar uns tiltekinn heildarfjöldi dýra væri veiddur eða ákveðið að takmarkanir yrðu á fjölda veiddra hvala á tilteknum tíma.“

Þetta er það breytt og það er svo mikið vald sem ráðherrann hefur að þrátt fyrir að við höfum ágætan hæstv. sjávarútvegsráðherra er erfitt að spá því hvað honum dettur í hug á milli ára þegar kemur að því að úthluta þessum leyfum. Það er bara einn aðili sem ég sé í hendi mér að geti lifað við þessar aðstæður, það er sá aðili sem hefur lengi átt skip, haldið þeim við, hefur þau tilbúin. Sá aðili getur auðvitað unnið í þessu umhverfi af því að hann hefur hvort eð er fyrir löngu tekið þá ákvörðun að halda þessum skipum sínum tilbúnum til hvalveiða og virðist vera tilbúinn til að bíða lengi eftir að fá slík tækifæri en ég sé ekki að aðrir mundu leggja út í slíkar fjárfestingar. Ég á erfitt með að sjá það í það minnsta á grunni þessa frumvarps, óvissan er einfaldlega allt of mikil. Ofan á allt annað má nefna að í síðustu mgr. 6. gr. er kveðið á um að ráðherrann geti ákveðið að heimila engar hvalveiðar ef hann telur að þær gangi gegn heildarhagsmunum þjóðarinnar þrátt fyrir að Hafrannsóknastofnun hafi gefið leyfi til þess eða telji óhætt að veiða hval. Saman tekið er óvissan því um þetta svo mikil að ég tel að þarna þurfi að kveða svolítið fastar á í lögunum þannig að menn hafi fastara land undir fótum.

Ég ítreka að þetta eru mjög áhugaverð úrlausnarefni og ég hvet hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til að kalla til sín lögfræðinga og lögspekinga sem margir hverjir hafa sérhæft sig í réttindum og því lagaumhverfi sem er um nýtingu á náttúruauðlindum, sérstaklega hafsins, til þess að velta fyrir þeim þætti sem ég hóf mál mitt á sem er hvernig fyrningu slíkra réttinda er háttað, hafi þau verið til staðar, og hvort 24–25 ár séu eðlilegur tími til að ríkið geti slegið eign sinni á slíkt eða hvort jafnvel megi líta svo á að það sé enginn eigandi eftir þann tíma sem liðið hefur og þar með hafi ríkið slegið eign sinni á auðlindina.

[23:11]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og koma aðeins aftur í ræðustól af tilefni ræðu hv. þm. Illuga Gunnarssonar og því sem hann lagði út af í fyrstu greinum frumvarpsins og benda á að nú þegar verið er að reikna með því í þessu frumvarpi að atvinnuleyfin verði gefin út til eins árs í senn, sem er algerlega útilokað fyrir nokkra starfsmenn að vinna eftir, er verið að afnema atvinnuleyfi sem gefið var út árið 1949. Það er búið að vera í gildi í 60 ár og hefur aldrei verið afturkallað. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra og ráðuneytin hafi skoðað það alveg sérstaklega hvaða lagaleg rök eru að baki því að nema úr gildi atvinnuréttindi manna sem verið hafa í gildi í 60 ár og hafa aldrei verið endurútgefin á þeim tíma, eins og atvinnuleyfi Hvals hf. Það var gefið út árið 1949 og hefur aldrei verið endurnýjað. Hvaða breytingar hefur þetta í för með sér og hver er réttarstaða viðkomandi fyrirtækja?

Þetta leiðir einnig hugann að stöðu þeirra sem stunduðu hrefnuveiðar á árum áður og voru komnir í þann farveg í hrefnuveiðunum að búið var að gefa út heildarkvóta. Þeir sem stunduðu þessar veiðar voru komnir með sinn kvóta á þeim tíma og búið að skipta heildarveiðinni upp á milli þeirra. En við þær breytingar sem gerðar hafa verið á hvalveiðum á þessu ári eru þau réttindi numin úr gildi. (Forseti hringir.) Það vekur einnig upp spurningar um réttarstöðu þessa hóps.

[23:13]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Jóni Gunnarssyni að þetta er áhugavert sjónarhorn á þessu máli. Mér er tjáð að hrefnuveiðimönnum hafi á sínum tíma verið færðar nokkrar bætur vegna atvinnumissis en slíkt hafi ekki átt við um þá sem sinntu stórhvalaveiðum og er það auðvitað umhugsunarefni að einhverjar slíkar bætur hafi verið inntar af hendi. Í því er fólgin ákveðin viðurkenning á réttarstöðu í krafti líkingarsögu og væri áhugavert að hv. landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd skoðaði þann þátt áður en lengra er haldið.

Ég vil reyndar benda á að aftur kemur upp sú staða sem við ræddum varðandi fiskveiðar að frumvarpið gerir ráð fyrir því að allir sem uppfylla ákveðin skilyrði geti stundað veiðarnar og ef hægt er að hafa af þeim góðan hagnað má auðvitað reikna með því að fleiri verði um hituna. Sagan segir okkur að hinn mikli gróði hvalveiðanna á Íslandsmiðum leiddi til þess að sóknin í þær stórjókst, skipunum fjölgaði og að lokum leiddi það til ofveiði og hvalveiðibanns á fyrri hluta 20. aldar og svo aftur síðar á síðari hluta 20. aldar. Það er því líka umhugsunarefni hvort það sé skynsamlegt út frá nýtingarsjónarmiðum, ég tala ekki um ef við viljum ekki láta hvalveiðikvótann vaxa mjög hratt, að hafa þetta opið með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

[23:15]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu ansi merkilegt mál,

frumvarp til laga um hvali, mál sem menn hafa verið að velta fyrir sér frá ýmsum hliðum. Hv. þm. Illugi Gunnarsson gerði athugasemdir og velti sérstaklega fyrir sér síðari hluta 1. gr. frumvarpsins en þar segir, með leyfi forseta:

„Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Þetta er í raun og veru sama setningin og er í lögum um stjórn fiskveiða á árinu 2006 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Vangaveltur hv. þm. Illuga Gunnarssonar snúa að því hvort hér sé um að ræða sameign þjóðarinnar eða ríkiseign eins og hann vill kalla eða hvort rétt sé að úthluta veiðiheimildum til þeirra sem einhvern tíma áður hafa stundað hvalveiðar. Þarna ber allt að sama brunni eins og hvað annað varðar þegar kemur að umræðum um stjórn fiskveiða. Það er fyrst og fremst eignarrétturinn sem sjálfstæðismönnum er annt um að verja og þeir vörðu með kjafti og klóm í vetur og gera enn.

Ég vil spyrja þingmanninn að því svo það sé alveg á hreinu hvort hann telji að það þurfi að vera með þeim hætti að þeir sem fá úthlutað veiðiheimildum myndi einhvers konar eignarrétt á nýtingu hvala, bæði til veiða og til annarra nota, hvort það megi skilja það þannig að hann telji að rétt sé að þarna myndist einhvers konar eign.

[23:17]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Munurinn á fiskveiðum annars vegar og hvalveiðum hins vegar sem lúta að spurningunni um eignarréttinn felst einkum í því að það er óslitin saga nýtingar á Íslandsmiðum langt aftur þar sem á ferðinni hafa verið einstaklingar og fyrirtæki þeirra sem hafa þróað tækni til fiskveiða, fiskvinnslu, markaðssetningar og annars slíks og þar með gefið auðlindinni gildi. Þess vegna er ég og margir aðrir þeirrar skoðunar að þetta sé ekki ríkiseign heldur sé þetta eign einstaklinga, þ.e. veiðirétturinn, heimildin til að veiða, en fiskstofnarnir séu síðan sjálfir einhvers konar sameign eða eign ríkisins eða hvernig menn vilja horfa á það.

Hér er aftur á móti uppi sú staða að slíkar veiðar hafa ekki verið stundaðar í rúma tvo áratugi á Íslandsmiðum. Þá kemur upp sú spurning sem ég lagði upp í ræðu minni áðan hvort menn væru komnir á þá skoðun, og það kann vel að vera réttmæt skoðun, að ríkið teldi að það hefði eignarrétt á þessari auðlind. Síðan má lesa það út úr lagafrumvarpinu eða út úr frumvarpinu að menn ætla sér að útdeila þessu með föstu veiðigjaldi annars vegar og hins vegar kílóagjaldi sem sýnir þá hugsun að um sé að ræða eign ríkisins og þar með er það eðlileg niðurstaða í sjálfu sér að það sé ekki myndun séreignarréttar úr því að ríkið telur sig eiga þetta. Það væri þá á þeim rökum að þarna sé þetta bil, þar sem slíkar veiðar hafa ekki verið stundaðar, og þar með geti einstaklingar ekki krafist séreignarréttar. Um þetta vil ég gera ágreining, að þeir sem eiga sér þessa veiðisögu samanber fyrirtækið Hval og fleiri gætu ábyggilega verið þeirrar skoðunar að þeirra væri einhver réttur. Það er þá annað sjónarmið.

[23:20]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er tæplega hægt að skilja hv. þm. Illuga Gunnarsson með öðrum hætti en að hann telji svo vera þrátt fyrir það sem kemur fram í frumvarpinu að hér sé ekki um þjóðareign að ræða eða sameign eða eign ríkisins eða hvaða orðum hann kýs að koma að þeirri hugsun heldur standi hugur hans nærri því að þetta sé séreign ákveðinna fyrirtækja, einstaklinga í samfélaginu sem einhvern tíma hafa nýtt auðlindina með þessum hætti. Það er í sjálfu sér ekki mikill munur á fiskveiðum og hvalveiðum, í hvoru tilfellinu er verið að nýta auðlind, auðlindir sjávar.

Ég hjó eftir því að hv. þingmaður orðaði það í ræðu sinni fyrr í kvöld að hið opinbera sé að kasta eign sinni á auðlindina. Það finnst mér ansi djúpt í árinni tekið hjá hv. þingmanni og undirstrikar enn frekar að hann telur þessar sjávarauðlindir og líklega aðrar auðlindir lands og sjávar ekki sameign þjóðarinnar, ekki sameign fólksins í landinu heldur séreign óskilgreindra aðila oft og tíðum.

Réttarstaða fyrirtækisins Hvals hefur borist ítrekað til tals í ræðum þingmanna í kvöld. Menn velta því fyrir sér hver réttarstaða fyrirtækisins Hvals sé. Menn hafa nefnt sömuleiðis hrefnuveiðimenn sem í eina tíð veiddu hrefnur og ég man eftir því þegar ég var ungur drengur norður í landi og hrefnubátar voru að koma í land og ég var sendur að heiman til að kaupa hrefnukjöt af bryggjunni. Ég velti fyrir mér réttarstöðu hrefnuveiðimanna hvort hann liti þannig á — einhverjir eru farnir að róa á önnur mið hinum megin móðunnar — hvort hann telji að þeir eigi rétt og fylgi þeim þannig að jafnvel sé hægt að gera kröfu í dánarbú og arf þeirra sem þá voru við hrefnuveiðar.

[23:22]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var einmitt lóðið. Hrefnuveiðimennirnir margir hverjir fengu bætur vegna þess að þeir misstu möguleikana á því að sinna þessum veiðum. Einhver hafa rökin verið fyrir þeim bótum vegna þess að almennt fá menn ekki bætur þótt þannig breyting verði í hagkerfinu að fyrirtæki þeirra fari á hausinn vegna þess að þau séu ekki lengur samkeppnishæf eða eitthvað þess háttar. Þarna er um eitthvað annað að ræða. Þetta annað snýr þá væntanlega að spurningunni um réttindi og það er alveg rétt. Fiskveiðar og hvalveiðar snúa að því að nýta auðlindir hafsins. Það sem ég var að benda á og er áhugavert í þessari umræðu er að hérna hefur liðið nokkur tími þar sem engin nýting á sér stað. Þá kemur upp sú spurning: Hvernig ætla menn á að halda þegar aftur er hafist handa við nýtinguna? Í þessu tilviki er það ríkið sem ákveður að kasta eign sinni á auðlindina. Það er það sem ég átti við. Þar með kemur ríkið og segir: Við ætlum að útdeila þessu með þeim hætti að við ætlum að innheimta gjald. Við ætlum að innheimta fast gjald og síðan breytilegt kílóagjald. Í því er fólgin heilmikil stefnuyfirlýsing. Þetta hefur auðvitað með að gera grundvallarspurningu um það hvernig við nýtum náttúruauðlindir og ég er þeirrar skoðunar að þar sem um er að ræða nýtingarsögu,

þar sem einstaklingar hafa þróað auðlindir og auðlindanýtingu þá sé hægt að réttlæta það og sé skynsamlegt og þeim sjóðum hafi farnast best sem hafa farið þá leiðina að láta einstaklingana eiga nýtingarréttinn en þar sem slíkri nýtingarsögu er ekki að dreifa eru rök fyrir því að hið opinbera, ríkisvaldið slái eign sinni á auðlindina. Þess vegna er ég ekki að segja — og hv. þingmaður má ekki misskilja mig — að það sé óeðlilegt eða útilokað að ríkisvaldið geri slíkt. Menn verða auðvitað að gera það með opin augun og átta sig á því hver munurinn er á hvalveiðunum annars vegar þar sem er hið langa rof í nýtingarsögunni og fiskveiðum hins vegar þar sem ekkert slíkt rof hefur átt sér stað.

[23:24]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram um þetta frumvarp til laga um hvali. Eins og greinilega hefur komið fram í máli hv. þingmanna eru ýmis sjónarmið uppi um hvernig megi best halda á þessum málum. Ég vil leggja áherslu á það sem ég sagði í framsögu minni að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hafi gert samning við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um að leggja mat á þjóðhagsleg áhrif hvalveiða og að í matinu verði tekið tillit til áhrifa hvalveiða á atvinnustig fjárfestingar, útflutningstekjur og afleidd áhrif á ferðaþjónustu og önnur hugsanleg áhrif á aðrar atvinnugreina. Og þó að hv. þingmenn hafi vísað til þess að einhverjar viðlíka athuganir hafi farið fram einhvern tíma áður þá er mjög mikilvægt að upplýsingar um áhrif þess hvernig gengið er um þessa auðlind og þær upplýsingar séu stöðugt endurnýjaðar og stöðugt nýtt mat lagt á mikilvægi einstakra þátta í þessum málum. Ég vil vekja athygli á því að ferðaþjónustan, sem byggir á og tengist hvalaskoðun, er atvinnugrein sem hefur vaxið mjög hratt og mikið á síðustu árum, nokkuð sem var ekki til staðar þegar hvalveiði var stunduð sem atvinnugrein fyrir áratugum síðan, líklega um 1980, um það leyti sem veiðar í atvinnuskyni voru lagðar af. Það eru því komin svo fjöldamörg ný sjónarmið inn sem ber að taka tillit til og síðan áhrif á alþjóðavettvangi. Nú fer í hönd sá tími sem hvalveiðar hafa verið heimilaðar og það þarf að fylgjast mjög vel með öllum þáttum hvað það varðar.

Réttur strandríkja, bæði réttindi og ábyrgð strandríkja, hefur verið áréttaður og ég vil ekki gera minna úr ábyrgð strandríkja til að afla sem gleggstrar vitneskju um lífríki innan lögsögu sinnar þar sem þau bera ábyrgð og verndun og þá sjálfbæra nýtingu þeirra auðlinda eftir atvikum eftir því hvernig hún er stunduð.

Það kom fram í máli hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur ábending um að umhverfisnefnd fengi einnig að gefa umsögn um málið til hv. landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar sem fer með forræði málsins í þingnefndum. Ég styð það eindregið en ítreka mikilvægi þess að þetta mál fái eins hraða meðferð í þinginu og nokkur kostur er og legg einnig áherslu á vandaða vinnu.

Það er mikilvægt að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu en einnig að þau sjónarmið sem þurfa að koma fram fái tækifæri til að vera metin í þingnefnd.

Frú forseti. Ég þakka fyrir ágæta umræðu og ítreka þá ósk að þetta mál gangi til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar að umræðu lokinni.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Heilbrigðisstarfsmenn, 1. umr.

Stjfrv., 113. mál (heildarlög). — Þskj. 142.

[23:29]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Löggiltar heilbrigðisstéttir eru nú 33 talsins. Sérlög gilda um 14 heilbrigðisstéttir en 19 stéttir hafa verið löggiltar með reglugerðum með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Vinna við heildarfrumvarp um heilbrigðisstéttir hófst á vegum ráðuneytisins fyrir meira en tíu árum. Drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn hafa þrisvar verið send til umsagnar, síðast í desember 2008, en þá voru drög að frumvarpi send til landlæknis, allra fagfélaga löggiltra heilbrigðisstétta, kennslustofnana og stærstu heilbrigðisstofnana. Umsagnir bárust frá 25 aðilum og voru þær flestar jákvæðar. Farið hefur verið yfir frumvarpið með tilliti til umsagna sem bárust í janúar síðastliðnum og gerðar á því nokkrar breytingar.

Gildandi laga- og reglugerðaákvæði um heilbrigðisstéttir eru að ýmsu leyti úrelt og gætir talsverðs ósamræmis, til dæmis varðandi það hvaða heilbrigðisstéttir geta starfað sjálfstætt og hverjar starfa á ábyrgð annarrar heilbrigðisstéttar, hvaða heilbrigðisstéttir mega hafa aðstoðarmenn og hverjar ekki og hvaða heilbrigðisstéttir þurfa að halda skýrslur um störf sín og hverjar ekki.

Megintilgangur frumvarpsins er að samræma og einfalda gildandi ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur til heilbrigðisstarfsmanna. Í frumvarpinu er leitast við að gera ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn markvissari og hnitmiðaðri en áður, felldar eru brott ónauðsynlegar takmarkanir á starfssviði heilbrigðisstétta og þau færð til nútímahorfs þannig að heilbrigðisþjónustan og störf og starfssvið heilbrigðisstétta geti þróast með eðlilegum hætti innan ramma löggjafar.

Frumvarp þetta byggir að stofni til á ákvæðum læknalaga, nr. 53/1988, enda er tilvísun til læknalaga í flestum lögum og reglugerðum um heilbrigðisstéttir. Ýmis ákvæði læknalaga gilda því almennt um heilbrigðisstarfsmenn og má því segja að þau séu að vissu marki grundvallarlög um heilbrigðisstéttir.

Með setningu laga um landlækni, nr. 41/2007, var stigið skref í átt til samræmingar ákvæða um eftirlit landlæknis með heilbrigðisstarfsmönnum með því að taka upp í þau lög ákvæði um veitingu áminninga, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsleyfis heilbrigðisstarfsmanna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra geti með reglugerðum kveðið á um ýmis atriði sem eru þess eðlis að betur fer á að þau séu ákveðin í stjórnvaldsfyrirmælum. Má

þar meðal annars nefna kröfur um nám og námsskilyrði og eftir atvikum starfsþjálfun, ákvæði um afmörkun starfssviðs og fleira. Við undirbúning slíkra reglugerða er gert ráð fyrir að haft verði samráð við aðila eins og landlækni, fagfélög, kennslustofnanir og eftir atvikum aðra sem málið kann að varða.

Við undirbúning frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af norskum lögum um heilbrigðisstéttir frá árinu 1999, en þau lög taka til allra heilbrigðisstétta, þar á meðal lækna og hjúkrunarfræðinga.

Meðal helstu breytinga og nýmæla sem felast í frumvarpinu eru í fyrsta lagi að ein samræmd rammalög um heilbrigðisstarfsmenn koma í stað fjórtán laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að heimild til að löggilda nýjar heilbrigðisstéttir með reglugerð falli brott.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að starfssvið heilbrigðisstétta verði ákveðið á grundvelli þekkingar og hæfni með tilliti til hagsmuna sjúklinga og úrelt ákvæði um takmarkanir á starfsréttindum felld brott.

Í fjórða lagi er kveðið á um það í frumvarpinu að heilbrigðisstarfsmaður skuli virða faglegar takmarkanir sínar og vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns þegar við á.

Í fimmta lagi er það undirstrikað í frumvarpinu að óheimilt sé að starfa undir áhrifum áfengis eða vímuefna og heilbrigðisstofnunum heimilað að setja reglur um bann við notkun áfengis og vímuefna í tiltekinn tíma áður en vinna hefst.

Í sjötta lagi er kveðið er á um að heilbrigðisstarfsmenn skuli gæta þess að sjúklingar, sjúkratryggingar eða aðrir verði ekki fyrir óþarfaútgjöldum eða óþægindum.

Í sjöunda lagi er skylda heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrá samkvæmt lögum um sjúkraskrár áréttuð.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum frumvarpsins og helstu breytingum frá núgildandi ákvæðum þeirra fjórtán laga sem nú gilda um heilbrigðisstéttir. Ég legg áherslu á að frumvarpið felur ekki í sér verulegar efnisbreytingar heldur fyrst og fremst nauðsynlega samræmingu og einföldun þess flókna og að mörgu leyti úrelta regluverks sem nú gildir um heilbrigðisstéttir, en eins og komið hefur fram gilda nú fjórtán lög og milli 30 og 40 reglugerðir um heilbrigðisstéttir.

Frumvarpið hefur, eins og komið hefur fram, verið mjög lengi í vinnslu og er því löngu tímabært að ráðist verði í fyrrgreindar endurbætur á löggjöf um heilbrigðisstarfsmenn.

Ég leyfi mér því að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðisnefndar og til 2. umr.

[23:35]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, rammalög sem ætlað er að tryggja gæði og öryggi sjúklinga varðandi þjónustu og skilgreina kröfur og færni og starfshætti heilbrigðisstarfsmanna. Þetta er lagarammi sem fellir úr gildi alls fjórtán sérlög og kveðið er á um það einmitt í 32. gr. frumvarpsins að þessi lög falli öll úr gildi. Á sama tíma er í frumvarpinu, í greinargerðinni fjallað um ákvæði gildandi laga. Það er á blaðsíðu 10 í greinargerðinni. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra: Þegar þessir lagabálkar falla úr gildi og þau ákvæði sem lýst er þarna á blaðsíðu 10 falla úr gildi hvernig verður þá framkvæmdin í framhaldinu? Koma þá reglugerðir sem kveða nánar á um hvernig menn skuli haga störfum sínum eins og fjallað er um í lögunum, þ.e. um hvort menn geti starfað sjálfstætt og hverjir þá og hverjir þurfi að starfa á ábyrgð annarra heilbrigðisstétta og þá hvaða heilbrigðisstéttir megi hafa aðstoðarmenn og svo framvegis?

Ástæðan fyrir að ég spyr er að þarna eru nefndar meðal annars stéttir eins og sjúkraþjálfar og iðjuþjálfar. Starfssvið þessara starfsstétta hefur breyst mjög, til dæmis iðjuþjálfanna sem unnið hafa í skólum og við alls konar ráðgjöf. Vandséð er að slíkar starfsstéttir sem hafa góða og öfluga menntun þurfi að starfa undir handleiðslu lækna eða vera undir stjórn lækna eins og kveðið var á um í eldri lögum. Mig langar aðeins að fá skýrt hvernig framhaldið verður í sambandi við framkvæmdina ef þetta frumvarp verður að lögum.

[23:37]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þingmanns falla með þessum lögum, ef Alþingi samþykkir þau, alls fjórtán sérlög um heilbrigðisstéttir úr gildi og breyting verður á fjölmörgum reglugerðum sem snúa að heilbrigðisstéttum. Hv. þingmaður vísaði í stéttir sem sérlög gilda um, til dæmis iðjuþjálfa og sjúkraþjálfa, en í lögum sem gilda um þá eru ýmsar takmarkanir, til dæmis í þá veru að iðjuþjálfi má ekki taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni. Það er kveðið á um þetta í lögum um iðjuþjálfa og um fjölmargar aðrar heilbrigðisstéttir eru slíkar takmarkanir. Með samþykkt þessara laga falla þessi ákvæði úr gildi. Í sumum tilvikum þarf að setja reglugerðir. Í öðrum tilvikum er óþarfi að gera það. En þar sem þær eru settar þá er það gert með það að leiðarljósi að starfssvið heilbrigðisstétta verði ákveðið á grundvelli þekkingar og hæfni með tilliti til hagsmuna sjúklinga og, eins og segir í greinargerðinni, með leyfi forseta: „úrelt ákvæði um takmarkanir á starfsréttindum felld brott.“ Með þessum lögum er því verið að nema úr gildi ýmsar takmarkanir sem snúa meðal annars að þeim starfsstéttum sem hv. þingmaður vék að.

[23:39]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég tek til máls eingöngu til þess að fagna því að fram skuli komið frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn og þakka hæstv. ráðherra fyrir að gera hér grein fyrir innihaldi frumvarpsins, en eins og hæstv. ráðherra nefndi þá hefur þessi lagasmíð verið lengi í undirbúningi.

Það er löngu tímabært að fara vel yfir lög og reglugerðir um heilbrigðisstéttir því að eins og fram hefur komið hafa í dag 32 heilbrigðisstéttir löggildingu og þar af eru um fjórtán heilbrigðisstéttir til sérstök lög. Ör þróun er innan heilbrigðisþjónustunnar og stöðugt koma fram ný svið. Starfsvettvangur heilbrigðisstarfsmanna hefur breyst, sjálfstæði þeirra hefur aukist með aukinni menntun og starfsumhverf-

ið er líka stöðugt að breytast. Því er eðlilegt að skoða og fara vel yfir hvort heildarlöggjöf um alla heilbrigðisstarfsmenn sé ekki tímabær og að það fari þá frekar inn í reglugerð og reglugerðarverk, þ.e. starfssvið ákveðinna stétta ef farið er út fyrir það, eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Á undirbúningstímanum hafa frumvarpsdrögin verið send þrisvar sinnum til umsagnar, nú síðast í haust og frumvarpið, eins og það lítur nú út, er samið með tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið. Þó er svo trúlega ekki að öllu leyti því að geta má sér þess til að einhverjar starfsstéttir sem hafa haft sérstök lög um sín starfsréttindi vilji standa vörð akkúrat um þau réttindi og vilji þá sjá hvernig þau réttindi séu best tryggð og að þeirra starfssvið sé áfram jafn vel tryggt og það er nú.

Ég tel ekki að þetta frumvarp sé hápólitískt. Þetta er miklu frekar frumvarp sem snertir margar stéttir. Þar af leiðandi er mikilvægt að vanda undirbúninginn hér á hinu háa Alþingi eins og ég tel að hafi verið gert af hálfu hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég fagna því að fá þetta frumvarp nú svo hægt sé að gefa því tíma í hv. heilbrigðisnefnd, senda það til umsagnar, fá til nefndarinnar þá sem nefndin telur að þurfi og eigi að koma fyrir nefndina til þess að gefa álit sitt á frumvarpinu og hugsanlegum afleiðingum þess að breyta þessari lagaumgjörð. Ég vona að hv. heilbrigðisnefnd takist að ljúka þessari vinnu á þessu þingi sem þýðir að það yrði þá fyrir — okkur ætti vonandi að takast að ljúka því fyrir 1. október næstkomandi, sem sé fyrir nýtt þing.

Ég ætla ekki að fara í einstakar greinar. Fyrst og fremst er verið að líta til þess núna að breyting á starfssviði viðkomandi heilbrigðisstétta þjóni sjúklingunum sem best, að þjónustan sé út frá sjúklingunum eða réttara sagt að löggjöfin sé sniðin að þörfum sjúklinganna og að kostnaði við þjónustuna sé haldið í lágmarki.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og heilbrn.

Fundi slitið kl. 23:45.

---

23. FUNDUR

föstudaginn 19. júní,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 145 og 148, brtt. 146. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 118. mál, þskj. 155. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.
Svandís Svavarsdóttir umhvrh., 3. þm. Reykv. s.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðum um dagskrármálið er lokið.

Störf þingsins.

Icesave – endurskoðun raforkulaga – greiðsluaðlögun – vinnubrögð á Alþingi o.fl.

[10:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill tilkynna að þar sem fimm hv. þingmenn hafa beðið um orðið undir dagskrárliðnum Störf þingsins mun forseti haga umræðunni þannig að hann gefur hv. þingmanni orðið og síðan þeim sem hann vill eiga orðastað við og svo koll af kolli.

[10:32]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Í byrjun mánaðarins fór fram kynning fyrir þingflokkunum á samningnum um Icesave-reikningana og þá tóku báðir stjórnarflokkarnir ákvörðun um að styðja þann samning og heimila ríkisstjórninni að skrifa undir samninginn án þess að hafa séð hann. Mig langar til að spyrja hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, formann þingflokks Samfylkingarinnar, hvort þingflokkur hans muni skipta um skoðun í þessu máli eftir að hafa kynnt sér samninginn að nýju og fengið að sjá smáa letrið í samningnum, sem er mjög alvarlegt, og hvort menn þurfi þá að ganga aftur til samninga og hvort það hafi verið mistök að heimila fjármálaráðherra að skrifa undir samninginn.

[10:33]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Það er rétt að fyrir nokkrum vikum kynntu fulltrúar úr samninganefndinni samningsdrögin fyrir þingflokki Samfylkingar. Í gær funduðum við tvisvar um málið með sérfræðingum úr samninganefndunum og sérfræðingum úr ráðuneytunum sem hafa fjallað sérstaklega um málið. Það er alveg ljóst eins og fram kom að það þarf að ljúka þessum málum með einhverjum viðunandi hætti. Núna kemur til kasta þingsins að kalla eftir öllum upplýsingum um þessi mál og fá alla þá færustu sérfræðinga sem í boði eru hérlendis og erlendis til að fullvissa þingmenn um að þetta sé skásta leiðin í erfiðri stöðu. Þá þurfa öll gögn að liggja fyrir. Það hefði verið miklu heppilegra að t.d. öll

gögn og samningurinn sjálfur hefði komið fram fyrr þannig að umræðan hefði mátt ganga fyrr fram um efnisinnihald samningsins. Síðan kemur það náttúrlega í ljós þegar upp er staðið og eftir umfjöllun þingnefnda og þingsins hvernig þingið greiðir atkvæði um samninginn, en það kom ekkert annað fram innan okkar þingflokks en að þingmenn teldu að þetta væri sú leið sem væri skást að fara í þessari erfið stöðu. Nú tekur við umfjöllun um samninginn, þannig að fólk geti leitað eftir málefnalegri fullvissu um að þessi leið sé fær og það hefur ekki komið annað fram en að svo sé.

[10:35]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir að ræða tvö mál við hv. þingmann og formann iðnaðarnefndar og ég reikna þá með að ég megi koma upp tvisvar ef tími verður til.

Ég ætla að byrja á því að spyrja aðeins út í raforkulög og ástæðan er m.a. sú að um daginn fór fram umræða sem hæstv. iðnaðarráðherra tók þátt í. Það sem ég er að velta fyrir mér er að þar kom fram að nefnd væri að endurskoða raforkulögin og hún mundi skila af sér í árslok 2010. Ég gerði þá athugasemd eða spurði hvort það kæmi ekkert fyrr frá nefndinni. Ráðherra vildi meina að svo væri. Mig langar að spyrja formann iðnaðarnefndar hvenær hann geri þá ráð fyrir að við sjáum einhverja tillögu varðandi breytingar á raforkulögum og þá er ég fyrst og fremst að hugsa um það sem kemur fram m.a. í athugasemd frá Fjárfestingarstofu í minnisblaði til iðnaðarnefndar. Þar er rætt um að það sé frekar þröng skilgreining á raforkunotendum og ekki hugsað til minni notenda og slíkt. Því velti ég fyrir mér hvenær við munum sjá breytingu á því sem gerir ráð fyrir að annaðhvort verði lækkuð þau viðmið sem miða við notendur svokallaðs stórnotendataxta, sem er 14 megavött, eða verður búin til einhver millibilsleið þar sem þeir t.d. sem nota 7–14 megavött verða skilgreindir með einhverjum sérstökum hætti o.s.frv.? Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að þessari vinnu verði hraðað hið fyrsta.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill geta þess að ef hv. þingmaður óskar eftir að taka til máls að nýju þarf hann að kveðja sér hljóðs eftir að hann hefur lokið máli sínu, þannig að ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður vilji að ég færi hann á mælendaskrá og forseti mun bæta honum þar við.)

[10:37]

Skúli Helgason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni fyrir þessa þörfu fyrirspurn. Það er rétt sem kemur fram í máli hv. þingmanns að skipuð hefur verið nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins til að endurskoða ákvæði raforkulaga í samræmi við ákvæði til bráðabirgða við raforkulög, nr. 65/2003. Samkvæmt lögunum á þessari endurskoðun að vera lokið fyrir 31. desember 2010 og eitt af þeim viðfangsefnum sem nefndin hefur fengið til skoðunar er einmitt þetta atriði sem hv. þingmaður nefnir, hvort það sé tilefni til að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem hefur verið í raforkulögum okkar að þar séu bara tvær skilgreiningar, annars vegar almennir notendur og hins vegar stóriðjan. Ég get staðfest að þetta er eitt af því sem þessi nefnd mun taka til skoðunar. Hún hefur reyndar þau fyrirmæli að flýta sérstaklega skoðun á þeim þáttum sem lúta að því hvernig hægt sé að auka gjaldeyristekjur og atvinnusköpun í samfélaginu og mun eiga að skila tillögum um það efni hið fyrsta, þ.e. fyrir ágústlok á þessu ári, 2009.

[10:39]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Það var með sorg og samúð í hjarta sem ég horfði á frétt um Björn Mikaelsson sem reif húsið sitt á þjóðhátíðardaginn okkar. Fréttin birtist í Kastljósinu í gær. Lánið á húsinu hans hafði farið úr 34 millj. kr. í 76 við hrun bankanna og hann sá í rauninni ekkert annað úrræði eins og hann orðaði það, „bankahrunið er hryðjuverk og ég framdi skemmdarverk á móti“, sagði Björn.

Í tölvupósti frá forstjóra Kaupþings til starfsmanna segir hann að úrræði ríkisstjórnarinnar dugi ekki til og stjórnvöld hafi ítrekað sagt að ekki standi til að lækka skuldir heimilanna með flötum niðurskurði. Það blasi hins vegar við að þau úrræði sem þegar hafa verið kynnt muni ekki duga eða séu of þung í vöfum til að gagnast nægilega vel. Því hefur bankinn ákveðið að leita nýrra leiða og er að kynna þær leiðir fyrir stjórnvöldum.

Ég hefði mikinn áhuga að heyra frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur hvort hún sé sammála því að það sé jafnvel nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um greiðsluaðlögun eða hvort það sé eðlilegra að bankarnir móti sína eigin greiðsluaðlögunarleiðir eða leiðréttingu á lánum. Telur hv. þingmaður ekki að það sé hætta, ef bankarnir fara sjálfir að gera þetta fyrst ríkisstjórnin virðist vera óviljug til að taka á þessum vandamálum, á skorti á gagnsæi og jafnvel spillingu og misnotkun vegna vinatengsla og er ekki einmitt ástæða fyrir þingnefndir að taka þetta mál upp, að taka upp lögin um greiðsluaðlögun, eins og m.a. einn stjórnarliði, hv. þm. Lilja Mósesdóttir, benti á fyrir nokkrum vikum síðan?

[10:41]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Auðvitað er mjög mikilvægt að grannt sé fylgst með og það sé stöðugt endurmat á þeim úrræðum sem gripið hefur verið til vegna skuldavanda heimilanna. Ég get tekið undir með hv. þingmanni að ástæða er til að fylgjast sérstaklega grannt með því hvernig greiðsluaðlögunin virkar því að ef hún er ekki að virka og virkar ekki nógu hratt og nógu vel fyrir fólk þá þarf að komast að því hvers vegna það er.

Þetta úrræði hefur virkað gríðarlega vel í nágrannalöndum okkar og það getur vel verið að við höfum farið einhverja aðra leið. Ef svo er að þetta er ekki að virka þá þurfum við að skoða það. Ég get alveg tekið undir að það sé eðlilegt að þingnefndir geri það og þingmenn en ég vil minna á að í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ákvæði um það að í kjölfar úttektar Seðlabankans á skuldastöðu heimilanna, sem var kynnt held ég í síðustu viku, muni fara fram sérstakt heildarmat á þörf fyrir frekari aðgerðir og tillögur verði unnar í kjölfar úttektarinnar. Ég veit ekki betur en þessi vinna sé að fara af stað þessa dagana og það er eðlilegt að þingið fylgist grannt með henni og taki þátt í henni.

Mér er kunnugt um að í hv. félagsmálanefnd var fyrir

skömmu farið mjög rækilega yfir þetta úrræði um greiðsluaðlögun. Það er rúmur mánuður síðan greiðsluaðlögun fasteignaveðlána tók gildi og á mánudaginn var tók gildi reglugerð sem heimilar að skuldaniðurfelling sé ekki skattskyld sem er þá miklum mun einfaldara úrræði og bankarnir geta notað. (Forseti hringir.) Þetta var hluti af þessum pakka í vor en er núna fyrst að koma til framkvæmda og ég bind nokkrar vonir við það.

[10:44]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Mig langar að kveðja mér hljóðs um störf þingsins. Ég er enn þá alveg rasandi hissa á þeim vinnubrögðum sem ég verð var við í þinginu. Seinasta og skýrasta dæmið er náttúrlega gærdagurinn þar sem til stóð að framkvæmdarvaldið héldi Icesave-samningnum leyndum fyrir þingi og þjóð þangað til honum var lekið í fjölmiðla og framkvæmdarvaldið varð að bregðast við og láta þingið fá samninginn til skoðunar. Það er ekkert ósvipað með margt annað sem gert er í þinginu. Það er verið að vinna í nefndum hver ofan í aðra. Maður á stundum að vera á þremur nefndarfundum í einu eða á fundum á vegum framkvæmdarvaldsins. Það er ekki eitthvert náttúrulögmál að þetta þurfi að vera svona, frú forseti, þetta er spurning um skipulag og vinnulag og það er mjög einfalt mál fyrir Alþingi Íslendinga að fá einfaldlega sérfræðinga í tímastjórnun til að skipuleggja starfsemi þingsins. Það veitir ekki af því. (Gripið fram í.) Já, ókei. En þetta er spurning um að koma skipulagi á störfin.

Ég verð vitni að vinnubrögðum sem mér hugnast ekki og eru til vansa því að ég sé löggjöf sem er afgreidd á hundavaði. Þingmenn geta gert grín að því, ef þeim sýnist svo, en þetta er þeim að kenna og þetta er þeim ekki til sóma. Það er alveg á hreinu. Það sagði mér einn starfsmaður þingsins að þetta hefði aldrei verið svona slæmt og hann þakkaði guði fyrir að Alþingi væri ekki sjúkrahús því að þá væru sjúklingarnir allir löngu dauðir og búið að reka starfsfólkið. Ég segi það með honum og Íslendingar mega kannski vera þakklátir fyrir það að hér eru bara framleidd lög en ekki pylsur því að þá væri kannski verr komið fyrir þjóðinni en ella. En þetta er eitthvað sem ég legg áherslu á og mér finnst að vinnuhópur á vegum frú forseta sem á að bæta störfin á þingi taki sem hraðast til starfa og reyni að koma almennilegu skikki á störfin, þannig að vinnan verði unnin skipulega af því að þannig afköstum við einfaldlega meiri og betri vinnu.

[10:46]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að starfshópur forseta um breytt vinnulag hefur þegar hafið störf. (Gripið fram í.)

[10:46]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil fá að taka aðeins þátt í þeirri umræðu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal átti frumkvæði að við hv. þingmann og þingflokksformann Samfylkingarinnar Björgvin G. Sigurðsson áðan um Icesave-samninginn. Hv. þingmaður sagði að það kæmi í ljós eftir vandlega yfirferð á þinginu hvernig þingflokkur Samfylkingarinnar mundi greiða um hann atkvæði.

Í umræðu hér fyrr í mánuðinum um margumrætt minnisblað við Hollendinga, sem formaður samninganefndarinnar sagði að hefði elt samninganefndina eins og draugur allt ferlið, kallaði hæstv. utanríkisráðherra það, með leyfi forseta, „minnisblað um samningsstefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn stóð fyrir gagnvart Hollendingum“. Svo vísaði hann síðar í ræðu sinni til þessa „ólukkuminnisblaðs“ við Hollendingana.

Hæstv. ráðherra lét að því liggja að þetta hefði verið gert af hálfu ráðherra Sjálfstæðisflokksins við Hollendinga og kom það nokkuð á óvart, og það að starfandi utanríkisráðherra hefði ekki vitað þetta er í sjálfu sér umhugsunarefni og spurning hvort utanríkisráðherrann sem þá var í veikindaleyfi vissi af minnisblaðinu.

Það er samt ekki það sem ég ætlaði að spyrja um. Ég ætlaði að spyrja hv. þingmann, formann þingflokks Samfylkingarinnar, hvort aðrir þingmenn Samfylkingarinnar og ráðherrar hafi vitað af þessu minnisblaði á þeim tíma og þá sérstaklega hvort fyrrverandi hæstv. bankamálaráðherra, viðskiptaráðherrann Björgvin G. Sigurðsson, hafi vitað af umræddu minnisblaði þegar það var til og hvort Tryggingarsjóður innstæðueigenda, sem heyrir undir viðskiptaráðuneytið, hafi áritað samninginn án vitundar þáverandi hæstv. bankamálaráðherra.

[10:48]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Hér stendur til á næstu dögum, ef stjórnarflokkarnir geta myndað einhvers konar meiri hluta sem er alls óvíst, að skrifa undir ríkisábyrgð fyrir hið svokallaða Icesave-lán. Með vöxtum gæti þessi ábyrgð verið allt að þúsund milljarðar, við skulum vona að það fáist eitthvað upp í það, en svona til samhengis nemur það um 60–65% af landsframleiðslu. Það sem meira er, og gæti verið athyglisvert fyrir hv. samfylkingarþingmenn, mun þetta klára Maastricht-skilyrðið um skuldir sem hið opinbera má bera. Evran er þar þá fyrir bí.

Þetta var bara til að setja hlutina í samhengi. Í Morgunblaðinu í morgun kemur fram að pólitískur aðstoðarmaður fjármálaráðherra hafi lýst yfir við Morgunblaðið — og ef ég má, með leyfi forseta, ætla ég að lesa upp úr Morgunblaðinu:

„Aðstoðarmaðurinn Indriði H. Þorláksson segir við lesendur Morgunblaðsins að líkt og í venjulegum lánaviðskiptum geti eigandi skuldarinnar“ — þ.e. Icesave-skuldarinnar — „sem í þessu tilviki eru bæði Bretar og Hollendingar, farið fram á fjárnám í eigum skuldarans, sem er jú íslenska ríkið, standi hann ekki í skilum.“

Þessi tvö ríki gætu gert fjárnám í gjaldeyrisforða Íslendinga sem eru í þessum löndum.

Fjármálaráðherrann segir hins vegar við Fréttablaðið að þetta sé alveg fráleit túlkun. Nú kemur fram mikið misræmi í ummælum þessara tveggja manna um raunverulega aðfararhæfni (Forseti hringir.) að eigum íslenska ríkisins og þess vegna spyr ég hv. þm. Helga Hjörvar: Gætir þú útskýrt fyrir þingheimi af hverju þetta misræmi stafar?

[10:51]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmann á að tala við hv. þingmenn (Gripið fram í.) í 3. persónu og beina máli sínu til forseta.

[10:51]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Ég verð að vísu að hafa fyrirvara á þeim endursögnum á þeim ummælum sem vísað er til því að þau hef ég ekki sjálfur frá fyrstu hendi og auðvitað líka þann fyrirvara að við eigum eftir að taka málið til vandlegrar umfjöllunar í þinginu og þá á ýmislegt eftir að skýrast.

Ég hygg þó, eins og hv. þingmaður vísar til málsins, að hér sé fyrst og fremst spurningin um annars vegar hina fræðilegu nálgun og hins vegar hina praktísku. Ákvæði Icesave-samningsins breyta út af fyrir sig engu um aðfararhæfni að eignum Íslands hér á landi. Það er þannig fræðilega að sé ríkið ekki gjaldfært er hægt að sækja það fyrir íslenskum dómstólum. Í praktíkinni er það þannig að ef ríkið er ekki gjaldfært gengur það ekki þannig fyrir sig, heldur fer það til sérstakrar meðferðar og inn í Parísarklúbbinn eins og við þekkjum.

Það sem fallið er frá í samningnum lýtur að aðfararstöðunni á erlendri grundu og þá þannig að hægt sé að stefna ríkinu vegna samningsins sem gerður er í því lögsagnarumdæmi sem hann heyrir undir sem er þá England og þá, eftir atvikum, ef ekki hefur verið staðið í skilum, gera aðför að eignum en þó þannig að sérstakir alþjóðlegir samningar, eftir þeim upplýsingum sem ég nú hef, greina best að ýmislegt það sem tilheyrir ríkinu með sérstökum hætti, svo sem sendiráð og gjaldeyrisvarasjóður, sé þar undanskilið.

Ég hygg þess vegna að munurinn á þessu sé fyrst og fremst sá að útlegging aðstoðarmannsins, þ.e. svipaðar túlkanir og hv. þingmaður lýsir, nái til hinnar fræðilegu stöðu en hæstv. fjármálaráðherra (Forseti hringir.) hafi lýst hinni praktísku stöðu í samskiptum þjóða.

[10:53]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mér finnst það mikið ábyrgðarleysi af þingflokki Samfylkingarinnar og hv. þingmönnum stjórnarliðsins að hafa samþykkt að veita fjármálaráðherra leyfi til að skrifa undir þennan samning án þess að fram hafi farið nein vitræn umræða um kosti hans og galla og afleiðingar fyrir íslenska þjóð.

Mér finnst of seint að koma núna þegar hæstv. fjármálaráðherra er búinn að skrifa undir samninginn og ætla að ræða um hlutina fram og til baka. Það er búið að skrifa undir samninginn, frú forseti. Mér finnst þetta verulega mikið ábyrgðarleysi hjá báðum þingflokkum stjórnarliðsins, báðum, að heimila þessa undirskrift án þess að hafa séð samninginn. Það er alveg með ólíkindum, frú forseti, að menn skuli vinna svona.

Ég hef meira að segja grun um það að sumir ráðherrar ríkisstjórnarinnar, og hér er nú einn staddur, hafi ekki heldur séð þennan samning áður en þeir fólu hæstv. fjármálaráðherra að skrifa undir hann.

Það er nefnilega reginmunur á samningi sem er óundirritaður og samningi sem er undirritaður. Meðan samningurinn er óundirritaður geta menn samið aftur, sent sendimennina aftur út og sagt: Þetta er ekki nógu gott. Þessi samningur er ekki nógu góður. Það er mjög einfalt. Það verða að vera í honum einhver hámörk þannig að þjóðin geti greitt þessar skuldbindingar og það séu ekki neinar líkur á því að hún geti farið á vonarvöl.

[10:55]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina smáhugvekju eða spurningu til formanns iðnaðarnefndar, hv. þm. Skúla Helgasonar, en vil byrja á að taka undir þau orð sem Pétur H. Blöndal sagði hér. Það sem ég er að velta fyrir mér varðar olíuleit á Drekasvæðinu. Ég hef verið mjög hugsi yfir þessu, ekki síst eftir að aðili úti í bæ, ef ég má orða það þannig, kom að máli við mig eftir að hafa velt hlutunum fyrir sér. Hann hefur áhyggjur af stöðu þjóðarinnar. Eins er ég hugsi eftir heimsókn manna sem eru að vinna að þessari olíuleit fyrir hönd okkar og fór að velta því fyrir mér eftir þessi samtöl tvö hvort aldrei hefði komið til tals að semja hreinlega við eða kanna áhuga t.d. Norðmanna, Dana, Bandaríkjamanna eða einhverra sem eru búnir að leita að olíu áratugum saman og þekkja þetta eins og lófann á sér. Væri ekki rétt að athuga hvort þeir hefðu hreinlega áhuga á að leigja þetta svæði til olíuleitar?

Ef við ætlum okkur á annað borð að vinna þarna olíu, er þá ekki skynsamlegra að leita til aðila sem kunna þetta þannig að það sé hægt að vinna þetta miklu hraðar, koma ferlinu hraðar af stað?

Samningar um svona gætu verið margvíslegir. Ein hliðin á þessu gæti verið sú að ef við t.d. ætluðum að semja við Norðmenn mundum við semja bara við þá vegna þess að við vitum að olíulindir eru að tæmast og menn þurfa að fara að huga að þessu og vilja það gjarnan, t.d. Norðmenn. Þeir mundu fá einkarétt á þessu í einhver tiltekin ár, borga okkur nokkur hundruð, eða þúsundir milljarða jafnvel, fyrir leyfið en þegar þeir væru búnir að ná ákveðinni ávöxtun á fjárfestingu sína, t.d. 10% ávöxtun eða eitthvað slíkt, kæmi þetta til okkar aftur. Ég spyr (Forseti hringir.) hv. formann hvort þetta hafi yfirleitt komið eitthvað upp.

[10:58]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir svör við fyrirspurn minni um greiðsluaðlögun ríkisstjórnarinnar. Hún talaði um það að þetta úrræði hefði gagnast vel í nágrannalöndum okkar. Staðreyndin er hins vegar sú að þetta úrræði hefur aldrei verið nýtt fyrir heila þjóð. Aldrei. Og það virðist vera það sem ríkisstjórnin hugsar sér með þessari greiðsluaðlögun.

Þegar Norðurlöndin fóru í gegnum sína bankakreppu voru hlutföllin svo miklu betri en eru hjá okkur. Okkar bankakreppa er mun líkari bankakreppunum í Asíu. Það kom nú bara nýlega fram á fundi sem viðskiptanefnd átti við einn af bönkunum að staðan í þeim banka, sem væntanlega er einna best settur af þeim þremur, er upp á tæplega 70% af lánunum í einhvers konar vanskilum.

Þetta er mjög sambærilegt við stöðuna eins og hún var í Indónesíu og fleiri Asíulöndum á sínum tíma. Heimtur þar voru kannski um þriðjungur, 30–40%, af þessum vanskilum. Við erum að tala um allt aðra stöðu hér en var í bankakreppunum á Norðurlöndunum. Mér finnst mikið áhyggjuefni að þingmaðurinn telji ástæðu til að bíða og sjá hvernig þetta muni þróast þegar við erum farin að horfa upp á hvers konar örvænting er til staðar hjá almenningi, þegar fólk er farið að leigja sér gröfur og frekar rífa niður húsin sín, ha, en að sitja undir þess konar hryðjuverkum eins og talað er um að bankahrunið sé og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar.

Hins vegar verð ég að segja að lokum að ég minntist aðeins á þetta við formann allsherjarnefndar, hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, og hún tók (Forseti hringir.) mun jákvæðar í það að allsherjarnefnd tæki málið upp og flytti þá hugsanlega annað frumvarp eins og þau (Forseti hringir.) gerðu á sínum tíma með þetta greiðsluaðlögunarmál.

[11:00]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill biðja þingmenn um að virða ræðutíma og óskar eftir því að það sé aðeins einn fundur í gangi í salnum.

[11:00]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Það er rétt sem hv. þm. Eygló Harðardóttir segir, bankakreppan hér er miklum mun dýpri en aðrar þær sem við berum okkur saman við. Einn mælikvarði á það er töpuð útlán. Töpuð útlán í bankakreppunum á Norðurlöndum, bæði í Noregi og í Svíþjóð, voru einhvers staðar á bilinu 12–15%. Í Tælandi voru þau yfir 20%. Og hvað skyldu þau hafa verið hér í fyrrahaust þegar bankakerfið hrundi? 60%. Af þessu má auðvitað ráða stærðina á bankakreppunni.

Ég get einnig tekið undir með hv. þingmanni með það að lög um greiðsluaðlögun voru sett hér við mjög óvenjulegar aðstæður. Við hefðum átt að vera búin að innleiða þetta úrræði í íslenskan rétt fyrir lifandi löngu. Ég leyfi mér að minna á það að frumvörp um það efni hafa komið hér fram áreiðanlega í ein 10–15 ár. (**Gripið fram í:** Meðal annars framsóknarmenn.) Meðal annars framsóknarmenn, segir hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Ég vil bara nefna að helsti forgöngumaður í þessum málum er núverandi hæstv. forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan og vitna í góðan samstarfssáttmála eða yfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna um að nú er að fara í gang heildarmat á þörf fyrir frekari aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Ég bind miklar vonir við það. Það er alveg ljóst í mínum huga að ef lögin um greiðsluaðlögun virka ekki nógu vel — og þá meina ég til þess að fella niður skuldir, það er ekkert um annað að ræða. Greiðsluaðlögunin er til þess að fella niður þær skuldir sem menn geta ekki greitt — verðum við bara að komast fyrir það og (Forseti hringir.) leiðrétta það.

Umræðu lokið.

Endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál (stofnun hlutafélags, heildarlög). — Þskj. 1, nál. 145 og 148, brtt. 146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:06]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að ef menn vilja gera grein fyrir atkvæði sínu þurfa þeir að biðja um það áður en atkvæðaskýringar hefjast. Einn hv. þingmaður sem óskaði eftir að fá að gera grein fyrir atkvæði sínu var of seinn, forseti mun engu að síður heimila honum það en áður tekur hv. þm. Helgi H. Hjörvar til máls og gerir grein fyrir atkvæði sínu.

Brtt. 146,1 (ný 1. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁsbÓ, BÁ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, KLM, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:05]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Það frumvarp sem við greiðum atkvæði um við 2. umr. hefur tekið veigamiklum breytingum í meðförum hv. efnahags- og skattanefndar og ber að þakka formanni hennar, hv. þm. Helga Hjörvar, fyrir mjög góða samvinnu í nefndinni. Frumvarpið er gjörbreytt og núna felst það í því að það mikla fyrirtæki sem átti að stofna og átti að vera eignarhaldsfélag er orðið ráðgjafar- og samræmingarfélag. Það er staðreynd að fjöldi fyrirtækja í einkageiranum er kominn í eign ríkisins. Það er sú staðreynd sem menn ganga út frá og hér er verið að setja á samræmdar reglur sem tryggja gagnsæi og jafnræði skuldara, og alveg sérstaklega að þegar kemur að því að selja fyrirtæki sé þar gætt samræmis og jafnræðis. Ég segi já við þessari breytingartillögu.

[11:06]

Helgi Hjörvar:

Það er að vísu Helgi Ú. Hjörvar, virðulegi forseti.

Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir hlý orð og gott samstarf í efnahags- og skattanefnd um þetta áður mjög svo umdeilda mál, eignaumsýslufélag ríkisins, en það má fyrst og fremst rekja til þeirrar rúmu heimildar sem hæstv. fjármálaráðherra gaf nefndinni við 1. umr. til að fjalla efnislega um málið og gera á því breytingar. Í raun má segja að það sé aftur fært nær því sem var þegar hæstv. fjármálaráðherra flutti það fyrst og þó einkum til þeirra hugmynda sem Mats Josefsson, sá sérfræðingur sem best þekkir til við endurreisn atvinnulífs og fjárhagslega endurskipulagningu fyrir-

tækja, lagði til við ríkisstjórnina að væri einn mikilvægasti þátturinn í því endurreisnarstarfi sem fram undan er. Það mun auðvitað ráða miklu um velferð okkar á komandi tíð og fer vel á því að það sé mál nr. 1 á Alþingi og mál nr. 1 (Forseti hringir.) á þessu kjörtímabili.

[11:08]

Illugi Gunnarsson:

Frú forseti. Hér er á ferðinni mjög mikilvægt mál sem getur haft víðtækar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf til langs tíma horft. Ég þakka hv. nefndarmönnum fyrir starfið og tel augljóst að mikið og gott starf hafi verið unnið í nefndinni. Mér hefur verið tjáð að málinu verði nú vísað milli 2. og 3. umr. til nefndar enn á ný og ég mæli fyrir hönd margra sjálfstæðismanna sem ákváðu að sitja hjá í þessu máli núna við 2. umr. og við viljum sjá hvort málið taki frekari breytingum milli 2. og 3. umr. í nefndarvinnunni. Mörg okkar telja að ýmislegt þurfi að skoða betur og það sé hægt að vinna þetta mál þannig og þannig verði bundið um hnúta að lágmarki afskipti ríkisvaldsins af íslensku efnahagslífi. Það skiptir miklu máli og því er mikið atriði að vel verði haldið utan um þetta (Forseti hringir.) og við munum taka endanlega afstöðu til málsins þegar það kemur aftur út úr nefnd.

Brtt. 146,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁsbÓ, BÁ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, ÞKG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, KLM, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, UBK, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 146,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁsbÓ, BÁ, GÞÞ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, KLM, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 146,4 (3.–4. gr. falla brott) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁsbÓ, BÁ, GÞÞ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, KLM, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 146,5 (ný 5. gr., verður 4. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SkH, SJS, TÞH, VBj, ÞSa, ÞrB, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁsbÓ, BÁ, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, SIJ, SF, UBK, VigH, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, KLM, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:12]

Guðmundur Steingrímsson:

Frú forseti. Eins og sumir þingmenn sjá hafa þingmenn Framsóknarflokksins ákveðið að sitja hjá við tillögu um breytingu á þessum lið. Hann fjallar um það hvernig eigi að skipa stjórn félagsins og við framsóknarmenn höfum gert verulegar athugasemdir við það hvernig stjórnin á að vera skipuð. Við viljum fá að sjá miklu faglegra skipunarferli. Hér er kveðið á um það að stjórnin skuli skipuð fimm mönnum og tveimur til vara og skulu þeir kosnir á aðalfundi ár hvert. Ég er ekki viss um hversu mikið fjör verður á þessum aðalfundi vegna þess að þar verður væntanlega bara einn maður, hæstv. fjármálaráðherra. Þó að hann sé ágætur maður mættu alveg vera þarna fleiri. Hann mun þá einn skipa í þessa stjórn. Við teljum fulla ástæðu til að leggja áherslu á að fleiri komi að tilnefningu í þessa stjórn og það verði gert með mun faglegri og ópólitískari hætti.

Brtt. 146,6 (tvær nýjar greinar, verða 5.–6. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁsbÓ, BÁ, GÞÞ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 146,7 (6.–7. gr. falla brott) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁsbÓ, BÁ, GÞÞ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 146,8 (ný 8. gr., verður 7. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁsbÓ, BÁ, GÞÞ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 146,9 (9. gr. fellur brott) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁsbÓ, BÁ, GÞÞ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb) fjarstaddir.

10. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁsbÓ, BÁ, GÞÞ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 146,10 (ný fyrirsögn) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁsbÓ, BÁ, GÞÞ, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til efh.- og skattn.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:17]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 155. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, IllG, JóhS, JRG, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓN, PHB, REÁ, RR, SER, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (BirgJ, MT, ÞSa) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, BJJ, BjarnB, EKG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, ÓÞ, RM, SDG, SII, SVÓ, SSv, ÞSveinb) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 155.

[11:18]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta frumvarp er 118. mál þessa þings á þskj. 155. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hve mikilvægt verkefni bíður stjórnvalda á sviði efnahagsmála næstu missirin. Þar af er án vafa glíman við ríkisfjármálin einn allra mikilvægasti þátturinn sem lýtur um leið að endurreisn íslensks efnahagslífs. Víðtækar aðgerðir sem snerta jafnt tekjuhlið og útgjaldahlið ríkisfjármála eru því óumflýjanlegar og til þeirra þarf að grípa eigi síðar en nú og er mikið í húfi.

Allar athuganir sýna að verði því frestað að takast á við vandann gerir hann ekkert annað en að verða erfiðari úrlausnar síðar og torveldar okkur glímuna svo miklu munar. Þannig má nefna að bara sá kostur að aðhafast ekki á þessu ári mundi auka halla ríkissjóðs um sem næmi hátt í 2% af landsframleiðslu á þessu ári og til mikilla muna á næstu 2–3 árum þar á eftir.

Meginmarkmið þess frumvarps sem hér er mælt fyrir er því að mæta hinu mikla tekjufalli og viðbótarútgjöldum sem ríkissjóður hefur orðið fyrir vegna efnahagshrunsins og þá ekki síður vegna þeirra miklu skulda sem það skilur eftir sig. Það er hluti þeirra aðgerða sem eru byggðar inn í fyrirliggjandi áætlun stjórnvalda um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum eigi síðar en á árinu 2013.

Áætlunin gengur einfaldlega út á það að ná svonefndum frumjöfnuði á árinu 2011 og heildarjöfnuði og nokkrum afgangi á fjárlögum á árinu 2013. Stærðargráða viðfangsefnisins er, mæld á núverandi forsendum, sú að að óbreyttu stefnir í halla á ríkissjóði vel yfir 170 milljarða kr. á þessu ári og það er því bið af þessari stærðargráðu sem við höfum fjögur og hálft ár til að brúa, frá og með miðju þessu ári og til og með árinu 2013.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði þær breytingar á lögum um tekjuöflun ríkissjóðs og greiðslum úr ríkissjóði sem nauðsynlegar eru til að ná framangreindum markmiðum fyrir yfirstandandi ár, þ.e. að minnka bilið á milli tekna og útgjalda ríkissjóðs um a.m.k. 20 milljarða kr. á þeim seinni helmingi ársins sem eftir lifir. Það ásamt þeim gjaldabreytingum sem nýlega hafa verið samþykktar og afgreiddar af ríkissjóði og tengjast ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda á árinu 2009 er allt hlutar aðgerðanna sem koma til framkvæmda á þessu ári.

Með þessu frumvarpi verða lögfestar nauðsynlegar

breytingar sem kalla á lagabreytingar annars vegar á tekjuhlið og hins vegar á útgjaldahlið vegna aðgerða sem hefjast frá og með þessum tíma. Að öðru leyti verða fjárheimildir færðar til samræmis við ákvarðanir ríkisstjórnar með fjáraukalögum á síðari hluta ársins. En framkvæmd þeirra hefst nú og unnið verður eftir þeim í ráðuneytum og stofnunum.

Aðrar og umfangsmeiri aðgerðir og umfangsmeiri hlutar þeirra áætlana sem nú hafa verið mótaðar koma til framkvæmda á næstu árum eins og gerð verður nánari grein fyrir í skýrslu um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum sem verður vonandi dreift á Alþingi strax upp úr helgi. Þörfin sem við blasir fyrir aðhaldsaðgerðir til að styrkja afkomu ríkissjóðs er eins og áður segir á árinu 2009 metin upp á a.m.k. 20 milljarða kr. og á árinu 2010 upp á 56 milljarða kr. þar til viðbótar. Umfang aðhaldsaðgerðanna í þeim áformum sem birtast hér í frumvarpinu er hins vegar nokkru meira en sem nemur þessari áætlaðri lágmarksaðlögunarþörf, bæði vegna óvissu í áætlunum um þróun efnahagsmála og ríkisfjármála og eins til þess að sýna að stjórnvöldum er alvara og hafist verður handa strax með einbeittum hætti.

Þannig er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs batni um ríflega 22 milljarða kr. á þessu ári umfram það sem ella hefði stefnt í og um 64 milljarða kr. á næsta ári verði frumvarp þetta og önnur sem síðar munu koma til að lögum. Er þá miðað við í grófum dráttum að hlutur tekjuöflunar annars vegar og lækkunar útgjalda hins vegar verði á þessum tíma innan markanna 60% og 40%. Útgjaldarammar vegna fjáraukalaga fyrir árið 2009 og fjárlaga ársins 2010 verða settir í samræmi við þetta.

Í töflu sem fylgir sem greinargerð með þessu frumvarpi eru þessir hlutir tíundaðir fyrir bæði árin og eins og þar má sjá hefur þessu verið skipt niður á einstaka þætti ríkisfjármálanna þar sem á blaðsíðu 11 gefur að líta að tekjuöflun verður samtals á þessu ári upp á um 13 milljarða kr. vegna ráðstafana sem annars vegar hefur þegar verið gripið til og hins vegar ráðstafana sem eru í þessu frumvarpi.

Í rekstri verður aukið aðhald svo nemur 1.800 millj. kr. Það er sparnaðarkrafa á alla almenna rekstrarþætti og stjórnsýslu ráðuneyta upp á 1,5% miðað við ársveltu það sem eftir lifir ársins. Þannig má í raun tvöfalda þá tölu ef menn horfa til þess að þessum sparnaði á að ná á hálfu ári. Menntamálum er hlíft og aðhaldskrafan er upp á 1,2% og í félags- og heilbrigðismálum er aðhaldskrafan upp á 0,75%. (Gripið fram í.) Samtals er tilfærsluliðum ætlað að skila sparnaði sem nemur liðlega 3.000 millj. á þessu ári og aðhaldi í viðhalds- og stofnkostnaði upp á tæpa 4,5 milljarða.

Á árinu 2010 eru þessar tölur allar til mikilla muna stærri. Þannig er tekjuöflun alls áætluð allt að 28 milljörðum. Rekstrarsparnaður er áætlaður upp á 14,2–14,3 milljarða, tilfærslur upp á rúma 11 milljarða og samtals sparnaður í viðhaldi og stofnkostnaði upp á 10 milljarða. Þá er á árinu 2010 aðhaldskrafan í almennum rekstri og stjórnsýslu 10%, 7% í menntamálaútgjöldum og 5% í velferðarþjónustuútgjöldum. Öllum þingmönnum má vera ljóst að hér er í mikið ráðist og þarf mikið til að skila aðgerðum af þessu tagi í hús.

Sem fyrr segir er í þessu frumvarpi að finna ýmsar breytingar á ákvæðum skattalaga sem er áfangi í aukinni tekjuöflun ríkissjóðs í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum eins og nánar verður lýst á eftir. Fyrsti áfangi í nýrri tekjuöflun, samtals upp á um 4,4 milljarða á ársgrundvelli, hefur þegar verið lögfestur með hækkun á áfengi og tóbaki, bensíngjaldi og olíugjaldi og er áætlað að um 2,8 milljarðar kr. af þeirri fjárhæð skili sér á þessu ári og eins og áður sagði 4,4 milljarðar kr. á því næsta.

Í þessu frumvarpi er að finna tillögur um næsta áfanga í nýrri tekjuöflun upp á samtals um 21,4 milljarða kr. á ársgrundvelli, þar af skili sér um 10,4 milljarðar kr. á þessu ári, auk þeirra er ætlað að allt að 10 milljarða kr. tilfærsla verði með breytingum á staðgreiðsluskilum fjármagnstekjuskatts sem að sjálfsögðu lagar sjóðsstöðu ríkissjóðs verulega á þessu ári. Þá er miðað við að hert skatteftirlit skili allt að hálfum milljarði í viðbótartekjur á þessu ári, þ.e. um 2 milljörðum kr. á ársgrundvelli á næstu árum. Bein áhrif á vísitölu neysluverðs vegna þessara aðgerða eru metin að hámarki 0,25%, en þau koma fyrst og fremst fram í hækkun virðisaukaskatts á sykri, sælgæti og óáfengri drykkjarvöru, en endanleg áhrif ráðast að sjálfsögðu af því eftirspurnarástandi sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir rétt eins og það gerir á hverjum tíma. Miðað við núverandi aðstæður og vegna eðlis þessa varnings og verðteygni sem þar er að finna í verulegum mæli er ástæða til að ætla að verðlagsáhrifin verði verulega minni.

Tekjuáhrifin mæld í milljörðum króna skiptast þannig að hækkun á tryggingagjaldi vegna framlaga í Atvinnuleysistryggingasjóð og Ábyrgðasjóð launa er áætluð um 12,5 milljarðar kr. á ársgrundvelli og að um 7 milljarðar af þeirri fjárhæð skili sér á þessu ári.

Sykurskattur, þ.e. sú tilfærsla innan virðisaukaskattskerfisins sem þar er á ferðinni, á að skila um 2,5 milljörðum á ársgrundvelli, þar af 0,8 milljörðum á þessu ári. 8% viðbótarskattur á tekjur yfir 700.000 kr. 4 milljörðum á ársgrundvelli, 2 milljörðum á síðari hluta þessa árs, og hækkun á háum fjármagnstekjum 2,4 milljörðum á ársgrundvelli, 600 millj. á þessu ári. Þetta gerir samtals, eins og áður sagði, nýja tekjuöflun upp á 21,4 milljarða á ársgrundvelli, þar af 10,4 milljarða á þessu ári.

Til viðbótar er, eins og áður sagði, tilfærsla í skilum á fjármagnstekjuskatti sem bætir sjóðsstöðu ríkissjóðs um 10 milljarða og hert skatteftirlit um hálfan milljarð þar til viðbótar.

Sú aðgerð sem þyngst vegur á tekjuhliðinni í frumvarpinu er að sjálfsögðu hækkun atvinnutryggingagjalds um 1,56% og gjald í Ábyrgðasjóð launa um 0,1% sem skilað gæti ríkissjóði um 12,5 milljörðum kr. á heilu ári.

Samkvæmt lögum um tryggingagjald renna tekjur af atvinnutryggingagjaldi til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í ljósi vaxandi atvinnuleysis á undanförnum mánuðum sem leitt hefur til stóraukinna greiðslna úr sjóðnum blasir við sjóðþurrð verði ekkert að gert. Og sama gildir um Ábyrgðasjóð launa. Þessi er hinn hefðbundni tekjustofn þessara sjóða og ég vona að það mæti skilningi allra að með einhverjum ráðum verður að tryggja tekjur, tryggja fjárveitingar til að þessir nauðsynlegu sjóðir geti sinnt hlutverki sínu. Það er nærtækast og liggur beinast við að hækka þá tekjustofna sem hefðbundið hafa staðið undir útgjöldum vegna þeirra.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að virðisaukaskattur á til-

greindar vörur til manneldis, þ.e. sykur, ýmis sætindi og óáfengar drykkjarvörur, verði færður upp í efra þrep virðisaukaskatts, þ.e. 24,5%, frá og með 1. september nk., í sama þrep og var áður en virðisaukaskattur af matvælum var lækkaður með lögum nr. 175/2006 niður í 7%. Með þessari breytingu er því verið að færa fyrirkomulag virðisaukaskatts af þessum vörum til sama horfs og var fyrir lækkunina 1. mars 2007. Áætlað er að þessi breyting á fyrirkomulagi virðisaukaskatts af vörum til manneldis hafi í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð að fjárhæð 2,5 milljarðar kr. á ári. Greiðsluáhrif hækkunarinnar á tekjur ríkissjóðs vegna gjalddaga eins og þeir falla til eru áætluð á þessu ári um 800 millj. kr. og eins og áður sagði gætu áhrif á vísitölu lauslega áætluð orðið um 0,25%.

Þriðja skattbreytingin sem hér er lögð til í frumvarpinu er að tekið verði upp tímabundið álag í staðgreiðslu tekjuskatts hjá einstaklingum með háar tekjur. Í tillögunni felst að frá og með 1. júlí til og með 31. desember 2009 skuli launagreiðandi reikna út og skila í ríkissjóð til viðbótar hefðbundinni staðgreiðslu, sem í dag er 37,2% að meðtöldu útsvari, sérstökum 8% tekjuskatti af launum hvers einstaklings umfram 700.000 kr. á mánuði. Einstaklingur með 1 millj. kr. í laun að meðtöldum skattskyldum hlunnindum mun þannig greiða 24.000 kr. meira í staðgreiðsluskatt á mánuði verði frumvarpið að lögum. Reiknað er með að þessi breyting geti skilað ríkissjóði nálægt 4 milljörðum kr. á ársgrundvelli, en greiðsluáhrif hennar á árinu 2009 eru talin verða nálægt 2 milljörðum kr. Endanlegt uppgjör þessa sérstaka 8% hátekjuskatts fer síðan fram við álagningu opinberra gjalda 1. ágúst 2010.

Í fjórða lagi er lögð til tímabundin hækkun tekjuskatts á fjármagnstekjur úr 10% í 15%. Það þýðir að frá og með 1. júlí 2009 verður skilaskyldum aðilum gert skylt að innheimta 15% fjármagnstekjuskatt sem falla til eftir það tímamark, jafnt hjá einstaklingum sem lögaðilum, verði frumvarp þetta að lögum. Við álagningu opinberra gjalda 2010 verður þessi tímabundna hækkun endanlega gerð upp þannig að sérstakur 5% viðbótartekjuskattur verður einungis reiknaður á vaxtatekjur sem fallið hafa til frá og með 1. júlí til 31. desember 2009, og það á tekjur sem eru umfram 250.000 kr. samanlagt hjá einstaklingi, þ.e. liðlega 40.000 kr. á mánuði. Þegar um hjón eða samskattað fólk er að ræða er sameiginlegum vaxtatekjum skipt jafnt á milli þeirra þegar tekjuviðmiðun þessi er fundin og síðan skattlagðar sérstaklega hjá hvoru um sig. Hjá einstaklingi sem fær 100.000 kr. í vaxtatekjur á mánuði á umræddu tímabili hækkar fjármagnstekjuskatturinn um tæplega 3.000 kr. á mánuði. Viðbótartekjur ríkissjóðs af þessari breytingu eru taldar vera um 2,4 milljarðar á heilu ári. Greiðsluáhrif á árinu 2009 verða 600 millj. kr.

Það skal tekið fram að báðar þessar tímaráðstafanir eru tímabundnar. Þær eru settar fram í ákvæðum til bráðabirgða enda gert ráð fyrir því að heildarfyrirkomulag þessara hluta hafi tekið breytingum og þegar komið til endurskoðunar áður en skattalegt fyrirkomulag að þessu leyti verður endanlega ákvarðað fyrir árið 2010.

Í fimmta lagi er lagt til að skil á afdreginni staðgreiðslu fjármagnstekna verði tíðari, þ.e. ársfjórðungsleg í stað almanaksársins, frá og með 1. júlí 2009. Hér er einungis um tilflutning í innheimtu að ræða en ekki viðbótartekjur, en greiðsluáhrif þessarar breytingar á tekjuhlið ríkissjóðs gætu numið allt að 10 milljörðum kr. á þessu ári.

Samkvæmt gildandi lögum eru vextir sem greiddir eru úr landi til aðila sem eru með takmarkaða skattskyldu hér á landi skattfrjálsir. Í frumvarpinu er lagt til að þetta skattfrelsi verði afnumið og á vextina lagður 15% skattur. Óljóst er um tekjuáhrif þessara breytinga á þessu stigi.

Að lokum mun fjármálaráðuneytið beina þeim tilmælum til skattyfirvalda að farið verði í sérstakt átak gegn skattundandrætti á næstunni sem skilað gæti umtalsverðum viðbótartekjum í ríkissjóð. Tel ég ekki vanþörf á. Satt best að segja hefur þessari hlið mála ekki verið sinnt sem skyldi á undanförnum árum og enginn vafi á því að þörf er á að bæta og herða að ýmsu leyti skattaframkvæmd og skatteftirlit hér á landi.

Varðandi útgjaldahlið er margvíslegar breytingar að finna í meðfylgjandi frumvarpi hvað hana snertir, í fyrsta lagi hvað varðar almannatryggingar. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum sem fela í sér:

1. lækkun á frítekjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar,
2. afnám heimildar til að velja á milli frítekjumarks og þess að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar,
3. skerðingu grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna,
4. skerðingu aldurstengdrar örorkuuppbótar vegna tekna,
5. hækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar og
6. setningu sérstaks frítekjumarks vegna lífeyrissjóðstekna ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar.

Á árinu 2008 náðust fram miklar réttarbætur til handa öldruðum og öryrkjum í formi afnáms makatenginga, hækkunar bóta, hækkaðs frítekjumarks vegna atvinnutekna, sérstaks frítekjumarks á lífeyrissjóðstekjur öryrkja, sérstaks frítekjumarks á fjármagnstekjur og lækkunar skerðingarhlutfalls ellilífeyrisþega. Óhjákvæmilegt er að stíga tiltekin skref til baka við núverandi aðstæður, því miður. Lögð er áhersla á að litið sé svo á að um tímabundnar ráðstafanir sé að ræða sem taki mið af því efnahagsástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu. Jafnframt er mikilvægt að áfram verði unnið að endurskoðun almannatryggingakerfisins í því skyni að gera það einfaldara og gagnsærra en þó fyrst og fremst með bættan hag aldraðra og öryrkja í huga, sérstaklega þá innan þeirra hópa sem mest þurfa á stuðningi að halda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hagur tekjulægstu lífeyrisþeganna sé varinn og að ekki verði hreyft við sérstakri uppbót á lífeyri sem sett var með reglugerð á síðasta ári með stoð í lögum um félagslega aðstoð og nemur nú 180.000 kr. á mánuði fyrir þá lífeyrisþega sem búa einir en 153.500 kr. fyrir þá lífeyrisþega sem ekki njóta heimilisuppbótar. Er fremur tekið mið af því að bætur þeirra lífeyrisþega sem hafa hærri tekjur, annaðhvort úr lífeyrissjóðum eða vegna atvinnu, lækki þannig að við það sé miðað að tekjutengdar bætur falli niður þegar heildartekjur lífeyrisþega nema tæplega 4 millj. kr. á ári.

Í frumvarpinu er hvað varðar málefni aldraðra að finna tillögur að breytingum á frítekjumarki ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna. Frítekjumark vistmanna vegna at-

vinnutekna samkvæmt lögum um málefni aldraða hefur ávallt verið það sama og frítekjumark ellilífeyrisþega og er lagt til að svo verði áfram.

Þá eru lagðar til breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Lagt er til að hámarksgreiðsla úr Fæðingarorlofssjóði miðist við meðaltalsmánaðartekjur foreldra að fjárhæð 437.500 kr. þannig að mánaðarleg útgreiðsla sjóðsins til foreldris verði að hámarki 350.000 kr. Þetta gerir það að verkum að greiðslur til foreldra með lægri mánaðartekjur en 437.500 kr. að meðaltali verða 80% af meðaltali heildarlauna á tilteknu viðmiðunartímabili eins og verið hefur.

Þessari breytingu er ætlað að leiða til sparnaðar í útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin í ríkisfjármálum. Undirstrikað er að þau sjónarmið sem sett voru fram þegar hámark var sett á greiðslurnar á árinu 2004 eiga enn við og þess vegna er lögð áhersla á að litið sé svo á að um tímabundna aðgerð sé að ræða. Þess vegna verður og stefnt á endurskoðun á fjárhæð hámarksgreiðslna til hækkunar um leið og aðstæður í ríkisfjármálum leyfa.

Þá er að finna í frumvarpinu breytingar á lögum um meðferð einkamála. Lagt er til að hámark verði sett á gjafsóknarfjárhæð í einkamálum. Í núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir slíku ákvæði og getur kostnaður í slíkum málum orðið talsvert hár þar sem tímagjald lögmanna er nokkuð mismunandi og umfang mála getur verið mikið. Útfærsla á þessu ákvæði í reglugerð hefur ekki verið unnin til fulls, en við frágang reglugerðarinnar er gert ráð fyrir að markmið um sparnað á þessu ári náist að fjárhæð 20 millj. kr. og árleg kostnaðarlækkun verði um 50 millj. kr.

Einnig af vettvangi dómsmálaráðherra eru breytingar á lögum um meðferð sakamála. Lagt er til að ákvörðun um þóknun sem greidd er úr ríkissjóði vegna verjenda og réttargæslumanna í sakamálum verði færð frá dómstólaráði til ráðherra. Þannig getur ráðherra með reglugerð mælt fyrir um tímagjald sem tekið skuli mið af við ákvörðun þóknunarinnar. Í dag er viðmiðunargjaldið 11.200 kr. og er við það miðað að með reglugerð verði það lækkað um 12%. Árlegur sparnaður vegna þessa er áætlaður 40 millj. kr. og á þessu ári mun kostnaðurinn lækka um nálægt 20 millj. kr.

Þá er að finna í frumvarpinu breytingu á lögum um sóknargjöld. Framlög úr ríkissjóði til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands hafa verið lögboðin, svonefnd sóknargjöld. Þrátt fyrir nafngiftina er ekki innheimt neitt sóknargjald af ríkinu, heldur er um það að ræða að framlagið er reiknað samkvæmt lögum á grundvelli ákveðinna viðmiða sem rakin eru í athugasemd með þeirri grein frumvarpsins sem fjallar um sóknargjöld. Fundið er út ákveðið gjald sem greitt er mánaðarlega fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri til ofangreindra aðila. Í frumvarpi þessu er lagt til í fyrsta lagi að framlög samkvæmt þessum lögum sem runnið hafa til Háskólasjóðs hjá Háskóla Íslands, þ.e. framlag vegna þeirra sem ekki eru í þjóðkirkjunni eða skráðu trúfélagi, verði afnumið og að fjárveiting komi framvegis beint úr ríkissjóði. Í fjárlögum fyrir árið 2009 var þessi tenging rofin og með frumvarpi þessu er lagt til að ákvörðunin verði lögfest. Í öðru lagi er lagt til að gjaldið sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga verði lækkað úr 855 kr. á mánuði samkvæmt núgildandi lögum í 798 kr. frá gildistöku og að fyrir árið 2010 verði þetta gjald lækkað frekar í 741 kr. á mánuði. Með breytingunni er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins á þessu ári lækki um 150 millj. kr. og um 300 millj. kr. á næsta ári.

Í lögum um greiðslur til þolenda afbrota er kveðið á um að ekki skuli greiddar bætur nema krafan sé hærri en 100.000 kr. Lagt er til í þessu frumvarpi að viðmiðunarfjárhæðin verði hækkuð í 400.000 kr. Tilgangurinn með þessari breytingu á lögunum er annars vegar að lækka kostnað fyrir ríkissjóð og hins vegar að taka tillit til verðlagsþróunar frá árinu 1995 þegar lögin voru sett, en viðmiðunarfjárhæðin hefur ekki tekið breytingum frá þeim tíma. Með breytingunni er gert ráð fyrir því að útgjöld á þessu ári geti lækkað um 30 millj. kr. og að árleg kostnaðarlækkun fyrir ríkissjóð geti orðið allt að 60 millj. kr.

Í lögum um uppbót á eftirlaun var ætlað að tryggja fólki 67 ára og eldra sem átti takmörkuð eða engin réttindi í lífeyrissjóðum tilteknar lágmarksgreiðslur sem reiknaðar voru út að lokinni álagningu opinberra gjalda. Með breytingum á lágmarksframfærslutryggingu lífeyrisþega Tryggingastofnunar ríkisins í september 2008 var þeim aðilum sem uppbótinni var ætlað að styðja tryggð lágmarksframfærsla sem gerir það að verkum að ekki er lengur þörf á uppbót á eftirlaun. Í frumvarpinu er því lagt til að lög nr. 84/2008, um uppbót á eftirlaun, verði felld niður enda orðin óþörf

Í frumvarpinu eru enn fremur lagðar til varðandi þjóðlendur nauðsynlegar lagabreytingar vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að spara kostnað við þjóðlendumál á þessu ári og næstu tveimur árum. Á þessu tímabili taki óbyggðanefnd engin ný svæði til meðferðar og fjármálaráðherra lýsi ekki kröfum um þjóðlendur. Þar með sparast umtalsverður kostnaður fjármálaráðuneytis við undirbúning kröfugerða í formi aðkeyptrar þjónustu lögfræðinga auk ýmiss konar kostnaðar hjá óbyggðanefnd, svo sem vegna upplýsingaöflunar frá Þjóðskjalasafni o.fl. Hins vegar er gert ráð fyrir að óbyggðanefnd ljúki þeim málum sem nefndin hefur nú þegar til meðferðar. Gengið er út frá því að ekki þurfi að koma til uppsagna vegna sparnaðaraðgerða ríkisstjórnarinnar að þessu leyti þar sem því starfsfólki sem unnið hefur að verkefninu bjóðist önnur störf í tengslum við það, svo sem vegna þeirra þjóðlendna sem þegar hafa verið úrskurðaðar til ríkisins og/eða eftir atvikum við undirbúning aðgerðanna þegar þær halda áfram á nýjan leik að tveimur og hálfu ári liðnu. Áætlaður sparnaður vegna þessara ráðstafana er nálægt 40 millj. kr. þegar á þessu ári en umtalsverður á næstu tveimur árum enda hefur kostnaður aukist verulega vegna þessara aðgerða.

Virðulegur forseti. Ég hef gert grein fyrir helstu efnisatriðum þessa frumvarps og í upphafi máls míns sett það í samhengi við það heildarverkefni sem við stöndum hér frammi fyrir sem er áætlun um og aðgerðir til að ná jöfnuði í fjármálum ríkisins á næstu fjórum árum. Það er viðamikið verkefni en um leið gríðarlega mikilvægt. Að sjálfsögðu er eðlilegt að menn spyrji hversu harkalega sé skynsamlegt og rétt að fara í þessa aðlögun og það má færa fyrir því hagfræðileg rök á báða bóga að það hafi sína kosti að gera það hægar. Þannig má reikna með því að slíkt hefði til að byrja með jákvæð áhrif á landsframleiðslu og hagvöxt en síður

þegar frá líður, en það þarf engum að blandast hugur um hversu afdrifaríkt og mikilvægt það er fyrir ríkissjóð, bæði afkomu hans og skuldaþróun, að strax verði tekist á við þennan vanda.

Það er einnig ljóst að það mun miklu varða fyrir trúverðugleika aðgerða stjórnvalda almennt á sviði efnahagsmála að þessi mál verði tekin föstum tökum. Það mun hafa áhrif á tiltrú annarra aðila á aðgerðum stjórnvalda og auðvelda þeim sem með slíku fylgjast að meta framhaldið, þar með talið að taka ákvarðanir um vexti svo ekki sé sagt meira um það mál á þessari stundu.

Það er enginn efi á því í mínum huga, virðulegur forseti, að í þessar aðgerðir verður að ráðast. Þær verða erfiðar og þær munu dreifa byrðum á marga, en vonandi tekst að gera það þannig að það sé félagslega réttlátt og sanngjarnt. Það mun hins vegar hafa áhrif á alla þó að eðlilegt og sanngjarnt sé að þeir sem best eru settir, hæstar hafa tekjurnar og hæstar hafa fjármagnstekjurnar axli þyngstu byrðarnar.

Ég legg svo til að lokum, frú forseti, að málið fari til efnahags- og skattanefndar þótt vitaskuld hafi þetta mál einnig mikil fjárlagaáhrif og færa mætti rök fyrir því að fjárlaganefnd væri eins vel að því komin að fjalla um málið, enda þurfa fleiri nefndir að koma til sögu. Hér er þó í frumvarpsforminu sjálfu fyrst og fremst um skattbreytingar að ræða þannig að það er mat manna að eðlilegast sé að vísa málinu til efnahags- og skattanefndar, hún stjórni vinnunni sem mikilvægt er að gangi hratt og vel fram því að óþarft er að taka fram að flest ákvæði (Forseti hringir.) frumvarpsins eiga að öðlast gildi 1. júlí nk. og ekki væri verra að fáeinir sólarhringar (Forseti hringir.) gæfust til þess að undirbúa kerfisbreytingar sem því tengjast.

[11:48]

Forseti (Þuríður Backman):

Nú háttar svo til að fleiri hv. þingmenn hafa óskað eftir að veita andsvar en komast að til þess og verður því ræðutími hvers þingmanns styttur í eina mínútu í andsvari og svari.

[11:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessar ráðstafanir, þ.e. að farið sé út í þær, ættu ekki að koma neinum á óvart en í tengslum við það vildi ég spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju koma þær fyrst núna? Ef við skoðum aðeins hvað ríkisstjórnin hefur gert frá því að hún tók við völdum 1. febrúar og það sem gerðist í aðdraganda kosninga þá hefur það verið allt annað en einhverjar aðhaldsaðgerðir. Hafa menn eitthvað metið hvað þessi töf hefur kostað og sömuleiðis hver er ástæðan fyrir því að menn sýndu ekki á þessi spil fyrir kosningar? Sömuleiðis vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hafa menn metið hve mikið hækkun á atvinnutryggingagjaldi sem skilar 12,5 milljörðum króna, skilar sér í auknu atvinnuleysi því að þetta eru hreinir og klárir launaskattar?

[11:49]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Því er til að svara að það stóð aldrei til að þessar ráðstafanir yrðu lagðar fram á þingi fyrr en í júnímánuði og er langt síðan sú tímasetning lá fyrir að þannig yrði það að slepptum þeim aðgerðum sem gripið var til í maí. Allmargar vikur eru síðan upplýst var að frumvarp kæmi fram um miðjan mánuðinn og síðan í framhaldinu var áætlað að viku til 10 dögum seinna yrði viðamikil skýrsla lögð fyrir þingið um áætlunina í heild sinni.

Það sem hefur kannski tafið þetta um nokkra daga er að verið hefur mjög víðtækt samráð í gangi um aðgerðir á sviði efnahags- og kjaramála, eins og ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður hafi tekið eftir, þar sem stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins, sveitarfélög, lífeyrissjóðir og stjórnarandstaðan hafa fundað, gjarnan í Karphúsinu eða annars staðar í bænum, og þessar ráðstafanir hafa verið í undirbúningi samhliða og þær hafa verið kynntar á þessum vettvangi og þannig verið reynt að skapa sem mesta samstöðu um þær.

[11:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega alveg fráleitt hvernig stjórnarflokkarnir hafa hagað sínum málum. Það er ekki hægt að kalla þetta neitt annað en blekkingar gagnvart fólki, að menn hafi fyrir kosningar farið um allt og talað eins og það væri ekkert mál að halda úti óbreyttu stigi en strax að afloknum kosningum hlaupa menn til. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Afmælisbarnið verður að una þessu. Þetta er eins og hlutirnir gerðust og er algerlega skjalfest, að menn voru að opna menningarhús og hvaðeina rétt fyrir kosningar. En látum það liggja á milli hluta.

Ég spurði annarrar spurningar og vil biðja hæstv. ráðherra vinsamlegast að nota tímann til að svara henni: Hefur það verið metið hvað þessi launaskattur sem er 12,5 milljarðar samkvæmt upplýsingum hæstv. fjármálaráðherra muni skila sér í auknu atvinnuleysi?

[11:52]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er aldeilis ekki svo að það hafi ekki verið talað um það fyrir kosningar að grípa þyrfti til aðgerða í ríkisfjármálum. Það var þá helst Sjálfstæðisflokkurinn sem reyndi að telja þjóðinni trú um að þess þyrfti ekki.

Hvað var ég sakaður um fyrir kosningar, ekki síst af sjálfstæðismönnum? Að ég ætlaði að hækka skatta, að ég ætlaði að lækka laun. Var það ekki? (Gripið fram í.) Var það ekki nákvæmlega þannig — (Gripið fram í.) ef hv. þingmenn geta aðeins haft hljóð …

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hljóð í salnum.)

… að ég sagði að það væri æskilegast að grípa til aðgerða strax á miðju ári 2009 þó að það væru ekki gerðar kröfur um það samkvæmt samstarfsáætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn? (Gripið fram í.) Varðandi tryggingagjaldið er auðvitað ljóst að það gerir enginn að gamni sínu að leggja álögur á atvinnulífið um þessar mundir. Þetta er mjög breiður skattstofn. (**GÞÞ:** Hefur það verið metið?)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hljóð í salnum.)

Það hefur að sjálfsögðu verið skoðað og brotið niður á atvinnugreinar hverjir bera þessa skatta. Það er ekki hægt

að gefa svar við þessari spurningu, það veit hv. þingmaður mjög vel, en þetta er þó það (Gripið fram í.) fyrst og fremst sem beinist að atvinnulífinu. Að öðru leyti eru það launamenn og einstaklingar sem axla byrðarnar. Væntanlega hafa menn skilning á því að (Forseti hringir.) atvinnulífið leggi einnig eitthvað af mörkum.

[11:53]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki efast ég um að hæstv. fjármálaráðherra hefur áttað sig á því fyrr en nú í júní að grípa þyrfti til víðtækra aðgerða í ríkisfjármálum. Ég veiti því hins vegar athygli að þegar þessar aðgerðir eru kynntar leggur hæstv. ráðherra megináherslu á að vegna þess hve langt er liðið á árið, vegna þess hve skammur tími er til stefnu, verði að leggja allan þungann á tekjuhliðina en ekki sé hægt að fara í niðurskurðarhliðina.

Ég velti því fyrir mér og spyr hæstv. fjármálaráðherra, sem áreiðanlega hefur gert sér grein fyrir því snemma árs að fara þyrfti í verulegar niðurskurðar- og aðhaldsaðgerðir hjá ríkinu: Var kannski ekkert farið af stað við að útfæra eða vinna slíkar niðurskurðar- og aðhaldsaðgerðir fyrr en núna einhvern tíma í maí eða júní? Hæstv. fjármálaráðherra hefur (Forseti hringir.) haft tíma frá 1. febrúar til að vinna að þessum málum.

[11:54]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar leið á marsmánuð og kom fram í apríl fór það að verða ljóst að það stefndi í verulega aukinn halla á ríkissjóði umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og er í forsendum fjárlaga yfirstandandi árs. Þá mátti mönnum strax vera ljóst að æskilegt væri að grípa til aðgerða þegar innan ársins ef menn ætluðu að reyna að halda sig á upphaflegri áætlun og þá var það líka sagt að þess mundi þurfa og það væri þjóðhagslega og efnahagslega skynsamlegt að fresta því ekki til áramóta að hefjast handa um að takast á við vandann og vissulega var þá hafinn ýmiss konar undirbúningur að því. Síðan þurfti að kjósa og sjá fyrir um það hvaða nýja ríkisstjórn sæti við borðið til að framfylgja því og framkvæma það. Eins og ég hef áður sagt stóð aldrei til að þessar viðamiklu ráðstafanir tækju gildi fyrr en á síðari helmingi ársins. Það er nákvæmlega það sem hér er verið að leggja til, að menn noti síðari helming ársins til þessara aðgerða og takist að afgreiða málið á Alþingi fljótt og vel mun það ganga eftir.

[11:55]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jafnvel þó að við getum hugsanlega verið sammála um það að eðlilegt sé að aðgerðirnar komi fram á síðari hluta ársins þá verð ég að vekja athygli á því að það er harla aumt að ætla að nota það sem afsökun núna að það hafi verið svo lítill tími til að undirbúa sparnaðaraðgerðir hjá ríkinu að það sé ekki hægt að gera meira í þeim efnum og leggja verði allan þungann á skattahliðina þegar vandinn hefur legið fyrir. Það kemur fram í frumvarpinu, í almennum athugasemdum við frumvarpið, ef ég man rétt, að þegar um miðjan mars hafi ríkisstjórnin og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn séð fram á nokkurn veginn stærðargráðuna á því sem þyrfti að takast á við, þannig að við höfum þá haft þrjá mánuði til að undirbúa tillögur um sparnað í ríkisrekstrinum. Af hverju er svona miklu auðveldara að undirbúa tillögur um skattahækkanir en um sparnað? Af hverju er miklu auðveldara að leggja byrðarnar á fólkið og fyrirtækin í landinu en að draga saman í hinum opinbera rekstri?

[11:56]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú kannast ég við gamla góða Sjálfstæðisflokkinn og klisjurnar. Vilja ekki hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins fara í heimsókn í nokkrar opinberar stofnanir núna og ræða þar við stjórnendur og starfsfólk um það hvers konar verkefni (Gripið fram í.) það er að takast á við í viðbót við þann niðurskurð sem varð um síðustu áramót 1,5% sparnað á öllum rekstri á síðari helmingi ársins miðað við ársveltu? Það eru 3% sem menn þurfa að bæta núna ofan á, komnir inn á mitt ár, búnir að gera sín plön og sínar áætlanir. Það er talsverð krafa á þessar stofnanir. Og þegar í vændum er á árinu 2010 10% niðurskurður á þessum liðum þá held ég að enginn sanngjarn maður geti sagt annað en að reksturinn á svo sannarlega að leggja sitt af mörkum í þessum aðhaldsaðgerðum. Áhyggjuefnið er auðvitað hvernig það er hægt og reyna jafnframt að tryggja þjónustuna og verjast því að til mikilla uppsagna þurfi að koma. Vilja ekki hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins líka hugsa um þá hlið?

[11:58]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að verða vitni að því að hæstv. fjármálaráðherra var farinn að sakna gamla og góða Sjálfstæðisflokksins og verðum við að reyna að bæta úr þeirri brýnu þörf hans.

Mig langar að forvitnast aðeins um ákveðna þætti í greinargerð frumvarpsins sem koma fram á bls. 11 þar sem er yfirlit, tafla yfir aðgerðaáætlun í ríkisfjármálum. Gert er ráð fyrir að þörfin fyrir styrkingu á afkomu séu 20 milljarðar á árinu 2009 og bætt afkoma eins og hér segir séu 22,3 milljarðar. Þarna vantar síðan inn nettóstöðu, þ.e. að einhver útgjöld séu komin inn í ríkisreksturinn upp á móti þörfinni fyrir bætta afkomu sem hér er leidd fram, og nægir í því sambandi að nefna aukna fjárveitingu til Atvinnuleysistryggingasjóðs upp á 7 eða 8 milljarða. Hvenær má vænta þess að fá óskir um slíkt? Ég hefði talið eðlilegt að það væri hluti af þeirri umræðu (Forseti hringir.) og þeirri aðgerðaáætlun sem hér yrði lögð fram.

[11:59]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg hárrétt ábending hjá hv. þingmanni að stóraukin útgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru verulegur hluti af þeim 20 milljarða viðbótarhalla sem hér er verið að glíma við. Það er að sjálfsögðu hægt að sundurliða forsendur þess hvernig menn komast að þeirri niðurstöðu að að óbreyttu stefni í yfir 20 milljarða viðbótar-

halla á ríkissjóði á þessu ári verði ekkert að gert en þar er stærsti einstaki liðurinn á útgjaldahliðinni aukin útgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Að hinu leytinu skýrist þetta af tekjufalli sem er umfram það sem áætlað var. Þessar forsendur veit ég að hv. þingnefnd, bæði efnahags- og skattanefnd og fjárlaganefnd munu örugglega fara ofan í og það eru ýmis gögn sem reiða má fram því til staðfestingar að þetta er u.þ.b. stærðargráða vandans sem hér er verið að takast á við. Það er tiltölulega einfalt að reikna það út hvað hvert prósentustig í auknu atvinnuleysi þýðir í útgjöldum og er fljótlegur reikningur.

[12:00]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þetta. Það liggur þá fyrir að afkomubatinn í grófu mati gæti verið einhvers staðar um 12–14 milljarðar, miðað við þá áætlun sem hér liggur fyrir.

Ég vil enn fremur spyrjast fyrir um það með hvaða hætti gert er ráð fyrir því að mæta þeim umframkostnaði sem þegar liggur fyrir að er í rekstri ýmissa stofnana á vegum ríkisins. Við erum að fá upplýsingar um það inn í fjárlaganefnd að af þeim stofnunum ríkisins sem þegar hafa skilað inn uppgjöri má gera ráð fyrir því að rúmlega 100 stofnanir þeirra hafi ekki staðist 4% umframregluna á fjárlögum. Því liggur fyrir að það er töluverður umframkostnaður sem á eftir að mæta og kemur þá væntanlega til lækkunar á þeirri markmiðstölu sem hér liggur fyrir, 22,3 milljarðar til viðbótar þeim 7–8 milljörðum sem í Atvinnuleysistryggingasjóðinn þurfa að fara.

[12:01]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það er ærið viðfangsefni fyrir mjög marga aðila innan ríkiskerfisins að halda sig innan ramma fjárlaga eins og hann var áður settur og ljóst að mönnum gengur það misvel. Í það heila tekið held ég að verði þó að segja að útkoman eftir fyrstu þrjá eða fyrstu fjóra mánuði ársins sé ásættanleg og það eru tiltölulega fáar stofnanir þar sem menn virðast enn eiga verulega langt í land en þær eru til, það er hárrétt hjá hv. þingmanni og ég veit að hann þekkir vel inn á þetta. Hvernig árið síðan í heild sinni kemur til með að verða gert upp er auðvitað afar erfitt að segja á þessu stigi en eitt er víst og það er að reynt er að beita miklu aðhaldi og þrýstingi á stofnanir að skila inn tillögum og að bregðast við ef þær fá á sig gult ljós, þ.e. fara út fyrir þau viðmiðunarmörk sem reynt er að hafa í þessu. Ég vil svo bæta því við að ætlunin er að stórefla framkvæmd fjárlaga og eftirfylgni fjárlaga að þessu leyti og taka upp mánaðarlega (Forseti hringir.) eftirfylgni í stað ársfjórðungslega eins og notuð hefur verið fram að þessu.

[12:02]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma mér beint að efni spurningarinnar. Þetta snertir töflu á bls. 15, sem er í raun inni skýring á töflunni á bls. 11 sem hv. þm. Kristján Þór Júlíusson benti á áðan og spurði út í.

Hér er verið að fjalla um aukna tekjuöflun upp á 13,2 milljarða. Ef við horfum á töfluna, það eru kannski ekki allir með hana fyrir framan sig, en þar kemur fram að vísitöluáhrifin af tilfærslu á virðisaukaskatti eru um 0,35%. Mig langar að spyrja hvort þetta gæti ekki verið villa, að það eigi ekki að vera 0,25%. En það vantar í þetta tekjuöflunina til þess að þetta verði þá 13 milljarðar varðandi skattahækkanirnar á áfengi og tóbaki. Þar erum við að tala um vísitöluáhrif upp á 0,5% sem þýða, að mig minnir 8 milljarðar. Í staðinn fyrir að vísitöluáhrifin séu (Forseti hringir.) þá 0,25% eiga þau að vera 0,75% sem eru þá eitthvað í kringum 12, 13 milljarðar (Forseti hringir.) sem lán heimila í landinu munu hækka.

[12:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var glögg athugasemd hjá hv. þingmanni, þarna er misræmi í tölum og ég held að sú tala sem er í textanum og ég las í framsöguræðu minni sé sú rétta, þ.e. að verðlagsáhrifin séu líkleg til þess að geta orðið um 0,25%, með þeim fyrirvörum þó sem ég hafði þar á, að það er ýmislegt sem bendir til að þau muni ekki að fullu koma fram og vel að merkja, þessi hækkun verður ekki fyrr en 1. september nk.

Taflan á bls. 11 birtir hins vegar yfirlit yfir heildartekjurnar. Þar eru 13 milljarðarnir á sínum stað, þ.e. þessir 2,7–2,8 milljarðar sem ákvarðanirnar frá því í maí skila í púkkið og þá fæst rétt samtala, rétt um 13 milljarðar kr. Miðað við það hversu umfangsmiklar þessar aðgerðir eru í heild sinni held ég að ekki verði sagt að verðlagsáhrifin séu mikil. Það er auðvitað erfitt að hreyfa sig í þessum efnum öðruvísi en að það hafi einhver kostnaðar- og verðlagsáhrif. (Forseti hringir.) Það verða menn að hafa í huga, en það ræðst að verulegu leyti af því hvort farin er leið beinna eða óbeinna skatta, (Forseti hringir.) með hvaða hætti það kemur fram.

[12:05]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þetta svar. Ég tel samt afar mikilvægt að þegar verið er að leggja fram tölur og þá kannski óþægilegar staðreyndir um að verðlagsáhrifin verði töluverð á heimili og skuldabagga heimilanna, þá eigi það einfaldlega að koma fram í þessari skýrslu. Það vantar og ég vona að það sé þá á hreinu að við erum að tala um hækkun á lánum heimilanna um einhverja 12, 13 milljarða í staðinn fyrir 8 eða 4 milljarða, eins og vísitöluáhrifin segja um þessi 0,25%.

Ég hef örstuttan tíma og mig langaði bara að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í vegaframkvæmdirnar sem koma hér fram, að í töflunni á bls. 11, annars vegar um 3,5 milljarða og hins vegar 925 milljónir, hvaða vegaframkvæmdir er um að ræða sérstaklega?

[12:06]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég kannast ekki við annað en að það sé gengist hreinskilnislega við verðlagsáhrifum og það er engin tilraun gerð til að fela þau. Ég margfór yfir það í framsöguræðu minni hver þau yrðu, en ég vek athygli á því að seinni hluti þeirra breytinga sem áhrif hafa á verðlag beint koma ekki til framkvæmda fyrr en með haustinu og vonandi verða þau verðlagsáhrif sem allra minnst.

Varðandi framkvæmdaþættina er einfaldlega ætlunin að ná þessum sparnaði út úr framkvæmdalið Vegagerðarinnar í heild sinni á þessu ári með því að fresta frekari framkvæmdum með því að semja um að hægja á framkvæmdum og með því að færa greiðslur yfir áramót og þar fram eftir götunum. Það er mat manna að þetta sé raunhæft markmið, að þessum sparnaði verði náð. Það kemur svo í ljós betur nákvæmlega hvaða framkvæmdir það þá verða og með hvaða hætti það verður gert.

Það er auðvitað tilfinnanlegt að draga úr opinberum framkvæmdum á þessu ári og hinu næsta en á móti kemur það vonandi að það eru viðræður við lífeyrissjóði um aukna þátttöku þeirra í ýmsum verkefnum. (Forseti hringir.) Von okkar er því sú að á sama tíma og ríkið dregur sig til baka vegna aðstæðna í fjármálum (Forseti hringir.) auki aðrir aðilar umsvif sín.

[12:08]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Ætlarðu að tala eða …?) Það vekur kátínu þegar maður tekur ekki strax til máls. Maður þarf tíma til að undirbúa sig, sérstaklega þegar um það er að ræða að það frumvarp sem hér er lagt fram kemur manni dálítið á óvart. Eftirvæntingin eftir þessu plaggi hefur verið mjög mikil og landsmenn allir hafa beðið í ofvæni í óralangan tíma og búist við því að afraksturinn af þeirri vinnu sem ríkisstjórnin hefur lagt í yrði töluvert meiri um sig og ítarlegri en hér liggur fyrir. Í mörgu minnir þetta á söguna af því þegar menn biðu eftir því að fjallið tæki jóðsótt og svo fæddist lítil mús.

Við getum farið aðeins yfir söguna og horft til þess að 1. febrúar tók minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna til starfa í skjóli Framsóknarflokksins. Krafan sem þá var uppi var um bætta verkstjórn, aukið gegnsæi, opna stjórnsýslu og hvaðeina. Á þeim tíma sem liðinn er hefur einfaldlega verið uppi sú krafa að núverandi ríkisstjórn uppfyllti þær kröfur betur en menn virðast upplifa að sé raunin. Til marks um þetta má nefna að sú umræða sem farið hefur fram hefði betur verið tekin á grundvelli ákveðinna tillagna eða hugmynda frá ríkisstjórninni þáverandi í aðdraganda kosninganna í apríl, 25. þess mánaðar. Þar var ákaflega lítil umræða um innihaldið í því hvað ætti að gera, vissulega var rætt um hækkaða skatta, niðurskurð útgjalda o.s.frv. og þetta hefur verið kölluð blönduð leið.

Hvernig svo sem mönnum kann að líka það er upplifun landsmanna af þessu að þeir upplifa ákveðið ráðleysi hjá ríkisstjórninni, frestun, litla kynningu. Allt er þetta heldur vandræðalegt og ber vitni um ákveðna ákvarðanafælni svo ekki sé minnst á grun um það og ákveðna vissu á sumum sviðum um sundurlyndi og ósamstöðu innan ríkisstjórnarinnar um leiðir að settu markmiði. Þetta hefur verið kallað aðgerðaleysi og ég ætla bara að halda mig við það orð og taka upp ákveðið hugtak sem menn hafa haldið á lofti í umræðunni undanfarnar vikur og kallað aðgerðaleysiskostnað, sem verður til í ljósi úrræðaleysis eða ráðaleysis sem einkennir vinnu ríkisstjórnarinnar við þetta verkefni. Þessi kostnaður hefur m.a. birst í allt of háum vöxtum hjá Seðlabanka Íslands og gegndarlausu tapi á bönkunum vegna vaxtaójafnaðar. Þessi reikningur verður færður á úrræðaleysi og ráðaleysi þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr.

Nú birtist okkur sem sagt afrakstur þessara fjögurra, fimm mánaða vinnu og honum er ætlað að mæta tekjufalli og væntanlegum útgjaldaauka sem leiðir af sér að menn halda ekki þau fjárlög sem Alþingi Íslendinga setti í desember. Afraksturinn birtist okkur nú í tillögum um hækkun skatta, lækkun launa og aðhaldi í opinberum rekstri sem birtist aðallega á mýkri sviðum ríkisútgjaldanna, inni í svokölluðum tilfærslum hjá ellilífeyris- og örorkuþegum ásamt því að dregið er úr framkvæmdum og þá sérstaklega vegaframkvæmdum. Vel við hæfi að hæstv. samgönguráðherra gengur þá hér fyrir púltið þegar það er nefnt og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvar og við hvaða framkvæmdir menn ætluðu að staldra í þeim niðurskurðaráformum sem þar væru fram undan.

Það er almennt metið svo og ég held að menn greini ekkert á um það að þær skattahækkanir sem hér eru boðaðar muni hægja á hagvexti. Það er ljóst að þær munu draga úr umsvifum fyrirtækja og neyslu almennings. Sömuleiðis mun samdráttur í framkvæmdum hafa sömu áhrif og ég vil taka undir þau orð sem komu fram fyrr í umræðunni hjá hæstv. fjármálaráðherra um það að menn verða að íhuga það vel hversu hratt á að ganga fram í því að keyra niður þennan halla því að það er ákveðin hætta á því þegar við göngum svona hart fram að hallinn aukist fremur en að dragi úr honum, þ.e. að vandinn vaxi ef við göngum of hart fram í því að ná niður gjöldum. Þetta er fyrirkvíðanlegt því það er ekki annað sjá í því frumvarpi eða þeim drögum að frumvarpi sem hér liggja fyrir en að sama verklag sé boðað við fjárlagagerðina árið 2010 nema að þá verður aukið í skatta því að ætlunin er, eins og kemur fram í greinargerðinni með frumvarpinu, að breyta ákveðnum hlutum þeirra skattahækkana sem hér eru uppi — ef ég skil málið rétt — í almenna hækkun tekjuskatts og það yrði þá gert í tengslum við fjárlagagerð ársins 2010. Það liggur því fyrir að áfram verður um frekari skattpíningu að ræða, áfram verður um frekari álögur á atvinnulíf að ræða.

Óvissan í þessu viðfangsefni er gríðarlega mikil og kemur raunar ágætlega fram í þeim gögnum sem við höfum fengið í hendur frá stjórnvöldum. Það má geta þess að fjárlaganefndin fékk í hendur plagg frá fjármálaráðuneytinu þar sem þessu eru gerð ágætlega skil.

Þar segir að ýmsir þættir geti breytt niðurstöðu fjárlaga, annars vegar til lækkunar á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2009 og í öðru lagi vegna breyttra þjóðhagsforsendna, m.a. verðlags, sem hefur áhrif til að hækka útgjaldaferilinn.

Svo segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Mikil óvissa ríkir um slíka útreikninga þegar lengra er litið fram í tímann. Það á við bæði hvað varðar þjóðhags-

forsendur og vaxtagreiðslur, m.a. vegna óvissu um endurheimt eigna íslenska bankakerfisins erlendis.“

Þetta eru stærðir sem menn hafa skynjað fyrir margt löngu og gert sér grein fyrir því að samdráttur í eftirspurn hins opinbera er líklegur til að auka niðursveifluna og lengja tímann þar til botni er náð. Það kemur líka fram í þessu minnisblaði að áhyggjur af því að aukinni skattheimtu fylgi einnig gallar, þ.e. að hún dragi úr ráðstöfunartekjum heimila og fyrirtækja og þar með eftirspurn þeirra.

Þetta eru að sjálfsögðu vel þekktar staðreyndir og ljóst í ýmsum gögnum sem þessi ríkisstjórn hefur sett frá sér að henni er þetta ágætlega ljóst og nægir í því sambandi að nefna yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf þann 6. mars sl. um stórátak í endurreisn atvinnulífsins. Þar kom fram vilji ríkisstjórnarinnar til þess að búa til eða stofna til, greiða fyrir 4.000–6.000 ársverkum og það er ágætlega við hæfi að spyrja af þessu tilefni sem nú er hvernig sú áætlun gangi fram. Þarna eru inni ýmis atriði sem eru mjög umdeilanleg, ég get nefnt sem dæmi Tónlistarhúsið. Því var ætlað að skapa um 600 ársverk. Það væri fróðlegt að vita hvernig því reiddi af, en ekki síður væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig áformin um Búðarhálsvirkjun, virkjun og stækkun álversins í Straumsvík og síðan ákveðin fyrirtækjauppbygging á sviði sólarkísils gangi. Allt í allt er inni í þessari áætlun gert ráð fyrir því að það verði til einhvers staðar á bilinu 1.500–2.000 störf. Eftir því sem ég best veit eru þessi þrjú verkefni í uppnámi svo ekki sé minnst á álverið í Helguvík og þau áform sem þar eru uppi. Ef ég man rétt ræddi hæstv. utanríkisráðherra mjög fjálglega um fjölda þeirra starfa sem þar ættu að verða í boði og tengjast því verki sem þar er áformað að fara í.

Því nefni ég þetta hér að þessi verkefni eru öll stór liður í fjárhagsspá fjármálaráðuneytisins sem kom út og var gefin út ekki fyrir margt löngu og er alveg ljóst að þessi stóru verkefni sem eru svona gríðarlega mikilvæg við framgang efnahagsmála hér í landi eru í uppnámi, þeim hefur seinkað. Þar af leiðandi leiðir það til þess að við hljótum að þurfa að endurskoða þær áætlanir sem unnið er eftir og því er ágætlega við hæfi að spyrja hæstv. fjármálaráðherra eftir því hvernig menn ætli að mæta þeirri seinkun sem fyrirsjáanleg er í þessum stóru verkefnum, annars vegar Búðarhálsi og stækkuninni í álverinu í Straumsvík og síðan þeim drætti sem fyrirsjáanlegur verður á álverinu í Helguvík.

Það er alveg ljóst samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið að ef ekki verður af þessum framkvæmdum minnkar hagvöxtur í þessum efnum um 1% á árinu 2009, 2% á árinu 2010 og 2,5% á árinu 2011. Að sjálfsögðu hljóta menn að þurfa að taka tillit til þessara þátta við það verkefni sem fram undan er í því að búa til og mæta þeim kostnaði sem við sjáum fram á að við verðum fyrir í fjárlögum þessa árs.

Það vekur líka nokkra athygli í því frumvarpi sem hér liggur fyrir hvernig forgangsröðun verka er. Erfiðleikarnir eru lagðir á heimilin og fyrirtækin í formi hærri skatta þannig að þau hafa minni afgang. Forgangsröðunin við það hvernig þau ráðstafa því litla fé sem þau eiga eftir er lögð í þeirra hendur meðan ríkissjóðurinn virðist ætla að hafa allt sitt á þurru. Það virðist eins og þannig sé útgjaldaaukanum velt yfir á heimilin fremur en ríkissjóðinn sjálfan og veruleg lækkun ríkisútgjalda er ekki sjáanleg í þessum efnum og virðist vera ríkisstjórninni um megn því að einungis er um að ræða 1.800 millj. kr. lækkun sem sett er fram hér í rekstri en það er hins vegar algjörlega óútfært hvernig það er, þetta er sett fram í þremur meginyfirmarkmiðum. Það er hins vegar athyglisvert að elli- og örorkulífeyrisþegum er ætlað að spara og draga saman í formi lægri bótagreiðslna frá ríkissjóði um því sem næst sömu fjárhæð.

Það er athyglisvert að við skulum endilega byrja á þessum hópi. (**Gripið fram í:** Það eru breiðu bökin.) Það eru breið bök innan um en ég meina, ef við horfum bara til þess hvernig staðan var við hrunið mikla, bankahrunið, getum við alveg leitt hugann að því hver sá hópur var í samfélaginu sem fór hvað verst út úr því, sennilega sá hópur sem átti mestan sparnaðinn almennt og það er frekar eldra fólk. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn eru greinilega sammála því sem ég er að segja.

Það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu á bls. 15, með leyfi forseta:

„Á árinu 2008 náðust fram miklar réttarbætur til handa öldruðum og öryrkjum í formi afnáms makatenginga, hækkunar bóta, hækkaðs frítekjumarks vegna atvinnutekna, sérstaks frítekjumarks á lífeyrissjóðstekjur öryrkja, sérstaks frítekjumarks á fjármagnstekjur og lækkunar skerðingarhlutfalls ellilífeyrisþega.“

Svo segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Óhjákvæmilegt er að stíga skref til baka við núverandi aðstæður.“

Gagnvart þessum hópum? Hvers vegna í ósköpunum getum við ekki horft til þess að það sé óhjákvæmilegt að taka einhver skref til baka gagnvart öðrum þáttum í ríkisrekstrinum sem hefur bólgnað út í góðæri síðustu ára? Ég ætla bara að minna t.d. á breytingar á skuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóðinn, 600 milljónir. Hvers vegna í ósköpunum er þeirri stofnun ekki gert að spara við sig þær milljónir fremur en að leggja 1.800 milljónir á þann hóp sem hér um ræðir?

Það sem ég á við er fyrst og fremst þetta: Það er fullt af færum í ríkisrekstrinum sjálfum sem má taka til og draga til baka, stíga skref til baka, umfram það að ráðast á þá áfanga sem náðst hafa í réttindabaráttu (Forseti hringir.) þeirra hópa sem veikara standa.

[12:24]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni ágæta yfirferð yfir þær tillögur sem hér liggja fyrir. Mig langar þó til þess að spyrja hann um tvennt.

Í fyrsta lagi unnum við saman í ríkisstjórn frá árinu 2007 um 18 mánaða skeið og skiluðum fjárlögum inn í árið 2008. Mikil barátta var í þeirri ríkisstjórn um einmitt bætt kjör fyrir aldraða og öryrkja og ég held að á því tímabili hafi okkur tekist að bæta í þann pott um 15 milljörðum. Strax eftir bankahrunið stóðum við saman að því, við Kristján, að draga saman þar um nokkra milljarða og enn er dreginn til baka 1,8 milljarðar. Mig langar að heyra í hv. þingmanni hvort það sé ekki rétt metið hjá mér og hvort hann geti ekki staðfest að um verulega viðbót sé að ræða hjá öldruðum og öryrkjum frá því sem var í upphafi kjör-

tímabils Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar árið 2007 þrátt fyrir þann niðurskurð sem boðaður er á þessu ári.

Í öðru lagi þekkjum við það úr fjárlaganefndarvinnu að það hefur alltaf flætt fjármagn — menn hafa átt inneignir um áramót og eins fyrir fjárlagaárið í ár var verulegur niðurskurður áætlaður, þ.e. það var talað um að fara niður um 40–45 milljarða í fjárlagagerðinni frá fjárlögum þess tíma. Verður það ekki að teljast verulega gott skref ef okkur tekst að nýta ekki eldri heimildir, fara ekki með fjárheimildir yfir áramót, að ekki verði heimilað að nýta þá 20 milljarða sem eru inneignir í sambandi við lausnina á þessu ári?

Hins vegar ef okkur tekst að standa við fjárlög, því að á undanförnum tveimur, þremur árum hafa menn farið 20–30 milljarða fram úr fjárlögum, hvort það sé ekki myndarlegt byrjunarskref að koma þessu hvoru tveggja í lag þó að menn horfi ekki bara á þessa 1,8 milljarða sem þarna kemur til viðbótar.

[12:26]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Vissulega var aukið í á þessum tíma enda leyfðu aðstæður ríkissjóðsins það alveg tvímælalaust. Ég er ekkert að draga úr því. Það sem ég hef verið að benda á er að það eru sóknarfæri upp á 1.800 milljónir á öðrum stöðum en þeim sem þarna um ræðir. Það sem ég vil halda fram er að eðlilegra væri, ef viljinn stendur til þess að taka 1.800 milljónir út úr rekstri ríkisins, þá ættum við að taka hann fyrr og annars staðar en þarna er gerð tillaga um.

Ég tek undir með hv. þingmanni að það væri til stórra bóta að stöðva þessa heimild á yfirfærslu fjárveitinga milli áramóta, og ég teldi að það yrði til stórra bóta í þeirri stöðu sem nú er að bæta enn í og afnema heimildina upp á 4% framúrkeyrslu stofnana á fjárlögum hvers árs. Ég hvet hv. þingmann til þess að beita sér fyrir því, formann fjárveitinganefndar, Guðbjart Hannesson, að afnema þá heimild einneginn. Það er alveg sýnt að það hefur verið misnotað og ég skal leggja honum fullt lið í því, ég heiti því, við það verk sem fjárlaganefndinni er ætlað við eftirlitshlutverk sitt við framkvæmd fjárlaga, að reka á eftir því að þær stofnanir sem þarna um ræðir ræki hlutverk sitt og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur skammtað.

Það sem ég vil hins vegar benda á í þeirri umræðu sem hér fer fram er að í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki tekið á þeim þáttum sem við vitum að nú þegar eru komnir fram úr áætlun. Það verk bíður því fjárlaganefndarinnar og væntanlega þá í því sama formi sem alltaf hefur viðgengist, sem er það að fjáraukalögin koma inn seint á haustinu þegar allt er orðið um seinan, að bregðast við þeim vanda sem leiðir af útgjöldum umfram heimildir hjá einstökum stofnunum.

[12:28]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka svar hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar og ég held að við ættum að geta náð saman um að reyna að verja hag aldraða og öryrkja sem allra, allra mest og að reyna að ná fjármagni annars staðar út úr rekstrinum. Það verður verkefni okkar í fjárlaganefnd og þeim nefndum sem vinna úr því frumvarpi sem hér er verið að reyna að bæta þar úr, sérstaklega á næstu árum því að það á eftir að skera verulega mikið meira niður. Sama gildir um fjárlagagerðina í heild.

Það sem ég vildi draga fram og mér finnst skipta miklu máli er að þegar menn eru að gagnrýna að það sé ekki tekið hressilega niður á rekstrinum þá bendi ég á að það er gert mjög myndarlega ef við náum þessum tveimur markmiðum. Það er útgangspunkturinn þegar rætt er við stofnanir að þær hafa ekki heimildir frá síðasta ári, það er ekki hluti af þeirri hagræðingu sem þær eiga að ná innan 20 milljarðanna. Hins vegar hafa þær ekki heimild til að fara fram úr eins og gert hefur verið á undanförnum árum og hefur nánast verið sjálfvirkt í fjárlögum. Ef við bara náum þessum markmiðum til viðbótar við þann sparnað sem ég vil taka undir að virkar mjög lítill í þessari fyrstu lotu, er það gríðarlega stór áfangi. Það er það sem ég vildi draga fram í ábendingu til hv. þingmanns að það má ekki gleyma þessum þáttum þegar við erum að ræða þetta fyrsta skref í ríkisfjármálum, á þessu fyrsta ári í löngu ferli um 150 milljarða niðurskurð. Á næsta ári munum við glíma við 56 milljarða, 43 milljarða til viðbótar á árinu 2011, sem á auðvitað eftir að útfæra í viðbótarplaggi og vonandi skýrslu sem kemur strax eftir helgina.

Það var þetta sem ég vildi draga fram. Ég treysti á að við náum samstöðu um að bæta fjárlagaferlið og ég veit að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson hafði beitt sér fyrir því sem varaformaður fjárlaganefndar og ég treysti á stuðning hans við að við reynum að fylgja þeim hugmyndum sem þar hafa komið fram um bætt fjárlagaferli, bæði með aukinni aðkomu þingsins og meiri aga og eftirliti í sambandi við rekstur stofnana ríkisins.

[12:30]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni fyrir ræðu hans. Hann er gamalreyndur í glímu við ríkisfjármálin. Ég kem ekki auga á það að þetta mál frekar en ýmis önnur sem á borðum okkar hafa verið alveg upp á síðkastið beri merki um sérstaka ákvarðanatökufælni en það verður auðvitað hver að meta fyrir sig. Sumir telja kannski að hér sé verið að taka óþarflega miklar ákvarðanir, eins og m.a. mátti ráða af máli hv. þingmanns.

Að skattahækkanir dragi úr hagvexti, jú, en það gerir niðurskurður ríkisútgjalda líka. Staðreyndin er sú að þegar það er t.d. skoðað að ná 10 milljarða árangri annars vegar með skattahækkunum en hins vegar með niðurskurði rekstrarútgjalda hefur niðurskurður rekstrarútgjalda umtalsvert meiri neikvæð hagvaxtaráhrif þannig að þessa blöndu er auðvitað mikilvægt að skoða. Í skýrslunni, sem er væntanleg, er ætlunin að reyna að fjalla talsvert um þetta gagnvart þeim leiðum sem þeir standa frammi fyrir, hvaða áhrif mismunandi nálganir á sviði tekjuhliðarinnar og útgjaldahliðarinnar hafa á hagvaxtarhorfur og hvernig þær koma út að öðru leyti.

Fjármögnunarþátturinn er erfiðasti hjallinn í stórframkvæmdum og almennt í fjárfestingum um þessar mundir og ýmis af þeim verkefnum sem hv. þingmaður nefndi eru fyrst og fremst í óvissu vegna fjármögnunarþáttarins. Það er sá hjalli sem mönnum gengur erfiðlega að stíga yfir um

þessar mundir. Inn í það samhengi koma þó væntanlega viðræður við lífeyrissjóðina þar sem m.a. er rætt um möguleikana á að þeir fjármagni ýmsar stórar framkvæmdir.

Hagvaxtarspár eru að sjálfsögðu mikilli óvissu undirorpnar við svona aðstæður. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að framkvæmdirnar eða fjárfestingarnar eru þar einn þáttur en það er líka vaxtastigið. Það er t.d. mjög mikið undir í þeim efnum, hvernig gengur að lækka vexti og hversu lágir þeir munu geta orðið á næstu missirum. Það mun verða afgerandi breyta (Forseti hringir.) fyrir atvinnulífið og fyrir hagvaxtarhorfur.

[12:32]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra þetta innlegg. Það vill svo til að við erum sammála um hættuna af því að ganga of nærri í niðurskurði í rekstri, sömuleiðis um hættuna af of miklum skattahækkunum, eins og kemur ágætlega fram í viðbrögðum m.a. verkalýðshreyfingarinnar í fjölmiðlum í dag við þeim tillögum sem hér liggja fyrir. En ég bendi á að það eru líka aðrar leiðir færar í stöðunni sem vert er að skoða. Ég nefni t.d. þær efnahagstillögur sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram og hefur kynnt sem aðra nálgun að þessu verkefni. Við höfum m.a. varpað upp þeirri hugmynd að taka skattinn af lífeyrisgreiðslum áður en þær fara til sjóðanna í stað þess að bíða í 30, 40, 50 ár þegar lífeyririnn er tekinn út. Það er mat manna sem til þekkja að þarna sé möguleiki á því að nálgast um það bil 40 milljarða skatttekjur sem ríkissjóður á. Ég geri mér fullkomlega ljóst að þetta er flókið og erfitt en ég tel alveg einboðið að menn setjist yfir það og skoði þetta sem leið í stað þess að ganga nærri því sem við getum kallað tilfærslur eða rekstrargjöld ríkisins því að meginatriðið í stöðunni í dag er að reyna að halda úti framkvæmdastigi. Ég hefði álitið að við ættum að reyna að þjarma að rekstrinum eins mikið og við getum til að halda úti framkvæmdum.

Ég bendi á að það eru fleiri leiðir sem ekki hafa verið ræddar í dag m.a. þær sem koma fram í þeim bæklingi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur dreift og kynnt. Ég hvet því hæstv. fjármálaráðherra til að kynna sér þau efni og skora á hann að taka afstöðu til þess máls.

[12:34]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Taki aðilar vinnumarkaðarins tillögum ríkisstjórnarinnar og því frumvarpi sem hér er rætt ekkert sérstaklega fagnandi, sem ég er svo sem ekkert hissa á því að það er enginn gleðiboðskapur á ferðinni í neinum skilningi, óumflýjanlegar aðgerðir engu að síður, óttast ég að þeir taki alls ekki betur í tillögu Sjálfstæðisflokksins um þá grundvallarbreytingu varðandi skattlagningu lífeyristekna sem þar er lögð til. (Gripið fram í.) Ég býst við að þeir yrðu ekki síður súrir ef sú ráðstöfun yrði lögð á borðið. Við höfum skoðað þá hluti og ég hef að sjálfsögðu skoðað tillögu Sjálfstæðisflokksins, mér finnst gott að Sjálfstæðisflokkurinn leggur sína hluti fram og fagna því. Við höfum skoðað möguleikann á séreignarsparnaðinum varðandi lífeyristekjurnar, hvort mögulega væri hægt að ná einhverju samkomulagi um að menn neituðu sér um það á einhverju tímabili að bæta ofan á grunnlífeyrissparnaðinn þeim séreignarsparnaði sem nú er gert með skattfrelsi. Það mundi þá koma fólki til góða í auknum ráðstöfunartekjum og létta útgjöldum af ríki, sveitarfélögum og atvinnurekendum hvað varðar mótframlög. Það er ekki mikil hrifning á slíkum hugmyndum. Við höfum skoðað möguleikann á því að lækka einfaldlega iðgjöldin tímabundið, taka 1% út eða eitthvað því um líkt, og ég hef að sjálfsögðu skoðað þá hugmynd að breyta skattlagningaraðferðinni í grundvallaratriðum. Það væri ákaflega freistandi aðgerð til skamms tíma litið og það væri einföld aðgerð til að afla mikilla tekna en til lengri tíma litið er hún að mörgu leyti mjög mikið umhugsunarefni sérstaklega fyrir ríki og sveitarfélög sem eiga í vændum inn í framtíðina vaxandi tekjur með auknum útgreiðslum úr lífeyrissjóðum þar sem inngreiðslur voru skattfrjálsar.

Þegar maður horfir á stöðu ríkissjóðs og þess vegna sveitarfélaganna, á getu þeirra til að axla byrðar nú um stundir og takast á við skuldir og borga þær síðan í framtíðinni eru hinar væntu tekjur þeirra út úr lífeyrissjóðakerfinu (Forseti hringir.) eitt það besta sem þessir aðilar eiga.

[12:36]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. fjármálaráðherra skoðar efnahagstillögur Sjálfstæðisflokksins með miklum velvilja svo ekki sé talað um með mikilli mildi, eins og hæstv. forseti Alþingis komst að orði í gær. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka þær mjög alvarlega og fara ítarlega í gegnum þær. Ég geri mér það alveg fullljóst af þeim viðbrögðum sem fyrir liggja frá forkólfum verkalýðshreyfingar og Samtaka atvinnulífsins að það er engin sérstök ánægja með það að áhrif þeirra á stýringu þess gríðarlega fjármagns sem inni í lífeyrissjóðunum er verði dregið niður.

Ég hef stórar athugasemdir við þau áform lífeyrissjóðsforkólfanna eða Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsforustunnar að leggja 25 milljarða á ári af lífeyrisiðgjöldum inn í Fjárfestingarsjóð Íslands. Það verða 75 milljarðar þegar ósk þeirra er uppfyllt þannig að ekki er einróma álit á þeim tillögum eða hugmyndum sem þessir ágætu einstaklingar setja fram. Til viðbótar þessum áformum ætla þeir að fara að „spandera“ og djöflast með lífeyrissparnað almennings í landinu til framkvæmda og ég held að það sé til muna skynsamlegra að skoða það heldur en lífeyrissjóðirnir verði nýttir til að menn fari að braska í fyrirtækjarekstri á Íslandi. Hvert eru menn komnir þegar svo er komið í máli þeirra? Ég tel að þeir hafi engar heimildir að lögum til að leyfa sér að fara þannig með lífeyrissparnað almennings í landinu að leggja hann í fyrirtækjabrask.

[12:39]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég ætla að gera athugasemd við það á þessum fundi þar sem við ræðum viðamikil mál sem tengjast efnahagslífi landsmanna, niðurskurð gagnvart öryrkjum, öldruðum og barnafjölskyldum, svo fátt eitt sé nefnt, að yfirmaður efnahagsmála í landinu, hæstv. forsætisráðherra Jó-

hanna Sigurðardóttir, sé ekki viðstödd þessa umræðu í máli ríkisstjórnar sem undir hennar forsæti leggur málið fram. Þess vegna fer ég fram á það við hæstv. forseta að hún boði hæstv. forsætisráðherra tafarlaust til umræðnanna því að við höfum margar spurningar fram að færa við þann hæstv. ráðherra.

[12:39]

Forseti (Þuríður Backman):

Málið er í höndum hæstv. fjármálaráðherra.

[12:39]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég óskaði eftir því við hæstv. forseta að hún mundi boða hæstv. forsætisráðherra til þingfundar til að við þingmenn gætum átt orðastað við hæstv. forsætisráðherra sem þetta mál varðar sérstaklega að mínu viti. Það er fáheyrt að hæstv. forseti skuli ekki verða við þeirri bón þingmanns um að hæstv. ráðherra skuli ekki boðaður til umræðunnar. Það er einstakt á sex ára ferli mínum hér að hæstv. forseti skuli ekki sýna þá viðleitni að boða hæstv. forsætisráðherra til þessarar umræðu. Það getur verið að hæstv. ráðherra hafi einhver lögmæt forföll en hæstv. forseti sýnir að hún er gersamlega seld undir framkvæmdarvaldið í þessari umræðu sem og öllum öðrum umræðum fyrst hún gerir ekki einu sinni tilraun til þess að boða hæstv. ráðherra á fund.

[12:40]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Í fyrsta lagi vil ég undirstrika það gagnvart hv. þingmanni að þetta mál er á forræði fjármálaráðherra og hann er hér til andsvara. (Gripið fram í.) Ef hv. þingmaður (Gripið fram í.) hefur einhverjar spurningar sem hæstv. fjármálaráðherra getur ekki svarað eða ef það er eitthvað sem hann vill vita sem einungis hæstv. forsætisráðherra getur svarað (**Gripið fram í:** Er þetta um fundarstjórn forseta?) veit ég það að hæstv. forsætisráðherra kemur til fundar.

Hins vegar vil ég upplýsa að hæstv. forsætisráðherra hefur lögmæt forföll a.m.k. fram undir hálfþrjú. Ég gæti greint hv. þingmanni frá því úr stóli forseta ef hann vill. (**Gripið fram í:** Ert þú forseti?)

[12:41]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti hefur hlustað á athugasemdir, beiðnir og óskir hv. þingmanns og þingmanna en hér situr í þingsal hæstv. fjármálaráðherra og við höldum áfram umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

[12:42]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegur forseti. Í þessu frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra er verið að ræða afleiðingar af 18 ára hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins sem réð ferðinni í ríkisstjórnarsamstarfi þar sem fyrst Alþýðuflokkur, svo Framsóknarflokkur og nú síðast Samfylking tóku þátt í einhverri firrtustu og fáránlegustu valda- og græðgisvæðingu íslensks samfélags sem um getur. Samhliða því tók við tímabil kúgunar framkvæmdarvaldsins gegn Alþingi sem varð að afgreiðslustofnun framkvæmdarvaldsins sem og að hér væri innleitt kerfi þöggunar í stjórnsýslunni þar sem grandvarir embættismenn og starfsmenn voru miskunnarlaust færðir til í starfi eða látnir fara og sumar mikilvægustu stofnanir þjóðarinnar voru annaðhvort lagðar niður eða gerðar algerlega pólitískar. Á þessu tímabili var valtað yfir þingræðið og almenning og Íslendingar meira að segja gerðir að þátttakendum í stríði á erlendri grund í fyrsta sinn í sögunni allt fyrir smávöld fyrir þáverandi samstarfsflokk Sjálfstæðisflokksins.

Einkavinavæðing Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og innleiðing fjármálalöggjafar, sem vantaði í allar þær venjulegu eftirlitsreglur sem allar nágrannaþjóðirnar tóku upp, leiddi til þess að hér varð til fjármálaumhverfi andskotans. Gangsterakapítalismi þar sem flokkseigendafélög Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, nýorðnir eigendur banka með dyggum stuðningi stjórnvalda og embættismannakerfis, fóru af stað í vegferð sem blekkti landsmenn og nágrannalönd okkar með hörmulegum afleiðingum. Hér er við marga að sakast en enn sem komið er er engum fundin sök. Fyrrum ríkisstjórnir hverra sumir ráðherrar sitja hér enn, fyrrum þingmenn sem sumir hverjir sitja hér enn, embættismenn út um allt í stjórnsýslunni sem spiluðu með annaðhvort vegna beinna pólitískra tengsla við viðkomandi stjórnmálaflokk og/eða ráðherra eða vegna einfalds þýlyndis embættismannakerfis hvers hugsun og faglegt sjálfstæði var steindauð.

Síðustu mánuðir þarsíðustu ríkisstjórnar, undir forustu Geirs H. Haardes og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem laug að og blekkti þjóðina frá upphafi árs 2008 og allt fram að hruninu í október og sem fór í mikla blekkingaherferð um nágrannalöndin, eru sennilega verstu dagar íslensks lýðveldis. Nú er verið að súpa seyðið af því og er reyndar með ólíkindum að hér skuli enn vera við völd sumir ráðherrar þeirrar ríkisstjórnar, jafnvel verðlaunaðir með forsætisráðherrastöðu að ekki sé talað um þá þingmenn sem einnig tóku þátt í undirbyggingu hrunsins, annaðhvort beint eða þá standandi á hliðarlínunni hrópandi húrra fyrir sínu liði sem ekki og aldrei var almenningur í landinu. (**Utanrrh.:** Til dæmis bölvaður utanríkisráðherra.) Fáðu þér nú sæti, hæstv. ráðherra.

Frumvarp hæstv. fjármálaráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum er beint framhald af stefnunni og hugsunarhættinum sem hér hefur alltaf ráðið ríkjum. Sömu embættismenn, sömu stofnanir, sömu ráðuneyti og ráðuneytisstjórar og að sumu leyti sömu ráðherrar og þingmenn og tóku beinan þátt í hrunadansinum og bera ábyrgð á honum, ætla sér nú að taka að sér eitthvað sem þeir sjálfir kalla endurreisn íslensks efnahagslífs og samfélags. Skuldir ríkissjóðs eru gífurlegar, m.a. vegna taps Seðlabanka Íslands sem tapaði um 320 milljörðum á stuttum tíma, að ekki sé talað um allar þær tryggingar á innstæðum og gríðarlegu færslum á fjármunum beint í vasa peningamarkaðsreikningseigenda á fyrstu vikum októbermánaðar, banka sem nú eru ríkisbankar og hafa afskrifað gríðarlegar fjárhæðir íslenskra fyrirtækja sem skráð eru erlendis eða voru, m.a. á Tortolu, og

hefur aldrei fengist skýring á hverjir eigendur þeirra eru. Hér er um að ræða sóðaskap Kaupþings sem keypti sér aðgang að ráðherra í gegnum maka hennar og sóðaskapinn í kringum sjóð 9 hjá Glitni hvers stjórnarformaður var þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Hér er lengi hægt að telja upp spillingarliðina en mikilvægt er að þeir verði gerðir upp. Endanlegt uppgjör sjóðs 9 hjá Glitni hefur t.d. enn ekki fengist. Hvers vegna? Steininn tók þó úr þegar forsætisráðherrann sjálfur, þáverandi, Geir H. Haarde, gumaði af því í aðdraganda hrunsins að eigendur Landsbankans væru daglegir gestir hans í Stjórnarráðinu.

Þessari ríkisstjórn og hæstv. fjármálaráðherra er mikill vandi á höndum og starf þeirra er ekki öfundsvert. Ferli þetta sem hafið er með þessu frumvarpi hefst þó að mati Borgarahreyfingarinnar á röngum fæti. Hér hefði þurft að gera að algeru forgangsmáli að sækja fé það sem horfið hefur og óska aðstoðar færustu erlendra sérfræðinga og stofnana til þess og einfaldlega fela þeim verkefnin. Óska þarf eftir niðurfellingu skulda þjóðarinnar og viðurkenna á alþjóðavettvangi afglöp íslenskra stjórnvalda og að hér hafi verið í gangi það sem nágrannaþjóðirnar vita hvort eð er, samspil spilltra stjórnvalda og peningaafla. Þannig og aðeins þannig verður hægt að endurbyggja traust Íslands erlendis og gera Ísland aftur að eðlilegu samfélagi í samfélagi nágrannaþjóðanna. Hér munu og eru fjórflokkarnir eins og venjulega að karpa um keisarans skegg. Milljón hér, milljarður þar, vegur hér og virkjun þar. Það er ekki verið að taka á grundvallarmálunum heldur er verið að einhverju leyti í sömu gömlu hreppapólitíkinni.

Niðurskurður útgjalda og skattahækkanir eru sem áður sagði afleiðing gjaldþrota hugmyndafræði og efnahagsstefnu. Það verður að hafa í huga að hægt er að gera hlutina öðruvísi og með minni sársauka bæði peningalega og siðferðilega gagnvart almenningi í landinu. Hæstv. fjármálaráðherra verður að beita sér fyrir því með meira afgerandi hætti að þeir sem beinlínis bera ábyrgð á skuldunum, þ.e. hinir svo kölluðu útrásarvíkingar, verði dregnir fyrir dóm, eignir þeirra frystar og einfaldlega gerðar upptækar. Borgarahreyfingin er með frumvarp í smíðum sem veitir skilanefndum, slitastjórnum, skiptastjórum og viðskiptaráðherra víðtækar heimildir til þess einfaldlega að ógilda alla grunsamlega fjármálagerninga undanfarinna þriggja ára til að hægt sé með réttlátum hætti að taka á gerendum hrunsins. Niðurskurðar- og skattalækkunarleiðin sem verið er að leggja í með þessu frumvarpi er einfaldlega ekki fær. Til þess eru skuldirnar einfaldlega of miklar. Það verður að viðurkenna strax. Því fyrr því betra.

Á þessum nótum munum við í Borgarahreyfingunni tala gegn þessu og öðrum frumvörpum sem tengd eru þessum málum og hér koma fram. Við teljum að það þurfi að fara fram og hefði þurft að fara fram miklu fyrr, miklu víðtækara og dýpra uppgjör gagnvart fortíðinni og hér þurfi að fara að vinna hlutina með nýjum, faglegri og betri hætti þar sem hagur almennings er alltaf látinn vera í fyrirrúmi en ekki verið að skauta fram hjá einhverjum atriðum sem menn fela sig á bak við og segja að það þurfi t.d. rökstuddan grun til að frysta eigur fólks. Það er búið að taka fjölda fólks í yfirheyrslu vegna hrunsins. Ekki ein einasta króna hefur verið fryst. Fjármagnseigendur á Íslandi virðast enn hér eftir sem hingað til vera eins konar heilagar kýr sem enginn þorir að snerta á og meðan svo er mun aldrei gróa um heilt í þessu samfélagi og sárin verða enn dýpri og verri þegar farið er að brytja niður infrastrúktúr samfélagsins. Þetta má ekki gerast, hæstv. forseti, og ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að beita sér í þessu máli með öðrum hætti.

[12:49]

Útbýting:

Bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, 119. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 159.

[Fundarhlé. — 12:50]

[13:32]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi óska forseta og öðrum konum til hamingju með daginn og okkur í samfélaginu með kvenréttindadaginn 19. júní og hefði náttúrlega átt að óska hæstv. utanríkisráðherra til hamingju með daginn líka en hann er ekki í salnum eins og er.

Við ræðum mál sem fjallar um ráðstafanir í ríkisfjármálum, gríðarlega stórt verkefni sem við höfum fengið í fangið eftir ástand liðinna ára, þar sem við höfum lent í hinu alvarlega bankahruni og í ljós hefur komið að við höfum að einhverju leyti lifað um efni fram og er nú komið að skuldadögum. Það er ekkert sérstakt gleðiefni að þurfa að snúa til baka með fjárveitingar til mikilvægra málaflokka og erfitt að þurfa að takast á við allt að 150 milljarða niðurskurð á næstu 4–5 árum sem kemur að miklu leyti til vegna þess að hér hefur orðið verulegt tekjufall og einnig hafa vaxtaútgjöld íslenska ríkisins vaxið mjög og krefjast þess að við hagræðum í rekstri og finnum nýjar leiðir til að fjármagna okkar rekstur.

Þetta frumvarp fjallar annars vegar um niðurskurð á árinu 2009 og hins vegar tillögur fyrir 2010 og skiptist eins og alltaf á milli tekna, svokallaðra tilfærslna, þ.e. bótakerfið okkar, niðurskurðar í ríkisrekstri og svo niðurskurðar á framkvæmdum og viðhaldi. Þegar verið er að glíma við stórar tölur er fátt sem sleppur þannig að það verður að koma alls staðar við en það er þá hlutverk okkar alþingismanna og þingnefnda og þeirra sem að þessu máli koma að reyna að forgangsraða og reyna að láta þetta lenda sem sanngjarnast á landsmönnum og á ríkisrekstrinum.

Það er full ástæða til að vekja athygli á því að þó að hér séu sýnd árin 2009 og 2010 er auðvitað meira fram undan því að áætlunin miðar við að þörf sér fyrir enn frekari niðurskurð á árinu 2011, þ.e. 43 milljarða til viðbótar við það sem hér er sýnt, og síðan 22 og 11 milljarða á árunum þar á eftir. Þessi niðurskurður leggst hver ofan á annan þannig að það verður að skera dýpra og dýpra þegar reynt er að vinna eftir þessu plani.

Í því plani sem hér hefur verið lagt er miðað við að við reynum að koma okkur sem fyrst út úr skuldunum, þ.e. að reksturinn geti farið að skila greiðslum upp í niðurgreiðslu á lánum og við reynum að losa okkur út úr þessari vaxtabyrði sem er gríðarleg, það er auðvitað óþolandi að vera að borga 80–100 milljarða í vaxtakostnað af ekki stærri rekstri en hér er um að ræða. (**Gripið fram í:** … að við getum

það.) Við getum það gagnstætt því sem sumir segja og ég vil taka það fram að þegar menn eru með svartnættisraus um að íslenska þjóðin ráði ekki við þetta viðfangsefni þá held ég að það sé of í lagt en aftur á móti mun reyna á. Það sem erfiðast er í augnablikinu er að við búum enn þá við það umhverfi að okkur hefur ekki tekist að koma eðlilegu gengi á okkar gjaldmiðla. Við búum við gjaldeyrishöft sem þarf auðvitað að létta af, við búum við það að lánsfé er ekki fáanlegt, við búum við óeðlilega vexti sem þýðir að atvinnulífið gengur í hægagangi eins og er og því mikilvægt að reyna að koma því af stað.

Það sem hér er verið að gera byggir á þeim leiðarljósum og þeim hugmyndum sem koma fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Reynt hefur verið að hafa það til hliðsjónar þegar unnið er að þessum niðurskurði að þetta bitni síst á þeim sem minnst mega sín og þá er reynt að láta skatta og annað sem ekki fer almennt á verðlagið lenda á þeim sem hafa heldur meira en aðrir. Það verður svo að dæmast hvort það hefur tekist nægjanlega vel en ég held að óhætt sé að fullyrða að sú viðleitni hefur klárlega verið höfð að leiðarljósi.

Varðandi niðurskurðinn á þessu ári, af því að menn hafa nú þegar bent á að farið sé varlega í sambandi við rekstrurinn og frekar sé horft til tilfærslnanna, þá tel ég mjög mikilvægt að ítreka það sem kom fram í andsvörum eða umræðunni áðan að stærsta viðfangsefni okkar á þessu ári er að koma meira skikki á ríkisfjármálin frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Þar hefur verið flæði á milli ára, þ.e. menn hafa átt afgangsheimildir og flutt þær á milli ára og haft þær til ráðstöfunar. Um síðustu áramót voru um 20 milljarðar óráðstafaðar heimildir og það er auðvitað gríðarlega mikilvægt að menn geti ekki notað þær heimildir til að bjarga sér í gegnum þennan fyrsta niðurskurð. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að frysta þennan hluta, skoða hann sérstaklega og láta menn ekki komast upp með það þegar grípa þarf til hagræðingar að það sé þá gert með einhverjum bókhaldslegum varasjóði. Við þurfum að líta á rekstrartölurnar innan ársins og það er það verkefni sem við fengum, að glíma við 20 milljarða niðurskurð í rauntölum, þ.e. í rekstrarstöðu á þessu ári.

Þessu til viðbótar hefur það viðgengist í fjárlagaferli undanfarinna ára að áætlaðar hafa verið til ríkisrekstrarins einhverjar ákveðnar tölur og það hefur viðgengist að menn hafi farið fram úr, aðallega vegna þess að menn hafa haft tekjur til þess og hafa þá leyft stofnunum að fara fram úr. Kannski hafa líka stofnanir í einhverjum tilfellum verið vanáætlaðar og ekki verið tekið á því fyrr en á fjáraukalögum og það hafa verið allt upp í 20–30 milljarðar á ári á þeim tveimur árum sem ég hef setið í fjárlaganefnd sem menn hafa verið að leiðrétta fjárlögin um. Það gengur heldur ekki lengur þannig að við erum að tala um verulega þrengt aðhald, bæði með því að leyfa mönnum ekki að færa umframheimildir yfir á þetta ár og að krefjast þess af rekstrinum að stofnanir haldi sig innan fjárlaga á þessu ári.

Annað sem við lögðum upp með í þessari vinnu, af því að ég hef fengið tækifæri til að koma örlítið að vinnunni, er að menn forðist það, þó að hér sé verið að glíma við prósentutölur í sumum tilfellum og ákveðin ráðuneyti og menn hafi sett ramma sérstaklega fyrir 2010 að vera með niðurskurðarhugmyndir um það að velferðarráðuneytin, heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið, skeri niður um 5% í sínum rekstri, menntamálaráðuneytið 7% og síðan önnur ráðuneyti og stofnanir á vegum ríkisins skeri niður um 10%. Þrátt fyrir þessar prósentutölur er það tekið fram í leiðarljósi sem gefið var út til ráðuneytanna að ekki er ætlast til þess að beitt sé flötum niðurskurði á einstaka stofnanir heldur skoði menn reksturinn, reyni að vera með faglegt mat á því hvað megi helst taka út og reyni að móta sér forgangsröðun í sambandi við niðurskurðinn innan viðkomandi stofnana.

Gefið er út að menn eigi að reyna að verja velferðarverkefnin, reyni að forðast að fara inn á stofnanir þar sem er um að ræða fatlaða eða aldraða. Einnig eru gefin út fyrirmæli um að reyna að hlífa þeim sem lægstu tekjurnar hafa. Síðan eigi að reyna að fara í þær sérgreiðslur sem hafa viðgengist hjá stofnunum hvort sem það er aksturskostnaður, ferðakostnaður eða annað, reyna að nálgast þau verkefni frekar en að fara inn í grunnlaunin. Það er auðvitað mikilvægt í því ástandi sem nú er að ekki sé bætt á atvinnuleysið með því að segja upp fólki hjá stofnunum og þó að það sé erfitt að hlífa sérstaklega opinberum starfsmönnum þá held ég að ekki sé á það bætandi. Í flestum tilfellum erum við í rauninni að færa fólk, ef fólk fer út af stofnunum eða er rekið fer það beint á atvinnuleysisbætur og eykur þá kostnaðinn þeim megin. Það er markmið í sjálfu sér að reyna að halda vinnunni og reyna frekar að draga úr yfirvinnu, skipta vinnu betur á milli manna með svipuðum hætti og almenni markaðurinn hefur verið að gera.

Hins vegar er því beint til ráðuneytanna líka að menn reyni að forðast að ráða í ný störf og forðist að ráða í stað þeirra sem hætta. Allt þetta skiptir auðvitað máli þegar horft er til lengri tíma því að hluti af því sem verður að koma í framhaldinu og er ekki kynnt í þessu frumvarpi er uppstokkun á stofnunum og hagræðing í rekstrinum í heild. Það er mikilvægt að eftir þessi fyrstu tvö ár og raunar á næsta ári verði komin upp ný uppstilling í samfélaginu í heild þar sem við reynum að átta okkur á hvað er nauðsynlegur rekstur, í hvaða hlutverki ríkið á að vera, hvað það er sem við ætlum að sjá um af samneyslunni. Þetta krefst þess að við skoðum upp á nýtt þær stofnanir sem hafa verið settar af stað, metum að hve miklu leyti við ráðum við að reka þær áfram, að hve miklu leyti er nauðsynlegt að sameina þær eða hagræða í rekstri þeirra. Boðað hefur verið að sameinuð verði m.a. ráðuneyti og reynt verði að minnka stjórnsýsluna á því sviði og þegar eru í gangi vinnuhópar innan ráðuneytanna. Ég tel mjög mikilvægt að það fari af stað vinnuhópar á vegum stjórnmálanna líka til að skoða stofnanareksturinn í heild og endurmeta með hvaða hætti hlutirnir verði gerðir.

Sama gildir um það hvernig staðið er að fjárlagagerð. Við höfum fengið ábendingar og tillögur sem hafa reyndar verið í gangi undanfarin ár en nú er kominn tími til að framkvæma þær þar sem reynt verður að ná meiri aga í ríkisfjármálunum þannig að þingið skapi framkvæmdarvaldinu ramma og framkvæmdarvaldið fái síðan leyfi til að hegða sér innan þess ramma. Það verður svo hlutverk okkar þingmanna að ganga frá fjárlögunum í framhaldi af því, þannig að þetta verður svona tveggja þrepa fjárlagagerð.

Eftirlitshlutverk þingsins verði síðan aukið þannig að hægt verði að fá upplýsingar mun reglulegar en áður. Hæstv. fjármálaráðherra boðaði það að reynt verði að koma þessu þannig fyrir að menn geti fylgst með þessu mánaðarlega eins og gert er almennt í rekstri og sveitarfélögin gera.

Ég ætla ekki að fara ofan í einstaka liði. Það er auðvitað þyngra en tárum taki að enn skuli þurfa að grípa til þess að taka til baka sumar af þeim hækkunum sem náðst höfðu varðandi aldraða og öryrkja og þó að reynt sé að dreifa því þannig að það komi frekar á þá sem hafa haft heldur meira út úr því bótakerfi, þ.e. að tekjutengja það, þá er auðvitað mjög sárt að þessi hópur skuli þurfa að verða fyrir þessum niðurskurði. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, sérstaklega ef við horfum til lengri tíma, að þarna sé farið eitt skref til baka miðað við þau sem tekin höfðu verið áfram á undanförnum árum. Það verður svo að skoðast í framhaldinu hvernig þetta kemur út. Auðvitað verður það að vera markmið okkar núna eftir allan þennan loftbólutíma að við stillum samfélaginu upp á nýtt miðað við miklu jafnari tekjuskiptingu og miklu meira jafnrétti en áður var. Það eru m.a. ein af þeim fyrirmælum sem hér hafa verið gefin í gegnum kjararáð og til stofnana að enginn í t.d. þessum ohf-félögum eða fyrirtækjum sem eru í eigu ríkisins nú orðið hafi hærri laun en forsætisráðherra og menn fari skipulega í það að endurmeta launakerfið með það í huga að munurinn verði minni á lægstu og hæstu launum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt þegar við erum að stokka samfélagið upp og breyta því og bæta.

Ég vil taka fram að það vantar ýmislegt í þetta, t.d. má benda á að fjalla þarf mun meira um fjármál sveitarfélaga þegar við erum að skoða fjármálin almennt, tekjur þeirra, og hvernig þau geta tryggt þjónustu sína. Það er auðvitað galli ef skorið er niður hjá ríkinu að það lendi síðan beint á sveitarfélögunum og öfugt og það sé togstreita á milli hvar menn láta útgjöldin lenda. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það eigi sér stað öflugt samstarf á milli aðila. Í vinnunni varðandi ríkisfjármálin átti sér stað víðtæk umræða í Karphúsinu þar sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um að eiga orðræður saman og þar voru fulltrúar frá stjórnvöldum sem hafa fylgst með og tekið þátt í umræðum. Það hafa komið fram, í framhaldi af því sem hér kemur fram, áhyggjur hjá þeim út af framkvæmdunum vegna þess að þegar við skerum niður framkvæmdir eins og hér um 3,5 milljarða þá er auðvitað hætt við því að það komi út í auknu atvinnuleysi og ekki er á það bætandi. En ef menn ætla að ná niður nettótölu eins og þarna er um 20 milljarða, þá kemur það við alls staðar og framkvæmdastigið var mjög hátt í vegaframkvæmdunum. En þetta kallar líka á að menn klári þá vinnu sem var einmitt byrjuð uppi í Karphúsi um efnahags- og atvinnumálin og með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir gætu hugsanlega komið að í sambandi við framkvæmdir og með einhvers konar einkaframkvæmdarhugmyndum, við skulum ekkert leyna því. Þannig er t.d. með Landspítalann, þar sem við skerum niður 400 millj. sem þar voru áætlaðar í framkvæmdir, að ef sú framkvæmd á að fara af stað þarf hún að komast út fyrir ríkissjóð og borgast af öðrum aðilum með einhverjum hætti. Gallinn við allt slíkt er í raunveruleikanum sá að jafnvel þó að menn færi þetta til einhverra aðila og þeir hafa ekki sjálfstæðan tekjustofn til að greiða niður bygginguna eða framkvæmdina, þá er þetta ávísun á ríkið hvort sem er og kemur inn í hallareksturinn hjá okkur í heild sem er auðvitað afleitt.

Það er auðvitað hárfínt bil þarna á milli þegar við erum að ræða um skatttekjur og það má kannski segja að menn hafi tekið Samtök atvinnulífsins á orðinu vegna þess að þau sögðu strax í upphafi opinberlega og í þessum viðræðum í Karphúsinu að þau sæju ekki annað en að þau mundu þurfa að bera kostnaðinn af auknu atvinnuleysi og stungu þess vegna upp á því að tryggingagjaldið mundi greiða þann kostnað og í rauninni er miðað við að tryggingagjaldið greiði einmitt vaxandi kostnað við Atvinnuleysistryggingasjóð og sjái um að fjármagna hann áfram. (Gripið fram í.) Það er tillaga frá þeim og menn hafa þegið það. Það er alveg hárrétt að það er svo sem ekki af miklu að taka eins og reksturinn er í dag en eftir sem áður er það þó þannig að töluverður hluti af atvinnulífinu gengur enn þó að á ýmsu gangi. Þetta eru tillögur frá þeim aðilum og ég held að það sé líka rökrétt að menn horfi svona á þetta, að atvinnuleysið er hluti af vinnusamningum á markaði og að það sé fjármagnað af þessu og það sé þá sameiginlegt verkefni okkar að ná niður kostnaðinum við atvinnuleysið og tryggja það að við fáum hjól atvinnulífsins til að snúast að nýju og fá þannig til baka og geta þá lækkað tryggingagjaldið aftur. (Forseti hringir.) Ég vil kannski kom að því seinna að öll þau úrræði sem við hefðum þurft að vera að nota núna voru notuð í góðærinu, því miður, hvort heldur það voru lækkanir á sköttum eða aukin ríkisumsvif. Við erum búin að missa af því tækifæri vegna þess að þau voru notuð þegar þenslan var mest á sínum tíma.

[13:48]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Guðbjarti Hannessyni, formanni fjárlaganefndar, er tíðrætt um 20 milljarða hallann sem þarf að taka á á þessu ári. Maður gæti ímyndað sér að það sé meginviðfangsefni fjárlagagerðarinnar að huga að þeim 20 milljörðum sem hafa fallið til á þessu ári og það væri fróðlegt að fá sjónarmið hv. þm. Guðbjarts Hannessonar til þess hvort ekki megi leiða að því getum að aðhaldi í framkvæmd fjárlaga hafi verið mjög ábótavant á þessu ári og hvernig standi á því að hallinn hefur aukist verulega og hvers vegna menn telja að sá halli sem við vissum að fram undan væri, milli 150 og 160 milljarðar, á að geymast þangað til á næsta ári þegar menn boða mikinn niðurskurð, að sögn, í ríkisrekstrinum. En maður hlýtur líka að spyrja og mig langar að fá viðbrögð hv. þingmanns við því miðað við það hversu illa gengur að skera niður þessar örfáu krónur sem voru skornar niður í þessum mánuði, af hverju ættum við að trúa því að þessari ríkisstjórn takist að skera niður um 14 milljarða eins og þeir boða að muni gerast nú í haust? Það er afskaplega fátt sem bendir til þess að niðurskurðurinn verði með þeim hætti að viðunandi sé.

Það er ekki hægt að bjóða upp á það að stoppa í þetta gat með látlausum skattahækkunum þegar við vitum að möguleikar fólks til slíkra greiðslna hafa versnað og enn fremur er fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig ríkisstjórninni dettur í hug að lækka laun í stórum stíl en gera sér ekki

grein fyrir því að með því dragast skatttekjur verulega saman. Og hvernig rímar þetta saman við allar hugleiðingar um hátekjuskatt og hverju hann muni skila?

Hins vegar langar mig til að fá viðbrögð hv. þingmanns við því hvernig hann hyggist afla þeirra gjaldeyristekna sem nauðsynlegar eru til að standa undir gígantískum skuldbindingum á erlendri grundu. Ekkert sem fram kemur í þjóðhagsspá bendir til þess að áætlanir um stóriðjuframkvæmdir sem þar eru fyrirhugaðar muni standast. Ég hef því áhuga á að vita hvernig hv. þingmaður hyggst afla tekna fyrir íslenska ríkið.

[13:50]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að það sé hárrétt hjá hv. þm. Ólöfu Nordal að aðaláhyggjuefnið er einmitt hvernig við ætlum að afla tekna. Þar hefur að vísu ekkert breyst frá því sem verið hefur, a.m.k. í þeim áætlunum sem við höfum haft uppi á borðinu undanfarið. Menn hafa verið að ræða þar um stóriðjuna og við fengum aðila inn í fjárlaganefnd einmitt til að ræða um hvernig horfurnar væru þar og það komu ekki fram neinar nýjar upplýsingar þar þótt við vitum að heilmikil umræða sé í gangi með hvaða hætti menn skaffa orku til stóriðjufyrirtækja eða með hvaða hætti menn geta fjármagnað framkvæmdir þar. Það er einmitt hluti af því sem hefur verið rætt inni í Karphúsi hvort lífeyrissjóðirnir eigi með einhverjum hætti að koma að framkvæmdum í sambandi við orkuframleiðslu, m.a. Búðarhálsvirkjun sem var nefnd í því samhengi. Við deilum því áhyggjunum af þessu og verðum auðvitað að sjálfsögðu að reyna að finna lausnir á því.

Hin mikilvæga forsendan er auðvitað að ná utan um örryggisrekstur og sýna að sjálfsögðu einhverja langtímaáætlun og þá geta menn deilt um það hvort þetta er fullnægjandi sem hér er verið að kynna og það sem verður kynnt á mánudaginn í skýrsluformi. En það er auðvitað mikilvægt að að við reynum samt að gera það með þeim hætti að við sýnum fram á að við ráðum við verkefnið. Ég hvet þingmenn til að vera ekki að tala það niður sem þó er vel gert og það að kalla þær aðgerðir sem hér eru „látlausar skattahækkanir“ þá held ég að við hv. þingmaður höfum staðið í svipuðum skattahækkunum (**ÓN:** Nei.) ívið betri. Það er einfaldlega þannig að ef við settum tekjuskattinn á voru það svipaðar upphæðir, svo að því sé haldið til haga. (Gripið fram í.)

(Forseti hringir.) Ég vona að ég fái að komast að hinum spurningunum í seinna andsvari.

[13:52]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér finnst sem stjórnarliðið taki mjög nærri sér að menn skuli koma með gagnrýni á þau frumvörp sem hér eru lögð fram. Þegar stjórnarandstaðan leyfir sér að andmæla þeim áformum sem hér eru og lýsa því hver raunveruleg staða er þá er allt í einu talað um svartsýni og niðurrifsstarfsemi. Það er náttúrlega alveg óþolandi tal ef þetta á að vera þannig að ætlast sé til þess að við séum jánkandi öllu því sem ríkisstjórninni dettur í hug, sérstaklega þegar um er að ræða framkvæmdir í ríkisfjármálum sem vantar alla heildarmynd á. Það hefur verið gagnrýnt af öðrum en stjórnarandstöðunni. Ég get nefnt Gylfa Arnbjörnsson til sögunnar og vitnað þar til fréttar í *Morgunblaðinu* þar sem hann lýsir því að þær aðgerðir sem eru boðaðar í frumvarpinu séu alls ekki nægjanlegar. Það skorti alla heildarmynd og þær séu alls ekki líklegar til þess að valda neinum breytingum. Og í áformum peningastefnunefndar í vaxtamálum vanti enn þá að menn átti sig á því hvernig ríkissjóður ætlar að afla nauðsynlegra tekna til að koma okkur upp úr þessu. Þessu verða menn að svara og það þýðir ekki að ætla að fara að ásaka okkur um að vera með niðurrifsstarfsemi og leiðindi.

[13:53]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að biðjast undan því að hér sé hörð gagnrýni á það sem verið er að leggja fram og það er hárrétt sem komið hefur fram að það þarf að sýna betur á spilin varðandi atvinnulífið og það er verkefni sem verður að vinna með ASÍ og samtökum vinnumarkaðarins.

Það sem ég náði ekki að svara áðan var varðandi það af hverju menn hefðu trú á því að menn stæðu við reksturinn á þessu ári. Ég var einmitt að leiða rök að því að það verður býsna stórt og erfitt verkefni og er það, ekki vegna þess að ekkert hafi verið gert því það er alrangt. Það væri dónaskapur við stofnanir ríkisins að það hafi ekki verið unnið mjög skipulega að því að reyna að halda rekstrinum í hófi og það er þess vegna sem er farið mildilega í það núna vegna þess að menn ætla að gera mjög ríka kröfu um að menn standi áætlun. Sú vinna hefur farið fram. Það er búið að fara yfir þetta með ráðuneytunum og það er hægt að fara yfir það í nefndunum með hvaða hætti menn standa en það er ekkert sem bendir til annars en að menn muni vinna rösklega í þessu og reyna að standa við þær áætlanir sem gerðar hafa verið. Það er nefnilega atriði númer eitt, tvö og þrjú áður en við förum í enn frekari niðurskurð því við áttum sameiginlega þátt í því að setja hér (Forseti hringir.) útgjaldaramma sem var mun þrengri en áður og við skulum reyna að standa sameiginlega að því að hann standi.

[13:54]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ágætt að fara inn í þetta mál á þeim lokaorðum sem hv. þingmaður, formaður fjárlaganefndar, Guðbjartur Hannesson, endaði á að við höfum sett í fjárlögum ársins þrengri ramma og að reynt skuli að fylgja honum. Það er ekki að sjá í því frumvarpi sem hér liggur fyrir að það sé verið að reyna að fylgja þeim ramma. Fjárlögin fyrir árið 2009 gerðu ráð fyrir að hallinn á fjárlögum væri 153 milljarðar. Samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að hallinn á fjárlögum ársins 2009 verði 173 milljarðar. Það sem er verið að gera með þessu frumvarpi er að það er verið að auka ríkisútgjöldin um 20 milljarða. Það er ekki þyngdur neinn niðurskurður á móti. Eins og þetta kemur fyrir þá er verið að bæta 20 milljörðum við tekjurnar sem á að ráðstafa til einhverra verkefna sem ekki eru leidd fram með neinum hætti. Þess vegna er spurt eftir því hvenær fjárlaganefndin fái þær tillögur til umfjöllunar sem kalla á ráðstöfun þess fjár sem hér er gerð

tillaga um að innheimta af fyrirtækjum og heimilum landsins. Það er bráðnauðsynlegt að fara að fá það, ekki nema sú afstaða liggi fyrir, sem raunar kom fram frá fulltrúa fjármálaráðuneytisins á síðasta fundi fjárlaganefndar, að við mundum væntanlega fá ríkisreikninginn í hendur í október á komandi hausti og við færum þá að vinna í lokafjárlögum þess árs og væntanlega biðum við þá eftir fjáraukalagafrumvarpi í nóvember. Því spyr ég hv. formann fjárlaganefndar eftir því enn og aftur, því mér fannst þetta ekki koma nægilega vel fram í svörum hæstv. fjármálaráðherra áðan: Hvernig er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin haldi þann fjárlagagrunn upp á 153 milljarða í halla sem fjárlög ársins 2009 gerðu ráð fyrir?

[13:57]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er sennilega rétt að ekki hefur komið fram skýringin á því af hverju menn hafa farið úr 153 upp í 173 milljarða kr. Það er vegna þess að í síðustu fjárlögum gleymdum við ábyrgð á láni sem þarf svo að gjaldfæra í tengslum við Seðlabankann sem er upp á 20 milljarða kr., (**KÞJ:** Verðbætur.) verðbætur sem ekki voru færðar þar. Þess vegna hafa menn ekki (**KÞJ:** Hvernig ætlið þið að mæta Atvinnuleysistryggingasjóði?) ég veit það, þess vegna hafa menn ekki reiknað með því að vinna það niður heldur að fjárlögin standi upp á 153 milljarða, taka þessa bókfærslu til viðbótar en að fjárlögin standi eins og þau eru, svo það sé á hreinu. Ástæðan fyrir því að fjárlögin hafa ekki staðið er fyrst og fremst tekjuþátturinn sem er að bregðast og Atvinnuleysistryggingasjóðurinn. Það eru aðallega þeir tveir þættir. Það er ekki verið að leyfa Landspítalanum að fara fram úr eða að það sé áætlun um að auka útgjöld á einstaka stofnanir. Þvert á móti er öllum gert að standast fjárlög. Það eru einungis tveir liðir, þ.e. tekjuhlutinn sem er endurreiknaður og hins vegar Atvinnuleysistryggingasjóðurinn sem tekinn er þarna inn í, sem kostuðu 25 milljarða leiðréttingu og það er verið að taka á henni með þeim aðgerðum sem hér eru sýndar.

[13:58]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef þetta er rétt hjá hv. þingmanni þá er hallinn sem við er að glíma 40 milljarðar, ekki 20 milljarðar. Það breytir ekki þeirri staðreynd að þá eru menn að tala um að hallinn á fjárlögum 2009 verði 193 milljarðar í staðinn fyrir 153. Ef við erum að tala um að 20 milljarða verðbæturnar á láni frá Seðlabanka til ríkissjóðs séu til viðbótar þá eru menn að tala um 20 milljarða til viðbótar útgjöldum upp á 153 milljarða. Það er það sem ég er að kalla eftir, hvernig sundurliðunin er á þessum 20 milljörðum í auknum útgjöldum ríkissjóðs í rekstri, tilfærslum og/eða framkvæmdum. Sá tekjuauki sem hér er lagður til er ekki gerður til að mæta verðbótum af láni Seðlabanka Íslands til ríkissjóðs vegna ábyrgðarveitingar.

[13:59]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Eitthvað gengur mér illa að skýra út þær tölur sem hér er verið að glíma við, eða a.m.k. tölum við í kross. Áætlun fjárlaga var 153 milljarðar. Til viðbótar kemur leiðrétting á vaxtabætur upp á 20 milljarða og það er ekki gert ráð fyrir því að vinna upp tekjur á móti því. Því er áætlað að niðurstaðan varðandi það fari í 173 milljarða í halla. (Gripið fram í.) Þannig er þetta sett upp. Það er búið að áætla að það þurfi viðbótarniðurskurð um 20 milljarða til að mæta annars vegar tekjufallinu, hins vegar rekstrargjöldunum, þ.e. vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs. (**ÓN:** 193 milljarðar.) Það er rétt en það á að taka það niður í 173. Það er niðurstaðan sem er verið að glíma við og það er það sem við erum að slást við hér, að sýna fram á að það gangi eftir og þá erum við í raunveruleikanum erum við að tala um að það sé óbreytt í fjárlagahlutanum. Við ætlum að standa við þá áætlun sem við gerðum með Sjálfstæðisflokknum fyrir þetta ár en ætlum að standa með því að bæta þarna í varðandi tekjur og útgjöld, (Forseti hringir.) sérstaklega Atvinnuleysistryggingasjóður, þessa 20 milljarða til að ná þessu niður í að vera óbreytt eins og áætlað var fyrir. (Forseti hringir.) Þannig byrjum við svo niðurskurðinn með 56 milljörðum á næsta ári.

[14:00]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Guðbjart Hannesson, formann fjárlaganefndar, um ástæðuna fyrir því að aðeins tveimur dögum áður en bandormurinn var lagður fyrir vorum við á fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytisins, fjármálaráðherra og aðstoðarmanni hans, og þá gerðu menn ráð fyrir því að hagræðing í rekstri ríkisins væri 3,5 milljarðar. Á aðeins tveimur dögum fer þessi tala úr 3,5 milljörðum niður í 1,8 milljarða þannig að ég velti fyrir mér hvað varð þess valdandi að það gerðist. Maður stóð þó alla vega á því fastar en fótunum að það yrði með þessum hætti. Ég verð að viðurkenna að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þessa 3,5 milljarða, hvað þá 1,8 milljarða.

Síðan langar mig að segja við formann fjárlaganefndar, hv. þm. Guðbjart Hannesson: Ég er ansi hræddur um að menn ofáætli tekjurnar af því að auka skattlagningu hér á landi. Ég er ansi hræddur um að með því að hækka skattana svona mikið muni ekki svo miklar tekjur skila sér vegna þess að eins og menn vita er atvinnulífinu að blæða út.

Mig langar að spyrja hv. formann fjárlaganefndar að því hvort hann viti hvort ríkisstjórnin hyggist fara í frekari niðurskurð á aflaheimildum. Hæstv. sjávarútvegsráðherra, Jón Bjarnason, hefur þegar tilkynnt um slíkt til útlanda en hefur ekki séð sér fært að gera það hér heima, alla vega ekki á þingi. Getur hv. þingmaður uppfrætt okkur um hvort það stendur til? Ef hann heldur sig við þau áform og fer eftir niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar eins og hann er búinn að tilkynna að hann ætli að gera varðandi þorskinn og jafnframt varðandi ýsu- og ufsaaflann lít ég svo á að leggja þurfi fjórða til fimmta hverju skipi á landinu. Deilir hv. formaður fjárlaganefndar ekki þeim áhyggjum með okkur hinum í fjárlaganefnd að menn muni ekki geta aflað sér tekna til að standa undir því sem í vændum er?

[14:03]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er hárrétt sem kemur fram hjá hv.

þm. Ásbirni Óttarssyni að hagræðingin var sett í eina tölu, raunar upphaflega upp á 3,3 en ekki 3,5 milljarða og við glímdum við þá tölu sem niðurskurðartölu. Það hagar þannig til að þegar menn fara í niðurskurð á stofnunum er sumt beint í rekstrinum, annað er í tilfærslum eða einhverjum greiðslum innan kerfisins. Það varð að samkomulagi að glíma við þessa tölu, 3,3 milljarða, í heildartölu, en hluti af því færðist inn í tilfærslurnar. Þið sjáið það í sundurliðuninni ef þið skoðið hana að tölunni er haldið en upphæðin dreifist bæði á reksturinn og tilfærslurnar. Þá er ég ekki að tala um tvo milljarða frá félagsmálaráðuneytinu vegna aldraðra og öryrkja í frumvarpinu.

Varðandi tekjuáætlunina treysti ég mér svo sem ekki til að meta það. Það er auðvitað full ástæða til að hafa áhyggjur af því að tekjur skili sér ekki en ekki ætla ég að fara að halda uppi háum launum til þess að tryggja að hátekjuskatturinn skili sér. Við viljum frekar að það sé leiðrétt í kerfinu, sérstaklega í ríkiskerfinu, að færð verði niður laun hjá þeim sem betur mega sín til þess að spara í rekstri. Það er það sem lagt er upp með jafnvel þó að það bitni að einhverju leyti á hátekjuskattinum. Við skulum láta reyna á það með hvaða hætti þessar tekjur muni skila sér, þetta eru útreikningar sem unnir hafa verið ítrekað í ráðuneytinu í tengslum við skattayfirvöld. Það hafa fáir gert athugasemd við þessar tölur. Tryggingagjaldið er t.d. unnið í samráði við þá aðila á vinnumarkaðnum, þeir hafa sannreynt þessar tölur og haft sína skoðun á því þó að það verði alltaf að hafa fyrirvara á skatttekjum, að hve miklu leyti þær skila sér. Það er auðvitað mikilvægt líka að þær skili sér með góðu og öflugu skatteftirliti og sameiginlegu átaki þannig að menn vinni ekki svart eða fram hjá kerfinu eins og alltaf er hætta á í svona ástandi.

Varðandi niðurskurð aflaheimilda hefur það hvergi komið til umræðu að það verði tekjumissir vegna breytingar á aflaheimildum, þannig að því sé bara svarað hreint út.

[14:05]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það kom fram á þeim fundi með hæstv. fjármálaráðherra og aðstoðarmanni hans sem ég vísaði til áðan að menn væru þar að tala um niðurskurð upp á 3,3 milljarða og tilfærslur upp á 3 milljarða, ef ég man það rétt. Þannig skildi ég það.

Ef hæstv. ríkisstjórn heldur að hún geti haldið í tekjur með því að minnka aflaheimildir er það alveg nýtt fyrir mér. Það hefur komið skýrt fram að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er búinn að gefa það út að hann ætli að fara eftir 20% aflareglu sem þýðir 150 þús. tonna aflamark í þorski. Það þýðir að verið er að skerða það úr 160 þús. tonnum niður í 150 þús. tonn. Þess vegna er það eðlilegt að spyrja hvort menn hafi ekki áhyggjur af því ef það verður gert. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson, sem er formaður fjárlaganefndar, hefur ekki einu sinni vitneskju um það sem hæstv. sjávarútvegsráðherra er búinn að tilkynna á erlendri grund. Það er kannski í samræmi við allt annað að menn tilkynna það annars staðar og láta okkur lesa um það hér.

[14:06]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum mál sem er mjög alvarlegt og við þekkjum forsögu þess. Ég held að það skipti afar miklu máli, eins og margoft hefur komið fram, að þingmenn og þjóðin standi saman eins og kostur er við að vinna okkur út úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Það er hins vegar ekki hægt annað en að fara yfir málið með mjög gagnrýnum hætti. Það verður að segjast eins og er, sérstaklega í ljósi forsögunnar, að framganga hæstv. fjármálaráðherra er ansi sérstök, virðulegi forseti. Ég rifjaði upp og las ræðu hæstv. fjármálaráðherra, sem þá var hv. þingmaður, sem hann hélt í desember, nánar tiltekið 15. desember 2008. Hann flutti þá ræðu sína sem forustumaður stjórnarandstöðunnar við fjárlögin sem hann hefur núna ákveðið að framfylgja.

Það er skemmst frá því að segja að núverandi hæstv. fjármálaráðherra afgreiddi það plagg sem einhverja vitleysu og talaði um að hér væri ekki í rauninni um raunveruleg fjárlög að ræða heldur væri þetta fyrst og fremst einhvers konar ágiskunarplagg sem samið væri af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það er hins vegar stíll hæstv. fjármálaráðherra núna að taka u-beygju í flestum málum og við þurfum ekkert að rifja upp Icesave-málið. Það er hins vegar ágætt að rifja það upp að þannig afgreiddi hann fjárlögin en þegar hann komst í ríkisstjórn og varð hæstv. fjármálaráðherra var hann fljótur samþykkja þau og sá enga ástæðu til þess að breyta þeim frá því að hann tók við 1. febrúar sl. og til þessa dags.

Það er umhugsunarefni hvernig hv. þingmenn Vinstri grænna töluðu í umræðunni þá, hvernig þeir börðust gegn öllum niðurskurðarhugmyndum og töluðu eins og hér væri allt í himnalagi. Einhver kynni að segja: Batnandi mönnum er best að lifa, og það má kannski til sanns vegar færa en það er hins vegar umhugsunarefni hversu ábyrgðarlitlir hv. þingmenn voru í þeirri umræðu, því miður, og hversu ábyrgðarlítil sú ríkisstjórn sem nú situr er og var minnihlutastjórn frá 1. febrúar 2009 fram að kosningum. Það þýðir ekkert að leggja málin þannig upp og segja, eins og hæstv. fjármálaráðherra gerði í andsvörum fyrr í dag, að hann hafi verið skammaður fyrir skattahækkanir.

Í þessari skrýtnu kosningabaráttu var stjórnarandstöðunni neitað um upplýsingar um stöðu ríkisfjármála hvað eftir annað. Það voru engar hugmyndir, hvað þá staða mála, lagðar fyrir kjósendur fyrir þessar kosningar, það var ekki gert. Þvert á móti var þinginu neitað um upplýsingar sem eru algjörlega sjálfsagðar. Ég veit að fyrir útlendinga sem fylgdust með þessari kosningabaráttu — glöggt er gests augað — að þeir voru vægast sagt hissa, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, að ekkert var fjallað um þau mál sem þó eru mikilvægust og snúa að því hvernig við ætlum að vinna okkur úr þessum vanda sem snýr einmitt að ríkisfjármálum. Þar neitaði núverandi ríkisstjórn þinginu um upplýsingar. Það er allt saman skjalfest og ég get flett því upp í þingtíðindum. Það mun vera þannig um ókomna tíð og með því má hæstv. fjármálaráðherra lifa.

Ég heyri þá tölu núna í fyrsta skipti frá stjórnarliða — það kom fram hjá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni, formanni fjárlaganefndar — að það stefndi í að hallinn yrði 193

milljarðar kr. Ég man ekki, virðulegi forseti, eftir að hafa séð þá tölu neins staðar. Ég veit ekki hvort einhver stjórnarandstöðuþingmaður hér inni hefur séð hana áður. — Það er ekki svo. En kom fram núna að hallinn stefndi í 193 milljarða. (**GuðbH:** Ef ekkert yrði að gert.) Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson kallar: Ef ekkert yrði að gert. Það hefur komið fram að ef ekkert yrði að gert mundi hallinn verða meiri en menn hafa talað um 173 milljarða fram til þessa. Þarna munar einungis 20 milljörðum kr. og ég er bara ekki það vanur stórum tölum að mér finnst þetta vera há tala. (Gripið fram í.) Hér skellir Guðbjartur Hannesson skuldinni á síðustu ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Já, hann tekur að vísu líka á sig sök þannig að það er ágætt.

Virðulegi forseti. Lagt var upp með af síðustu ríkisstjórn að verkefni ársins 2009 væri að standa fjárlögin. Farið var í þann erfiða leiðangur með það fyrir augum að halda sig við þá hallatölu sem lagt var upp með. Við stefnum í að fara úr 153 milljörðum í 193 milljarða og núna fáum við upplýsingar, kosningarnar eru búnar, og nú fáum við upplýsingarnar sem við báðum um og hefðum átt að fá fyrir kosningar. Hver er raunin, virðulegi forseti? Það er engin ástæða fyrir hv. þm. Helga Hjörvar að brosa yfir því. Það er staðfesting á því að það eru algjör lausatök í ríkisfjármálunum. Því miður sjáum við (Gripið fram í.) mikið af opinberum stofnunum sem ekki halda sig innan fjárlaga.

Hvað þýðir það, virðulegi forseti, ef stofnun er komin 20% yfir fjárhagsáætlun þegar komið er fram á mitt ár? Það þýðir að öllu óbreyttu að skera þarf niður um 40% á seinni hluta ársins. Við erum að tala um stofnanir eins og heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir og annað slíkt, þjónustu sem er afskaplega viðkvæm. Menn reyndu að ná sér í vinsældir og krækja í atkvæði á síðustu mánuðum en það mun koma beint niður á umbjóðendum þeirra, á þjóðinni í formi þjónustuskerðingar og hærri skatta. Það er raunveruleikinn, virðulegur forseti.

Við sjáum síðan að menn reyna að taka á þessu verkefni og hefur ekkert vantað upp á það, virðulegi forseti, að þeir sem eru í forustu fyrir þessa ríkisstjórn hafa farið mikinn yfir því hvað verkefnið er erfitt. Þeir hafa í rauninni ekki sagt mikið meira á undanförnum vikum og mánuðum en að benda á hið augljósa, hvað verkefnið er erfitt. Við vissum það í október, nóvember að verkefnið er erfitt, það er engin frétt í því. En forustumenn þessarar ríkisstjórnar, þeir sem eru hér í forustu fyrir stjórnarflokkana, mega lifa með það að þeir gerðu verkefnið erfiðara vegna þess að þeir voru í vinsældakosningu og sýndu af sér algert ábyrgðarleysi. Enn og aftur vek ég athygli á því að þeir leyndu þingið upplýsingum fyrir kosningar. Allir hér inni í þessum sal þekkja það, sumir af eigin reynslu.

Síðan sjáum við þessar hugmyndir hér. Það er augljóst af textanum, tillögunum og umræðunni að áherslan er fyrst og fremst á einn veg, að hækka skatta. Það er það sem ríkisstjórnarflokkarnir ná saman um. Það er það sem sameinar þessa flokka, viljinn til að vera við völd og hækkun skatta.

Það kom fram í andsvari áðan að hæstv. fjármálaráðherra virtist ekki einu sinni hafa leitt hugann að því að þeir skattar sem hann nefndi væru sérstakar álögur á atvinnulífið, að atvinnulífið þyrfti að bera sínar byrðar líka, hvaða afleiðingar þær hafa á atvinnustigið. Virðulegi forseti. Við skulum ekki vera í neinum blekkingarleik. Ef settir eru skattar upp á 12,5 milljarða á launatekjur mun það hafa áhrif á atvinnustigið, þetta er ekki flókin jafna. Ef aðili sem rekur fyrirtæki þarf að borga meira með hverjum starfsmanni getur hann haft færri í vinnu. Það er ekki flókið.

Hér hafa menn kallað eftir úttektum á öllu mögulegu og ómögulegu en hæstv. fjármálaráðherra upplýsti okkur um að hann hefði ekki hugmynd um málið. Ég ætla ekki að halda því fram að hann hafi staðið hér og sagt það en við sem höfum hlustað á hæstv. fjármálaráðherra, sem hefur verið hér sem þingmaður svo lengi sem elstu menn muna og einnig sem ráðherra, hann varð þingmaður rétt upp úr miðri síðustu öld, vitum alveg hvað það þýðir þegar hæstv. ráðherra talar eins og hann talaði hér áðan. Það vantaði ekki magnið af orðum en svörin voru engin.

Síðan eru aðrir þættir sem lítið hafa verið ræddir en komu þó í umræðu um orkuuppbyggingu. Þeir voru ræddir að beiðni fulltrúa stjórnarandstöðunnar í kjölfarið í fjárlaganefnd. Það kemur í ljós að grunnurinn að þessum áætlunum stenst ekki. Hæstv. umhverfisráðherra kom hér afskaplega önug, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, og hreytti því út úr sér að það væri engin orka fyrir þau álver sem væri gert ráð fyrir í spám hæstv. fjármálaráðherra. Það var ekki stjórnarandstaðan sem sagði þetta, það var hæstv. umhverfisráðherra sem lýsti þessu yfir á þinginu. Hún sagði að því færi víðs fjarri að hér væri til einhver orka í þau álver sem hæstv. fjármálaráðherra gerði ráð fyrir í þeim áætlunum sem fyrir liggja fyrir þessi fjárlög. Staðfest hefur verið í þingnefnd að hæstv. umhverfisráðherra hafði rétt fyrir sér. Hæstv. umhverfisráðherra mætti hér, snupraði hæstv. fjármálaráðherra og því miður fyrir þjóðina hafði hæstv. umhverfisráðherra rétt fyrir sér.

Við hljótum þá að spyrja: Hverjar eru fyrirætlanir úr því að það er rangt sem lagt er upp með, grunnurinn að fjárlögum fyrir næstu ár. Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera í málinu? Ég held að það væri mjög eðlilegt ef hæstv. fjármálaráðherra mundi upplýsa þingið um það. Hann var snupraður af samflokksmanni sínum, hæstv. umhverfisráðherra, og því miður fyrir okkur öll, þjóðina, hafði hæstv. umhverfisráðherra rétt fyrir sér en ekki hæstv. fjármálaráðherra.

Virðulegi forseti. Fleira mætti nefna. Ég hef miklar áhyggjur af því að nú er komið fram á mitt ár, það er kominn seinni hluti júnímánaðar, og ríkisstjórninni hefur ekki tekist að halda fjárlög ársins 2009 en kemur núna með þessar fyrirætlanir. Ég hef miklar áhyggjur af því að það standist sem snýr að ríkisrekstrinum. Sömuleiðis hef ég miklar áhyggjur af því, virðulegi forseti, að þessar fjölbreytilegu hugmyndir um skattahækkanir muni skaða atvinnulífið. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ríkisstjórn og ríkisstjórnarflokkarnir hafi eitthvað velt því fyrir sér hvaða áhrif það flækjustig hefur sem menn eru að búa til á skattkerfi okkar. Þjóðir heims hafa af góðri ástæðu reynt að einfalda skattkerfið, það gerðum við í þokkalega góðri sátt, gott ef það var ekki Samfylkingin sem var fylgjandi slíkum hugmyndum, í það minnsta stundum. Hér hafa menn tekið u-beygju og við þurfum aftur að fá sérfræðinga til þess að eiga við einföldustu skattamál einstaklinga ef þetta nær fram að ganga.

[14:21]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna því að hv. þingmaður kynni sér tillöguflutning og málflutning okkar Vinstri grænna og minn á Alþingi í desember. Þá sæi hann t.d. að við ein flokka lögðum til umtalsvert aukna tekjuöflun til að minnka halla á ríkissjóði og til að hægt væri að draga úr tilfinnanlegum niðurskurði á nokkrum sviðum. Ég flutti þrjú frumvörp um tekjuöflun upp á eitthvað um sjö milljarða kr. og sýndi með því að ég hefði ekki minni áhyggjur af væntanlegum halla á ríkissjóði en hver annar. Við lögðum líka til sparnaðar- og niðurskurðartillögur. En þessu getur hv. þingmaður flett upp.

Í öðru lagi að hér hafi ekki verið veittar upplýsingar eða þeim almennt miðlað eins og venja er þá hafna ég því alfarið. Ég fullyrði að það hafa meiri upplýsingar verið veittar af hálfu stjórnvalda um þróun efnahags- og ríkisfjármála undanfarnar vikur og mánuði en nokkurn tíma áður hefur verið gert á þessum árstíma. (**GÞÞ:** Á þessum árstíma?) Hvaða upplýsingar höfðu þingmenn í höndum í maí og í júní 2008 um fjárlagavinnu þáverandi ríkisstjórnar? Engar. Ég hef rætt við stjórnarliða úr þáverandi ríkisstjórn sem sögðu: Við vissum ekki neitt heldur þó að við værum stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar. Þannig var það nú. Þá var þetta unnið algerlega lokað inni í ráðuneytunum. Nú hafa tugir manna verið í samráðsferli um þetta mál, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, meðal aðila vinnumarkaðarins o.s.frv.

Varðandi hallatölur á ríkissjóði vil ég bara, til að fyrirbyggja misskilning, segja að það eru tvenns konar 20 milljarða tölur á ferðinni. Annars vegar eru fjárlögin upp á 153 milljarða halla í ár. Hins vegar stefnir í yfir eða um 20 milljarða halla í viðbót ef ekkert verður að gert. Í töflu í frumvarpinu á bls. 11 er hins vegar að finna hallatölu sem er færð inn sökum þess að þar er um að ræða áfallnar verðbætur af skuld ríkissjóðs (Forseti hringir.) við Seðlabankann sem ekki eru gjaldfærðar í ríkisreikningi en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur hins vegar að eigi að telja til hallatölunnar.

[14:24]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér fengum við enn eina sýnikennsluna í því hversu hæstv. fjármálaráðherra er góður áróðursmaður. Mælikvarðinn sem hæstv. ráðherra setti var að það hefðu aldrei verið veittar meiri upplýsingar, á þessum árstíma. Virðulegi forseti, hæstv. ráðherra var ekki að gera að gamni sínu. Hann talaði í fullri alvöru. Þingið fékk ekki upplýsingar um stöðu stofnana fyrir kosningar, fékk ekki upplýsingar um það hvernig gengi að framfylgja fjárlögum og við vorum að fara í kosningar sem eðli málsins samkvæmt hefðu átt að snúast fyrst og fremst um þessa hluti. Þingmönnum var neitað um þessar upplýsingar. Hvernig hæstv. ráðherra, (**SJS:** Nei.) — og einhver stuna heyrist frá ráðherrabekknum þegar þetta er nefnt. Virðulegi forseti. Þessar beiðnir stjórnarandstöðunnar eru allar til dokumenteraðar. Þær voru teknar upp í þingsal, þær voru teknar upp í þingnefnd, það var send beiðni til ráðuneytisins og því var ekki sinnt.

Varðandi hugmyndir hæstv. ráðherra um tekjujöfnun, sparnað og niðurskurð, væri alveg þess virði að fara yfir málflutninginn fyrir síðustu fjárlög hjá Vinstri grænum þar sem þeir fóru yfir það að það væri ekki nokkur einasta leið að reka stofnanir miðað við þau fjárlög sem voru í gangi og fundu þeim allt til foráttu. Um leið og þeir settust í ráðherrastólana fóru þeir hins vegar að framfylgja þessum fjárlögum sem þeir töldu að væru svo gersamlega fyrir neðan allar hellur og átu það ofan í sig eins og svo margt annað.

[14:26]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Bara til að það sé alveg skýrt þá bið ég menn að hafa í huga að hallatalan eða hin neikvæða tekjujafnaðartala í fylgiskjali með frumvarpinu á bls. 10, þar sem talað er um 176 milljarða kr. áætlaðan halla á ríkissjóði á þessu ári, skýrist af því að innifalið í henni eru áfallnar verðbætur á skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands en þær eru hins vegar ekki færðar til gjalda í fjárlögum. Þær eru allt annað mál heldur en sú óhagstæða þróun minni tekna og meiri útgjalda sem í hefðbundnum uppgjörsvenjum okkar mundu leiða til um það bil 20 milljarða halla í viðbót ef ekki verður að gert en það verður gert og rúmlega, það. Ætlunin er að halda sig nokkurn veginn á áætlun hvað varðar útgjöld samkvæmt fjárlögum.

Ég kannast ekki við að upplýsingum sem legið hafa fyrir af einhverju tagi hafi verið neitað. Ég mótmæli því og hv. þingmaður hefur engin rök fært fyrir því. Um leið og það lá fyrir í lok marsmánaðar að þessi þróun stefndi í að verða svona óhagstæð hvað varðaði aukinn halla á ríkissjóði sagði ég það opinberlega, nokkrum vikum fyrir kosningar, að þessi óhagstæða þróun væri að birtast okkur í tölum. Það var ekki legið á þeim upplýsingum. Upplýsingar um tekjuþróun ríkissjóðs birtast jafnóðum og eru færðar á heimasíðu ráðuneytisins. Um leið og uppgjör fyrsta ársfjórðungs hvað varðaði útgjaldaþróun lá fyrir kynnti ég það í ríkisstjórn og sendi það beint til fjárlaganefndar. Þannig var það. Það barst fjárlaganefnd í hendur nokkrum dögum eftir að það varð opinbert og lá fyrir. Hvaða upplýsingar er hv. þingmaður að tala um sem ekki hafa verið reiddar fram?

[14:28]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef vandinn er sá að hæstv. fjármálaráðherra í fullri alvöru man ekki hvað við vorum að ræða í þingsal, man ekki eftir þeim bréfum sem formaður fjárlaganefndar sendi upp í ráðuneyti þá er það auðvitað bara eitthvert mál sem þarf að taka á og ég ætla ekki að fara að gagnrýna hæstv. ráðherra, í fullri alvöru, hann man ekki þessa hluti. Þetta er allt saman skjalfest frá báðum. Sjálfur spurði ég hæstv. ráðherra í þingsal um upplýsingar sem svo sannarlega lágu fyrir.

Ég var heilbrigðisráðherra fram á 1. febrúar á þessu ári. Ég veit alveg hvernig þessir hlutir virka þannig að hæstv. fjármálaráðherra þarf ekki að kenna mér það hvaða upplýsingar eru til staðar. Ég frábið mér allt slíkt. En ef hæstv. fjármálaráðherra er svo illa haldinn af minnisleysi að hann man ekki hvaða bréf voru send, man ekki hvaða umræða

var tekin í tengslum við þessi mál fyrir nokkrum vikum þá er það bara þannig. En það er sjálfsagt og eðlilegt að fara yfir það með hæstv. ráðherra og ég held að enginn sé svo ósvífinn af stjórnarliðinu að þræta fyrir það að þessar beiðnir hafi komið fram. Ég get ekki ímyndað mér það. Ég var í sambandi við þáverandi formann fjárlaganefndar sem sagði mér þetta. Hann sendi samviskusamlega allar þessar beiðnir upp í ráðuneyti, það var beðið um þetta þegar gestir komu í fjárlaganefnd og það þarf ekki að segja þeim sem hér stendur, virðulegi forseti, að þessar upplýsingar hafi ekki verið til staðar. Þær voru svo sannarlega til staðar og þekki ég það vel sem fyrrverandi ráðherra í þeim málaflokk sem tekur 25% af ríkisútgjöldunum.

[14:30]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson bendir réttilega á að lagt hafi verið upp í þann leiðangur fyrir árið í ár að standa áætlun og gerir þá játningu að það hafi ekki verið auðvelt verk fram undan, þvert á móti hafi augljóslega verið mjög erfitt að reyna að standa við þau áform sem þáverandi ríkisstjórn hélt fram. Ég held að það sé einmitt heila málið að menn verði að átta sig á því að það er verið að glíma við býsna stórt verkefni og til viðbótar við það verkefni var ákveðið að menn ætluðu ekki að flytja með sér fjárheimildir frá árinu á undan vegna þess að menn ætluðu að skoða rekstrarfjárstöðuna eingöngu út frá því sem útstreymi á peningum eða „cash flow-i“ sem verður á þessu ári.

Til breytinga var síðan það að menn komu með nýja tekjuspá sem við höfðum sett fram fyrir áramótin og atvinnuleysið skall á með meiri þunga, þ.e. atvinnuleysisbæturnar urðu hærri. Það eru einu breytingarnar og í heild yfir 20 milljarðar sem verið er að leiðrétta núna. Þess vegna kemur á óvart að hv. þingmaður skuli vera að reyna að ýja að því að hér sé um að kenna lausatökum á fjármálum og bið ég þá viðkomandi hv. þingmann að nefna þær stofnanir sem hann á við eða veit um að hafa verið með lausatök á fjármálum. Mér er ekki kunnugt um það. Þeir sem hafa komið inn í fjárlaganefndina eða við höfum haft samband við í þeirri vinnu sem hér hefur farið fram hafa þvert á móti þurft að grípa til mjög alvarlegra aðgerða og hafa gert það á fyrri hluta ársins líka og hafa einarðlega ætlað að standa áætlun.

Það sem einnig hefur komið fram í umræðunni var að ég var í fjárlaganefnd fyrstu tvö árin, datt út þegar ég gerðist þingforseti 1. febrúar sl. en þá var það þannig að þáverandi fjármálaráðherra, sem menn þekkja ágætlega, boðaði mig á fund á ýmsum stöðum gjarnan í sínu eigin kjördæmi til að kynna mér fjárlögin þótt ég væri í fjárlaganefnd, fyrr fékk ég engar tölur eða upplýsingar. Það er með allt öðrum hætti unnið að fjárlögunum núna og full ástæða til að halda því til haga.

[14:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér talaði formaður fjárlaganefndar og hann spyr þann sem hér stendur og er að tala núna hvar sé farið fram úr hjá stofnunum í fjárlögum, (**GuðbH:** Lausatök.) Þessi lausatök hjá hæstv. ráðherrum þegar stofnanirnar halda sig ekki innan fjárlaga. Þetta vandamál hefur verið til staðar í áratugi. Við höfum náð nokkrum stofnunum með ærinni fyrirhöfn, miklum harmkvælum hjá stjórnarandstöðunni sem nú er komin í ríkisstjórn og það var lagt upp með það á þessu ári vegna þess að oft er þörf en nú er alger nauðsyn að halda stofnunum innan fjárlaga. Ég held að það væri nú nær og væri kjörið við þessar aðstæður að formaður fjárlaganefndar færi yfir þessa stöðu varðandi stofnanirnar. Ef hv. þingmaður, formaður fjárlaganefndar, getur það ekki þá skal ég gera það eftir minni. Ég er hins vegar ekki í fjárlaganefnd en hef kynnt mér þetta nokkuð. En ég held að það væri æskilegast og alveg við hæfi að hv. formaður fjárlaganefndar færi yfir það.

Virðulegi forseti. Mér þykir algerlega ótrúlegt að hlusta á að menn séu hér að bera saman stöðu eins og núna miðað við árstíma í venjulegu árferði, árstíma eins og bæði hæstv. ráðherra og hv. þingmaður eru að gera. Hvernig ætla menn að ná samstöðu um þetta verkefni ef menn eru í svona leikjum í þingsalnum? Hvernig ætla menn að gera það? Ég sé að hv. þingmaður er kominn í andsvar öðru sinni og það verður fróðlegt að sjá hvort hann fer yfir það hvaða stofnanir séu umfram á þessu ári.

[14:34]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það gleður mig að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson deilir með mér áhyggjunum af því að hér hafa stofnanir komist upp með það að fara fram úr ár eftir ár og hann viðurkennir að það hafi verið vandamál á undanförnum árum þannig að við höfum sameiginlegt verkefni við að glíma, þ.e. að sjá til þess að áætlun þessa árs standist. Það eru einmitt rökin fyrir því að hér er ekki farið í harkalegri niðurskurð að menn ætli einmitt að leggja á það ríkari áherslu en nokkru sinni fyrri og vænti stuðnings frá hv. þingmanni við það að fylgja því eftir að menn standi áætlanir. Það er grunnforsenda vegna þess að það er lítið gagn að því að fara fram úr á einum stað og ætla svo að reyna að skera niður á öðrum. Það er það sem lagt er upp með og í þeim vanda verði ekki hægt að fara með fjárheimildir á milli ára nema þær hafi verið frystar þannig að menn séu ekki að nota þá aðferð til að leysa vandann.

Hv. þingmaður talaði um það í ræðu sinni að áherslan í þeim úrræðum sem hér er nefnd sé eingöngu hækkun skatta. Þetta er auðvitað orðfæri sem maður þekkir þó að við höfum tekið þátt í því að verja skattahækkanir í gömlu ríkisstjórninni. En mig langar að spyrja hv. þingmann: Er einhver munur á þeim sköttum sem hér er verið að leggja á eða þeim hugmyndum sem hv. þingmaður hafði sjálfur sem ráðherra um aukningu á sjúklingagjöldum? Hvað var það há upphæð sem átti að taka inn í tekjum í sjúklingagjöldum á sínum tíma í því fjárlagafrumvarpi sem var lagt fram um síðustu áramót?

Það er auðvitað rétt sem komið hefur fram að skattar hafa áhrif á atvinnustigið. Við getum að sjálfsögðu reynt að meta það og þar þarf auðvitað að finna afar fínan ballans, hvernig menn bregðast við en það vita auðvitað allir að harkalegur niðurskurður umfram það sem hér er verið að boða mun líka þýða að það hverfa störf. Það er útilokað að fara mjög harkalega í reksturinn til viðbótar öðruvísi en að segja upp fólki.

[14:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða. Ég get alveg upplýst hv. þingmann um að við munum aðstoða eins og við höfum verið að reyna að gera, reyna að aðstoða ríkisstjórnina í því að standast áætlanir. En pressan kemur frá okkur, virðulegi forseti. Það hefur enginn tími farið í það, hvorki innan nefnda eða í þinginu að upplýsa þing eða þingnefndir um stöðu mála, hvað þá áætlanir. Núna um miðjan júní eru ekki enn þá komnar upplýsingar, t.d. í heilbrigðisnefnd, um hvernig menn ætla að ná fjárlögum 2009, ekki enn þá og það er búið að biðja um það núna í marga, marga mánuði.

Varðandi muninn á sjúklingagjöldum sem hv. þingmaður segir að ég hafi fengið hugmyndir um og þær skattahækkanir sem eru í gangi núna þá er það þannig, og hv. þingmaður sem formaður fjárlaganefndar ætti að þekkja það, að hver ráðherra fær sinn ramma. Ég held að ég muni það rétt að mér var gert að hækka sjúklingagjöld um 300 millj. kr., sem varð niðurstaða milli ríkisstjórnarflokkanna. Sem ráðherra þurfti ég að fara í það erfiða mál að reyna að deila því eins sanngjarnt niður og hægt var. Það var ekkert skemmtilegt en það var eitthvað sem við urðum að gera. Ég nefndi bara einn skatt hér, sem menn hafa talað um eins og skatt á atvinnulífið en er í rauninni skattur á launafólk og hann upp á 12,5 milljarða. Síðan fór ég ekki mikið í þær flóknu breytingar á skattkerfinu sem gerir skattkerfi okkar sem er tiltölulega einfalt mjög flókið, en það er sjálfsagt að fara í það. En þessi samanburður hv. þingmanns er algerlega fráleitur. En ég vona að hv. þingmaður sem formaður fjárlaganefndar og sem liðsmaður í stjórnarliðinu sýni okkur á spilin varðandi stöðu stofnana og hvernig menn ætla (Forseti hringir.) að sjá til þess að við náum að standast áætlun því það er forsenda fyrir því að við getum náð þeim árangri sem upp er lagt með.

[14:39]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil sem formaður efnahags- og skattanefndar þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir framlagningu málsins og ríkisstjórninni allri og vænti þess að umfjöllun þess í nefndinni verði skjót en vönduð eðli málsins samkvæmt. Hér er um að ræða aðgerðir sem þarf að grípa til á miðju ári og þurfa þess vegna að fá nokkuð greiða leið í meðförum þingsins.

Sú staðreynd að hér er verið að brúa gat á miðju ári gerir það auðvitað líka að verkum að aðgerðir til að draga úr rekstrarkostnaði ríkisins eru miklu síður tiltækar en í fjárlagagerð fyrir heilt ár. Menn þekkja hinn opinbera rekstur, hversu lengi ákvarðanir um breytingar og ráðstafanir eru að skila árangri í útgjöldunum sjálfum vegna þess það eru einfaldlega ýmiss konar frestir og réttindi og formleg ferli sem hið opinbera þarf að fara í gegnum í mun ríkari mæli en einkageirinn sem gerir það að verkum að iðulega er varla undir hálfu ári fyrr en ákvarðanir í stærri atriðum eru farnar að bíta, frá því að þær eru teknar. Þó er auðvitað alltaf hægt að ná umtalsverðum árangri í sparnaði og hagræðingu og það er gott að sjá að að þessu sinni eru gerðar enn frekari hagræðingarkröfur til ríkisins á yfirstandandi ári og þegar menn skoða þær kröfur um aðhald í rekstri á síðari hluta og frekari niðurskurði en áður var ákveðið. En þá verða menn líka að hafa í huga að samhliða þessu sæta ríkisstofnanir nú mun meira aðhaldi um útgjöld sín, treysti ég mér til að fullyrða eftir margra ára reynslu af störfum í fjárlaganefnd þingsins, miklu meira aðhaldi í því að standa við þá útgjaldaramma sem þeim hafa verið faldir.

Ég hygg að sá þingmaður sem talaði á undan mér, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, þekki það jafn vel og ég og trúlega miklu betur, að í raun og veru það eitt að sá geiri ríkisútgjaldanna sem hann hafði ábyrgð fyrir til skamms tíma, þ.e. heilbrigðisgeirinn, það eitt að það takist að halda rekstrinum innan þess ramma sem lagt er upp með í ársbyrjun, er út af fyrir sig gríðarlegur árangur og breyting frá því sem verið hefur um langt árabil. Ég vona og treysti því að við séum að ná fram slíkri breytingu í rekstrinum sem er auðvitað gríðarlega mikilvæg auk þeirrar hagræðingarkröfu sem hér er.

Það er auðvitað þannig að í þeim ákvörðunum sem hér eru kynntar eru margvíslegar ákvarðanir sem fáir ef nokkrir í þessum sal kysu að taka ef við hefðum ótakmarkaða fjármuni. En það er því miður ekki svo. Staðreyndin er sú að á hverjum degi rekum við þennan sameiginlega sjóð okkar með 500 millj. kr. halla. Það er auðvitað ekkert annað en skuldir á börnunum okkar. Það stendur þess vegna upp á okkur að taka á því og taka fjölmargar erfiðar ákvarðanir, bæði til skemmri tíma eins og verið er að gera í bandorminum en líka til lengri tíma í nokkurra ára áætlun í ríkisfjármálum. Helstu tölur í því hafa verið kynntar fyrir árið 2010 og síðan markmiðin fyrir árið 2011 og ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að þar þurfa allir að taka á.

Ég deili þeim áhyggjum sem menn hafa af skattlagningu á atvinnulífið við þessar aðstæður. Það er full ástæða til að gjalda varhuga við allri skattlagningu á atvinnulífið vegna þess að þar mun auðvitað fyrst og síðast reyna á á næstu mánuðum og missirum að okkur takist að fá atvinnulífið aftur í gang, kraft í atvinnulífið, að það skapist ný störf þannig að við hættum að tapa störfum með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið en förum að vinna störf. Þess vegna þurfum við að hlífa atvinnulífinu eftir fremsta megni.

Hins verða menn að gæta í þessari umræðu að það voru Samtök atvinnulífsins sem sjálf lýstu því yfir að þau teldu að sá kostnaður sem leiddi af Atvinnuleysistryggingasjóði og þeim miklu útgjöldum sem hann hefur orðið fyrir hafi alltaf verið borinn af atvinnulífinu, hann hafi alltaf verið borinn af tryggingagjaldinu og það væri einfaldlega óraunsætt annað en að sú skipan héldist áfram því að ofan á allt annað sem skattgreiðendur þurfa að taka á næstu mánuðum og árum, væri ekki líka hægt að láta þá taka hallann á Atvinnuleysistryggingasjóði. Mér fannst það mjög hraustlega gert af Samtökum atvinnulífsins og vera gott fordæmi fyrir aðra aðila í samfélaginu vegna þess að það verkefni sem við stöndum frammi fyrir er með þeim hætti og af þeirri stærðargráðu að við munum aldrei brúa þetta gríðarlega bil, þennan ofboðslega hallarekstur, öðruvísi en að við tökum öll á og öxlum öll nokkurn hlut og þá auðvitað þeir þann mestan sem besta aðstöðu til þess hafa og ég held að ýmislegt bæði efnislegt og líka táknrænt sem ríkisstjórnin hefur gripið til vísi til þess. Það er til að mynda hægt að benda á

það að hér eru loksins felldar niður algerlega óþarfar greiðslur til handhafa forsetavaldsins í fjarveru hans. Það er löngu tímabært mál og sjálfsagt, þó að það varði svo sem ekki stórar upphæðir þá er það táknrænt þegar forsætisráðherra hefur sjálfur frumkvæði að því að falla frá sérgreiðslum til sín sem gætu að jafnaði á ári hafa numið um 3 millj. kr. og hafa gert það til forsætisráðherra á umliðnum árum, hreinar aukagreiðslur sem sjálfsagt er að afnema. Lítið frumvarp sem hér var rætt um í gær varðaði laun æðstu stjórnenda hjá ríkinu, sú ákvörðun að þeir sem hafa yfir 700 þús. kr. í mánaðartekjur verði þeir einu sem taki tekjuskattshækkun það sem eftir lifir þessa árs og þar fram eftir götunum. Ég held að með því að stilla þessu fram með þessum hætti, taka í raun og veru þessu tilboði Samtaka atvinnulífsins um að hækka tryggingagjaldið, fara mjög hóflega í aðrar skattbreytingar og láta þær snúa fyrst og fremst að þeim tekjuhæstu og fara jafnframt í sjálfsagðan og eðlilegan niðurskurð í ríkisútgjöldunum og aðhald í rekstri og síðan umtalsverðan niðurskurð í útgjöldunum á næsta ári, 10% eða þar um bil, í stofnunum utan velferðarþjónustunnar sem sannarlega verður verkefni að vinna að en ég treysti að nái fram að ganga.

Ég vil út af fyrir sig lýsa ánægju minni með þær raddir sem hér hafa heyrst frá a.m.k. sumum stjórnarandstöðuflokkanna að í þessu efni megi jafnvel ganga lengra fram, að það sé fleira í ríkisrekstrinum sem taka megi til endurskoðunar og spara. Ég held að þar séu sannarlega mörg sóknarfæri.

Ég vil líka lýsa ánægju minni með ýmsar hugmyndir sem hafa komið fram sem gætu hugsanlega orðið til þess að létta okkur þennan leiðangur hvort sem það eru hugmyndir Sjálfstæðisflokksins um skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóðina eða aðrar slíkar hugmyndir. Án þess að ég vilji leggja efnislega mat á þær þá held ég einfaldlega að við lifum þá tíma í sögu landsins að það sé mikilvægt að fólk úr öllum flokkum og fólk af öllum sviðum samfélagsins sameinist í því að reyna að leggja fram allar þær hugmyndir sem við eigum tiltækar sem geta skilað okkur árangri í því að brúa þetta bil. Hallinn sem hér er um að ræða er í raun og veru nærfellt helmingur ríkisrekstursins og við sjáum það öll í hendi okkar að helmingur ríkisútgjaldanna eru bætur og ekki getum við skert þær um slík hlutföll og ekki getum við skorið af ríkisrekstrinn af þeirri stærðargráðu þó að sannarlega megi víða í honum eflaust betur fara með hverja krónu og við hljótum að kappkosta að gera það á komandi árum.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. fjármálaráðherra fyrir kynninguna.

[14:48]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir ágæta og málefnalega ræðu. Ég get tekið undir margt af því sem hann segir og ekki síst það að hér er risavaxið verkefni sem hlýtur að koma alls staðar við. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. Helgi Hjörvar er sammála því mati mínu að æskilegt hefði verið að í frumvarpi því sem hér er lagt fram og á að taka til fjárhags ríkisins á árinu 2009 hefðu verið niðurskurðar- eða sparnaðartillögur sem vörðuðu fleiri ráðuneyti en er að finna í þessu plaggi. Í fljótu bragði sýnist mér að hér séu aðeins ákvæði sem varða verkefni á málefnasviði dómsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og síðan félags- og tryggingamálaráðuneytis og ég velti því fyrir mér og bið hv. þm. Helga Hjörvar að láta í ljós skoðun sína á því hvort ekki hefði verið eðlilegt eða æskilegt að í þessum ráðstöfunum, sem eiga að taka til þess árs sem nú er að líða, hefðu verið tillögur sem vörðuðu fleiri ráðuneyti því að augljóst er að það þarf að taka á alls staðar til að ná þeim árangri sem við erum öll sammála um að er nauðsynlegur. Það er kannski ekki sanngjarnt að spyrja hv. þm. Helga Hjörvar en ég spyr hvort hann viti til þess að leitað hafi verið eftir sparnaðartillögum eða öðrum tillögum frá öðrum ráðuneytum en fram koma í þessu frumvarpi um sparnað á þessu ári.

[14:50]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið en ég hygg að það byggi þó á dálitlum misskilningi því að um alla málaflokka er að ræða og til allra ráðuneyta eru gerðar sparnaðarkröfur á síðari hluta þessa árs eftir því sem ég best veit og sleppur enginn undan, auðvitað ekki við núverandi aðstæður.

Hins vegar skiptast ríkisútgjöldin í meginatriðum í tvennt. Að vísu eru 40 milljarðar í framkvæmdir en liðlega 200 milljarðar eru í rekstur og síðan eru aðrir 200 milljarðar í tilfærslur. Tilfærslur eru almannatryggingar, sjúkratryggingar, greiðslur til kirkjunnar og ýmsar tilfærslur undir fjármálaráðuneytinu, barnabætur, vaxtabætur og aðrir slíkir hlutir. Ég læt mér detta í hug að þingmaðurinn hafi verið að líta til tilfærslnanna þegar hann sá samdrátt sem fyrst og fremst liggja í félags- og tryggingamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Ég tel að það helgist af því að þarna eru einfaldlega millifærsluliðir sem færðir eru undir þessi ráðuneyti en það lýtur ekki að því að öðrum ráðuneytum hafi verið hlíft við sparnaðarkröfu í rekstri.

[14:52]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessar upplýsingar. Það er auðvitað mikilvægt að aðhalds og sparnaðar sé gætt á þeim sviðum sem ekki er fjallað um í þessu frumvarpi. Ég var fyrst og fremst að velta fyrir mér þessu frumvarpi og þau atriði sem hann vísar til hafa, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk hjá hv. formanni fjárlaganefndar milli umræðna, komið fram fyrir fjárlaganefnd en ekki fyrir þingið. Ég vænti þess að þar sé um að ræða sparnað sem ekki þurfi lagabreytingar til þannig að ég verð þá að skoða þann þátt betur. Af lestri frumvarpsins varð ekki ráðið að um væri að ræða önnur ráðuneyti en þau sem þarna greinir en hv. þm. Helgi Hjörvar er auðvitað reyndur fjárlaganefndarmaður og þekkir þessi mál afskaplega vel þannig að það er gott að fá þetta fram.

En fyrst ég hef tækifæri til að spyrja hv. þm. Helga Hjörvar út úr er annað atriði sem mig langar til að fá skýringu á vegna þess að við þingmenn stjórnarandstöðunnar a.m.k. erum í þeirri stöðu að við sáum ekki þetta frumvarp

fyrr en í gærkvöldi. Við höfum því haft takmarkaðan tíma til að fara yfir einstök atriði í því. En ég velti fyrir mér hvort það er ekki réttur skilningur hjá mér að um það bil 20 milljarða gat á fjárlögum þessa árs sem loka á með þessu frumvarpi sé að hálfu leyti fengið með því að færa tekjur fram á þetta ár sem ella hefðu komið inn í ríkissjóð á næsta ári með því að flýta gjalddögum á fjármagnstekjuskatti. Ég spyr hv. þingmann um þetta (Forseti hringir.) til að glöggva mig betur á atriðum málsins.

[14:54]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir. Það er eðlilegt að spurt sé um breytinguna á fjármagnstekjuskattinum. Það er miklu flóknara mál vegna þess að hér er verið að takast á við 20 milljarða halla með beinum tillögum upp á liðlega 20 milljarða.

Þess utan, og það er alveg til viðbótar við þessar aðgerðir, hafa tímasetningarnar í fjármagnstekjuskattinum áhrif á á greiðsluflæði ríkissjóðs. Það gerir að verkum að greiðslugrunnurinn svokallaði sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn horfir fyrst og fremst á hefur áhrif á hann. Við í þinginu höfum um langt árabil fyrst og fremst verið að horfa á fjárhag ríkisins á svokölluðum rekstrargrunni þannig að þessir undirliggjandi þættir hafa kannski ekki verið það sem við höfum horft til fyrst og fremst. En það er rétt að það kemur þarna talsverður bónus við þessar breytingar í greiðsluflæðinu sjálfu milli ára en það á ekki að hafa áhrif á rekstrargrunninn eftir því sem ég best veit.

[14:55]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Efnahagsmálin eru, eins og alþjóð veit, mál málanna í dag. Tekjur ríkisins hafa dregist verulega saman auk þess sem ábyrgðir hafa fallið á ríkissjóð. Ljóst er að lítið verður til skiptanna úr ríkiskassanum næstu missirin og því verðum við að bregðast við. Við endurreisn efnahagslífsins er þörf á hugrökku fólki með bein í nefinu sem þorir að taka erfiðar ákvarðanir og ég vonaði svo sannarlega í upphafi þings að ríkisstjórninni mundi takast vel að sinna þeim stóru verkefnum sem við stöndum frammi fyrir á þeim miklu örlagatímum sem við lifum.

Í aðdraganda kosninga urðu frambjóðendur allra flokka varir við miklar væntingar kjósenda til að nýtt þing mundi taka á málum af festu og ábyrgð. Ýmsir frambjóðendur kynntust nýjum vinnubrögðum á þingi og áhersla var aukin á samvinnu og samstarf. Við 27 nýir þingmenn sem tókum hér sæti ásamt mörgum góðum reynsluboltum áttum það öll sameiginlegt samkvæmt minni upplifun að vilja bretta upp ermarnar og taka til óspilltra málanna við endurreisn efnahagslífsins. Í stjórnarsáttmálanum voru jafnframt gefin fögur fyrirheit um samráð allra flokka.

Nú er rétt rúmur mánuður frá því að þing kom saman að afloknum kosningum og óneitanlega hafa vaknað ýmsar spurningar hjá þeirri sem hér stendur um þá forgangsröðun varðandi áherslu og auknar álögur á íbúa landsins sem ríkisstjórnin leggur upp með við endurreisnarstarfið. Jafnframt er ég hugsi yfir því hvernig samráðskafli stjórnarsáttmálans hefur komið til framkvæmda.

Grundvöllur þess að við náum þeim árangri við stjórn efnahagsmála sem leiðir til vaxtalækkunar og afnáms gjaldeyrishafta er að stjórnvöld nái tökum á ríkisfjármálunum og að endurreisn bankanna verði lokið. Áður en ríkisfjármálin og bankarnir komast í lag verða allar aðgerðir til bjargar heimilunum og atvinnulífinu máttlausar. Það er í sjálfu sér ágætt að ríkisstjórnin náði að leggja fram það frumvarp sem hér er til umræðu í dag vegna þess að ekkert er verra en óvissan og aðgerðaleysið. Það vekur manni hins vegar hryggð að sjá að ekki hafi tekist betur en raun ber vitni að halda utan um ríkisbudduna á þeim mánuðum sem sú ríkisstjórn, sem stjórnað hefur frá því í febrúar, hefur setið og þess vegna er brýnt að halda vel á spöðunum það sem eftir er ársins og svo í framhaldinu.

Nú bendir allt til þess, virðulegi forseti, að sú stefna sem núverandi aðstoðarmaður fjármálaráðherra reifaði í marsmánuði, að því er mig minnir, um hressilegar skattahækkanir til að leysa efnahagsvandann verði að veruleika. Er það svo að við endurreisum efnahagslífið með hressilegum skattahækkunum? Staða íslenskra heimila og fyrirtækja er veik vegna hárra vaxta og verðbólgu, atvinnuleysi vex og fyrirtæki reyna að halda fólki í vinnu með því að lækka starfshlutfall og laun starfsmanna sinna frekar en að grípa til uppsagna. Þess vegna vekur það áhyggjur varðandi stöðu fyrirtækjanna og þeirra starfsmanna að verið sé að hækka tryggingagjaldið. Fjölskyldurnar berjast við að greiða af lánum sínum og fyrirtæki sligast undan háum fjármagnskostnaði. Ég met stöðuna svo að fólkið í landinu og fyrirtækin megi ekki við frekari áföllum eða álögum af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Hver og einn Íslendingur hefur nú þegar tekið á sig auknar byrðar vegna stöðu efnahagsmála. Það er ekki hægt að ætlast til þess að heimilin í landinu taki á sig auknar byrðar. Ríkisstjórnin verður að sýna að til staðar sé vilji og dugur til að taka til í ríkisfjármálunum með því að skera verulega niður í rekstri. Tiltekt á því heimili er nauðsynleg forsenda þess að vottur af friði skapist um þær aðgerðir sem fram undan eru. Þetta er stórt og erfitt verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Verkefnin eru flókin og vandinn djúpstæður og auðveldara um að tala en í að komast, ég geri mér grein fyrir því. En staðreyndin er engu að síður sú að íslensk heimili og atvinnulífið mega engan tíma missa.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur lagt fram viðamiklar efnahagstillögur sem vakið hafa jákvæð viðbrögð þvert á flokka í þinginu og þær eiga það að meginhluta til sameiginlegt að eiga að vera komnar til framkvæmda fyrir 15. júlí nk. Að mínu mati er framlagning þingsályktunartillögunnar og umræður um hana í þinginu það besta sem hefur verið lagt til málanna á þessu sumarþingi. Því hvet ég þingmenn til að beita sér fyrir því að meðferð tillögunnar verði hraðað þannig að þeim aðgerðum sem hún boðar verði hrint í framkvæmd sem fyrst. Er slík afgreiðsla ekki einmitt tækifæri fyrir þingheim til að sýna í verki að alvara er að baki því að ástunda ný vinnubrögð í þinginu þar sem samvinna og samráð eru í lykilhlutverki?

Virðulegi forseti. Við Íslendingar megum aldrei gleyma því að þrátt fyrir erfiða stöðu eigum við mikil tækifæri, margar sterkar stoðir sem við munum byggja á til framtíðar.

Aldurssamsetning þjóðarinnar er hagstæð, menntunarstigið er hátt og grunnstoðir samfélagsins eru sterkar þrátt fyrir allt. Sú gnótt af hreinu ferskvatni sem við búum að er auðlind sem ekki skal vanmeta og þá eigum við mikið af góðu ræktunarlandi, enn meira af ónýttu ræktunarlandi sem kemur til með að nýtast okkur vel í framtíðinni svo sem við ræktun repju til lífdísilframleiðslu, ræktun erfðabreytts byggs til lyfjagerðar og svo mætti lengi telja. Sjávarútvegurinn er sterkur, enda fiskurinn okkar sá besti í heimi en gæta þarf að því að hlúa að greininni í stað þess að ráðast að henni fyrningarhugmyndum.

Orkan í iðrum jarðar er gríðarleg auðlind og mikil tækifæri eru til frekari gjaldeyrissköpunar í orkufrekum iðnaði. Erlendir fjárfestar hafa áhuga en hlutverk stjórnvalda er að skapa þau skilyrði svo að hægt sé að hrinda hugmyndum í framkvæmd, stjórnvöld eiga ekki að þvælast þar fyrir. Virðulegi forseti. Niðurskurður ríkisútgjalda er sársaukafullur og allir íbúar landsins koma til með að finna fyrir honum en ef vel er á málum haldið tekur efnahagslægðin enda fyrr en ella. Við niðurskurð skiptir rétt forgangsröðun miklu máli og að gætt sé jafnræðis í aðgerðum. Forgangsatriði er að þjónusta sem snýr að öruggi landsmanna sé í forgrunni.

Við Íslendingar þurfum nú að snúa bökum saman og leggja á hinn úfna sæ sem fram undan er. Ef við leggjumst saman á árarnar munum við komast að settu marki fyrr en ella og markmiðið er að búa svo um hnútana að Íslendingar framtíðarinnar fái alist upp við bestu mögulegu lífsgæði í frjálsu og opnu landi þar sem tækifæri einstaklingsins til að njóta afraksturs eigin verka er í forgrunni.

[15:02]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. 6. þm. Suðurk. fyrir þann ferska tón sem hér kom fram, sérstaklega í lokin á hennar ræðu. Ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni að Ísland á margvísleg og mikil tækifæri. Við erum hins vegar í erfiðri glímu við áföll sem yfir okkur hafa dunið og markmiðið í glímunni við þau hlýtur að vera það að nýta okkar tækifæri og möguleika sem eru ærnir. Það mun ekki standa okkur fyrir þrifum að við eigum ekki auðlindir og mannafla og bæði þekkingu og tækni til að nýta þær eftir því sem efnahagslegar aðstæður framast leyfa. Það er mikilvægt að hugsa þessa hluti alla í samhengi, þá glímu við ríkisfjármál og efnahagsmál sem við stöndum í og framtíðarmöguleika landsins. Þó að við þurfum að leggja á okkur tímabundnar byrðar þýðir það ekki að hér séu ekki áfram til staðar og vonandi fyrr en síðar forsendur fyrir kraftmikilli þróun öflugs velferðarsamfélags í landinu. Það er það sannarlega. En það mun auðvitað mjög miklu skipta hvernig okkur tekst til í viðureign við erfiðleikana næstu missirin og hversu djúp sveiflan verður ef svo má að orði komast. Allt sem við getum gert til að fleyta okkur í gegnum erfiðleikana þannig að það spilli ekki framtíðarmöguleikum er afar mikilvægt. Það er hugsun m.a. af því tagi sem liggur að baki því að kröfum um sparnað og aðhald í rekstri ríkisins er ekki jafnað út flatt á alla hluti. Það er annars vegar það að hlífa velferðarsamfélaginu eins og hægt er og það er að hlífa menntun og rannsóknum. Þess vegna eru niðurskurðar- og sparnaðartillögur bæði í þessu frumvarpi og í áætlun næsta árs því marki brenndar sem raun ber vitni. Það er alveg í anda þeirrar hugmyndafræði, ef svo má að orði komast, eða þeirrar hugsunar sem kom fram í máli hv. þingmanns.

[15:04]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það gleður mig að geta glatt hæstv. fjármálaráðherra með góðri ræðu við þessa umræðu í dag því að að sjálfsögðu áttum við okkur öll á því, sama hvar í flokki við stöndum, að verkefnin eru afskaplega erfið. Það skal enginn neita því að það er auðveldara um að tala en í að komast að takast á við þau verkefni. Engu að síður verðum við sem störfum í stjórnmálum að hafa framtíðarsýn og sannfæra íslensku þjóðina um að það sé von í þessu landi og við séum að stefna að ákveðnu marki. Við verðum öll að einsetja okkur að tala með þeim hætti og leyfa okkur að vera bjartsýn fyrir hönd íslensku þjóðarinnar vegna þess að við þurfum á því að halda, það er það sem börnin okkar og fjölskyldurnar sem eru að reyna að bjarga sér þurfa á að halda.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er kannski hæpið að kalla þetta andsvar heldur svona meðmæli eða samsinni. (Gripið fram í.) Auk þess legg ég til að hv. þingmaður sendi formanni Framsóknarflokksins afrit af ræðunni.

[15:06]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki að eyðileggja þann jákvæða blæ sem var kominn á umræðuna rétt áðan en verð samt að bregðast við. Við framsóknarmenn höfum verið gagnrýnir á ríkisstjórnina og ekki veitir af en við höfum verið málefnalegir í ræðum okkar og reynt að halda því þannig í alla staði og mér fannst því hálfpartinn illa vegið að formanni okkar rétt áðan.

Þetta blessaða fjárlagafrumvarp eða bandormur er í rauninni framhald af fjárlagagerðinni síðasta haust og kannski má segja að þetta sé í rauninni afrakstur fjárlaga ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins þar sem sú ríkisstjórn ákvað í miðri þenslunni og þvert á allt sem Samfylkingin hafði sagt um útgjaldaþenslu ríkisfjármála að hækka ríkisútgjöld um heil 20% og það frá kosningaári sem verður að viðurkennast að eru frekar þensluhvetjandi ef svo má að orði komast. Þetta gagnrýndum við framsóknarmenn mjög harkalega vegna þess að þá þegar voru blikur á lofti. Fjölmargir aðilar höfðu varað ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokks við því að þetta gæti allt farið á versta veg. Seðlabankastjóri varaði ráðherra Samfylkingarinnar við því að þetta væri allt að fara á versta veg sem það og gerði. Mér varð hugsað til ræðu hv. þm. Þórs Saaris þar sem hann rakti réttilega að það hefði skort á aga í ríkisfjármálum allt frá því að Sjálfstæðisflokkurinn tók við þeim málaflokki upp úr 1991 er hann hóf samstarf með Alþýðu-

flokki. Svo hefði ekki verið tekið á þeim málum þegar Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur unnu saman og þetta hafi allt saman farið úr böndunum í tíð síðustu ríkisstjórnar. En við vorum heiðarleg, um leið og við fórum í stjórnarandstöðu viðurkenndum við að gefið hefði verið of hraustlega í og gagnrýndum ríkisstjórnina fyrir þessa 20% hækkun á ríkisútgjöldum, jafnvel þó að það hafi verið mjög óvinsælt og það er allt í lagi að minnast á það.

Allan þann tíma sem hæstv. fjármálaráðherra gumar af að hafa staðið einn á bremsunni var sífelld hvatning frá vinstri grænum um einmitt útgjaldaaukningu og þegar Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn juku útgjöldin voru vinstri grænir ekki með okkur framsóknarmönnum í því að gagnrýna að þarna væri heldur of mikið í lagt heldur gagnrýndu þeir að einhverjir hefðu þurft að fá meira. Þetta er sem sagt allt saman afleiðing af því að við erum að ræða viðbót við fjárlögin fyrir árið 2009 og maður fagnar því að sjálfsögðu að þetta mál sé loksins komið fram þó að fæðingin hafi verið afar erfið. En þetta er komið fram, þetta hefði mátt vera kjarnyrtara og hreinskiptara plagg en því miður verður manni ekki alltaf að ósk sinni með það. Verkefni nýrrar ríkisstjórnar, held ég, og kannski nýrra tíma á Alþingi vegna þess að hér er fjöldinn allur af nýjum þingmönnum, er að koma á aga í ríkisfjármálum. Það gengur ekki að ríkisstofnanir eða ráðuneyti geti farið langt fram úr fjárlögum ár eftir ár þannig að sá lagarammi sem veittur er standist engan veginn þegar til kastanna kemur. Þetta er kannski einn lítill angi af því að hér ríkir miklu frekar ráðherraræði en þingræði og það er eitt af því sem við framsóknarmenn viljum breyta og það ekki seinna en strax.

Áður en ég fer í efnisatriði frumvarpsins langar mig að gagnrýna framsetninguna en í henni finnst mér vera hálfsannleikur. Þarna vantar nokkrar mjög mikilsverðar staðreyndir. Eins og kom fram í orðum hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar er verið að auka tekjuöflun ríkissjóðs um allt að 13 milljarða. Þar af er gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður þurfi um 7 milljarða en það gleymist einfaldlega að gera ráð fyrir því að þetta er tekjuliður sem fer út strax aftur vegna þess að hér er eingöngu verið að mæta aukinni þörf af því að hér er stóraukið atvinnuleysi og Atvinnuleysistryggingasjóður verður væntanlega tómur eða hefði orðið tómur strax í haust, um mánaðamótin september/október. Það vantar í þetta. Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra en fékk því miður ekki nægilega skýr svör við því, af hverju það kemur ekki fram á bls. 15 þar sem talað er um tekjuáhrifin í milljörðum króna hvernig eigi að sækja þessa 13 milljarða. Og hækkanir á áfengi og tóbaki eða hinir svokölluðu óhollustuskattar, það er nefnilega talið að vísitöluáhrifin af þeim séu um 0,5% sem þýðir í rauninni að skuldir heimilanna hækka um 8 milljarða. Ég benti á það og hæstv. fjármálaráðherra var sama sinnis að þessi vísitöluáhrif tilfærslu á virðisaukaskatti væru 0,35% en ættu að vera 0,25. Ég hef reyndar aðeins kynnt mér þetta og ég held að við þurfum að fara betur í það hvort það séu ekki 0,35% frekar en 0,25%. Ég ætlast ekki til að hæstv. fjármálaráðherra svari því en hvað sem öðru líður erum við að tala um hækkun á skuldum heimila landsins um 12–13 milljarða. Þá erum við farin að bíta í afturendann á okkur allverulega. Svo finnst mér líka vanta inn í þetta plagg, þetta frumvarp þær stofnanir sem hafa keyrt, margar hverjar, allt of langt fram úr fjárlögum. Hér vantar sem sagt grundvallarupplýsingar og ég held, hvort sem málið fer til efnahags- og skattanefndar eða fjárlaganefndar þar sem ég á sæti, að þetta muni væntanlega verða leiðrétt og allt verða uppi á borðum vegna þess að við ætlum að hafa allt uppi á borðunum, ekki rétt, hæstv. fjármálaráðherra?

Við framsóknarmenn höfum talað um 20% leiðréttingu á skuldum heimilanna. Þetta tengist kannski því sem ég nefndi áðan að við getum ekki endalaust velt byrðunum á fjölskyldur og heimili landsins. Þess vegna langar mig líka að gagnrýna það sem segir í athugasemdum við frumvarpið sem ég held að hæstv. fjármálaráðherra hafi kannski fengið að skrifa einn og sér, ég skal ekki fullyrða um það réttara sagt, en þar segir: „Fjöldi heimila hafði einnig fyrir tilstilli bankanna reist sér hurðarás um öxl og bundið sér illbærilega skuldabagga.“

Mér finnst þetta vera frekar neikvætt. Ég held að hvað sem öðru líður séu bankarnir ekki upphaf og orsök alls hins slæma sem hefur farið fram í íslensku efnahagslífi. Við megum ekki gleyma því að Samfylkingin hefur verið við völd í rúmlega tvö ár á þeim tíma sem grípa átti til aðgerða til að afstýra bankahruninu, á meðan á bankahruninu stóð og svo í rauninni í öllu klúðrinu sem átti sér stað eftir bankahrunið. Og svo maður sé kannski svolítið jákvæður þá er þetta frumvarp, þó að það megi gagnrýna margt í því, það fyrsta jákvæða sem maður sér vegna þess að þetta sýnir þó fólki svart á hvítu hvernig staðan er. Það er óvissan fyrir heimilin og óvissan fyrir fyrirtækin sem við þurfum með einum eða öðrum hætti að eyða og þetta frumvarp gerir það vissu leyti en því miður ekki á allan hátt. Það er alveg öruggt og við vitum það að í næsta fjáraukalagafrumvarpi, sem væntanlega verður lagt fram í haust, eftir örfáa mánuði, munum við sjá fram á enn meiri og ríkulegri niðurskurð og það hefði að mínu viti verið betra að koma strax fram með það allt saman.

Svo verð ég að segja fyrir mína parta að ég hefði ekki trúað því fyrir fram að þeir sem hafa gegnum tíðina gagnrýnt öll framlög til sjúklinga, til elli- og örorkulífeyrisþega, ætli núna að ráðast á þann hóp umfram aðra og taka af þeim tekjur. Þá veltir maður fyrir því sér hvort það hafi raunverulega verið inneign fyrir öllum þeim stóru orðum sem bæði hæstv. fjármálaráðherra og fleiri hafa látið frá sér fara þegar það virðist vera svigrúm til að ráðast á þennan hóp. Við skulum hafa það í huga að elli- og örorkulífeyrisþegar eru hópur þar sem hafa margir hafa glatað miklu af sínum sparnaði. Þetta er ekki hópurinn sem hefur hvað breiðust bökin.

Ég spurði einnig hæstv. fjármálaráðherra eftir ræðu hans áðan í frekar stuttum andsvörum um hvaða vegaframkvæmdir væri að ræða þar skera á niður um 3,5 milljarða og svo er talað um aðrar framkvæmdir upp á 925 millj. Þetta er ekki skýrt út í frumvarpinu enda svaraði hæstv. fjármálaráðherra því á þann veg að það ætti eftir að koma í ljós hvar það yrði. Þetta skiptir máli og það hlýtur að liggja fyrir og geta legið fyrir núna eftir að við höfum horft fram á allar þessar tafir og beðið eftir þessu frumvarpi hvaða framkvæmdir á að fara í. Þetta skiptir öllu máli fyrir sveitarfélögin, þetta skiptir öllu máli fyrir landsbyggðina sem á

mjög undir högg að sækja í þessu árferði að menn viti hvort fara eigi í þær vegaframkvæmdir sem hafa verið ráðgerðar á því svæði.

Svo er líka eitt í þessu sem við verðum að horfast í augu við. Við fengum í hendur í gær Icesave-samningana sem reyndust í rauninni ekki samningar heldur skuldabréf, eitthvert svæsnasta skuldabréf sem ég hef séð á ævinni, um að við skuldum mörg hundruð milljarða. Verðum við ekki í svona plaggi að gera ráð fyrir því, verðum við ekki að koma fram með stöðuna og gera ráð fyrir því að ríkisstjórnin ætli sér (Forseti hringir.) að skuldbinda þjóðina mörg ár fram í tímann jafnvel þó að það eigi að vera einhver sjö ára frestur á greiðslunni? Það eru fjölmörg atriði sem (Forseti hringir.) ég hef ekki komist yfir og forseti er orðinn óþreyjufull en mér mun gefast tækifæri til þess í síðari ræðu minni.

[15:21]

Skúli Helgason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þær ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hér eru til umræðu eru settar fram af illri nauðsyn sem fyrsti áfangi af mörgum á þeirri vegferð að ná aftur jafnvægi í ríkisfjármálum eftir það þunga högg sem hrun fjármálakerfisins greiddi þjóðarbúskapnum sl. haust.

Ég vil þakka hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni fyrir þau jákvæðu merki sem hann sér í þessu frumvarpi. Hann telur að það eyði óvissunni að vissu leyti en mig langar að gera athugasemd við það sem hv. þingmaður nefndi í samhengi við framgöngu stjórnvalda í aðdraganda alþingiskosninganna árið 2007. Mér eru mjög minnisstæð útgjöld ráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem þá sat að völdum sem þeir efndu til á fyrri hluta árs 2007, einmitt í aðdraganda alþingiskosninga á vormánuðum þess árs. Þetta voru útgjöld upp á tugi milljarða á velflestum málasviðum á þeim tíma þegar þenslan í samfélaginu var í hámarki en þáverandi stjórnarflokkar létu einskis ófreistað að úthluta fé skattborgaranna í ýmis verkefni á þeim tíma. Það er ámælisvert og því miður held ég að velflestir stjórnmálaflokkar í landinu fyrr og nú hafi gert sig seka um hegðun af þessu tagi í aðdraganda kosninga og væri gleðilegt að sjá það þing sem nú situr að völdum, fjölmarga nýja þingmenn, ráða bug á vinnubrögðum af þessu tagi.

Sömuleiðis höfum við horft upp á það á liðnum árum að stofnanir hafa farið langt fram úr fjárheimildum, brotið fyrirmæli fjárlaga þannig að nemur tugum milljarða, þetta var á þriðja tug milljarða á sl. ári. Það er fjármálastjórn sem við höfum engin efni á við núverandi aðstæður í fjármálum ríkisins.

[15:23]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar spurningar.

Það er alveg rétt, við skulum vera alveg heiðarleg varðandi það að í aðdraganda kosninganna 2007 fór af stað viss þensla sem vill því miður verða á kosningaári. Mörg fyrirtæki eru farin að gera ráð fyrir því að það sé meiri framkvæmdagleði rétt fyrir kosningar. Við skulum ekki gleyma því að bara núna í maí, rétt fyrir kosningar, varð sumum ráðherrum aðeins hált á svellinu og fór jú eitthvað í menningarhúsið o.s.frv. og hefði mátt fara aðeins hægar í sakirnar þar.

Það sem ég gagnrýndi var að strax og Samfylkingin kom til valda eftir kosningarnar 2007 jók hún ríkisútgjöldin um 20%, í staðinn fyrir að draga saman seglin eins og allir sérfræðingar töldu ráðlegt að gera. Það er líka gagnrýnisvert fyrir Sjálfstæðisflokkinn að hann skyldi halda þannig á málum. Ég man að ég sagði þá í ræðu, nýkominn á Alþingi, að maður þekkti ekki Sjálfstæðisflokkinn fyrir sama flokk vegna þess hvernig hann lét undan Samfylkingunni í þeim efnum.

Ég vil bara taka undir með hv. þm. Skúla Helgasyni um að í mörg ár hefur ekki verið nægilega mikill agi á ríkisfjármálum. Það er hlutverk okkar sem erum ný á Alþingi að breyta því og við verðum að gera það. Ef við breytum því ekki núna munum við missa það tækifæri.

[15:26]

Skúli Helgason (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það eru erfiðir tímar sem við lifum á þessum missirum og kannski það eina sem er gagnlegt og vekur okkur tilhlökkun sem hér erum í þingsalnum er að við höfum tækifæri til að breyta til batnaðar og við þurfum að gera það á mörgum sviðum. Við þurfum að vinda ofan af þeirri útþenslu sem átt hefur sér stað í ríkisbúskapnum á liðnum árum sem hefur lýst sér í því að stofnanir hafa verið settar á fót sem kannski hafa ekki alltaf fylgt skýrri pólitískri stefnumörkun um forgangsröðun í þágu almannahagsmuna í þessu landi.

Ég tek undir það með hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni og vísa til fyrri orða minna að ég held að það séu allir flokkar að einhverju leyti sem átt hafa sæti á Alþingi undir þá sök seldir að hafa farið fram úr sér í aðdraganda kosninga og sérstaklega með því að fara fram úr fjárlögum svo hleypur á milljörðum króna. Það hefur verið tekið mjög vægt á þeim lögbrotum sem því fylgja, menn eiga ekki að komast upp með að fara fram úr fjárlögum svo hlaupi á milljörðum króna á hverju ári og það er einbeittur ásetningur stjórnarflokkanna að snúa af þeirri braut agaleysis í ríkisfjármálum sem menn hafa gert sig seka um hér á liðnum árum. Annað er bara ávísun á enn þyngri búsifjar fyrir almenning í þessu landi. Ég fagna þeirri liðveislu sem fram kemur í orðum hv. þingmanns við þessa fyrirætlan.

[15:27]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Skúli Helgason erum sammála um þá hluti sem við alþingismenn eigum að gera hér. Hlutskipti okkar er reyndar ólíkt vegna þess að ég er í stjórnarandstöðu og hvort sem mér líkar það betur eða verr eiga tillögur okkar í stjórnarandstöðunni erfiðara með að fara í gegnum þingið en t.d. ef maður er í ríkisstjórn vegna þess að það er þeirra að framkvæma. Það er staðreynd að þrátt fyrir fögur orð ríkir enn þá ráðherraræði á hinu háa Alþingi og allar eftirlitsstofnanir sem teknar hafa verið úr sambandi með því miður slæmum árangri, eru veikar. Við þurfum að efla eftirlitshlutverk Alþingis, við þurfum að efla þær stofnanir sem fylgjast með fjárreiðum ríkisins. Við þyrftum kannski líka að koma upp stofnun sem fylgir því

betur eftir hvort ríkisstofnanir fari fram úr fjárlögum á hverju einasta ári, sem virðist vera orðin venja fremur en tilviljun og margir virðast leika þann leik. Við getum svo sem rætt það hvort grunnstofninn fyrir tekjum þeirra á hverju ári sé réttilega mældur.

En Samfylkingin og Vinstri græn eru í ríkisstjórn, þau hafa ekki sýnt það í verki að þau séu reiðubúin að breyta þó að þau hafi verið í samstarfi frá því í janúar en við skulum þó gefa þeim séns og ég vonast til hins besta af þessum tveim flokkum.

[15:30]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, bandorm, bandorm sem er ekki sérstaklega auðskiljanlegur eða skemmtilegur aflestrar en það eru smáatriði miðað við hvaða ótíðindi hann boðar, blessaður. Nú finnst mér vera orðið helst til fámennt á ráðherrabekkjunum og sakna þess að sjá ekki hæstv. fjármálaráðherra í salnum, ef hann er einhvers staðar nálægt — nei, hann er þarna, blessaður.

Ég get tekið undir það með fleirum sem hér hafa talað að þetta er ekki auðvelt verkefni sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir núna. Það þarf að brúa stórt gat sem hrun íslensks efnahagslífs á haustmánuðum hefur skilið eftir. Það skiptir mjög miklu máli hvernig það er gert vegna þess að eins og skrýtlan í Morgunblaðinu lýsti svo vel í morgun eru nokkrar aðferðir til við þetta.

Skrýtlan, fyrir þá sem ekki sáu hana, var þannig að hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir var að mjólka og var að leita að spenunum á mjólkurkúnni sem hún var að mjólka, en það var óvart þannig að kýrin sú var eingöngu beinagrind. Mér finnst þetta sýna í hnotskurn hvað ríkisstjórnin er að gera þessa dagana, það er verið að kreista seinustu dropana úr skattgreiðendum þessa lands. Þar með er verið að drepa niður alla skattstofna í staðinn fyrir að fara aðra leið sem mögulega er fær, og við sjálfstæðismenn höfum verið að tala fyrir, og það er að blása lífi í skattstofnana að nýju, koma atvinnulífinu í gang, setja það í forgang og styrkja þannig og auka skatttekjur ríkissjóðs til lengri tíma.

Það er nefnilega það eina sem getur komið okkur út úr þessu til langframa. Við getum jú fengið tímabundnar tekjur og lægri útgjöld ríkisins með þeirri leið sem ríkisstjórnin leggur hér til en til framtíðar litið byggjum við þjóðfélagið ekki upp, okkar góða samfélag, án þess að koma atvinnulífinu aftur af stað, fjölga störfum, fjölga tækifærum, stækka kökuna og koma lífi í atvinnulífið.

Nú hætti ég eflaust á að fá hæstv. fjármálaráðherra upp í andsvar við mig þar sem hann fer að tala um valdatíð Sjálfstæðisflokksins þar sem ofurkapp var lagt á að gera hitt og þetta sem honum er svo tamt að tala um, en ég tek sénsinn á því vegna þess að þetta snýst að stórum hluta um hugmyndafræði og þetta snýst um nálgun.

Ég get tekið Reykjavíkurborg sem gott dæmi um það. Þegar Reykjavíkurborg stóð frammi fyrir sama verkefni og við stöndum frammi fyrir núna á vegum ríkisins, að ná saman fjárhagsáætlun, hver var þá nálgunin hjá borgarstjóra Sjálfstæðisflokksins, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og hennar fólki, sem — ég vil líka geta þess — gerði þetta í samráði allra flokka í borgarstjórn? Þá var leitað leiða til þess að skera fitulag sem hafði myndast í samráði við stjórnendur borgarinnar þar sem fundnar voru tillögur, og það var gert með tvennt að leiðarljósi. Í fyrsta lagi var ákveðið að auka ekki álögur á borgarana. Af hverju? Vegna þess að borgararnir mega ekki við því um þessar mundir, hvort sem það eru íbúar í Reykjavíkurborg eða almenningur í landinu. Við megum hreinlega ekki við aukinni skattheimtu og þess vegna er það grátlegt að horfa upp á það og sjá það í þessum tillögum ríkisstjórnarinnar að hér er áherslan nær eingöngu á tekjuöflun en ekki á að leita hagræðis í ríkisútgjöldum.

Hitt atriðið sem borgarstjóri Reykjavíkur lagði áherslu á var að skerða ekki grunnþjónustu. Það er það sem lagt var upp með og með því að fara þessar leiðir, að skera niður með aðstoð og fulltingi stjórnenda í borginni náðist sparnaður sem nam mun meiru en því að hækka útsvarið upp í topp eins og var að sjálfsögðu leiðin sem vinstri mennirnir í minni hlutanum í borgarstjórn Reykjavíkur börðust fyrir.

Hér er einmitt verið að fara þessa leið. Það er verið að auka álögur. Ég geri ekki lítið úr því að við þurfum að fá meiri tekjur en þetta er einfaldlega ekki leiðin. Við sjáum ef við horfum á þær tillögur sem verið er að leggja til að þær gera ekkert annað en að draga mátt úr þeim sem þó eru eftir standandi sem skattborgarar hér í landinu, millistéttin. Hátekjuskattur, sem kallaður er, á yfir 700 þús. kr. tekjur, í mínum huga er það ekki hátekjuskattur. Ég hljóma kannski sem talsmaður auðvaldsins — svo ég grípi til orðfæris hæstv. fjármálaráðherra — þegar ég segi það, en ef við horfum til þess, segjum að það sé ein fyrirvinna, 700 þús. kr. tekjur fyrir fjögra manna vísitölufjölskyldu þar sem lánin hafa hækkað og tekjur hafa lækkað, ég er ekki viss um að það heimili eigi eftir að ná léttar endum saman eftir það. Þetta er vondur skattur, hann skapar fleiri vandamál en hann leysir. Við erum blessunarlega búin að losna hér við jaðarskattinn margnefnda, hann hefur ekki sést hér í háa herrans tíð, nú er hann kominn aftur. Flækjustigið verður endalaust og ég vek athygli á því að þegar þessi skattur verður gerður upp endanlega, það verður við álagningu næsta sumar, ef tekjur breytast, sem því miður við getum alveg gert ráð fyrir að verði algengt í núverandi árferði, mun þetta endanlega gera út af við áætlanagerð fólks þegar það kemur nú í þokkabót við næstu álagningu tékki, rukkun frá skattinum sem fólk hafði ekki endilega búist við og gert ráð fyrir í áætlunum sínum.

Flækjustigið er því eitt, hámarkið er annað og jaðaráhrifin eru það þriðja sem ég geri athugasemd við í sambandi við þetta tímabundna 8% álag á hærri tekjur eins og þeir kalla það. Ég ætla að leyfa mér að hafa efasemdir um að það álag verði tímabundið þó svo að það sé það eina sem ég get verið ánægð með, að það standi þó tímabundið.

Það sem ég vildi gera að aðalumtalsefni mínu hér er lítið atriði sem hefur ekki fengið mesta athyglina í umræðunum um þessi skattamál. Það er breytingar í 6. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að settur verði á 5% afdráttarskattur á vexti sem greiddir eru úr landi. Í minnisblaði sem okkur barst frá fjármálaráðherra — sem er reyndar til þingflokka stjórnarflokkanna — þar sem er verið að útlista þessar til-

lögur, segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt gildandi lögum eru vextir sem greiddir eru úr landi til aðila sem eru með takmarkaða skattskyldu hér á landi skattfrjálsir. Í frumvarpinu er lagt til að þetta skattfrelsi verði afnumið og á vextina lagður 15% skattur. Óljóst er um tekjuáhrif þessara breytinga á þessu stigi.“

Þetta er gamall kunningi og ég verð að segja að ég er mjög hissa að sjá hann dúkka upp hér svo skjótt eftir að við í efnahags- og skattanefnd á síðasta þingi börðumst mikið fyrir því að þetta ákvæði, sem var þá í frumvarpi frá ríkisstjórninni, næði ekki fram að ganga. Vegna þess að þegar þetta var lagt til á sínum tíma komu á fund hv. efnahags- og skattanefndar umsagnaraðilar alls staðar að úr íslensku efnahagslífi og voru einróma sammála um að þetta væri stórhættulegt mál og ekki síst í núverandi árferði þar sem íslensk fyrirtæki, sérstaklega voru nefnd til sögunnar orkufyrirtækin, væru að leita sér fjármögnunar á erlendum lánamörkuðum og að þetta gæti orðið þeim mjög til trafala í þeim efnum.

Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr framhaldsnefndaráliti efnahags- og skattanefndar og ég tek það fram að nefndin var einhuga að baki þessu nefndaráliti.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að framangreindar athugasemdir gefi tilefni til að skoða betur hver áhrif 1. gr. frumvarpsins“ — ég skýt hér inn í að það er sú grein sem hér um ræðir — „geti haft á aðgang íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé. Nefndin leggur áherslu á að þegar að loknum næstu kosningum verði, með hliðsjón af tilgangi greinarinnar, haldið áfram að leita leiða sem tryggt geta íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í vaxtagreiðslum úr landi. Nefndin ræddi hvort fresta ætti gildistöku greinarinnar eða fella hana brott. Nefndin telur í ljósi núverandi efnahagsaðstæðna að fyrrnefndi kosturinn geti raskað möguleikum íslenskra fyrirtækja til fjármögnunar og leggur því til að 1. gr. falli brott ásamt tengdum greinum.“

Nefndin komst sem sagt að niðurstöðu um það, eftir að hafa skoðað málið og metið það frá öllum hliðum, hlýtt á alla umsagnaraðila, að þetta væri óráð, þetta hefði meiri skaða í för með sér en réttlætanlegt væri að leggja til að leggja á íslenskt atvinnulíf. Það sem meira er að í vinnu nefndarinnar voru ýmsar röksemdir sem fjármálaráðuneytið og fulltrúar þess, eða þeir sem komu fyrir nefndina, og ýmsar fullyrðingar sem var að finna í greinargerð með frumvarpinu voru hraktar. Nefndin fékk ítarleg gögn sem ég hef hérna, bæði frá orkufyrirtækjunum, frá endurskoðunarfyrirtækjum, frá aðilum vinnumarkaðarins og fleiri aðilum sem komu á fund nefndarinnar sem beinlínis hröktu þær staðreyndir sem þáverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem einkum talaði fyrir hönd ráðuneytisins um þetta atriði — sem sagt umsagnaraðilar leiðréttu þetta.

Í nefndarálitinu segir að það hafi átt að leita leiða sem geta tryggt íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í vaxtagreiðslum úr landi. Þá hefði ég haldið að í millitíðinni, fyrst þetta ákvæði kemur hér aftur, hefði verið leitað samráðs við þessa aðila um það hvernig hægt væri að koma þessu ákvæði þannig fyrir að það gæti náð þeim markmiðum, án þess þó að valda íslensku efnahagslífi skaða eins og varað er við og varað var við í nefndinni, en ég tek eftir því að greinin er — ég vona að ég fari rétt með, ég gat ekki betur séð en að greinin sé algjörlega óbreytt. Það er meira að segja þannig að þar eru enn sömu fullyrðingar og voru hraktar á nefndarfundunum.

Nú kallar hæstv. fjármálaráðherra hér fram í og segir að það sé ekki rétt sem ég er að segja þannig að ég vona að hann leiðrétti það þá. En ég veit líka að það hefur ekki verið haft neitt samráð við þá aðila sem höfðu af þessu mestar áhyggjur. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Helgi Hjörvar sagði í ræðu sinni, sem gladdi mig, hann talaði um að við yrðum að huga vel að atvinnulífinu og við yrðum að passa upp á að skattleggja það ekki of mikið vegna þess að það væri það sem mundi koma okkur út úr þessum vandræðum.

Svo sér maður atriði sem beinlínis hefur verið varað við og ef ég les hérna upp úr niðurlagi umsagnar frá Geysi Green við fyrra frumvarp segja þeir, með leyfi forseta:

„Það er því vart á það bætandi að skaða íslensk fyrirtæki enn frekar en nú er orðið með því beinlínis að stuðla að því að þrengja lánamöguleika íslenskra fyrirtækja sem og að hækka enn frekar vaxtakjör erlendra lána.

Að því er varðar starfsemi Geysis Green Energy og dótturfélaga þess byggir starfsemi félaganna á nýsköpun og þekkingu á nýtingu orkuauðlinda Íslendinga sem getur átt þátt í því að fleyta okkur inn í nýtt hagvaxtarskeið.“

Þetta er lykilatriði, frú forseti, og þess vegna finnst mér með ólíkindum að sjá þetta dúkka hér upp aftur. Ég leyfi mér að efast um að það muni ná tilgangi sínum vegna þess að skattstofninn mun annaðhvort líða undir lok vegna þess að fyrirtækin fara á hausinn eða þetta mun flytjast eitthvert í burtu.

Nú er tími minn á enda, því miður, ég hafði rétt byrjað að tæpa á því sem ég ætlaði að koma hér að en læt máli mínu lokið og mun ræða þau atriði við seinna tækifæri.

[15:45]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það væri fróðlegt að fá skýringar á því hjá hv. þingmanni hvað hv. þingmaður telur háar tekjur ef álag á tekjur einstaklings yfir 700 þús. kr. telst ekki hátekjuskattur eða hátekjuálag vegna þess að 700 þús. kr. eru væntanlega þá lágar tekjur að mati hv. þingmanns. Því hef ég svo ég segi ekki pólitískan en a.m.k. fræðilegan áhuga á því að vita hvað hv. þingmaður telur nægjanlega háar tekjur til að hægt sé að réttlæta það að kalla eitthvert skattaálag ofan við þau mörk hátekjuskatt.

Varðandi það sem vissulega getur verið tilvikið að um fyrirvinnu sé að ræða sem hafi ein allar tekjurnar má benda á að ef um hjón eða samskattaða aðila er að ræða þá nýtist persónufrádráttur beggja þannig að skattbyrðin í þeim tilvikum er sem því nemur lægri að sjálfsögðu.

Varðandi það sem rætt var af hálfu hv. þingmanns um afdráttarvextina er sú breyting gerð hér á, ef ég kann þetta rétt sem ég ætla að vona að sé, að nú er búið að taka inn í lagatextann sjálfan undanþægt ákvæði sem einfaldlega fellir skilaskylduna og skattskylduna niður ef um er að ræða vaxtagreiðslur frá landinu til lands sem við erum með tvísköttunarsamning við. Þá er alls ekki um skattskyldu og skattskil að ræða í þeim tilvikum og reynir ekki á endur-

greiðslu eða annað því um líkt þannig að hér er lögð til miklum mun einfaldari útgáfa af þessu ákvæði. Ég held að ég fari örugglega rétt með að svona var þessu ekki háttað í frumvarpinu í vetur. Þetta hefur verið skoðað rækilega og menn telja að þessi einfalda útgáfa af málinu eigi að vera án nokkurra teljandi vandkvæða og þjónar þá fyrst og fremst þeim tilgangi að við fáum skatttekjur af vöxtum sem fara út fyrir slík svæði til aflandssvæða eða í einhverjum tilvikum til landa sem við höfum ekki náð tvísköttunarsamningum við.

[15:47]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er dálítið gaman að því að nú er hæstv. fjármálaráðherra farinn að spyrja mig hvað eru háar tekjur en við áttum hér orðastað í febrúar sl. þar sem ég spurði hann um fyrirætlanir hans um að setja hátekjuskatt á og þá sagði hann að fólk með lágar tekjur og meðaltekjur ætti ekki að þurfa að hafa áhyggjur. Þá spurði ég hann einmitt að því hvað hann teldi vera háar tekjur og ef mig ekki misminnir vék hann sér fimlega undan því eins og honum er einum lagið en sagði þó, það man ég, að fólk með 70 millj. kr. á mánuði væri fólk með háar tekjur. Ætli ég sendi ekki það svar aftur heim, en án gríns ætla ég ekki að fara að skilgreina háar tekjur.

Skattkerfi okkar er þannig uppbyggt núna að menn borga hærri skatt eftir því sem tekjur þeirra hækka og fólk með 700 þús. kr. tekjur — ég geri ekki lítið úr því að það eru ágætar tekjur — hefur gert skuldbindingar miðað við þær tekjur, skuldbindingar sem hafa allar farið úr böndunum í því ástandi sem við erum í núna. Ég óttast að með því að skattleggja þetta fólk sérstaklega og meira núna séum við einungis að auka á vandann vegna þess að þá fjölgar í þeim hópi sem nær ekki að standa við skuldbindingar sínar og þar með fjölgar þeim tilfellum þar sem ríkið þarf hugsanlega að koma til bjargar og þá erum við komin í vítahring sem við munum ekki komast út úr.

Varðandi vaxtaspurninguna þá fagna ég því ef þarna hefur orðið einhver breyting á. Þó verð ég að draga í efa að það komi til móts við öll þau sjónarmið sem nefnd voru (Forseti hringir.) vegna þess að þar var ekki, ef ég kann þetta rétt, um það að ræða að tvísköttunarsamningarnir væru aðalatriðið í þeim málum.

[15:49]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Öfugt við hv. þingmann er ég ekkert feiminn við að tjá mig um hvað ég tel vera háar tekjur. (**Gripið fram í:** … í bönkunum.) Nei, það held ég ekki, ég tel 700 þús. kr. vera háar tekjur og tel þá sem eru svo lánsamir að hafa fulla vinnu og góðar tekjur vera í allt annarri og betri stöðu en margir aðrir um þessar mundir. Við skulum t.d. bera saman og hugleiða stöðu vel launaðs manns í fjármálakerfinu eða tveggja manna sem unnu hlið við hlið fram á haustið og báðir með 900 þús. kr. tekjur á mánuði. Annar þeirra er án atvinnu í dag með 155 þús. kr. eða hvað það er til að framfleyta sér og hinn heldur sínum 900 þús. kr. Ég tel að það sé ekki ósanngjarnt að sá sem er svo heppinn að halda fullri atvinnu og góðum launum leggi kannski 16 þús. kr. á mánuði til samneyslunnar og m.a. til að fjármagna hallann á Atvinnuleysistryggingasjóði sem núna sér um framfærslu félaga hans sem missti vinnuna. Ég held að við verðum ósköp einfaldlega að hugsa þetta svona. Við höfum ekki aðra en okkur sjálf til að dreifa á byrðunum og þá verðum við að reyna að gera það með félagslega sanngjörnum og réttlátum hætti.

Varðandi afdráttarskattinn þá tel ég mikilvægt að vinna að því að sú kerfisbreyting komist á. Þetta er gert nánast alls staðar í löndunum í kringum okkur og ekki vansalaust að við skulum ekki hafa lagfært okkar skattkerfi á undanförnum árum að þessu leyti eins og mörgum öðrum, t.d. eins og það mér liggur við að kalla hneyksli að hér skyldu CFC-reglur ekki vera komnar til framkvæmda fyrir löngu og hefðu betur verið það á meðan fé streymdi héðan til aflandssvæðanna í gegnum dótturfélög og skúffufélög sem hefði mátt skattleggja með móðurfélögunum heima ef slíkar reglur, alþjóðlega viðurkenndar reglur sem víðast hvar eru komnar, hefðu verið við lýði hér á landi á umliðnum árum. Þetta er liður í því að þróa skattkerfi okkar og koma því í samræmt horf við það sem gerist í sambærilegum löndum.

[15:52]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þetta er eitt dæmi um þær fullyrðingar sem voru hraktar í nefndinni. Því var ítrekað haldið fram að þarna væri verið að færa íslenskar reglur til samræmis við það sem gerist annars staðar og það er einfaldlega rangt. Í umsögnum sem fram komu — ég er hér með eina sem ég get afhent hæstv. ráðherra að loknu þessu andsvari en þar segir, með leyfi forseta:

„Þvert á það sem segir í frumvarpinu er því staðan sú að skattlagning vaxtagreiðslna úr landi heyrir til undantekninga í skattalöggjöf í okkar heimshluta.“

Þetta er nákvæmlega dæmi um það sem gagnrýnt var í nefndinni og ég heyri að hæstv. fjármálaráðherra endurtekur hér.

Varðandi mennina tvo sem unnu hlið við hlið með 900 þús. kr. á mánuði þá er ég algerlega sammála hæstv. ráðherra að sá sem er án atvinnu er í slæmri stöðu. En þarna er nefnilega nákvæmlega það sem ég tel vera hugmyndafræðilega muninn á okkur hæstv. ráðherra, hvernig hann ætlar að leysa málið. Hann ætlar að leysa málið með því að taka meira af þeim sem hefur atvinnu til að láta þann atvinnulausa fá. Ég lít þannig á málið að aðalverkefni okkar í þessari stöðu sé að koma manninum sem missti vinnuna í atvinnu. Þannig eigum við að horfa á þetta mál. Við eigum ekki að hugsa um hvernig við getum fært til tekjur frá einum stað til annars. Við eigum að líta á þetta sem tímabundna stöðu og við eigum að koma öllum vinnufúsum höndum til vinnu á ný. Það gerum við ekki með því að kæfa atvinnulífið í sköttum. Það er bara þannig, atvinnulífið ber það ekki og alls ekki um þessar mundir. Ég hvet þess vegna hæstv. fjármálaráðherra til að skoða þetta mál vel og hlusta á athugasemdir umsagnaraðila (Forseti hringir.) sem ég veit og geri ráð fyrir að komi með sömu athugasemdir inn í nefndina varðandi afdráttarskattana. Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka þetta til skoðunar.

[15:54]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Nú liggur þetta frumvarp fyrir til 1. umr. en eins og fram hefur komið við umræðuna var það fyrst lagt fram á þingi í gærkvöldi þannig að þingmenn hafa haft takmarkaða möguleika á því að kynna sér efni þess, ekki síst vegna þess að flest okkar hv. þingmanna voru kannski í gær með hugann við sífellt verri fréttir af málefnum Icesave.

Ég ætla í þessari ræðu minni fyrst og fremst að drepa á nokkur atriði sem mér finnst umhugsunarverð varðandi efnisatriði frumvarpsins. Almennt séð er ég eindregið sammála síðasta ræðumanni, hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur, að leið okkar út úr þeim þrengingum sem við erum í, leiðin til að auka tekjur bæði hjá einstaklingum og ríkinu er auðvitað að efla atvinnulífið, stuðla að því að það nái að vaxa og dafna, ekki að keppast við að skipta köku sem annaðhvort stendur í stað eða minnkar. Þess vegna verðum við að huga að því þegar við grípum til aðgerða af þessu tagi hvort þær eru til þess fallnar að stækka kökuna eða hvort það er bara verið að skipta henni með öðrum hætti en þegar er gert. Ég hef ákveðnar áhyggjur af því að atriði í þessu frumvarpi séu til þess fallin að hamla því að kakan stækki, hamla því að það verði vöxtur í atvinnulífinu. Það tengist auðvitað fleiri atriðum sem hæstv. ríkisstjórn hefur annaðhvort komið í framkvæmd eða hefur áform um, en ég óttast að sú ríkisstjórn sem nú situr sé og verði uppteknari við það að reyna að sneiða kökuna á annan hátt heldur en að skapa aðstæður til þess að hún geti stækkað. En nóg um það. Ég ætla að snúa mér að efnisatriðum þessa frumvarps.

Í fyrsta lagi vekur auðvitað athygli að langstærsti liðurinn sem hér er fjallað um sem á að loka því u.þ.b. 20 milljarða gati sem ríkisstjórnin og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eru sammála um að loka þurfi á þessu ári, langstærsti hlutinn á að koma með hækkun tryggingagjalds. Nú ætla ég ekki að mótmæla því að tryggingagjaldi er ætlað að standa undir atvinnuleysistryggingum m.a. og tryggingagjaldið stendur ekki undir þeim eins og er. Atvinnuleysi hefur vaxið miklu meira en nokkurn óraði fyrir, fyrir segjum bara ári síðan, þannig að þar eru breyttar forsendur. Ég ætla því ekki að hafna hugmyndinni um að það sé rétt að hækka tryggingagjaldið eitthvað. Mér finnst hins vegar í almennum athugasemdum við frumvarpið vera skautað svolítið létt yfir hugsanlegar afleiðingar þess að hækka tryggingagjaldið því að auðvitað eru það peningar sem koma einhvers staðar frá. Tryggingagjald er greitt af launagreiðendum og miðast við þau laun sem þeir greiða þannig að hækkun á tryggingagjaldi hækkar launakostnað fyrirtækja, hækkar kostnaðinn fyrir fyrirtæki af því að hafa fólk í vinnu, það er augljóst. Það verður dýrara fyrir fyrirtæki að ráða nýja starfsmenn eða halda í þá starfsmenn sem fyrir eru með því að hækka tryggingagjaldið. Ég held að hv. efnahags- og skattanefnd verði að fara vel yfir það með sérfræðingum hvaða áætluð áhrif þetta kunni að hafa á atvinnulífið í heild og atvinnustig í landinu, því að reynsla ekki bara okkar heldur annarra þjóða segir okkur að því hærri launatengd gjöld sem lögð eru á því meiri tregða er hjá fyrirtækjum að ráða nýtt fólk eða halda í það sem fyrir er. En nóg um þetta atriði. Þetta er auðvitað stærsti einstaki liðurinn í þessu og þó að ekki sé fjallað um það í frumvarpinu er gert ráð fyrir því á þessu ári að ná fram ýmsum öðrum útgjaldasparandi markmiðum eins og í rekstri.

Hæstv. fjármálaráðherra vék að því í andsvari og það gerði hv. þm. Helgi Hjörvar líka áðan að í þessu frumvarpi væri ekki verið að fjalla um sparnaðarráðstafanir sem krefðust lagabreytinga heldur sneru að framkvæmd fjárlaga. Sá rekstrarsparnaður er samkvæmt yfirliti sem birtist í athugasemdum við frumvarpið áætlaður 1,8 milljarðar á þessu ári. Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra tveggja spurninga í þessu sambandi, annars vegar og kannski fyrst og fremst: Hversu langt eru þessar almennu aðhaldsaðgerðir sem þarna er vísað til komnar og þá um leið, er til einhver mælikvarði á það hvaða árangur hefur náðst? Nú er liðið fram á mitt árið, hæstv. fjármálaráðherra tók við embætti sínu 1. febrúar sl. ásamt flestum ráðherrum núverandi ríkisstjórnar og allan þann tíma hefur legið fyrir að spara þyrfti meira en gildandi fjárlög gerðu ráð fyrir. Ég held að öllum hafi verið ljóst snemma á þessu ári að forsendur fjárlaganna sem samþykkt voru fyrir jólin mundu ekki halda og þá spyr ég: Eru menn komnir eitthvað áleiðis í að spara þessar 1.800 millj.? Hvernig gengur sá sparnaður?

Annað sem vegur þungt er auðvitað tilfærslukostnaðurinn sem gert er ráð fyrir að dragist saman um rúma 3 milljarða og viðhalds- og stofnkostnaður sem á að dragast saman um 4,4 milljarða, vegaframkvæmdir vega þar þyngst. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég held að öllum sé ljóst að við höfum farið of geyst í sambandi við tilfærslukostnaðinn. Þar hafa verið of háar upphæðir miðað við það sem við getum staðið undir og því er ekki óeðlilegt að þar sé leitað leiða til að draga niður, þó að mér finnist afar sorglegt að verið sé að slá af þær breytingar sem við gerðum á árinu 2008 sem komu mjög til móts við kröfur bæði aldraða og öryrkja og mér finnst vont að við þurfum að standa í þeim sporum. Hins vegar höfum við í þeim efnum, í tilfærsluliðnum jafnt og í almennum rekstri ríkisins, farið of geyst á undanförnum árum. Ég ætla ekki að víkjast undan ábyrgð að hafa tekið þátt í því þó að ég hafi af og til haft uppi varnaðarorð í því sambandi. En á góðæristímanum var rekstur ríkisins og útgjöld, m.a. til velferðarmála, aukinn meira en hægt er að standa undir þegar kreppir að. Menn voru því miður of bjartsýnir á að það mikla tekjustreymi sem kom inn til ríkisins á góðæristímanum mundi vara að eilífu og þess vegna voru útgjöld ríkisins spennt upp meira en nokkurt vit var í.

Ef ég fer mjög fljótt yfir sögu, vegna þess að ræðutíminn er takmarkaður, um þau atriði sem ég tel að hv. efnahags- og skattanefnd þurfi að fjalla sérstaklega um í störfum sínum þá velti ég fyrir mér áhrifum breytinga á virðisaukaskattskerfinu. Það er augljóst að þetta mun leiða til hærra vöruverðs og hafa áhrif á vísitölu. Ég velti fyrir mér hvort þetta muni hugsanlega ýta undir hækkanir á fleiri vörutegundum en hér er fjallað um, menn þurfa að skoða það vandlega. Ég vek athygli á því að ekki er hægt að lesa annað út úr frumvarpinu en að verið sé að hækka virðisaukaskatt upp í 24,5% ekki bara á þeim vörum sem áður voru með 24,5%, þ.e. fyrir 1. mars 2007, heldur má ætla að einnig sé um að ræða einhverjar sykurvörur sem voru í 14%

fyrir 2007. Það þarf að fara yfir þetta og meta áhrifin. Ég held að víða í atvinnulífinu hafi menn nokkrar áhyggjur af þessu þó að þetta séu ekki stórar upphæðir í heildarsamhenginu.

Annað atriði sem rétt er að fara yfir er matið á því hvaða áhrif hið svokallaða tímabundna álag á tekjuskatt hefur hjá einstaklingum. Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir fór ágætlega yfir hugsanleg neikvæð áhrif af slíkri skattlagningu. Þetta þarf að skoða út frá því að hvaða leyti þetta flækir skattaframkvæmdina, veldur jaðaráhrifum og þess háttar. Eins leyfi ég mér, að lítt athuguðu máli reyndar, að efast um tekjuáætlunina í þessu sambandi. Gert er ráð fyrir að þessi breyting, þ.e. leggja 8% aukaskatt ofan á þá sem eru með meira en 700 þúsund muni geta skilað 4 milljörðum á ársgrundvelli. Ég leyfi mér að efast um það og þar af leiðandi á ég ekki von á því að þessi breyting muni skila 2 milljörðum á þessu ári eins og greint er frá í frumvarpinu. Ég minnist þess að fyrir kosningar, fyrir 2–3 mánuðum var hæstv. fjármálaráðherra að fjalla um mál af þessu tagi í viðtölum og skaut þá á það og byggði það reyndar á gömlum tölum að hátekjuskattur í tveimur þrepum, þ.e. sérstakt álag ofan á þá sem væru með 500 þúsund og svo enn meira álag ofan á þá sem væru með 700 þúsund, mundi skila, ef ég man rétt, 3,5–4 milljörðum. Ef ég man rétt voru þær tölur byggðar á tekjuforsendum sem lágu fyrir á síðasta ári og ég held að tekjurnar hafi lækkað, að við séum að tala um lægri skattstofn en var á þeim tíma. Sjálfur skaut ég á þetta einhvern tíma fyrir kosningar og fann út að þær breytingar sem hæstv. fjármálaráðherra hafði kynnt, annars vegar um 3% álag ofan á þá sem væru með 500 þúsund og síðan 8% á þá sem væru með 700 þúsund og meira, ég skaut á það eftir einhverri þumalputtareikniaðferð að slík breyting gæti í mesta lagi skilað 2,7–2,8 milljörðum á ársgrundvelli. Ég hef auðvitað engar forsendur til að meta þetta, ekki með sama hætti og fjármálaráðuneytið, en minnist þess að fyrir kosningar spurði ég hæstv. fjármálaráðherra að þessu í skriflegri fyrirspurn og fjármálaráðuneytið taldi ekki ástæðu til að svara því á þeirri forsendu að engin áform um sérstakan hátekjuskatt lægju fyrir í ráðuneytinu. Nóg um það.

Þrátt fyrir að allir styðji það í sjálfu sér að aðgerðir til að efla skatteftirlit verði auknar og bættar, þá hef ég alltaf ákveðna fyrirvara á þegar menn eru að reikna sér einhverjar tekjur út úr því. Ég held að það séu mjög ótryggar tekjur og erfitt að taka það inn í útreikning af þessu tagi. Og varðandi áhrif af skattlagningu vaxta til erlendra aðila þá fjallaði hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir ágætlega um það.

En til að ljúka máli mínu og þar sem ég er að renna út á tíma, vildi ég beina nokkrum litlum spurningum til hæstv. dómsmálaráðherra sem er í salnum um þær breytingar sem fjalla um málefnasvið ráðuneytis hennar. Í fyrsta lagi um hámarkið sem á að setja á gjafsóknarfjárhæðir í einkamálum. Ég velti fyrir mér hvort einhverjar fyrirmyndir eru að slíku hámarki. Ég velti fyrir mér hvort aðrar breytingar séu hugsaðar á gjafsóknarfyrirkomulaginu og ég velti því líka fyrir mér hvort mikil samstaða sé um þetta í stjórnarflokkunum, því að ég minnist þess að úr röðum núverandi stjórnarþingmanna hafa áður komið fram mjög miklar gagnrýnisraddir á allar leiðir til að draga úr kostnaði við gjafsókn.

Eins velti ég fyrir mér breytingunni sem á að fela ráðherra í stað dómstólaráðs, að ákveða þóknun vegna verjenda og réttargæslumanna. Ég velti fyrir mér hvort málið sé ekki einmitt það að þetta eigi að liggja hjá dómstólaráði til að halda dómskerfinu sjálfstæðu. Að lokum velti ég fyrir mér varðandi sóknargjöldin, hvort ég skilji það ekki rétt að með þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til sitji meira eftir hjá ríkinu og minna fari til annars vegar sóknanna og hins vegar háskólans en hér er gert ráð fyrir. Er sá skilningur minn réttur?

Í síðasta lagi vildi ég beina spurningu til ráðherra (Forseti hringir.) um greiðslu til þolenda afbrota, þar á að hækka mörkin. Ég skil það þannig að talsvert færri muni þá eiga rétt á bótum vegna afbrota sem þeir verða fyrir og ég velti fyrir mér hvort fyrir liggi mat á því hversu mikið þeim muni fækka.

[16:09]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann að á bak við þær tölur sem birtar eru í yfirlitstöflum, t.d. um aðhald í rekstri á þessu ári, liggja útfærðar áætlanir um sparnað þar sem honum hefur verið skipt niður á ráðuneyti og málaflokka og þegar er hafin vinna á grundvelli þess að þeim árangri ætla menn sér að ná í ríkisfjármálum á þessu ári. Þessu hefur verið útdeilt og nú verður unnið samkvæmt því.

Í öðru lagi varðandi kostnað hefur hann verið minnkaður hressilega og er áfram unnið að því. Það er athyglisvert að skoða keyrslur frá septembermánuði sl. og aftur núna í mars og sjá að ýmsir kostnaðarliðir hjá ríkinu hafa lækkað umtalsvert nú þegar, eins og yfirvinnulaun og ýmsar kostnaðargreiðslur, á sama tíma og dagvinnulaun eru um það bil þau sömu og þau voru í september og aftur nú í mars. Reyndar er heildarkostnaður 1% lægri vegna dagvinnulauna væntanlega vegna þess að stöðugildum hefur fækkað nokkuð. Þá er kostnaður vegna kostnaðargreiðslna tugum prósenta lægri og yfirvinnugreiðslur sömuleiðis talsvert lægri.

Varðandi hvað áætlað er að tekjur af hátekjuskatti gefi er byggt þar á rauntölum, þ.e. keyrslum frá skattinum frá nýliðnum mánuðum, þannig að það er besta fáanlegt mat á því hvað þær eigi að gefa. Veruleikinn er sá, og það gleður örugglega marga hér í salnum, að það er enn nokkuð mikið um umtalsvert há laun en breytileikinn fer vaxandi.

Varðandi hert skatteftirlit held ég að það sé margreynt að skatteftirlitsstarfsmenn vinna yfirleitt vel fyrir kaupinu sínu. Ég hitti einn slíkan í lítilli deild sem starfar á Akureyri fyrir Norður- og Austurland og hann sagðist vera stoltur af því að árangur sinn í starfi fyrsta árið hefði verið sá að hann væri búinn að vinna fyrir kaupinu sínu næstu 10–20 árin.

[16:12]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get auðvitað ekki annað en fagnað ágætum svörum hæstv. ráðherra og tel að það sé rétt að í nefndarstörfum komi þessar upplýsingar fram. Ég held að það sé augljóst að stærsta verkefnið er auðvitað að draga úr kostnaði í hinum opinbera rekstri. Eins og við þekkjum og

eins og vikið hefur verið að í þessari umræðu hefur hann aukist mjög verulega á undanförnum árum. Á góðæristímanum þandist ríkisreksturinn út allt of mikið, því miður, og við verðum að horfast í augu við að þar fórum við fram úr okkur og við ætlum að ná honum niður. Ég geri mér grein fyrir því að það er erfiðara að draga úr ríkisútgjöldum en auka þau. Það leiðir af sjálfu sér. En ég verð að segja að ég held að það sé það stóra verkefni sem við þurfum að glíma við og ég fagna því að ríkisstjórnin er komin áleiðis í því verkefni en get ekki annað en undirstrikað þá skoðun mína að þar hefði átt að stíga og ætti að stíga stærri skref en hér er gert. Það er atriði sem við munum fá tækifæri til að ræða betur síðar í þinginu en þar tel ég að þunginn verði að liggja einfaldlega vegna þess að hagkerfi okkar Íslendinga mun ekki ná sér á strik nema fjármunir verði að sem mestu leyti eftir hjá einstaklingunum og fyrirtækjunum. Þess vegna verður hið opinbera að halda að sér höndum og gæta þess að taka ekki til sín af sífellt stærri hluta kökunnar.

[16:14]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skal í stuttu máli gera grein fyrir þeim tillögum sem eru í frumvarpinu og varða málefnasvið dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Það liggur fyrir að útgjöld vegna gjafsóknar eru töluverð og á niðurskurðartímum verður að líta til þeirra atriða sem hið opinbera ætlar að standa straum af. Við teljum að sá möguleiki sé í stöðunni að setja þak á gjafsókn í tilteknum málaflokkum. Það er að vísu heimild núna fyrir gjafsóknarnefnd að takmarka gjafsókn í einstökum málum en við leggjum til að það verði í ákveðnum málaflokkum. Það gæti t.d. haft áhrif á ýmiss konar álitsgerðir í forsjármálum. Þar geta álitsgerðir hlaupið yfir 1 milljón kr. og kannski farið vel yfir þá fjárhæð. Við teljum að með því að setja þak á gjafsókn í einstökum málaflokkum sé unnt að nýta peningana betur og að réttlætinu sé þjónað engu að síður.

Hvað varðar þóknun til verjenda og réttargæslumanna hefur það legið lengi fyrir að þessi liður i útgjöldum ráðuneytisins hefur verið okkur þungur baggi. Ég held að ég verði að koma aftur upp í andsvari til að fá tíma til að svara því. Það sem kemur til greina er fyrst að bjóða út þessa þjónustu. Það tel ég kannski ekki vera mjög góðan kost í stöðunni heldur leggjum við til að það verði gert með þessum hætti. Það er mjög mikilvægt að annar sakarkostnaðar verði athugaður með sama hætti, þ.e. matsgerðir, sakhæfisvottorð, skýrslur og hvað eina og einnig vil ég geta þess að þegar hefur verið ráðist í útboð vegna rannsókna- og sýnatöku.

[16:16]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svörin svo langt sem þau náðu og ég veit að hún ætlar að svara öðrum atriðum í síðara andsvari. Ég tek fram að ég hef verið þeirrar skoðunar að ástæða sé til að takmarka kostnað vegna gjafsókna og hef tekið þátt í að gera lagabreytingar í þeim anda. Í grundvallaratriðum er ég þeirrar skoðunar að einstaklingar sem eiga í dómsmálum eigi að bera kostnað af því sjálfir og hitt eigi að vera undantekningar þannig að ég er ekki þeirrar skoðunar að einstaklingar í dómsmálum geti almennt reiknað með að vera studdir af hinu opinbera. Það eiga að vera undantekningar sem það á við um.

Hins vegar verðum við að skoða hvernig hægt sé að gera þetta með sanngjörnum hætti og ég geri ráð fyrir því að hv. allsherjarnefnd fái þennan þátt til meðferðar þegar við fjöllum um það í þinginu. Sama á við um atriði sem varða lög um meðferð sakamála, um þóknun verjenda og réttargæslumanna. Þar er grundvallaratriðið eins og alltaf að það þarf að gæta þess að ekki sé verið að skerða réttaröryggi. Það hefur orðið þróun að fleiri — hvað eigum við að segja — það hefur stækkað sá hópur sem getur leitað réttaraðstoðar með þessum hætti og það þarf að endurskoða það en það þarf að gera með svolítið heildstæðum hætti til þess að menn átti sig á því hvaða afleiðingar hlutirnir hafa.

Ég endurtek síðan spurningar mínar um sóknargjöldin og lög um greiðslur til þolenda afbrota sem hæstv. dómsmálaráðherra átti eftir að svara.

[16:18]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hvað varðar sóknargjöldin þá er ég kannski ekki viss um að ég skilji spurninguna rétt, en það er sem sagt lækkuð sú fjárhæð sem greiðist til safnaða og skráðra trúfélaga. (**BÁ:** En það er ekki minna innheimt.) Nei, eða sem sagt, þetta er reikningur sem fer þarna fram. Sú fjárhæð sem miðað er við er lækkuð.

Hvað varðar þolendur afbrota þá verð ég að viðurkenna að auðvitað er ekki sársaukalaust að leggja það til að fækka greiðslum í þessum málaflokki. Það er bara þannig að þegar við stöndum frammi fyrir niðurskurði þá verður að reyna að finna einhverja skynsamlega útfærslu á því. Einn kosturinn var sá að leggja til að þessi lög yrðu hreinlega felld úr gildi — okkur fannst það vera mjög slæmur kostur — og leggja þess í stað til að lágmarkið yrði hækkað, þær bætur sem eru greiddar, úr 100 þúsund í 400 þúsund. Verulegur hluti þeirra sem fær greiddar bætur á grundvelli þessara laga er einmitt vegna brota sem eru í lægri kantinum og þá getum við tekið sem dæmi pústra, slagsmál og annað. Það sem við erum að reyna að gera hér er að segja: Þessi brot heyra þá ekki undir lögin. Þá á bara tjónþoli kröfu á tjónvald samkvæmt lögum um skaðabætur þannig að það fer þá eftir almennum reglum. Það sem við erum að segja hérna er að við leggjum til að ríkissjóður ábyrgist greiðslu þessara bóta þegar um alvarleg afbrot er að ræða þannig að minni háttar afbrot falli þarna fyrir utan. En ég vona sannarlega að allsherjarnefnd fái þetta til skoðunar og þá munum við kynna fyrir allsherjarnefnd ítarlegri tölfræði um hvað sé að ræða hér.

[16:20]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég ítreka þá beiðni mína frá því í morgun um að ráðherra efnahagsmála sem ég vil spyrja út í ákveðna hluti sem snerta efnahagsmál verði viðstaddur þá umræðu sem hér um ræðir og bið frú forseta í allra mestu vinsemd

að kalla hæstv. forsætisráðherra til þings þannig að við getum rætt meðal annars við hana um það frumvarp sem ríkisstjórn hennar hefur lagt fram. Með fullri virðingu fyrir hæstv. fjármálaráðherra sem svarar hér mörgum spurningum þá vil ég inna hæstv. ráðherra um mjög mikilvæga málaflokka eins og aldraða og öryrkja og fleira í þeim efnum. Ég tel mjög mikilvægt að fá hæstv. forsætisráðherra í þessa umræðu og annað ekki líðandi. Þess vegna beini ég þeim tilmælum og beiðni til hæstv. forseta að hún geri ráðherranum viðvart um að nærveru hennar sé óskað í sölum Alþingis.

[16:21]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti hefur komið beiðni þingmannsins til skila.

[16:22]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Við ræðum frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem var dreift í gærkvöldi. Í ljósi þess hversu seint því var dreift, sem reyndar hefur komið fram hjá mörgum öðrum hv. þingmönnum, höfum við kannski ekki haft allt of mikinn tíma til að lesa það spjaldanna á milli. En almennt má segja að auðvitað sé nauðsynlegt að bæði auka tekjur og lækka útgjöld. Í fljótu bragði virðist frumvarpið taka á nokkrum af þeim þáttum. Þó er það kannski nokkuð augljóst og hefur komið fram í máli hæstv. fjármálaráðherra að fyrst og fremst er á þessu yfirstandandi ári verið að auka tekjur en útgjöld lækka kannski ekki eins mikið og hefði mátt vænta. Kannski er það þó þannig að sú þensla sem átti sér stað á árinu 2007 sem við framsóknarmenn vöruðum talsvert við, þau þenslufjárlög sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar komu hér með í gegn, þ.e. að verið sé að taka hluta af því til baka.

Maður getur líka velt því fyrir sér af hverju við séum að fjalla um þetta hér seinni hlutann í júní, af hverju þetta hafi ekki komið fyrr fram. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna — þó þeir hafi ekki setið óslitið síðan í febrúar þá hafa þessir flokkar setið við ríkisstjórnarborðið og maður veltir því fyrir sér að hverju þeir hafa verið að vinna þá þrjá mánuði sem minnihlutaríkisstjórnin sat.

Í því ljósi er óhjákvæmilegt að koma aðeins inn á annað stórmál sem var hér rætt í gær og hefur átt hug okkar þingmanna allra og alveg, þ.e. Icesave-málið. Í ljósi þess sem hæstv. fjármálaráðherra hefur haft um það að segja þegar hann var hv. þingmaður hefur mig undrað það mjög að það mál hafi ekki verið tekið upp hjá minnihlutaríkisstjórninni og reynt að hafa með allt öðrum hætti og bera með allt öðrum hætti aftur fyrir þingið í stað þess að koma með það hér inn eins og við sáum það í gær, þá samninga sem að lokum voru kynntir þinginu eftir að þeir höfðu á einhvern hátt lekið í fjölmiðla.

Það er líka ámælisvert og alla vega umræðunnar virði að í þessu frumvarpi virðist vanta, alla vega að mínu mati, yfirsýn yfir það sem við þurfum að gera í ríkisfjármálum þó að þetta taki á ákveðnum hlutum. Vissulega eru boðaðar frekari aðhaldsaðgerðir sem koma þó fyrst og fremst til með að virka á næsta ári og þar næsta. En mér finnst vanta í allan málflutning hæstv. ríkisstjórnar hvar ríkisstjórnin ætli að sækja fram, hvernig eigi að tryggja hag heimila og fyrirtækja, hvernig, hvar og hvenær við sjáum tillögur um uppbyggingu atvinnulífsins.

Það hefur margoft komið fram í umræðum í þinginu á liðnum mánuðum og sjálfsagt fyrr að við þurfum að leita í reynslubrunn annarra. Ég hef áður sagt í þessum stóli að við ættum að læra af reynslu annarra þjóða sem hafa gengið í gegnum bankahrun og efnahagskreppur. Við höfum ráðgjafa frá Finnlandi. Við höfum einnig ráðgjafa frá Svíþjóð sem meðal annars hefur komið að þeim málum sem við höfum verið að ræða fyrr í dag. Við höfum norskan seðlabankastjóra og söknum þess að hafa engan Dana satt best að segja í þessu ljósi. (**Fjmrh.:** Poul Thomsen er Dani.) Já, sko. Við höfum alla flóruna. En þessir ágætu herramenn, sem þeir eru held ég reyndar allir, miðla reynslu sinni af bankahruni þeirra landa og efnahagskreppa sem komu í kjölfarið. En eins og hefur komið líka fram í þessum ræðustóli ættum við að skoða reynslu annarra þjóða eins og Asíuþjóða sem eiga sér miklu líkari sögu að segja okkur þar sem reynsluumhverfi þeirra er miklu líkara því sem við erum að lenda í þar sem lán og skil inn í bankana eru með miklu líkari hætti en var tilfellið á Norðurlöndunum. Það voru vissulega erfiðar kreppur þar í löndum en þær eru hreinn barnaleikur í samanburði við það sem við horfum upp á og eins ýmsar Asíuþjóðir.

Þó hefur ein reynsla okkar ágætu nágrannaþjóða verið talsvert til umfjöllunar á síðastliðnum mánuðum en ekki síður jafnvel árum en það er hin svokallaða finnska leið sem margir tóku hér upp þegar í tísku var að agnúast út í alla atvinnuuppbyggingu sem byggðist á auðlindum til sjávar og sveita, ekki síst ef inn í það spilaði orka og stóriðja. Þá var hér mikið kallað fram um að við ættum að fara finnsku leiðina og át síðan hver þessa vitleysu upp eftir öðrum og þannig gekk nokkur missiri þangað til bankahrunið varð. Þá var farið að skoða hvað lá í þessari finnsku leið. Þá fóru svo sem að renna kannski fleiri en tvær, þrjár og jafnvel fjórar grímur á fólk því að í ljós kom að hin finnska leið var ekki frekar en hið íslenska efnahagsundur neinn dans á rósum til bætts efnahags því að finnska bankahrunið sem varð um 1990 varð til þess að þar gerðust þeir atburðir sem við höfum kannski horft upp á í vetur að ríkisstjórnir urðu máttvana, aðgerðalausar, aðgerðalitlar, virtust lítið getað ráðið við vandann og atvinnuleysi jókst gríðarlega, gjaldþrot bæði heimila og fyrirtækja og enn jókst atvinnuleysið. Atvinnuleysið endaði í að fara í jafnvel nærri 30% og í einstaka svæðum í 50%. Þetta þýddi það að atvinnuleysisbætur og slíkir sjóðir tæmdust og sífellt voru settir meiri og meiri peningar í það. Að lokum voru þeir skertir og farið var að setja fólk sem var búið að vera atvinnulaust í mjög langan tíma á bætur.

Ég nefni þetta í svo löngu máli þar sem mér finnst frumvarpið sem við erum að fjalla um hérna bera nokkurn keim af þessu. Satt best að segja höfum við farið þrátt fyrir að við ætluðum í haust eftir að okkur var ljóst í hverju finnska leiðin var fólgin þá ætluðum við — og því held ég lofuðu allir — ekki að fara finnsku leiðina. Við vildum reyna að læra af reynslu þeirra. Satt best að segja virðumst við hafa stigið hvert einasta þrep í þeim stiga niður í þann kjallara að dýpka efnahagslægðina meira en ástæður eru til og eru

þær þó nægar. Hér erum við sem sagt. Ein helsta tekjuleiðin í þessu frumvarpi byggist á því að leggja aukinn skatt á fyrirtæki og sveitarfélög en auðvitað ríkisvaldið líka og ég sakna þess, ekki bara í þessu frumvarp heldur öllum öðrum, að hér er reiknaður út kostnaður ríkisins en ekki er tekið tillit til kostnaðar hins stjórnsýslustigsins í landinu, þ.e. sveitarfélaganna, til þess kostnaðar sem þau verða fyrir vegna þessa gjalds. Í staðinn hefði maður viljað sjá einhver ákvæði, ekki endilega í þessu frumvarpi en samhliða og jafnvel miklu fyrr, sem mundu miða að því að auka neyslu í landinu, koma fleira fólki út í atvinnulífið. Það vantar, frú forseti, meiri sóknarleik í hæstv. ríkisstjórn.

Það er margt satt í því sem oft hefur verið sagt að sókn sé besta vörnin. Á það skortir. Við höfum verið að ræða í þinginu á undanförnum vikum talsvert um atvinnumál og hvernig ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar stendur sig í því. Á það hefur skort að menn hafi sýnt þá samstöðu sem þó er kannski í orði meiri í dag en við höfum upplifað undanfarna mánuði. Væri þó kannski nokkur von fólgin í því til að mynda ef hæstv. umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra töluðu einum rómi. En það er auðvitað ekki nóg að tala ef gerðirnar verða síðan ekki samræmi við orðin.

Hér er eitt atriði sem snertir fjármagnseigendur. Hækka á gjald, í það minnsta tímabundið, skatt, úr 10% í 15%. Eitt atriði hef ég áhuga á að ræða og spyrja hæstv. fjármálaráðherra um. Ég hef reyndar ekki lesið — ég hef alla vega ekki séð það í frumvarpinu, ég hef ekki séð texta varðandi það. En eins atriðis hef ég ævinlega saknað varðandi skattkerfið og hef ekki skilið, reyndar bara hreint ekki skilið. Hæstv. fjármálaráðherra nefndi að þetta væri liður í að þróa skattkerfi okkar til frekari jöfnuðar. Á liðnum árum hafa menn sem starfa sjálfstætt þurft að reikna sér reiknað endurgjald og borga af því skatta, eðlilega. Skattstjóri ákveður hvað sé eðlilegt reiknað endurgjald fyrir mismunandi störf, sauðfjárbændur, trillukarla, múrara, tannlækna eða hvað annað. En ein stétt hefur ævinlega verið undanskilin þessu reiknaða endurgjaldi og það eru þeir sem sýsla með peninga. Ég hef aldrei getað skilið það að sérfræðingar, hvort sem það eru dýralæknar eða lögfræðingar, þurfi að reikna sér kannski 500 þús. á mánuði sem reiknað endurgjald, en fjármagnseigendur sem sýsla með peninga þurfi ekki að gera hið sama og borga þar með ekki útsvar til sveitarfélaga og að þetta sé hin fullkomna jöfnun. Þeir hafa að því er virðist í fjölmiðlum á síðastliðnum árum þegar birt eru skattyfirlit eða launatöflur, þá virðast þessir aðilar hafa komist upp með að borga sér ótrúlega lág laun. Þetta hef ég alls ekki getað skilið þar sem ég þekki umhverfi sjálfstætt starfandi atvinnurekenda allnokkuð vel og ég veit ekki til annars en að þar þurfi allir að gefa upp starfshlutfall sitt og fara eftir því reiknaða endurgjaldi sem skattstjórinn setur. Mig langar að heyra viðbrögð hæstv. fjármálaráðherra við því hvort þetta hefur aldrei verið reifað í kerfinu.

Síðan eru nokkur önnur atriði sem snerta tekjuhliðina sem auðvitað er hægt að deila um og menn hafa verið í púlti í dag að velta fyrir sér hvort muni skila nægilegu eða ekki. Á einn þátt í því vil ég koma með smávinkil og það er það sem við ræddum um leið og við lögðum á olíugjald, bensíngjald, vörugjöld og slíka hluti. Þetta er auðvitað nokkurs konar landsbyggðarskattur sem leggst þyngra á þá sem þurfa nauðsynlega starfa sinna vegna að aka lengri leiðir, bæði til vinnu eða til að afla nauðsynja. Jafnvel þó að í því frumvarpi hafi verið tekið tillit til að reyna að lækka eða koma til móts við það að flutningskostnaður mundi ekki hækka þá þekkjum við það að auðvitað eru neysluvörur talsvert dýrari á landsbyggðinni en þar sem fleiri búa. Þessi skattur leggst þyngra á þá sem óhjákvæmilega þurfa að aka um lengri veg og má því kalla landsbyggðarskatt. Einnig er hér um að ræða fylgifisk allra slíkra hluta sem tengjast vísitölu og kom þá fram í umræðunni að þetta hefði þau áhrif að lán heimila mundu hækka um 8 milljarða. Hér eru líka inni vísitöluhækkanir sem tengjast breytingu á virðisaukaskatti. Í raun og veru erum við því samhliða því að auka tekjur ríkisins um allt að 21 milljarð á þessu ári samtímis að hækka skuldir heimilanna um kannski allt að 10–11 milljarða.

Annað sem við þurfum að ræða í þessu frumvarpi er þess eðlis að við þurfum að gefa okkur aðeins meiri tíma til að fara yfir þetta. Ég nefndi þó áðan tryggingagjaldið sem á að skila á ársgrundvelli 12,5 milljörðum, þar af 2 milljörðum sem koma úr ríkissjóði. En þar kemur ekkert fram, alla vega ekki í frumvarpinu, ekki frá fjármálaráðuneytinu — ég hef saknað þess á liðnum árum sem sveitarstjórnarmaður að ekki sé reiknaður út kostnaður hins opinbera stjórnsýslustigsins á því hvað ákveðið er í þinginu. Það hefði verið áhugavert að sjá hvaða áhrif þessi tryggingagjaldshækkun hefði á sveitarfélögin sem atvinnurekanda eins og aðra atvinnurekendur.

Eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni þá finnst mér fyrst og fremst að það sem skortir á við umfjöllunina sé sú staðreynd að við höfum ekki séð og höfum ekki rætt nægilega mikið hvernig við ætlum að byggja upp atvinnulífið. Ég sakna þess að sjá ekki meiri sóknarleik hjá hæstv. ríkisstjórn.

[16:36]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði hvað ríkisstjórnir hefðu verið að gera síðan 1. febrúar sl. og það er auðvitað hægt að lista það upp. Mér telst svo til að milli 20 og 30 frumvörp hafi orðið að lögum á tímabilinu frá því um miðjan febrúar og fram um 4. apríl, eða hvað það nú var sem sú stjórn sat, fjölmargar aðgerðir sem tengdust fjölskyldum og atvinnulífi, greiðsluaðlögun, frestun nauðungaruppboða, hækkun vaxtabóta, gjalddagaaðlögun fyrir atvinnulífið og þannig mætti áfram telja.

Síðan vorþing hóf störf eru nokkur frumvörp orðin að lögum, urðu í gær og verða á næstu dögum og hér eru stór mál að bætast við og eiga eftir að bætast við þannig að ég get lofað hv. þingmönnum því að þeir munu hafa nóg milli handanna og með nóg að sýsla.

Ég er sammála hv. þingmanni um að það er mikilvægt að reyna að læra af reynslu annarra þjóða við aðstæður sem þessar og eftir því sem þær eru að einhverju leyti sambærilegar, en þá að sjálfsögðu bæði það sem vel hefur tekist hjá öðrum og það sem miður hefur tekist. Við höfum sótt okkur heilmikla reynslu í smiðju annarra eins og kom fram þegar hv. þingmaður taldi upp ýmsa ráðgjafa og aðstoðarmenn

sem við höfum fengið, ekki síst frá Norðurlöndunum og er þó ekki upp talin öll sú aðstoð sem við höfum fengið frá þeim, sumt liðsinni af ýmsu tagi bak við tjöldin sem hefur gagnast vel.

Varðandi reiknað endurgjald hljómar það eins og ég sé hjartanlega sammála hv. þingmanni og það er ekki langt að sækja hugmyndirnar því ég hef flutt árlega í nokkur ár frumvarp um að fjármagnstekjuhöfum, þeim sem hafa miklar fjármagnstekjur en telja fram engar eða óverulegar launatekjur verði gert að reikna sér endurgjald. Það var skoðað í ráðuneytinu að taka á þessu núna og samræma skattalega meðferð einkahlutafélaga hvað varðar arðgreiðslur o.fl. en það náðist ekki að hafa það með í þessari umferð en ég lofa hv. þingmanni því að á því verður tekið.

Að lokum um útkomu sveitarfélaganna í þessum efnum hefur það verið metið og ég hef fundað með sveitarfélögunum um þessar aðgerðir og það lætur nærri að tekjuauki sveitarfélaganna vegna hlutdeildar (Forseti hringir.) þeirra í tekjum ríkissjóðs sem renna í jöfnunarsjóð sé svipuð stærð og útgjaldaauki þeirra vegna hækkunar tryggingagjalds nemur.

[16:38]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og ég var svo sem ekki að efast um að ríkisstjórnin hefði haft ærinn starfa á minnihlutatímabili sínu en ég velti því fyrir mér af hverju sú vinna sem við erum að sjá afraksturinn af núna hefði ekki verið sett í hærri forgang á þeim tíma og hefði þá komið fyrr fram, til að mynda fljótlega eftir kosningar. Jafnvel hefði mátt velta því fyrir sér hvort ekki hefði verið eðlilegt að það hefði verið sagt frá því sem gera þyrfti fyrir kosningar þannig að kjósendur í landinu hefðu vitað að hverju þeir gengu. Það virðist vera að hér sé að skapast ákveðin gjá á milli þjóðarinnar og ríkisstjórnarinnar og jafnvel milli þjóðarinnar og þingsins eins og stundum hefur verið sagt. Það er hugsanlegt að koma hefði mátt í veg fyrir þann trúnaðarbrest sem kannski er að verða á milli þjóðarinnar og ríkisstjórnarinnar ef menn hefðu sýnt meira á spilin fyrir kosningar.

Ég fagna því að þetta mál, um reiknað endurgjald á þá sem hafa fulla atvinnu af því að sýsla með peninga, hafi verið skoðað en finnst það þó leiðigjarnt að það hafi ekki verið hægt að koma því hér fyrr. Ég tel að það sé hin fullkomna jafnaðaraðgerð og hef eiginlega aldrei skilið af hverju menn sitja ekki við sama borð hvað það varðar.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra nefndi með tekjur og útgjöld sveitarfélaga, þá er það í það minnsta ágætt að jöfnunarsjóðurinn skerðist ekki af þessum sökum, mér skilst að hann lækki nóg samt.

[16:40]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er út af fyrir sig alveg hárrétt að það er nær að orða það þannig að þær ráðstafanir sem koma Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til góða í gegnum þá hlutdeild af tekjum ríkissjóðs sem hann fær, 2,12%, ef ég man rétt, það má segja að þær komi þannig út að tekjur jöfnunarsjóðs dragist þá minna saman en ella sem því nemur en það kemur út á eitt að það kemur sveitarfélögunum til góða í þeim mæli. Mesti búhnykkur sveitarfélaganna á þessu ári verður væntanlega útsvarshlutinn af skattlagningu á útgreiðslu séreignasparnaðar sem verður umtalsverð upphæð sem sveitarfélögin njóta mjög góðs af.

Varðandi tímasetningar hefði þetta frumvarp út af fyrir sig getað komið fram einhverjum dögum fyrr ef menn hefðu unnið það einangrað og sér og það hefði annars vegar ekki verið í því víðtæka samráði við ýmsa aðila sem raun ber vitni. Hins vegar er það svo að það er hluti af miklu stærri heildaráætlun sem tekur til ríkisfjármálanna og efnahagsmálanna allt fram til ársins 2013 og birtist vonandi innan skamms á borðum þingmanna. Við töldum mikilvægt að reyna að láta þetta fylgjast að eins mikið og kostur væri þannig að menn sæju sem fyrst heildarmyndina. Ég vona að það komi ekki að sök þó að þetta frumvarp sé á ferðinni núna, rétt fyrir 20. júní, og að það nái gildistöku vel fyrir mánaðamót þannig að gildistökuákvæðin, sem auðvitað skipta miklu máli, geti staðið. Það er auðvitað búið að vera viðamikið starf á bak við þetta mál og reyndar er það svo að það hefur verið ýmislegt fleira að sýsla í fjármálaráðuneytinu undanfarna daga ekki síst, eins og ég veit að hv. þingmaður getur getið sér til um, t.d. samanber það mál sem var til umræðu í gær.

[16:42]

Útbýting:

Hvatning til fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi, 120. mál, þáltill. UBK og TÞH, þskj. 161.

Yfirlýsing um fyrningu aflaheimilda, 121. mál, þáltill. IllG o.fl., þskj. 163.

[16:42]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að þetta sé einfalt verkefni sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir og við sjáum aðeins á spilin í dag í þessari umræðu, hvað hún hyggst gera gagnvart þessu verkefni og mér dettur heldur ekki í hug að flytja þá ræðu úr þessum ræðustól þar sem ég mundi hafa allt á hornum mér varðandi einstaka liði þessarar tillögugerðar. Þetta er flókið mál og viðamikið og ég held að maður gæti út af fyrir sig, ef maður tæki hvern einstakan lið þá hefði maður alltaf forsendur til þess að hafa allt á hornum sér. Maður gæti gagnrýnt einstakar skattahækkanir eða einstakan niðurskurð en maður þarf að sjá heildarmyndina eins og hefur verið rætt mjög mikið í dag. Ég vil nota tækifærið og auglýsa enn þá eftir henni vegna þess að það er mjög mikilvægt.

Hér sér maður eins og hluta af varnarleiknum, maður sér hálfa vörnina. Maður þarf að sjá hana alla og síðan þarf maður að sjá sóknarleikinn. Maður þarf að sjá hvar á að örva hagkerfið, hvernig á að gera það, hvernig á að fá fjármuni inn í landið, hvernig á að fá fjármuni á hreyfingu sem eru í landinu, hvernig á að virkja þá fjármuni til framkvæmda og skapa atvinnu og þar með auka tekjur. Þetta á maður eftir að sjá. Auðvitað finnst manni glatað að sjá tillögur enn einu sinni þar sem er vegið að ellilífeyrisþegum og dregið saman í vegaframkvæmdum. Þetta er auðvitað eitthvað sem maður vill ekki sjá en ég hef engar miklu betri

hugmyndir en þessar á þessum tímapunkti. Ég vona hins vegar og geri ráð fyrir að angar þessa máls komi til umræðu í félags- og tryggingamálanefnd og þar fái maður að sjá útreikninga sem liggja til grundvallar niðurskurði í velferðarmálum að þessu sinni. Ég vona að það sé satt og rétt sem stendur í athugasemdum með frumvarpinu að það sé leitast við að vernda kjör þeirra sem hafa allra minnstu tekjurnar í því kerfi. Ég kýs að tjá mig ekki um þessa tillögu frekar fyrr en ég hef séð alla útreikninga.

Það eru fleiri spurningar sem vakna þegar maður les þetta við fyrstu yfirferð. Maður hefði viljað sjá meiri niðurskurð í rekstri hins opinbera á kostnað niðurskurðar í velferðarmálum, ég hefði viljað sjá það. Ég spyr, og ég sé að hér er formaður fjárlaganefndar í salnum, af hverju er ekki hægt að gera það? Svo hefði ég viljað sjá og ég vona að maður fái að sjá það á einhverjum tímapunkti, hvernig aðrar tillögur til tekjuöflunar og niðurskurðar koma út í samanburði. Það hefur t.d. verið lögð fram tillaga um að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóði frekar en útgreiðslur. Ég hefði viljað sjá í þeim samanburði öllum saman þá útreikninga og hvaða tekjur sú leið skapar og hvaða gallar eru á henni. Þó að ég skilji vel að það sé ekki í athugasemdum með þessu frumvarpi þá held ég að það væri gaman að fá þau gögn upp á borðið á einhverjum tímapunkti. Kannski er ég að tala um það sem ég hef gert áður í þessum sal, um mikilvægi þess að við höfum einhvers konar óháða þjóðhagsstofnun eða eitthvað slíkt þar sem hægt er að biðja um svona upplýsingar.

Svo mundi ég vilja sjá í athugasemdum með frumvarpinu og í vinnunni í nefndinni einhverja útreikninga á þeim áhrifum sem hækkun tryggingagjalds hefur, ekki síst á sveitarfélögin. Þetta lítur dálítið út eins og einfaldlega sé verið að færa byrðar frá hinu opinbera til annars stjórnsýslustigs að verulegu leyti og þetta eru líka álögur á fyrirtæki sem eru að stóru leyti til í eigu ríkisins þar sem menn mundu vilja sjá aðeins meiri upplýsingar um þetta. Svo enn og aftur er dregið úr samgönguframkvæmdum en þá lýsir maður líka eftir því að fá að fara að sjá hugmyndir um einkaframkvæmdir í samgöngum sem auðvitað spilar rullu í heildarmyndinni hvað það varðar.

Það eru fjölmargar spurningar sem vakna sem gera manni erfitt fyrir að taka einhverja einarða eða staðfasta afstöðu til frumvarpsins í heild sinni. Ég mun þó segja að ég skil vel að verkefnið er erfitt og það er yfirgripsmikið og það er um að gera að allir þingmenn reyni að halda aftur af öllum tilburðum til popúlisma á þessum tímapunkti og sýni ábyrgð. En ég ætla að gera eina athugasemd við hvernig athugasemdir við frumvarpið eru settar fram og sérstaklega við útgangspunktinn. Það hefur orðið til dálítið klassísk útlegging á því af hverju við erum í þessum vanda. Í fallinu drógu bankarnir með sér fjölda annarra fyrirtækja sem ánetjast höfðu áhættusækinni fjármálastarfsemi og sett ábatasama og heilbrigða starfsemi að veði fyrir skammtímagróðavon og svoleiðis. Það eru slegin þessi hefðbundnu stef um græðgi og áhættusækni sem vissulega er rétt og hér er sem sagt lagt út af því að það þurfi að fara í þessar aðgerðir út af tekjufalli, vegna þess að það hafi orðið tekjuhrun og það held ég sé líka rétt. En ég held að þetta sé að hluta til einföldun og hefur aðeins verið tæpt á því að útgjöld ríkisins hafi vaxið mjög á undanförnum árum en það hefur einkum verið talað um góðæristímann, sem ég held að sé til 2007 og kannski frá aldamótum. En þegar maður skoðar töflurnar sem eru í athugasemdum á frumvarpinu, t.d. á bls. 9, þá sér maður að heildarútgjöld ríkissjóðs sem prósenta af vergri landsframleiðslu voru í nokkuð góðu jafnvægi þangað til þau hækka frá 2007–2008, eru í kringum 30% af vergri landsframleiðslu, og fara svo upp í 32% 2008 og þetta er fyrir hrun. Svo er hrun árið 2009 þá rýkur náttúrlega allt upp. Sama er með tekjurnar, þær dragast allt í einu mjög mikið saman 2007–2008, fyrir hrun, og svo dragast þær enn meira saman 2009. Það virðist eins og rekstur ríkissjóðs hvað þetta varðar, jafnvægi á gjöldum og tekjum, hafi verið í nokkuð góðu jafnvægi 2004, 2005, 2006 og svo gerist eitthvað sem kemur ekki á óvart á því margumrædda ári 2007, virðast útgjöld ríkisins fara á dálítið flug, satt að segja. Ég gerði það að gamni mínu áðan meðan ég beið eftir að að mér kæmi í þessari umræðu að taka saman og skoða fjárlögin fyrir yfirstandandi ár og taka saman upplýsingar um útgjaldaaukningu einstakra ráðuneyta frá reikningi 2007 yfir í fjárlög 2009 og útgjaldahækkunin að meðaltali frá reikningi 2007 að fjárlögum 2009 er 28%, 28% útgjaldaaukning. Mér finnst það satt að segja dálítið mikið.

Launaliðurinn í útgjöldum hins opinbera á þessum tíma frá reikningi 2007 til fjárlaga 2009 hækkar um 20%. Útgjöldin hækka því um 8% umfram það sem laun hækkuðu. Það er líka athyglisvert og ég veit ekki hverju það sætir að það virðist vera ákveðinn rauður þráður að þau ráðuneyti sem Samfylkingin fór með, sem kom ný inn í ríkisstjórn 2007 og stóð að fjárlagagerð 2008, útgjöld þeirra ráðuneyta hækka að meðaltali um 40% á meðan útgjöld annarra ráðuneyta hækkuðu á þessum tíma um 17%. Þetta er verulegur munur og … (**Gripið fram í:** Varst þú ekki í Samfylkingunni?) Ég var í Samfylkingunni þá og það er einmitt það sem ég ætlaði að segja næst að ég sagði mig líka úr Samfylkingunni á ákveðnum tímapunkti og orðið sem ég notaði af því tilefni þegar ég sagði mig úr Samfylkingunni var fyrirhyggjuleysi. Ég var ekki sáttur við það fyrirhyggjuleysi sem einkenndi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og þar var ég aðallega að tala um fyrirhyggjuleysið sem einkenndi það starf í aðdraganda bankahrunsins og nú sýnist mér að ákveðið fyrirhyggjuleysi hafi einkennt a.m.k. ráðuneyti Samfylkingarinnar á þessum tíma þar sem útgjöld hækkuðu að meðaltali um 40% á meðan útgjöld annarra ráðuneyta hækkuðu um 17%. Á þessu kunna að vera einhverjar skýringar. Til dæmis var tekin meðvituð ákvörðun um að hækka framlög til samgöngumála verulega og ég held að kosningarnar 2007 hafi náttúrlega verið rosalega „2007“. Það var farið fram, allir flokkar með verulega útgjaldaaukningu að leiðarljósi og það var gefið verulega í í samgöngumálum. Það var líka gefið verulega í í velferðarmálum og það útskýrði þetta að hluta til og það útskýrir auðvitað líka núna — og nú kem ég að því sem ég er að tala um að þetta er auðvitað líka rót vandans sem við erum í núna. Það er ekki bara tekjufallið. Það var farið í verulega útgjaldaaukningu 2007 og það segir í athugasemdum með frumvarpinu að verið sé að stíga skref til baka að mörgu leyti.

Þá kem ég að fyrirhyggjuleysinu sem ég talaði um af því tilefni þegar ég sagði mig úr Samfylkingunni. Það voru mjög margir hagfræðingar, mjög margir stjórnmálamenn, m.a. flokksmenn þess flokks sem ég gekk til liðs við, sem sögðu á þessum tímapunkti að það þyrfti að vera aðhald í ríkisrekstri, að í góðærinu þegar það náði hápunkti 2007 þá þyrfti aðhald, þá þyrfti að draga saman. Það var ekki gert nema kannski að einhverjum hluta til. Þetta sýnir auðvitað bara hversu erfitt er að vera til og hversu margslungnar ástæður og rætur eru á þeim vanda sem við erum í núna og sýnir líka nauðsyn þess að við reynum að horfa fram á við á hverjum tímapunkti, að við reynum að marka okkur einhverja heildarstefnu. Við eigum að hlusta á öll viðvörunarorð núna, t.d. um að skattahækkanir af ákveðnu tagi geti dregið úr neyslu, haft letjandi áhrif á hagkerfið og annað slíkt. Við eigum líka að vera fólk til að reikna út þessi áhrif og hafa vaðið fyrir neðan okkur vegna þess að sagan sýnir, eins og ég hef rakið, að við höfum ekki verið fólk til að gera það hingað til að mjög mörgu leyti.

[16:55]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni fyrir uppgjör sitt við fortíðina og fyrirhyggjuleysistímabilið. Hann beindi nokkrum spurningum til þeirra sem hafa verið að vinna í þessari vinnu og vangaveltum um hvaða skilaboð væru gefin.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að taka undir það sem hv. þingmaður sagði að á þensluárunum hefðu menn betur hugsað til áranna þegar hugsanlega kæmi til þrenginga. Þar með er ég ekki að ásaka hv. þingmann um að hafa ekki staðið sína vakt, ég á við að menn lækkuðu skatta á sínum tíma, bæði á fyrirtækin og einstaklinga þegar þenslan var hvað mest. Þeir juku útlán til húsnæðisbygginga. Gripið var til ýmissa aðgerða sem okkur vantar núna. Nú hefðum við þurft að eiga sjóði einmitt til að setja innspýtinguna í atvinnulífið en því miður er búið að ráðstafa þessu öllu.

Það var líka komið að því fyrr í umræðunni að eitt af því sem gerðist í aðdraganda kosninganna árið 2007 var að það voru býsna dýrir kosningavíxlar sem fóru í loftið þá, á milli 20 og 30 milljarðar sem var ávísun sem menn urðu meira og minna að standa við.

Þessu til viðbótar er það hárrétt að það var varað við útgjaldaaukningunni á milli 2007 og 2008. Þar var einmitt verið að bæta verulega við félagsmálapakkann. Á milli 10 og 15 milljörðum var bætt við í félagsmálapakkann á þessu tímabili, miðað við árstekjur. Ég ætla ekki að rifja upp af hverju. Ég ætla ekki að fara að nudda Framsókn upp úr því að hafa stjórnað félagsmálaráðuneytinu án þess að hafa sinnt því á árunum áður. Kannski höfum við ætlað okkur um of á þessum tíma. Mig langar einmitt að spyrja þingmanninn hvernig hann hafi séð fyrir sér að menn hefðu átt að gera þetta öðruvísi, hvort hann taki ekki undir athugasemdir mínar um að við notuðum öll kreppuúrræðin á góðæristímanum, á sínum tíma. Og hvort hann sé ekki sammála mér um að það sé einmitt þess vegna sem okkur vantar mikið af verkfærunum sem við þurfum til að grípa inn í núna.

[16:57]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er hjartanlega sammála því að við erum auðvitað í kolrangri sveiflu með hagstjórnina, núna þegar samdráttarskeiðið er ættum við að hafa svigrúm til skattalækkana, við ættum að hafa svigrúm til framkvæmda. En það sem ég var að benda á í ræðunni er að í raun og veru virðist vera sem öll stjórnmálaöfl á Alþingi hafi verið í þessari vitleysissveiflu. Það var farið í mikla útgjaldaaukningu í vegaframkvæmdum 2007, sem hefði verið gott að hafa innstæðu fyrir núna þegar þörf er á mannaflsfrekum framkvæmdum og það finnst mér sárt að sjá að sú innspýting sem þurfti að fara í velferðarkerfið, að mörgu leyti má halda því fram að það hafi verið þörf á því, að hún skyldi þurfa að ganga til baka núna.

Síðan er ég líka að vekja máls á þessu vegna þess að menn sögðu að það yrði samdráttur 2008/2009. Menn sáu kannski ekki fyrir að hann yrði svona mikill en menn sögðu það samt þannig að á þessum tíma voru forsendur til að bíða með útgjaldaaukningu og læra af reynslunni en það var ekki gert. En það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að menn hefðu ekki átt að fara svona geyst í skattalækkanir í góðærinu heldur, ég held að það sé rétt.

[16:59]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér heyrist að ég og hv. þm. Guðmundur Steingrímsson séum sammála um að við búum við það að hafa brugðist vitlaust við í góðærinu og þar af leiðandi misst verkfærin núna í kreppunni.

Varðandi það sem hann kom að í ræðu sinni og aðeins í andsvarinu, þar sem hann er að velta fyrir sér af hverju við verjum ekki betur velferðarkerfið, þá langar mig aðeins að minna á að það er auðvitað mjög brýnt að halda því til haga bæði niðurskurðinum varðandi 2009 og eins varðandi 2010, að menn hafa sett aðrar prósentur og önnur viðmið varðandi bæði heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið en á aðra málaflokka. Svo því sé haldið til haga að það er einmitt ætlunin að reyna að verja þessi velferðarráðuneyti og það er líka minna sett á menntamálin en önnur ráðuneyti.

En ég vil taka heils hugar undir með hv. þingmanni að það er full ástæða til að skoða útgjöldin og útgjaldaaukninguna á liðnum árum, hvort sem er í ráðuneytum eða á öðrum stöðum og það er ásetningur bæði í því sem hér kemur fram og því sem mun koma fram í skýrslunni að menn fari yfir þetta og skoði útgjaldaaukninguna. Hvers af þessu getum við verið án? Hvað er óþarft í þjónustunni? Hvað er það sem ekki er lögbundið og er ekki verkefni ríkisins? Ég held að það sé líka hárrétt ábending að við þurfum að skoða útgjöldin þvert á ráðuneyti, þ.e. við þurfum að bera saman hvernig við erum að sinna hvort sem er launaliðum eða starfsumhverfi, þvert á ráðuneyti og þvert á málaflokka. Því auðvitað kemur í ljós að menn hafa búið við mjög mismunandi kjör eða mjög mismunandi umhverfi eftir því hvar þeir hafa verið í kerfinu. Það kemur fram í því plaggi sem hér er birt og mun væntanlega koma enn betur í ljós í framhaldinu, að farið verður í slíka greiningu. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Guðmundur Steingrímsson sé mér sam-

mála um að þetta sé mjög mikilvægt.

[17:01]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um þetta líka, að það er mjög mikilvægt að fara í greiningu á því af hverju útgjöld jukust svona mikið, sérstaklega á þessum tíma frá 2007 í lok góðærisins til fjárlaga 2009.

Ég minntist á það í ræðu minni áðan að gjaldahækkun ráðuneytanna frá reikningi 2007 til fjárlaga 2009 hafi að meðaltali verið 28%. Það er tiltakanlegur munur á gjaldahækkun samfylkingarráðuneyta á þessum tíma eða ráðuneytum þess flokks sem kom nýr inn í ríkisstjórn 2007. Ég veit ekki hverju það sætir en það er athyglisvert að gjaldahækkun samfylkingarráðuneyta var 40% á þessum tíma á meðan gjaldahækkun annarra ráðuneyta var 17%. Gjaldahækkun í æðstu stjórn ríkisins frá reikningi 2007 til fjárlaga 2009 var 7% og gjaldahækkun forsætisráðuneytisins var 26% í meðaltalinu. Maður setur spurningarmerki t.d. við utanríkisráðuneytið, það kann að vísu að einhverju marki að skýrast af tilfærslu verkefna, það voru umfangsmiklar tilfærslur á verkefnum á þessum tíma líka sem kann að skýra að hluta til útgjaldaaukninguna en útgjaldaaukningin í utanríkisráðuneytinu er 50% á þessu tveggja ára tímabili. (**Gripið fram í:** Þróunaraðstoðin.) Já, að hluta til þróunaraðstoðin, það er rétt, en rekstrargjöldin í utanríkisráðuneytinu hækka allverulega á þessum tíma og inni í þeim er bara að hluta til þróunaraðstoðin.

Ég tek einmitt heils hugar undir með hv. formanni fjárlaganefndar að þegar við erum að skera niður til velferðarkerfisins annars vegar verðum við að greina mjög vel af hverju þessar útgjaldahækkanir urðu í ráðuneytunum, t.d. í viðskiptaráðuneytinu um 43% og þar fram eftir götunum, í samgönguráðuneytinu um 49%, (Forseti hringir.) sem hlýst náttúrlega m.a. af hækkun framkvæmdakostnaðar, stofnkostnaðar. Það þarf að skoða þetta.

[17:03]

Útbýting:

Raforkukostnaður í dreifbýli, 122. mál, fsp. EKG, þskj. 164.

Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga, 123. mál, fsp. EKG, þskj. 165.

[17:03]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa yfir ánægju með það að ráðherra efnahagsmála skuli vera kominn til umræðunnar því að vissulega snertir þessi umræða efnahagsmálin í víðu samhengi og því er mikilvægt að sá ráðherra sem ber ábyrgð á efnahagsmálum sé viðstaddur slíka umræðu.

Mig langar í upphafi umræðunnar að benda á að það sem við ræðum hér fjallar fyrst og fremst um það að verið er að auka álögur á fólk og fyrirtæki. Það er lítið um niðurskurð sem áður hefur verið boðaður. Við höfum kallað eftir því um margra mánaða skeið að fá að sjá efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og þetta eru væntanlega fyrstu drögin að því, en það sem er lagt á borð fyrir okkur hér fjallar nær ekkert um árið 2009, þ.e. þá kröfu okkar að við ræðum á þinginu fjárlög ársins 2009 þar sem forsendur þeirra fjárlaga eru vægast sagt brotnar, það stendur í raun og veru ekki steinn yfir steini þegar maður les fjárlögin sem voru samin fyrir áramót og taka mið af því ástandi sem nú ríkir í samfélaginu.

Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra sem er staddur hér í hliðarsal: Stendur virkilega ekki til af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra að leggja fram á sumarþingi ný fjárlög fyrir árið 2009, þ.e. fjáraukalög? Það er alveg ljóst að forsendur þeirra fjárlaga sem verið er að vinna eftir standast engan veginn. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að fjárlagavaldið og heimildirnar koma frá Alþingi Íslendinga. Þær liggja ekki í ráðuneytum hjá framkvæmdarvaldinu. Þess vegna spyr ég: Ætlar hæstv. ráðherra að leggja fram á sumarþinginu — og mér er alveg sama þó að ég sé hérna fram í ágúst — einhverjar raunhæfar tillögur vegna fjárlaga ársins 2009? Það er mikilvægt að fá svar við þessum spurningum.

Eins og ég sagði áðan ræðum við hér frumvarp sem eykur álögur á fólk og fyrirtæki ofan í himinháa stýrivexti, ofan í eina þá mestu kreppu sem við höfum lent í. Hækkun á neysluskattinum — sem er reyndar misræmi í hér í þessu plaggi, annars vegar er talað um að þetta hafi áhrif til hækkunar á vísitölu um 0,25% og hins vegar 0,35% — leiðir til þess að skuldir heimila og fyrirtækja hækka um 4–5 þúsund millj. kr. Ef við bætum þar við hækkun á eldsneyti, áfengi og tóbaki eru það um 8 þúsund milljónir. Ríkisstjórnin hefur því núna á nokkrum dögum hækkað skuldir heimilanna í landinu um 12–13 þúsund millj. kr. Það er þess vegna ekki óeðlilegt að við sem höfum talað fyrir því að leiðrétta þurfi skuldir heimilanna, þ.e. að lækka þær, ekki hækka þær, ræðum aðeins um þessa stöðu málsins.

Hvar eru hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að koma til móts við skuldug heimili, þ.e. áður en allt er komið í kaldakol? Er það virkilega framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar að horfa á eftir þúsundum íslenskra fjölskyldna inn í héraðsdómstóla þar sem skipaður verður tilsjónarmaður yfir viðkomandi fjölskyldum? Þetta er afar váleg þróun að mínu viti. Því kallaði ég eftir hæstv. forsætisráðherra til að heyra sjónarmið hennar í þessum efnum, af því að hér er verið að hækka skuldir heimilanna, hvort það standi í raun og veru ekki til að lækka með almennri aðgerð skuldastöðu íslenskra heimila sem bera enga ábyrgð á þeim glæfraskap sem íslenskir útrásarvíkingar hafa sýnt á undangengnum mánuðum og árum. Enga ábyrgð, hér er um heiðarlegt fólk að ræða.

Á annan stað langar mig að gera verulega athugasemd við það sem stendur á bls. 15 í frumvarpinu. Þar eru almennar athugasemdir um útgjaldahlið þar sem fjallað er um þátt almannatrygginga, en frumvarpinu er verið að leggja til að skerða kjör aldraðra og öryrkja um 3.650 millj. kr. á ári. Hér er mikill fagurgali um hve margt gott hafi verið gert í málaflokki aldraðra og öryrkja á undangengnum tveimur árum. Vel er það, en ríkisstjórnin gleymir að benda á það sem miður hefur farið í þeim málaflokki. Nú vil ég rifja það upp fyrir hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra hvað ríkisstjórn síðustu tveggja ára hefur gert gagnvart öldruðum og öryrkjum í samfélaginu. Ég er með það, skjalfest úr

ræðustóli Alþingis, hver þróunin hefur verið og ég ætla að vitna í umræðu sem fór fram þann 8. maí árið 2008, þ.e. fyrir um ári síðan. Ég ætla að vitna orðrétt í ræðu sem ég hélt þann dag, með leyfi forseta:

„Mikill áfangi náðist árið 2006 af hálfu aldraðra og öryrkja í viðræðum við ríkisstjórnina hvað það varðar að taka upp nýtt viðmið sem tengdist gerð kjarasamninga og var miðað við svokallaða tekjudagvinnutryggingu launafólks en ekki lægsta taxta verkafólks eins og áður var gert. Þetta var mikið fagnaðarefni sumarið 2006, aldraðir og öryrkjar fögnuðu þessum áfanga. En nú árið 2008 er búið að lækka viðmiðið á ný hjá nýrri ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, fór mjög vel yfir það á fundi félags- og tryggingamálanefndar að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að lækka þetta viðmið, kostaði þessa hópa um 3.600 millj. kr.“

Þetta er þann 8. maí árið 2008.

Sama ár ákvað ríkisstjórnin að sveigja frá því að bæta þessum hópum þá miklu rýrnun sem þá hafði átt sér stað vegna verðbólgu. Og í fylgiriti um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks lagði fram þá, þar sem hæstv. forsætisráðherra var þá hæstv. félagsmálaráðherra, stóð sem rökstuðningur, með leyfi forseta:

„Einnig er gert ráð fyrir því í þessum hluta frumvarpsins að hækkun á bótum almannatrygginga um næstu áramót verði óbreytt frá forsendum fjárlagafrumvarpsins eða 9,6% fremur en að miða við vísitölu neysluverðs. Er áætlað að þannig verði komið í veg fyrir um 5,9 milljarða kr. aukningu útgjalda.“

Nú skulum við leggja þessar þrjár tölur saman. Með þeim ákvörðunum sem hæstv. forsætisráðherra hefur tekið í tíð sinni í ríkisstjórn er búið að skerða kjör aldraðra og öryrkja með þessum hætti um 13.150 millj. kr. Af hverju er ekkert getið um þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í fagurgalanum um það góða sem hefur verið gert? Eigum við ekki að gæta ýtrustu sanngirni og sýna á báðar hliðar þessa penings?

Ég er alveg tilbúinn að viðurkenna að ýmislegt jákvætt hefur verið gert en þegar ríkisstjórnin reynir, greinilega viljandi, að skrumskæla raunveruleikann með þessum hætti, því að hér er um blákaldar staðreyndir að ræða, er eðlilegt að menn hækki róminn í ræðustóli Alþingis og það er eðlilegt, hæstv. fjármálaráðherra, að aldraðir og öryrkjar mótmæli því hér úti á Austurvelli að ríkisstjórnin skuli hafa staðið að málum sem þessum, ríkisstjórnin sem gaf sig út fyrir það í aðdraganda síðustu kosninga að þetta væru hóparnir sem mættu ekki við því að kjör þeirra yrðu skert. Ég spyr: Er byrjað á breiðustu bökunum hér? Nei, aldraðir og öryrkjar eru ekki tekjuhæstu hópar samfélagsins. Með þessu frumvarpi sem hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon og hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir leggja fram er verið að skerða kjör aldraðra og öryrkja um 3.650 millj. kr. á ári ofan á þá ósvinnu sem áður hafði verið unnin og það meira að segja á góðæristímum þegar viðmiðum við gerð kjarasamninga var breytt gagnvart þessum hópum. Það er enginn heilagur í þessari umræðu og hið sanna skal koma hér fram að með þessum ákvörðunum hefur verið vegið að kjörum aldraðra og öryrkja.

Frú forseti. Ég verð að segja að mér finnst það yfirgengilegt að halda þessum málflutningi fram í þingskjölum þar sem einungis önnur hliðin er sýnd af sannleikanum, bara það sem þægilegt er fyrir ríkisstjórnina. Af hverju í ósköpunum getur ríkisstjórnin ekki gætt sannmælis í því og sagt nákvæmlega frá því hvað hún hefur verið að aðhafast á síðustu vikum og mánuðum? Og nú get ég ekki gagnrýnt hæstv. fjármálaráðherra mjög mikið þegar ég fyrir yfir þessa sögu vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra var lengi vel í stjórnarandstöðu ásamt okkur framsóknarmönnum þar sem við gagnrýndum þáverandi ríkisstjórn harðlega fyrir þessar aðgerðir. Og það er þeim mun snautlegra að hæstv. fjármálaráðherra skuli leggja þennan stórasannleik fram í þinginu sem er einungis hálfsannleikur. Við skulum segja alla söguna eins og hún er, því að ef við ætlum að fara saman í gegnum þessa erfiðu tíma verðum við að búa að stjórnvöldum sem segja rétt frá hlutunum. Það þýðir ekki að segja bara frá því sem gott hefur verið gert, við verðum líka að segja frá hinni hliðinni. (**Gripið fram í:** Hvað viltu fara langt aftur í tímann?)

Frú forseti. Trúlega munum við lenda í gamalkunnri umræðu hérna, að hæstv. ráðherrar og jafnvel sumir þingmenn fari að tala um það hvað gerðist á árunum 1995 til 2007 og vilja ekkert ræða um hvað gerst hefur frá seinni hluta árs 2007, 2008 og núna árið 2009. Við erum að tala um núið, við erum að tala um fólk sem er í verulegum vandræðum. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra, sem stýrir og er verkstjóri í þeirri ríkisstjórn sem gerði það að sínu fyrsta verki í kjölfar síðustu kosninga að fjölga ráðherrum um tvo þannig að Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð fengju nú fleiri þægilega stóla — slík framkvæmd og slík aðgerð kostar skattborgarana, kostar aldraða og öryrkja tugi milljóna króna — þegar þessir sömu ráðherrar koma svo fram og kynna harðan niðurskurð gagnvart þessum sömu hópum er eðlilegt að við spyrjum: Er ekki rétt að ríkisstjórnin byrji á því að taka til heima hjá sér? Hvar er sú jafnaðarstjórn sem boðar aðhald í rekstri, skerðingu á kjörum aldraðra og öryrkja og byrjar svo á því að fjölga ráðherrum um tvo? Það er eðlilegt að það sé hiti í mönnum yfir þessari staðreynd mála því að ríkisstjórnin hefur í raun og veru látið aðgerðaleysið eitt ráða för síðustu vikur og mánuði. Það er þess vegna sem við búum við hæstu stýrivexti í heimi og það er þess vegna sem kreppan er miklu, miklu dýpri en við hefðum annars þurft að búa við.

Ég vil minna hæstv. fjármálaráðherra á það, og ég veit að hann man vel eftir því, að þingflokkur Framsóknarflokksins lagði fram í febrúarmánuði síðastliðnum efnahagstillögur í 18 liðum sem hæstv. ráðherrar tóku að mörgu leyti vel í en því miður hefur nær engin af þeim tillögum enn komist til framkvæmda. Getur verið að það sé út af því að hún kemur frá Framsóknarflokknum? Erum við enn þá í þeim sandkassaleik að vegna þess að tillaga kemur frá einhverjum öðrum en eigin stjórnmálaflokki sé hún fyrir fram ómöguleg? Í hvers lags þjóðfélagi lifum við? Eru þessir sömu hæstv. ráðherrar ekki að tala fyrir samstöðu og samvinnu í samfélaginu? Ég spyr mig að því hvort þeir meini

virkilega það sem þeir segja.

Ofan á allt þetta, þegar við ræðum frumvarp sem mun hækka skuldir heimila og fyrirtækja, sem mun hækka þær ofan á þær miklu skuldir sem fyrir eru, finnst mér ég ekki vera að umgangast fólk sem skilur raunveruleikann á réttan hátt. Við erum að tala fyrir því, mörg hér, að leiðrétta og lækka þurfi skuldir heimilanna, en því miður leggur ríkisstjórnin fram plagg sem hækkar skuldir heimilanna. Ég hlýt að spyrja: Hvað ætlar hæstv. forsætisráðherra að gera fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu — við höfum ekki fengið nein almennileg svör hvað það varðar — til að blása kjark og þor í íslenska þjóð sem getur fyrst þjóða í heiminum komið sér út úr þessari kreppu? En þá þurfum við að búa við ríkisstjórn sem þorir að taka ákvarðanir og leggja fram róttækar tillögur til að koma til móts við þann vanda sem blasir við okkur.

Að lokum þetta, frú forseti: Við búum við ríkisstjórn sem nýlega hefur skrifað undir Icesave-skuldbindingar og það bíður þingmanna á hv. Alþingi að greiða atkvæði um þá undirskrift. Þessir hæstv. ráðherrar víluðu ekkert fyrir sér að semja um himinháa vexti upp á 5,5% sem mun þýða að á fyrsta ári verða vaxtagreiðslur íslenskra skattborgara 42 þúsund millj. kr. Á fundi með aðstoðarmanni fjármálaráðherra hjá okkur framsóknarmönnum spurði ég út í það hvort gerð hefði verið greiðsluáætlun til að kanna hvort íslenskt samfélag stæði undir þessu. Þá var mér tjáð af aðstoðarmanni hæstv. ráðherra að það væri verið að vinna þá áætlun. Sem sagt, menn unnu ekki að áætlunargerð áður en þeir skrifuðu undir heldur eftir á. Hvaða vit er í þessu? Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlast hann virkilega til þess að þingmenn á hv. Alþingi eigi að samþykkja samning þar sem lögsagan, ef við viljum sækja mál á grundvelli samningsins, er í Bretlandi þar sem ákvæði um uppsegjanleika á samningnum er þess efnis að ef við ætlum að fara að verja auðlindir okkar hér fái þessi ríki heimild til að gjaldfella samninginn og ganga að okkur? Er þetta forsvaranlegt og er það forsvaranlegt að tala um mörg hundruð milljarða króna skuldbindingu á meðan við erum tala um mjög sársaukafullar aðgerðir í ríkisrekstri hér á landi í hverri og einni stofnun þar sem við erum kannski að tala um eina, tvær eða þrjár milljónir á hverjum stað?

Tölurnar í þessu Icesave-samkomulagi eru svo gígantískar að það frumvarp sem við ræðum hér er hlægilegt í því samhengi en þó er það háalvarlegt (Forseti hringir.) fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu og reyndar ríkissjóð líka.

[17:19]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég verð alltaf jafnhissa hversu kokhraustur síðasti hv. ræðumaður er þegar hann talar um velferðarkerfið, þingmaður sem stóð fyrir því á góðæristímum þegar við vorum með 70–80 milljarða afgang af ríkissjóði að láta velferðarkerfið drabbast niður. Jafnvel þótt við stöndum nú í 170 milljarða niðurskurði á velferðarkerfinu hreyfum við ekki við lægstu bótum almannatrygginga sem voru 126 þús. kr. á mánuði þegar ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks tók við — 126 þús. kr. á mánuði en var á þeim tíma hækkuð í 180 þús. kr. á mánuði þannig að lægstu bætur eru 180 þúsund.

Ræðumaður frá Framsóknarflokknum talaði áðan um mikil útgjöld í tíð ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins sem verið hefðu í ráðuneytum Samfylkingarinnar. Það er alveg rétt. Það urðu töluverð útgjöld vegna þess að við þurfum að rétta af velferðarkerfið, ekki síst hjá öldruðum og öryrkjum. Á því var tekið í þeirri ríkisstjórn að gera nokkuð sem framsóknarmenn gerðu ekki. Þeir hækkuðu ekki bifreiðastyrk öryrkja á þessum tíma sem hafði ekki hækkað frá árinu 2000 en var hækkaður í tíð Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Sama gerðist varðandi húsaleigubætur sem höfðu verið frystar. Þær voru ekki hækkaðar frá árinu 2000, ekki einu sinni samkvæmt verðlagsbótum. Þær voru þó hækkaðar í tíð Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Ef við förum dýpra í þetta mætti líka fara og bera saman skattamálin, hvernig framsóknarmenn hækkuðu skatta á fólk með lágar og meðaltekjur en lækkuðu á hálaunafólk. En hvað erum við að gera núna, Vinstri græn og Samfylking? Við erum að fara í erfiðar aðgerðir og þá byrjum við á þeim sem breiðust hafa bökin (Gripið fram í.) og aukið geta tekjur ríkissjóðs með hátekjuskatti og skatti á fjármagnstekjur. Það er auðvitað slæmt að þurfa að fara í tilfærslur að því er varðar aldraða og öryrkja (Forseti hringir.) en það er þó ekki nema lítill hluti af því sem verið er að taka til baka af þeim miklu aðgerðum (Forseti hringir.) sem við fórum í til að bæta kjör þeirra til að hreinsa þar til eftir Framsóknarflokkinn (Forseti hringir.) þegar hann var í ríkisstjórn.

[17:21]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var eins og ég spáði. Hæstv. ráðherra tók eina og hálfa mínútu í að ræða um fortíðina en ekki hvað ríkisstjórnin ætlar að gera fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Verið er að hækka lán heimilanna um milljarða kr. ofan á þá milljarða sem ríkisstjórnin ákvað með síðustu lagabreytingu.

Spurning mín var einföld: Ætlar hæstv. ríkisstjórn með einhverjum hætti að leiðrétta stöðu heimilanna í þeirri stöðu sem blasir við okkur í dag, að lækka skuldirnar en ekki stuðla að því að þær verði hækkaðar? Ég spyr hæstv. forsætisráðherra líka að því hvort hún styðji okkur þingmenn ekki í því að hér verði lagt fram fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2009. Eða er hæstv. forsætisráðherra á því að hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Íslands eigi að taka sér fjárlagavaldið? Nóg hefur niðurlæging Alþingis verið á undangengnum vikum og mánuðum þegar við höfum þurft að lesa í blöðum og horfa upp á það í fjölmiðlum hvaða skuldbindingar ráðherrar í ríkisstjórninni hafa verið að gera fyrir hönd íslensku þjóðarinnar án þess að hafa kynnt Alþingi það og nú verður höfuðið bitið af skömminni ef fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2009 verður ekki lagt fram. Menn geta kannski sagt að það sé ekki hefð fyrir því en á hvaða tímum lifum við? Á hv. Alþingi ekki að gegna neinu hlutverki í þessari endurreisn? Halda hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni að þeir einir geti risið undir þessu, að það þurfi ekki aðstoð frá öðrum flokkum til að koma fram með hugmyndir að aðgerðum til að vinna á þeim vanda sem uppi er? En því miður þegar

maður kallar eftir hugmyndum frá hæstv. ráðherra er það eina sem hún talar um einhver 10 eða 12 ára gömul mál, sem er náttúrlega ekki eitthvað sem horfir til framfara, því miður. Við erum því miður með ráðherra sem horfa einungis í baksýnisspegilinn en ekki fram á við.

[17:23]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ef framsóknarmenn og sjálfstæðismenn væru við stjórn segði ég bara: Guð hjálpi þjóðinni, vegna þess að hvernig væri staðan þegar velferðarkerfið er látið drabbast niður (Gripið fram í.) þegar við erum með tugi milljarða í afgang en við erum þó að reyna að verja það eins og kostur er í 170 milljarða niðurskurði. Ef hv. þingmaður hefur lesið það frumvarp sem hér er til umræðu sér hann að verið er að hlífa velferðarráðuneytunum um þar sem minnsti niðurskurðurinn verður. Þetta verður allt sársaukafullt að því er reksturinn varðar. Við skerum miklu minna niður í velferðarráðuneytunum og í menntamálaráðuneytinu en í öðrum ráðuneytum.

Við förum líka í ýmsa hluti sem voru heilagir og ekki mátti hreyfa við í tíð framsóknarmanna og Sjálfstæðisflokksins. Við lækkum hér verulega ferðakostnað, risnukostnað. Við skerum niður nefndarlaun. Við lækkum háar tekjur í ríkiskerfinu. Væntanlega hefur það ekki farið fram hjá hv. þingmanni að við erum að víkka út heimildir kjararáðs til að lækka laun þeirra ríkisstarfsmanna sem eru með milli 1 og 2 millj. kr. í tekjur á mánuði. Allt mun það skila sér. Við munum líka taka á sérfræðikostnaði sem blés út í tíð framsóknarmanna og sjálfstæðismanna og er það kannski orðið 8 milljarðar (Gripið fram í.) eða meira núna. Við erum því að færa það allt saman niður. Við skerum niður bruðlið og fitulagið í ríkiskerfinu sem kom á í tíð framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, það er þannig sem við förum í þessi mál. Ef hv. þingmaður mundi horfa með sanngirni á þessi mál er t.d. ekki verið að gera neitt að því er varðar það frítekjumark sem öryrkjar hafa. Þar er þó frítekjumark í lífeyriskerfinu upp á 25 þús. kr. sem ekki skerða tekjur almannatrygginga. Við erum líka að setja á frítekjumark núna að því er varðar lífeyristekjur, tekjur ellilífeyrisþega, til að milda það högg (Forseti hringir.) sem kemur af því að við þurfum að hækka skerðingarhlutfall tekjutryggingar á nýjan leik. (Forseti hringir.) Það er því allt gert og það munum við, þessi ríkisstjórn, sýna, til að vernda (Forseti hringir.) kjör þeirra sem verst hafa það. Jafnframt er verið að skoða málefni húsbyggjenda (Forseti hringir.) og íbúðarkaupenda og það skulum við sannarlega gera, það mun sjást í þingsal á næstu vikum.

[17:26]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra vék ekki nema í svo sem 5 sekúndur af þeim ræðutíma sem hún átti að vanda heimilanna og fyrirtækjanna. Áttar hæstv. forsætisráðherra þjóðarinnar sig ekki á því að þúsundir fjölskyldna eru komin með neikvæða eiginfjárstöðu? Undir næstu áramót er spáð milli 28 og 29 þúsund íslensk heimili verði komin með neikvæða eiginfjárstöðu. Og hæstv. forsætisráðherra eyddi nær öllum tíma sínum í að tala um löngu liðna tíma þegar ég óskaði eftir því að hæstv. ráðherra kæmi inn í umræðuna með eitthvað uppbyggilegt, einhverjar aðgerðir. Ég vildi óska þess, og ég segi það af mikilli einlægni, að forustumenn þessarar ríkisstjórnar hefðu, líkt og við framsóknarmenn, fólk í Borgarahreyfingunni og í Sjálfstæðisflokknum, meira að segja í Vinstri grænum — ég horfi hér á ágætan þingmann, hv. þm. Lilju Mósesdóttur — tekið undir þær hugmyndir sem við höfum lagt fram um að leiðrétta verði skuldir heimilanna með einhverjum hætti. Ég held að forustumenn þessarar ríkisstjórnar skilji það einfaldlega ekki að hægt er að gera það án þess að það komi við buddu ríkissjóðs. Það vantar einfaldlega upp á skilning hjá forustumönnum ríkisstjórnarinnar að hægt sé að ráðast í fyrirbyggjandi aðgerðir til að leiðrétta skuldir heimila og fyrirtækja í þessu landi. Skilningurinn er ekki fyrir hendi. Við höfum átt margar umræður um þetta og það er það skilningsleysi og aðgerðarleysi sem þjóðin horfir upp á sem leiðir til þess að skuldirnar hækka dag frá degi, mánuð frá mánuði. Það er sárt að horfa upp á það. Við komum m.a. fram með tillögur um það sem ég spurði hæstv. fjármálaráðherra út í, þ.e. hvort við gætum ekki sest niður, fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, og farið yfir þessar hugmyndir og séð hvort við getum náð einhverri lausn í málinu. Hv. þm. Lilja Mósesdóttir hefur gert slíkt. (Forseti hringir.) Það er einfaldlega engin viðleitni til þess hjá þessum tveimur hæstv. ráðherrum að vinna með öðrum þingflokkum (Forseti hringir.) að þessum málum á Alþingi.

[17:28]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson er ágætlega sprækur og ég óska honum til hamingju með það. Ég greindi að ég tel eina spurningu í máli hans sem beindist beint að mér og það er spurningin um það hvenær lagt verði fram frumvarp til fjáraukalaga. Svarið við því er að gert er ráð fyrir því að það verði með hefðbundnum hætti í haust. Það hefur verið skoðað. En veruleikinn er sá að með því frumvarpi sem hér er lagt fram verða stofnaðar allar fullnægjandi lagaheimildir sem til þarf vegna breytinga á tekjuöflun og lögbundnum útgjaldaniðurfærslum, þ.e. þeirra sem kalla á breytingar á sérlögum. Þar með má segja að þetta frumvarp sé á vissan hátt ígildi fjáraukalaga en aðrar afstemmingar á fjárheimildum verða þá gerðar með hefðbundnum hætti með fjáraukalagafrumvarpi í haust enda má segja að það muni kannski ekki miklu hvort hér væri verið að baksa með fjáraukalagafrumvarp í júlí eða í lok september, byrjun október.

Að öðru leyti kom hv. þingmaður inn á annað mál sem er svonefnt Icesave-mál sem á eftir að verða rækilega rætt á þinginu þannig að ég ætla ekki að dvelja mikið við það fyrir utan að mótmæla því að vaxtakjör þess láns séu ekki hagstæð eða þess lánasamnings sem þarna náðist. Ég hvet hv. þingmann til að skoða það að þarna var verið að festa einhverja lægstu langtímavexti sem í boði hafa verið í 50 ár og þeir eru þegar búnir að hækka talsvert frá því að stafirnir voru settir þarna undir. Ég get nefnt sem dæmi til samanburðar að Íbúðalánasjóður var sem betur fer að lækka örlít-

ið vexti sína núna eftir síðasta útboð. Niður í hvað? Niður í 5,1% af lánum sem ekki eru með uppgreiðsluálagi á verðtryggðum lánum. Hér erum við að tala um nafnvexti á óverðtryggðum löngum lánum sem að sjálfsögðu þýðir að núvirkt er í því fólginn verulegur ávinningur þannig að ég fullyrði að hv. þingmaður er á villigötum hvað varðar vaxtakjörin á þessum lánasamningi.

[17:30]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég mótmæli því harkalega ef framkvæmdarvaldið ætlar að sniðganga löggjafarþing íslensku þjóðarinnar með því að leggja ekki fram fjáraukalagafrumvarp á þessu sumarþingi fyrir árið 2009, frumvarp sem er ekki pappírsins virði í dag og það eru allir sammála um það. Ég velti því fyrir mér: Hvar er fjárlagavaldið? Hvert sækja ráðherrarnir heimildir sínar? Það er til Alþingis og að sjálfsögðu eigum við að fara yfir þessi mál á þinginu þannig að ég mótmæli því.

Þegar hæstv. ráðherra talar um Icesave finnst mér hann sjálfur vera á hálum ís í þeim efnum vegna þess að aðstoðarmaður hæstv. ráðherra staðfesti á þingflokksfundi með okkur framsóknarmönnum að ekki hefði verið búið að gera greiðsluáætlun um það hvernig eða hvort þjóðin gæti staðið undir þessum skuldbindingum. Það er sem sagt fyrst skrifað undir samkomulagið og núna er framkvæmdarvaldið að reyna að búa til einhverja áætlun sem mun kannski líta vel út á blaði. En við höfum það staðfest að ekki var gerð áætlun um það hvort íslenska ríkið, skattborgararnir, gætu staðið undir þessum skuldbindingum. Og þegar hæstv. ráðherra gumar af lágum vöxtum vil ég minna á að einungis fyrsta árið eru vextir af þessu risaláni 42 þúsund milljónir kr. Fyrir þá upphæð væri hægt að reka háskólasamfélagið allt, alla háskólana í hátt í þrjú ár. Það staðfestist hér með þar sem ríkisstjórnin var ekki búin að gera greiðsluáætlun áður en skrifað var undir þetta Icesave-samkomulag að hún veit í raun og veru ekki til hvers hún skuldbindur íslenska þjóð og undir hverju við getum staðið til framtíðar og það er mjög alvarlegur hlutur.

[17:32]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi fjáraukalagafrumvarp verður það að sjálfsögðu unnið með algerlega hefðbundnum hætti og í samræmi við reglur. Það verður að sjálfsögðu haft samráð við fjárlaganefnd um það eins og vera ber þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa fjárlagabreytingaáhrif í för með sér innan fjárlagaársins. Það vill svo til að bæði formaður og varaformaður fjárlaganefndar hafa sjálfir verið einir aðalverkmennirnir í þessari vinnu þannig að ekki hefur skort á samráð, a.m.k. ekki við nefndarmenn meiri hlutans. Og reyndar hef ég líka átt langan og góðan fund með fjárlaganefnd þar sem farið var yfir þessi áform og þau kynnt fjárlaganefnd fyrir fram allnokkrum dögum áður en þau birtust á þingi. Ég held því að það sé ekki hægt að kvarta yfir því.

Varðandi greiðsluáætlun í sambandi við Icesave er að sjálfsögðu hægt að setja upp greiðsluáætlun í þessum efnum byggða á einhverju mati á mögulegri útkomu þessa máls á árunum 2016–2024 en það er það sem málið snýst um vegna þess að það kemur ekki til þess að ríkissjóður greiði eina einustu krónu varðandi Icesave næstu 7 árin eins og kunnugt er. Þar liggur hins vegar fyrir greiðsluáætlun á grundvelli eignasafns gamla Landsbankans og hægt er að sjá það hvaða eignir er reiknað með að skili sér þar á hverju ári inn á lánið til lækkunar höfuðstólsins sem þarna er á ferðinni. Það liggur því fyrir með ákaflega skýrum hætti og hefur Seðlabankinn haft veg og vanda af því í samráði við fjármálaráðuneytið að meta hina fjárhagslegu þætti þessa máls. Þannig er það og vantar ekkert upp á í þeirri vinnu, held ég. Það eru auðvitað greiðslubyrðin og greiðslugeta þjóðarbúsins gagnvart skuldbindingum sínum út á við í heild sem skipta hér öllu máli. Þá þarf að raða þessum afborgunum upp og stilla þær af á grundvelli bestu fáanlegra aðferða við skuldastýringu sem völ er á. Það mun verða mjög vandasamt verkefni hjá ríkinu á næstu árum (Forseti hringir.) að stýra skuldum sínum þannig að byrðarnar dreifist með viðráðanlegum hætti.

[17:34]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það á mikill tími eftir að fara í umræður um Icesave-skuldbindingar, þ.e. þá ríkisábyrgð sem þingmenn munu mögulega samþykkja. En ég vona svo sannarlega að það verði ekki gert því að ég get ekki séð, og hef ég nú skoðað mikið af upplýsingum um þessi mál, að íslensk þjóð geti með sómasamlegum hætti staðið undir þessu á næstu árum. Fyrir utan það að fjölmargir lögaðilar hafa haft samband við mig í dag og í gær frá því að þetta var birt og lýst yfir furðu sinni á mörgum ákvæðum í þessu samkomulagi. Þá hljótum við að spyrja okkur þessarar grundvallarspurningar: Hvernig hófum við þessa vegferð?

Hafði það ágætisfólk — ég ætla ekki að kasta rýrð á það – sem var í þessari viðræðunefnd gagnvart þaulreyndum, erlendum samningamönnum þá reynslu og þá þekkingu að takast á við þaulreynda samningamenn Breta og Hollendinga? Ég leyfi mér að efast um að menn hafi reynt til fulls að beita sér með þeim hætti í þessum viðræðum að við hefðum ekki getað séð miklu betri og ásættanlegri niðurstöðu. Það skiptir miklu máli upp á vaxtaprósentuna og þá erum við að tala um milljarðatugi upp á hvert prósent sem íslenska þjóðin þarf að taka á sig, sú vaxtaprósenta skiptir miklu máli fyrir utan það að menn skuli geta skrifað undir það — segjum sem svo að þetta eignasafn Landsbankans sé ekki eins mikils virði og menn áætla — að 300 þúsund manna þjóð norður í hafi þurfi að skrifa undir það að taka alla áhættuna af því ef þetta mál fer illa. Til hvers erum við þá búin að dæma kynslóðir Íslendinga til áratuga? Ég ætla að skilja þá spurningu eftir í ræðustól Alþingis.

[17:37]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum aðgerðir í ríkisfjármálum og ástæðan fyrir því er sú að ríkissjóður hefur orðið fyrir miklu tekjufalli á undanförnum mánuðum og sér reyndar ekki fyrir endann á því.

Í ársbyrjun gerði ríkisstjórnin ráð fyrir því að hallinn yrði ekki nema um 150 milljarðar en hann stefnir núna í að

verða um 170 milljarðar. Mikill þrýstingur hefur verið á ríkisstjórnina að koma böndum á hallarekstur ríkissjóðs, m.a. frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og peningastefnunefnd Seðlabankans. Áhyggjur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins beinast að áhrifum hallans á greiðslugetu ríkissjóðs þegar til lengri tíma er litið. Peningastefnunefndin telur sig ekki geta lækkað stýrivexti frekar án þess að fyrir liggi áætlun um aðhald í ríkisfjármálum.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa tekið tillit til þessara sjónarmiða og lagt fram frumvarp til aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum á þessu og næsta ári. Við gerð frumvarpsins var leitast við að hafa pólitísk markmið stjórnarflokkanna að leiðarljósi sem miða meðal annars að því að forgangsraða útgjöldum og leggja þyngri byrðar á þá sem breiðari bökin hafa. Nefni ég í því sambandi hækkun fjármagnstekjuskatts og hátekjuskattinn. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að standa vörð um störfin í velferðar-, heilbrigðis- og menntakerfinu og huga að ólíkri stöðu karla og kvenna í samfélaginu.

Það er ekkert launungarmál að ég hef haft ákveðnar efasemdir um að rétt sé að fara inn í almannatryggingakerfið og skera þar niður án þess að fram fari heildarendurskoðun á kerfinu. Ég get þó upplýst hér að hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra hefur uppi áform um að fara í slíka endurskoðun.

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir tekjufalli ríkissjóðs er fyrst og fremst allt of hátt vaxtastig frá því að gengið var til samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þá voru vextir hækkaðir í 18% en hafa nú verið lækkaðir niður í 12%. Þeir eru samt sem áður þeir hæstu í Evrópu og jafnvel þótt víðar væri leitað. Í gærkvöldi heimsótti fyrrverandi aðstoðarmaður fjármálaráðherra Ekvadors þingflokk Vinstri grænna og skýrði frá reynslu Ekvadors af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og einhliða upptöku dollars þar í landi. Hann varaði okkur við Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og sagði sjóðinn fyrst og fremst pólitíska stofnun. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætti aðeins tvö ráð við fjármálakreppu, háa vexti og niðurskurð ríkisútgjalda. Hátt vaxtastig léki atvinnulífið grátt á meðan erfitt væri að skera niður ríkisútgjöld vegna þess að sístækkandi hópur þyrfti á aðstoð ríkisins að halda. Fari íslensk stjórnvöld að ráðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins muni kreppan aðeins dýpka og þjóðin verða háð Alþjóðagjaldeyrissjóðnum næstu árin og jafnvel áratugina. Þetta hefðu lönd Suður-Ameríku margreynt og væru því tilbúin til að gera allt til að losna undan oki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og að taka einhliða upp annan gjaldmiðil. Þess má geta að lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru oftast notuð til þess að styðja beint og óbeint við gengi innlends gjaldmiðils eins og íslensku krónuna.

Virðulegi forseti. Ef fyrirliggjandi áætlun um ráðstafanir í ríkisfjármálum leiðir ekki til verulegrar vaxtalækkunar verður ekki langt að bíða þess að við þurfum aftur að koma saman og ræða frekari niðurskurð og skattahækkanir. Ef það verður niðurstaðan er ekkert annað eftir en að endurskoða samninginn við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Virðulegi forseti. Ísland var meðal tíu ríkustu þjóða heims þegar bankakerfið hrundi sl. haust og atvinnuþátttaka var meiri hér á landi en víðast hvar annars staðar. Íslenska þjóðin er því betur í stakk búin til að takast á við afleiðingar fjármálakreppunnar en margar aðrar þjóðir og það má ekki eyðileggja það með rangri stefnu í peningamálum. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[17:42]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var að mörgu leyti mjög athyglisverð ræða hjá hv. þm. Lilju Mósesdóttur, ekki síst vegna þess að ég greindi töluverða vantrú á því að það verkefni sem ríkisstjórnin hefur ráðist í í ríkisfjármálum mundi duga til að leysa vandamál þar. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þingmann hvort hún telji að þessi bandormur feli í sér nógu aðhaldsríkar aðgerðir í ríkisfjármálum og þá ekki síst í ríkisrekstrinum sjálfum. Í öðru lagi vil ég spyrja hana að því hvort hún telji að það sé nógu mikið fóður fyrir peningamálastefnu Seðlabanka Íslands um að lækka stýrivexti sem við höfum svo mjög kallað eftir. Og í þriðja lagi spyr ég, ef hv. þingmaður hefur svona miklar áhyggjur af því og er óttaslegin yfir því að við skulum hafa gengið til samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, hvort hún telji að það plan sem ríkisstjórnin hefur núna muni hreinlega duga og hvort við þurfum þá að endurskoða strax samstarf okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

[17:43]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef fulla trú á því að sú tillaga sem nú liggur fyrir varðandi aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum muni duga til ef peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkar verulega vexti. Vantrú mín beindist fyrst og fremst að peningastefnunni hér á landi en ekki þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin áformar að fara út í til að draga úr halla á ríkissjóði.

[17:44]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þau viðbrögð sem þó hafa komið við bandormi ríkisstjórnarinnar frá aðilum vinnumarkaðarins, ég get nefnt orð Gylfa Arnbjörnssonar hjá ASÍ, benda ekki til þess að menn hafi mikla trú á því að þetta dugi til að hreyfa við peningamálastefnu Seðlabanka Íslands. Þar kemur fram að þessar aðgerðir séu mjög svo takmarkaðar og hólfaðar niður og það skorti enn þá mikilvægu heildarmynd sem við þurfum að hafa í ríkisfjármálum. Við gerum okkur enga grein fyrir því hvaða áform ríkisstjórnin hefur í framhaldinu, hvernig hún hyggst taka á næstu árum þannig að ég gat ekki betur skilið en að það sé skoðun margra á vinnumarkaði að þarna sé ekki nóg að gert. Þess vegna ítreka ég spurningu mína til hv. þingmanns: Hvað telur hún að þurfi að gera í framhaldinu í sölum Alþingis til að hnika málunum í rétta átt ef vextir verða ekki lækkaðir 2. júlí?

[17:45]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef reyndar ekki getað skilið almennilega hver ástæðan er fyrir því að peningastefnunefnd telur ómögulegt að lækka vexti án þess að hafa áætlun um aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum fyrir framan sig. Hallinn á ríkissjóði hefur ekki verið að leiða til aukinnar verðbólgu

og hefur heldur ekki þýtt að ríkið sé að ýta í burtu eða ryðja í burtu einkageiranum af lánamarkaði. Þvert á móti virðist vera nóg framboð af fjármagni og að vandamálið sé fyrst og fremst að fyrirtækin í landinu fá ekki lánað fjármagn á þeim háu vöxtum sem eru í boði.

Yfirleitt þegar verið er að taka ákvörðun um vaxtastig er gengið út frá því (Forseti hringir.) hver verðbólguþróunin er, og þess má geta (Forseti hringir.) að þriggja mánaða verðbólga er ekki nema 4%.

[17:47]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir að þetta var að mörgu leyti mjög athyglisverð ræða. Mig langar til að spyrja hv. þingmann a.m.k. tveggja spurninga:

Í fyrsta lagi: Það er lagt til í þessu frumvarpi að hámarksgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs verði lækkaðar úr 437.500 í 350.000 á mánuði. Nú veit ég að hv. þingmaður er mikill áhugamaður um jafnrétti kynjanna og launamun kynjanna og í ljósi þess að eitt af markmiðunum með fæðingarorlofslögunum nýju var að jafna launamun kynjanna, hvaða áhrif telur þingmaðurinn að þessi lækkun hafi á þá þróun? En eins og við vitum eru það karlarnir sem eru með hærri launin og ég spyr þingmanninn: Gæti þróunin hugsanlega orðið sú að þetta sendi konurnar í meira mæli heim (Forseti hringir.) en karlarnir nýttu sér ekki fæðingarorlofið með sama móti?

[17:48]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er virkilega áhyggjuefni þegar staða ríkissjóðs er svo slæm að nauðsyn er á að fara inn í almannatryggingakerfið og skerða bætur. Þessi lækkun á greiðslum í fæðingarorlofi er í raun og veru neyðarráðstöfun og mun, eins og hv. þingmaður benti á áðan, að einhverju leyti draga úr þeim góða árangri sem fæðingarorlofslöggjöfin náði hvað varðar að fjölga þeim körlum sem nýta sér rétt til fæðingarorlofs.

Það var mat ríkisstjórnarflokkanna að þessi lækkun á hámarksbótum væri betri leið til að ná fram sparnaði en að stytta fæðingarorlofið um einn mánuð því að reynslan sýnir okkur að það er erfiðara að breyta aftur og ná fram (Forseti hringir.) lengingu á fæðingarorlofinu ef farið hefur verið út í styttingu þess.

[17:49]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Já, þetta er athyglisvert. Ég spurði þessarar spurningar kannski sérstaklega vegna þess að hv. þingmaður sagði í ræðu sinni áðan að þegar það frumvarp sem við ræðum nú var sett fram hafi sérstaklega verið höfð í huga áhrif þess á jafnrétti kynjanna. Ég man ekki hvernig þingmaðurinn orðaði það en það var eitt af þeim atriðum sem hún lagði áherslu á og ég spyr því aftur hvort hún telji þetta vera lið í því.

Síðan það sem þingmaðurinn sagði um að það væri auðveldara að lækka hámarksgreiðsluna en að stytta fæðingarorlofið. Út frá jafnréttissjónarmiðum, hefði ekki verið betra að fara hina leiðina sem þingmaðurinn kaus ekki að fara vegna þess að þá væri ekki verið að setja þetta fram þannig að þeir sem væru með hærri launin ættu erfiðara með að fara í fæðingarorlof, vegna þess að þeir yrðu fyrir meiri tekjumissi sem íslensk heimili kannski eiga ekki von á núna?

Þingmaðurinn vísaði líka til þess að reynslan væri sú að (Forseti hringir.) það væri erfiðara að lengja fæðingarorlof aftur (Forseti hringir.) þegar það hefði verið stytt. Í hvaða reynslu vísar þingmaðurinn? (Gripið fram í.)

[17:51]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir spyr hvort ekki hefði verið betra að stytta fæðingarorlofið frekar en að lækka þessar hámarksbætur. Ég tel að við höfum farið betri leiðina með því að lækka hámarksbætur í ljósi þess að laun eru almennt að lækka hér á landi og þau eru núna ekki nema rétt rúmlega 300 þúsund að meðaltali.

Auðvitað er þessi aðgerð ekki góð leið til þess að auka á jöfnuð kynjanna en í ljósi slæmrar stöðu ríkissjóðs þurfti að velja aðgerðir sem síst kæmu illa við þá sem minnst mega sín í samfélaginu. Það var mat stjórnarflokkanna að þessi aðgerð væri slík aðgerð.

[17:52]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Lilju Mósesdóttur nokkurra spurninga í ljósi ræðu hennar áðan. Ég vil inna hana nánar eftir því sem hér hefur reyndar verið vikið að, hvort hún teldi, hvort skilja mætti orð hennar svo að það hefði verið þörf á mun aðhaldssamara frumvarpi af því tagi en hér liggur fyrir, hvort það sé mat hennar að það hefði nægt til þess að fullnægja þeim kröfum, ef við getum kallað það svo, sem ætla má að peningastefnunefnd geri.

Í öðru lagi vil ég spyrja hana hvort hún telji í raun og veru að aðgerðir eins og t.d. hækkun tryggingagjalds sé til þess fallin (Forseti hringir.) að auka atvinnustig í landinu. Og ég spyr hv. þingmann, (Forseti hringir.) ekki síst sem hagfræðing, hvort hækkun á launatengdum gjöldum sé til þess fallin eða ekki að auka atvinnustig (Forseti hringir.) í landinu og leiða til þess að fleiri fyrirtæki ráði til sín fólk. (**Heilbrrh.:** Spurðu sjálfan Vilhjálm Egilsson.)

[17:54]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson spyr hvort þörf hafi verið á aðhaldssamara frumvarpi frá ríkisstjórninni hvað varðar ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég tel alls ekki svo vera og hef jafnvel efasemdir um að það sé rétt á þessari stundu að fara í mjög aðhaldssamar aðgerðir eða a.m.k. efasemdir á meðan ekki er ljóst hversu mikil næsta vaxtalækkun verður.

Hvað tryggingagjaldið varðar lögðu m.a. aðilar vinnumarkaðarins til að það yrði hækkað til þess að standa straum af auknum útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það getur vel verið að slíkt muni verða íþyngjandi fyrir fjölmörg fyrirtæki en í ljósi þess að mikill þrýstingur hefur verið á ríkisstjórnina að skera (Forseti hringir.) niður í útgjöldum eru þessar aðgerðir neyðarráðstafanir.

[17:55]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek það fram að mér er auðvitað kunnugt um að afstaða aðila vinnumarkaðarins, svokallaðra, er jákvæð gagnvart því að hækka tryggingagjaldið í samanburði við ýmislegt annað sem er í spilunum. Ég segi hins vegar fyrir sjálfan mig að ég hef áhyggjur af þeim þætti vegna þess að ég held að við þyrftum miklu frekar á því að halda við núverandi aðstæður að grípa til aðgerða sem hvetja til ráðningar starfsmanna, hvetja fyrirtæki til þess að bæta við sig fólki, hvetja til að halda í það fólk sem þau hafa. Þess vegna hef ég sérstakar áhyggjur af hækkun launatengdra gjalda vegna þess að ég óttast að slík ráðstöfun verði frekar til þess fallin að draga úr hvatanum, að gera það að verkum að fyrirtækin ráði síður til sín nýtt fólk og haldi síður í það starfsfólk sem þegar er fyrir hendi. Þess vegna hef ég verulegar áhyggjur af þessu máli og það er þess vegna sem ég í rauninni ítreka (Forseti hringir.) spurningu mína til hv. þingmanns um þetta atriði, (Forseti hringir.) hvert hennar mat sem hagfræðings er á þessu.

[17:56]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er eins og sjálfstæðismenn hafi gleymt því að núverandi ríkisstjórn tók við brunarústum og að flestar þær aðgerðir sem við neyðumst til þess að grípa til eru neyðarráðstafanir og alls ekki í samræmi við hagfræðikenningar, m.a. Keynes sem gerir ráð fyrir að ríkisútgjöld séu aukin og álögur á fyrirtæki minnkuð á tímum samdráttar eins og við búum við í dag.

Eins og ég sagði áður eru þetta fyrst og fremst neyðarráðstafanir eftir mjög slæma efnahagsstjórn Sjálfstæðisflokks og annarra flokka sem setið hafa við völd sl. 18 ár. (Gripið fram í.)

[17:57]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Lilja Mósesdóttir kom eiginlega að kjarna málsins þegar hún sagði að í því frumvarpi sem hér lægi fyrir kristölluðust pólitískar áherslur stjórnarflokkanna. Það er alveg rétt. Það er hækkun skatta en kjarkleysi í niðurskurði ríkisfjármála. Þar kristallast áherslur vinstri flokkanna.

Hv. þingmaður sagði að hún hefði ekki viljað að farið hefði verið inn í almannatryggingakerfið og hún minntist jafnframt á að hæstv. félagsmálaráðherra hygðist fara í endurskoðun á því kerfi. Það hófst í félags- og tryggingamálaráðherratíð hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur. Verður haldið áfram með þá vinnu eða á að byrja eina ferðina enn frá grunni? Og ef við þurfum að fara í frekari niðurskurð, hvar sér þá hv. þm. Lilja Mósesdóttir tækifæri í niðurskurði ríkisfjármála, í hvaða ráðuneytum og með hvaða hætti?

[17:58]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég var reyndar að vonast til þess að sjálfstæðismenn mundu aðstoða okkur ríkisstjórnarflokkana við að finna alla fituna (Gripið fram í.) sem er í ríkisútgjöldum. Í vinnu okkar við það að finna einhverja fitu komumst við aftur og aftur að því að það var ekki mikla fitu að finna og að við mundum neyðast til þess að fara frekar tekjuaukningarleiðina eða þá leið að auka á skattlagningu.

Hvað varðar almannatryggingakerfið er ætlunin að fara í endurskoðun þess með það að markmiði að tryggja velferð í gegnum aukna virkni. Það hafa m.a. komið upp hugmyndir þess efnis að í stað þess að hafa fjölda bótaflokka að hafa aðeins einn bótaflokk og að opna Atvinnuleysistryggingasjóð fyrir fólki sem nú stendur þar fyrir utan en (Forseti hringir.) getur að vissu marki orðið virkt í atvinnulífinu eins og fatlaðir og öryrkjar.

[18:00]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég skal með glöðu geði aðstoða ríkisstjórnina við niðurskurð í ríkisfjármálum. Ég get alveg fullyrt það hér að ríkisbáknið blés út í tíð Sjálfstæðisflokksins og annarra flokka hér í ríkisstjórn, því miður, í því góðæri sem var þannig að það er ótækt að bera það á borð að ekki sé fitu að finna í ríkisfjármálum. (**Gripið fram í:** Hvar?) Það er ótækt að bera það á borð. Það er kjarkleysi vinstri manna að fara í niðurskurð í ríkisfjármálum. Það hefur alla tíð verið vegna þess að vinstri flokkarnir eru útgjaldaflokkar. Það kann að vera gott í góðæri. En það er aldrei (Gripið fram í.) gott að horfa eingöngu til útgjalda og ekki til niðurskurðar.

Ég spurði hv. þingmann að því áðan og ég vænti þess að hún svari — vegna þess að það sem hún nefndi er allt til útgjalda fyrir ríkissjóð og ekki til niðurskurðar — hvernig hún sjái fyrir sér niðurskurð í ríkisfjármálum ef til dæmis stýrivextir ekki lækka núna í júnímánuði eða 2. júlí. Hvernig sér hún ríkisstjórnina fyrir sér takast á við niðurskurð í ríkisfjármálum? (Forseti hringir.) Það er ljóst að hans gerist þörf.

[18:01]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir spyr um leiðir til þess að skera niður ríkisútgjöld. Svar mitt við því er að við erum að tala um að skera hér niður minnsta velferðarkerfið á Norðurlöndunum og það eru ekki, að mínu mati, mjög margir póstar sem hægt er að skera niður. Líka er bara spurning hvort núverandi ríkisstjórnarflokkar eigi ekki að nota tækifærið til þess að umbreyta þessu velferðarkerfi í norrænt velferðarkerfi en það mundi þýða (Gripið fram í.) að útgjöld ríkissjóðs mundu fara úr um 40% og nálgast 50%.

[18:02]

Útbýting:

Bankasýsla ríkisins, 124. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 166.

[18:02]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Mig langar að biðja virðulegan forseta um að athuga hvort hæstv. fjármálaráðherra sé í kallfæri. Ég á við hann brýnt erindi, frú forseti.

(**Forseti (ÁI):** Það mun verða gert.)

Ég þakka forseta fyrir það.

Mig langar rétt í upphafinu aðeins að bregðast við þeim andsvörum sem hér hafa verið af hálfu hv. þm. Lilju Mósesdóttur þar sem hún lét þá skoðun sína í ljós að það mætti frekar halda því fram að of langt hefði verið gengið í niðurskurði en hitt og það sé ekki þörf á því að endurskoða þau áform fyrr en í ljós kæmi hvort peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkaði vexti 2. júlí næstkomandi.

Enn fremur kom fram hjá hv. þingmanni að hún teldi að það væri misskilningur af hálfu peningastefnunefndar að hafa ekki lækkað vexti nú þegar. Þá ber að geta þess að það hefur margoft komið fram í rökstuðningi peningastefnunefndarinnar fyrir því vaxtastigi sem er hér á landi að aðhalds í ríkisfjármálum sé þörf og að beðið væri eftir því að sjá á spil ríkisstjórnarinnar hvað þau mál varðar.

Nú höfum við séð fyrsta þátt þeirra aðgerða sem fram undan eru og vegna þess almennt vil ég segja — þetta mál auðvitað kom fram í gær. Reyndar hefur fjárlaganefnd fengið nokkrar upplýsingar um þá vinnu sem verið hefur í gangi af hálfu stjórnarflokkanna. Engu að síður er heildarmyndin ekki komin og menn hafa ekki haft langan tíma í dag til þess að sökkva sér djúpt í þetta mál þannig að öll málsmeðferð og efnismeðferð í svona ræðu ber þess vitni að öll vinnan við málið er fram undan.

Það olli nokkrum áhyggjum að heyra viðbrögð forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssonar, þar sem hann strax í upphafi þegar þessar tillögur litu dagsins ljós efast um að þær dugi til þess að knýja fram þá nauðsynlegu stýrivaxtalækkun sem menn hafa svo mjög kallað eftir þótt nú sé þörf á að snúa sér að ýmsu öðru í ríkisfjármálum en því.

Ég veit ekki hvort maður eigi að hætta á að hæstv. fjármálaráðherra kalli mann svartsýnisrausara. Þess vegna er ágætt að geta vitnað í menn úti í bæ líka. Engu að síður er það nú svo, og ég held að hæstv. fjármálaráðherra kikni ekkert undan því, að það vantar töluvert enn þá upp á að við sjáum heildarmyndina og það veldur nokkrum áhyggjum þegar maður fjallar um þetta ákveðna mál. Mig langar til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra að því til dæmis vegna þess að hér er um verulegar skattahækkanir að ræða og mun minni niðurskurð en maður átti von á. Eitthvað höfðu ráðherrar í ríkisstjórninni gefið það í skyn undanfarna daga að niðurskurðurinn væri mjög erfiður, það væri erfitt að takast á við þetta á miðju ári. Þá segi ég á móti: Það er líka erfitt að hækka skatta á miðju ári, ég tala ekki um skatta sem eru miðaðir við ársgrundvöll og eru raunverulega að hækka um áramót. Við vitum ósköp vel að aðgerðir á miðju ári eru ekki heppilegar en því miður reyndust vera lausatök í ríkisfjármálum sem valda þessum viðbótarhalla sem menn eru að bregðast við.

Það er verið að boða hérna hækkaða skatta á launafólk í landinu. Hér hafa verið rökræður um það hvað séu háar tekjur og hvað séu millitekjur. Sannleikurinn er auðvitað sá að allt eru þetta viðbótarálögur á fólkið í landinu. Við vitum líka að þær skatttekjur sem gefa mest eru auðvitað þær sem fara beint á tekjuskatt. Þess vegna verður að spyrja hæstv. fjármálaráðherra að því: Á hverju eigum við von í haust þegar við förum í að ráðast á þann halla sem við vorum þegar búin að sjá framan í í ríkisfjármálum, þ.e. þennan upprunalega 153 milljarða kr. halla og þessa 56 milljarða sem við áætlum að þurfi að takast á við í fjárlagafrumvarpi haustsins? Þá þarf að velta fyrir sér niðurskurði og þá hefur ríkisstjórnin nú þegar boðað að lengra verði gengið í niðurskurði, þótt ég óttist það mjög að hún muni eitthvað hiksta á því miðað við það að mér finnst hún í raun og veru hafa heldur bakkað í áformum sínum um niðurskurð núna frekar en hitt. Mig langar til að vita hvaða hugmyndir hæstv. fjármálaráðherra hefur um hækkun á tekjuskatti, vegna þess að ef um umtalsverða hækkun á tekjuskatti er að ræða getur skattur hjá fólki sem er með 700 þús. kr. — vegna þess, virðulegi forseti, að það hefur verið nefnt — orðið umtalsvert hár. Það er mjög mikilvægt þegar maður er að leggja mat á þessar skattahækkanir að maður fái að sjá hvað sé fram undan. Það eru örfáir mánuðir þangað til að fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2010 verður lagt fram.

Mig langar einnig til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvaða aðrar skattahækkanir séu í bígerð. Það var mjög viðkvæmt af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í kosningabaráttunni í vor þegar einhverjir nefndu að líklegt væri að hér yrði lagður á eignarskattur. Það hefur ekkert verið fjallað um eignarskatt í þessari umferð hér. Mig langar samt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji að slíkur skattur sé væntanlegur eða hvort einhver áform séu um slíkar skattahækkanir.

Annað langar mig til að vita. Í haust þarf að útfæra betur hátekjuskattinn en hér er gert. Mér sýnist þetta fyrst og fremst gert til þess að geta lagt hann á á þessu sex mánaða tímabili þannig að fróðlegt verður að vita hvers konar útfærslu þar sé um að ræða og hvort það verði strax í upphafi lagt upp með það að um tímabundna skattheimtu sé að ræða. Hvenær hyggst hæstv. fjármálaráðherra beita sér fyrir því eða í hvaða stöðu eiga ríkisfjármálin að vera komin til þess að geta aftur dregið úr þessum hátekjuskatti eða þessum viðbótarsköttum sem nú er verið að leggja til vegna þess efnahagsástands sem hér er? Ég ætla ekki að halda því fram að hér sé ekki um stórt verkefni að ræða. Það veit ég býsna vel og það hef ég margoft sagt bæði á vettvangi fjárlaganefndar og hér í þingsölum að það er allur vilji til þess af hálfu stjórnarandstöðunnar að koma fram með tillögur og það höfum við sjálfstæðismenn gert. Við höfum til dæmis komið fram með tillögur um það hvernig sé hægt að auka tekjur ríkissjóðs með skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóði. Mér finnst það ekki hafa fengið nógu góðan hljómgrunn hjá aðilum vinnumarkaðarins. Mér finnst að þarna þurfi ákveðna pólitíska leiðsögn. Ég held að það sé skylda okkar við þær aðstæður sem nú eru uppi í samfélaginu að leita allra leiða til þess að auka tekjur ríkissjóðs til þess að geta komið í veg fyrir að óþarfaálögur verði lagðar á borgarana eða eins litlar álögur og nauðsynlegt er.

Í því sambandi langar mig líka til að nefna hérna tekjuhlið ríkissjóðs almennt, þ.e. möguleika ríkissjóðs til að afla frekari gjaldeyristekna. Það hefur margoft komið fram að það samkomulag sem í bígerð er vegna Icesave-málsins geti valdið verulegum búsifjum fyrir íslenskan þjóðarhag. Þetta er ekki það eina. Ekki þarf að fjölyrða um þau lán sem íslenskur ríkissjóður hefur þurft að taka í kjölfar þess óveðurs sem hér hefur dunið yfir. En það krefst þess líka að við eflum möguleika okkar til þess að afla gjaldeyristekna og það krefst þess að ríkisstjórnin hugsi til þess núna strax

hvernig hún sjái fyrir sér að hægt sé að skapa hér skilyrði til að kalla erlenda fjárfestingu inn í landið vegna þess að sjö ár — ef þetta samkomulag verður samþykkt hér á þinginu — sjö ár eru býsna fljót að líða og þetta verkefni er það ærið að það er ekkert útséð um að við verðum komin algjörlega á beinu brautina eftir sjö ár. Alla vega þarf að huga að því strax og gæta að þeim verkefnum sem hugsanlega gætu orðið til þess að auka hér gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Í þjóðhagsspá, vorhefti fjármálaráðuneytisins, er fjallað um auðlindanýtingu, nokkuð sem ég hef verið mikill talsmaður árum saman, þ.e. að auðlindir íslensku þjóðarinnar séu nýttar til lands og sjávar. Ég hef áhyggjur af því að það sé nokkurt hökt í þeim málum. Ég hef áhyggjur af þeim áformum — ja, mér finnst það nú svona heldur vera áhugamál Samfylkingarinnar að ganga langt í því að umbylta sjávarútvegskerfinu. Mér finnst varhugavert að breyta viðkvæmum kerfum þegar við þurfum sem mest á þeim að halda. Ég ætla ekki að halda langt inn á þær brautir núna. En mig langar til að tala við hæstv. fjármálaráðherra aðeins um spár um hagvöxt komandi ára sem finna má í þjóhagsspá þar sem gert er ráð fyrir því í grunnspá fjármálaráðuneytisins að framhald verði á áformum um álversuppbyggingu í Helguvík og breytingar í Straumsvík.

Nú hefur það verið nokkuð mismunandi hvað hæstv. ráðherrar telja að málið sé komið langt. Ég veit mætavel að óvissan um orkuöflun, þ.e. fjármögnun orkuöflunar er verulega mikil. Ég veit enn fremur að það blæs ekki beint byrlega fyrir aðstæður á mörkuðum. En vegna þess að fjármálaráðuneytið heldur þessum áformum enn þá inni í grunnspá, vegna þess að það er gert ráð fyrir því að árið 2011 verði mikill sláttur í þessum framkvæmdum þá langar mig til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort ekki væri heppilegt þegar svona mikil óvissa er fyrir hendi að menn kæmu fram með áætlun um hvað gerðist ef mikil hliðrun yrði á þessum verkefnum, ef þau drægjust um eitt ár til dæmis, tvö ár, þrjú ár. Hvaða áhrif hefur það á forsendur þessarar spár og hvaða áhrif gæti það síðan í kjölfarið haft á forsendur fjárlagagerðar og þær áætlanir sem við höfum uppi hér til lengri tíma, hæstv. fjármálaráðherra? Það væri gagnlegt að fá skoðanir hans á því vegna þess að það er óskaplega mikil óvissa um þessar framkvæmdir og við vitum að það er allsendis óljóst hvort hægt sé að afla þeirrar orku sem þarf til að knýja þetta álver í Helguvík.

Century eða framkvæmdaraðilinn hefur einungis leyfi fyrir 250 þús. tonna álveri en hér er í grunnspá gert ráð fyrir fullri stærð á álveri. Það krefst 200 megavatta til viðbótar við þau megavött öll sem þegar hafa verið tryggð og mér finnst þetta skipta verulegu máli. Ef menn eru komnir á þá skoðun í ríkisstjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að það þurfi að nýta þessi verkefni til að knýja áfram hagvöxt þá finnst mér skipta máli að við reynum þá að minnsta kosti að gera okkur grein fyrir því hvaða afleiðingar öll hliðrun á svona verkefnum gæti haft og hvort það gæti orðið til þess að við þyrftum með einhverjum hætti að hugsa betur hvernig við eigum að undirbyggja tekjuöflun ríkissjóðs til lengri tíma.

Fyrst og fremst finnst mér skipta öllu máli, og því höfum við mörg hver haldið fram afar lengi, að það sem skiptir öllu máli sé að sem fyrst áttum við okkur á því til hvaða aðgerða verður gripið á næstu tveimur til þremur árum vegna þess að þetta hangir allt saman. Ég er sammála hæstv. fjármálaráðherra um að við skulum ekki demba þessu yfir á komandi kynslóðir. Við skulum taka þetta sjálf á okkur. Við skulum gera það. Við skulum finna leiðir til þess að borga niður þessar skuldir sem fyrst en við skulum þá bara horfa hreint framan í það hvaða verk það verður. Það verður því miður þannig, þrátt fyrir fögur orð hv. þm. Lilju Mósesdóttur, að það þarf að fara hér í stórfelldan niðurskurð í ríkisfjármálum. Ef menn vilja meina það — og ég get reyndar tekið undir það sjálf — að hér hafi ríkisrekstur-inn þanist út þá hlýtur með sama hætti að vera hægt að skera hann niður. Margar þær stofnanir sem ég veit að Vinstri hreyfingin – grænt framboð að minnsta kosti hefur verið frekar mótfallin að stofnaðar hafi verið, við skulum bara leggja þær niður. Við skulum bara leggja þær niður. Ég held að það verði aldrei hjá því komist hvort sem er.

Ég held að öllu máli skipti að ganga heiðarlega til verks og að við gerum okkur grein fyrir því að það þarf að grípa til allra aðgerða til að auka tekjur ríkissjóðs. Menn verða að horfa pínulítið út fyrir þann ramma um að það geti aldrei komið neitt annað til en hreinar skattahækkanir. Það þarf líka að vita hvort hægt sé að afla nýrra tekna og ég bið hæstv. fjármálaráðherra um það á komandi mánuðum að velta því fyrir sér hvort hægt sé að nýta eitthvað af þeim leiðum sem aðrir hafa bent á til þess að reyna að hjálpa vegna þess að enginn hér í þessum sal vill ekki að hlutirnir gangi vel á Íslandi og enginn óskar þess að ríkisstjórninni mistakist þetta verkefni. Það er enginn hér á þeirri skoðun.

Þess vegna vil ég við þetta tilefni biðja hæstv. ráðherra um að svara þessum spurningum nokkrum sem ég beindi til hans. Kannski voru þær nokkuð margar fyrir hann að svara í stuttu andsvari. En ég vonast til þess að það muni þá koma inn á vettvang fjárlaganefndar. Þótt þetta mál hafi reyndar ekki fengið beina vísun þangað þá er óumflýjanlegt að fjárlaganefnd taki þetta mál föstum tökum. Málið verður ábyggilega á vettvangi margra þingnefnda. Ég vonast til þess að við munum geta unnið þetta mál í sæmilegri samstöðu.

[18:17]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður flutti mál sitt vel og af krafti. Ég veit ekki hvort það var þess vegna sem mér fannst jörðin skjálfa á meðan eða hvort þar voru geófísískir kraftar að verki.

Í fyrsta lagi í sambandi við þessar aðlögunaraðgerðir sem nú hafa verið birtar hér og varða með útfærðum hætti árin 2009 og 2010 þá eru þær samtals upp á 85,7 milljarða kr. eða nærri 10 milljörðum umfram áætlaða aðlögunarþörf. Það ættu að vera einhver skilaboð til Seðlabanka Íslands og annarra sem sýna að stjórnvöldum er full alvara. Ef það á að ráða mestu í ákvörðunum um stýrivexti eða aðra slíka þá hluti held ég að ekki verði sagt annað með réttu en að stjórnvöld sýni einbeittan vilja sinn hér til þess að takast á við þessa hluti.

Í öðru lagi um skatta þá hafa nú ekki verið teknar neinar endanlegar ákvarðanir um útfærslu til dæmis tekjuskatts og

slíkra hluta á árinu 2010. Þó er í gangi vinna sem miðar að því að fyrir haustið liggi fyrir útfærðar tillögur í frumvarpsformi. Ég geri frekar ráð fyrir því en hitt að til dæmis í tekjuskattinum verði farið í miklu viðameiri uppstokkun á tekjuskattsfyrirkomulaginu en þessi tímabundna álagning hátekjuskatts ber með sér. En það verður þá í anda prógressífs tekjuskatts. Því get ég lofað hv. þingmanni. Varðandi eignarskatta þá stendur ekki til að taka upp almenna eignarskatta á lágar eignir eins og hér var við lýði áður. En ég útiloka ekki að einhvers konar útfærsla á stóreignaskatti og tekjugefandi eignum verði skoðuð.

Varðandi hugmyndir Sjálfstæðisflokksins um að hefja skattlagningu á inngreiðslum í lífeyrissjóð þá ræddum við það hér fyrr í dag. Á því eru meðal annars þau tormerki að það mælist ekki vel fyrir og fær engar undirtektir hjá lífeyrissjóðunum sjálfum og aðilum vinnumarkaðarins, en lífeyrissjóðakerfið er jú að stærstum hluta uppbyggt í samkomulagi þessara aðila og er þannig til komið í grunninn auk þess sem langtímatekjuáhrif þess fyrir ríkissjóð og sveitarfélög að taka skattinn á þeim enda eru ekki jákvæð. Menn velja þá skammtímaávinning, sem vissulega er til staðar og er freistandi á margan hátt, á kostnað verulegs langtímaávinnings ríkis og sveitarfélaga að skattarnir séu teknir á útgreiðsluendanum.

[18:19]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessi svör fram til þessa. Ég ítreka spurningar mínar um þjóðhagsspána og þau frávik sem þar eru. Mér finnst nú samt sem áður — ég hef alveg heyrt þessi skilaboð frá aðilum vinnumarkaðarins um að þetta væri ekki leið sem þeim hugnaðist. Þeir hafa sjálfir áform um alls konar hluti, til dæmis að beita lífeyrissjóðunum inni í verklegum framkvæmdum og fleira. Ég veit ekki hvort þeim finnst þetta ríma illa saman við það. Enn fremur má nefna að ég held nú alltaf að maður sé að horfa á tímabundna tekjuöflun til þess að koma ríkissjóði út úr þessum óskaplega vanda sem nú er við að glíma.

Mig langar í framhaldi af þessu til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í framkvæmdir vegna þess að það er skorið niður og ég á von á því eða ég get ekki betur skilið það en svo að verulega verði skorið í framkvæmdum. Mig langar því að spyrja: Þegar aðilar vinnumarkaðarins eru að ræða aðkomu lífeyrissjóða að framkvæmdum, um hvers konar framkvæmdir eru menn að tala? Eru þeir að tala um til dæmis háskólasjúkrahúsið eða eru þetta fyrst og fremst samgöngumannvirki eða er það rétt sem ég hef heyrt að þeir séu að tala hér um orkuframkvæmdir? Hvaða skilyrði eru það eða hvað er það sem þeir eru að sækjast eftir í því? Hvers konar framkvæmdir eru það sem þeir vilja sjá þarna komast á koppinn? (Gripið fram í.)

[18:21]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi þjóðhagsspána þá eru samkvæmt venju teknar inn í hana þær stórframkvæmdir sem þegar hafa verið ákveðnar og þar sem öll tilskilin leyfi liggja fyrir en aðrar ekki. Það sem væntanlega tefur helst fyrir að þær hefjist er óvissa um fjármögnun, sérstaklega tengd virkjunarþættinum og það liggur fyrir. Það er birt frávikssþá í þjóðhagsspánni þar sem er sýnt hvaða áhrif það hefur ef þessar framkvæmdir hefjast ekki en þess er jafnframt getið að aðrar framkvæmdir gætu þá fyllt í skörðin sem þurfa minni orku en eru engu að síður mannaflsfrekar og allmörg slík verkefni eru í undirbúningi.

Varðandi aðkomu lífeyrissjóðanna að ýmsum framkvæmdum þá hefur þar verið í samstarfi aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóðanna og fleiri sem þátt hafa tekið í því starfi verið listaðar upp allmargar framkvæmdir. Þær eru á sviði samgönguframkvæmda. Það gætu verið einstakar stórar framkvæmdir eins og bygging Landspítalans og mögulega þátttaka í fjármögnun orkuverkefna. Þar er í raun allt undir og gert er ráð fyrir því að slíkar viðræður hefjist núna allra næstu daga. Það var ákveðið í ríkisstjórn í þessari viku að skipa viðræðunefnd til að hefja viðræður við lífeyrissjóðina með formlegum hætti.

Ég vil svo ekki að gleymist í þessari umræðu þeir möguleikar sem liggja í fjárfestingum og uppbyggingu í innlendu og starfandi atvinnulífi, alveg sérstaklega í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Þar eru samkeppnisskilyrði mjög hagstæð og verkefnastaða víða góð. Ferðaþjónustan nýtur góðs af hagstæðu gengi. Skipaiðnaðurinn er vel settur með verkefni þannig að annað eins hefur ekki sést í áraraðir. Innlendur iðnaður eykur núna markaðshlutdeild sína og fleira mætti nefna í þeim dúr sem er þrátt fyrir allt mjög jákvætt. Ég held að ef eðlileg fjármögnun verður til staða til viðbótarfjárfestinga til að auka umsvif og framleiðslu í mörgum slíkum greinum þá geti þar mjög góðir hlutir gerst. Ég veit það vel að mörg slík verkefni eru á teikniborðinu. En hindrunin er fyrst og fremst sú að ekki hefur verið í boði fjármagn, alla vega ekki á viðráðanlegum kjörum, og komum við þá enn (Forseti hringir.) og aftur að mikilvægi þess að vextir lækki.

[18:23]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Undanfarna tvo áratugi hafa nánast allar sameiginlegar eignir þjóðarinnar verið seldar á útsölu í einkavinavæðingarklúbbnum sem á rætur sínar að rekja hingað inn í hina háu sali ráðamanna ríkisins. Enn sitja margir þeirra sem tilheyra þessum klúbbi á þinginu og því efast maður um að hér fari fram alvöruuppgjör og siðbót á þeirri miklu spillingu sem hefur fengið að grassera hérlendis. Spillingin er svo mikil að hún mælist ekki einu sinni á alþjóðastandördum. Samspillingin og samtryggingin, skilgreind víða um heim sem mafía, viðgengst hér.

Nú eru flestar stofnanir sem einkavæddar voru að komast í eigu þjóðarinnar að nýju með meiri blóðtöku en nokkurn hefði getað órað fyrir. Ekki má gleyma ábyrgð þeirra sem áður sátu hér við völd og því er ósanngjarnt að velta allri gremjunni yfir á VG sem þarf að finna lausnir á þeim vanda sem ríkisstjórnir síðustu tveggja áratuga hafa tekið þátt í að skapa.

Frú forseti. Það er ekki sanngjarnt að taka á þessum málum þannig að þjóðin þurfi að taka enn meira á sig en hún þarf nú þegar að bera. Það sem þjóðin þarf að finna

fyrir í dag er réttlæti, finna fyrir því að hún hafi ástæðu til að fórna enn meiru og lifa við langan dimman vetur samdráttar og lakari lífsgæða til lengri tíma. Það er ekki neitt réttlæti í þeirri staðreynd að enginn hefur verið sóttur til saka fyrir þá svikamyllu sem hér var stunduð fyrir opnum tjöldum í einkavinavæddu bönkunum. Það er ekki réttlátt að almenningur eigi að taka á sig skerðingu á sínum kjörum, þurfi að vinna lengur dag hvern fyrir brot af þeim lífsgæðum sem hann áður bjó við. Nei, kæra frú forseti, það er verið að byrja á röngum enda. Fyrst þarf að taka á samtryggingunni og spillingunni. Fyrst hefði átt að kynna niðurskurð á lúxusnum, sendiráðum og heimssýningum sem kosta okkur tugi milljóna. Fyrst ætti að elta fjármagnið til huldueyjanna og gera eignir þeirra sem allir vita að eru sekir upptækar.

Norræna velferðarstjórnin er ekki öfundsverð og reyndar alveg stórmerkilegt að hæstv. ríkisstjórn vilji spyrða velferð við þann niðurskurð sem fram undan er.

Til þess að það náist sátt um niðurskurð er nauðsynlegt að einhenda sér í að láta Evu Joly allt það í té sem hún óskar eftir svo að rannsóknin verði ekki fyrir frekari töfum. Það er nauðsynlegt að þeir sem bera ábyrgð á þessu allsherjarhruni axli ábyrgð nú þegar áður en frekari fórna er óskað af þjóðinni með aukinni skattheimtu og niðurskurði á velferðarkerfinu.

Það eru ekki bara hinir svokölluðu útrásarvíkingar sem þurfa að sæta ábyrgð. Það eru þeir yfirmenn stofnana sem sváfu á verðinum sem þurfa að sæta ábyrgð. Það er gjörvallt embættismannakerfið sem þarf nákvæmrar endurskoðunar við og þar þarf að verða uppgjör. Það verður að vera alvöruuppgjör hérlendis annars mun hér aldrei verða friður og það er það eina sem mun verða til þess að fólk sé tilbúið til að taka þátt í að endurreisa landið.

Til hvers að endurreisa samfélag sem getur allt eins hrunið á nákvæmlega sama hátt og það sem áður hrundi? Það þýðir ekkert að setja plástra á svöðusárin. Það verður að hreinsa meinið, taka bandorminn út úr görnunum. Því ættum við að styðja slíkt sníkjudýr sem mun éta innviði samfélagsins að forskrift Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að benda mér á þjóðir sem hafa komið vel út úr prógrammi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég get talið upp fjöldann allan af þjóðum sem hafa farið mjög illa út úr samskiptum við þennan sjóð. Það er sorglegra en tárum taki að horfa upp á hæstv. fjármálaráðherra hlýða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum án þess að blikna og neita að horfast í augu við að aðrar leiðir eru út úr þessu vandamáli.

Ég ætla ekki að eyða dýrmætum tíma í að tína til hvaða þættir þessa frumvarps eru góðir eða slæmir. Þetta snýst fyrst og fremst um hugarfar og aðrar lausnir. Þetta snýst um réttlæti og réttlæti og réttlæti en ekki þetta óréttlæti. Þetta snýst um að fara annaðhvort eða ekki eftir baneitruðum aðferðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem mun knésetja okkur eins og aðrar þjóðir. Þetta frumvarp er fyrsta skrefið sem hæstv. velferðarríkisstjórnin stígur til að þóknast lénsherrum landsins. Ef við höldum áfram á þessari vegferð er alveg ljóst að við munum eyðileggja velferðarkerfið, hrekja fólkið burt af eyjunni okkar og missa auðlindirnar frá okkur.

Flestir ráðamenn afskrifuðu slíkar varnaðarræður sem vænisjúka orðræðu og eitthvað sem mundi aldrei geta átt sér stað hér á landi. En því miður varð ég vitni að því að okkar hæstv. fjármálaráðherra gaf umboð til undirskrifta á samning þar sem mikil vafaatriði eru um hvort hann feli í sér framsal á auðlindum og eignum þjóðarinnar ef ekki er staðið í skilum vegna samnings sem næsta ljóst er að við munum ekki geta efnt. Við verðum að vera á varðbergi og ekki leyfa okkur að taka slíka áhættu. Hvað með einhliða upptöku annars gjaldmiðils eða er bara til ein mynt í þessum heimi sem kennd er við Evrópu? Er kannski bara til ein lausn hjá hæstv. ríkisstjórn, að ganga í ESB? Hvað gerist ef þjóðin hafnar því? Er eitthvert plan B ef svo verður? Ég óska eftir plani B ef þjóðin hafnar aðild að ESB. Ég óska eftir hugrekki í því að taka erfiðar ákvarðanir eins og til dæmis að hafna Icesave-samningnum því það er alveg ljóst að sá samningur er ekki hvað hann sýnist.

Nú erum við beitt miklum óttaáróðri og grýlur einangrunar eru við hvert fótmál. Ég held reyndar að þessar grýlur séu nú þegar til staðar. Hvort sýnum við umheiminum fram á ábyrga hegðun með því að steypa þjóðinni í slíkar fjárhagslegar skuldbindingar að við munum aldrei geta komið okkur úr vaxtavaxtavaxtabótagreiðslunum eða með því að taka raunsætt á málunum án hroka með aðstoð einhverra þeirra fjöldamörgu snillinga sem hafa áratugalanga reynslu af heiminum í kringum okkur og hafa boðist til að hjálpa okkur.

Ég er sannfærð um ef að við byrjum á réttum enda, ef við tökum fyrst á spillingunni og færum þá til dómstóla sem arðrændu okkur og svívirtu okkur og stálu frá okkur mannorði okkar á heimsvísu og þar á eftir gætum við tekið upp umræður um nýjar áherslur í samfélaginu okkar, þar sem neyslumenningin viki aðeins fyrir fjölskyldumenningunni, já, þá er ég viss um að þjóðin væri til í að leggjast á árarnar með hvaða ríkisstjórn sem er. Ég er viss um að ef þjóðin sér fram á bjarta framtíð eftir þessa dimmu nótt sé hún til í að taka þátt í endurreisninni. Ég er viss um að ef þeim sem þjást núna vegna ónógs skilnings á erfiðleikum sem þeir standa frammi fyrir í ómanneskjulegu kerfi verður rétt hjálparhönd þá séu þeir hinir sömu til í að horfa handan þess taps sem þeir hafa orðið fyrir. En það verður fyrst að verða réttlæti. Síðan er mögulegt að þjóðin sé til í blóðtöku. En það er ekki hægt að bjóða þjóðinni upp á áherslur hæstv. ríkisstjórnar í þessu verkefni og öðrum er varða þjóðarhag.

[18:32]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þá get ég alveg fullvissað hv. þingmann um að það stendur ekki til af minni hálfu að láta hann ráða meiru eða dvelja hér lengur en þörf krefur. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum að fegnastur verð ég því þegar við getum sjálf algerlega ráðið ferðinni og verið við stýrið hvað varðar okkar mál.

Sama gildir í mínum huga um glímuna við þessa erfiðleika. Ég lít á þá sem hluta af baráttunni fyrir því að við verðum áfram sjálfstæð þjóð og að við berum ábyrgð á okkur sjálf, að við ætlum að glíma við okkar erfiðleika og sigrast á þeim sjálf í trúnni á það að við getum það og að

hér verði áfram gott mannlíf í landinu. Ég er fullur bjartsýni á að það muni takast. Ef okkur tekst að sameina kraftana og virkja það góða í okkur öllum til að glíma við þessa erfiðleika þurfi þetta ekki að verða mjög langvinnt skeið, það verður erfitt en ekki mjög langvinnt. Við eigum það góða möguleika á því að vinna okkur út úr þessu aftur að ég sé enga ástæðu til þess að við missum kjarkinn eða trúna á framtíðina. Það verður þá bara hluti af okkar eigin ógæfu ef við gerum það.

Íslenska þjóðin hefur aftur og aftur gengið í gengum erfiða tíma í sögu sinni og mætt ýmsum áföllum, bæði þar sem hún ber sjálf að hluta til ábyrgð á, við höfum ekki alltaf verið okkur sjálf góð og í okkar ráðsmennsku. Það sem við erum að glíma við núna er auðvitað að stærstum hluta okkur sjálfum að kenna og okkar eigin ábyrgð, við verðum að horfast í augu við það. En við höfum líka strítt lengi við óblíð náttúruöfl, við þekkjum miklar sveiflur í okkar efnahagslífi eins og flestar þjóðir sem byggja á nýtingu hverfulla náttúruauðlinda eða hluti af því tagi sem eru háðir veðri, vindum og árferði, þannig að ég held að það búi í okkar þjóðarsál að geta glímt við svona hluti. Þess vegna höfum við enga ástæðu til annars en að vera bjartsýn á það að okkur takist að komast í gegnum þessa erfiðleika. Ég held að markmið allra í þeim efnum hljóti að vera sameiginlegt, að sigrast á þessum erfiðleikum og að við gerum það sjálf sem sjálfstæð þjóð og ætlum að vera það áfram.

[18:34]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég skoraði á hæstv. fjármálaráðherra að nefna þjóðir sem hafa komið vel út úr prógramminu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Jafnframt þætti mér gagnlegt að sjá áætlun hjá hæstv. ríkisstjórn um áherslur varðandi það hvernig hún ætlar að taka á spillingunni og hvenær það fólk sem hefur komið þjóðinni á hliðina verði látið axla ábyrgð.

[18:35]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn held ég að hafa verði í huga að saga hans og orðstír eru náttúrlega mjög mörkuð af því hvernig hann stóð að málum á sjöunda, áttunda og kannski níunda áratugnum í þróunarríkjum og eitthvað lengur, t.d. í sumum ríkjum Suður- og Mið-Ameríku. Hann hefur ekki haft mikið að gera síðustu árin þangað til erfiðleikarnir gengu í garð sem núna eru uppi. Það verður líka að hafa í huga að samstarf okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er milli þróaðs velmegunarríkis og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Eigum við þá ekki að ætla og hafa trú á því sjálf að við (Gripið fram í.) getum staðið þannig að málum að við höldum vel á okkar hlut í þeim samskiptum? Ég trúi því a.m.k. að það skipti máli hver er á hinum endanum. Mín reynsla af samskiptum við þennan ágæta sjóð er m.a. sú að það er hægt að láta hann taka rökum og hann getur fallist á ýmsar breytingar sem við teljum að þurfi að gera á þessari samstarfsáætlun, hún er dínamísk í þeim skilningi. Ég get nefnt þar t.d. til sannindamerkis að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn féllst á ýmsar þær félagslegu ráðstafanir sem minnihlutaríkisstjórnin greip til á tímabilinu febrúar til apríl, svo sem eins og hækkun vaxtabóta, ráðstafanir vegna greiðsluaðlögunar heimilanna og fleira í þeim dúr.

Að sjálfsögðu er það mikilvægt að rannsókn og upplýsing allra þeirra atburða sem hér hafa orðið gangi sinn veg, auðvitað er óþreyja ríkjandi víða gagnvart því að menn sjái hlutina gerast og sú tilfinning manna að þar (Gripið fram í.) hafi ýmislegt farið úrskeiðis sem taka þurfi á, að menn sjái þess stað í beinum aðgerðum. Það er nú loksins þannig að allstór hópur manna hefur stöðu grunaðra og ýmsar rannsóknir, húsleitir o.fl. hafa verið framkvæmdar. Eigum við ekki að hafa trú á því að réttarríkið virki? Þannig ætlum við væntanlega að láta þetta vera, að það verði á forsendum réttarríkisins (Forseti hringir.) sem menn verði rannsakaðir og dregnir til ábyrgðar fyrir gjörðir sínar.

[18:37]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það eru átta mánuðir síðan allt fór hérna á hliðina og engar eignir hafa verið frystar, það hefur enginn verið handtekinn, það hefur enginn verið látinn sæta ábyrgð nema kannski Davíð Oddsson.

Ég kalla líka eftir því og mér ætti ákaflega vænt um að fá að sjá eitthvert plan B ef þjóðin hafnar því að fara inn í Evrópubandalagið. Hver er áætlun hæstv. ríkisstjórnar ef svo verður ekki? Munum við þá fara í algjöra einangrun eins og talað er um ef við göngumst ekki við því að greiða Icesave-skuldbindingarnar sem er algjörlega ósanngjarnt að þjóðin taki á sínar herðar? Hvað mun gerast? Ég sé bara ekki neitt í spilunum um það hvert markmið ríkisstjórnarinnar er ef þjóðin hafnar því að fara inn í Evrópubandalagið. Það er það eina sem er í spilunum og það eina sem talað er um sem útgönguleið úr þessu vandamáli bæði varðandi gjaldeyri og allt annað.

Það er spurning, eins og ég lagði til, að skoða ef til vill aðrar leiðir út úr gjaldeyrisvandamálinu eða út úr þessu myntvandamáli. Við erum náttúrlega með krónuna sem er, eins og hv. þm. Þór Saari nefndi, eins geislavirk og álíka vinsæl erlendis og sumarbústaðaland í Tsjernóbil.

[18:39]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum efnahagspakka ríkisstjórnarinnar og ég vona svo sannarlega að henni takist það sem hún ætlar, að laga stöðu ríkissjóðs. Það er verulega mikilvægt að það takist. Þessi pakki er reyndar dálítið seint á ferðinni og kannski allt of seint á ferðinni. Núverandi ríkisstjórn hefur frekar verið að auka útgjöld ríkissjóðs með ráðstöfunum sínum hingað til, bæði sú sem nú situr og sú sem áður var, bráðabirgðaríkisstjórnin eða minnihlutaríkisstjórnin, því að bakkað var frá ráðstöfunum sem gerðar höfðu verið í heilbrigðisráðuneytinu til sparnaðar og víðar og menn ákváðu að halda áfram byggingu tónlistarhúss sem kallar á gífurleg útgjöld sem ég sé ekki að hafi endilega verið það brýnasta. Þetta eru sem sagt merki um lausatök.

Eins og ég gat um er þetta frumvarp nokkuð seint á ferðinni og það litast að sjálfsögðu af þeim flokkum sem eru við völd. Þetta eru vinstri flokkar og þeir horfa að sjálfsögðu meira á tekjuhliðina en á gjaldahliðina. Gjaldahliðin

er miklu erfiðari fyrir þessa flokka, þeir eiga erfitt með að skera niður í útgjöldum velferðarkerfisins og þeir eiga auðveldara með að ná í einhverja gróðapunga og hátekjufólk, eins og það er kallað.

Ég hefði lagt til að menn bökkuðu svo sem eins og 3–4 ár til baka með velferðarkerfið og alveg sérstaklega hvað varðar þá einstaklingshyggju sem tröllriðið hefur velferðarkerfinu undanfarið. Nú er minn flokkur í sjálfu sér einstaklingshyggjuflokkur og það er dálítið merkilegt að vinstri menn undanfarinna ára hafa verið mjög duglegir við að krefjast einstaklingshyggju, t.d. að fólk fái bætur án tillits til félagslegrar aðstöðu, að maki hátekjueinstaklings fái bætur óskertar án tekna makans, sem er einstaklingshyggja, og ýmislegt fleira. Það er hætt að taka tillit til þeirrar aðstöðu sem menn búa við og farið að líta á einstaklinginn fyrst og fremst. Sagt var að þær ráðstafanir sem gerðar voru á undanförnum árum — það er reyndar að einhverju leyti bakkað með það hérna — oftast nær að kröfu annarra en Sjálfstæðisflokksins, að þær kostuðu marga milljarða í hvert einasta skipti og var svo sem bent á að ekki væri gott að þenja út velferðarkerfið í góðærinu því að verri tímar gætu farið í hönd. Ég man eftir að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson heitinn benti á þetta oft og tíðum og ég hugsa að hann hafi ekki einu sinni haft ímyndunarafl til að sjá fyrir sér það sem gerðist í hruninu sl. haust.

Öryrkjum hefur fjölgað gífurlega á síðustu árum. Fyrir nokkrum árum voru þeir 6.000, nú eru þeir 13.000. Það er held ég að sé einhverju leyti kerfinu að kenna en líka því að menn hafa lagt mjög litla stund á endurhæfingu. Það er mjög slæmt, frú forseti, líka fyrir öryrkjann sjálfan eða þann sem þarfnast endurhæfingar. Hann er tekinn úr sambandi við atvinnulífið og virkni hans er keyrð niður, hann verður enn meira háður kerfinu eins og það er uppbyggt. Þarna finnst mér að menn ættu að taka á honum stóra sínum. Ég viðurkenni að það verður ekki gert í einu vetfangi en þarna ættu menn að taka sig á og gera miklar breytingar til endurhæfingar, að endurhæfa og virkja öryrkja og sömuleiðis það fólk sem er atvinnulaust.

Ég var formaður í nefnd sem ætlaði að taka á greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu. Það hefði þýtt verulega einföldun og mikinn sparnað. Því miður munaði kannski ekki nema einni viku að það tækist en það fór fyrir bí vegna stjórnarskipta og er kannski ekki alveg útséð um það hvernig það verður. En ég held að menn verði að horfa á slíkar leiðir, að einfalda kerfið og gera það skilvirkara, jafnframt miklu réttlátara og bærilegra fyrir það fólk sem borgar í dag jafnvel upp undir 250 þús. kr. í heilbrigðiskerfið, þ.e. það fólk sem þarf mikið á því að halda.

Menn hafa talað dálítið um fæðingarorlofið og það er verið að skerða hámarkið. Ég er mjög hugsi yfir því vegna þess að það var upphaflega sett á til að jafna aðstöðu fólks, karla og kvenna. Það var í rauninni jafnréttismál til að gera karlmenn jafndýra og konur fyrir atvinnulífið. Það merki sem verið er að gefa með því að lækka hámarkið er í rauninni að menn ætla að hafa jafnrétti alls staðar nema á háum launum. Það finnst mér ekki vera neitt sérstaklega skynsamlegt. Ég vil hafa jafnrétti alls staðar, líka í háum launum. Ég bendi á að hátekjumaðurinn borgar mjög hátt tryggingagjald því að það er eiginlega sama hver greiðir, fyrirtækið, atvinnurekandinn eða launþeginn, tryggingagjaldið er skattur á laun og mætti alveg eins hækka öll laun í landinu um tryggingagjaldið og láta launþegann greiða það sjálfan. Það breytti nákvæmlega engu.

Í fæðingarorlofinu eru þrír þættir sem hafa áhrif en menn hafa talað eingöngu um tvo, þ.e. um lengd tímabilsins og hámarkið. Menn taka ákvörðun um að lækka hámarkið. Ég er sammála því að það yrði mjög slæmt að stytta það. Ég mundi ekki vilja sjá það. Ég tel að það sé gott kerfi sem við höfum en það er einn þáttur í viðbót sem menn geta skoðað og það er þau 80% sem miðað er við. Sú tala var ákveðin út í loftið og ég man eftir þeirri umræðu. Þá sögðu menn að það þyrfti að vera nægilega hátt til að lokka karlmenn í fæðingarorlof. Nú hefur það tekist með afbrigðum vel að lokka karlmenn til að taka frí með börnunum sínum. Þá er hægt að koma hlutfallinu eitthvað niður og sjá hvort það lokki ekki jafnmikið að hafa 75%, alveg sérstaklega þegar launin eru að lækka og fæðingarorlofið miðar við síðustu tvö ár þannig að það hækkar hlutfallslega. Ég mundi vilja að hv. nefnd sem fær þetta til skoðunar, sem verður væntanlega fjárlaganefnd að mér skilst og sem vísar þá væntanlega tekjuhliðinni til skattanefndar, skoði það að lækka prósentuna niður í 75% en það gefur miklu meira en þetta lækkaða hámark. Það mundi gefa 6% af 6–7 milljörðum þannig að þar erum við komin með hálfan milljarð.

Þá kem ég að tekjuhliðinni sem eru skattarnir og þar finnst mér ríkisstjórninni vera mislagðar hendur, enda kannski eðlilegt þar sem hún er vinstri sinnuð og hugsar um að ná í skatta og tekjur í staðinn fyrir að taka á útgjöldunum, t.d. með hækkun á tryggingagjaldinu. Tryggingagjaldið er ekkert annað en skattur á laun. Við erum með þrjá skatta á laun. Það er tryggingagjaldið sem atvinnurekandinn greiðir, það skiptir í rauninni ekki máli og það mætti hækka launin í landinu um það og það breytti engu. Auðvitað á launþeginn að greiða tryggingagjaldið, þá sjá menn hvað þeir greiða fyrir launin sín. Það er flatur skattur, alveg upp úr og niður úr, ekkert frítekjumark og ekki neitt. Síðan er útsvar sem líka flatur skattur, upp úr og niður úr, og hann borga allir frá fyrstu krónu nema ríkið greiðir fyrir þá sem eru undir tryggingamarkinu. Ríkið greiðir útsvarið til sveitarfélaganna og gerir það með tekjuskatti sem er þá í reynd neikvæður upp að frítekjumarkinu. Síðan verður hann núll einhvers staðar við 150 þús. kr. eða eitthvað um það bil. Þá fara menn raunverulega að borga tekjuskatt. Það eru því þrenns konar skattar á tekjur. Verið er að hækka einn af þeim allverulega, það gerir launakostnað fyrirtækjanna hærri, það er bara þannig. Þessi skattur kemur á fyrirtækin. Það eru um 7 þúsund kr. á meðallaun á mánuði en þau eru eitthvað um 400.000 kr. Þetta er 1,5% þannig að mér telst til að það séu um 7.000 kr. á hvern einasta launþega að meðaltali og það er umtalsverður biti, enda gefur þetta mestu tekjurnar. Það gerir launþegann dýrari og mörg fyrirtæki sem eru nú í miklum vandræðum með að greiða launþegum sínum laun, munar um þetta. Það munar kannski litlu en það munar ef til vill því að þau gefast upp og segja fólki upp þannig að þessi skattur eykur ekki atvinnu heldur dregur úr henni.

Margoft hefur verið rætt um fjármagnstekjuskattinn, þar eru sett inn frítekjumörk sem flækir kerfið óskaplega en

tekin er ákvörðun hérna að hækka hann um 15%. Á sama tíma og menn upplifa það að fólk sem var með mínus tekjur í 20% verðbólgu — það var kannski með 20% vexti sem þótti mjög gott — borgaði 2% í skatt af þeim tekjum sem engar voru. Fjármagnstekjuskatturinn var mjög óréttlátur og það er einmitt út af þessum verðbótaþætti sem prósentan var ákveðin 10%. Það var ekki út í bláinn. Hún var valin 10% vegna áhættu af hlutabréfum. Menn töpuðu óhemjupeningum í hlutabréfum og eru búnir að borga skatt af þeim í sumum tilfellum til ríkisins og sá skattur er ekki endurgreiddur. Aðrir borga skatt af verðbótaþættinum í mikilli verðbólgu sem er ekki tekjur, það er slæmt líka vegna þess að það refsar fólki fyrir sparnað. Það er til fólk sem leggur á sig að spara en því miður er allt of lítið af því á Íslandi og það er kannski ástæðan fyrir hruninu. Það voru svo fáir sem spöruðu og svo óskaplega margir sem eyddu og þannig er það búið að vera mjög lengi á Íslandi. Skattur á fjármagnstekjur gerir það að verkum að fólki er refsað fyrir sparnað. Reyndar mun þetta 250 þús. kr. frítekjumark gera það að verkum að þeir sem eru með sparnað upp að 2 millj. eða 2,5 millj. kr. sleppa kannski ef þeir eru með 10% vexti. Það er margt sem þarf að huga að.

Svo eru það skattarnir sem greiddir eru úr landi. Það var nefnt í vetur og færð fyrir því rök að það væri ekki beint gáfulegt vegna þess að íslensk fyrirtæki fá ekki lán í útlöndum og ef þau fá lán í útlöndum er það yfirleitt þannig að þau þurfa að sæta markaðsvöxtum eftir skatt. Það skiptir engu máli fyrir þá, t.d. í Japan, sem lána íslenskum fyrirtækjum eða hvar sem er. Fyrir þau lönd sem búið er að gera tvísköttunarsamninga við skiptir það heldur ekki máli en það skiptir máli fyrir lönd sem ekki er búið að gera tvísköttunarsamninga við og það eru t.d. lönd eins og Arabalöndin og að því er mér skilst Taívan og fleiri sem sum hafa gífurlega mikla fjármuni. Það þýðir bara að vextirnir verða hærri sem því nemur sem lántakendurnir þurfa að greiða.

Það er ýmislegt jákvætt í þjóðfélaginu í dag, t.d. ferðaiðnaðurinn, sjávarútvegurinn og áliðnaðurinn. Það gengur allt glimrandi vel vegna þess að gengið hjálpar þessum fyrirtækjum almennt og yfirleitt hjálpar mjög lágt gengi krónunnar þeim mikið. Það er mikið fjör í ferðamannaiðnaðinum, það veit ég. Vöruskiptajöfnuðurinn er jákvæður. Þjóðin er búin að breyta hegðun sinni varðandi neyslu og farin að spara og ég hugsa að við munum sjá tölur um sparnað sem við Íslendingar höfum aldrei séð áður og það er mjög jákvætt. Sparnaðurinn er gífurlega mikill. Það er gífurlegur innlendur sparnaður í bönkunum, upp á hundruð milljarða. Reyndar er erfitt að komast að því hvað það er mikið. Þessir peningar eru óvirkir og það sem ég held að sé mest um vert núna, frú forseti, er að koma bönkunum í gang, láta þessa peninga fara að vinna úti í atvinnulífinu. Ég vil benda á að stýrivextir Seðlabankans hafa lækkað mjög mikið vegna þess að þeir eru hættir að virka. Það er enginn sem notar þá. Það eru spariinnlánin í Seðlabankanum sem eru um 9,5% sem eru hinir raunverulegu stýrivextir og þau virka sem sagt.

En ég vildi gjarnan að við frekari vinnslu á svona málum að menn skoðuðu það að taka upp skyldusparnað. Ég vil miklu frekar sjá skyldusparnað en sambærilega skattlagningu vegna þess að maður sem skyldusparar flytur ekki til Noregs en maður sem er skattlagður undir drep flytur til Noregs af því að hann á ekki peninginn. Ríkið er búið að hirða hann af honum. En ef hann á von að fá peninginn einhvern tíma seinna, ef hann er skyldugur til að kaupa í bönkunum eða slíkt, flytur hann ekki til Noregs.

[18:54]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það fer að líða að lokum þessarar umræðu og margir þættir hafa fengið nokkra umfjöllun. Það er tilfinning mín að málið eigi eftir að fá talsvert mikla umræðu bæði í efnahags- og skattanefnd og eins í öðrum nefndum sem að þessu koma. Mér finnst auðsætt að fjárlaganefnd þarf að fjalla um þetta mál og sama á augljóslega við um félags- og tryggingamálanefnd og allsherjarnefnd og þarf síðan að athuga hvort það eru fleiri nefndir sem geta tekið einstaka þætti til skoðunar en a.m.k. finnst mér ljóst að þessar nefndir þurfa að fjalla um málið.

Í þessari umræðu og í frumvarpinu sjálfu hefur komið fram að hér er um að ræða nauðsynlegar aðgerðir vegna stöðu ríkissjóðs á þessu ári. Einnig er lögð á það mikil áhersla af hálfu hæstv. fjármálaráðherra að þessu máli verði lokið fyrir 1. júlí til að hægt sé að láta ákveðna liði taka gildi þá. Ég verð að játa að auðvitað hefði verið hentugra að málið hefði legið fyrr fyrir þannig að hægt væri að gefa því betri tíma í þinginu, að menn væru ekki að vinna undir þeirri tímapressu sem sett er á með því að koma með málið inn í þingið 18. júní og leggja áherslu á að það verði klárað þannig að unnt sé að hrinda ákveðnum þáttum málsins í framkvæmd 1. júlí. Þinginu er gefinn mjög skammur tími til að fjalla um hluti sem í eðli sínu geta verið talsvert flóknir og kalla á að þingnefndir fái til sín fjölda hagsmunaaðila og sérfræðinga til að fjalla um einstaka þætti og hugsanlegar afleiðingar þess. Það verður auðvitað að koma í ljós hvernig það gengur. Vissulega höfum við séð dæmi um að þingmál hafa verið afgreidd á skemmri tíma en hins vegar er staðreynd, eins og ég vék að í fyrri ræðu minni, að það hefur lengi legið fyrir að grípa þyrfti til aðgerða í þessa veru með einhverjum hætti. Það er ekki ný staða eða eitthvað sem á að koma á óvart á vor- eða sumarmánuðum að það þurfi að gera eitthvað.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. fjármálaráðherra fyrst og fremst út í eitt atriði, það varðar ekki beinlínis efnisatriði frumvarpsins heldur annað sem vikið er að í greinargerð. Það varðar almennu aðhaldsaðgerðirnar sem getið er um í töflu á bls. 11. Eitthvað spurði ég hæstv. forsætisráðherra út í þetta áðan og eins og ég gat um kom frumvarpið í þingið í gærkvöldi og maður er að reyna að átta sig á einstökum þáttum þess. Ég vil biðja hæstv. fjármálaráðherra að hjálpa mér aðeins að átta mig á því. Þarna er talað um aðhaldsaðgerðir sem eigi að skila 1.800 millj. kr. sparnaði á þessu ári. Nú hefur verið vísað til þess með beinum og óbeinum hætti í þessum umræðum að hér sé ekki bara um markmið að ræða. Það sé búið að ákveða aðgerðir sem fylla eigi upp í þessa tölu, ef svo má segja. Það liggi fyrir listi um sparnaðaraðgerðir sundurliðaðar eftir ráðuneytum og stofnunum. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort sá listi sem verið er að tala um í því sambandi sé vinnuplagg eða hvort það sé tillaga eða ákvörðun, á hvaða stigi það mál er. Þá vil ég

líka spyrja að hvaða leyti það plagg hefur verið kynnt og hvort unnt sé fyrir þingmenn að nálgast það einhvers staðar vegna þess að það er alveg ljóst að það varðar miklu í öllum umræðum okkar um fjárhag ríkissjóðs að átta okkur á því hver staða þessara mála á vegum ríkisstjórnarinnar er. Hvort ríkisstjórnin hefur aðeins sett sér markmið og gefið fyrirmæli um einhvern sparnað hér og þar eða hvort búið er að taka ákvörðun um tilteknar ráðstafanir. Ég væri afar þakklátur hæstv. fjármálaráðherra gæti upplýst um á hvaða stigi þetta mál er og hvort þessar upplýsingar sem menn hafa verið að vísa í í umræðum með beinum og óbeinum hætti, séu aðgengilegar.

[19:00]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að ég hafi komið inn á þetta í dag í svari við ræðu að það liggja fyrir sundurliðaðar tillögur þar sem þessum aðhaldskröfum hefur verið skipt niður á ráðuneyti. Þar er í grófum dráttum skipt á þeirri grundvallarreglu að á stjórnsýslu almennt komi 2% aðhaldskrafa miðað við veltu ársins á öll ráðuneyti, á menntaþáttinn 1,6% og á velferðarþjónustuna 1%. Þessu var útdeilt þannig að á beina rekstrarliði kæmi 1,5% almennt, 1,2% á menntamálaráðuneytið og 0,75% á velferðarmálin. Síðan áttu menn að skila í viðbót aðhaldi á öðrum sviðum svo sem í tilfærslum og stofnkostnaði og samtals ná þeim markmiðum sem ég hér áður nefndi. Sá listi er til og hann hefur verið afgreiddur í ríkisstjórn og í þingflokkum stjórnarflokkanna og ég geri ráð fyrir því að þessi gögn öll geti gengið til hv. þingnefnda þegar þær fjalla um málið.

Þetta eru þegar teknar pólitískar ákvarðanir um það hvernig þessi sparnaður skuli koma niður á árinu og ramminn fyrir árið 2010 í raun og veru sömuleiðis afgreiddur. Eitthvað af þessum gögnum mun líta betur dagsins ljós þegar skýrslan um heildaráætlanirnar kemur hér fram en að öðru leyti geta þessi gögn að sjálfsögðu gengið til viðkomandi þingnefnda.

[19:01]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessi svör. Það er um þetta að segja að ég vona bara að þessar upplýsingar verði aðgengilegar sem allra fyrst vegna þess að hér er, eins og hæstv. ráðherra talar um, búið að taka pólitískar ákvarðanir sem varða einstaka málaflokka og, eftir því sem mér heyrist, einstakar stofnanir að einhverju leyti. Nú veit ég ekki nákvæmlega í hvað hann er að vísa að því leyti en ég held að það sé afar mikilvægt að þetta liggi fyrir og ef málið hefur fengið stuðning í ríkisstjórn og fengið samþykki í ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarflokkanna tel ég að við þurfum svo sem ekki að bíða eftir nefndarfundi til þess að gera þessar upplýsingar opinberar. Ef um er að ræða pólitískar ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar tel ég að það væri mjög til bóta fyrir alla umræðu um þessi mál að þessi gögn lægju skýrt fyrir.

Síðan varðandi framtíðaráætlanirnar eða heildaráætlunina hefur ég auðvitað skilning á því að það tekur einhvern tíma að koma sér saman um það og ýmsir þættir sem ráða því hvernig endanlegur frágangur þess plaggs verður. Ég verð auðvitað að játa að það hefði verið betra fyrir umræðu um þetta mál að hafa slíkt plagg í endanlegu formi fyrir framan sig. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti gefið okkur tímasetningu á því hvenær áætlað er að kynna þessa heildaráætlun um ríkisfjármálin sem hann hefur vísað til.

[19:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sundurliðunin hefur ekki verið birt fyrst og ástæðan er fremst sú vegna þess að ráðuneyti og stofnanir hafa óskað eftir því að fá að kynna þeim sem í hlut eiga það sem til þeirra friðar heyrir áður en það yrði opinbert þannig að menn fréttu ekki af slíku beint í fjölmiðlum. Þegar er farið að vinna eftir áætluninni og ráðuneyti og stofnanir hafa verið að kynna viðkomandi aðilum með bréfum og samskiptum það sem í vændum er í þessum efnum.

Varðandi heildarskýrsluna kemur hún fram í næstu viku, það er alveg á hreinu. Ég get ekki algerlega lofað því að það náist að dreifa henni hér fyrir lok þingfundar á mánudag en þó er að því stefnt, vinnist vel yfir helgina. Síðan eru reyndar nefndarfundir á þingi nokkra næstu daga þar á eftir en markmið mitt er það að þessi skýrsla komi í næstu viku, vonandi á mánudaginn.

[19:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka kærlega fyrir þá umræðu sem staðið hefur í dag og hefur verið mjög góð að mínu mati. Hér hafa menn lýst sjónarmiðum sínum og auðvitað hafa verið skiptar skoðanir um ýmislegt, aðferðir og kannski að einhverju leyti markmið og hversu bratt eigi að fara í hlutina. Ég hef þó engan mann heyrt halda neinu öðru fram hér í dag en því að það sé óumflýjanlegt og brýnt að takast á við þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við afkomu ríkissjóðs og nauðsyn þess að draga þar úr hallanum og ná tökum á hallarekstrinum til framtíðar litið þannig að við getum innan viðráðanlegra tímamarka stefnt að því að jafnvægi komist á í ríkisbúskapnum á nýjan leik. Í það heila tekið tel ég að sá andi hafi verið hér svífandi yfir vötnum og þingmenn almennt lagt mjög gott til umræðunnar.

Ég vona að mér hafi að mestu leyti tekist í andsvörum að svara þeim spurningum sem hér hafa verið fram bornar og að það sé fullnægjandi við þessa umræðu þannig að ég vil bara nota tækifærið og þakka öllum þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni og verið með í dag.

[19:06]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að hafa þetta stutt, þetta er orðið ágætt í dag. Þetta hefur verið góð umræða eins og hæstv. fjármálaráðherra kom inn á. Hér er stefnt að miklum niðurskurði og eins og við þingmenn Framsóknarflokksins höfum ítrekað bent á finnst okkur vanta inn í útgjaldaliðinn varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð þannig að við erum ekki alls kostar sáttir við það að um sé að ræða 22 milljarða

styrkingu á afkomu.

Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í hvaða væntingar hann hafi til stýrivaxtalækkunar sem verður vonandi 2. júlí nk.

[19:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð liggur alveg ljóst fyrir að gríðarlegur kostnaður hans á þessu ári upp á á þriðja tug milljarða króna er ein meginorsök þess að hallinn mundi að óbreyttu vaxa verulega á ríkissjóði frá því sem ráð var fyrir gert. Sú tekjuöflun sem hér er á ferðinni munar auðvitað heilmiklu í sambandi við afkomu Atvinnuleysistryggingasjóðs og mun vonandi þýða að hann þurfi ekki á beinum framlögum að halda, a.m.k. ekki á þessu ári og standi mun betur að vígi til að takast á við það atvinnuleysisstig sem við búum við, sem er sem betur fer reyndar ívið lægra núna en spár höfðu gert ráð fyrir. Sumir hlutir eru því heldur jákvæðari en menn óttuðust í vetur þótt hitt sé alveg ljóst að margir kvíði haustinu og í hönd farandi vetri hvað þann þátt málsins snertir.

Varðandi stýrivaxtaákvarðanir Seðlabankans er búið að kenna mér það sem ég kunni kannski ekki nógu vel fyrir í vetur að við stjórnmálamenn og alveg sérstaklega þeir sem stýra ráðuneytum á sviði efnahags- og ríkisfjármála, þurfum að vera ákaflega orðvarir í þeim efnum. Það er Seðlabankans að taka þær ákvarðanir og hann er algerlega sjálfstæður í ákvörðunum sínum, það er peningastefnunefnd bankans sem tekur þær. Ég vil bara segja það eitt að með þessu frumvarpi og þeim aðgerðum sem hér hafa verið kynntar og verða frekar kynntar á næstu dögum með ítarlegum, útfærðum aðhaldsaðgerðum fyrir árin 2009 og 2010 sem ganga lengra svo nemur næstum 10 milljörðum en hin reiknaða aðhaldsþörf er, tel ég að stjórnvöld leggi með trúverðugum hætti sitt af mörkum til þess að Seðlabankinn þurfi ekki að vera í einhverri óvissu um það og geti ekki lækkað stýrivexti sem við flest að sjálfsögðu óskum okkur að geti orðið.

[19:09]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að það þarf að styrkja Atvinnuleysistryggingasjóð og verið er að mæta þörfum hans.

Á bls. 11 í frumvarpinu er talað um að verið sé að bæta afkomuna um 22 milljarða en það virðist vera, og því er ósvarað enn þá í þessari umræðu, að það gleymist að gera ráð fyrir því að þeir 7 milljarðar sem koma í Atvinnuleysistryggingasjóð fara strax úr honum aftur. Það er vegna þess að þörfin er mikil eins og búast má við.

Ég vil engu að síður þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir viðleitni hans til þess að svara spurningum okkar þingmanna málefnalega og þetta hefur verið mjög góð umræða þó að við hefðum kannski viljað sjá meiri aðgerðir.

Ég geri mér miklar væntingar um að peningastefnunefnd líti á þessar aðgerðir sem tilefni til stýrivaxtalækkunar. Það mundi kannski koma til móts við þau heimili og þau fyrirtæki sem þurfa annars vegar að horfa upp á hækkun á skatti og hins vegar á hækkun á vísitölu vegna þess að margar af þessum aðgerðum fela í sér hækkun á vísitölu og heimilin þurfa að þola hækkun um einhverja 12 milljarða samkvæmt þessu frumvarpi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Fundi slitið kl. 19:11.

---

24. FUNDUR

mánudaginn 22. júní,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Lokafjárlög 2007, stjfrv., 57. mál, þskj. 59, nál. 153, brtt. 154. — 2. umr.
3. Bankasýsla ríkisins, stjfrv., 124. mál, þskj. 166. — 1. umr.
4. Landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálendinu, þáltill., 94. mál, þskj. 120. — Fyrri umr.
5. Ráðgjafarstofa fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, þáltill., 116. mál, þskj. 147. — Fyrri umr.
6. Þjóðaratkvæðagreiðslur, frv., 117. mál, þskj. 149. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Þór Sigurðsson, 5. þm. Reykv. n.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 10. þm. Reykv. s.
Birkir Jón Jónsson, 2. þm. Norðaust.
Bjarni Benediktsson, 2. þm. Suðvest.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 2. þm. Reykv. n.
Lilja Mósesdóttir, 6. þm. Reykv. s.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Suðurk.
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 8. þm. Reykv. n.
Siv Friðleifsdóttir, 6. þm. Suðvest.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 11. þm. Reykv. n.
Valgerður Bjarnadóttir, 6. þm. Reykv. n.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Suðvest.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Borist hefur bréf frá 9. þm. Suðvest., Þór Saari, um að hann geti ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur af persónulegum ástæðum. Í dag tekur sæti á Alþingi 1. varamaður Borgarahreyfingarinnar í kjördæminu, Valgeir Skagfjörð leikari. Kjörbréf hans hefur þegar verið rannsakað. Hann hefur ekki tekið sæti áður á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Valgeir Skagfjörð, 9. þm. Suðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:04]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Valgeir Skagfjörð hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Tilhögun þingfundar og tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármálin er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

Um klukkan hálffjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um stöðu lífeyrissjóðanna. Málshefjandi er hv. þm. Vigdís Hauksdóttir. Fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Stuðningur við Icesave-samninginn.

[15:06]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Það hefur komið skýrt fram í þjóðmálaumræðu og í sölum Alþingis sérstaklega að mikill vafi er uppi um það hvort meiri hluti sé í þinginu fyrir þeim gjörningi sem átti sér stað þegar samningamenn Íslands settu stafina sína undir samkomulagið um Icesave-reikningana við bresk og hollensk stjórnvöld. Bresk stjórnvöld hafa til að mynda nú þegar brugðist við þessu samkomulagi eða þessum drögum að samkomulagi með því að aflétta frystingu á íslenskum eignum og er augljóst að þau stjórnvöld gera ráð fyrir að þetta samkomulag hafi verið fullnustað á þingi. Það er því ástæða til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Úr því að komið hefur fram jafnskýrt að það er vafi á því hvort meiri hluti sé fyrir þessum gjörningi í þingsal, hefur breskum stjórnvöldum verið gerð grein fyrir því að þessi vafi sé uppi og að það sé jafnvel ólíklegt að samningurinn hljóti nægilega mörg atkvæði í þingsalnum til að hann verði fullnustaður? Og sé svo, þ.e. að breskum stjórnvöldum hafi verið gerð grein fyrir þessum vafa, hver voru þá viðbrögð þeirra stjórnvalda?

[15:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vona að þessar áhyggjur hv. þingmanns reynist ástæðulausar en ég þakka umhyggju hans fyrir málinu. Svarið er nei. Breskum stjórnvöldum hefur að sjálfsögðu ekki verið gerð grein fyrir neinu slíku, enda var þetta samkomulag undirritað á grundvelli þess samningsumboðs eða þeirra fyrirmæla sem framkvæmdarvaldið fékk frá Alþingi í desember um að leiða þetta mál til lykta með samningum, og í kjölfarið á því að samninganefndir með umboð frá ríkisstjórn höfðu verið skipaðar var málið þannig leitt til lykta. Það er núna verið að leggja lokahönd á frumvarp með fylgiskjölum þar sem gögn þessa máls verða framreidd og ég vonast til að það nái dreifingu hér strax eftir að þing kemur saman að nýju eftir nefndadaga sem eru fram undan frá og með morgundeginum. Ég held að hv. þingmenn geri réttast í því að anda rólega, þó að ég þakki umhyggjuna eins og áður segir, og bíða þess að málið komi fyrir þing.

[15:08]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég vil í engu draga úr umhyggju minni fyrir hæstv. fjármálaráðherra um leið og ég í þeirri umhyggju sem snýr ekki að hæstv. ráðherra persónulega heldur að ríkissjóði verð að segja að vissulega hljótum við þingmenn að hafa áhyggjur af því að erlent stjórnvald hafi nú þegar gripið til aðgerða á grundvelli þessa samkomulags sem síðan er alveg ljóst að eru miklar efasemdir um að njóti fulltingis Alþingis. Þess vegna hefur hæstv. ráðherra verið spurður áður hvort hann hafi haft það tryggt þegar samningamönnunum var heimilað að skrifa undir að það væri meiri hluti fyrir slíku í hans eigin þingflokki og þingflokki Samfylkingarinnar þannig að málið hlyti brautargengi á þingi. Vissulega er það á grundvelli þeirrar samþykktar sem hér var samþykkt á síðasta ári en þar voru sett ákveðin skilyrði fyrir þessum samningi, hvaða skilyrði hann yrði að uppfylla til að Alþingi samþykkti hann og það er mat margra manna að svo sé ekki.

[15:09]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í innantöku Sjálfstæðisflokksins sem leitar sér leiða til að hlaupast frá ábyrgð sinni í þessu máli sem er mikil en kúnstugar þykja mér þær æfingar, það verð ég að segja. Það var hluti af samkomulaginu að Bretar afléttu frystingunni fyrir 15. júní og það hafa þeir gert. Það er sömuleiðis í samkomulaginu gengið frá forsendum gildistöku samkomulagsins og ein af þeim er að Alþingi fallist á þá ábyrgð á eftirstöðvum samningsins frá og með 2016 sem samningurinn gengur út frá. Þegar frumvarpið kemur til þings gerist það væntanlega með hefðbundnum hætti og málið fer í hendur Alþingis og örlög þess ráðast þar.

Upplýsingar um Icesave-samninginn.

[15:10]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Nú hefur þjóðin og fulltrúar hennar á þingi

hægt og bítandi fengið meiri upplýsingar er varða Icesave-samninginn. Gott væri ef hæstv. fjármálaráðherra gæti orðið við því að svara eftirfarandi spurningum okkar til að fá betri innsýn á þekkingu ráðherrans á málinu:

1. Er það rétt að 5.000 aðilar til viðbótar við íslenska þjóðarbúið hafi rétt á að gera kröfur í eignasafn Landsbankans?

2. Er það rétt að hin virta breska endurskoðendaskrifstofa CIPFA hafi eingöngu stuðst við tölur frá skilanefnd Landsbankans þegar hún lagði mat á heimtur eigna Landsbankans, samanber skýrslur CIPFA sem hægt er að sækja á vef þeirra er varða málefni Landsbankans?

3. Hefur hæstv. fjármálaráðherra fengið að sjá eignasafnið? Ef ekki, mun hann eiga kost á að sjá það?

4. Er það rétt að það séu aðeins fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hafa séð þetta safn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar en ekki samninganefndin sjálf? Er það rétt að þessir fulltrúar hafi lagt blessun sína á þetta mat fyrir hönd þjóðarinnar?

5. Munu þingmenn eiga þess kost að sjá eignasafnið áður en þeim er gert að greiða atkvæði um þennan samning? Ef svo er ekki gerir þá hæstv. fjármálaráðherra sér grein fyrir því að þingmenn mega ekki greiða atkvæði um mál sem þeir eru ekki með sanni upplýstir um?

[15:12]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Varðandi svar við fyrstu spurningunni kemur það væntanlega í ljós í kröfulýsingarferlinu hve margir, annars vegar forgangskröfuhafar og hins vegar almennir kröfuhafar, geta lýst kröfum í bú gamla Landsbankans en það er örugglega umtalsverður fjöldi.

Varðandi það á hvaða gögnum þessi breska endurskoðunarstofnun byggði, þá þekki ég það að sjálfsögðu ekki en ég geri ráð fyrir að hún hafi nálgast gögn frá skilanefnd gamla Landsbankans enda erfitt að meta málið nema hafa þau undir höndum. Ég vil þó setja þann fyrirvara á að sérfróðir aðilar sem hafa skoðað þá skýrslu telja að hún kafi kannski ekki mjög djúpt í málið, og ég held að mat skilanefndar Landsbankans sjálfs og þeirra endurskoðunarskrifstofa og lögfræðiskrifstofa sem skilanefndin hefur sér til aðstoðar séu væntanlega bestu fáanlegar upplýsingar um þetta mál.

Svarið við þriðju spurningunni er já. Ég hef séð yfirlit yfir þessar eignir. Ég hef skoðað það með forustumönnum skilanefndar Landsbankans og ég hef séð nýjasta mat á því sem staðfestir í aðalatriðum óbreytta stöðu eins og hún var metin fyrr í vetur. Slíkt yfirlit verður örugglega aðgengilegt fyrir hv. þingmenn að því marki sem það er það ekki nú þegar, því að skilanefnd Landsbankans hefur veitt almennar upplýsingar og sett á vefinn almennar upplýsingar um flokkun þessara eigna og hlutfall þeirra milli Íslands, Bretlands, Hollands og Kanada en þar liggja þessar eignir aðallega, í þessum fjórum löndum.

Ég er búinn að sitja á Alþingi eitthvað á 27. ár og mér er það vel ljóst að þingmenn eiga að sjálfsögðu að taka upplýstar ákvarðanir og hafa öll gögn sem fáanleg eru til að byggja á afstöðu sína, item hafa tíma til að rannsaka málin og kynna sér þau. Í stórum málum af þessu tagi þarf auðvitað öll málsmeðferð að vera vönduð og við munum leggja okkur fram eins og við mögulega getum að auðvelda þingmönnum að hafa slíkan aðgang að gögnum.

[15:14]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svör hans. Mér skildist á fréttum í dag að þetta eignasafn hefði rýrnað töluvert mikið síðan lagt var á það mat síðast eða um 100 milljarða eða eitthvað slíkt.

Í öðru lagi er alveg ljóst út frá þeirri skýrslu sem ég skoðaði frá CIPFA í morgun að það er ekki kafað djúpt í neitt, þeir hafa ekki séð eignasafnið, þeir hafa eingöngu farið eftir þeim tölum sem við fengum og hægt er að fá á vefnum á Island.is og er alls ekki til þess fallið að maður geti tekið upplýsta ákvörðun eða metið þetta á heildstæðan hátt.

[15:15]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Varðandi þetta eignasafn er eins og ég segi að sjálfsögðu rétt og skylt að reyna að reiða fram allar mögulegar upplýsingar um það sem hægt er að gera aðgengilegar eftir því sem þær eru best fáanlegar, en þetta eru náttúrlega lánasöfn og ýmsir slíkir hlutir sem ég veit ekki hvort hægt er að fara að sundurliða og brjóta niður á einstaka aðila eða einstök nöfn eða kennitölur. En stærstu þættirnir í þessu eiga auðveldlega að vera aðgengilegir.

Ég hafði ekki tíma til að svara spurningunni með Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Mér er mjög til efs að hann hafi verið að rýna ofan í þetta eignasafn og efast stórlega um að hann telji það sitt hlutverk. Það eina sem hann hefur metið er heildarsamkomulagið eða niðurstaðan. Eftir að hún lá fyrir var aflað heimilda frá viðsemjendunum um að senda Alþjóðagjaldeyrissjóðnum samninginn til þess að hann gæti lagt mat á hann sem hluta af heildarmati sínu á greiðslustöðu þjóðarbúsins og skuldastöðu. Það er eina aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að þessu máli með slíkum hætti sem mér er kunnugt um.

Vandi íbúðakaupenda með myntkörfulán.

[15:16]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Ég er hingað kominn til að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra um aðgerðir til þess að koma til móts við mjög bága stöðu þeirra Íslendinga sem tekið hafa húsnæðislán í erlendri mynt. Það liggur fyrir að stór hópur fólks á Íslandi tók upplýsta ákvörðun að gefnum ráðleggingum þess efnis að fjármagna húsnæðiskaup með svokölluðum myntkörfulánum. Það gerði þessi hópur m.a. á þeim forsendum að hann taldi að verðtryggð íslensk lán væru ekki samkeppnishæf við þessi lán hvað vexti varðaði og annað. Meginþorri einstaklinga í þessum hópi gerði útreikninga sem gerðu ráð fyrir því að gengið mundi jafnvel sveiflast um 30, 40 eða jafnvel 50%.

Það sem kom fyrir þennan hóp lántakenda eftir að hann gerði útreikninga sína er ekki hægt að lýsa með öðru orði en „hamförum“. Höfuðstóll þessara lána hefur hækkað um kannski 100% og upp úr og við höfum ekki enn þá séð nein

úrræði frá ríkisstjórninni til að taka á nákvæmlega þeirri stöðu, þ.e. hækkun höfuðstóls. Boðið er upp á teygjur og lengingar.

Það hlýtur allur þingheimur, bæði hæstvirtir og háttvirtir, að vera sammála um að þeim leikfimisæfingum verður að linna, það verður að gera eitthvað til að takast á við það að höfuðstóllinn hefur hækkað sem þessu nemur vegna þess að þetta fólk er í skuldafangelsi. Nú eru farnar að berast fregnir af því að fjölskyldur íhuga að flytja úr landi vegna stöðu sinnar. Það bárust fréttir af því um helgina að sex manna fjölskylda í Hafnarfirði, sem gerði það eitt að kaupa húsnæði á slíkum lánum, íhugar nú flutninga úr landi vegna þess að hún getur ekki tekist á við höfuðstól af þessari stærðargráðu og það stóð heldur aldrei til.

Ég spyr því hæstv. viðskiptaráðherra: Hvaða úrræði býður ríkisstjórnin upp á (Forseti hringir.) gagnvart þessu fólki?

[15:18]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni fyrirspurnina. Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þingmanni að mörg þeirra heimila sem skuldsettu sig í erlendri mynt, sérstaklega vegna fasteignakaupa, hafa horft upp á höfuðstól lánanna aukast mjög verulega, jafnvel ríflega tvöfaldast ef skuldirnar voru í myntum eins og jenum og svissneskum frönkum. Það er talsverður fjöldi sem er í þeirri stöðu. Ef ég man rétt kom það fram í úttekt Seðlabankans að um 3% þeirra sem eru með húsnæðislán væru með þau alfarið í erlendri mynt og 8% að auki væru með lán að hluta í erlendri mynt og að hluta í innlendri. Það er hlutfallið um það bil.

Viðbrögðin við þessu hafa verið ýmiss konar. Það er alveg rétt, eins og hv. þingmaður benti á, að fólki hefur verið boðið að lækka allverulega mánaðarlegar greiðslur vegna þessara lána, um það bil þannig að þær hafi verið færðar aftur til þeirrar upphæðar sem átti að greiða í maí 2008 áður en krónan fór að gefa verulega eftir. Það er hins vegar alveg rétt að það breytir ekki neinu um höfuðstól lánanna, hann lækkar í sjálfu sér ekki, alla vega ekki sjálfkrafa, nema krónan styrkist.

Því til viðbótar hefur verið gripið til úrræða sem felast í því að lánastofnanir og Íbúðalánasjóður hafa skuldbundið sig til þess að bjóða upp á sambærileg úrræði, reyndar ekki bara fyrir þessa lántakendur heldur fyrir ýmsa aðra líka. Það felur í sér að þeir sem t.d. hafa orðið fyrir tekjutapi geta fengið talsvert meiri lækkun mánaðargreiðslna, jafnvel algjöra frystingu.

Það má vera að það nægi ekki og þá stendur upp á ríkisstjórnina að bæta í og það kann vel að vera að verði gert.

[15:20]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Þetta svar olli mér vonbrigðum. Við verðum að setja þetta í tölulegt samhengi. Fjölskylda sem skuldaði 30 milljónir í myntkörfuláni skuldar núna 60 eða meira. Það er verulegt högg fyrir fjölskyldu.

Við getum tekið annað dæmi fyrst ég er byrjaður: Fjölskylda sem skuldaði 50 milljónir skuldar núna 100 eða upp úr. Það hlýtur að vera „katastrófa“ fyrir heimili í landinu sem eru í þessari stöðu. Mér finnst það áhyggjuefni, vegna þess að við sjáum ekki fram á styrkingu krónunnar samkvæmt öllum hagspám í bráð, ef hæstv. viðskiptaráðherra er ekki reiðubúinn að íhuga úrræði eins og t.d. að lántakendum í þessari stöðu sé gefinn kostur á því að breyta lánum sínum í verðtryggð íslensk lán miðað við lántökudag. Þetta er tillaga sem m.a. Hagsmunasamtök heimilanna hafa verið með. Er hæstv. viðskiptaráðherra ekki reiðubúinn að íhuga lausn af þessu tagi?

[15:22]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Ég er til í að íhuga margt en ég ætla ekki að lofa neinu um að niðurstaðan verði eitthvað í líkingu við það sem hv. þingmaður óskar eftir.

Ég vil benda á annað og það má m.a. lesa út úr þessari skýrslu Seðlabankans að stærstur hluti af þeim sem þó eru með erlend lán eru í skilum og reyndar er greiðslubyrðin ekki endilega mjög há hjá þeim öllum í hlutfalli við tekjur vegna þess að það voru alla jafna tekjuhæstu fjölskyldurnar sem tóku erlendu lánin.

Það breytir því hins vegar ekki að þó að einhver hluti eigi ekki í vandræðum er þó hópur fólks í vandræðum og það er sá hópur sem við verðum að horfa á og reyna að gera hvað við getum til þess að bjarga.

Það má vel vera að krónan styrkist ekki á næstu tveimur eða þremur árum en í ljósi þess að lánin eru til 25, 30 eða 40 ára skiptir það kannski ekki alveg öllu máli ef fólk fær að búa í húsunum sínum og er ekki neytt til þess að selja núna þegar gengið er hvað óhagstæðast.

Vextir af Icesave.

[15:23]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Það kom fram hjá fulltrúum skilanefndar Landsbankans á fundi hv. efnahags- og skattanefndar í morgun að þeir vextir sem greiðast af láninu sem ríkið mun veita ríkisábyrgð á eru Landsbankanum óviðkomandi, þ.e. að ríkið mun þurfa að borga þá alveg eitt og sér. Hér er um að ræða mjög háa upphæð, hún getur að hámarki orðið um 300 milljarðar en líklega verður hún um 180 milljarðar. Samanlagt þegar maður bætir við 25% af skuldinni geta þetta orðið 340–400 milljarðar sem ríkissjóður skuldar við upphaf átta ára tímabilsins þegar greiðslur hefjast. Það þýða 53–63 milljarðar á ári.

Nú er útflutningur sjávarútvegsins sirka 120 milljarðar. Það þýðir það að við þurfum að afhenda annan hvern fisk til útlendinga sem þýðir að þeir eru komnir á 50% hlut hjá íslenskum fiskiskipum og þá á eftir að borga netin, olíuna og skipin.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er þetta eitthvað sem hann áttaði sig á þegar hann skrifaði undir samninginn? Er þetta eitthvað sem Íslendingar geta borgað til viðbótar við allt hitt, bankahrunið, jöklabréfin o.s.frv.?

[15:24]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég get ekki svarað fyrir hluti sem fram

komu á fundi þingnefnda í morgun þar sem ég var ekki. Nú veit ég ekki hvernig menn hafa lagt þá hluti þar upp en það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að það mun skipta miklu fyrir ríkið hversu hratt höfuðstóllinn og þar með vaxtakostnaðurinn lækka. Þeir borgast niður á sjö ára tímabilinu og ráða miklu um eftirstöðvar reikningsins. Verið er að vinna gögn sem fylgiskjöl með þessu frumvarpi eins og ég hef áður sagt í dag í einni af þremur fyrirspurnum um þetta mál. Seðlabankinn fer með þetta mál og mun fyrst og fremst bera ábyrgð á þeim gögnum sem fram koma með málinu og tengjast mati á greiðslubyrðinni og greiðslugetu ríkissjóðs. Svarið er að sjálfsögðu já, menn reikna með að ríkið ráði við þetta ásamt öðrum skuldum sínum því að vonandi mun okkur ganga vel á því sjö ára tímabili sem við höfum til að koma okkur í gegnum mestu erfiðleikana, að byggja okkur upp, greiða upp lán eða skila öðrum lánum sem við munum taka eða halda tímabundið, m.a. til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann. Staðan ætti því að vera mun betri þegar að því kemur að takast á við þetta árið 2016.

Að öðru leyti vona ég að menn geti síðan rætt málið á grundvelli ítarlegra gagna þegar það kemur fyrir þingið.

[15:26]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mér finnast þetta vera frekar uggvænleg tíðindi til viðbótar við það sem fram kom á fundinum, að matið sem menn legðu á þessar eignir, þ.e. ef hægt er að borga 83%, væri með verulega mikilli óvissu sem menn höfðu ekki metið. Það er því ekki einu sinni víst að það greiðist sem menn ætla að greiðist af þessum eignum og náist inn fyrir utan það að greiðsluflæðið á þessum eignum er eiginlega síðast á tímabilinu. Þetta er það sem kallað er afturskotið dæmi, þ.e. það er mjög lítið sem greiðist fyrst og flestar greiðslurnar koma síðast þannig að lánið þarf að vera tiltölulega mikið meira hlutfallslega í byrjun en í lokin, vextirnir verða því örugglega ekki lægri en þetta.

[15:27]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er alveg hárrétt að það er heilmikil óvissa í þessu máli, það hefur aldrei verið dregin nein dul á það. Í því sambandi ber að skoða það öryggisákvæði sem er í samningnum, það er ekki ætlunin að ofgera greiðslugetu íslensks þjóðarbús með þessu máli. Undir það er ritað að versni staða okkar frá því sem hún var metin vera í nóvember sl. og/eða að greiðslurnar verði þannig íþyngjandi fyrir okkur að við ráðum illa við þær, ég tala nú ekki um alls ekki, verður málið tekið upp á nýjan leik. Enda dettur auðvitað engum í hug og það þjónar engum góðum tilgangi að ofgera greiðslugetu íslenska þjóðarbúsins með þessu máli. Þeir sem lána almennt peninga hafa yfirleitt áhuga á því að sá sem tók lánið geti borgað það til baka, eins og ég veit að hv. þingmaður þekkir vel.

Þó að mönnum lítist misvel á þetta, sem eðlilegt er, getum við velt fyrir okkur hinum kostinum sem ég hef ekki heyrt hv. þingmann gera. Ef honum líst ekki á þetta, hvað leggur hann þá til?

Heilsufélag Reykjaness.

[15:28]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Undanfarin ár hefur hópur frumkvöðla unnið að undirbúningi og stofnun heilbrigðisfyrirtækis á Suðurnesjum. Að félaginu standa aðilar sem vilja byggja upp heilsutengda ferðaþjónustu, heilsutengda atvinnustarfsemi, þar af eflingu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu og rannsókna og þjálfunar á heilbrigðissviði.

Áætlað er að fyrirtækið muni skapa um 300 störf á næstu árum. Viðskiptahugmynd fyrirtækisins byggir á því að nýta fullkomnar en vannýttar skurðstofur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og nýta húsnæði á gamla vallarsvæðinu til framhaldsmeðferða og endurhæfingar. Búið er að ná samningum við erlenda skjólstæðinga sem vilja komast í meðferðir hér á landi en kaupendur þjónustunnar eru erlendir, opinberir aðilar. Allt er til staðar til að hefja rekstur, aðstaðan og viðskiptavinirnir.

Það er mikilvægt að hafa í huga að hér er ekki verið að blanda saman viðskiptahugmynd þessa fyrirtækis við einkavæðingu heilbrigðisþjónustu, þ.e. hér er einungis miðað við að nýta betur þá fjárfestingu sem ríkið hefur nú þegar lagt út í, þ.e. menntun starfsfólks og uppbyggingu hágæðaskurðstofa. Athuga ber að ríkisvaldinu yrði greitt fyrir þá þjónustu sem það mundi veita.

Valkostur frumkvöðlafyrirtækisins er að byggja sínar eigin skurðstofur og legudeild en slíkt yrði ákaflega óhagkvæmt fyrir alla aðila, óþarfur startkostnaður þegar fyrir liggur að núverandi aðstaða er ekki vel nýtt. Forsvarsmenn þessa fyrirtækis hafa ítrekað reynt að ná eyrum ráðuneytisins með þetta erindi og mig langar því að spyrja ráðherrann um hug hans til þessarar viðskiptahugmyndar og hvort ráðherra geti ekki hugsað sér að ná samstarfi með þeim hætti sem hér er stungið upp á.

Ég spyr enn fremur: Felst ekki í því umtalsverð verðmætaaukning að nýta betur þá fjárfestingu sem lagt hefur verið út í með því að leigja hana áfram? Eigum við ekki að horfa til óhefðbundinna lausna á núverandi tímum og þá sérstaklega þegar við horfum til þeirrar innspýtingar sem þetta viðskiptamódel hefur í för með sér fyrir nærsamfélagið?

[15:30]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Fyrst ein örlítil leiðrétting. Viðkomandi aðilar hafa náð eyrum heilbrigðisráðuneytisins og þá þess sem hér stendur. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er vikið að heilsutengdri heilbrigðisþjónustu, enda hefur Ísland upp á mikið að bjóða í þeim efnum. Við eigum fallegt land og getum boðið upp á gott umhverfi, hreint loft, sundlaugar undir beru lofti og leirböð, og fólk sem býr yfir kunnáttu til að nudda vellíðan í gesti okkar.

Það sem hv. þingmaður víkur hins vegar að hér er nýting á skurðstofum á sjúkrahúsum á Suðurnesjum. Þar vandast málið, þar er ekki alveg allt sem sýnist. Hv. þingmaður segir að fyrir aðkomumenn greiði erlendir aðilar. Hverjir eru það? Það eru almannatryggingakerfin á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Það er einkum horft til Evrópu

að því er mér skilst en um þau mál standa talsverðar deilur. Þetta er nokkuð sem er núna til umfjöllunar á vettvangi Evrópusambandsins, hvernig eigi að fara með viðskipti á heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.

Fyrir dyrum stendur fundur heilbrigðisráðherra Norðurlandanna í Jönköping í Svíþjóð þar sem tekið verði á þessum málum. Um þetta er ekki fullkomin sátt, nema síður sé, og þar eru atriði sem við viljum að sjálfsögðu horfa nánar til.

Varðandi nýtingu á skurðstofum á Suðurnesjum og annars staðar (Forseti hringir.) eru umræður um það í gangi. Í morgun var ágætur fundur þar sem saman komu fulltrúar allra heilbrigðisstofnana á suðvesturhorninu þar sem m.a. var verið að skoða þau mál.

[15:33]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir viðbrögð hans í þessu máli og hvet hann til dáða hér á landi sem erlendis. Sérstaklega var ég ánægður með viðbrögð hans til þeirra viðhorfa sem fram hafa komið í Samfylkingunni og Vinstri grænum um uppbyggingu á heilsutengdri ferðaþjónustu. Þarna er um að ræða flottustu skurðstofur landsins sem eru ekki nýttar með sem allra bestum hætti og það væri gott að horfa til óhefðbundinna leiða til að nýta betur þá fjárfestingu sem við höfum þegar lagt út í, jafnframt sem við höfum frábært tækifæri til að styrkja Reykjanesið sem býr við allt of mikið atvinnuleysi í dag.

[15:33]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ítreka að við eigum ekki að loka dyrum á neinar hugmyndir en vil þó nefna að málið er ekki alveg eins einfalt og það virðist við fyrstu sýn. Þegar fólk gengst undir skurðaðgerð þarf að vera til staðar sjúkrahús sem getur tekið við þeim tilfellum þar sem illa tekst til og ég hef alltaf sagt að menn geti reist öll þau sjúkrahús sem þeir vilja, einkaaðilar geta gert það, það er ekkert sem kemur í veg fyrir slíkt, en þegar skattborgarinn á að borga fyrir þjónustuna eða gangast í einhvers konar ábyrgð þarf að skoða málin betur.

Þessi mál eru öll í athugun og við skoðum þetta allt með opnum huga. Að sjálfsögðu er grundvallaratriði að heilbrigðisþjónustan sé skipulögð (Forseti hringir.) út frá langtímahagsmunum samfélagsins en ekki hugsanlegum stundarhagsmunum og viðskiptasjónarmiðum.

Umræður utan dagskrár.

Staða lífeyrissjóðanna.

[15:35]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér á landi geisar fjármála- og auðlindastríð sem háð er af fjármagnseigendum og lánardrottnum, sem ríkisstjórn Íslands styður svo dyggilega, á móti örþjóð. Stjórnvöld virðast ekki átta sig á hvað er í húfi fyrir íslenska þjóð. Hluti af þessu stríði er afneitun á stöðu lífeyrissjóðanna í landinu.

Hrein eign lífeyrissjóðanna var um áramótin 2007–2008 1.697 milljarðar kr. Eftir fall íslensku viðskiptabankanna í september á síðasta ári hefur reynst ómögulegt að fá uppgefið hver staða þeirra er. Að vísu er opinbera staðan gefin 1.644 milljarðar um síðustu áramót, en aðilar úr viðskiptalífinu hafa bent á að ekki sé mark takandi á þeim upplýsingum þar sem allar forsendur fyrir uppgjörum lífeyrissjóðanna eru ekki marktækar. Sem dæmi má nefna að úrvalsvísitala Kauphallarinnar féll um 94,5% við hrunið. Enginn veit nákvæmlega hvers virði gjaldmiðlaskiptasamningarnir sem gerðir voru glórulaust eru, ekki er nokkur leið að fá uppgefið hjá lífeyrissjóðunum á hvaða gengi þeir voru gerðir í upphafi. Þær röksemdir að samningarnir hafi verið gerðir til að verja eignir erlendis halda ekki vatni, og hvaða vit er í því að hafa allt upp í tæplega 40% af hreinni eign eins lífeyrissjóðs í slíkum samningi þar sem útstreymi og innstreymi sjóðsins er í íslenskum krónum? Auk þess neita lífeyrissjóðirnir að gefa upp skuldabréfastöðu í fyrirtækjum og ekki er nokkur leið að fá uppgefið hverjir eru útgefendur skuldabréfasafna lífeyrissjóðanna. Í ræðu Arnars Sigurmundssonar, formanns stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóðanna, á aðalfundi 14. maí 2009 kemur fram, með leyfi forseta:

„Eignarýrnun lífeyrissjóðanna á síðasta ári kemur skýrt fram í rúmlega 20% neikvæðri raunávöxtun þeirra á árinu og má ætla að það hlutfall gefi glögga mynd af stöðu sjóðanna í árslok 2008.“

Þetta eru nýjustu upplýsingarnar sem ég gat fundið um stöðu lífeyrissjóðanna fyrir umræðurnar hér. En hvað þýðir nákvæmlega þessi yfirlýsing? Hvað á maðurinn við? Er hann að meina að hægt sé að færa þá 1.644 milljarða sem talað er um að sjóðirnir hafi átt í árslok 2008 niður um 20%? Af hverju er ekki tekið mið af ónýtum pappírseignum lífeyrissjóðanna? Af hverju er ekki farið í afskriftir með einu pennastriki? Hverja er verið að vernda?

Ein krafa lífeyrissjóðanna er að gjaldmiðlaskiptasamningum sem lífeyrissjóðirnir skulda gömlu bönkunum verði skuldajafnað upp í töpuð bankaskuldabréf. Hvernig eiga skilanefndirnar að geta tekið þessa kröfu fram yfir aðrar í skuldaröðinni? Ekki getur almenningur skuldajafnað töpuðum séreignarsparnaði sínum á móti skuld við Íbúðalánasjóð svo dæmi sé tekið.

Nú hefur komið í ljós að lífeyrissjóðirnir voru í afar áhættusæknum fjárfestingum og hafa tapað gríðarlegum upphæðum. Til að fegra stöðuna fyrir sjóðfélögum er reynt að halda lífi í líkinu með margs konar brellum, eins og t.d. hótunum um að höfða mál á hendur gömlu bönkunum til að fá úr því skorið hvort rétturinn sé ekki lífeyrissjóðanna varðandi gjaldmiðlaskiptasamningana. Minni ég á að með neyðarlögunum var dómstólaleiðin felld niður á hendur gömlu bönkunum og því er þessi leið ekki fær. Rétt er að geta þess hér að rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna er óheyrilegur, tæpir 4 milljarðar á ári. (**Gripið fram í:** Nú?) Ávöxtun þeirra er léleg þrátt fyrir góðærið og hefur síðustu 10 ár jafnað sig í kringum 3% á meðan venjulegur verðtryggður innlánsreikningur í bönkunum hefur borið 6% vexti á sama tímabili.

Maður spyr sig: Hvað hafa lífeyrissjóðirnir verið að gera síðustu áratugina?

Virðulegi forseti. Nú spyr ég hæstv. fjármálaráðherra:

Hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn krafist þess að lífeyrissjóðir landsmanna verði þjóðnýttir eins og þeir gjarnan gera þegar þeir koma ríkjum til aðstoðar og einhver vísir að lífeyrissjóðakerfi eða sjóðum er til staðar í viðkomandi ríki?

Hvaða skoðun hefur hæstv. fjármálaráðherra á gegndarlausum gjaldmiðlaskiptasamningum lífeyrissjóðanna sem þeir sitja nú uppi með í gömlu bönkunum?

Nú hefur verið boðað að um miðjan júlí verði nýju bankarnir stofnaðir. Verður uppgjöri við lífeyrissjóðina lokið þá og hvaða skoðun hefur hæstv. fjármálaráðherra á því að lífeyrissjóðirnir komi að uppbyggingu Íslands fyrr en fullnaðaruppgjöri þeirra er lokið og staðan er klár?

[15:40]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Sem betur fer er staða lífeyrissjóðanna áfram mjög sterk þrátt fyrir mjög slaka ávöxtun þeirra á síðasta ári. Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggist eins og alkunnugt er upp á sjóðasöfnun en er ekki gegnumstreymiskerfi eins og mörg nágrannalönd okkar sitja uppi með og horfa flest til okkar og annarra landa sem hafa byggt upp söfnunarsjóði til eftirbreytni. Það er enginn minnsti vafi á því í mínum huga, þó að gefið hafi á bátinn hjá lífeyrissjóðunum og misjafnlega sé um þá talað og stundum með réttu, að það er ein mesta gæfa okkar Íslendinga að hafa ratað inn á það spor sem við gerðum þegar við hófum uppsöfnun lífeyrisréttinda um 1970. Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og þess vegna hefur sem betur fer slök ávöxtun eins árs eða stutts tímabils takmörkuð áhrif svo fremi sem ávöxtun þeirra til langs tíma litið sé viðunandi. Aðalatriðið er auðvitað það að kerfið í heild sinni hafi getu til að ráða við lífeyrisskuldbindingar framtíðarinnar.

Í lok árs 2008 voru heildareignir lífeyrissjóðanna metnar tæpir 1.650 milljarðar eins og réttilega kom fram hjá hv. málshefjanda og sé litið til þess og þrátt fyrir það mikla högg sem nú hefur komið á lífeyrissjóðina að undanförnu eru þetta rúmlega 10% meiri eignir en þær voru í árslok 2006. Heildareignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins eru eitt hæsta hlutfall, ef ekki beinlínis það hæsta, sem þekkist í heiminum samkvæmt heimildum OECD. Það er talið að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði nálægt 120 milljörðum kr. á næsta ári og er þá gert ráð fyrir sæmilega hagstæðu uppgjöri á gjaldmiðlaskiptasamningum þeirra við bankana. Að vísu sýna síðan áætlanir að ráðstöfunarfé þeirra muni lækka nokkuð á næstu árum, m.a. vegna hrunsins og þess að þessar greiðslur af skuldabréfum til íslenskra fyrirtækja skila sér ekki eða með lakari hætti en ráð var fyrir gert, þannig að gera má ráð fyrir því að þetta ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna fari niður í eða niður fyrir 100 milljarða á árunum 2013–2014. Þrátt fyrir þetta er engin ástæða til að örvænta yfir stöðu lífeyrissjóðanna. Þeir standa tiltölulega sterkt og hafa staðið þennan storm jafn vel eða betur af sér en sambærilegir sjóðir víðast hvar um heiminn. Jafnvel norski olíusjóðurinn getur ekki státað af betri útkomu en íslensku lífeyrissjóðirnir á undanförnum missirum.

Aðalatriðið er að lífeyrissjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar til lengri tíma litið nokkurn veginn eins og að þeim hefur verið stefnt og haldið áfram að vera styrkar stoðir fyrir fjármögnun ríkis, sveitarfélaga og þátttakendur í uppbyggingu efnahags- og atvinnulífs. Í ljósi þess sem ég hef sagt liggur fyrir að íslenska lífeyrissjóðakerfið mun á næstu árum hafa áframhaldandi og umtalsvert bolmagn til að taka þátt í uppbyggingu efnahagslífsins. Það munar um minna en 100 milljarða ráðstöfunarfé á hverju ári.

Vegna þess að séreignarsparnaðurinn hefur verið áhugaefni á þingi má geta þess í framhjáhlaupi að nú liggur fyrir að um 28.000 manns hafa sótt um að fá greiddan út séreignarsparnað upp að allt að 1 millj. kr., samtals um 17 milljarða kr. Áætlaður tekjuskattur af þeirri fjárhæð er um 4 milljarðar og útsvar um 2,2 milljarðar. Í árslok 2008 var séreignarsparnaðarhlutinn áætlaður um 300 milljarðar kr.

Þá að spurningum hv. þingmanns. Hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn farið fram á að þjóðnýta íslensku lífeyrissjóðina? Nei, ekki er mér kunnugt um það, ég hef aldrei heyrt það nefnt. Það hefur aldrei borið á góma í mínum samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ég hef hvergi séð stafkrók um slíkt í neinum plöggum sem tengst hafa samskiptum við hann. Ég held að algerlega ástæðulaust sé að hafa af því áhyggjur. Þvert á móti býður mér í grun að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn meti einmitt styrk íslenska lífeyrissjóðakerfisins og sérstaklega vænt tekjustreymi ríkis og sveitarfélaga með vaxandi útgreiðslum séreignarsparnaðar á komandi árum sem eina okkar styrkustu stoð til að ráða við efnahagsáfallið og skuldirnar sem nú lenda á ríkissjóði og sveitarfélögum.

Telur ráðherra rétt að lífeyrissjóðir geri gjaldmiðlaskiptasamninga? Ég hef ekki mikla skoðun á því. Sjálfsagt hafa einhverjir þeirra farið ógætilega í þeim efnum, eins og fjöldamargir fleiri aðilar. En þetta var tíska þess tíma, allir töldu sig þurfa að gera slíka samninga til að lágmarka gjaldeyrisáhættu sína og sitja nú uppi með það.

Verður staða lífeyrissjóðanna og endanlegt uppgjör ljóst þegar bankarnir hafa verið fjármagnaðir upp úr miðjum júlí? Nú er það svo að lífeyrissjóðirnir eiga fyrst og fremst kröfur á gömlu bankana og það sem út úr því kemur tekur lengri tíma að skýrast. Sömuleiðis eignir þeirra í mörgum fyrirtækjum sem lent hafa í erfiðleikum þannig að ég er ekki viss um að sá atburður sem slíkur breyti miklu um það (Forseti hringir.) og skýri endanlega stöðu lífeyrissjóðanna en að lokum minni ég bara á að þeir sæta mjög strangri aðhaldi og eftirliti um fjármál sín eins og menn hafa orðið varir við undanfarna daga þannig að ég held að menn geti treyst því bæði hvað varðar endurskoðun og tryggingafræðilega úttekt á stöðu þeirra að þeir eru undir mjög stífar reglur settir.

[15:45]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur fyrir að vekja máls á stöðu lífeyrissjóðanna. Hrunið í haust hefur valdið því að eignir þeirra hafa rýrnað og þeir hafa margir þurft að grípa til þess ráðs að skerða lífeyri því að það er þannig með almennu lífeyrissjóðina öndvert við opinberu sjóðina að þeir hafa ekki bakhjarl og þurfa að grípa til þess að skerða lífeyri þar sem þeir geta illa hækkað iðgjaldið vegna bágrar stöðu fyrirtækja og launþega. Þessi skerðing lífeyris kemur náttúrlega mjög illa við lífeyrisþega í almennu sjóðunum. Þarna er verið að tala um 6% og 10%

skerðingu og það getur munað mjög mikið um það hjá einstaklingi sem er ekki með mikið til ráðstöfunar.

Það kom í ljós í hruninu að bankarnir voru mjög samtengdir fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum í atvinnurekstri og komu inn í það sem menn hafa nefnt krosseignarhald og dóminó-áhrif. Það vekur upp spurningar um það af hverju sjóðfélaginn, hinn almenni sjóðfélagi komi ekki betur og meira að kjöri stjórnar lífeyrissjóðanna. Þetta hef ég bent á mörg undanfarin ár. Ég held að það sé mjög brýnt núna að auka vægi og þunga þess að sjóðfélagar geti sjálfir kosið það fólk sem fer með fjöregg þeirra, eignina í lífeyrissjóðunum og ráðstöfun hennar.

Varðandi gjaldmiðlasamninga lífeyrissjóðanna þá voru þeir á margan hátt eðlilegir því að lífeyrissjóðirnir eiga mikið af eignum sem eru í erlendri mynt og þeir vildu minnka þá áhættu að sú mynt mundi lækka í verði eða hækka mikið. Nú hefur það gerst að eignin hefur hækkað mikið en þá myndast tap á þessum gjaldmiðlasamningum sem vegur á móti tapinu þannig að þetta er í sjálfu sér eðlileg ástæða.

En ég vil endilega hvetja til þess að menn skoði það að auka lýðræði í stjórnum lífeyrissjóðanna.

[15:48]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Innlegg mitt í þessa umræðu langar mig að tengja þeim umræðum sem hafa verið í þjóðfélaginu undanfarið og snýr að hlutverki lífeyrissjóðanna í þeirri endurreisn sem nú á sér stað og framlagi þeirra inn í t.d. svokallaðan stöðugleikasáttmála.

Lífeyrissjóðir landsins hafa sérstaklega horft til verkefna og ég vil segja því miður oft verkefna eins og vegaframkvæmda þegar þeir horfa til þess með hvaða hætti þeir geti styrkt atvinnulíf í landinu. Ég fagna því að lífeyrissjóðirnir hyggjast koma markvisst að endurreisn íslensks atvinnulífs og ég tel t.d. að Hvalfjarðargöng hafi verið mjög mikið framfaraskref á sínum tíma en tvöföldun þeirra í dag, eins og hefur heyrst, og tvöföldun annarra þjóðvega sé hins vegar í ósamræmi við þá forgangsröðun sem við þurfum að viðhafa um þessar mundir. Mín skoðun er sú að fjármunum sjóðanna eigi frekar að verja til verkefna sem nýtast vaxtarbroddum í atvinnulífi landsmanna, svo sem útflutningi eða ferðaþjónustu, og mig langar að taka eitt dæmi í því sambandi.

Um þessar mundir eru til umræðu hugmyndir um uppbyggingu á vinsælum ferðamannastöðum og horft er til möguleika á gjaldtöku eða til skattlagningar. Til greina kemur að taka upp gjaldtöku við komu eða brottför til landsins, við kaup á gistingu eða á stöðunum sjálfum. Hér mundi ég vilja sjá lífeyrissjóðina grípa strax inn í með afgerandi hætti og leggja fram stofnfé til framkvæmda til bættrar þjónustu við okkar helstu náttúruperlur. Þannig gætum við strax farið í mannaflsfrekar framkvæmdir og um leið stutt við bakið á helsta vaxtarbroddi íslensks atvinnulífs. Lífeyrissjóðirnir mundu svo fá sitt fjármagn til baka yfir lengri tíma og kröfum þeirra um arðsemi fjárfestinga yrði þannig mætt. Fjárfestingar lífeyrissjóðanna eiga þannig að fara til uppbyggingar á sjálfbærum atvinnurekstri, það á að skapa grundvöll fyrir störf sem geta lifað eftir að innspýtingu er lokið. Þannig á fjárfestingarstefnan að leggja grunn að sókn til langframa en ekki reddingu til skamms tíma.

[15:50]

Þráinn Bertelsson (Bhr):

Frú forseti. Lífeyrissjóðakerfið er að mörgu leyti stolt hinna vinnandi stétta á Íslandi, þ.e. sú staðreynd að sátt skuli hafa myndast um það að hrinda í framkvæmd söfnunarsjóðum sem hafa það hlutverk að tryggja ákveðin lífeyrisréttindi þegar líður að ævikveldinu. Þetta er alveg dásamlegt. Við erum stolt af lífeyrissjóðakerfinu en ég hef engan mann hitt sem er stoltur af því hvernig þetta kerfi virkar. Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal kom að hérna áðan er stjórn þeirra ekki með lýðræðislegum hætti. Starfsemi þeirra er ógagnsæ og það er á allra vitorði að fjárfestingar þeirra hafa verið, ja ég vil segja á gráu svæði viðskipta sem stjórnast ekki eingöngu af viðskiptahagsmunum heldur af góðra vina hagsmunum. Því til stuðnings vil ég nefna að engum mun vera ókunnugt um hvernig forustumenn sumra lífeyrissjóða hafa hagað sér í sambandi við að snapa lúxusferðir, laxveiðiferðir eða fleiri þægindi út úr verðandi (Forseti hringir.) viðskiptamönnum lífeyrissjóðanna. Ég vil vekja athygli á því að það er þörf á að fram fari opinber rannsókn (Forseti hringir.) á stjórn lífeyrissjóða sem nú hafa tapað allt að helmingi af ráðstöfunarfé sínu.

[15:52]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Síðasta vonarglæta íslensks efnahagslífs er íslenska lífeyrissjóðakerfið. Þangað beinast augu allra, ríkisins, sveitarfélaganna og aðila vinnumarkaðarins. Ríkið vonast til að lífeyrissjóðirnir standi að stofnun endurreisnarsjóðs Íslands, sveitarfélögin vonast eftir að lífeyrissjóðirnir láni þeim fyrir ýmiss konar framkvæmdum og atvinnulífið vonast til að lífeyrissjóðirnir bjargi einhverju varðandi jöklabréfin, taki þátt í fjármögnun verkefna á borð við álver í Helguvík, hátæknisjúkrahús, ný Hvalfjarðargöng og sólarkísilverksmiðju til að nefna nokkrar hugmyndir.

Á sama tíma liggur fyrir að staða lífeyrissjóðanna er ekki góð. Bráðabirgðatölur lífeyrissjóðanna gáfu til kynna neikvæða ávöxtun upp á 21,5% að teknu tilliti til þróunar verðlags. *Morgunblaðið* hefur bent á að enn eigi eftir að afskrifa meira af verðbréfum banka og fyrirtækja í eignasöfnum sjóðanna en þegar hefur verið gert. Þannig fullyrðir blaðið að varlega megi áætla að neikvæð raunávöxtun sjóðanna á síðasta ári sé nær 33% en 21,5%.

Hlutverk lífeyrissjóðanna er að tryggja sjóðfélögum lágmarkslífeyri. Sé horft til síðustu tíu ára er ljóst að fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna stendur ekki undir væntingum um lágmarksávöxtun 3,5%. Allt of lítil áhersla var á kaup á verðtryggðum ríkisbréfum og hlutabréf hafa orðið æ stærri hluti eignasafna. Fjárfestingarstefna margra sjóða hefur verið allt of áhættusækin til að uppfylla hlutverk þeirra um að tryggja lágmarkslífeyri.

Nú er hart lagt að lífeyrissjóðum að leggja fjármuni í áhættusamari fjárfestingar. Lán til sveitarfélaga, fjárfesting í nýsköpunarverkefnum, uppbygging sólarkísilverksmiðju og jafnvel hátæknisjúkrahús geta verið áhættusamar fjárfestingar, sérstaklega í ljósi síversnandi skuldastöðu ís-

lenska ríkisins og jafnvel versnandi lánshæfismats. Því skiptir miklu máli að við veltum fyrir okkur á hinu háa Alþingi hvað það er sem við viljum með lífeyrissjóðina okkar, hver er hinn raunverulegi tilgangur þeirra? Er þeim ætlað að standa undir framfærslu lífeyrisþega eða eiga þeir áfram að vera vogunarsjóðir í vörslu manna með milljónir á mánuði en enga ábyrgð?

[15:55]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Menn spyrja hvernig lífeyrissjóðirnir á Íslandi virki. Þeir virka samkvæmt þeim lögum sem Alþingi setti þeim frá 1. janúar árið 1997. Á þeim árum sem liðin eru höfum við búið við ríkisvald sem hefur ekki viljað taka fjármagn frá lífeyrissjóðunum til ráðstöfunar. Við höfum búið við ríkisvald sem hefur lagt meiri áherslu á einkavæðingu og að styrkja einkafjármagnið.

Hafa lífeyrissjóðirnir fjárfest á gráu svæði? Þeir hafa fjárfest í íslensku atvinnulífi. Þeir hafa reynt að dreifa áhættunni með því að fara með hluta fjármagnsins úr landi, allt samkvæmt lögum og reglum sem settar hafa verið. Hefur þetta verið grátt svæði? Já, íslenskt atvinnulíf og sérstaklega fjármálalíf hefur verið á mjög gráu svæði. En ég vara við því að reyna að gera lífeyrissjóðina og alla þá sem hafa tengst þeim eða komið að þeim málum tortryggilega. Ég get fullvissað hv. þingmenn um það að engar stofnanir, engar fjármálastofnanir í landinu lúta eins miklu lýðræðislegu aðhaldi og þessar.

Ég þekki þetta mjög vel frá hálfu BSRB þar sem málefni lífeyrissjóðanna hafa verið til umfjöllunar á öllum aðalfundum, fjölmörgum ráðstefnum sem efnt hefur verið til, enda hafa samtök launafólks lagt mikið upp úr því að verja og bæta kjör lífeyrisþega. Og núna þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal reynir eina ferðina enn að egna til sundrungar á milli opinberra starfsmanna annars vegar og annars launafólks hins vegar, leyfi ég mér að vísa slíku á bug og ég bið aðra þingmenn (Forseti hringir.) að taka ekki undir þennan ófrægingarsöng gagnvart íslensku verkalýðshreyfingunni.

[15:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hlusta á varnarræðu hæstv. heilbrigðisráðherra og fyrrverandi formann stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (Gripið fram í.) og það var ekki laust við að maður greindi ákveðið samviskubit sem kom fram í orðum hans. Hann hefur stýrt þeim lífeyrissjóði og sá lífeyrissjóður hefur eins og aðrir sjóðir orðið fyrir umtalsverðum skakkaföllum sem gerir það náttúrlega að verkum að allur sá málflutningur Vinstri grænna að þeir hafi vitað þetta allt saman gerir, ef svo var, ábyrgð þeirra meiri en nokkurra annarra vegna þess að þeir voru þá að fjárfesta þar sem þeir höfðu völd til sem eru ekki lítil í þessum stærsta lífeyrissjóði landsins, þvert gegn betri vitund.

Virðulegi forseti. Ég er hins vegar sammála því að lífeyrissjóðakerfið í grunninn er gott, ég held að það sé skynsamlegt að hafa sjóðakerfi en það er ekki hafið yfir gagnrýni. Það er ekkert að því að fara vel yfir það og svo sannarlega er algjörlega fráleitt að ráðast hér á hv. þm. Pétur H. Blöndal og gera hann tortryggilegan af því að hann vill skoða það hvernig valið er í stjórnir lífeyrissjóðanna. Það er algjörlega fráleitt og það er svo sannarlega eitthvað sem má skoða. Við megum vera opin fyrir því að ræða þetta með opnum og lýðræðislegum hætti, orð sem margir nota oft, jafnvel þó að það komi við kaunin á einhverjum miklum valdamönnum eins og hæstv. heilbrigðisráðherra, sem er einn valdamesti maður þjóðfélagsins og er enn þá formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Virðulegi forseti. Við skulum hins vegar fara varlega í að breyta því sem er gott, við skulum ekki taka neinar kollsteypur. Sem betur fer eigum við þessa lífeyrissjóði. Það er örugglega margt sem betur mátti fara, við hefðum kannski eftir á að hyggja viljað dreifa eggjunum meira en við gerðum, t.d. að leggja meiri áherslu á erlendar eignir, stóru lífeyrissjóðirnir hér á landi. (Forseti hringir.) Við breytum því ekki núna, nú skiptir máli (Forseti hringir.) að þeir nýtist vel í því hlutverki sem þeir eiga að nýtast og (Forseti hringir.) m.a. að endurreisninni. (**Heilbrrh.:** Frábær ræða.)

[15:59]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Frú forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og ég þakka svörin, sérstaklega frá hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Eitt vakti athygli mína að hæstv. fjármálaráðherra er ekki að hnýta saman uppgjör og stofnun bankanna og uppgjör lífeyrissjóðanna. Það segir mér að þá á líklega að skilja bæði gjaldmiðlaskiptasamningana og bankaskuldabréfin eftir í gömlu bönkunum, því að við uppgjör bankanna í júlí á að færa það sem nýtilegt er yfir í nýju bankana og stofna þá og skilja annað eftir í gömlu bönkunum. Uppgjör lífeyrissjóðanna að þessu leyti hlýtur því að vera óumflýjanlegt á sama tíma.

Einnig vil ég benda á að það er æskilegt stjórnskipunarlega séð að hæstv. fjármálaráðherra sé fjármálaráðherra allra landsmanna en ekki bara fjármagnseigenda því að á svörum hans áðan mátti greina að hæstv. fjármálaráðherra er í mjög góðu sambandi við þá aðila sem að lífeyrissjóðunum standa og vitnaði þar gjarnan í ársskýrslurnar, einhliða upplýsingar frá lífeyrissjóðunum, en það er hans mál.

Mig langar aðeins til að benda hæstv. heilbrigðisráðherra á grein, úttekt á lífeyrissjóðunum frá 28. maí 2009 í *Morgunblaðinu.* Þar kemur fram að í ársskýrslu lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir árið 2008, sem miðast við úttekt og stöðu lífeyrissjóðsins í lok 2008, var niðurstaðan sú að tekist hafi að fresta því að óuppgerður hlutur B-deildar sjóðsins kæmist í þrot árið 2021, en að auki kemur fram í ársskýrslunni að erfiðleikar á fjármálamörkuðum á síðasta ári geri það að verkum að sá tímapunktur þegar sjóðurinn muni tæmast hafi færst nær í tíma.

Eins og ég sagði í upphafi fyrri ræðu minnar virðist vera mikil neikvæðni eða réttara sagt mikil afneitun í gangi varðandi stöðu lífeyrissjóðanna bæði á almenna markaðnum og hjá hinu opinbera. Mér líst ekki á stöðuna og (Forseti hringir.) ég hvet fjármálaráðherra til þess að áður en lífeyrissjóðirnir (Forseti hringir.) fara að fjárfesta innan lands á ný í nýjum verkefnum verði þeir gerðir upp til (Forseti hringir.) að mæta kröfum sjóðfélaga.

[16:02]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem ég sagði varðandi fjármögnun nýju bankanna, það eitt og sér mun ekki þýða að öll önnur mál sem lífeyrissjóðina varða og tengjast útkomu þeirra sem t.d. kröfuhafa í gömlu bankana, uppgjör gjaldmiðlaskiptasamninganna og fleiri þættir sem tengjast eignum þeirra í fyrirtækjum eða skuldabréfum (Gripið fram í.) fyrirtækja, skýrist sjálfkrafa í leiðinni. Það er ekki endilega svo þó að einum óvissuþættinum sé að sjálfsögðu eytt, þ.e. uppgjörinu milli gömlu og nýju bankanna.

Það er eðlilegt að hér sé rætt um mögulega aðkomu lífeyrissjóðanna að framkvæmdum eða uppbyggingu í atvinnulífi okkar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að leggja á það áherslu að það stendur ekkert annað til en að þær fjárfestingar lífeyrissjóðanna verði tryggar enda ekki annað í boði lögum samkvæmt. Að sjálfsögðu þurfa þetta að vera samningar og verkefni sem eru þannig úr garði gerð að fjárfestingin sé trygg og ávöxtunin eðlileg eins og lög mæla fyrir um að allar ákvarðanir lífeyrissjóðanna gangi. En það er auðvitað mjög eðlilegt að horft sé til styrks lífeyrissjóðanna í þessum efnum og ekki síður sem fjármögnunaraðila í þágu reksturs samfélagsins og velferðarþjónustunnar, framkvæmda hjá ríki og sveitarfélögum o.s.frv. við þessar aðstæður, því að þegar upp er staðið er þetta við sjálf og þetta er okkar lífeyrir. Ég mótmæli því þegar hv. þingmaður talar þannig að maður sé að tala fyrir hönd einhvers ópersónulegs fyrirbæris en ekki fólksins í landinu þegar maður ræðir um hagsmuni lífeyrissjóðanna. Það er nákvæmlega það sem maður er að gera því að þetta er lífeyririnn okkar og komandi kynslóða.

Ég endurtek að ég er sannfærður um að þetta á eftir að reynast Íslandi einhver mesta gæfan á komandi árum, hvernig sem menn tala um lífeyrissjóði í augnablikinu. Lífeyrissjóðirnir sjálfir eiga gríðarlega mikið undir því að íslenskt efnahagslíf komist á fæturna og að greiðslur til þeirra haldi áfram í gegnum (Forseti hringir.) kraftmikið atvinnulíf og launatekjur í landinu. Þeir eru nákvæmlega í þessum sama (Forseti hringir.) bát og við öll. Þess vegna treysti ég því að það muni ekki standa á vilja þeirra og áhuga á að leggja sitt af mörkum.

Lokafjárlög 2007, 2. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 59, nál. 153, brtt. 154.

[16:05]

Frsm. fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er svolítið undarlegt að ræða hér lokafjárlög fyrir hið fræga ár 2007. Menn voru í dag að ræða lífeyrissjóðina og oft er farið að kalla að þetta og hitt sé svo og svo mikið 2007 vegna þess að þá flæddi hér allt í peningum, menn áttu afgang af öllu og þannig var það með lokafjárlögin á þessum tíma.

Þetta plagg sem hér kemur fram var lagt fram á þinginu í vor og hafði þá verið afgreitt úr fjárlaganefnd og skrifað um það nefndarálit. Því miður náðist ekki að ræða það á þinginu á þeim tíma. Þess vegna kom það aftur fyrir þingið núna og hér kem ég með nefndarálit sem er samhljóða því nefndaráliti sem þá var lagt fram og þetta nefndarálit sem ég flyt nú er samhljóða því sem þá var flutt og er stutt af öllum þeim sem í fjárlaganefndinni sitja eins og hið fyrra.

Þetta er sem sagt nefndarálit um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2007 frá fjárlaganefnd.

Með lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, var mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Lögð var rík áhersla á að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir kæmu fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum innan hvers fjárhagsárs var síðan fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki hefði verið hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög skyldu samkvæmt þessu fyrst og fremst snúast um ófrávíkjanleg málefni og ófyrirséð útgjöld en síður um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir ættu eftir atvikum að koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.

Í 7. gr. fjárreiðulaga er fjallað um framlagningu ríkisreiknings. Þar segir að fjármálaráðherra skuli leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti. Í almennum athugasemdum við frumvarp til fjárreiðulaga, undir yfirskriftinni „Ríkisreikningur“, segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Auk þeirra breytinga á efni og gerð ríkisreiknings sem að framan er lýst er lagt til að framlagning ríkisreiknings á Alþingi og umræða um hann verði með öðru sniði en verið hefur. Sú skylda er lögð á fjármálaráðherra að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti. Með þeim ríkisreikningi skal, honum til staðfestingar, leggja fram frumvarp til lokafjárlaga vegna sama fjárhagsárs. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og er fjárhagsárinu þannig formlega lokað. Í þessu er einnig fólgin sú breyting að ríkisreikningur er ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum.“

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, skal ríkisreikningi fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga fyrirmæli 44. gr. laganna sem fela í sér að ef ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf valda því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum, skuli leita heimilda fyrir þeim í lokafjárlögum.

Í niðurlagi umfjöllunar í almennum athugasemdum við frumvarpið, sem ber yfirskriftina „Frumvarp til fjáraukalaga“, segir svo orðrétt um lokafjárlög, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að lokafjárlög verði afgreidd frá Alþingi um leið og ríkisreikningur og að Alþingi fjalli þannig um lokun fjárhagsársins með umræðu um ríkisreikning og lokafjárlög. Ekki verður flutt sérstakt frumvarp

til laga um samþykkt ríkisreiknings eins og verið hefur heldur felist staðfesting á reikningnum í samþykkt lokafjárlaga frá Alþingi.“

Allt frá gildistöku fjárreiðulaga hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að leggja fram ríkisreikning og lokafjárlög samhliða eins og lögin gera greinilega ráð fyrir. Frumvarp það sem hér er til umræðu var ekki fremur en önnur frumvörp til lokafjárlaga á liðnum árum lagt fram samhliða ríkisreikningi.

Fjárlaganefnd leggur áherslu á að markvisst verði unnið að því að vinnu við gerð frumvarps til lokafjárlaga verði hraðað innan hvers árs þannig að leggja megi það fram samhliða ríkisreikningi.

Eins og að framan segir var gert ráð fyrir að lokafjárlög væru afgreidd frá Alþingi um leið og ríkisreikningur og að Alþingi fjallaði þannig um lokun fjárhagsársins með umræðu um ríkisreikning og lokafjárlög. Ekki er lengur flutt sérstakt frumvarp til laga um samþykkt ríkisreiknings heldur felst staðfesting á ríkisreikningnum í samþykkt lokafjárlaga frá Alþingi. Samkvæmt framansögðu á að jafnaði að vera skýr samsvörun á milli lokafjárlaga annars vegar og ríkisreiknings hins vegar.

Frumvarp til lokafjárlaga lýsir að þessu leyti tiltekinni stöðu ríkisfjármálanna rétt eins og ríkisreikningur ásamt því að þar eru gerðar tillögur um hvaða örlög frávik eða mismunur á niðurstöðu rekstrar annars vegar og samþykktum fjárheimildum hins vegar skuli fá. Séu lagðar til breytingar á frumvarpi til lokafjárlaga ætti því að öðru jöfnu að þurfa að breyta ríkisreikningi.

Í samræmi við þetta eru í 1. gr. frumvarpsins lagðar til ýmsar breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna á árinu 2007 frá áætlun fjárlaga og á sama hátt er í 2. gr. gerð tillaga um að nánar tilgreindar afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2007, sem lesa má úr ríkisreikningi, falli niður. Til að tryggja samræmi milli ríkisreiknings og lokafjárlaga virðist nauðsynlegt að fjárlaganefnd komi fyrr að vinnu við gerð frumvarps til lokafjárlaga.

Þeirri spurningu hefur stundum verið velt upp hvort þörf sé á að leita sérstaklega eftir samþykki Alþingis á frávikum ríkistekna frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga, eins og mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins. Í henni er leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun markaðra skatttekna og annarra ríkistekna til stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða hver metin fjárþörf reyndist vera. Í fjárreiðulögunum er tekjum ríkisins og stofnana þess skipt í tvo meginflokka, þ.e. ríkistekjur, sbr. 9. gr., og sértekjur, sbr. 12. gr. Allar tekjur ríkisins aðrar en sértekjur teljast því ríkistekjur. Samkvæmt 9. gr. er þeim skipt í fimm undirflokka, þ.e. skatttekjur, aðrar rekstrartekjur, tekjur af sölu eigna, fjármagnstilfærslur og fjárframlög.

Fjárstjórnarvaldið er í höndum Alþingis, sbr. 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 41. gr. má ekkert gjald greiða úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum og fjáraukalögum. Í 42. gr. stjórnarskrárinnar segir að í fjárlagafrumvarpi skuli vera fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. Á þessum grunnreglum er jafnframt hnykkt í 21. gr. fjárreiðulaga. Samkvæmt þessum lagafyrirmælum ber m.a. að leita heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafa á kröfum og til hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkisstofnanir. Þessar ákvarðanir eru teknar í fjárlögum eða eftir atvikum í fjáraukalögum.

Á sama hátt er það Alþingi eitt sem getur breytt ákvörðunum af þessu tagi. Með hliðsjón af þessum skýru fyrirmælum verður að telja engum vafa undirorpið að nauðsynlegt sé að afla sérstakrar heimildar Alþingis til þess að breyta ákvörðunum um greiðslur eða framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum í þeim tilvikum þegar markaðir tekjustofnar skila meiru eða rekstrartekjur ríkisstofnana í A-hluta reynast hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Vettvangurinn til þess að taka ákvarðanir af þessu tagi og birta þær er í fjárlögum eða fjáraukalögum en síður í lokafjárlögum. Það fer einfaldlega mjög illa á því að veita stofnunum t.d. heimild til að ráðstafa umframtekjum á tilteknu rekstrarári löngu eftir að því er lokið. Einnig er það óæskilegt að sérstakir fjárlagaliðir sem ekki hafa birst í fjár- eða fjáraukalögum komi fyrst fram í lokafjárlögum og Alþingi hafi þannig ekki fengið tækifæri fyrr en í lokafjárlögum til að fjalla um tiltekið viðfang.

Þeirri hugmynd hefur og verið hreyft að til greina komi að breyta ákvæðum fjárreiðulaga um framsetningu á fjárlögum og ríkisreikningi á þann veg að markaðar tekjur og rekstrartekjur verði færðar á gjaldahlið og dragist þannig frá útgjöldum. Með þessum hætti yrði komist hjá því að afla sérstakra heimilda í lokafjárlögum. Ætla verður að breyting á fjárreiðulögum, sem fæli í sér að heimilt væri að ráðstafa ófyrirséðum hækkunum á mörkuðum tekjustofnum og rekstrartekjum ríkisstofnana án sérstaks samþykkis Alþingis, stæðist ekki framangreind ákvæði stjórnarskrár og þau sjónarmið sem þau eru reist á. Líklegt væri með öðrum orðum að slík breyting yrði ekki talin standast stjórnarskrá. Á meðan stjórnarskrá er ekki breytt í þessum efnum verður Alþingi því jafnan að taka afstöðu til þess í lokafjárlögum hvernig ráðstafa beri þessum tekjum. Á undanförnum árum hefur verið nokkuð um það að stofnanir ríkisins afli hærri sértekna en gert var ráð fyrir í áætlunum fjárlaga. Þær hafa síðan ráðstafað þeim að eigin vild. Að mati fjárlaganefndar ber að afla heimilda fyrir ráðstöfun þessara tekna.

Svo er hér kafli um frávik frá fjárlögum og aukið eftirlit.

Árið 2007 varð um 88,6 milljarða kr. tekjuafgangur af rekstri ríkissjóðs og var það þriðja árið í röð sem hann skilaði umtalsverðum afgangi. Árin þar á undan var ýmist afgangur eða halli á bilinu 1–4% af tekjum. Útkoman á árinu 2007 er einnig mun betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins en þar var tekjujöfnuðurinn áætlaður tæpir 9,2 milljarðar kr. Í fjáraukalögum var þessi afkomuáætlun hækkuð um 73,6 milljarða kr. og var því alls miðað við um 82,8 milljarða kr. afgang á árinu. Útkoma ársins er því 5,8 milljörðum kr. betri en fjárlög og fjáraukalög gerðu ráð fyrir.

Jákvæð afkoma ríkisins árið 2007 skýrist eins og árin þar á undan af auknum skatttekjum og öðrum tekjum. Þenslan í efnahagslífi undanfarinna ára skilaði sér þannig í hækkun skattstofna og meiri tekjum ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs hækkuðu um 64,2 milljarða kr. eða 15,2% milli áranna 2006 og 2007, úr 422 milljörðum kr. í 486,1 milljarð kr. Milli áranna 2005 og 2006 jukust tekjurnar hins vegar aðeins um 795 millj. kr. eða um 0,2% en þess ber að geta að árið 2005 var sérstakt vegna mikilla

tekna af sölu eigna.

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2007 hækkuðu um 57,4 milljarða kr. eða 16,9% frá fyrra ári, samanborið við 31,8 milljarða kr. eða 10,3% milli 2005 og 2006. Undanfarin tvö ár hafa gjöldin hækkað umtalsvert meira en þrjú árin þar á undan.

Skuldir og aðrar skuldbindingar ríkissjóðs jukust um 41,3 milljarða kr. eða 7,8% á árinu og námu samtals 572,2 milljörðum kr. í árslok 2007. Þar af voru 230,6 milljarðar kr. eða 40% vegna lífeyrisskuldbindinga en þær hækkuðu um 20,5 milljarða kr. á árinu. Aðrar langtímaskuldir stóðu hins vegar í stað. Reyndar lækkuðu erlendar langtímaskuldir nokkuð en innlendar langtímaskuldir hækkuðu á móti.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs, handbært fé frá rekstri, svarar til rekstrarafkomu eftir að tekið er tillit til þeirra rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi auk breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum. Árið 2007 var greiðsluafkoman jákvæð um 68,9 milljarða kr. en var til samanburðar jákvæð um 75,5 milljarða kr. árið 2006. Greiðsluafkoman var þannig 19,7 milljörðum kr. lakari en nam tekjujöfnuði sem skýrist af liðum sem færðir eru í rekstrarreikningi en hafa ekki áhrif á handbært fé. Dæmi um það er t.d. endurmatshækkun á eignarhlut ríkisins í Landsvirkjun. Fjárfestingarhreyfingar, þ.e. lánveitingar umfram afborganir, kaup og sala hlutabréfa og eiginfjárframlög, fólust m.a. í kaupum á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjárframlagi til Seðlabankans. Fjármögnunarhreyfingar, þ.e. lántökur umfram afborganir, skýrast meðal annars af lántöku vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhlutum í Landsvirkjun.

Heildarstaða fjárheimilda í árslok 2007 er jákvæð um 12.427,4 millj. kr. og skiptist í 33.168,8 millj. kr. afgangsheimildir og 20.741,4 millj. kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Í lokafjárlögum eru þessar stöður annaðhvort felldar niður eða fluttar yfir til næsta árs. Þarna erum við sem sagt að tala um annars vegar 20 og hins vegar 30 milljarða. Í samræmi við það er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að í árslok falli niður 7.054,7 millj. kr. neikvæð fjárheimildastaða og skiptist hún í samtals 12.193,9 millj. kr. afgangsheimildir og 19.248,6 millj. kr. umframgjöld einstakra viðfangsefna. Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu er, í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. fjárreiðulaga, lögð fram skrá yfir fjárheimildir sem flytjast til næsta árs. Gert er ráð fyrir að 19.482,1 millj. kr. jákvæð fjárheimildastaða flytjist yfir á árið 2008 og nemur sú staða 4,5% af fjárveitingum fjárlaga ársins 2008. Yfirfærð staða skiptist þannig að afgangsheimildir einstakra fjárlagaliða nema 22.956,3 millj. kr. en umframgjöld 3.474,2 millj. kr.

Bregðast þarf við gjöldum umfram fjárheimildir, sem að nokkru leyti einkennast af skorti á aga og aðhaldi í rekstri, sbr. skýrslur Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga, og brýnt er að bregðast við að mati fjárlaganefndar. Hafa verður í huga í þessu sambandi að í raun eru heimildir fjárreiðulaga til greiðslna umfram fjárlög mjög þröngar, sbr. einkum 33. og 34. gr. Það er því óæskilegt og í mótsögn við lögin að stofnanir, oft sömu stofnanirnar, fari ár eftir ár fram úr fjárheimildum án þess að gripið sé til nauðsynlegra eða viðeigandi aðgerða. Aðgerðirnar hljóta annaðhvort að felast í því að hækka fjárheimildir viðkomandi stofnana eða ganga eftir því að stofnanir virði þann útgjaldaramma sem þeim er sniðinn. Að öðrum kosti telur fjárlaganefnd að ekki verði undan því vikist að ráðuneytin beiti þeim úrræðum sem bæði starfsmannalög og fjárreiðulög kveða á um að beita megi þegar forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila, svo sem ráðuneytin, virða ekki útgjaldaramma fjárlaga.

Einnig vekur athygli hve margir liðir með ónýttar fjárheimildir eru fluttir milli ára. Í einhverjum tilvikum kann slíkt að eiga sér skýringar, til dæmis getur verið um að ræða fjárveitingar vegna stofnkostnaðar sem tekur lengri tíma að hrinda í framkvæmd. Þegar jafnmargir liðir standa með miklar ónýttar fjárheimildir verður á sama hátt að ganga úr skugga um hvort fjárveitingin hafi ekki endurspeglað rétt ástand í rekstri eða hvort viðkomandi stofnun hafi ekki sinnt starfsemi sinni með viðunandi hætti og því sé veruleg ónýtt fjárveiting. Fjárlaganefnd leggur til að á næstu árum verði stuðst við þá almennu reglu að ónotaðar fjárheimildir verði felldar niður í árslok. Að mati fjárlaganefndar er mikilvægt að ríkisreikningsnefnd komi saman reglulega og afgreiði þau mál sem fyrir hana eru lögð. Þá áréttar fjárlaganefnd mikilvægi þess að álit ríkisreikningsnefndar verði gefin formlega út þannig að þau séu öllum aðgengileg. Í þessu sambandi er meðal annars bent á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings kemur á árunum 2002–2007 það álit stofnunarinnar að fella ætti Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta úr D-hluta ríkissjóðs en ríkisreikningsnefnd virðist ekki enn hafa brugðist við þessu áliti.

Að lokum vill fjárlaganefnd taka undir með Ríkisendurskoðun sem minnir á í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2007 að forstöðumönnum ríkisstofnana beri skilyrðislaust að reka stofnanir sínar innan fjárheimilda og leitast við að tryggja að svo sé. Brýnt er að stofnanir og ráðuneyti sem hlut eiga að máli bregðist við þessum vanda og ráði sem fyrst bót á honum.

Þá er ekki síður mikilvægt að fjárlaganefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að koma þessum málum í rétt horf og hefur nefndin kallað reglulega eftir upplýsingum vegna fjárlagaársins 2008 og fengið skýringar frá ráðuneytum og stofnunum vegna fyrstu níu mánaða þess árs. Unnið er að því innan fjárlaganefndar Alþingis að endurbæta og virkja eftirlitshlutverk Alþingis enn frekar með því að fá fram upplýsingar mun fyrr og stuðla þannig að virkari greiningarvinnu. Í því sambandi hefur nefndin ítrekað farið þess á leit við fjármálaráðuneytið að opnað verði fyrir skoðunaraðgang fyrir starfsmenn nefndarinnar að upplýsingakerfum ríkisins en þrátt fyrir það hefur ekki enn verið opnað fyrir aðganginn. Mjög brýnt er að úr því verði bætt án tafar.

Nefndin leggur til að gerð verði ein leiðrétting á frumvarpinu að fjárhæð 43,5 millj. kr. með nýjum fjárlagalið 10-336, Hafnarframkvæmdir, viðfangsefni almenns rekstrar í sundurliðun 2.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem lögð er fram í sérstöku þingskjali.

Undir þetta skrifa á Alþingi 16. júní 2009 sá sem hér stendur, þ.e. formaður fjárlaganefndar, Álfheiður Ingadóttir, Ásbjörn Óttarsson, Ásmundur Einar Daðason, Björn Valur Gíslason, Höskuldur Þórhallsson, Oddný G. Harðardóttir, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Sigmundur Ern-

ir Rúnarsson og Þór Saari.

Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta. Þarna er verið að ganga frá lokafjárlögum fyrir árið 2007. Í þessu nefndaráliti eru auðvitað mjög margar áminningar og ábendingar um það sem betur má fara í sambandi við framkvæmd fjárlaga og eftirlit og það er ætlunin að reyna að fylgja þessu eftir. Fjárlaganefnd hefur þegar sett í gang vinnu við að skerpa á fjárlagaferlinu og skýra með skarpari hætti það eftirlitshlutverk sem Alþingi hefur og raunar stofnanir og ráðuneyti sömuleiðis. Vonandi sjáum við útfærslur á því nánar fyrst í fjárlaganefndinni og seinna inni í þinginu á næstu vikum og mánuðum.

[16:25]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi við það markmið hv. formanns fjárlaganefndar að þingmenn, nefndarmenn í fjárlaganefnd þá einna helst fái aðgang að upplýsingakerfi ríkisins í vinnu við gerð fjárlaga þannig að vinnan í þinginu megi verða upplýstari og faglegri. Maður hefur heyrt það úr mörgum áttum að það skortir dálítið á þetta, að þingmenn hafi viðeigandi upplýsingar í vinnu við gerð fjárlaga.

Mig langar að spyrja hann líka í tengslum við hans ræðu. Hann talaði dálítið um að það þyrfti að auka ábyrgð stjórnenda og þá væntanlega líka ábyrgð ráðherra gagnvart því þegar farið er fram úr fjárlagaheimildum. Það hefur verið fullyrt að við séum í hópi ákaflega fárra vestrænna ríkja sem láti það viðgangast að stofnað sé til útgjalda sem ekki eru heimildir fyrir á vegum ríkisins. Mig langar að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvernig hann sjái fyrir sér að stjórnendur ríkisfyrirtækja og jafnvel ráðherrar líka axli ábyrgð í þessum efnum. Eiga þeir að segja af sér eða hvernig öðruvísi sér hann fyrir sér þessa stjórnendaábyrgð.

Svo benti hv. formaður fjárlaganefndar á það réttilega að gjaldahækkun ríkisins, ráðuneytanna síðustu tveggja ára hefur verið mun meiri en áranna þar á undan. Mig langar að heyra hvaða orsakir hv. formaður fjárlaganefndar telur að séu fyrir þessu og hvort þær orsakir séu réttlætanlegar.

[16:27]

Frsm. fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að það er mikilvægt að við höfum aðgang að rauntímaupplýsingum úr bókhaldi ríkisins, á fjárreiðunum, og það er einmitt það sem baráttan snýst um. Þar hafa menn líka krafist þess í auknum mæli eða réttara sagt fylgja því betur eftir að menn búi til rekstraráætlanir og dreifingu á rekstrarútgjöldum. Það ber stofnunum að gera í dag. En það kemur í ljós í skýrslu Ríkisendurskoðunar bæði fyrir síðasta ár og árin á undan að ákveðinn fjöldi stofnana skilar þessum upplýsingum ekki fyrr en seinna og það gerir allt eftirlit og alla eftirfylgni með fjárlögum miklu erfiðari.

Varðandi þetta með ábyrgðina er einmitt fyrst og fremst að þessu verði fylgt betur eftir og, eins og kom nákvæmlega fram í þessu nefndaráliti, ef frávik eru frá þessu þá verða menn að átta sig á því hvort það sé vegna þess að þetta sé vanáætlað, hvort það sé vegna þess að menn séu ekki að sinna skyldu sinni eða hreinlega hvort ofáætlað sé á liðinn. Þessar úttektir þurfa auðvitað að eiga sér stað þar sem menn eru að lenda í vandræðum ár eftir ár, en á það hefur skort.

Varðandi það að axla ábyrgðina er þá fyrst og fremst það að fylgja þessu eftir jafn vel, eins og eru dæmi um, með því að menn setji eftirlitsaðila á viðkomandi stofnanir og fara svo yfir fjármálin með skipulegum hætti. Dugi það ekki þá eru skýr ákvæði í lögum um það hvernig eigi að fylgja málum eftir. Það verður að vísu algert neyðarbrauð ef þarf að fara að reka fólk eða áminna það vegna fjárlaga. En það gæti komið til þess ef um ítrekað vandamál er að ræða og tekst ekki að koma skikk á málin og ná utan um fjárlagarammann.

Varðandi útgjaldaaukninguna þá er ég ekki með neina sérstaka greiningu á því. Við ræddum um þetta núna nýlega varðandi það hvar útgjaldaaukning hefði verið. Það er ljóst að á þessum tíma, árið 2007, bættu menn verulega í varðandi félags- og tryggingamálin, almannatryggingakerfið, settu inn allt að — fleiri milljarðar raunar í aukningu þar, sumt af því sem við erum að draga til baka illu heilli núna vegna þess að við ráðum ekki við það í þessu umhverfi sem nú er komið. (Forseti hringir.) Það er ein af skýringunum. En auðvitað eru þær mun fleiri, til dæmis framkvæmdir eins og hefur komið fram áður í umræðunni.

[16:29]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Rétt er það. Við hv. formaður fjárlaganefndar ræddum aðeins hér fyrir helgina útgjaldaaukningu, ég mundi segja nokkuð óhóflega útgjaldaaukningu ríkisins á undanförnum tveimur árum. Mér sýnist að útgjaldaaukning ráðuneytanna sé að meðaltali um 28% miðað við fjárlög 2009 og reikning 2007. Það er náttúrlega verulega mikið. Það hlýtur að teljast mjög mikið sérstaklega í ljósi þess að mjög margir hagfræðingar á þessum tíma og aðrir aðilar mæltust eindregið til þess að dregið yrði úr umsvifum ríkisrekstrar á þessum tíma í hápunkti góðærisins og það yrði sýnt aðhald í ríkisrekstri.

Það er alveg rétt sem kemur fram í máli hv. formanns fjárlaganefndar að verulega var bætt í almannatryggingakerfið og bætt var verulega í samgönguverkefni. En það er hins vegar athyglisvert að þetta eru þeir málaflokkar sem menn eru að skera niður í núna. Maður hlýtur því að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort menn hafi ekki farið fram þarna af talsverðu fyrirhyggjuleysi í ljósi þess að nú eru þeir að skera niður það sem þeir bættu í fyrir einungis tveimur árum.

Einnig hlýt ég að spyrja í ljósi þess að nú fer fram þessi vinna, að það er verið að skera niður í ríkisrekstri, hvort ekki þurfi að kanna skipulega í hverju útgjaldaaukningin á síðustu tveimur árum fólst. Fyrst að hv. formaður fjárlaganefndar er ekki alveg viss um það hlýtur það að fela í sér enn skýrari ástæðu fyrir því að farið verði í að kanna það kerfisbundið.

[16:31]

Frsm. fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Rétt er að rifja upp að þegar við komum að fjárlagagerð og vinnu við fjárlög árið 2007 og síðan

2008 þótti okkur nauðsynlegt að rétta upp það ójafnræði sem var í landinu og ójafnrétti þar sem setið höfðu eftir heilu stéttirnar einmitt á góðæristímanum. Miðað við þáverandi stöðu, en eins og hér hefur komið fram er um að ræða tugmilljarða rekstrarafgang á árinu 2007 þrátt fyrir aukningar, þótti rétt að breyta þessari skiptingu. Þess vegna komu menn með verulegar hækkanir í almannatryggingakerfinu.

Sömuleiðis má segja samt um sama tíma, og það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni, að full ástæða er til að fylgjast með því hvar aukningar urðu og það hefur verið skoðað þó ég sé ekki með það á takteinum hér í smáatriðum og það á auðvitað eftir að skoða það miklu betur hvaða verkefni ríkið sé að vinna sem er í raunveruleikanum ekki í þess verkahring en sem menn tóku að sér á meðan þeir gátu leyft sér það vegna tekjuaukningar. Þá leyfðu menn sér að hafa ekki meiri aga á ríkisfjármálunum. Þetta hafði viðgengist þarna árin á undan, 2006, 2007 að hluta og svo áfram 2008 þó að þar væri stigið töluvert á bremsurnar.

Þessar viðvaranir sem hv. þingmaður nefnir komu fram við fjárlagagerðina 2007/2008. Það er alveg hárrétt og kannski hefðum við, þegar litið er til baka og fyrst að við tókum allar þessar röngu ákvarðanir á þenslutímanum, betur safnað í sjóði á þessum tíma umfram það sem við gerðum og átt það til framkvæmda og annarra hluta í dag. Það er bara akkúrat það sem gerðist að við beittum, eins og ég hef áður sagt, öllum þeim úrræðum sem okkur vantar núna — við beittum þeim á sama tíma og Kárahnjúkarnir voru, þ.e. íbúðarlánin, við lækkuðum skatta, gerðum raunar allt það sem við ættum að gera í dag en höfum því miður ekki fjármagn til að sinna.

Ég vona að menn ljúki þessari afgreiðslu og lokafjárlögum og að í framhaldinu (Forseti hringir.) verði fjárlagavinnan bætt og gerð skilvirkari og aginn aukinn (Forseti hringir.) í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bankasýsla ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 124. mál (heildarlög). — Þskj. 166.

[16:33]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli hér með fyrir frumvarpi til laga um Bankasýslu ríkisins. Þetta er 124. mál á þskj. 166.

Í ljósi þeirra atburða sem hér hafa orðið á fjármálamarkaði er nú svo komið að ríkið á eignarhluti í eða að fullu og öllu nokkur stærstu fjármálafyrirtæki landsins. Ríkið þarf því að vera trúverðugur eigandi þessara fjármálafyrirtækja og hlutverk þess að vera hafið yfir vafa um pólitísk afskipti af daglegum ákvörðunum fyrirtækjanna. Því er mikilvægt að ríkið komi fram sem upplýstur og stefnumarkandi eigandi þessara fyrirtækja og ræki eigendahlutverkið af kostgæfni. Endurskipulagning fjármálakerfisins verður krefjandi og því er mikilvægt að ríkið setji skilyrði fyrir framlagi sínu sem miði að því að byggja upp heilbrigt og öflugt fjármálakerfi og fylgist með árangri þess með markvissum hætti.

Með það í huga hversu stórt hlutverk fjármálastofnanir leika í nútímahagkerfi, og vegna þess að ríkið er stærsti eigandi fyrirtækja á þessum markaði eins og nú er komið á nýjan leik, er afar mikilvægt að ríkissjóður hafi skýra stefnu sem eigandi umræddra fyrirtækja. Fjármálaráðuneytið í samvinnu við viðskiptaráðuneytið vinnur nú að mótun slíkrar eigendastefnu sem tekur á starfsháttum fjármálastofnana og því hvernig ríkið sem eigandi í þeim vill sjá þær þróast, þannig að þær geti, hver fyrir sig og sem heild, styrkt og bætt íslenskt fjármálakerfi. Þetta á sérstaklega við á næstu missirum þegar fjármálakerfið og efnahagslífið þarf að komast í gegnum mikla aðsteðjandi erfiðleika. Í þessu samhengi skiptir miklu að ríkið sem eigandi svo stórs hlutfalls fjármálafyrirtækja landsins hagi eigendaákvörðunum sínum með trúverðugum hætti þannig að ná megi fram eðlilegum viðskiptaháttum og heilbrigðri samkeppni á fjármálamarkaði þrátt fyrir að umrædd fjármálafyrirtæki séu í sömu eign.

Í ljósi þessa er í frumvarpinu lagt til að sérstakri stofnun, Bankasýslu ríkisins, verði falið að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjunum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Stofnunin verður fyrst og fremst rekin á faglegum forsendum með það að markmiði að byggja upp trúverðugt og traust fjármálakerfi á Íslandi til framtíðar og stuðla þannig að virkri og eðlilegri samkeppni á þessum markaði. Slík stofnun lúti sérstakri stjórn, fái rekstrarfé af fjárlögum og starfi á grundvelli eigendastefnu ríkisins.

Hlutverk hennar er að halda utan um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, setja með samningum fjármálastofnunum í eigu ríkisins viðmið í rekstri, viðmið um arðsemi af eigin fé og viðmið um almennar áherslur varðandi endurskipulagningu fjármálakerfisins. Stofnunin mun jafnframt hafa eftirlit með því að settum markmiðum verði náð. Stofnunin mun koma til með að sjá alfarið um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem ríkið á hluti í og tengjast eigendahlutverki þess þannig að bankastjórnir, stjórnir og stjórnendur fjármálafyrirtækja munu almennt eftir það ekki eiga í beinum samskiptum við fjármálaráðuneytið eða ráðherra. Fjármálastofnanirnar verða þannig reknar á viðskiptalegum forsendum á ábyrgð bankastjórna, stjórna og stjórnenda eins og önnur félög og verða þessir aðilar látnir sæta ábyrgð á rekstrinum líkt og stjórnendur fyrirtækja á markaði.

Starfsmenn stofnunarinnar munu fara með eignarhluti ríkisins og atkvæðarétt á hluthafafundum en sitja ekki sjálfir í stjórnum fjármálafyrirtækja. Sérstök valnefnd, skipuð af stjórn Bankasýslunnar, tilnefnir einstaklinga til setu í stjórnum og bankaráðum fjármálafyrirtækja fyrir hönd ríkisins en þær eru síðan kjörnar á hluthafafundum eins og almennt er hjá hlutafélögum þar sem eigandinn fer með atkvæðarétt í samhengi við hlutafjáreign sína. Hlutverk stjórnarmanna þessara banka og fjármálastofnana er þannig að tryggja framgang eigendastefnu ríkisins og þeirra samninga sem fyrirtækin gera við Bankasýsluna. Almenningi verður gert kleift að koma nöfnum sínum og ferilskrám á framfæri við nefndina og bjóða sig þannig fram til setu í

bankaráðum og stjórnum fyrir hönd ríkisins.

Þá er Bankasýslu ríkisins falið að undirbúa og vinna tillögur um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og gera tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær fýsilegt sé að bjóða tiltekna eignarhluti til sölu á almennum markaði. Þegar endurreisn fjármálakerfisins er lokið er gert ráð fyrir því að stofnunin verði lögð niður og umsýslu þeirra eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem eftir standa verði hagað með hefðbundnum hætti í gegnum skýra eigendastefnu og eftirlit fjármálaráðuneytis.

Með frumvarpinu er ekki ætlunin að festa í sessi eignarhald ríkisins í fjármálastofnunum heldur bregðast við stöðunni eins og hún er í dag og að framan er lýst. Eins og fyrr segir er um að ræða tímabundið fyrirkomulag vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði og lögð sérstök áhersla á að samkeppni skuli ríkja á þeim markaði, gagnsæi skuli vera í ákvarðanatöku varðandi hlutverk ríkisins sem eiganda og að tryggja skuli virka upplýsingamiðlun til almennings. Með stofnun Bankasýslunnar er ætlunin að auka trúverðugleika ríkisins sem faglegs eiganda fjármálafyrirtækja og hámarka þannig nýtingu þeirra fjármuna sem ríkissjóður kemur til með að leggja þeim til.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þeirri umræðu sem hér fer fram. Málið varðar vissulega einnig verksvið efnahags- og skattanefndar en nefndirnar geta þá eftir atvikum átt samstarf um málið eða sú fyrri fengið álit frá hinni síðari.

[16:40]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er á ákveðinn hátt kafkaísk lífsreynsla að lesa þetta frumvarp en ég get varla ímyndað mér meira bákn en Bankasýslu ríkisins. Slík stofnun mundi sóma sér vel sem sögusvið í sögu eftir Franz Kafka t.d. Þetta er bara hugleiðing, í þessu felst ekki spurning.

Ég velti hins vegar fyrir mér í þessu samhengi af hverju þetta frumvarp með sömu annmarka og frumvarp um hlutafélag eða eignaumsýslufélag rekstrarhæfra fyrirtækja — en þeir annmarkar eru í stuttu máli þeir að fjármálaráðherra einn skipar í stjórn þessarar stofnunar. Hér eiga þrír aðilar að sitja í stjórn Bankasýslu ríkisins og það er hæstv. fjármálaráðherra sem skipar þessa stjórnarmenn. Maður hlýtur að gera sömu athugasemdir við þetta frumvarp vegna þess að ekki er þetta síður mikilvæg stofnun eða sýslufélag eða hvað þetta heitir en hlutafélagið sem á að fara með endurskipulagningu rekstrarhæfra fyrirtækja.

Telur hæstv. fjármálaráðherra ekki ástæðu til þess að tilnefning í þessa stjórn í ljósi þess hversu mikilvæg hún er verði faglegri, að öðrum aðilum verði gert kleift að koma að því að tilnefna í þessa stjórn eða að leitað verði eftir tilnefningum, jafnvel að Alþingi samþykki þessa stjórn í ljósi þess hversu mikilvæg hún er? Með öðrum orðum er ekki hæstv. fjármálaráðherra farinn að hafa kannski nokkrar áhyggjur af því hvað hann er kominn með í raun og veru mikil völd í ljósi þess að allt fjármálakerfið er komið undir ríkið og mjög mikilvæg og mörg fyrirtæki eru komin í ríkiseigu? Hér er verið að skipa annars vegar stjórn sem á að fara með (Forseti hringir.) endurskipulagningu fyrirtækjanna og hins vegar endurskipulagningu bankanna (Forseti hringir.) og það er hæstv. fjármálaráðherra sem skipar í allar stjórnir.

[16:42]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér dettur alveg eins í hug Milan Kundera eins og Franz Kafka þegar þetta er rætt.

Hv. þingmaður telur að hér séu sömu annmarkar á frumvarpi og voru á frumvarpi um eignaumsýslufélag, sem reyndar þingnefnd er búin að afgreiða frá sér og gott ef það er ekki orðið að lögum, alla vega langleiðina, að því er ég best veit óbreytt hvað þetta varðar — að fjármálaráðherra skipar þá stjórn.

Það má spyrja hv. þingmann á móti: Er hann þá að mæla með því að ástandið verði óbreytt? Hvernig hefur þetta verið? Hvað fékk ég í arf í fjármálaráðuneytinu? Jú, ég fékk þessa þrjá banka sem urðu til í haust og eru inni á borði fjármálaráðherra og fyrir dyrum stendur að ríkið setji sömuleiðis eignarhluti inn í velflesta sparisjóði í landinu. Það sem hér er verið að gera er að færa þessa hluti út úr ráðuneytinu yfir í sjálfstæða einingu, fjær afskiptum ráðherrans og yfir á faglegan grunn þannig að við hverfum frá því að pólitískur ráðherra skipi í þessar stjórnir.

Hvernig gerðist það í haust er leið? Jú, með því að flokkarnir töluðu sig saman og tilnefndu sína fulltrúa inn í núverandi bankaráð. Vilja menn það áfram? Hér er verið að hverfa frá því fyrirkomulagi yfir á faglegan grunn þar sem ríkar faglegar hæfniskröfur verða lagðar til grundvallar því hverjir fara inn í stjórn fyrirtækisins og þar sem sérstök valnefnd mun með opnum hætti leita eftir tilnefningum og gefa almenningi kost á því að bjóða sig fram til að sitja í stjórnum fjármálafyrirtækjanna.

Ég held að hv. þingmaður hljóti að sjá að það sem hér er verið að reyna að gera er akkúrat að færa málin af hinu pólitíska borði, út úr ráðuneytinu og búa til armslengd á milli stjórnmálanna, framkvæmdarvaldsins og löggjafans þess vegna, og þeirrar framkvæmdar sem þarna á að fara fram.

[16:44]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nei, hæstv. fjármálaráðherra, ég tel ástandið ekkert vera sérstaklega gott eins og það er og ég tel fulla ástæðu til að reyna að gera það á einhvern hátt betra og reyna að koma þessu ferli öllu saman, endurskipulagningu bankanna og fyrirtækjanna, í faglegt ferli. En ég bendi á það að hér verið að skipa mjög mikilvæga stjórn sem fer með endurskipulagningu á næstum öllu fjármálakerfi á Íslandi og það kann að vera, og það kemur fram í athugasemdum við frumvarpið, að markmiðið sé að koma því starfi öllu saman út úr stjórnmálunum en samt stendur eftir að ég geri athugasemd við það að það er einungis hæstv. fjármálaráðherra sem hefur skipunarvald í þessa stjórn. Það er við þann punkt í frumvarpinu sem ég geri athugasemdir.

Mér finnst það fela í sér afskaplega mikil völd og þetta er sams konar umræða og fór fram í 1. umr. um eignaumsýslufélagið fyrir þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki sem þá

hét og umræðan er þessi: Hvað ef fjármálaráðherra væri ekki sá sem hann er í dag heldur einhver annar, einhver sem við treystum jafnvel verr? Þetta getur vel komið upp, við erum að tala um fimm ára tímabil, við erum að tala um það að setja lög í landinu sem fela fjármálaráðherra, hver sem hann er — og því segi ég ekki hæstvirtum, ég er bara að tala um fjármálaráðherra sem fyrirbrigði — að hver sem hann er, hann fær þessi völd. Hann getur skipað sína menn í þessar stjórnir algjörlega án athugasemda og hefur þar með með höndum endurskipulagningu bæði fyrirtækja á Íslandi og bankastarfseminnar. Mér finnst satt að segja að það séu einum of mikil völd þó að markmiðið sé að minnka þau og spyr hvort ráðherrann sé þá ekki opinn fyrir því að í meðförum þingsins, (Forseti hringir.) sem hann hlýtur þá að vera reyndar ef meiri hlutinn ræður, að þessu verði breytt, að þetta verði skipað faglega og að þingið komi jafnvel meira að þessu.

[16:46]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt að fram komi að frumvarpið er efnislega og að uppistöðu til samið af nefnd ráðgjafa sem starfað hafa í þessum bankamálum, þar á meðal sá nokkuð frægi maður orðinn á Íslandi, Mats Josefsson, og reyndar hefur verið sótt ráðgjöf til fleiri erlendra aðila í sambandi við þetta mál. Hér hefur verið tekið mið af því hvernig þessir hlutir voru gerðir í Noregi á sínum tíma en þar var farin sú leið að búa til einingu sem hélt um eignarhaldið á ákveðnu umbreytingaskeiði en síðan gekk það eignarhald aftur til baka inn í ráðuneyti það sem eftir stóð af eign ríkisins.

Það er einnig rétt að menn lesi og hafi í huga þann megintilgang þessarar einingar að koma fram og tryggja framkvæmd eigendastefnu ríkisins gagnvart bönkunum með samningum við þá, m.a. um endanlega og fulla fjármögnun þeirra. Fjármálaráðherra fer með eignarhaldið, það er staðreynd. Hann ber á því pólitíska ábyrgð gagnvart þingi og þjóð og hluti þess er þá sá að skipa stjórn þessarar opinberu stofnunar sem þarna heyrir undir en sú skipan er á faglegum forsendum, á grundvelli vel skilgreindra og mjög ríkra faglegra hæfniskrafna. Það held ég að sé besta nálgunin í þessu fremur en eitthvert kvótakerfi eða einhver önnur nálgun sem oft hefur verið viðhöfð. Það eru margar leiðir þekktar í þessu gegnum tíðina, fyrir 20 árum hefði mönnum sjálfsagt ekki dottið annað í hug en að kjósa svona stjórn hlutfallskosningu á Alþingi og hverjir hefðu þá setið í henni? Sennilega þingmenn eins og ástandið var þá. Hér er engu slíku til að dreifa. Hér verður lagður faglegur grunnur að því að í þetta veljist menn sem fyrst og fremst á grundvelli hæfni sinnar og ferilskrár teljist óumdeildir til að fara með þetta hlutverk.

[16:48]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er óhætt að segja að mann hafi sundlað við að lesa þetta frumvarp en þá verður maður víst að viðurkenna að mann hefur sundlað meira og minna í heilt ár yfir því ástandi sem hér er uppi. Ég vil byrja á því að taka fram að ég átta mig á því að hafa þarf strúktúr í kringum ríkisbankana og þetta ríkisfargan allt saman sem komið er í landinu en við erum kannski ekki endilega sammála um hvernig sá strúktúr eigi að vera vaxinn og hvernig best er að fara með þetta.

Mig langar að varpa nokkrum spurningum til hæstv. fjármálaráðherra. Í fyrsta lagi: Er með þessu frumvarpi lokið gerð strúktúrs í kringum ríkisbanka og ríkisfyrirtæki almennt?

Í öðru lagi vegna umræðunnar áðan: Kom til greina að haga skipun stjórnarinnar með öðrum hætti og þá með einhvers konar valnefnd jafnvel þó að gætt yrði að hæfisskilyrðum vegna þess að það er alveg hægt? Ég vil taka fram að í haust þegar skipað var í bankaráð ríkisbankanna var það skoðun allra stjórnmálaflokka, held ég, að þar ættu ekki alþingismenn að sitja. Ég sé ekki endilega að menn þurfi að fara í það aftur og það vil ég alls ekki sjá. En við hljótum að vilja vera viss um að það sé alveg ljóst að þetta sé ekki framlenging á fjármálaráðuneytinu en eins og frumvarpið lítur út veldur það manni töluverðum ugg um að svo sé.

Í þriðja lagi langar mig langar til að spyrja að því hvort þessi stofnun eigi að hafa eitthvað með það að gera hvernig við ætlum að komast aftur út úr ríkisbankarekstrinum vegna þess að hér er gert ráð fyrir tímabundinni stofnun sem starfi í fimm ár eftir því sem ég skil frumvarpið. Það er ekkert því til fyrirstöðu að það verði framlengt, við getum þess vegna séð Bankasýslu ríkisins um mörg komandi ár. En það væri fróðlegt að vita í tengslum við þetta frumvarp hvort hæstv. fjármálaráðherra hafi líka hugmyndir um það að stofnunin eða sýsla þessi komi fram með tillögur um hvernig við munum koma ríkisbönkunum nýju undan ríkisforsjá, hvort sem það yrði með sameiningu (Forseti hringir.) banka, sölu til erlendra aðila eða hvernig sem það yrði.

[16:50]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vona að hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins sé ekki búin að vera með svima síðan í haust (**ÓN:** Mig sundlaði.) eða sundlaði já, því að þetta ástand varð til í haust og ég tók það í arf. Það er ekki eins og ég hafi framkallað það eða búið það til. Mér finnst dálítið skemmtilegt að lesa umfjöllun af því tagi eins og að það hafi allt saman orðið til núna á vordögum þetta ástand sem við erum að glíma við.

Ég ætla að segja það í fullri einlægni við hv. þingmenn að dvöl mín og vera mín í fjármálaráðuneytinu í vetur hefur algerlega sannfært mig um það að við þurfum að gera skipulagsbreytingu af þessu tagi. Það er ekki hollt fyrir hvorugan aðilann, bankana eða tilvonandi eign ríkisins í sparisjóðum né ráðuneytið og ráðherrann að hafa þetta eins og þetta er. Þetta er allt of flókið viðfangsefni og allt of óljós skil þarna á milli til að hafa þetta í því formi sem ég tók við því af Sjálfstæðisflokknum í vetur. Ég er þess vegna orðinn algerlega sannfærður um að við eigum að búa til eitthvert fyrirkomulag af þessu tagi, sjálfstæða einingu, ábyrga einingu sem fer með þetta eignarhald á grundvelli skýrrar eigendastefnu ríkisins sem er opinber og liggur fyrir.

Svarið við fyrstu spurningunni er nei. Það mun koma fram vonandi á allra næstu dögum eigendastefnan, sem þetta verður auðvitað hluti af, og þar með verða meginlínurnar lagðar en það mun líka taka til almennt eigna ríkisins í fyrirtækjum. Slíka eigendastefnu höfum við Íslendingar aldrei mótað. Hún hefur aldrei legið fyrir og það er miklu meira en tímabært að það sé gert.

Að sjálfsögðu geta menn velt fyrir sér að standa að skipun stjórnar bankasýslunnar með öðrum hætti, en hér er valin hin faglega leið, ráðherrann fer með eignarhaldið eins og áður sagði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hann geti í vissum undantekningartilvikum beint tilmælum til stjórnar bankasýslunnar þótt sjálfstæð sé en þá verða þær orðsendingar opinberar og þess vegna held ég að þetta sé eðlilegur frágangur (Forseti hringir.) málsins.

Í þriðja lagi er svarið já, bankasýslan á einmitt að gera tillögur um meðferð eignarhluta og/eða sölu í framtíðinni.

[16:53]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tók það fram í máli mínu að ég teldi að það gæti verið alveg eðlilegt að hafa um þetta einhvern strúktúr og því óþarfi fyrir hæstv. ráðherra að gera mér upp skoðanir í því efni. Hins vegar hef ég efasemdir um að nógu langt sé gengið í því að aðskilja fjármálaráðuneytið frá þessari stofnun í þeirri skipun sem þarna er á ferðinni. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt að menn velti því fyrir sér hvort svo sé, hvort það sé alveg tryggt að með þessu sé verið að tryggja að pólitíski veruleikinn sé ekki of nálægt þessari stofnun. Hæstv. fjármálaráðherra veit að þetta er eitt af þeim atriðum sem eru hvað umdeildust í frumvarpi til laga um eignaumsýslufélag, þetta stendur í mönnum. Mér þætti því ekkert óeðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra hefði velt því fyrir sér í tengslum við þetta mál hvort það sé nógu langt gengið. Það er alveg hægt að hugsa sér að skipunin sé með þeim hætti að hæstv. fjármálaráðherra sé örlítið fjær. Mér finnst þetta bara gild sjónarmið sem ég geri ráð fyrir að verði tekið til vandlegrar skoðunar í viðskiptanefnd en eftir því sem mér skilst fer málið þangað.

Mig langar aðeins að víkja að öðru í tengslum við þetta mál og það er að fram undan er mikill niðurskurður í ríkisrekstri og gríðarlegar aðhaldsaðgerðir og hafandi í huga þá hagsmuni sem eru í ríkisbönkunum íslensku og í öllu íslensku atvinnulífi þá hljótum við líka að þurfa að líta til þess hvað það kostar að setja á fót stofnun eftir stofnun til að halda utan um þetta mál. Í umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarpið kemur fram að áætlaður kostnaður á ári sé 70–90 millj. kr. Heldur hæstv. fjármálaráðherra að þessir peningar dugi þegar litið er til þess starfs sem þessar stofnanir hafa með höndum? Heldur hæstv. ráðherra að þau áform að þarna séu örfáir starfsmenn sem hægt er að telja á fingrum annarrar handar muni duga til að halda utan um þetta mál? Hvaða sjónarmið eru uppi af hálfu hæstv. fjármálaráðherra um það ef kostnaður rýkur upp úr öllu valdi?

[16:55]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sé ekki af hverju vösk sveit þriggja til fimm manna og framkvæmdastjóri eigi ekki að geta séð um þetta mál úr því að það hefur verið meðhöndlað frá því í október sem eitt af ótal mörgum aukaviðfangsefnum fjármálaráðuneytisins án þess að bæta þar við nokkrum einasta manni. Ég treysti því að þetta geti gengið fyrir sig og verður væntanlega aðeins brotabrotabrot af kostnaði ríkisins við endurreisn fjármálakerfisins að halda utan um þennan eignarhlut þessi fimm ár. Menn geta auðvitað haft þá skoðun að það sé ekki nógu langt gengið þarna en það verður ekki bæði sleppt og haldið. Eignarhlutur ríkisins í þessum fjármálafyrirtækjum er staðreynd. Út frá honum verðum við að ganga.

Í öðru lagi hefur enginn mótmælt því að það sé fjármálaráðherra sem eigi að fara með hann og bera á honum pólitíska ábyrgð gagnvart þingi og þjóð og þá verða menn að finna út úr þessu í samræmi við það. Hér er farin mjög venjuleg leið í þeim efnum nema bara það að ekki er gert ráð fyrir einhverri stórri stjórn sem verði tilnefnd á grundvelli hlutfallaskipta stjórnmálaflokka heldur fámennri stjórn algerlega á faglegum forsendum. Ég held að það sé mun gæfulegri frágangur en almennt hefur verið um þessi mál að undanförnu.

Ég verð að segja eins og er að þegar ég fer að skoða þetta og kynna mér hvernig aðrar þjóðir hafa staðið að þessu, t.d. hafa nágrannaþjóðirnar mótað sér fyrir löngu skýra stefnu um aðkomu sína sem eigandi að eftir atvikum fyrirtækjum, þá gef ég því ekki háa einkunn hvernig farið hefur verið með þessi mál á Íslandi að undanförnu. Menn hafa einkavætt og oháeffað. Gjarnan hafa þá verið lagðar niður þingkjörnar stjórnir og hvað hefur komið í staðinn? Algert geðþóttavald viðkomandi ráðherra sem er dreift innan Stjórnarráðsins og hinir og þessir fagráðherrar hafa núna hreiðrað um sig og farið með eignarhaldið í alls konar ohf-fyrirtækjum. Og skoði menn bara hvernig á köflum hefur verið skipað í þær stjórnir áður en þeir fara að gagnrýna óorðið fyrirkomulag hér sem ég tel að sé til muna betra og faglegra en það sem við höfum mátt horfa upp á undanfarin ár.

[16:57]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Menn hafa verið að vitna til mikilhæfra rithöfunda. Hv. þm. Guðmundur Steingrímsson vitnaði til Franz Kafka og þá örugglega til þess flækjustigs sem oft er í sögum hans. Hæstv. fjármálaráðherra vitnaði til Milans Kundera og er þá væntanlega að vitna til *Óbærilegs léttleika tilverunnar*. Ég ætla að leyfa mér að nefna höfund, og þið verðið sennilega að fara á Wikipediu til að finna út hvað hann hefur skrifað, en lýsing hæstv. fjármálaráðherra á því hvernig frumvarpið var skrifað minnir mig á aðalsöguhetjuna þar. Þessi höfundur heitir Carlo Collodi.

Og þá erum við allir búnir að slá um okkur og getum snúið okkur að efninu en við ræðum hér Bankasýslu ríkisins sem á að fara með eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Ef við förum yfir meginmarkmið og tilgang þá stendur í 1. gr. að Bankasýslunni sé ætlað að leggja bönkunum til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimilda í fjárlögum. Áherslan er á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og Bankasýslan á að stuðla að

virkri og eðlilegri starfsemi á þeim markaði. Bankasýslan á að tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings. Þá er Bankasýslunni heimilt að setja á fót og fara með eignarhluti ríkisins í félögum sem samræmast hlutverki og markmiðum hennar.

Í meginatriðum er ágætt að sett skuli vera á fót stofnun sem heldur á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Ef rétt er á málum haldið tryggir félagið armslengdarsjónarmið, þ.e. að færa afskipti af fjármálakerfinu frá stjórnmálamönnum. Jafnframt tryggir stofnunin fagleg vinnubrögð ef markmið nást, gagnsæi og annað slíkt. Allt saman verkar þetta til að auka trúverðugleika eða réttara sagt endurvinna trúverðugleika á fjármálakerfinu. En mér er spurn: Af hverju ekki að hafa þetta fyrirtæki? Þetta hljómar eins og verið sé að stofnanagera eignarhaldið og í því sambandi er þetta nafn, Bankaumsýsla, afleitt nafn. En það er kannski ágætt að láta það heita Bankaumsýsla, það verður þá væntanlega skorið fljótt af með nýjum valdhöfum.

Í 2. gr. og í þeirri 9. er gefið til kynna að líftími stofnunarinnar sé 5 ár og má þá skilja af þessu sólarlagsákvæði að það tryggi að meginhugsunin sé að fjármálafyrirtækin verði seld aftur á markaði. Þá segir líka að ákveði fjármálaráðherra í undantekningartilfellum að beina tilmælum til stjórnar stofnunarinnar um tiltekin mál geti stjórnin tjáð ráðherra afstöðu sína til þeirra áður en við þeim er orðið. Skal þeirri þingnefnd Alþingis sem fer með bankamál gerð grein fyrir tilmælum ráðherra og afstöðu stjórnanna til þeirra eins fljótt og auðið er. Þetta ákvæði held ég að sé ákaflega gott, þ.e. að gera þurfi grein fyrir tilmælum sem fjármálaráðherra beinir til stofnunarinnar á gagnsæjan hátt, og það eykur enn og aftur trúverðugleikann. Síðan segir í 2. gr. að fjármálaráðherra skuli skipa stjórn. Það tel ég afar slæmt, það skemmir í raun fyrir megintilgangi stofnunarinnar sem er að tryggja armslengdarsjónarmiðið. Þetta er farvegur fyrir spillingu og ómarkviss vinnubrögð. Nær væri t.d. án þess að ég sé beinlínis að leggja það til — uppi eru aðrar hugmyndir um að Alþingi væri falið að skipa einhvers konar valnefnd sem síðan réði stjórn á algerlega faglegum forsendum. Einnig væri hægt að ímynda sér að stofnanir á vinnumarkaði skipi þessa valnefnd en alla vega að þetta vald sé fært frá fjármálaráðherra. Þar er ég ekki að meina hæstv. fjármálaráðherra heldur fjármálaráðherra yfirleitt.

Það er gríðarlega mikilvægt að tryggja trúverðugleika og að það sé hafið yfir allan vafa að stjórnmálin komi hvergi nærri við ákvarðanatöku stjórna. Þetta er enn mikilvægara nú en nokkru sinni áður vegna þess að fjármálamarkaðurinn nýtur nær einskis trúverðugleika og stjórnmálamenn eiga ekki trúnað þjóðarinnar getum við sagt. (**Gripið fram í:** Af hverju skyldi það nú vera?) — það er fyrir manneskjur eins og þig. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann. Það er afar slæmt að fjármálaráðherra eigi að vasast beint í því hvernig stjórnarmenn skipa með sér verkum og er fremur óhefðbundið. Þetta býður enn og aftur heim hættu á pólitískri spillingu.

Í 3. gr. skýtur upp þeirri hugsun sem verið er að reyna að koma inn núna, þ.e. að hæst launaði starfsmaður ríkisins eigi að vera forsætisráðherra. Hér segir að kjararáð skuli ákveða starfskjör forstjóra og stjórn stofnunar semur starfslýsingu hennar. Hvað varðar starfslýsinguna þá er það í góðu lagi og eðlilegt að stjórnin semji starfslýsingu en að kjararáð ákveði starfskjör er slæmt. Það á ekki að takmarka laun á þennan hátt vegna þess að þannig náum við ekki að laða að hæfustu einstaklingana til að stjórna þessari stofnun.

Í 4. gr. er j-liður. Þar er sagt að eitt af hlutverkum stofnunarinnar sé að undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Til að hnykkja enn frekar á þessu ætti að setja tímamörk sem gætu innihaldið einhvers konar fyrirvara um markaðsástand. Þannig er hægt að móta væntingar markaðsaðila og hugsanlega fá hærra verð fyrir hlutina auk þess sem slíkt gagnsæi mundi verka vel á hlutabréfamarkað.

Í 7. gr. er sagt að almenningi gefist kostur á að bjóða sig fram til setu í bankaráðum og stjórnum fyrirtækja með því að senda valnefndinni ferilskrá sína. Þetta er villandi, annars vegar að tryggja eigi fagleg vinnubrögð og hins vegar að almenningur geti boðið sig beint fram, þetta hljómar eins og hvert annað lýðskrum. Við vitum að hið opinbera er fulltrúi almennings og það þarf ekki frekari aðkomu að því.

Almennt vil ég segja að fyrir utan það hvernig valið er í stjórnina þá held ég að þetta eignarhaldsfélag, sem felst í þessari nýju stofnun, Bankasýslunni, sé framfaraskref. Ég er sammála hæstv. fjármálaráðherra í því að það er rétt að setja þetta í farveg sem er gagnsær til að tryggja fagleg vinnubrögð og byggja upp traust. Þá spyr ég að því hvort við ættum kannski að setja eignaumsýslufélagið líka undir þetta félag, þetta eignarhaldsfélag eigi hlutina eða sjái um hlutina sem eru í nýja eignaumsýslufélaginu, ef það frumvarp verður að lögum, sem allt lítur út fyrir, til að tryggja enn frekar armslengdarsjónarmið, sem kæmi til móts við gagnrýni sem framsóknarmenn hafa verið með og reyndar Borgarahreyfingin líka á það frumvarp — og sjálfstæðismenn auðvitað líka.

Þá dettur mér í hug hvort við ættum jafnvel að ganga skrefinu lengra og færa aðrar fjármálastofnanir ríkisins undir þetta félag eða þessa stofnun. Þá er ég að hugsa um Íbúðalánasjóð og þá kannski sérstaklega Byggðastofnun. Þá erum við í raun og veru komin með allan fjármálamarkaðinn með stjórn af þessu tagi í armslengd frá hæstv. fjármálaráðherra.

[17:07]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Frú forseti. Ég fagna því að ríkið hyggist fela sérstakri stofnun umsjón með eignarhlut sínum í bönkunum. Ég tel að það muni gera ríkið að virkari og faglegri eiganda með ákveðinni fjarlægð frá hinu pólitíska valdi og það er ágætlega rakið í frumvarpinu. Hitt er annað mál að mér finnst full ástæða til að í hv. viðskiptanefnd verði umræða um það hvort eignarhaldsfélag gæti ekki verið heppilegra fyrirkomulag en stofnun að hætti Bankasýslu ríkisins. Eignarhaldsfélag væri bæði fjær hinu pólitíska valdi og mundi takmarka fjárhagslega ábyrgð ríkisins. Það er þó rétt að halda því til haga að takmörkuð fjárhagsleg ábyrgð ríkisins gæti þó dregið úr trausti á bankakerfið og veikt það en það er mjög mikilvægt að hv. viðskiptanefnd skoði þetta gaumgæfilega.

Úr því að hæstv. fjármálaráðherra minntist á Mats Josefsson þá vil ég benda á að hann hefur mælt með því að eignarhald ríkisins sé í opinberu hlutafélagi en ekki í stofnun og bendi ég hv. viðskiptanefnd jafnframt á það. Ég vil líka tjá þann hug minn að ég hefði viljað fá þetta frumvarp í efnahags- og skattanefnd en það hefur ekki gengið eftir og það er af þeim ástæðum — og þar er ég sammála hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni — að þar hefur frumvarp um eignaumsýslufélag verið til umfjöllunar. Ég styð það mál, sem sagt eignaumsýslufélagið, en hef haft áhyggjur af því hver eigi að hafa t.d. frumkvæði að því að eignaumsýslufélagið komi að endurskipulagningu fyrirtækja. Það er hætta á ákveðinni togstreitu þegar utanaðkomandi félag á að hafa leyfi til að fara inn í bankana og vinna þar að endurskipulagningu fyrirtækja sem þar eru í viðskiptum og standa illa.

Virðulegi forseti. Ég tel að það væri mjög heppilegt að vinna þessi frumvörp samhliða þannig að eignaumsýslufélagið heyrði undir eignarhaldsfélagið eða Bankasýsluna ef ekki vill betur svo að eignaumsýslufélagið hafi skýrt umboð frá þeim sem fer með eignarhald ríkisins í bönkunum. Ég vil ítreka þá skoðun mína að ég tel óheppilegt að þessi mál séu ekki unnin í meira samræmi, þ.e. eignaumsýslufélagið og Bankasýslan eða eignarhaldsfélagið, þar sem gríðarlegir hagsmunir eru í húfi fyrir íslenskt samfélag og þar að auki gæti það leitt til minni kostnaðar ef meira samræmi væri. Ég bið því fulltrúa í hv. viðskiptanefnd að huga að þessu. Ég treysti því að ég fái fulltingi hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar í efnahags- og skattanefnd til að við beitum okkur fyrir því að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem ég hef reifað hér.

[17:11]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég kem upp í andsvar án þess að ætla að andmæla einhverju sem hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir vék að í ræðu sinni. Ég held að allar athugasemdir hennar séu vel íhugunar virði, bæði hvað varðar málsmeðferð í þinginu og eins varðandi efnisatriði málsins. Það hlýtur að koma til skoðunar í hv. viðskiptanefnd hvort eignaumsýslufélag eða slíkt fyrirkomulag sé hentugra en ríkisstofnun til að sinna þessu hlutverki. Það eru auðvitað athyglisverðar upplýsingar, sem hv. þingmaður kemur fram með, sem ég hafði ekki áttað mig á, að tillögur Mats Josefssons — sem oft er vitnað til í sölum þingsins, eins og orð hans séu heilög, leyfi ég mér að segja — hafi gengið út á það að um þetta yrði stofnað opinbert hlutafélag en ekki ríkisstofnun. Mér finnst mjög athyglisvert að það komi inn í þessa umræðu.

Ég fagna því að hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir skuli hafa vakið athygli á þessum þáttum og vona að þau sjónarmið sem hún hefur boðað eigi stuðning, t.d. í hennar þingflokki. Ég held að þetta frumvarp eins og það er þurfi að taka verulegum breytingum áður en það nær fram að ganga. Ég mun koma nánar að því í ræðu síðar í umræðunni.

[17:13]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur að því hvað hún hafi átt við þegar hún talaði um eignarhaldsfélag annars vegar og að draga úr ábyrgð ríkisins — ef hún vildi útskýra nánar hvað hún á við þegar hún talar um að draga úr ábyrgð ríkisins því að hér erum við að tala um fyrirtæki og banka og fjármálastofnanir sem ríkið á. Hvernig getur þá utanumhald um það með einhverjum hætti dregið úr ábyrgð ríkisins, ef ég hef skilið hv. þingmann rétt?

Í öðru lagi, frú forseti, langar mig að spyrja hv. þingmann hvernig henni lítist á þá hugmynd sem fram kom í máli hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar að bæði Byggðastofnun og Íbúðalánasjóður yrðu færð undir þessa svokölluðu Bankasýslu ríkisins eins og frumvarp til laga segir til um.

[17:14]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir spurði mig hvað ég ætti við með því að draga ætti úr ábyrgð ríkisins. Við hæstv. fjármálaráðherra erum fullkomlega sammála um að við teljum að ríkið eigi að bera fulla ábyrgð á ríkisbönkunum en það varðar fjárhagslega ábyrgð, það er að fjárhagsleg ábyrgð ríkisins sé takmörkuð ef eignarhaldið er í opinberu hlutafélagi. En þetta eru sjónarmið sem þarf að skoða, kanna og velta upp og að lokum er hægt að taka ákvörðun um það hvort um opinbert hlutafélag verði að ræða eða stofnun.

Varðandi tillögur hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar, um það að Íbúðalánasjóður og Byggðastofnun heyri undir þetta félag, þá þekki ég lítið til starfsemi Byggðastofnunar beinlínis en ég tel að þar sem um tímabundið félag er að ræða væri óeðlilegt að setja slíka sjóði undir þetta félag nema ríkið tæki ákvörðun um að þeir ættu að leggjast af. Í mínum huga er það svo að bankarnir eru tímabundið í eigu ríkisins, a.m.k. allt fjármálakerfið meira eða minna, og þar af leiðandi tel ég þetta vera tvo ólíka hluti.

[17:15]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svarið. Ég er enn þá ögn hugsi, ekki eingöngu yfir þessu frumvarpi til laga um Bankasýslu ríkisins heldur yfirleitt hugsi um það að okkur dettur enginn annar strúktúr, ef við getum orðað það svo, í hug en ný stofnun ef við ætlum að veita aðhald og sjá um umsýslu. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína á því.

Ég vil spyrja hv. þingmann aftur. Ef breytilegt form, hvort heldur um er að ræða ohf. eða eignarhaldsfélag eða hvað svo sem það er, ef fyrirtækið er 100% í eigu ríkisins hvernig svo sem eignarhaldið eða fyrirtækisheitið er, er ekki alltaf ábyrgð ríkisins á sínum fyrirtækjum á sama hátt og eigendur annarra fyrirtækja bera ábyrgð á sínum fyrirtækjum eða getur ríkið stofnað hér hlutafélag og sett það síðan á hausinn og ákveðið að þurfa ekki að bera ábyrgð? Mig langar bara, af því að þekking mín nær ekki lengra og hv. þingmaður er hagfræðingur, að hv. þingmaður svari þessum fyrirspurnum, frú forseti.

[17:17]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að hryggja hv. þm. Ragnheiði Rík-

harðsdóttur með því að ég hef ekki sérþekkingu á hlutafélögum og lögum um opinber hlutafélög en vil benda á að flokksbróðir hennar, hv. þm. Pétur Blöndal, bendir ítrekað á það að hann telji að fjárhagsleg ábyrgð ríkisins sé engu minni þegar um opinber hlutafélög er að ræða. Þó hef ég heyrt skiptar skoðanir um þetta og tel að út frá þessum ólíku sjónarmiðum um ábyrgð ríkisins varðandi opinber hlutafélög þá eigi að ræða það í nefndinni sérstaklega hvernig því sé háttað og þá má jafnframt ræða, ef hin fjárhagslega ábyrgð er takmarkaðri, hvort það sé heppilegt fyrir bankakerfið að heyra undir slíka stofnun eða getur það veikt það til lengri tíma í þessu umróti sem nú er?

Virðulegi forseti. Þá langar mig að koma inn á það að ég held að hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir hafi misskilið orð mín. Ég tel ekki að til lengri tíma verði stofnun að halda utan um fyrirtæki sem ríkið hyggst eiga til lengri tíma. Þessi stofnun er sett á laggirnar til skamms tíma. Það segir í frumvarpinu að það skuli vera til fimm ára. Ef til umræðu kæmi að setja fleiri fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins þar undir þá þyrfti að sjálfsögðu að endurskoða það með hvaða hætti það ætti að vera.

[17:19]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Hér er til umræðu mjög mikilvægt mál, frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins. Auðvitað er sárgrætilegt að slíkt frumvarp þurfi að líta dagsins ljós. Það er hlutgerving þess að bankarnir allir stóru eru komnir í eigu ríkisins og við því þarf að bregðast og það er rétt sem fram hefur komið hjá hæstv. fjármálaráðherra að sú staða var uppi þegar hæstv. ráðherra tók við sínu embætti í febrúar og því er eðlilegt að ráðherrann komi fram með einhvers konar hugmyndir um það hvernig skuli á halda þegar kemur að eigandahlutverki ríkisins.

Ég tek undir þá gagnrýni sem fram hefur komið meðal annars hjá hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni að ástæða sé til þess að gera athugasemdir við skipan stjórnar þessa fyrirbæris, þessarar bankasýslu. Ég held að ef þetta gangi eftir sem hér er lagt upp með ásamt þeim fyrirætlunum sem eru um eignaumsýslufélagið og hvernig stjórn þess verði skipuð þá muni hæstv. fjármálaráðherra verða — þ.e. þá mun ekki hafa verið voldugri maður á Íslandi frá dögum Jörundar hundadagakonungs þegar saman verður lagt það vald sem fylgir þessu frumvarpi og eignaumsýslufélaginu. Það er rétt sem fram hefur komið og kemur fram í greinargerð að í nútímahagkerfum skipta fjármálafyrirtækin auðvitað mestu máli og því er gríðarlega mikilvægt hvernig menn halda utan um slík fyrirtæki og þar leikur eigandahlutverkið stórt hlutverk.

Mig langar að nefna rétt aðeins hér áður en lengra er haldið, af því að hér nefndi hæstv. fjármálaráðherra hin svokölluðu ohf.-félög og þá tilraun sem gerð var með stofnun slíkra félaga, að sá sem hér stendur hefur lengi verið þeirrar skoðunar að það sé flókið, erfitt og jafnvel ógerlegt að reyna að koma á því fyrirkomulagi í opinberum rekstri að það eigi að jafngilda eða vera eins og fyrirkomulag rekstrar einkafyrirtækja á markaði. Ég held að ógerningur sé að búa slíkt til og ég er þeirrar skoðunar að þar sem ríkið hefur eignarhald sé rétt að slíku eignarhaldi fylgi þá hin pólitíska ábyrgð, að menn eigi ekki að reyna að búa til veruleika sem á sér enga stoð, reyna að blekkja sig með því að ekki liggi pólitísk ábyrgð þarna að baki.

Ég virði þann vilja sem fram hefur komið hjá hæstv. fjármálaráðherra sem felst í frumvarpinu að reyna að búa til einhvers konar bil á milli stjórnmálanna annars vegar og bankakerfisins hins vegar. Ég er efins um eða velti því upp hvort það sé algjör og fullkomin nauðsyn í ljósi þeirra atburða sem hér hafa orðið að fjármálaráðherra verði að halda á þessum hlut. Ástæðan fyrir því að ég nefni það er jú, að að öllu jöfnu er eðlilegt að fjármálaráðherra fari með hlut ríkisins í fyrirtækjum. En auðvitað leggur enginn upp með að sú staða geti orðið að allt bankakerfið eins og hendi væri veifað færðist til hins opinbera og þar með til fjármálaráðherra. Ég velti því upp hvort við ættum ekki að skoða það nokkuð vel hvort skynsamlegt væri að í stað þeirrar nálgunar sem felst í 2. gr. frumvarpsins um skipan stjórnar, þ.e. hvort við ættum ekki að skoða það að kjósa á Alþingi valnefnd, fimm manna eða sjö manna valnefnd, og fela þeirri nefnd síðan að velja bankaráðið eða stjórn Bankasýslunnar öllu heldur. Þar með væri ekki til staðar þessi mikla nánd hæstv. fjármálaráðherrans og um leið fælist skýrari pólitísk ábyrgð í því að Alþingi sjálft kæmi að málinu. Ég held að rétt væri að skoða þetta, frú forseti.

Ég vil líka nefna ákvæði síðustu málsgreinar 2. gr., sem hljómar svona, með leyfi forseta:

„Ákveði fjármálaráðherra í undantekningartilvikum að beina tilmælum til stjórnar stofnunarinnar um tiltekin mál getur stjórnin tjáð ráðherra afstöðu sína til þeirra áður en við þeim er orðið.“

Hugsunin er að slíkt fari fram með gegnsæjum og opnum hætti, skriflegum og þess háttar. Þó að ég treysti hæstv. fjármálaráðherra ágætlega þá kunna þeir ráðherrar að koma sem munu kannski nálgast þetta hlutverk öðruvísi og lyfta jafnvel upp síma og kalla menn á fund og svo framvegis þannig að það væri erfitt að rekja slík samskipti, þ.e. þau yrðu bara ekkert skrifleg. Enn og aftur tel ég þess vegna heppilegra að búa til meiri fjarlægð en þá sem myndast með aðkomu hæstv. ráðherra eins og lagt er upp með í 2. gr. Það væri hægt að gera það, eins og ég segi, með því að Alþingi skipi sérstaka tilskipunarnefnd.

Í sjálfu sér hef ég engar stórar athugasemdir fram að færa hvað varðar einstök efnisatriði frumvarpsins umfram það sem kom fram í máli hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar. Þó vil ég undirstrika að það skiptir miklu máli að þessu eigandahlutverki sé vel sinnt. Mikilvægi málsins felst í því að því fyrr sem bankakerfið okkar fer að virka því fyrr komumst við aftur af stað með efnahagsstarfsemina. Ég vil þó sérstaklega fagna því að í þessu frumvarpi, meðal annars í j-lið 4. gr., kemur fram sú stefnumótun af hálfu ríkisstjórnarinnar að til standi að selja þessa eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, að losa ríkið síðan aftur úr þessum rekstri. Það skiptir máli að slík stefnumörkun líti dagsins ljós. Því fyrr sem hún gengur fram því betra.

[17:26]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Það er stutt síðan við ræddum um eignaumsýslufélag ríkisins og nú tölum við um Bankasýslu

ríkisins. Það er því miður þannig, og kannski óþarfi að tala um það og öllum kunnugt, að við erum stödd í ástandi þar sem verið er að ríkisvæða allflest fyrirtæki landsins og fjármálafyrirtækin fóru, eins og komið hefur fram í ræðu, á aðra hliðina og enduðu í fangi ríkisins og við því þarf auðvitað að bregðast með einum eða öðrum hætti. Hér liggur fyrir frumvarp sem gerir tilraun til að fjarlægja hið pólitíska vald, komast svokallaða armslengd frá hinu pólitíska valdi og gera það af meiri fagþekkingu og faglegheitum. Frumvarpið tekur á ýmsum þáttum sem eru verkefni þessarar stofnunar, Bankasýslu ríkisins, og markmið laganna er að leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á markaði, tryggja gegnsæi, tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings. Jafnframt hefur þessi tilvonandi stofnun heimild til að setja á fót og fara með eignarhlut ríkisins í félögum sem samræmast hlutverki og markmiðum.

Í 4. gr. frumvarpsins er farið yfir verkefnin og þau eru eins og ég sagði áður margvísleg og ekki einasta eins og hér hefur komið fram að framfylgja eigendahlutverki ríkisins, sem er auðvitað mjög nauðsynlegt að koma fram með skýra eigendastefnu og í sjálfu sér merkilegt að það hafi ekki gerst fyrr. En í þessum markmiðum og verkefnum eru þetta kannski orðnir svolítið flóknir hlutir sem sumir hverjir stangast jafnvel hver á við annan. Vil ég þá aðeins nefna í sambandi við samkeppnissjónarmið að við erum að tala um að breyta formi á eigendastefnu, sem hefur kannski verið ómeðvituð, að hafa hana bæði dreifða þar sem fagráðuneytin hafa setið sjálf með hvert sitt ohf ef um slíkt er að ræða eða stofnanir en ekki að koma þeim öllum til að mynda í skjól hjá fjármálaráðuneytinu og útbúa þannig miðlæga stefnu eins og hér er skýrt í athugasemdum við frumvarpið, í almenna hlutanum. Í 3. tölulið hans er fjallað um að hér sé verið að færa sig til miðlægs skipulags til að leggja sterka áherslu á ríkið sem eiganda og þar komi skýrar fram aðskilnaður milli eigendahlutverks ríkisins og annarra hlutverka sem ætti að vera jákvætt og meiri eining um hlutverk ríkisins sem eiganda og í samræmi við fyrirkomulag. Það byggist auðvitað á því að um faglegri vinnu verði að ræða og það gangi eftir sem ætlunin er með frumvarpinu. Það er klárlega betri yfirsýn með því að hafa þetta undir einum hatti og miðlæg þekking á eigendahlutverkinu verður augljóslega líka betri þannig.

Þeir aðilar sem þarna verða skipaðir af fjármálaráðherra í stjórn eiga auk þess að safna saman upplýsingum frá öllum fjármálafyrirtækjum og hafa betri yfirsýn og þekkingu á öllu því sem þar er, að útbúa reglur um eigendahlutverk ríkisins og hvernig menn ætla að ganga fram. Þeir eiga jafnframt að efla og styrkja samkeppni og gæta þess vandlega að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja fari ekki á milli. Það verður að segjast eins og er að það eru gerðar gríðarlegar kröfur til þessara aðila. Maður veltir fyrir sér hvort hægt hefði verið að ná þessum sjónarmiðum fram með öðrum hætti og hafa kosti þessa miðlæga skipulags um eigendahlutverkið en dreifa að einhverju leyti öðru út úr þessari miðlægu hugmynd. Þá langar mig að nefna hvort ekki hefði verið betra, eins og kom fram í umræðu um eignaumsýslufélagið og hefur reyndar komið fram í ræðum og er tillaga í minnihlutaáliti hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, að skipa valnefnd sem mundi velja stjórnarmenn í eignaumsýslufélagið, væri ekki í raun og veru betra að þeir kæmu að þessari bankasýslu? Og svo mætti velta fyrir sér hvort samkeppnissjónarmiðin eigi hér við eða hvort eftirlitsþáttur Fjármálaeftirlits og Samkeppniseftirlits eigi ekki í raun að fara með þetta.

Ég er að velta því upp, frú forseti, hvort við séum að stofnanavæða, gera of mikið úr því sem þarf að gera til að koma skýrri eigendastefnu ríkisins á framfæri. Hvort ekki sé hægt að gera þetta með einhverju öðru móti, hvort það mætti, eins og komið hefur fram, ræða um eignarhaldsfélag. Það væri líka möguleiki að hafa ákveðið vald í fjármálaráðuneytinu en þá stangast það auðvitað á við þá ósk okkar allra að búa til framlengingu, þessa handleggjarfjarlægð frá hinu pólitíska valdi. Ég held að hér sé á ferðinni frumvarp sem eigi eftir að fara inn í viðskiptanefnd og ég held að það væri ekkert óeðlilegt, þó að það sé e.t.v. ekki hefð fyrir því, að málinu væri jafnframt vísað til efnahags- og skattanefndar. Hv. efnahags- og skattanefnd vann geysilega vel að eignaumsýslufrumvarpinu, það gerbreyttist reyndar í meðförum nefndarinnar og ég held að það eigi kannski fyrir þessu frumvarpi að liggja líka að framtíð þess verði sú að taka verulegum breytingum í átt til þeirrar gagnrýni sem hér hefur komið fram.

Það hefur líka komið fram að hér sé um tímabundna starfsemi að ræða, til fimm ára eða skemur og á þeim tíma eigi að undirbúa tillögur að sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum með einum eða öðrum hætti. Bankasýsla ríkisins er stórt nafn og er kannski m.a. eins konar einkavæðingarnefnd hæstv. fjármálaráðherra undir þessu nafni ásamt því að gera sitthvað fleira. Bankasýsla þessi með þremur starfsmönnum og forstjóra og hugsanlega fleirum með kostnaði upp á 70–80 millj. á ári í fimm ár er u.þ.b. 350–400 millj. sem er eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði réttilega sjálfsagt brotabrot í stærðargráðunni sem við erum að fjalla um þessa dagana en er engu að síður um 350–400 millj. í áætlaðan kostnað í upphafi án þess að við vitum hvernig það endar.

Ég held að það sé nauðsynlegt að fjalla mjög faglega um þetta og skoða alla fleti málsins í viðskiptanefnd og eins og eins og ég sagði væri ekki óeðlilegt að efnahags- og skattanefnd fjallaði um málið líka.

Ég ætla í lok máls míns, frú forseti, að bregðast aðeins við, hér var rætt um áðan að setja ætti aðra hluti eins og Byggðastofnun og Íbúðalánasjóð inn í þetta. Ég held reyndar í ljósi þess hvernig við höfum horft upp á fjármálafyrirtækin fara á hliðina hvert af öðru að ég geti mælt fyrir munn allflestra sem um það hafa fjallað að það sé mikil blessun að framsóknarmönnum tókst að verja það að Íbúðalánasjóður stóð af sér öll áföll í stjórnun í mörg ár og að hann skuli vera til enn. Ég held að eitt af því galnasta sem við gerðum í þessu tilviki væri að skella Íbúðalánasjóði inn í Bankasýslu ríkisins og leggja hann síðan niður á fimm árum. Ég get fullyrt að við framsóknarmenn mundum koma hér upp nokkrum sinnum áður en það gerðist og andmæla kröftuglega.

[17:36]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Hér hafa allnokkrir þingmenn, einkum úr stjórnarandstöðu en reyndar einnig úr Samfylkingu, komið upp og lýst efasemdum um einstaka þætti þessa frumvarps. Allar eru þær athugasemdir þess virði að þær séu teknar til umfjöllunar og athugunar í þeim nefndum þingsins sem munu fjalla um málið og vona ég innilega að það verði gert.

Það er auðvitað um það að ræða eins og við þekkjum að umfjöllunarefnið, þ.e. eignarhald ríkisins á fjármálastofnunum og raunar allmestum hluta íslensks fjármálakerfis, er viðfangsefni sem fæst okkar vildu hafa í höndunum. Í þeim skilningi er það í sjálfu sér jákvætt að hæstv. fjármálaráðherra skuli koma með frumvarp sem gefur okkur tilefni til að taka umræðu um það hvernig við viljum taka á þeim málum. Ég verð hins vegar að vera nokkuð neikvæðari, hygg ég, en flestir þeir ræðumenn sem hér hafa talað um málið. Ég viðurkenni að við stöndum frammi fyrir verkefni sem við þurfum að leysa með einhverjum hætti sem er eignarhluti ríkisins í þessum fjármálastofnunum. Viðfangsefnið í mínum huga er fyrst og fremst það hvernig við getum losnað út úr því fyrirkomulagi vegna þess að ég held að við eigum ekki og megum ekki sjá fyrir okkur langvarandi eignarhald og afskipti ríkisins af yfirgnæfandi hluta fjármálamarkaðarins. Ég held að það sé ekki hollt og ég held að það muni standa í vegi fyrir því að hér komist aftur á laggirnar fjármálakerfi sem getur virkað eðlilega. Mitt innlegg í umræðuna er kannski fyrst og fremst að árétta mikilvægi þess að ríkið losi sig út úr þessum rekstri eins fljótt og auðið er og ég leyfi mér að hafa efasemdir um að það sé nauðsynlegt að setja á fót sérstaka stofnun til að hafa með höndum það verkefni að halda utan um eignarhlutann meðan þetta ástand er við lýði.

Þegar ég varð þess var að frumvarp þetta væri komið inn í þingið á föstudagskvöld fór ég að velta því fyrir mér hvernig þetta væri hugsað. Fyrstu viðbrögð mín voru að sjálfsögðu þau að hafa áhyggjur af því að hér væri verið að stofnanagera eignarhald ríkisins á fjármálastofnunum sem mér þótti og þykir raunar enn benda til þess að fjármálaráðherra og ríkisstjórnin sjái fyrir sér að þetta eignarhald á fjármálastofnunum verði við lýði um lengri tíma en ekki skemmri tíma. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að hámarksstarfsemi þessarar stofnunar verði fimm ár ef ekki breytast forsendur. Innan þess tíma getur auðvitað komið til þess eins og frumvarpið er lagt upp að einstakar fjármálastofnanir eða hlutar þeirra verði seldir en ég verð að játa það að þegar ég horfi á stöðuna í dag og fimm ár fram í tímann þá óar mér við því að ríkið verði áfram þátttakandi í fjármálakerfinu í svo langan tíma. Ég held að það að losa um eignarhluta ríkisins ætti að vera miklu meira forgangsmál en ráðgert er með þessu eins og ég les frumvarpið. Ég held um leið að það sé eðlilegra að reyna að finna einfaldari leiðir til að ná þeim markmiðum, sem allflestir hafa tjáð, að losa um eignarhluta ríkisins í þessum fyrirtækjum, að það ætti að finna einfaldari leiðir en að búa til nýja ríkisstofnun með nýrri stjórn og sérstakri valnefnd og öllu því sem þessu fylgir, ég held að verið sé að búa til afskaplega margar og miklar flækjur í kringum þetta.

Ég virði auðvitað þau markmið sem komu fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra, að hann vilji með þessu fjarlægja hið pólitíska vald frá bönkunum eins og unnt er og tel reyndar að athugasemdir sem hér hafa komið fram um að það væri eðlilegt og æskilegt að búa til meiri fjarlægð séu athugunar verðar. Ég vara menn hins vegar við því að búa til of mörg flækjustig í þessu ef svo má segja vegna þess að því flóknara sem kerfið verður, því flóknara sem skipuritið verður, því fastara í sessi sem stofnanafyrirkomulagið verður að þessu leyti, þeim mun meiri hætta er á að það dragist að taka þær pólitísku ákvarðanir sem ég tel nauðsynlegt að taka til að losa um ríkishlutinn.

Ég held að málið sé þess eðlis að það þurfi að fá mjög vandlega yfirferð í nefndum þingsins eins og ég sagði áðan. Ég held að í því nefndastarfi sé nauðsynlegt að menn velti fyrir sér öðrum leiðum til að ná þeim viðfangsefnum sem hæstv. fjármálaráðherra hefur lagt hér upp og hef alla fyrirvara á því að styðja málið eins og það lítur út. Það slær mig þannig að menn hafi séð viðfangsefni eða vandamál og hafi einfaldlega ákveðið að fara gömlu leiðina að stofna sérstaka stofnun til að sjá um það. Það er allt of algengt og það hefur valdið útþenslu ríkiskerfisins á síðustu árum og áratugum, sama hver hefur verið í stjórn — allir flokkar sem hafa verið við völd eru samsekir í því — tilhneigingin hefur allt of mikið verið sú þegar menn sjá viðfangsefni eða vandamál að þá er úrræðið að búa til nýjar stofnanir, nýjar nefndir, ný ráð til að leysa þau. Ég held að á þeim tíma sem við lifum núna þegar allir eru sammála um að draga þurfi verulega úr umsvifum ríkisins, draga verulega úr kostnaði við ríkisreksturinn, skjóti mjög skökku við að ætla að stofna nýja stofnun. Ég tek undir þær áhyggjur sem komu fram í stuttri ræðu hv. þm. Ólafar Nordal að þó að lagt sé upp með fáa starfsmenn og lítinn kostnað þá þekkjum við Parkisonslögmálið að slíkar stofnanir hafa tilhneigingu til að hlaða utan á sig, hafa tilhneigingu til að festa sig í sessi og hafa tilhneigingu til að stækka. Mér finnst því nauðsynlegt þegar við göngum til þess verks að reyna að móta það hvernig við tökumst á við viðfangsefnið sem hér liggur fyrir, að við gætum þess að búa ekki til nýjan óþarfan kostnað, búa ekki til nýjar óþarfar flækjur, reyna frekar að koma ríkinu út úr þessu verkefni eins fljótt og auðið er.

Ég vildi að lokum, hæstv. forseti, fagna því sem kom fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra um það að eigendastefna fjármálafyrirtækjanna væri á leiðinni. Ég geri mér grein fyrir því að það hefur tekið einhvern tíma að koma henni saman og móta hana. Ég vildi hins vegar koma þeirri athugasemd á framfæri að ég tel eðlilegt að eigendastefnan komi til umræðu á þingi, að ekki verði aðeins um að ræða plagg eða yfirlýsingu frá fjármálaráðherra heldur fái þingið tækifæri til að fjalla um þetta. Það vill svo til að hér er um að ræða afar mikilvægar ákvarðanir um mótun eigendastefnu fyrir fjármálafyrirtæki í höndum ríkisins og ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegast að hún komi til umræðu á þinginu, að þingið fái tækifæri til að fjalla um hana og að hinir þjóðkjörnu fulltrúar sem hér sitja hafi tækifæri til að láta í ljós sjónarmið sín í þeim efnum. Smærri mál en það koma til umræðu í þinginu.

[17:46]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Hér fáum við enn eitt frumvarp til laga sem nauðsynlegt er að setja í kjölfar bankahrunsins. Rétt er að rifja það upp að í kjölfar bankahrunsins í haust ætluðu menn að láta hlutina ganga mjög hratt fyrir sig og höfðu trú á því að þetta mundi ganga hratt yfir. Fyrsta skilanefndin sem var skipuð var skipuð til 30 daga. Skilanefnd númer tvö var skipuð til 60 daga. Skilanefnd númer þrjú var skipuð til 90 daga. Á þeirri viku sem þarna leið á milli áttuðu menn sig á því að þetta hefði kannski verið óeðlilega skammur tími sem þeir ætluðu sér til úrvinnslu á bankahruninu. Nú er svo komið að ef áætlanir um skil milli gömlu og nýju bankana ganga eftir og þau skil verða eigi síðar en 17. júlí næstkomandi þá mun þetta enda í heilli meðgöngu eða rúmlega níu mánuðum, yfir 270 dögum í stað þeirra 30 sem fyrst var ætlað.

Það er ekki aðeins að þetta hafi tekið miklu lengri tíma og sé orðið dýrara og hafi reynst flóknara en upphaflega var áætlað heldur er viðbúið að eignarhald ríkisins verði jafnvel enn umsvifameira ef hlutir í sparisjóðum bætast við eins og verið er að greiða fyrir með frumvarpi sem nú er til meðferðar í þinginu um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki til þess að auðvelda það að ríkið geti komið þar að sem stofnfjáreigandi eða til þess að greiða inn, styrkja eigið fé sjóðanna.

Það er líka ljóst að þær fjármálastofnanir sem hér um ræðir verða í eigu ríkisins enn um sinn. Við munum það sem fylgdumst með umræðunni í haust að markmiðið var að taka við bönkunum, selja þá strax, losa sig við þá strax. Menn hafa margir sýnt áhuga á því og það hefur komið fram hér í umræðunni í dag að nauðsynlegt væri að ríkið losaði sig úr eignarhaldinu sem allra fyrst. En ég held að við verðum bara að viðurkenna að ansi lítill áhugi er á því að fjárfesta í íslenskum fjármálastofnunum nú um stundir. Það hefur reynst svo að kröfuhafar sem nefndir voru sem eignaraðilar að nýju bönkunum hafa ekki reynst jafnáhugasamir og margir ætluðu. Því er það, eins og ég sagði áðan, að ljóst er að þessar fjármálastofnanir munu enn um sinn verða í eigu ríkisins. Því er mjög svo tímabært að formgera þetta eignarhald eins og hér er gert ráð fyrir en jafnframt gera það aðeins til tiltekins tíma. Hér er sólarlagsákvæði til fimm ára um að þessi Bankasýsla eigi að hafa lokið störfum eigi síðar en fimm árum eftir að lögin taka gildi.

Í mínum huga er skýr eigendastefna algjör grunnur að starfsemi Bankasýslunnar. Ég hef kallað eftir eigendastefnu ríkisins varðandi bankana alveg frá hruninu. Innihald slíkrar stefnu er gríðarlega mikilvægt eins og hv. þm. Birgir Ármannsson nefndi áðan. Það hlýtur að sjálfsögðu að koma til umræðu á þinginu hvert það er og tek ég undir orð þingmannsins að því leytinu til.

Ég vil nefna nokkur atriði sem mér finnst skipta máli og tel að eigi að vera í slíkri eigendastefnu. Ég hef nefnt það áður að ég tel mjög brýnt að því stefnumiði stjórnvalda verði framfylgt að auglýst verði eftir bankastjórum og lykilstjórnendum þeirra fjármálastofnana sem nú eru reknar á ábyrgð ríkissjóðs og skattgreiðenda. Ég hef líka kallað eftir því að launastefnan í þessum fjármálastofnunum sé skýr og að launajafnrétti verði tryggt, en launamisrétti viðgekkst því miður og jókst á síðustu árum í bönkunum áður en þeir hrundu.

Það er líka mjög mikilvægt að í slíkri eigendastefnu verði tekið á því hvernig koma megi fram jafnræði í starfi þessara fjármálastofnana án þess þó að ganga þvert gegn samkeppni, en jafnræði í starfsemi sem rekin er á kostnað sameiginlegra sjóða skattborgaranna hlýtur að vera grundvallarkrafa.

Loks hlýtur að verða að taka til þess í eigendastefnu hvort og þá hversu stóran hlut ríkið ætti að eiga í einum eða fleiri stóru bankanna til frambúðar, þ.e. til lengri tíma en þeirra fimm ára sem hér er fjallað um.

Þetta eru nokkur atriði sem ég tel að þurfi að taka á og reyndar gæti ég nefnt ótal mörg önnur.

Við þessa umræðu hefur verið minnst á nokkrar greinar í frumvarpinu, einkum þó hvernig staðið skuli að vali í stjórn Bankasýslunnar og sýnist þar sitt hverjum. Ég geri engar athugasemdir, hvorki við það fyrirkomulag sem hér er nefnt né annað það sem hér hefur verið nefnt í umræðunni. Nefndin mun að sjálfsögðu bara taka það til athugunar í umfjöllun sinni.

Ég fagna hins vegar því nýmæli sem er að finna í 7. gr. um að almenningi gefist kostur á því að bjóða sig fram til setu í bankaráðum og stjórnum fyrirtækja með því að senda valnefndinni ferilskrár sínar. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að í okkar litla skólabræðrasamfélagi þar sem allt er rígbundið fjölskyldu- og vinaböndum hefur oft reynst erfitt fyrir utanaðkomandi fólk, fólk sem t.d. hefur verið við störf erlendis, að banka upp á og leggja inn umsóknir um störf. Menn hafa einhvern veginn ekki fundið dyrnar að því, ekki einu sinni í þessu bankakerfi okkar núna eins og það er rekið. Ég hef sem þingmaður, og ég reikna með að aðrir hv. þingmenn hafi orðið varir við það líka að menn hafa kvartað undan því að ekki hafi verið svarað umsóknum um störf eða stöður í bankakerfinu. Ég held því að þetta nýmæli sé til góðs og ég mótmæli því að það sé lýðskrum, eins og hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson kallaði það hér áðan. Ég tel að þetta sé bara nauðsynleg leið til þess að tryggja að allir eigi jafnan aðgang að því að sækja um störf og vekja athygli á því sem þeir vilja leggja fram.

Hér hefur verið talað um félagaformið. Hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir nefndi að þessum eignarhlutum ríkisins ætti að koma fyrir í opinberu hlutafélagi í ohf.-formi. Ég verð að segja að ég átta mig ekki á því hvers vegna eignarhlut ríkisins í þessum fjármálastofnunum ætti að koma fyrir í félagi með takmarkaða ábyrgð. Ég skil ekki alveg hver tilgangurinn er. En eins og hér hefur verið bent á er eðlilegt að það verði tekið til umfjöllunar í hv. viðskiptanefnd sem mun fá þetta mál til umfjöllunar.

Ég vil vekja athygli á öðru nýmæli sem er að finna í 8. gr. frumvarpsins og við höfum sem betur fer verið að sjá svolítið af að undanförnu, þ.e. að ráðherrar geri Alþingi grein fyrir starfsemi sem þeir fara með, hér Bankasýslunnar, en í 8. gr. er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra fái ítarlega skýrslu frá Bankasýslunni fyrir 1. júní ár hvert. Í framhaldi af því geri fjármálaráðherra Alþingi grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og hvernig til hefur tekist varðandi meðferð eignarhlutanna og hverjar framtíðaráherslur ríkisins eru, sem sagt eigendastefnuna, hvernig hún hefur virkað

og hver framtíðaráformin eru.

Ég verð að vekja athygli á því að þessar dagsetningar ríma ekki vel við starfsáætlun Alþingis og það er eitt af þeim atriðum sem hv. viðskiptanefnd mun væntanlega skoða þegar þar að kemur.

Ég vil enn fremur vekja athygli á einu atriði sem ekki hefur komið til umræðu hér í dag og það er síðasta málsgrein 1. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um að Bankasýslu ríkisins sé heimilt að setja á fót og fara með eignarhlut ríkisins í félögum sem samræmast hlutverki og markmiðum hennar. Hér er um að ræða dótturfélög ný og gömul, dótturfélög bankanna þess vegna. Ég vil nefna félög eins og kreditkortafyrirtækin og innheimtufyrirtækin sem eru í eigu ríkisbankanna núna en eru einhvern veginn utan við það kerfi engu að síður sem sjálfstæð hlutafélög. Ég tel mikilvægt að þeir eignarhlutar verði einnig hluti af umsjón og eigendastefnu sem mörkuð verður í þessu félagi.

Í hv. viðskiptanefnd höfum við í allan vetur farið yfir stöðuna í bankakerfinu. Það er mjög mikilvægt að við það verk sem fram undan er — í mínum huga er mjög mikilvægt að ekki sé verið að endurreisa þetta gamla bankakerfi okkar heldur er verið að endurreisa íslenskt efnahagslíf á heilbrigðari grunni en áður var. Til þess þurfum við heilbrigt fjármálakerfi og það er ríkisins, eins og hér hefur verið lagt fram, að stuðla að því nú þegar ríkið, ríkissjóður, skattgreiðendur hafa fengið fjármálastofnanirnar allar í fangið.

Ég tel eðlilegt, eins og hér hefur verið nefnt, að þetta frumvarp verði sent frá viðskiptanefnd til hv. efnahags- og skattanefndar til umsagnar. Þar muni gefast færi á því að bera saman vinnu þeirrar nefndar að eignaumsýslufélaginu og því sem hér er lagt til enda þótt um gjörólík verkefni sé að ræða.

Ég vil að lokum geta þess að hv. viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd hafa unnið mjög vel saman, ekki bara núna heldur einnig fyrr í vetur enda svo sem um svipuð og skyld verkefni að ræða. Það háttar nú svo vel til að einir þrír eða fjórir nefndarmenn sitja í báðum nefndunum þannig að þar hafa upplýsingar og vinna nýst í rauninni mjög vel og ekki verið um mikinn tvíverknað að ræða sem betur fer.

Ég vona bara að viðskiptanefnd sem hefur ansi mikið á sínum herðum eins og reyndar fleiri nefndir þingsins fái góðan tíma til þess að fara í þetta mál og að við getum lokið þessu núna á sumarþinginu.

[17:59]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins. Ég hef það á móti þessu frumvarpi að þar er lagt til að sett verði á laggirnar ný stofnun en það er nú bara af því að ég hef yfirleitt á móti því að settar séu á laggirnar nýjar stofnanir vegna þess að ég geld alltaf varhuga við útþenslu ríkisins sem hefur reyndar verið allt of mikil undanfarna áratugi og við erum að einhverju leyti að súpa seyðið af núna.

Að öðru leyti finnst mér þetta frumvarp ágætt með hliðsjón af þeirri stöðu sem við erum í. Staðreyndin er jú sú, eins og ég hef nefnt nokkrum sinnum, að bankarnir eru í eigu ríkisins og öll þau fyrirtæki sem eru háð bönkunum í gegnum miklar lánveitingar sem þau ráða ekki við eru líka að komast undir eignarhald ríkisins. Þetta er sú staða sem við þurfum að glíma við og mér finnst þetta frumvarp til bóta sem og það frumvarp sem hér hefur verið nefnt um fyrirtæki sem geta staðist rekstrarlega og efnahags- og skattanefnd hefur eytt mjög miklu púðri í og hét áður frumvarp um hlutafélag um þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Þ.e. að þetta sé jákvæð viðleitni til þess að taka á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir þar sem ríkið er jú eigandi að stórum hluta atvinnulífsins og þar af leiðandi er atvinnulífið meira og minna gegnsýrt af pólitík sem afleiðing. Mér sýnist að menn séu hérna að reyna að mynda bil á milli stjórnmálanna og viðskiptalífsins til þess að búa til traust og það er náttúrlega mjög mikilvægt akkúrat um þessar mundir að menn treysti því sem er að gerast og það er kannski númer eitt, tvö og þrjú sem við þurfum að byggja upp, þ.e. traust. Þetta frumvarp gæti hugsanlega verið skref í þá átt.

Hér hefur nokkuð verið rætt um Íbúðalánasjóð. Ég tel nú að Íbúðalánasjóður sé fjármálafyrirtæki og það efast enginn um að ríkið eigi hann og þar með finnst mér að hann falli undir þetta fyrirbæri, þessa stofnun Bankasýslu ríkisins þannig að menn þurfa ekkert að ræða það neitt sérstaklega mikið.

Varðandi það hvort þetta er stofnun eða ohf. þá er þar reginmunur á. Stofnun er alfarið á ábyrgð ríkissjóðs. Allar skuldbindingar sem hún tekst á hendur eru um leið skuldbindingar ríkissjóðs en ábyrgð ohf. sem hlutafélags er eðli málsins samkvæmt takmörkuð við hlutaféð. Það hef ég sagt áður en menn virðast eitthvað hafa misskilið það því að ég veit ekki betur en einhver hafi sagt að ég héldi hinu öndverða fram. En að sjálfsögðu er það eðli hlutafélaga að takmarka ábyrgð eigenda við það hlutafé sem þeir hafa lagt fram. Það er einmitt snilldin við það form.

Það eru ýmsir góðir taktar þarna eins og í 4. gr. þar sem fjallað er um að upplýsa eigi um samninga eftir tólf mánuði. Þetta er mjög jákvætt og hefur gefið góða raun í Seðlabankanum, þ.e. að peningastefnunefndin skuli birta eftir tvær vikur fundargerð sína og mætti kannski skoða að gera slíkt víðar. Svo er í 7. gr., þó að menn hafi sagt að þetta sé lýðskrum, þá er það sennilega vegna þess að það er sagt þarna „almenningur“, en að sjálfsögðu erum við ekkert að leita eftir almenningi. Menn eru að leita eftir fólki með sérfræðiþekkingu vegna þess að það á að senda inn ferilskrár og í því felst það að menn ætla sér að þarna verði fólk sem hafi eitthvað fram að bjóða. Það sem kannski villir um þarna er að það skuli heita þarna almenningur. En ég veit ekki hvort það er eitthvert betra orð til um það. En að sjálfsögðu eru menn ekki að leita að einhverjum manni sem kann rétt að lesa til þess að fara (Gripið fram í.) í bankaráð. (Gripið fram í.) Lysthafendur já, eða þeir sem hafa burði til að fara í bankaráð og stjórnir fyrirtækja. Ég lít ekki á það sem eitthvað sem allur landslýður geti farið í og er ég þó ekki með fordóma gagnvart fólki almennt.

Svo varðandi fimm árin, þar mundi ég gjarnan vilja að menn settu bara hreinlega tímamark eins og í frumvarpinu um þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki sem nú heitir frumvarp um rekstrarhæf fyrirtæki. Þar var sett tímamarkið 31.

desember 2015 og ég held að menn ættu að gera það hérna líka. Það breytir í sjálfu sér eðli málsins ekki miklu en þó því að þá er komin ákveðin dagsetning þar sem fyrirbærið er búið og lögin hætta að virka.

Það eina sem ég hef enn við þetta frumvarp að athuga er náttúrlega stjórnin. Nú er það þannig að stjórnir bankanna eru skipaðar af fjármálaráðherra. Menn hafa haft svona ákveðna tilnefningu — það var alla vega gert síðast — hreinar pólitískar tilnefningar flokkanna í stjórnirnar. Það fannst mér ekkert voðalega sniðugt. Ég held að menn ættu að reyna að skoða þá hugmynd sem framsóknarmenn hafa verið að reifa varðandi þetta frumvarp sem enn er til umræðu, 3. umr., og á milli 2. og 3. umr. í efnahags- og skattanefnd, þ.e. að koma með einhvers konar valnefnd, faglega valnefnd, jafnvel blandaða faglegu, með háskólasamfélagið og hugsanlega aðila vinnumarkaðarins, þeirra aðila sem koma að þessu. Þeir leggi mat á umsækjendur og síðan er það fjármálaráðherra sem skipar og ef hann gengur þvert á matið verður hann bara að svara fyrir það. Ég held að það sé kannski nokkuð sterkt. Hér ættu menn kannski að skoða það líka að hafa eitthvað slíkt af því að ég sé það hérna að sá sem flytur frumvarpið, hæstv. fjármálaráðherra, er að vanda sig við það að koma með lausn sem menn treysta og sérstaklega atvinnulífið treystir.

Að öðru leyti lít ég á þetta sem gott frumvarp að gefinni hræðilegri stöðu. Auðvitað eiga menn að vinna að því að reyna að losna út úr þeirri stöðu með því að selja þessa banka, einhverja til útlendinga, einhverja til Íslendinga, og til þess að selja þá þarf að búa til traust og alveg sérstaklega gagnvart innlendum aðilum sem eru illa brenndir af vantrausti.

[18:06]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um þetta mál og bregðast við örfáum atriðum sem ég hafði ekki áður farið yfir í framsöguræðu minni.

Í fyrsta lagi var hér nefnt og spurt af fleirum en einum hv. þingmanni hvort eignaumsýslufélagið ætti að færast undir Bankasýsluna og Bankasýslan halda það félag. Það hefur að sjálfsögðu verið rætt og skoðað og reyndar er frumvarpið þannig úr garði gert að það gæti gerst að óbreyttum lögum, samanber síðasta málslið 1. gr. En það hefur líka komið í ljós við skoðun að á því kunna að vera ágallar sömuleiðis. Þannig yrði það þá að Bankasýslan, sem fer með eignarhaldið í viðskiptabönkunum og er auðvitað í eigendahlutverki gagnvart þeim, væri jafnframt eigandi að eignaumsýslufélagi sem þyrfti eðli málsins samkvæmt að hafa mikið saman að sælda við þá hina sömu banka. Það kann því að vera heppilegra að eignaumsýslufélagið starfi sem alveg sjálfstæð eining og sinni hlutverki sínu þannig. Á þessu má sem sagt finna bæði kost og galla.

Í öðru lagi hafa menn nefnt hér Íbúðalánasjóð og Byggðastofnun og spurningu um það hvort þau sem lánaeða bankastofnanir að hluta til ættu ekki alveg eins að færast undir Bankasýsluna. Því er til að svara að reyndar er gert ráð fyrir heilmiklum breytingum á eignarhaldi ríkisins almennt í því frumvarpi til breytinga á stjórnsýslulögum sem hér er á ferðinni og í framhaldinu hefur verið ætlunin að eignarhald ríkisins almennt færðist á eina hendi og yrði þá vistað í fjármálaráðuneytinu í staðinn fyrir að vera dreift á fagráðuneyti í talsvert miklum mæli eins og þetta er í dag. Þannig er meiningin að forræði fyrir landsvæðum og eignum færist almennt til fjármálaráðuneytisins, frá t.d. utanríkisráðuneytinu sem hefur haldið miklar eignir á Suðurnesjum og fleiri aðilum. Í gildandi fyrirkomulagi heyrir Íbúðalánasjóður undir félagsmálaráðherra og Byggðastofnun undir byggðamálaráðherra þannig að það þarf þá lagabreytingar til á þeim væng, en að sjálfsögðu er þetta eitthvað sem menn geta skoðað.

Það er þó rétt að hafa í huga og leggja áherslu á að í þessu frumvarpi um Bankasýsluna er ekki gert ráð fyrir að færa annað en eignir í bönkum, sparisjóðum og eftir atvikum öðrum fjármálafyrirtækjum undir það fyrirtæki en hrófla ekki við eign ríkisins að öðru leyti í sameignarfélögum eins og Landsvirkjun eða öðrum fyrirbærum heldur gert ráð fyrir að það fari með venjubundnum hætti og verði grundvallað í framtíðinni á þeirri eigendastefnu sem einnig hefur borið hér nokkuð á góma.

Í þriðja lagi um form félagsins þá er því til að svara, og það var vissulega vel skoðað og uppi voru bæði sjónarmiðin hvort þetta ætti að vera hefðbundin ríkiseining eða hlutafélag, að hér er um hreint eigendahlutverk að ræða og stjórnsýsluhlutverk. Það er ekki ætlunin að þetta fyrirtæki standi sjálft í neins konar samkeppnisrekstri eða sé í raun og veru úti í samkeppnisumhverfinu að því leyti til heldur er þetta hreint eignarhald ríkisins og stjórnsýsluhlutverk ríkisins. Ég held að hlutafélagavæðingin væri farin að ganga nokkuð langt ef menn stofnuðu opinbert hlutafélag til að eiga í hlutafélagabönkum sem aftur eiga dótturfélög sem eru hlutafélög o.s.frv. Ég held að hér sé um að ræða hreina eigendafúnksjón, hreint stjórnsýslu- og eigendahlutverk ríkisins. Þá er það mitt mat og flestra þeirra sem um þetta fjölluðu, a.m.k. af hálfu fjármálaráðuneytisins, að menn séu komnir út í ófærur með það að færa slíkt yfir í hlutafélagaformið.

Ég tel að það hafi verið misráðið og hafi ekki gefist vel að færa hefðbundið þjónustuhlutverk, hefðbundnar þjónustustofnanir, stjórnsýslustofnanir eða stofnanir og/eða fyrirtæki sem starfa á grundvelli einkaleyfa eða eru í einokunaraðstöðu yfir í hlutafélagaformið. Það er misskilningur, þar grauta menn saman tveimur hlutum sem á að halda aðskildum, þ.e. hefðbundnum rekstri, hefðbundinni eign, hefðbundinni stjórnsýslu ríkisins annars vegar og rekstri sem er úti í samkeppnisumhverfinu og viðskiptalífinu hins vegar. Þarna verða menn að gæta að sér og draga upp einhver skýr og hrein mörk sem ekki hefur verið gert á undanförnum árum heldur hefur þvert á móti þessu verið grautað saman með stundum ekkert allt of gæfulegum afleiðingum. Menn hafi t.d. í huga að með þessu formi fylgja allar sömu kvaðir og skyldur og þegar um ríkið sjálft er að ræða varðandi stjórnsýslu- og upplýsingalög og aðra slíka þætti, aðhald Alþingis og eftirlitshlutverk, rétt þess til upplýsinga og annað í þeim dúr. Hvað hefur gerst þegar menn hafa breytt slíkri stjórnsýslu eða þjónustustarfsemi yfir í hlutafélög? Jú, það er klippt þarna á. Það fyrsta sem yfirleitt hefur gerst er það að viðkomandi stofnanir hafa farið að þrjóskast við að veita t.d. Alþingi upplýsingar um starfsemi sína og borið

það fyrir sig að þær þurfi þess ekki lengur vegna þess að þær séu hlutafélög.

Í fjórða lagi hafa menn nefnt spurninguna um hvernig standi til að losa um eign ríkisins á nýjan leik og benda þar réttilega á staflið j í 4. gr. Því er til að svara að þetta hugsa menn sér að útfæra nánar í þeirri eigendastefnu sem vonandi lítur dagsins ljós á næstunni og verið er að leggja lokahönd á í samstarfi fjármálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins. Það hefur aldrei verið á dagskrá svo ég viti til að það væri framtíðarmarkmið að ríkið ætti að fullu og öllu um ókomin ár þrjá stærstu bankana og stóran hlut í flestöllum sparisjóðum, ég hef engan hitt sem hefur haldið því fram að það væri það sem menn væru að stefna að eða ætluðu sér að stefna að. Það breytir ekki hinu að ég er ósammála hv. þm. Birgi Ármannssyni sem taldi meginverkefnið vera að koma öllu þessu úr eigi ríkisins eins hratt og mögulegt væri. Er það nú ekki svolítið hugsunarháttur að hætti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 2002? Og gafst það mjög vel, satt best að segja, sú einkavæðing sem þá var rokið í og með þeim aðferðum sem þá voru notaðar? Eiga menn ekki bara aðeins að staldra við og velta því fyrir sér hversu farsælt það var að vaða þar áfram í blindri kreddu frekar en að horfa raunsætt á aðstæður og kunna fótum sínum forráð.

Ég vil segja það alveg skýrt fyrir mitt leyti að ég tel að við eigum að sjálfsögðu að halda því opnu að fara að losa um eignarhald ríkisins þegar aðstæður eru til þess, þegar hægt er að fá gott verð fyrir þá hluti sem ríkið lætur af hendi, ekki mun okkur af veita að endurheimta það mikla fé sem við erum að leggja hér inn, væntanlega á næstu vikum, og helst rúmlega það. Sömuleiðis gildir að ef áhugasamir erlendir aðilar reynast til staðar til að verða meðeigendur að eða jafnvel þó að væri að fullu eigendur að einhverjum af þessum fjármálafyrirtækjum og það losar ríkið undan þeirri kvöð að setja þarna inn mikla fjármuni og binda þar mikla fjármuni, ber að sjálfsögðu að skoða það vandlega og það verður gert og það er gert. Því er haldið algerlega opnu í viðræðum nú um endurfjármögnun bankanna að svo verði gert. Því fylgja auðvitað þeir kostir að með traustum erlendum samstarfsaðilum værum við að tryggja aðgang viðkomandi fyrirtækja að samstarfi við erlenda banka og aðgang að erlendu fjármagni og þar fram eftir götunum þannig að það eru vissulega kostir í því. En það er nú ekki víst að það eigi eftir að reynast þannig að þeir samstarfsaðilar á þessu sviði sem við hefðum helst áhuga á, eins og traustir erlendir bankar sem tækju eigendahlutverk sitt alvarlega, reynist standa í biðröð til þess að fara að axla áhættuna af og bera ábyrgð á því að reka banka á Íslandi á næstunni, því miður. Ég verð nú svolítið að mæla þau varnaðarorð. Það átti að landa hér erlendum banka einu sinni fyrr í sögunni og það reyndist mikill hulduleikur í því máli og er ekki almennilega upplýst enn hvort sá banki (Gripið fram í.) var yfirleitt til eða hver hann var. (Gripið fram í.)

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og sagði það ótal sinnum úr þessum ræðustóli einmitt á árunum bæði 1996 og 1998 þegar verið var að hlutafélagavæða þáverandi ríkisviðskiptabanka og eins þegar einkavæðingin var að ganga í gegn 2002 að menn skyldu stíga varlega til jarðar og læra m.a. af reynslu annarra Norðurlanda sem lærðu sína lexíu í bankakreppunni upp úr 1990. Hvað lærðu Norðmenn m.a. af því? Það var að ástunda engan glannaskap í þessum efnum. Þeir mótuðu, það var reyndar norska Stórþingið sem gerði það, með Stórþingssamþykkt þá stefnu að norska ríkið mundi hreyfa sig mjög yfirvegað í þessum efnum og eftir því sem það drægi úr eignarhlut sínum í bankakerfinu, sem það fékk að miklu leyti í fangið í kjölfar bankakreppunnar, mundi það gera það í rólegum skrefum og trappa eignarhaldið niður þannig að það yrði enginn óróleiki í norska bankakerfinu við það. Og það hafa þeir gert með alveg ágætum árangri og standa vel að vígi í dag með talsvert eignarhald í a.m.k. einum af stærstu bönkum Noregs enn þann dag í dag á grundvelli þessarar stefnu.

Hvað kemur í ljós núna eftir bankahrunið þegar við skoðum hvernig löndin koma út úr því? Þau lönd og þau bankakerfi sem standa þetta langbest af sér eru íhaldssömu bankakerfin, þau sem kunnu fótum sínum forráð og fóru ekki af glannaskap og áhættusækni út í þær æfingar sem núna hafa fellt stóra hluta fjármálakerfisins í heiminum. Það eru bankakerfi eins og í Kanada, í Noregi og í Færeyjum. Er það nú ekki þannig að einmitt í þessum löndum nema kannski síst í Kanada hafa menn lært lexíuna, dýrkeypta lexíu? Norðurlöndin gengu í gegnum nákvæmlega þetta sama. Bankakerfin og fjármálakerfin sem lentu þar í erfiðleikum á sínum tíma voru mörg hver nýlega einkavædd og kunnu ekki fótum sínum forráð, voru þátttakendur í þenslu og bólu sem endaði með ósköpum eins og kunnugt er.

Af þessu hefðum við Íslendingar getað lært, þetta blasti allt við, það blasti allt við hér frá 2005 hvað var að gerast, það stóð í greinargerð með þingmáli sem var flutt hér á útmánuðum 2005 að nákvæmlega sömu hættumerki væru að teiknast upp á Íslandi og voru í aðdraganda bankakreppunnar á hinum Norðurlöndunum upp úr 1990. Það hlustaði náttúrlega enginn maður á það enda kannski ekki réttur maður sem setti þetta niður á blað. En þá mátti þetta vera hugsandi mönnum ljóst.

Við höfum væntanlega ekki, Íslendingar, áhuga á því að endurtaka leikinn í einhverju bríaríi og það segi ég með fullri virðingu við hv. þm. Birgi Ármannsson. Ég verð að segja að virðingu ber ég fyrir hv. þm. Pétri H. Blöndal þegar hann nálgast hlutina nú eins og hann gerir af sanngirni og viðurkennir að við erum í þeirri stöðu sem við erum og við þurfum að vinna úr henni á skynsamlegan hátt og ég þakka honum fyrir vinsamleg ummæli að uppistöðu til um þetta frumvarp og ég treysti því að flokksbræður hans hafi lagt eyrun við.

Ég er sammála hv. þm. Álfheiði Ingadóttur að sjálfsögðu um það að mótun eigendastefnunnar er mjög mikilvæg og mjög brýn og þótt fyrr hefði verið. Auðvitað er það miklu, miklu meira en tímabært að menn leggi línur í þeim efnum hvernig ríkið stendur að málum að því marki sem það er eigandi að stofnunum og fyrirtækjum sem eru úti í viðskiptalífinu eða tengjast því og hafa þar hlutverki að gegna. Það er mjög mikilvægt að draga þau landamæri skýrt upp og að þar sé með skilvirkum og gagnsæjum hætti haldið á málum. Það er alveg sjálfsagt mál að kynna þá stefnu fyrir Alþingi. Ég get ekki lofað því að hún verði fullmótuð í þeim ítarlega og vandaða skilningi sem gaman væri

að geta haft hana strax í byrjun. Þegar við höfum skoðað hvernig þetta hefur verið gert hjá ýmsum nágrannalöndum þá er þetta viðamikil og mjög ítarleg stefnumörkun þannig að hugsanlega förum við þá leið að gefa út fyrstu útgáfu sem geti svo sætt endurskoðun fljótlega í framhaldinu og þá gjarnan í samstarfi við Alþingi sem að sjálfsögðu má mjög gjarnan leggja sitt lið í þessum efnum sem eðlilegt er.

Varðandi svo að lokum spurningu um fyrirkomulag í þessum efnum og samstarf löggjafans og framkvæmdarvaldsins um þetta, þá er heppilegast að það sé bara gott og menn hjálpist að við hlutina. Ég veit ekki hvort ég á að skilja jafnvel einhverja svo að þeir séu langleiðina að leggja til að Alþingi taki að sér að fara með eigendahlutann. Það er kannski hugsanlegt fyrirkomulag en það væri þá mikið nýmæli. Alltsvo, ég held að þetta sé nú þannig að annaðhvort fari framkvæmdarvaldið með þetta eins og venjan er og þá liggur auðvitað hin pólitíska ábyrgð þar og þá verður það að vera ráðherra viðkomandi málaflokks sem axlar hina pólitísku ábyrgð gagnvart þingi og þjóð. Það breytir að sjálfsögðu ekki því að Alþingi getur ákveðið að það hafi skilgreindu hlutverki að gegna og það leggi sitt af mörkum í slíkum efnum og auðvitað eru fjölmörg dæmi um blandaða málsmeðferð í slíkum tilvikum þar sem Alþingi kemur að eins og hér var áður á tíð, oft með því að kjósa stjórnir hlutfallskosningu þó að viðkomandi stofnun heyrði síðan undir og væri á ábyrgð pólitísks ráðherra. En hér er farin þessi leið sem ég tel að sé ágætlega vel undirbyggð og rökstudd og fyrst og fremst nálgunin sú að búa til þá fjarlægð sem hér hefur margoft borið á góma og reyna eins og nokkur kostur er að byggja þetta á faglegum forsendum og menn mega reyna að styrkja þær eins og þeir lífsins mögulega geta í þingnefndinni. Glaðastur manna (Forseti hringir.) skal ég vera ef menn finna leiðir til þess að hafa það algerlega yfir allan vafa hafið að í þetta geta aldrei valist annað en hæfustu menn.

[18:21]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það eru tvö atriði sem ég vildi fjalla um í ræðu hæstv. fjármálaráðherra. Í fyrsta lagi finnst mér mikilvægt að árétta það að í orðum mínum um að stefna ætti að því að losa um eignarhald ríkisins á fjármálastofnunum sem fyrst fólust engin áform um að gera það í einhverju bríaríi. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að það verði að gera það að vandlega íhuguðu máli og standa vel að því. Þar tel ég einmitt að við höfum ákveðin fordæmi úr fortíðinni sem eru víti til að varast um það hvernig staðið er að málum.

Hins vegar leyfi ég mér að segja að ákvörðunin um að einkavæða ríkisbankana 2002 eða ljúka einkavæðingu þeirra 2002 átti sér auðvitað mjög langan aðdraganda og ríkið hafði smám saman verið að fara út úr þeim rekstri. Þannig að það að fara hægt í málin er svo sem engin trygging fyrir því að niðurstaðan verði sú sem helst hefði átt að vera. Ákvarðanirnar 2002 voru endapunktur á löngu ferli sem byrjaði auðvitað með því að breyta þessum bönkum í hlutafélög og taka inn hlutafé frá öðrum smátt og smátt. Því miður endaði þetta með því að menn tóku þá ákvörðun, sem í ljósi sögunnar var misráðin, að hafa of stóra eignarhluti hjá fáum aðilum sem ég held, þegar við lítum í baksýnisspegilinn, að við sjáum að hafi verið misráðið. Það er einmitt af svona dæmum sem við eigum að læra.

Það breytir hins vegar ekki þeirri skoðun minni að mikilvægasta verkefni stjórnvalda á þessu sviði sé að finna leiðir til að losa um eignarhaldið en ég hef áhyggjur af því, eins og ég lýsti í ræðu minni, að með þessu frumvarpi sé fremur verið að festa eignarhaldið í sessi.

[18:23]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi ræða gleður mig mjög mikið. Ég fagna því að hv. þm. Birgir Ármannsson vill læra af reynslunni og ekki endurtaka ósköpin frá 2002. Það var ekki endilega þannig að það væri langur og yfirvegaður aðdragandi að ýmsu sem þá var gert. Það var t.d. þannig að menn sneru við nánast á örfáum vikum og kannski mánuðum eiginlega öllu sem þeir höfðu áður sagt, t.d. um mikilvægi þess að selja bankana í dreifðri eignaraðild. Fundu upp hugtakið kjölfestufjárfestir eða -eigandi til þess að réttlæta það að afhenda meiri hluta eða ráðandi hlut í bönkunum til tiltekinna aðila.

Það er auðvitað dapurlegt en það er staðreynd engu að síður að bankar sem ríkið átti og voru í ágætum rekstri voru seldir á fáeina tugi milljarða — fáeina, helmingshlutur í þeim tveimur á einhverja 20, 30 milljarða — þeir eru að kosta okkur núna hundruð og aftur hundruð milljarða. Það er allt sem við höfðum upp úr krafsinu, það er veruleikinn. Og ekki bara það, heldur höfðu menn einkavætt alla fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna árin á undan. Það kom ekki mikið fyrir þá, þeir fóru nokkurn veginn á eigin fé sínu yfir í hendur annarra aðila. Hvað gerðist með bankahruninu í október í haust? Það þurrkaðist út hver einasta króna sem byggst hafði upp á áratugum í fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, í Fiskveiðasjóði, í Iðnlánasjóði, í Iðnþróunarsjóði og í Stofnlánadeild landbúnaðarins og síðar Lánasjóði landbúnaðarins. Af þessu má ýmislegt læra, að það er dýrt að gera mistök eins og gerð voru 2002.

[18:25]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að eyða tíma núna í það að ræða við hæstv. ráðherra um fortíðina. Við erum sammála um að þegar ákvarðanir verða teknar um framtíð fjármálakerfisins þarf að sjálfsögðu að fara yfir reynsluna og læra af henni. Hins vegar er annað atriði sem ég ætlaði að nefna sem hæstv. ráðherra vék að og það varðar mótun eigendastefnu ríkisins við þær aðstæður sem við búum við núna. Ég vildi bara segja að ég fagna því að hæstv. ráðherra var jákvæður gagnvart því að eigendastefnan yrði tekin til umræðu á Alþingi og að líkur væru á því að sú stefna sem kynnt verður geti tekið breytingum í ljósi þeirra athugasemda sem fram koma. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta sé áréttað hérna vegna þess að hér er auðvitað um að ræða mjög afdrifaríkar ákvarðanir varðandi þessa eigendastefnu. Þær skipta verulegu máli, þetta kemur víða við í þjóðfélaginu og þess vegna er mjög eðlilegt að Alþingi komi sterklega að mótun þessarar stefnu. Ég held að sú leið sem

hæstv. ráðherra nefnir hér að ríkisstjórnin eða ráðherrann kynni eigendastefnu sína og hún komi til umræðu á Alþingi og stefnan geti þá tekið breytingum í ljósi þeirra sjónarmiða sem koma fram í þinginu. Ég held að þetta geti verið ágæt leið til að nálgast þetta. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi stefna komi fram sem fyrst og þess vegna ítreka ég það sem ég áður sagði að það er fagnaðarefni að ráðherra boðar það að þessi stefna verði kynnt innan mjög skamms tíma.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

[18:27]

Útbýting:

Endurskipulagning rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, 1. mál, þskj. 162.

Skilyrði Mats Josefssons fyrir áframhaldandi starfi, 48. mál, svar forsrh., þskj. 167.

Skýrsla Andrew Gracie um stöðu bankanna, 46. mál, svar forsrh., þskj. 168.

Þjóðaratkvæðagreiðslur, 125. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 169.

Ráðgjafarstofa fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, fyrri umr.

Þáltill. EyH o.fl., 116. mál. — Þskj. 147.

[18:28]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F):

Frú forseti. Ég flyt tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Álfheiður Ingadóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Siv Friðleifsdóttir og Tryggvi Þór Herbertsson

Eins og hv. þingmenn taka eftir eru flutningsmenn úr öllum þingflokkum á þinginu. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn ráðgjafarstofu fyrirtækja. Markmið ráðgjafarstofunnar verði að aðstoða fyrirtæki sem eiga í greiðsluörðugleikum við endurskipulagningu rekstrar eða við að hætta rekstri.“

Eins og við höfum náttúrlega öll orðið illilega vör við ríkir óveður í íslensku og alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Gjaldþrot Glitnis, Landsbankans og Kaupþings hafa orsakað geysilega erfiðleika hjá bæði íslenska ríkinu og í atvinnulífinu. Ljóst má vera að fjölmörg fyrirtæki eiga í miklum greiðsluerfiðleikum og eiga á hættu að verða gjaldþrota eða hætta rekstri á næstu missirum. Árið 2008 urðu 748 fyrirtæki gjaldþrota og er gert ráð fyrir mikilli fjölgun gjaldþrota á þessu ári. Nýjustu tölur sýna 63% aukningu í apríl á þessu ári frá apríl í fyrra. Sérfræðingar benda á að fjöldi þeirra sem eiga núna í miklum erfiðleikum eða muni lenda í örðugleikum á næstu vikum og mánuðum verði margfaldur á við venjulegt árferði. Því er mikilvægt að setja upp stuðningskerfi sem allra fyrst fyrir þessi fyrirtæki ef atvinnulífið á að eiga sér viðreisnar von og forða almenningi frá fjöldaatvinnuleysi og félagslegum afleiðingum þess.

Ráðgjafarstofa fyrir fyrirtæki í greiðsluörðugleikum mundi gegna svipuðu hlutverki og ráðgjafarstofa fyrir heimili. Hún mundi aðstoða eigendur og stjórnendur fyrirtækja við að yfirfara reksturinn, semja við lánardrottna og ráðleggja um áframhaldandi rekstur eður ei. Hugmyndin er ekki ný af nálinni, og á við hvort sem stormar geisa í efnahagslífinu eða þegar vel gengur. Evrópusambandið setti fram þess háttar hugmyndir í verkefninu „Restructuring, Bankruptcy and a Fresh Start“, eða Endurskipulagning, gjaldþrot og nýtt upphaf árið 2002. Ef samfélög telja það þess virði að einstaklingar hefji rekstur fyrirtækja, þá þarf að vera til stuðningskerfi til að takast á við rekstrarörðugleika og gjaldþrot fyrirtækja, sem er má segja nánast afleiðing af því að stofna fyrirtæki því að það að stofna fyrirtæki er áhætta og felur í sér hættu á því að fyrirtækið lendi í örðugleikum eða verði gjaldþrota. Dæmi um stuðning landa við fyrirtæki í rekstrarörðugleikum er „Schuldenhelpline“, eða skuldahjálparlínan, sem er hjálparsími og vefsíða fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki í Þýskalandi, „Entreprise Prévention“, eða fyrirtækjaforvörn, í Frakklandi og „Startvækst“, eða startvöxtur, vefsíðan í Danmörku. Þannig er mest áhersla lögð á að aðstoða einstaklinga (einyrkja) og lítil fyrirtæki, þar sem meiri líkur eru á að stærri fyrirtæki geti nálgast nauðsynlega aðstoð og þekkingu til að vinna sig út úr rekstrarörðugleikum eða hætta rekstri.

Mikilvægt er að ráðgjafarstofan starfi náið með öðru stuðningskerfi við atvinnulífið og dómskerfinu. Tilvalið væri að ráðgjafarstofan starfaði með Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem þegar styður markvisst við frumkvöðla, lítil og meðalstór fyrirtæki. Stofan gæti þannig leitt samvinnu endurskoðenda, fjármálastofnana, lögfræðinga, skiptastjóra, dómstóla, Ábyrgðasjóðs launa og ríkisskattstjóra til að hjálpa rekstraraðilum að komast út úr erfiðleikunum eða taka ákvörðun um rekstrarstöðvun. Þessi ákvörðun getur einmitt verið virkilega erfið fyrir þá sem reka fyrirtæki, þ.e. að taka ákvörðun um hvenær best sé að hætt rekstri. Stjórnendum yrði þannig kennt hver viðvörunarmerkin eru, utanaðkomandi ráðgjöf gæti komið að eins fljótt og hægt er, og skýrar upplýsingar yrðu aðgengilegar um leiðir út úr erfiðleikum, svo sem um endurskipulagningu rekstrar, greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti. En það eru þættir sem fólk áttar sig oft ekki á hversu flóknir og erfiðir geta verið fyrr en það lendir í einmitt þeirri aðstöðu, eins og við sjáum kannski núna með Icesve-málið að fólk þekkir ekki alveg hvernig kröfuhafaferlið er. Nauðsynlegt er að bjóða upp á þjónustuna bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, og mundi stuðningsnet Nýsköpunarmiðstöðvar um land allt henta vel.

Samfélagslegar afleiðingar af gjaldþroti fyrirtækja eru margvíslegar. Eigendur geta misst allt sitt, starfsmenn missa atvinnuna og lánardrottnar tapa fjármunum. Álag á starfsmenn og eigendur getur verið geysilega mikið og jafnvel leitt til varanlegs heilsuskaða. Því skiptir miklu að ríkið grípi strax til aðgerða til að lágmarka skaðann bæði fyrir einstaklinga og samfélagið, enda ætti stuðningskerfi fyrirtækja í greiðsluörðugleikum að vera jafnmikilvægur þáttur í að byggja og viðhalda stöðugu atvinnulífi og sá stuðningur sem við veitum fyrirtækjum nú þegar til að hefja rekstur. Í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt.

Að lokinni umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til efnahags- og skattanefndar.

[18:34]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég óska flutningsmanni, Eygló Harðardóttur, til hamingju með þessa tillögu. Ég tel að þetta sé mjög jákvætt skref og hún vekur athygli á þörfu verkefni fyrir okkur stjórnmálamennina að íhuga, á litlum fyrirtækjum, einyrkjum, sem þurfa sérstakrar aðstoðar við. Ég er mjög hrifinn af þessari hugmynd og þeim anda sem yfir henni býr og tel að hún ætti að fá góðan farveg í efnahags- og skattanefnd. Við ættum þarna að horfa sterkt til samstarfs við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og nýsköpunarmiðstöðva um allt land eins og greint er frá í greinargerðinni. Ég er viss um að stór hópur fólks sem hefur verið með fyrirtæki í góðum rekstri á undanförnum árum horfir fram á mikla erfiðleika og veit kannski ekki alveg hvernig kerfið virkar. Ef við getum búið til miðstöð sem getur safnað saman upplýsingum fyrir þá sem eru í vandræðum og miðlað til þeirra þá er það hið besta mál.

[18:35]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Orra Schram fyrir hans orð. Ég er algerlega sammála því sem hann segir og þetta hefur lengi verið mikið áhugamál hjá mér. Ég hef rætt þetta töluvert við Nýsköpunarmiðstöðina og ég veit að hjá þeim er mikill áhugi á að veita þessa þjónustu og þeir reyna að veita hana eins og þeir mögulega geta. Ég veit að ráðgjafar hjá þeim hafa bókstaflega verið að drukkna á undanförnum vikum og mánuðum við að reyna að einhverju leyti að koma til móts við einyrkja og lítil fyrirtæki, en sú ráðgjöf hefur ekki verið í skipulegu formi hjá þeim. Með þessu væri verið að veita þeim a.m.k. umboð til að veita þessa þjónustu á mun markvissari hátt en þeir hafa gert hingað til. Það skiptir líka mjög miklu máli — eins og við sjáum í dæmunum sem ég nefni um hvernig lönd hafa verið að styðja við fyrirtæki í erfiðleikum þá er þetta að miklu leyti upplýsingagjöf. Það er verið að taka saman upplýsingar á einn stað, jafnvel á vefsíðu, þannig að við erum kannski ekki að tala um sérstaklega mikinn kostnað. Þeir sem eru í örðugleikum geta farið á vefinn eða jafnvel fengið bæklinga og farið í gegnum þetta sjálfir. Ég veit að hluti af þessu verkefni sem Evrópusambandið vann — þeir settu einmitt upp punkta sem voru þessi viðvörunarmerki í rekstri því að hugmyndafræðin á bak við þetta er náttúrlega sú að reyna að hjálpa fyrirtækjum áður en þau eru komin í þrot þannig að mögulegt sé að stoppa það af og fyrirtæki geti þá komið sér á fætur aftur.

Ég vona svo sannarlega að þetta verði eitt af þeim þingmannamálum sem við getum afgreitt á þessu þingi.

[18:37]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Í dag er fjöldi smárra og minni fyrirtækja í vandræðum sem þarf að bregðast við. Hjá þessum félögum starfar fjöldi manna sem mun missa vinnuna ef ekkert verður að gert. Oft þarf svo lítið til að fyrirtæki nái að rétta úr kútnum. Þá getur fagleg og óháð aðstoð skilið á milli feigs og ófeigs.

Fyrir nokkrum árum leit Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna dagsins ljós og sú stofnun hefur reynst heimilunum og fjölskyldunum í landinu gríðarlega vel og forðað mörgum frá gjaldþroti. Ég held að enginn vilji í raun hugsa til þess hvernig heimilin væru stödd í dag ef þeirrar stofu nyti ekki við núna. Sömu meðulum má beita á smærri fyrirtæki sem lenda í vandræðum. Það er okkur öllum í hag að fyrirtækin haldi sjó, fólk haldi störfum sínum og atvinnulífið nái að blómstra á ný. Ég tel að stofnun ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum sé skref í þá átt. Það er ljóst að ekki er hægt að bjarga öllum fyrirtækjum en ráðgjafarstofa af þessu tagi getur líka lágmarkað það tjón sem gjaldþrot óhjákvæmilega veldur. Ég tel því brýnt að ráðgjafarstofa fyrirtækja í greiðsluerfiðleikum verði stofnuð sem allra fyrst.

[18:39]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir þingsályktunartillöguna sem hún flytur ásamt mörgum öðrum, ég fagna henni mjög. Það er mikilvægt að fyrirtækjum sé hjálpað áður en þau fara í þrot, gríðarlega mikilvægt. Það kemur fram í greinargerðinni að þetta snýst kannski fyrst og fremst um minni fyrirtæki og einyrkja vegna þess að hinir stærri hafa oft betri aðgang og þekkingu til að leita sér hjálpar.

Það er vitað mál að við erum í efnahagslegu fárviðri og það er gríðarlega mikilvægt að við komum fyrirtækjunum í gang aftur. Ef við komum þeim ekki í gang munum við ekki geta hjálpað heimilunum. Það er algert samasemmerki þar á milli. Það er því gríðarlega mikilvægt að við stígum þetta skref. Þó að persónulega sé ég ekki hrifinn af því að vera að stofna eina ríkisstofnunina enn verð ég að viðurkenna að mér líst ágætlega á þessa hugmynd, og bara vel.

Í þessum texta kemur fram, og það þykir mér mjög ánægjulegt, að mikilvægt er að ráðgjafarstofan starfi náið með öðru stuðningskerfi við atvinnulífið því að víða er boðið upp á stuðning fyrir atvinnulífið, t.d. hjá Nýsköpunarmiðstöðinni. Við erum líka með atvinnuþróunarfélögin á mörgum öðrum stöðum sem vinna mjög náið með fólki sem lendir í erfiðleikum. Ég fagna því mjög þessari þingsályktunartillögu og eins og athygli hefur verið vakin á eru á henni þingmenn úr öllum flokkum. Ég vænti þess, og tek undir með flutningsmanni, hv. þm. Eygló Harðardóttur, að tillagan fái brautargengi á þessu sumarþingi og við getum klárað hana — hæstv. ráðherra verður þá við því að ganga til þeirra verka því að það er gríðarlega mikilvægt að tefja ekki tímann frekar.

[18:41]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F):

Frú forseti. Ég þakka kærlega fyrir umræðuna. Það er mjög ánægjulegt þegar við erum öll sammála og jákvæð að þessu leyti þó að við séum kannski ekki að tala um hluti sem eitthvað sérstaklega skemmtilegt er að ræða. En ég held að þetta geti einmitt verið fyrsta skrefið í því, ef við náum að samþykkja þetta, að breyta viðhorfum samfélags-

ins gagnvart fyrirtækjaeigendum sem lenda í erfiðleikum. Það viðhorf hefur allt of lengi verið ríkjandi í samfélaginu að þeir sem lenda í erfiðleikum geti sjálfum sér um kennt, þeir séu minni menn fyrir vikið. Rannsóknir hafa hins vegar ítrekað sýnt fram á að það eru ótrúlega fjölbreyttar ástæður fyrir því að fyrirtæki lenda í örðugleikum. Eins og staðan er hjá okkur á Íslandi í dag held ég að langflest þeirra fyrirtækja sem eru í miklum rekstrarerfiðleikum beri mjög litla ábyrgð á þeim örðugleikum sem þau eru í. Ef við styðjum ekki við þetta fólk og sjáum til þess að fyrirtæki geti haldið rekstri áfram eða hætt rekstri sem fyrst og með sem minnstum skaða fyrir bæði einstaklinginn og samfélagið gætum við verið að tapa mjög verðmætri kunnáttu og þekkingu út úr samfélaginu. Ég hef kynnst fólki sem hefur lent í erfiðleikum í fyrirtækjarekstri og hefur jafnvel, eins og ég nefndi í framsögu minni, orðið líkamlega og andlega veikt vegna þess álags sem því hefur fylgt, það hefur ekki fengið neinn stuðning neins staðar í gegnum erfiðleikana. Við þekkjum örugglega mörg dæmi um það að fólk tapi heimili sínu, vinnu sinni og í sumum tilvikum jafnvel fjölskyldu sinni út af slíku. Þetta er geysilega stórt verkefni og það skiptir að mínu mati mjög miklu máli að ríkið komi til móts við þetta fólk þannig að við getum náð að hefja hina margumtöluðu endurreisn Íslands sem allra fyrst.

Ég vonast til að þetta verði unnið hratt og vel í efnahags- og skattanefnd og að við getum afgreitt þetta á næstu einni til tveim vikum.

[18:44]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram að mér finnst efni þessa frumvarps ákaflega jákvætt. Ég tek undir að það er mjög alvarleg staða hjá mörgum fyrirtækjum sem getur haft fjárhagslegar, andlegar og heilsufarslegar afleiðingar fyrir eigendur þeirra. En ég vil velta því upp í þessari umræðu, og kannski spyrja hv. þm. Eygló Harðardóttur að því, hvort heppilegt sé að bæta við enn einu fyrirbærinu í stað þess að ríkið sem eigandi bankanna krefji þá þess að þeir veiti betri þjónustu til fyrirtækja og heimila í landinu.

Ég var formaður framkvæmdastjórnar Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem hefur verið stækkuð mjög því að fólk leitar þangað gjarnan um þjónustu sem eðlilegt er, enda er það verkefni sem er til mikillar fyrirmyndar. Við erum með þrjá banka í eigu ríkisins, við erum að stofna eignaumsýslufélag og einhvers konar eignarhaldsfélag eða bankasýslu, ef af verður, og svo erum við með Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og nú ætlum við að bæta enn einu fyrirbærinu við. Mér finnst markmiðið mjög göfugt — ég tel mikilvægt að það komi fram — en við eigum þau fjármálafyrirtæki sem ættu að vera að veita þessa þjónustu. Ég spyr hv. þm. Eygló Harðardóttur hvort hún sjái ekki að hægt sé að ná þessum markmiðum fram innan bankakerfisins.

[18:46]

Flm. (Eygló Harðardóttir) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessa fyrirspurn.

Þegar ég var að tala um þetta við bæði starfsmenn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og nokkra starfsmenn líka atvinnuþróunarfélaganna úti á landi þá komu upp alls konar samkeppnissjónarmið líka, um hvort það væri rétt hjá ríkinu að veita þessa þjónustu af því að fyrirtækin ættu bara að geta keypt þetta til dæmis hjá bókhaldsskrifstofum eða ráðgjöfum. Niðurstaða okkar, sérstaklega varðandi einyrkja og lítil fyrirtæki, var að þegar þau lenda í erfiðleikum þá væru hreinlega ekki til fjármunir til þess að kaupa svona þjónustu.

Ástæðan fyrir því að ég tel ekki heppilegt að þetta væri innan bankanna er sú að þarna eru atvinnurekendurnir að leita sér að óháðri ráðgjöf, einhverjum sem getur verið þeirra fulltrúi þá jafnvel í samningaviðræðum eða stuðningur við þá. Bankarnir eru náttúrlega í því hlutverki að krefja fyrirtækin jafnvel um mikla fjármuni eða setja þeim mjög ströng skilyrði og síðan á endanum kannski neyðast til þess að taka yfir rekstur viðkomandi fyrirtækis. Ég held að það geti sett bankana í mjög erfiða aðstöðu ef þeir eiga þarna að vera í rauninni báðum megin við borðið.

Við tókum að vísu nýlega ákvörðun um að setja umboðsmenn fyrirtækja innan bankanna. Það fúnkerar kannski að vissu leyti sérstaklega fyrir stóru fyrirtækin. En ég held að það geti samt alltaf verið mjög erfitt fyrir banka eða nokkra stofnun að vera svona báðum megin við borðið. Það er ástæðan fyrir því að ég tel að þetta gæti hentað mjög vel hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og þyrfti þá svo sem ekki nauðsynlega að vera neitt, eins og þú segir, sérstakt fyrirbæri heldur gæti það verið hluti af þeirri starfsemi sem þeir eru þegar með. (Forseti hringir.) En þetta væri þá nýtt verkefni.

[18:48]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur greinargóð svör við fyrirspurn minni. Ég held að það sé mjög heppilegt að þessu verði fundinn staður sem verkefni hjá Nýsköpunarmiðstöð og það sé þá ráðgjöf til fyrirtækja varðandi rekstur. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, sem vísað er til í þessu frumvarpi, er verkefni sem er ætlað að veita heimilunum aðstoð til sjálfshjálpar. Það byggir á því að gera fólki kleift að taka sín fjármál í eigin hendur í stað þess að lenda í svo alvarlegum vanskilum að til jafnvel gjaldþrota komi.

Ég tel mikilvægt að þetta verði verkefni innan Nýsköpunarmiðstöðvar. Annars mætti líta úr fyrir að þetta væri til vitnis um að við teldum bönkunum ekki treystandi til þess að sinna fjármálalegum þætti þessara fyrirtækja því að þarna er líka um ákveðna ráðgjöf að ræða varðandi þætti í rekstri fyrirtækja sem ekki endilega lúta að fjármálum heldur líka markaðssetningu og fleiru slíku sem ég held að sé mjög gagnlegt og mikilvægt eins og atvinnuástandið er í dag. Ég hvet til þess að ríkisvaldið veiti bönkunum mikið aðhald varðandi meðhöndlun viðskiptavina sinna en ýti jafnframt undir traust á kerfinu, því að ef við endurvinnum ekki traust almennings og fyrirtækja á bankakerfinu eigum við ekki bjarta framtíð fyrir höndum.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og efh.- og skattn.

Þjóðaratkvæðagreiðslur, 1. umr.

Frv. ÞSa o.fl., 117. mál (heildarlög). — Þskj. 149.

[18:50]

Flm. (Birgitta Jónsdóttir) (Bhr):

Frú forseti. Í dag mæli ég fyrir fyrsta frumvarpi Borgarahreyfingarinnar. Þetta frumvarp endurspeglar stefnu Borgarahreyfingarinnar í hnotskurn. Okkar markmið með veru okkar hér á þingi markast sterklega af þeirri stefnu að færa meira vald til þjóðarinnar. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru mikilvægur áfangi í þá veru. Þjóðin má aldrei aftur þurfa að vera í þeirri stöðu að hafa ekkert um mál er varða þjóðarhag að segja. Þjóðin á aldrei að þurfa að vera í þeirri stöðu að sitja uppi með vanhæfa ríkisstjórn sem hún getur ekki losað sig við nema með mótmælum.

Eðlilegra er að þjóðin geti kallað eftir því ef slíkar aðstæður koma aftur upp að lýsa vantrausti á slíka stjórn með þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er lítil hætta á því að þessum sjálfsagða rétti verði misbeitt af þjóðinni. En það er afar mikilvægt aðhaldstæki fyrir ráðamenn að vita til þess að hægt sé að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem eru umdeild meðal þjóðarinnar. Ef slíkt úrræði hefði verið til áður en tveir menn ákváðu upp á sitt einsdæmi að þjóðin yrði þátttakandi í árásarstríði á hendur annarri þjóð hefðum við aldrei þurft að lifa með þann smánarblett sem sá gjörningur var.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af því að í janúar síðastliðinn kom til mestu og alvarlegustu mótmæla Íslandssögunnar fyrir utan þetta hús þegar þúsundir landsmanna kröfðust afsagnar ríkisstjórnarinnar. Almenningur hafði enga lögmæta leið til að koma ríkisstjórninni frá og krefjast kosninga og því brá fólk á það örþrifaráð að trufla störf þingsins með afgerandi hætti. Ekki kom til óeirða eða blóðsúthellinga í þetta sinn en reynsla annarra þjóða sýnir þó að mjótt getur verið á mununum. Þar sem stjórnskipanin gerir ekki ráð fyrir öðru en að forsætisráðherra hverju sinni sé sá eini sem getur rofið þing er ljóst að slík staða sem kom upp í janúar getur hæglega komið upp að nýju. Brýnt er því að til séu úrræði í íslenskri löggjöf sem geta fært þingrofsvaldið á fleiri hendur en eins manns.

Um árabil hafa verið uppi háværar kröfur um aukna aðkomu almennings að mikilvægum ákvörðunum er varða alla þjóðina, framtíð hennar og lífsafkomu. Slíkar ákvarðanir hafa hingað til verið algjörlega í flokkspólitískum farvegi hér á þinginu og taka jafnvel mið af sjónarmiðum fjársterkra sérhagsmunahópa. Þessi þróun hefur veikt þingræðið gagnvart framkvæmdarvaldinu undanfarna tvo áratugi og hefur einnig gert það að verkum að valdaframsal frá almenningi til þingsins á fjögurra ára fresti hefur verið gróflega misnotað. Því er nauðsynlegt að hér verði til staðar úrræði sem veitir bæði löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu meira aðhald en verið hefur. Horft hefur verið til þess meðal annars að í Danmörku getur þriðjungur þingmanna krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Þótt ekki hafi komið til þeirrar kröfu í danska þinginu virðast áhrifin vera þau að löggjöf almennt er síður umdeild. Meira tillit er tekið til andstæðra sjónarmiða um leið og reistar eru skorður við yfirgangi framkvæmdarvaldsins.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru sjálfsagður réttur almennings til að hafa meiri áhrif. Því er brýnt að umhverfi og utanumhald verði ekki á sömu flokkspólitísku nótum og almennar alþingiskosningar með sínum pólitísku kjörstjórnum. Stofnun Lýðræðisstofu, sem lögð er til í frumvarpinu, er mikilvægt skref í þá átt að færa þjóðaratkvæðagreiðslur og allt umhverfi þeirra, svo sem samningu spurningarinnar, kynningu á efninu og annað utanumhald, frá þeim flokkastjórnmálum sem hingað til hafa einkennt íslenska stjórnmálaumræðu. Í frumvarpinu er lagt til að Lýðræðisstofa sjái um að kynna viðkomandi mál á hlutlausan hátt fyrir öllum landsmönnum. Stofunni yrði skylt að setja mál fram með einföldum og auðskildum hætti þar sem allir líklegir kostir þess og gallar eru tilgreindir sem og hugsanlegur fjárhagslegur tilkostnaður eða sparnaður fyrir fjárhag ríkisins og fyrir þjóðarbúið í heild.

Mikilvægt er að hafa í huga að mjög víða eru í gildi einhvers konar takmarkanir um hvaða mál raunhæft og eðlilegt sé að útkljá í þjóðaratkvæðagreiðslum. Vel má hugsa sér að fjárlög og skattheimta hvers árs sem og ýmiss konar árleg löggjöf sem sett er árlega til viðhalds daglegum rekstri ríkisins verði undanskilin. Einnig er mikilvægt að almennum hegningarlögum sé ekki hægt að breyta með slíkri einfaldri atkvæðagreiðslu.

Tildrög þessa frumvarps eru þau að hugmyndir Borgarahreyfingarinnar hafa ekki fengið hljómgrunn í vinnuhópi forsætisráðherra um persónukjör, þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnlagaþing. Borgarahreyfingin telur að þjóðaratkvæðagreiðslufrumvarp það sem vinnuhópurinn hefur skilað forsætisráðherra og verið kynnt í ríkisstjórn sé algjörlega óásættanlegt.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru mikilvægari lýðræðinu en svo að þeim megi eingöngu beita fyrir atbeina þess pólitíska meiri hluta Alþingis sem situr hverju sinni eða forseta Íslands, líkt og verið hefur. Borgarahreyfingin hefur því farið þá leið að endurbæta frumvarp vinnuhópsins þannig að það endurspegli kröfu almennings um aukið lýðræði, kröfuna um að almenningur á Íslandi geti haft meira að segja um sín brýnustu hagsmunamál og mikilvægustu mál lands og þjóðar og geti gert það fyrir eigið frumkvæði og fyrir eigin atbeina.

Í 2. gr. er lagt til að stofnuð verði Lýðræðisstofa og að umboðsmaður Alþingis fari með yfirstjórn hennar. Hún verði starfrækt á skrifstofu umboðsmanns Alþingis og að hann ráði einn fastan starfsmann, skrifstofustjóra. Auk þess verði umboðsmanni heimilt að ráða fleiri starfsmenn til að sinna auknum eða tímabundnum verkefnum stofnunarinnar.

Hugmyndin með stofnun Lýðræðisstofu er að tryggja að hlutleysis sé gætt við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, meðal annars við kynningar á því málefni eða lagafrumvarpi sem samþykkt hefur verið að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um. Þá er mikilvægt að viðkomandi stofnun og sá sem henni stýrir njóti trausts almennings og telja flutningsmenn að það sé óumdeilt að umboðsmaður Alþingis njóti þess.

Með þessu er umboðsmanni Alþingis fengið aukið hlutverk sem flutningsmenn telja að geti mjög vel samræmst meginhlutverki hans sem felst meðal annars í því að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins og gæta

þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Með þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt frumvarpinu er í reynd verið að kalla eftir vilja þjóðarinnar í afstöðu til ákveðins málefnis eða lagafrumvarps.

Í 3. mgr. 14. gr. laga um umboðsmann Alþingis er tekið fram að ef kjörnum umboðsmanni eru falin sérstök tímabundin verkefni af hálfu Alþingis getur forsætisnefnd Alþingis að beiðni kjörins umboðsmanns samþykkt að setja annan mann til að sinna starfi umboðsmanns þann tíma eða samhliða kjörnum umboðsmanni. Telja flutningsmenn að rétt sé að fela umboðsmanni það sjálfum að skoða hvort hann mundi óska eftir að annar maður sé settur til starfans þar sem umboðsmaður mun geta falið skrifstofustjóra dagleg verkefni og almennt skipulag verkefna Lýðræðisstofu og því reyni í reynd á stjórn umboðsmanns yfir stofunni að takmörkuðu leyti og einungis tímabundið þegar kemur að framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar sjálfrar í samvinnu við yfirkjörstjórnir.

Þetta er gríðarlega mikilvægt atriði út af því að það sem maður hefur rekið sig á trekk í trekk þegar fjallað er um stór málefni — ég get bara hreinlega nefnt ESB-umræðuna — þá er það alltaf út frá ákveðnum hagsmunum. Þær upplýsingar sem maður fær eru ekki hlutlausar. Varðandi til dæmis upplýsingar frá Samfylkingunni þegar hún fjallar um Evrópubandalagið þá er í raun og veru ofboðslega erfitt að finna einhverjar upplýsingar sem eru ekki bundnar því að það sé eina lausnin. Ég held að ef við gætum fengið embætti eins og Lýðræðisstofu, þ.e. ef við hugsum okkur Lýðræðisstofu sem er sambærileg við álíka stofnanir í til dæmis Bandaríkjunum þar sem það er eingöngu hlutverk stofnunarinnar að láta almenningi í té upplýsingar sem eru ópólitískar og ekki tengdar hagsmunum.

Ég vona að þetta frumvarp komi til með að fá afgreiðslu hérna á þingi. Þetta er það sem fólkið er að kalla eftir, fólkið sem er hérna úti til dæmis í dag, að fá að hafa áhrif. Ef þær 30 þúsund manneskjur sem hafa skráð sig inn á Facebook sem krefjast þess að við skrifum ekki undir Icesave gætu fengið að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu um það þá getur maður kannski farið að sofa rólegur á næturnar um að það verði ekki samþykkt hér á þingi.

[19:00]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að óska hv. þingmönnum Borgarahreyfingarinnar til hamingju með þetta frumvarp. Ég skildi það svo af ræðu hv. flutningsmanns að þetta væri fyrsta frumvarpið sem flokkurinn legði fram og í sjálfu sér er vel við hæfi að það sé einmitt um það málefni sem hér er rætt.

Ég vildi spyrja hv. þingmann að tvennu. Annars vegar hvort hugsuð hafi verið einhvers konar lágmarksþátttökuskilyrði í slíkum þjóðaratkvæðagreiðslum ef til kæmi á grundvelli þessara laga.

Hitt sem ég hefði áhuga á að heyra um kemur fram í greinargerð. Að sjálfsögðu getur þjóðaratkvæðagreiðsla ekki verið bindandi að núgildandi stjórnarskrá eða óbreyttri stjórnarskrá en það kann að koma upp sú staða að um eitthvert ákveðið mál fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla og atkvæðagreiðslan fari þannig að rétt rúmlega 50%, 50,1% segi já, 49,9% segi nei og þá kann að vera að málið komi aftur til kasta Alþingis og þá eru þingmenn bundnir sannfæringu sinni umfram öllu öðru. Nú kynni það að vera að það kæmi í hlut hv. þingmanna Borgarahreyfingarinnar að hafa sannfæringu í máli sem þjóðin hefði með naumum meiri hluta sagt já við en sannfæring viðkomandi þingmanna væri nei, og þá leikur mér hugur á að vita, miðað við hvernig þessi uppsetning er á málinu: Mundi hv. þingmaður, flutningsmaður frumvarpsins, standa við sannfæringu sína ef sú staða kæmi upp að naumur meiri hluti þjóðarinnar segði já í slíku máli en sannfæringin og þar með stjórnarskrárbundin skylda þingmannsins væri sú að segja nei?

[19:02]

Flm. (Birgitta Jónsdóttir) (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Kærar þakkir fyrir þessar spurningar. Til að gæta jafnræðis við það sem kom úr hinu frumvarpinu, sem ég held að hafi verið 15% þröskuldur, okkar hugmynd var að hafa 7% þröskuld, þá leggjum við til að þetta sé 10%. (**Gripið fram í:** Þátttaka?) Nei, ekki þátttaka. Það er ekki skilgreint í þessu frumvarpi en ég vona að það verði tekið fyrir í nefndinni þegar málið fer til nefndar sem er allsherjarnefnd.

Varðandi seinni spurninguna mundi ég alltaf greiða atkvæði út frá minni eigin sannfæringu. Það er skylda mín og ég hef talað svo mikið fyrir því að annað kemur ekki til greina þó að það mundi skapa mér óvinsældir.

[19:04]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það gleður mig að heyra að hv. þingmaður mun að sjálfsögðu standa við sannfæringu sína, ég átti reyndar ekki von á öðru svari. En þetta undirstrikar það hvaða staða kynni að koma upp í þjóðfélaginu ef við leggjum upp með það fyrirkomulag sem hér er lýst eða lagt upp með í frumvarpinu, að það kynni að valda miklum deilum í samfélaginu og mjög erfiðum ef þingviljinn og samviska þingmanna stæði til eins en naumur þjóðarmeirihluti í atkvæðagreiðslu þar sem fáir taka þátt stæði til annars. Ég mundi ætla að það væri nauðsynlegt að skoða þennan þátt frumvarpsins til að reyna að girða fyrir þessa stöðu, m.a. með stífari kröfum um þátttöku og/eða aukinn meiri hluta o.s.frv. Ég vil reyndar sérstaklega lýsa því yfir að ég er ánægður með að tekið sé fram að ekki ætti að senda í þjóðaratkvæðagreiðslu t.d. fjárlög, skattafrumvörp og slíkt. Ég held að slíkt kynni að valda miklum usla í allri okkar stjórnskipun.

Frumvarpið sjálft er líka áhugavert vegna þess að við erum einmitt í þingsölum og á nefndarfundum að ræða um Evrópumálin, mögulega aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og eitt af því sem skiptir máli þar er einmitt sá möguleiki sem þjóðin á að hafa, að eiga síðasta orðið í því máli öllu. Hér í þingsal hafa verið uppi hugmyndir um að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu áður en stjórnarskrá er breytt um það hvort samningur taki gildi eða ekki og væri sú aðferð höfð yrði það þingsins að hafa síðasta orðið um það hvort gengið yrði inn í ESB eða ekki. Ég hefði áhuga á, í ljósi þessarar umræðu, að heyra hvort hv. þingmaður sé

þeirrar skoðunar að betra sé að breyta stjórnarskránni fyrst til að skapa möguleika fyrir endanlega atkvæðagreiðslu fyrir (Forseti hringir.) þjóðina þannig að þjóðin geti átt síðasta orðið í þjóðaratkvæðagreiðslu um mögulega inngöngu Íslands í ESB.

[19:06]

Flm. (Birgitta Jónsdóttir) (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég deili þessum áhyggjum hv. þingmanns að þetta gæti orðið mjög knappt út af því að við vitum að það er mjög mjótt á mununum í afstöðu þjóðarinnar til þessa máls. Það væri náttúrlega fullkominn heimur ef við gætum haft það þannig að þetta væri bindandi kosning varðandi Evrópumálin. Mér sýnist að þetta frumvarp komi ekki til með að geta lagfært það. Ég mæli með því og þætti bara mjög vænt um það ef hv. þingmaður kæmi með tillögur um hvernig mætti lagfæra þetta og færa til betri vegar eða einhverjir af samflokksmönnum hans, því að ég lít svo á og vonast til þess að við þingmenn getum farið að vinna svolítið óháð flokkslínum og komið okkur upp úr því flokksfari þar sem fólk er stöðugt að ræða um hvað gerðist fyrir 10 árum og þess vegna megi það segja eitthvað út af því að einhver sagði eitthvað einu sinni eða gera eitthvað. Ég óska því eftir samvinnu við að frumvarpið nái að komast í gegn, því að það eru margir gallar í hinu sem við fengum í hendur í dag og ég hef ekki haft tækifæri til að fara almennilega yfir. En ég lít svo á að þetta frumvarp sé til stórkostlegra bóta og muni einmitt gefa okkur kost á að vinna á svona stórum málum eins og Evrópusambandsmálinu á þann hátt að það endurspegli vilja þjóðarinnar.

[19:08]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil óska Borgarahreyfingunni og þeim fjórum þingmönnum til hamingju með þetta frumvarp sem þeir leggja fram.

Mig langar að spyrja tveggja spurninga. Í fyrsta lagi: Er þetta frumvarp lagt fram með það í huga að þjóðaratkvæðagreiðslan, eins og kom fram í máli hv. þm. Illuga Gunnarssonar, sé ráðgefandi fyrir þingið eða að þjóðaratkvæðagreiðslan eigi að ráða för og þá þurfum við að fara í breytingar á stjórnarskránni?

Í öðru lagi: Í ljósi þess hvernig hv. þingmaður Borgarahreyfingarinnar, Margrét Tryggvadóttir, tók á málum í kjörbréfanefnd í upphafi þings þar sem fram hafði komið kæra vegna misvægis atkvæða t.d. í Suðvesturkjördæmi, má þá skilja 8. gr. þessa frumvarps í þá veru að það sé beggja blands, ef má orða það svo, sem stendur, með leyfi forseta, efst á bls. 3: „Um framkvæmd að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu, talningu atkvæða og meðferð ágreiningsseðla fer samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands,“ — sem er eitt atkvæði, einn maður — „nr. 36/1945, og eftir því sem við getur átt lögum um kosningar til Alþingis.“ Eiga þingmenn Borgarahreyfingarinnar við annaðhvort eitt atkvæði, einn maður eða hugsanlega líka misvægi atkvæða eftir kjördæmum? Mér finnst 8. gr. hljóma þannig að ég átta mig ekki alveg á af hverju menn koma með þennan varnagla í síðustu setningunni „og eftir því sem við getur átt lögum um kosningar til Alþingis“. Ég óska eftir því að hv. þm. Birgitta Jónsdóttir svari þessum spurningum.

[19:10]

Flm. (Birgitta Jónsdóttir) (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka kærlega fyrir spurningarnar. Að sjálfsögðu er lagt upp með þetta frumvarp með það að markmiði að það verði gildandi með breytingu á stjórnarskrá þannig að þjóðaratkvæðagreiðslur séu ekki einungis ráðgefandi. Ég þykist skynja að hv. þingmenn séu báðir að vísa til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla í kringum aðildarviðræður verði ráðgefandi en ekki bindandi. En eins og ég segi á ég ekki von á að þetta frumvarp nái í gegn fyrir þann tíma nema einhverjir stórkostlegir hlutir sem eru ófyrirséðir gerist í samfélaginu á næstu mánuðum.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa athugasemd. Það er alveg ljóst í okkar huga að það á að vera einn maður, eitt atkvæði og mun ég kanna af hverju þessi varnagli var settur þarna inn.

[19:11]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin. Ég vil taka það fram að skoðun mín á þjóðaratkvæðagreiðslu er sú að þjóðaratkvæðagreiðsla sé endanleg, það er þjóðin sem ákveður og það er ekki ráðgefandi fyrir þingið síðar meir, svo það komi skýrt og skorinort fram. Það er ekki verið að bera undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu eitthvað sem alþingismenn eiga síðan að taka tillit til með einum eða öðrum hætti svo það fari ekkert á milli mála. Það þýðir að við þurfum að breyta stjórnarskránni.

Ég þakka hv. þingmanni aftur fyrir svörin og vænti þess að 8. gr. verði skoðuð frekar því að ég tek heils hugar undir það sem fram kom í máli hv. þm. Margrétar Tryggvadóttur varðandi kjörbréfið að við búum hér ekki við fyrirkomulagið einn maður, eitt atkvæði. Ég hefði kosið að við gerðum það og mundum gera í framtíðinni.

[19:13]

Þráinn Bertelsson (Bhr):

Frú forseti. Ég fagna því, og ég held að flestir góðir menn fagni því, að hlutfall kvenna á Alþingi skuli nú vera hærra en nokkru sinni fyrr, ekki síst þegar þess er gætt að innan við 100 ár eru frá því að konur fengu atkvæðisrétt. Ástæðan fyrir því að konur höfðu ekki atkvæðisrétt og þaðan af síður kjörgengi til Alþingis var fordómar. Því réðu efasemdir um að konur hefðu yfirleitt getu til að fjalla um stórar og flóknar spurningar sem snúast um eitthvað meira en heimilishald, barnauppeldi og tísku. Svipaðar spurningar heyrast þegar til umræðu eru þjóðaratkvæðagreiðslur, þá heyrast efasemdir um að þjóðin, almenningur, geti fjallað af skynsamlegu viti um stórar spurningar. Þessir fordómar eru sömu fordómar og lögðu stein í langa og torsótta götu kvenna til jafnréttis. Þessum fordómum fylgir misrétti sem speglast í því að þjóðinni er ekki treyst. Og ekki er nóg með að þjóðinni sé ekki treyst af þeim aðilum sem lýsa sig mótfallna þjóðaratkvæðagreiðslum heldur er þetta líka spurning um að vantreysta sjálfu lýðræðinu. Það stendur ekki upp á okkur, þjóðkjörna fulltrúa, að halda sjálfsögðum mannréttindum frá þjóðinni, mannréttindum sem felast í því að

mega taka afstöðu oftar en á fjögurra ára fresti til stórra spurninga sem varða líf og framtíð þjóðarinnar.

Það hefur komið á daginn, held ég megi fullyrða, að konur eru andlegir jafnokar karlmanna. Ég hygg að það muni líka koma á daginn, sé það ekki þegar komið á daginn, að almenningur er fullkominn jafnoki þjóðkjörinna fulltrúa sinna. Ef við þjóðkjörnir fulltrúar vantreystum þjóðinni til að kjósa sér örlög og velja og hafna erum við um leið að gefa til kynna að við höfum það álit á þjóðinni að hún sé að yfirgnæfandi meiri hluta skipuð vanvitum sem ekki séu til þess fallnir eða til þess hæfir að taka ákvarðanir um stórar spurningar.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru hluti þess nútíma sem koma skal fyrr en síðar. Við þurfum ekki lengur að hafa áhyggjur af því í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðslur, sem var kannski skýring á því að áður fyrr voru menn sparir á að efna til kosninga — sá tími er liðinn að kjósendur þurfi í misjöfnum veðrum að sundríða jökulár til að komast á kjörstað, nútímasamgöngur hafa gert það öllu einfaldara en það var fyrir 100 árum eða svo. Þjóðaratkvæðagreiðslur geta í framtíðinni þróast á þann veg að atkvæðagreiðsla fari fram með allt öðrum hætti en tíðkast í venjulegum kosningum eins og við þekkjum þær, en það er reyndar framtíðarmúsík sem ekki er verið að spila í þessu frumvarpi. Í þessu frumvarpi er verið að tala um hér og nú og hvað hentar þjóðfélagi okkar nú um stundir.

Það er meira en tímabært að þingrofsréttur sé ekki lengur í höndum eins manns, forsætisráðherrans. Það er tímabært að færa þingrofsvaldið til þjóðarinnar því að það er þjóðin sjálf sem á að taka ákvarðanir í sínum stærstu málum. Aukin aðkoma almennings að því að afgreiða stórar spurningar hefur í för með sér aðhald sem er ekki bara gagnlegt heldur líka nauðsynlegt, aðhald með löggjafar- og framkvæmdarvaldinu. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru í raun og veru sjálfsagður réttur þjóðarinnar til að taka ákvarðanir í sínum eigin málum rétt eins og það var sjálfsagður réttur kvenna, sem þeim var neitað um allt of lengi, svo lengi að við skömmumst okkar fyrir það nú, að taka ákvarðanir í málum sem þær varðaði.

Ég ætla ekki að setja á lengri tölu um frumvarpið en mig langaði til að undirstrika að lög um þjóðaratkvæðagreiðslur, lög sem gera þær mögulegar og gerir mögulegt að þær fari fram með skipulögðum og skynsamlegum hætti, eru hvorki meira né minna en þjóðþrifamál.

[19:21]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil fyrst beina til hv. þm. Þráins Bertelssonar spurningu sem vaknaði við þau orð að færa þyrfti þingrofsréttinn, heimildina, til fleiri en forsætisráðherra og þá væntanlega til þingsins sjálfs. Þá kemur aftur upp sú staða að samkvæmt því frumvarpi sem hér er til umræðu er ekki gert ráð fyrir því að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu sé bindandi fyrir þingið. Enn á ný gæti þá komið upp sú staða að í kosningu og atkvæðagreiðslu væri lítill meiri hluti með máli, t.d. eins og um þingrof, og á sama tíma væri meiri hluti þingmanna þeirrar skoðunar, og hefði sannfæringu fyrir því, að ekki bæri að grípa til þingrofs og ber þeim þá skylda, samkvæmt stjórnarskrá, að standa gegn slíkri tillögu. Enn og aftur: Þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum stjórnarskrárbreytingum í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar mundi ég gjarnan vilja heyra frá hv. þingmanni hvernig hann sæi fyrir sér að á grunni þessa frumvarps væri hægt að ganga til atkvæðagreiðslu þar sem síðan yrði um þingrof að ræða í framhaldinu.

[19:22]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Illuga Gunnarssyni fyrir góðar og skynsamlegar spurningar, bæði vegna ræðu minnar áðan og eins vegna framsöguræðu hv. þm. Birgittu Jónsdóttur. Það er ekkert launungarmál og alveg auðséð af þessu frumvarpi að það er sniðið að þeirri stjórnarskrá sem við höfum nú og búum við. Þar af leiðir að ekki er hægt að ganga lengra í frumvarpinu varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur en til að mynda að neita sér um að nota orðið „ráðgefandi“ um þær og tala eingöngu um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þetta leiðir að sjálfsögðu til þess að í ákveðnum tilvikum kann að verða um það að ræða að Alþingi, og reyndar þjóðin sjálf, þurfi að fóta sig á nokkurs konar lögfræðilegu einskis manns landi þar sem engar reglur gilda aðrar en heilbrigð skynsemi og það sem síðast og að lokum ræður úrslitum um afstöðu, a.m.k. þingmanna, er eiður þeirra um að fylgja sannfæringu sinni.

[19:25]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hlý orð frá hv. þingmanni í minn garð. Í framhaldi af því að þetta mál er komið fram tel ég það þess virði að við nefndarvinnu skoði hv. allsherjarnefnd hvernig hægt væri að ná þessum tilgangi frumvarpsins fram. Það kynni þá að þýða að með frumvarpinu fylgi einhvers konar tillögur að breytingum á stjórnarskrá, vegna þess að verði frumvarpið að lögum er mjög mikilvægt að búið sé að fastsetja nákvæmlega hvernig þessir hlutir eigi að ganga fram. Við þær aðstæður sem mundi reyna á eitthvað slíkt má gefa sér það að slíkar deilur séu uppi í þjóðfélaginu að mjög nauðsynlegt sé að enginn vafi leiki á um gildi slíkra ákvarðana, málsmeðferð eða neitt það sem menn gætu sett hornin í. Ég leyfi mér að tala um hildarleik sem þá væri kominn upp ef á reyndi — eins og gerðist einmitt í janúar, þegar reyndi á þingrof eða það að ríkisstjórn hrökklaðist frá, það væri nauðsynlegt að hafa slíkan ramma allan á hreinu. Þetta skiptir líka máli — eins og ég nefndi í andsvari mínu við ræðu tillöguflytjanda, hv. þm. Birgittu Jónsdóttur — út af þeirri umræðu sem við erum í núna varðandi mögulega ESB-aðildarumsókn. Ég er mjög þeirrar skoðunar að þar verði að koma málum þannig fyrir að það verði þjóðin sem eigi síðasta orðið með þjóðaratkvæðagreiðslu en ekki Alþingi. Það þýðir að slík kosning getur ekki farið fram, þ.e. um aðildarsamning, fyrr en stjórnarskrá hefur verið breytt, þ.e. þing rofið, stjórnarskrá breytt, nýtt þing komið saman og síðan verði það þjóðin sem segir sitt lokaorð.

[19:27]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil enn á ný þakka hv. þm. Illuga

Gunnarssyni fyrir góðar og skynsamlegar athugasemdir. Það sér á umræddu frumvarpi okkar, þingmanna Borgarahreyfingarinnar, að það er samið við ákveðnar aðstæður. Það er samið við þær aðstæður að stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Í því sambandi ber okkur að reyna að sníða alla skafanka af frumvarpinu og þess vegna eru spurningar á borð við þær sem hv. þingmaður kom með sannarlega fagnaðarefni og skylda okkar, bæði þeirra sem starfa í allsherjarnefnd og þingheims alls, að reyna að sníða þessa ágalla af frumvarpinu og hraða að öðru leyti framgangi þess.

[19:28]

Arndís Soffía Sigurðardóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum Borgarahreyfingarinnar fyrir að flytja þetta frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég vil koma því á framfæri að ég er sammála mörgu af því sem hér kemur fram en mig langar þó að ræða sérstaklega fáein atriði.

Þegar hefur verið bent á margt í þessari umræðu en að mínu mati er aðalatriðið það að í 1. gr. frumvarpsins segir að 10% kosningabærra manna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu með undirskrift sinni. Ég er efnislega sammála því að þjóðin eigi að geta kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eina sem ég velti fyrir mér er hve mikill fjöldi manna eigi að geta krafist hennar. Mér finnst það beinlínis grundvallaratriði í lýðræðissamfélagi að almenningur geti veitt þinginu það aðhald sem nauðsynlegt er með því að geta kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Það stóð reyndar til í vor rétt fyrir kosningar að setja slíkt ákvæði í stjórnarskrána en það hlaut ekki afgreiðslu.

Það sama á við um það sem kemur fram í 1. gr. frumvarpsins um að einn þriðji hluti þingmanna geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Ég er sammála því að ekki þurfi meiri hluta Alþingis til að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, þingræðið er of veikt að mínu mati og ég tel að þetta muni leiða til aukins þingræðis.

Það hefur verið bent á það af fræðimönnum í stjórnlagarétti að til að niðurstaða í þjóðaratkvæðagreiðslu bindi hendur löggjafans þurfi ákvæði um það að vera í stjórnarskrá. Í fljótu bragði fann ég ekki í frumvarpinu ákvæði um það hvort niðurstaðan ætti að vera bindandi eða ráðgefandi þannig að það er þá bara athugunarefni í þeirri nefndarvinnu sem fram undan er.

Ég set spurningamerki við þann tímafrest sem frumvarpið boðar frá því að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi eða þjóðaratkvæðagreiðslu krafist og þar til þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram í síðasta lagi en það er talað um sex mánuði. Kannski er þetta of skammur tími til almennra kynninga á því málefni sem kjósa skal um. Í frumvarpinu er reyndar ekki gert ráð fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram samhliða öðrum kosningum, svo sem sveitarstjórnar-, alþingis- eða forsetakosningum, heldur er þvert á móti tekið fram að slíkt er beinlínis ekki heimilt. Með tilliti til þess er tímaramminn kannski nægur. Hitt er annað mál að ég sé engin sérstök rök hníga til þess að þjóðaratkvæðagreiðslur megi ekki fara fram samhliða öðrum kosningum. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins koma fram þau rök að slíkt fyrirkomulag væri til þess fallið að draga úr vægi þjóðaratkvæðagreiðslunnar og jafnvel gera hana flóknari. Ég er þessu ekki sammála auk þess sem ég tel að það leiði til óþarfakostnaðar að beinlínis heimila ekki þjóðaratkvæðagreiðslur samhliða öðrum kosningum. Að lokum vil ég taka undir áhyggjur hv. þm. Illuga Gunnarssonar um skort á ákvæði um kjörsókn.

Frú forseti. Eins og þegar hefur komið fram er ég sammála mörgu af því sem í frumvarpinu segir en með þeim tæknilegu fyrirvörum sem ég hef rakið hér.

[19:32]

Flm. (Birgitta Jónsdóttir) (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessar athugasemdir. Að sjálfsögðu göngum við út frá því að atkvæðagreiðslan verði bindandi þegar breytingin mun fara undir stjórnarskrárbreytingar og það er ástæðan fyrir því að það stendur hvergi „ráðgefandi“ í þessu frumvarpi.

Varðandi þann lið frumvarpsins sem hv. þingmaður fjallar um, að ekki sé skynsamlegt eða gæti orðið mjög kostnaðarsamt að þjóðaratkvæðagreiðsla mundi ekki fara fram þegar aðrar kosningar eiga sér stað þá er það einfaldlega út af því að í fyrsta lagi gerum við ekki ráð fyrir að það verði mikið um þjóðaratkvæðagreiðslur. Það er reynsla í öðrum löndum að þetta sé fyrst og fremst tæki til að veita stjórnvöldum aðhald. En það er líka mikil hætta á að þetta mundi falla í skuggann af öðrum kosningum ef það er samhliða. Síðan er stefnan hjá okkur að slíkar kosningar verði rafrænar með tímanum þannig að kostnaðurinn ætti að vera sem minnstur fyrir almenning og þjóðina að taka þátt í og nýta sér þetta verkfæri til þess að hafa áhrif á samfélagið sitt.

Við munum að sjálfsögðu fara yfir öll þessi atriði og við erum bara ákaflega þakklát fyrir þær skynsamlegu tillögur sem hér hafa komið fram. Eins og ég sagði áðan er frábært að sjá fram á að við getum fundið þverpólitíska flöt á að koma þessu frumvarpi í gegn.

[19:34]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Í dag leggjum við þingmenn Borgarahreyfingarinnar fram okkar fyrsta frumvarp. Ég er ákaflega stolt af þessu frumvarpi því að ég tel að verði það að lögum verði um stórkostlegar lýðræðisumbætur að ræða. Lýðveldið Ísland er ekki gamalt og saga þess ekki löng. Íslendingar máttu búa við stjórn erlends konungs öldum saman og því voru stigin mikil framfaraskref þegar fullveldinu var náð árið 1918 og svo með sjálfstæði þjóðarinnar 1944.

Lýðræði hér á landi hefur því miður þróast út í flokksræði og fólkið í landinu hefur ekki verið spurt álits nema á fjögurra ára fresti. Sá möguleiki að 10% kosningabærra manna geti með undirskrift sinni krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um stór og mikilvæg mál, svo sem Icesavesamninginn og ESB-aðild, svo nefnd séu þau mál sem eru efst á baugi nú, veita bæði framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu nauðsynlegt aðhald sem hefur skort. Í gegnum tíðina höfum við margoft orðið vitni að því að stjórnarflokkarnir hafa komið sínu fram með harðræði í stórum málum sem hafa klofið þjóðina í tvennt.

Ólíkt því sem stjórnvöld virðast oft halda er almenningur nokkuð glúrinn og vel treystandi til þess að taka upplýsta ákvörðun um eigin framtíð. Nái þetta nýja frumvarp, fyrsta frumvarp Borgarahreyfingarinnar, fram að ganga mun þjóðin fá tækifæri til þess þegar mikið liggur við.

Ég vil taka undir orð þeirra hv. þingmanna Ragnheiðar Ríkharðsdóttur og Illuga Gunnarssonar að við þyrftum að ganga enn lengra og fara í þær stjórnarskrárbreytingar sem þarf að gera til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla verði bindandi.

[19:36]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Eins og aðrir þingmenn sem hér hafa talað vil ég óska Borgarahreyfingunni til hamingju með að flytja þetta þingmál. Ég held að það gefi kærkomið tækifæri til þess að hefja umræður um þjóðaratkvæðagreiðslur og gefur okkur tækifæri til þess að fjalla um þessi mál á yfirvegaðan og málefnalegan hátt. Þar sem þessi mál hafa skotið upp kollinum í umræðunni af og til hefur það oft verið gert, eins og flutningsmaður frumvarpsins, hv. þm. Birgitta Jónsdóttir, nefndi, í mjög flokkspólitískum skotgröfum. Ég held að það sé æskilegt að við getum náð að ræða þessi mál án þess að það hvíli á okkur þegar við erum að fjalla um grundvallarmál af þessu tagi.

Ég vildi nefna að það má segja að á því andartaki þegar umræða um þetta frumvarp hófst var dreift frumvarpi til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur, sem er stjórnarfrumvarp, og mun koma til umræðu hér á þinginu síðar. Það frumvarp er niðurstaða, ef svo má segja, úr starfi sem við nokkrir fulltrúar þingflokka höfum tekið þátt í og þess er getið í almennum athugasemdum með því að það sé lagt fram af forsætisráðherra en það hafi verið unnið í samráði við fulltrúa allra þingflokka.

Af því að þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar eða forsætisráðherra var að koma hér inn í þingið þá vildi ég taka það fram að þrátt fyrir að það sé rétt sem fram kemur í upphafi athugasemda að það sé unnið í samráði við fulltrúa allra þingflokka felur það ekki í sér að fulltrúar allra þingflokka í tengiliðahópnum hafi lýst yfir stuðningi við það mál eða gefið fyrirheit um stuðning við það óbreytt. Ég segi það til dæmis fyrir sjálfan mig, af því að ég átti sæti í þeim hópi fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, að ég gerði ekki athugasemdir við að forsætisráðherra flytti þetta frumvarp í þessu formi en hins vegar áréttaði ég að ég hefði athugasemdir við ákveðin atriði í frumvarpinu. Ég tel víst að sama hafi átt við um fulltrúa margra annarra flokka, bara þannig að þetta liggi skýrt fyrir, að vissulega var haft samráð en það samráð breytir ekki því að einstakir fulltrúar og einstakir flokkar hafa athugasemdir við ýmis atriði sem varða stjórnarfrumvarpið og ekki lá fyrir og ekki var eftir því leitað í sjálfu sér að fulltrúar allra flokka í þessum tengiliðahópi lýstu yfir stuðningi við málið eins og það var lagt fram í endanlegri mynd, bara þannig að það sé skýrt.

Frumvarp Borgarahreyfingarinnar og stjórnarfrumvarpið eru bæði þess eðlis að þau kalla á góða umræðu bæði hér í þinginu og eins í þeirri þingnefnd, allsherjarnefnd, sem mun fá málið til meðferðar. Ég held að við getum kannski geymt umræðu um einstök efnisatriði að mestu leyti þangað til sú umræða hefur farið fram. Ég vildi hins vegar geta þess að ég er þeirrar skoðunar að þegar Alþingi tekur mál fyrir með þessum hætti, afdrifarík mál sem varða grundvallarþætti í bæði stjórnskipun okkar og þjóðarfyrirkomulagi sé æskilegt að samhliða umfjöllun í þinginu fari fram mjög virk og opin umræða annars staðar í samfélaginu um málin þannig að ekki sé bara verið að ræða málin í þröngum hópi hér inni á þingi heldur að það sé miklu víðtækari þátttaka í þeirri umræðu. Það er spurning um það akkúrat að þegar málið kemur til nefndar þá verði vinnulagi þar þannig fyrir komið að það verði kallað eftir umsögnum sem víðast og að það verði ekki, eins og stundum er gert, reynt að hraða afgreiðslu þannig að möguleikar aðila í þjóðfélaginu, samtaka og einstaklinga, til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri verði skertir. Ég held að þetta sé mikilvægt. Það á bæði við um frumvarp Borgarahreyfingarinnar og frumvarp ríkisstjórnarinnar.

Þetta eru mikilvæg ákvæði sem er verið að leggja til í báðum frumvörpunum. Við getum haft mismunandi skoðanir á einstökum útfærsluatriðum. En þetta eru mikilvæg atriði sem verið er að fjalla um og það er mikilvægt að þau fái viðhlítandi umræðu víðar en í þingsölum og í nefndum. Þó að það samráð eða, hvað eigum við að segja, starf þessa tengiliðahóps eða samráðið sem ríkisstjórnin efndi til hafi vissulega verið lofsvert — það var lofsvert að ríkisstjórnin skyldi kalla til fulltrúa allra þingflokka til þess að fara yfir þetta mál áður en það var lagt fram hér á þingi — þá er það auðvitað ekki fullnægjandi því miklu fleiri þurfa að koma að þessari umræðu.

Að þessu sögðu vil ég undirstrika að þau frumvörp sem við erum að ræða hér, eða frumvarp Borgarahreyfingarinnar og eins það frumvarp sem við eigum síðar eftir að taka til umræðu frá ríkisstjórninni, eru lögð fram og mótuð á grundvelli stjórnskipunarinnar. Það er ekki verið að fjalla um aðra þætti en stjórnskipunin gefur svigrúm til. Til þess að festa þjóðaratkvæðagreiðslur almennilega í sessi sem bindandi og ákvarðanatakandi tæki í okkar samfélagi þarf stjórnarskrárbreytingar. Allir eru um það sammála. Engu að síður er gott og jákvætt og æskilegt að fá löggjöf sem fjallar með skýrum hætti um það hvernig beri að haga þjóðaratkvæðagreiðslum ef til þeirra er boðað. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvörpin gera ákveðin ákvæði stjórnarskrárinnar ráð fyrir því að efnt sé til þjóðaratkvæðagreiðslna við tilteknar aðstæður, reyndar mjög þröngar aðstæður. En það eru til slík ákvæði í stjórnarskránni og það er mikilvægt að fyrir liggi löggjöf um það hvernig eigi að framkvæma þær atkvæðagreiðslur sem til er boðað á þeim grundvelli. Eins er rétt, eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp Borgarahreyfingarinnar, að það sé mótað hvernig þjóðaratkvæðagreiðslur skuli fara fram á þeim grundvelli að Alþingi ákveði slíkar atkvæðagreiðslur. Það hefur ekki verið ágreiningur um að Alþingi gæti undir hvaða kringumstæðum sem er ákveðið að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Hins vegar hefur vantað löggjöfina til þess að framkvæma hana. Þess vegna fagna ég bæði frumvarpi Borgarahreyfingarinnar og raunar líka frumvarpi ríkisstjórnarinnar að því leyti að þarna eru tillögur um það hvernig eigi að móta aðferðina, framkvæmdina þegar til þjóðaratkvæðagreiðslna kemur. Ég held að það sé mjög já-

kvætt að við tökum slík mál til umræðu og afgreiðum þessa formhlið mála, þessa tæknilegu útfærslu áður en við stöndum beinlínis frammi fyrir knýjandi spurningum um tilteknar þjóðaratkvæðagreiðslur af því að við þekkjum það frá fyrri tíð og getum alveg ímyndað okkur það að ef tiltekin þjóðaratkvæðagreiðsla er yfirvofandi er auðvitað hætta á því að afstaða manna til framkvæmdarinnar, til tæknilegu útfærsluatriðanna, mótist að miklu leyti af því hvaða afstöðu menn hafa til málefnisins sem þjóðaratkvæðagreiðslu á að halda um. Þess vegna er ágætt að geta rætt þessi mál í ákveðinni fjarlægð frá slíkum viðfangsefnum þannig að við getum komið okkur saman um leikreglurnar áður en við fáum í hendurnar málefnið sem brennur á.

Auðvitað er rétt, eins og hefur komið fram í þessari umræðu, að það liggur í loftinu að hugsanlega komi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild okkar að Evrópusambandinu fyrr eða síðar. Það er meira að segja vikið að því í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Snemma í athugasemdunum á blaðsíðu 4 í því frumvarpi sem hér hefur verið dreift segir, með leyfi forseta:

„Þess má geta að þegar frumvarp þetta er lagt fram hefur utanríkisráðherra nýverið lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Þar er jafnframt ráðgert að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um mögulegan aðildarsamning að loknum samningaviðræðum við sambandið.“

Þetta er vissulega rétt. Það hefur komið fram þingsályktunartillaga frá utanríkisráðherra um þetta efni en auðvitað er ekki búið að taka neina ákvörðun um málsmeðferð í þeim efnum. Það mál er allt enn þá óljóst og enginn veit einu sinni hvort þingmeirihluti sé fyrir þeirri tillögu sem utanríkisráðherra lagði fram þannig að þó að það sé vitað að það er vilji til þess að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um mögulegan aðildarsamning að Evrópusambandinu er málið enn þá það langt undan að það á eftir að stíga mjög mörg skref og það á mjög margt eftir að gerast áður en til þess geti komið. Þetta vildi ég segja til að undirstrika það að æskilegra væri að við getum rætt þessi mál um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna án þess að tiltekið málefni sé orðið allsráðandi í umræðunni og liti þar með alla umræðu um þjóðaratkvæðagreiðslurnar sem slíkar.

Við munum vonandi fá tækifæri til að ræða þetta mál ítarlegar bæði innan allsherjarnefndar og eins aftur á vettvangi þingsins þegar málin koma til 2. umr. Ég tel eðlilegt að þar sem þessi frumvörp eru bæði komin fram, frumvarp Borgarahreyfingarinnar og frumvarp ríkisstjórnarinnar þá verði umfjöllun um þau í nefnd samhliða þannig, svo að við tölum hreint út, að öðru sé ekki gert hærra undir höfði en hinu og málin verði send samhliða til umsagna og tekin fyrir á fundum nefndarinnar samhliða. Ég held að þrátt fyrir að vissulega séu ákveðin atriði í báðum frumvörpunum sem skoðanir kunna að vera skiptar um þá séu þau grundvöllur að því að við getum komið á hérna löggjöf innan ekki svo langs tíma sem segir fyrir um það hvernig með skuli fara ef ákveðið er að hafa þjóðaratkvæðagreiðslur hvort sem er af tilefni stjórnarskrárinnar, sem við getum sagt að séu fremur litlar líkur á, eða á grundvelli vilja Alþingis sem eru auðvitað miklu meiri líkur á.

Ég vil nota síðustu andartökin sem ég hef hér til ráðstöfunar í ræðu minni til þess að nefna nokkur atriði sem ég tel að kalli á umhugsun. Ég ætla ekki að fara í rökræður um það á þessu stigi máls. En ég ætla að segja að það er umhugsunarefni hvort við eigum að binda í lög með þessum hætti það sem kemur fram í 1. gr. að einn þriðji hluti þingmanna geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram. Ég vil alls ekki útiloka þennan möguleika. Það er rétt eins og kemur fram í greinargerð að í Danmörku er það svo að einn þriðji hluti þingmanna getur krafist þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lög sem hafa verið samþykkt frá þinginu. Ég held að það sé ekki í öðrum tilvikum. Ég held að það sé bara þegar um er að ræða lög sem hafa verið samþykkt. En þessi hugmynd um minnihlutaverndina, ef við getum orðað það svo, er alls ekki fráleit og það þarf að velta því fyrir sér hvernig hún kemur í framkvæmd. Það má hugsa sér að einn þriðji hluti þingmanna geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram. Auðvitað gæti meiri hluti Alþingis, sem væri andvígur því að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram, breytt lögum þannig að það yrði ekki af þessu. En það er vissulega verið að gera slíka gerræðislega ákvörðun meiri hlutans erfiðari ef við festum þetta í lagaákvæði.

Sama á við um það hlutfall kosningabærra manna sem getur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ljóst að skoðanir geta verið skiptar um hlutfallstöluna í því sambandi. Við áttum svolitlar umræður um það hér í vor og þótti ýmsum að 15% sem voru lögð til í stjórnarskrárfrumvarpi ríkisstjórnarinnar þáverandi væri of lágt hlutfall og það þyrfti að hækka það. Þetta er umhugsunarefni. Það er ljóst að 10% kosningabærra manna er verulegur fjöldi. En það er alltaf spurning um það nákvæmlega hversu hár þröskuldurinn eigi að vera.

Það er líka umhugsunarefni í því sambandi mál sem var rætt töluvert á sínum tíma, þ.e. hvernig ætti að staðfesta undirskrift, hvort það ætti að gerast með vottum eða láta menn undirrita í viðurvist einhvers opinbers aðila eða eitthvað þess háttar. Það er svona atriði til umhugsunar. (Forseti hringir.) Eins bara til að ljúka máli mínu vildi ég segja að það er umhugsunarefni (Forseti hringir.) hvort það eigi að búa til þessa Lýðræðisstofu sem gegnir mjög miklu hlutverki í (Forseti hringir.) frumvarpi Borgarahreyfingarinnar. Það er (Forseti hringir.) spurning hvort það fyrirkomulag sé (Forseti hringir.) hentugast, hvort nauðsynlegt sé að hafa þann formramma utan um málið. (Forseti hringir.) En þar sem þolinmæði forseta er að bresta þá lýk ég hér máli mínu en (Forseti hringir.) fagna að lokum því að við fáum tækifæri til þess að ræða þessi mál hér (Forseti hringir.) á yfirvegaðan og málefnalegan hátt.

[19:52]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Ég bið þingmenn að virða ræðutíma.

[19:52]

Flm. (Birgitta Jónsdóttir) (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hans sýn á þetta. Það er ánægjulegt að vita til þess að það er almennur vilji, a.m.k. af því sem maður hefur heyrt, fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðslur verði væntanlega hluti af stjórnarskrá

okkar. Mig langaði aðeins til að benda á að ákvæðið um einn þriðja hluta þingmanna eins og er í Danmörku hefur aðeins verið notað einu sinni. Þetta er mjög gott aðhald fyrir meiri hlutann til að taka ekki upp stór mál sem kljúfa þjóðina í herðar niður eins og við höfum fengið að upplifa trekk í trekk á Íslandi og núna t.d. þegar við þurfum síst á því að halda.

Ástæðan fyrir því að við erum spennt fyrir Lýðræðisstofu er einfaldlega sú að það er ekki til nein stofnun í dag sem getur unnið úr upplýsingum á óhlutdrægan hátt. Við teljum líka að það sé alger forsenda að svona þjóðaratkvæðagreiðslur séu þess eðlis að ekki sé verið að reyna að beina þjóðinni eða þvinga hana inn í einhvern ákveðinn farveg eins og margir upplifa í dag.

Ég vona enn og aftur að þetta mál fái góða umfjöllun og finnst þetta mjög góð hugmynd hjá hv. þingmanni að sameina þessi tvö frumvörp í nefnd og vona að það takist eins vel og í utanríkismálanefnd með ESB.

[19:54]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með það að við eigum góðar umræður um þetta. Ég sakna þess auðvitað að sjá ekki fleiri taka þátt í þessari umræðu og að fleiri þingmenn sýni þessu máli áhuga þegar við ræðum það hér, af því að ég er þeirrar skoðunar að þetta sé eitt af þeim grundvallarmálum sem við þurfum að fjalla um á sumarþinginu. Ég sakna þess auðvitað að sjá ekki, svo ég leyfi mér að fara í flokkspólitískar skotgrafir, fulltrúa ýmissa flokka sem hafa haft mjög hátt um þjóðaratkvæðagreiðslur og lýðræði á undanförnum árum taka þátt í þessari umræðu með neinum hætti. Ég sakna þess.

Hins vegar er það auðvitað þannig að þjóðaratkvæðagreiðslur geta gegnt mjög mikilvægu hlutverki. Þær eiga við að mínu mati í stórum málum. Ég náði ekki að nefna það í ræðu minni áðan en það þarf að hugsa með hvaða hætti komið verði í veg fyrir að þjóðaratkvæðagreiðsluformið sé misnotað vegna þess að sú hætta er auðvitað fyrir hendi að stjórnkerfið sé lamað með tíðum þjóðaratkvæðagreiðslum. Við höfum konkret dæmi um það t.d. frá Kaliforníuríki í Bandaríkjunum að á undanförnum árum hefur verið tiltölulega auðvelt að fá þar fram þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðaratkvæðagreiðslur hafa í rauninni gert stjórn ríkisins mjög erfiða. Auðvitað er lýðræði grundvallaratriði og háleitt markmið en við þurfum hins vegar alltaf að finna farveg fyrir lýðræðið þannig að það sé framkvæmanlegt. Í flestum Evrópulöndum er fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslna (Forseti hringir.) með þeim hætti að þær fara aðeins fram um hin stærstu mál. Að Sviss undanskildu og raunar Ítalíu er fyrst og fremst verið að kjósa um stórmál sem varða (Forseti hringir.) þjóðarhag en miklar takmarkanir á öðrum atkvæðagreiðslum.

[19:57]

Flm. (Birgitta Jónsdóttir) (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er hjartanlega sammála því að við þurfum að vanda vinnubrögðin og gefa okur þann tíma sem við þurfum fyrir þetta frumvarp. Mér finnst reyndar að við ættum að senda beint út á netið alla þessa nefndarfundi og bjóða almenningi að taka virkan þátt í þessu. Ég held jafnframt þar sem ég þekki Íslendinga og hafandi reynt mikið að fá fólk til að skrifa undir ýmislegt er varðar þjóðarhag að við þurfum ekki að hafa miklar áhyggjur af því að þjóðaratkvæðagreiðslu verði misbeitt. Það þyrfti þá mjög einbeittan brotavilja og ég sé þar einhvern veginn ekki stórt hlutfall þjóðarinnar og 10% er stórt hlutfall fyrir undirskriftir. Það er mjög erfitt að fá svo stóran hluta þjóðarinnar til að hafa fyrir því að skrifa undir. Það þyrfti þá að vera verulega stórt mál. Ég ætla að hv. þingmaður þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því að það verði misnotað.

[19:58]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Birgittu Jónsdóttur að það þurfi ekki að hafa verulegar áhyggjur af þessu. Ég vildi bara nefna þetta við umræðuna vegna þess að það eru dæmi um það frá öðrum löndum að mjög tíðar þjóðaratkvæðagreiðslur hafa haft þau áhrif að stjórn mála hefur farið nokkuð úr skorðum og ég nefndi Kaliforníuríki í Bandaríkjunum. Það má hugsanlega nefna fleiri dæmi frá Bandaríkjunum sem vekja spurningar um hvort takmarka eigi með einhverjum hætti hvaða mál er hægt að bera undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eru dæmi um það frá Bandaríkjunum t.d. að framkvæmdar hafi verið almennar atkvæðagreiðslur um mál sem flestir mundu ætla að væru mannréttindamál eins og um hjónaband samkynhneigðra og þess háttar og það hefur verið bannað eða fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu að samkynhneigðir geti gengið í hjúskap. Mér finnst vera ákveðin dæmi þarna sem þarf að vara sig á hvernig svo sem við formum það nákvæmlega.

Hitt dæmið sem ég nefndi var Ítalía þar sem er tiltölulega auðvelt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu miðað við stjórnskipun landsins og stjórn mála á Ítalíu hefur verið nánast alveg frá stríðslokum í miklu uppnámi og á síðustu árum og áratugum hafa þjóðaratkvæðagreiðslur síst hjálpað upp á að koma einhverjum böndum á þá stjórn. Við þurfum alltaf að móta reglur lýðræðisins þannig að þær séu framkvæmanlegar um leið og við gætum auðvitað að grundvallarprinsippinu.

[20:00]

Valgeir Skagfjörð (Bhr):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir heillaóskir okkur til handa varðandi þetta frumvarp. Borgarahreyfingin var m.a. stofnuð til að koma á breytingum á stjórnskipulagi íslenska lýðveldisins. Við vildum færa valdið til fólksins og gefa því möguleika á að hafa áhrif á mikilvæg mál með því að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslur um þau.

Tilgangurinn með frumvarpinu er m.a. sá að skapa virkara lýðræði og auka aðhald gagnvart framkvæmdar- og löggjafarvaldinu, það hefur árum saman verið krafa almennings. Okkur þykir afar brýnt að t.d. þingrofsvald sé ekki einungis á einni hendi, í höndum forsætisráðherra, svo að dæmi sé tekið. Lýðræðisumbætur eru líka fyrirferðarmikill hluti stefnuskrár Borgarahreyfingarinnar og í þeim pakka er m.a. að finna atriði eins og persónukjör í alþingiskosningum, stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslur og margt fleira.

Það er afar brýnt, frú forseti, að til að skapa almenna sátt í samfélaginu verði þjóðinni sýnt, svo ekki verði um villst, að hið háa Alþingi hyggist beita sér í alvörunni fyrir raunverulegum breytingum í þágu almennings. Það er mín skoðun að allt of lengi hafi formfastir stjórnmálaflokkar lokast inni í eigin sjálfhverfa kerfi og oft og tíðum látið hagsmuni flokksins ganga fyrir í kapphlaupi um völdin. Það þarf að rjúfa ákveðinn vítahring ákveðinnar flokkshugsunar og fara að leita nýrra lausna, opna skilningarvitin fyrir nýjum hugmyndum og nýjum leiðum jafnvel þó að maður hafi ekki átt hugmyndina sjálfur.

Virk þátttaka borgaranna í stjórnmálum er ekki nema af hinu góða og með því að gefa fólki tækifæri til að kjósa um einstaka mál finnur fólk, svo ekki verður um villst, að því er treyst og þegar send eru slík skilaboð mun það hafa þau áhrif að fólk fer að treysta stjórnmálamönnum aftur. Eins og staðan er núna njóta stjórnmálamenn ekki mikils trausts meðal almennings. Það þarf kjark til að fara út fyrir þægindahringinn, það þarf kjark til róttækra breytinga og það eina sem maðurinn getur verið nokkurn veginn viss um er að heimurinn tekur sífelldum breytingum frá degi til dags, klukkustund til klukkustundar. Á þeim krossgötum sem þjóðin stendur núna er eiginlega ekki annað hægt en gera breytingar. Þær eru bráðnauðsynlegar. Þær þarf að gera eins hratt og hægt er. Ég geri mér grein fyrir því að það þarf að vanda til þess sem lengi á að standa.

Það á að vera sjálfsagður réttur almennings að fá að hafa áhrif á þau mál sem á honum brenna og varða lífsafkomu og öryggi. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru bara eitt lítið hænuskref í átt að breytingum. Við þurfum að fara í 7 mílna stígvélin, stíga miklu stærri skref, og breytingarnar þurfa að verða miklu meiri og víðtækari í nánustu framtíð.

Frú forseti. Nú er tækifærið til að vinna traust almennings á ný með því að þora að breyta. Flokkarnir tveir sem nú sitja í ríkisstjórn lofuðu því fyrir kosningar að innleiða persónukjör, þeir lofuðu lýðræðisumbótum, þeir lofuðu heiðarlegum stjórnmálum og gagnsærri stjórnsýslu. Það var engu líkara en þeir hefðu tekið gervalla stefnuskrá Borgarahreyfingarinnar upp á sína arma. Gott og vel, nú er tækifæri til að standa við stóru orðin.

[20:04]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu sem Borgarahreyfingin flytur og ég óska henni til hamingju með það. Þetta er afskaplega mikilvægt mál og ég hef lengi haft áhuga á því. Í 2. gr. stjórnarskrár Íslands stendur, með leyfi frú forseta: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvald.“ Það er sem sagt enginn annar en forseti og Alþingi sem setja lög. Þjóðin getur ekki sett lög. Það er þess vegna sem ég lagði svo mikla áherslu á það í vor að menn mundu samþykkja breytingar á 79. gr., sem fjallar um breytingar á stjórnarskránni, en því miður misstu menn af því tækifæri — þar sem það var ekki gert í vor eru reglurnar þannig að um leið og búið er að samþykkja breytingu á stjórnarskrá þarf að rjúfa þing og efna til kosninga. Það þýðir að breytingar á stjórnarskrá eru alltaf gerðar í lok kjörtímabils þannig að við þurfum að bíða í fjögur ár eftir því nema menn ætli sér að rjúfa þing áður.

Ef breyting á stjórnarskrá hefði verið samþykkt fyrir kosningar í vor hefðum við t.d. getað samþykkt núna þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingu á stjórnarskránni. Það hefði ég viljað og sá að menn voru að missa af þessu. Sú þjóðaratkvæðagreiðsla yrði annars eðlis en við erum að tala um hér því að hér vantar alveg ákvæði um það hversu margir skuli samþykkja tillöguna sem er til umræðu. Ef menn ætla að breyta stjórnarskrá þarf að fara fram kosning hjá öllum landsmönnum og hver maður þarf að hafa eitt atkvæði, þ.e. allir hafa jafnan rétt, en a.m.k. 40% skulu samþykkja, ég tel það algert lágmark — helst 50% skulu samþykkja breytingu á stjórnarskrá. Breytingar á stjórnarskrá á að gera mjög hægt, af íhaldssemi og mjög sjaldan af því að þetta eru grundvallarlög þjóðfélagsins. En því miður misstum við af þessu tækifæri og nú verðum við bíða eftir nýjum kosningum áður en við getum farið að huga að því að koma með breytingar á stjórnarskránni og áður en við förum að geta komið með frumvörp sem breyta lögum út af 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Það er ýmislegt sem ber að varast við þjóðaratkvæðagreiðslur og það eru ýmsir kostir sem hún hefur. Það sem ber að varast er að hún verði misnotuð. Einhver lítill hópur manna keyrir í gegn eitthvert áhugamál sitt, hvort sem það eru laxveiðimenn, hrossaræktendur eða hvernig það nú er. Þeir hafa ógurlegan áhuga á einhverju máli en aðrir hafa engan áhuga. Segjum að 11% þjóðarinnar séu í slíkum hóp og hann knýr fram þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Svo eru einhver lög samin og efnt til kosninga og 20% þjóðarinnar taka þátt í henni, það hefur enginn áhuga á þessu. Þessi 11% greiða atkvæði með málinu og þá eru þessi 11% farin að ráða fyrir þjóðina. Þetta ber að varast. Það þarf að setja einhvern þröskuld, ég mundi segja með lagasetningu. Við stjórnlagabreytingu þarf þröskuldurinn að vera svona 40–50%. Við breytingu á lögum þyrftu það að vera 25–30%, að 25–30% af kosningabærum mönnum segi já við ákveðnu lagafrumvarpi.

Það er fleira sem þarf að skoða í þessu sambandi. Ég mundi t.d. vilja skoða rafrænar kosningar. Ég sé það fyrir mér að það geti orðið mjög spennandi, sérstaklega þegar menn verða komnir með kerfi sem er orðið skothelt. Það er reyndar dálítið langt því frá að menn treysti því almennt en þá gætu menn haft kosningar miklu ódýrari en verið hefur hingað til og þær gætu líka verið oftar. En það þarf líka að gæta að því að ekki má þreyta fólk með allt of mörgum kosningum. Ef það yrðu kosningar einu sinni í viku held ég að mönnum færi að leiðast það.

Annað atriði vil ég benda á. Einu sinni var rætt um fjölmiðlafrumvarp. Þeir sem voru á móti því, stjórnarandstaðan, sagði eftir þrjá mánuði: „Við höfum ekki fengið nægan tíma til að kynna okkur málið. Við þurfum meiri tíma til að kynna okkur málið.“ Samt hafði hún fengið sérfræðinga og allt það sem hægt var. Hvernig á aumingja þjóðin að greiða atkvæði um mál af því tagi, þjóðin hefur ekki marga mánuði til að kynna sér málið og ekki aðgang að öllum þeim sérfræðingum sem til þekkja. Það er nefnilega þannig að ef málin eru mjög flókin og erfið úrlausnar þá getur það orðið erfitt að mynda sér skoðun þannig að skotheld sé. Menn geta náttúrlega myndað sér einhverja flýtiskoðun en það getur verið að hún sé á röngum grunni byggð. Það er því

dálítill vandi hvaða mál yrðu borin undir þjóðina og að hún hafi tíma til að mynda sér skoðun. En ég vantreysti þjóðinni engan veginn til að mynda sér skoðun í málum almennt séð og mundi vilja að þjóðaratkvæðagreiðslur yrðu annað slagið, ekki allt of oft en samt ekki allt of sjaldan og um þau mál sem skipta máli.

Þetta er það sem ég vildi segja um þetta. Ég sakna þess hve fáir þingmenn taka þátt í umræðunni og ég sakna þess sérstaklega að ekki tókst að breyta 79. gr. í vor og þykir það mjög leitt.

[20:11]

Flm. (Birgitta Jónsdóttir) (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta eru ljómandi fínar tillögur hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Ef slegnir eru svona varnaglar með 40–50%, ef það eru 10% sem þurfa að kalla eftir atkvæðagreiðslu, væri nokkuð skothelt að laxveiðimenn færu ekki að misnota tækifærið til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslur. Varðandi rafrænar kosningar — nú hefur maður í þó nokkurn tíma getað talið tekjur sínar fram á netinu í gegnum vef skattstjóra þannig að ég hef enga trú á öðru en að rafrænt kosningaform ætti að vera möguleiki miðað við alla þá tæknikunnáttu sem við Íslendingar höfum. Við erum mjög framarlega á því sviði. Ég held að engin þjóð telji fram í jafnháu hlutfalli á netinu og Íslendingar þannig að við getum montað okkur af því.

Ástæðan fyrir því að við lögðum Lýðræðisstofu til var einmitt til að hægt væri að matreiða flókin mál til almennings á einfaldan hátt. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að þeim mun fleiri sérfræðinga sem ég hlusta á, t.d. varðandi ESB, því flóknara verður málið. Það er kannski betra að hafa færri sérfræðinga og fleiri almennar manneskjur að fara í gegnum þessi ógurlega flóknu mál. Það er ekkert mál svo flókið að ekki megi setja það fram á þann veg að fólk skilji það mjög vel.

[20:13]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hygg að sum mál séu þess eðlis að það geti verið erfitt að útskýra þau fyrir almenningi. Ég minni á afleiður í bankarekstri o.s.frv. (**BirgJ:** Fólk kýs ekki um það.) Nei, fólk kýs ekki um það en það gæti reynst erfitt að láta fólk kjósa um það hvort ætti að leyfa afleiður í bankaviðskiptum eða ekki. Sum mál eru því eðli sínu samkvæmt nokkuð flókin en flest mál eru náttúrlega einföld og auðskiljanleg og þau á að sjálfsögðu, ef talin er ástæða til, að greiða atkvæði um.

Ég er alveg sammála því að tiltölulega fáir geti beðið um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það þarf reyndar að vera þannig að það sé ekki alla daga en ég hygg að 10–15% gætu verið ágætismörk. Reyndar eru Facebook og önnur fyrirbæri á netinu þess eðlis að tiltölulega auðvelt er að safna saman hópi manna en að senda þá alla í þessa Lýðræðisstofu til að láta staðfesta undirskriftina getur orðið þrautin þyngri þannig að ég hugsa að 10–15% séu ágætismörk á því.

Það sem ég er að tala um er niðurstaðan, þegar þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram, að þá skuli ákveðinn hluti kjósenda samþykkja viðkomandi mál þannig að það gildi. Ég hugsa að með lagafrumvarp, eins og ég gat um, sé hæfilegt að miða við 20–30% og við stjórnarskrárbreytingar 40–50% og með einhver einfaldari mál mætti kannski vera 25%. En það þarf að huga að því og það er ekki orð um það í frumvarpinu og heldur ekki um hvort þetta eigi að vera bindandi, en eins og ég gat um áðan þá getur það ekki verið bindandi út af stjórnarskránni.

[20:15]

Flm. (Birgitta Jónsdóttir) (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ástæðan fyrir því að það stendur hvergi í þessu frumvarpi að þetta sé ráðgefandi er að stefnan er að sjálfsögðu sú að þetta verði bindandi um leið og búið er að rjúfa þing og hægt að koma þessu vonandi inn í stjórnarskrá landsins.

Ég veit ekki hvort hv. þingmaður var hér inni þegar við ræddum um að það væri bara mjög ánægjulegt og gagnlegt að sem flestir kæmu að þessu máli og kæmu með tillögur að úrbótum, við fögnum öllum tillögum í því. Ég segi eins og fleiri sem hafa talað hér að ég sakna þess að sjá ekki þingmenn ræða hér um þetta mál sem margir hafa sagt að sé mikilvægt. Það hefur enginn hvorki úr Framsókn né Samfylkingunni fjallað um það og sakna ég þess.

[20:16]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Pétri Blöndal að ég held að æskilegt sé að skoða það að setja inn einhvers konar lágmark þannig að laxveiðimenn geti ekki níðst á okkur hinum og enn síður hrossaræktendur.

Birgitta var búin að svara þessu svolítið með Lýðræðisstofuna. Hún er náttúrlega að hugsa til þess að einfalda upplýsingagjöfina og veita upplýsingar á sem hlutlausastan hátt.

Hvað varðar rafrænar kosningar er áhugaverð tilraun í gangi í Reykjanesbæ. Þar er íbúavefur sem heitir mittreykjanes.is. Allir íbúar í Reykjanesbæ fá aðgang að þessum vef og þarna er virkt íbúalýðræði. Ég held að það væri vert fyrir allsherjarnefnd að skoða hvernig þetta fer fram þar. Þetta er líka þjónustuvefur þannig að það er ekki allt þarna sem nýtist við þjóðaratkvæðagreiðslur en þarna geta íbúar t.d. komið á framfæri tillögum til bæjarins. Þetta er virkilega áhugaverð tilraun, ég held að hún hafi bara heppnast vel og þetta sé raunverulegt og virkt íbúalýðræði því að fólkið í landinu og í bæjarfélögunum vill taka þátt í myndun þjóðfélagsins og sköpun þess.

[20:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Tryggvadóttur fyrir andsvarið, það var nú varla andsvar, þetta var eiginlega meðsvar þannig að ég á dálítið erfitt með að svara því.

En kannski varðandi rafrænar kosningar, vandamálið er það að ef við ætlum að hafa leynilegar kosningar þá þekkja fæstir hinar leyndu leiðir rafrásanna. Það eru ótrúlegir möguleikar á því að fara inn í slík kerfi og þeir sem hanna slík kerfi hafa iðulega aðgang að því langt umfram það sem fólk heldur. Menn átta sig kannski ekki alltaf á því að allur netpóstur liggur meira og minna opinn fyrir fagfólki. Menn verða bara að treysta því að fólk sé ekki að brjóta þann

trúnað sem því er veittur.

Ef við ætlum að hafa leynilegar kosningar þá er það alls ekkert einfalt. Reyndar sá ég í Kasakstan dálítið skemmtilegt kerfi þegar ég var þar við kosningaeftirlit, mjög skemmtilegt og einfalt kerfi. Þá kusu menn rafrænt, fengu fjögurra stafa tölu og gátu borið saman um kvöldið hvort sú fjögurra stafa tala væri hjá þeim flokki sem þeir höfðu ætlað að kjósa. Það voru ekki nema örfáir sem tékkuðu á þessu en það var nóg að einhverjir gerðu það. Það bar ekkert á því endilega hvaða flokk þeir voru að skoða, þetta var svona tékk á því hvort atkvæðið hefði farið á réttan flokk. Þetta var í sjálfu sér mjög einfalt kerfi og kubburinn eða það sem menn fóru með inn í kjörklefann gat bara geymt þann flokk sem kjósandinn kaus og umrædda fjögurra stafa tölu, það var ekkert annað hægt að geyma á honum og hægt var að kanna það út í hörgul af því að þetta var svo einfalt kerfi. Vandinn er sá að menn treysta ekki slíku kerfi vegna þess að þeir sem hanna kerfið geta líka farið í gegnum það og kannað allt hvernig menn hafa kosið.

[20:20]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Fyrst vildi ég nefna atriði sem var til umræðu síðast þó að það sé í sjálfu sér utan við efni þessa frumvarps strangt til tekið. Það varðar rafrænar kosningar. Ég verð að segja að sú tilraun í Kasakstan sem hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsti er auðvitað áhugaverð en það eru ákveðnir ókostir við rafrænar kosningar sem hafa gert það að verkum að ég hef haft ákveðna fyrirvara varðandi það fyrirkomulag. Það er bæði þetta sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi, að þeir sem hanna kerfin hafa auðvitað ákveðið forskot á hinn almenna borgara vegna þess að þeir þekkja þau betur og geta þar með hugsanlega leitað eftir upplýsingum um það hvað hver kýs og þess háttar.

Eins vildi ég nefna að almennt séð, miðað við flest form rafrænna kosninga sem ég hef heyrt um, er auðvitað ákveðin hætta á að um einhvers konar svindl verði að ræða sem hinn almenni borgari getur ekki áttað sig á. Kosturinn við að hafa kosningarnar með þeim hætti sem við þekkjum, að menn merki á atkvæðaseðil o.s.frv., er sá að nánast hver sem er getur tekið þátt í að tékka það af eða ganga úr skugga um að talningin sé rétt. Í rafrænu kosningaformi er alltaf sú hætta fyrir hendi að almenningur verði að treysta á sérfræðinga, tiltölulega fáa sérfræðinga. Mér finnst það ákveðið lýðræðisatriði að almenningur eða fulltrúar almennings, fulltrúar flokka eða einstaklingar sem taka þátt í kjörstjórnarvinnu geti gengið úr skugga um að allt sé rétt talið og allt hafi farið rétt fram eins og kostur er, en því flóknari tæknibúnaður og tæknileiðir sem búa að baki þeim mun erfiðara er fyrir almenning að ganga úr skugga um að allt sé með réttum hætti og þar með eykst í rauninni vald sérfræðinganna sem er í mínum huga ákveðið atriði sem þarf að varast.

Þetta er eins og ég segi til hliðar við umræðuefnið strangt til tekið. Það verður áhugavert að sjá hvernig mönnum gengur að fylgja þessu eftir í Kasakstan og satt að segja virðast menn — miðað við lýsingar hv. þm. Péturs H. Blöndals sem hann hefur farið yfir í samtölum sem við höfum átt, ítarlegri lýsing á því fyrirkomulagi sem hann vék hér að — hafa verið býsna hugkvæmir þar, sýnt mikla hugkvæmni við að útfæra þetta þannig að það hafi verið búnir til ákveðnir póstar þar sem hægt var að skoða hlutina og tékka þá af.

Varðandi þetta mál og mál ríkisstjórnarinnar um þjóðaratkvæðagreiðslur almennt vildi ég segja að auðvitað þurfum við að koma þessari löggjöf í gagnið, við þurfum að koma henni í gegn, við þurfum hins vegar að vanda undirbúninginn og vanda valið. Ég vildi koma þeirri áskorun á framfæri við hv. þingmenn, við þingheim, að menn flýti sér ekki um of við þetta verkefni vegna einhvers þrýstings út af hugsanlegri kosningu um Evrópusambandið, því að ég minni á að það er ekkert í spilunum um það á þessari stundu hvort efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandið í náinni framtíð eða ekki.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 20:24.

---

25. FUNDUR

föstudaginn 26. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Störf þingsins.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 10. þm. Reykv. s.
Birkir Jón Jónsson, 2. þm. Norðaust.
Björn Valur Gíslason, 8. þm. Norðaust.
Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
Gunnar Bragi Sveinsson, 4. þm. Norðvest.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 2. þm. Reykv. n.
Katrín Júlíusdóttir iðnrh., 4. þm. Suðvest.
Lilja Mósesdóttir, 6. þm. Reykv. s.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 11. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá bæjarráði Akureyrar.

[13:33]

Útbýting:

Náms- og starfsráðgjafar, 83. mál, nál. menntmn., þskj. 170.

Störf þingsins.

Stöðugleikasáttmáli – Icesave – heilsutengd ferðaþjónusta – raforkuverð til garðyrkjubænda.

[13:33]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill tilkynna að þar sem fjórir hv. þingmenn hafa beðið um orðið undir dagskrárliðnum Störf þingsins mun forseti haga umræðunni þannig að hann gefur hv. þingmanni orðið og síðan þeim sem hann vill eiga orðastað við og svo koll af kolli.

[13:34]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Sá stóri áfangi í ríkisfjármálum náðist í gær að skrifað var undir stöðugleikasáttmála á milli íslenska ríkisins og aðila vinnumarkaðarins þar sem samkomulag er um kjarasamninga til næstu tveggja ára eða til loka næsta árs. Þar eru samningar um að auka atvinnu eða með hvaða móti er hægt að reyna að hjálpa atvinnulífinu til að komast áfram, um endurreisn bankanna, gengismálin og vaxtamálin, þ.e. með hvaða hætti hægt er að sjá fyrir endann á þessu. Við þetta borð voru einnig sveitarfélögin en það hefur auðvitað legið fyrir um nokkurn tíma þegar menn voru að skoða hin opinberu fjármál að það er ekki bara ríkið sem skiptir máli heldur ekki síður aðrir opinberir aðilar sem eru sveitarfélögin í landinu. Við undirbúning að þessu var unnið mikið starf í Karphúsinu þar sem allir þessir aðilar höfðu verið við borðið og skoðað bæði tillögur ríkisstjórnarinnar sem birtast í bandorminum og skýrslu sem mun fylgja með og kemur í framhaldinu um ríkisfjármálin árin 2009–2013.

Það er auðvitað ómetanlegt ef hægt er að ná breiðri þjóðarsátt um þessi mál. Þarna hafa aðilar vinnumarkaðarins sýnt mikið og gott frumkvæði í góðu samstarfi við forustumenn ríkisstjórnarinnar við að reyna að ná utan um þetta verkefni sem er gríðarlega stórt sameiginlega og í heild. Þess vegna er það áleitin spurning hvort okkur takist ekki á Alþingi Íslendinga að ná einnig sameiginlegum lendingum og samstarfi og fylkjum okkur á bak við þann sáttmála sem þarna var undirritaður. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hv. þm. Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, hvort ekki megi treysta því að Sjálfstæðisflokkurinn komi með í þetta samstarf og styðji stöðugleikasáttmálann og vinni að málefnum í framhaldi af því.

[13:36]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmanni að sannarlega hefur náðst mikilvægur áfangi núna. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér þykja aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt ekki bara mikla ábyrgð við þessar erfiðu aðstæður sem eru uppi núna heldur kannski ekki síður sýnt ríkisstjórninni alveg ótrúlega mikið langlundargeð vegna þess að öll stóru málin sem þrýst hefur verið á í vikur og mánuði að ætti að vera lokið á þessum tímapunkti eru enn þá óuppgerð.

Við skulum t.d. taka vextina. Er það ekki svo að aðilar vinnumarkaðarins hafa allt þetta ár kallað eftir því að ríkisstjórnin gripi til aðgerða sem sköpuðu svigrúm fyrir vexti til að lækka niður fyrir 10%? En hver eru skilaboðin frá ríkisstjórninni og um hvað snýst stöðugleikinn? Hann snýst kannski um þetta: Skattar halda áfram að hækka og krónan helst veik. Er það stöðugleikinn sem verið er að tryggja með þessum samningi? Maður spyr sig að því.

Það kemur fram í sáttmálanum að menn hafi lagt upp með það að krónan ætti að hafa nálgast jafnvægisgengi sitt í lok ársins 2010 og að vaxtamunur við evrusvæðið yrði ekki nema 4%. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég hef enga trú á þessari ríkisstjórn til að ná þeim markmiðum. Ég hef enga trú á því að stöðugleikanum verði náð á þeim tíma og mér sýnist að hæstv. forsætisráðherra hafi ekki heldur neina trú á því. Vegna þess að þetta eru skilaboðin sem koma frá hæstv. forsætisráðherra, krónan verður áfram veik. Og ef ríkisstjórnin heldur áfram eins og hún hefur gert hingað til, þ.e. að draga lappirnar í því að ná niður hallanum á ríkissjóði, og ef henni dettur ekkert annað í hug en að hækka skatta, ekkert annað til að auka tekjur ríkisins en að hækka skatta, verður sáttmálinn um þann stöðugleika afskaplega skammvinnur.

[13:38]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Það samkomulag sem hefur verið kynnt og kennt við Icesave-reikningana svokölluðu er þess eðlis að eftir því sem maður skoðar það betur því verr líst manni á það. Nú síðast hafa verið umræður um þá staðreynd að svo virðist vera sem vaxtagreiðslur muni allar falla óskipt á íslenska ríkið og mun það valda þjóðarbúinu miklum búsifjum og erfiðleikum að standa í skilum við slíkt. Það vekur athygli að í dag birtist í *Morgunblaðinu* og er sagt frá bréfi sem Frida Fallan, sérfræðingur í sænska seðlabankanum, sendi aðstoðarseðlabankastjóra sínum, Lars Nyberg, í byrjun desember 2008. Í því bréfi kemur fram, með leyfi forseta:

„Ísland hefur komið verr út úr kreppunni en nokkuð annað Evrópuland, og er fyrir vikið þjakað af hrikalegri skuldabyrði. Því ættu sérstaklega gistiríki íslensku bankanna, og ESB-leiðtogar almennt, að viðurkenna að vandamál Íslands er ekki einungis tilkomið vegna óábyrgra lánveitinga og ófullnægjandi viðbragða íslenskra stjórnvalda, heldur að miklu leyti líka vegna úrelts eftirlitskerfis ESB.“

Þetta skiptir miklu máli, akkúrat þetta sjónarmið. Það er mat margra að það sé óásættanlegt að Ísland beri eitt ábyrgðina á Icesave-reikningunum og það sé eðlilegt, rétt eins og kemur fram hjá þessum sérfræðingi hjá sænska seðlabankanum, að gistiríkin og ríki ESB almennt komi til móts við Ísland. Þess vegna tel ég ástæðu til þess að spyrja hv. þm. Helga Hjörvar hvort hann geti tekið undir með mér og verið sammála mér um að þessi skoðun sænska bankasérfræðingsins eigi rétt á sér og að það sé ástæða fyrir okkur til að sækja fastar á með að þetta sjónarmið njóti skilnings gistiríkjanna og ríkja ESB almennt.

[13:41]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að það verður auðvitað mikið umhugsunarefni og umfjöllunarefni í þinginu á næstu vikum, Icesave-

samningarnir og þær miklu skuldbindingar sem í þeim felast. Ég held út af fyrir sig að þau sjónarmið sem fram koma hjá þessum sænska sérfræðingi þurfi ekki að koma á óvart. Það eru út af fyrir sig sjónarmið sem hafa heyrst hér og jafnframt var lýst áhyggjum í skýrslugerð á vegum Evrópuþjóðanna af þessu fyrirkomulagi og ágöllum þess og þetta eru auðvitað þau sjónarmið sem Ísland hefur haldið á lofti í samningaviðræðunum. Sjónarmiðið er þó auðvitað fyrst og fremst það að hér má ekki ganga svo langt í að leggja skuldir á komandi kynslóðir á Íslandi og Ísland að landið standi ekki undir því. Þess vegna eru það auðvitað endurskoðunarákvæði samninganna við Holland og Bretland sem hér þarf að rýna alveg sérstaklega í í þinginu og þær tilvísanir í takmörkun á greiðsluþoli Íslands sem sömuleiðis er þar að finna vegna þess að þar hljótum við að binda vonir við að Ísland hafi þau tæki til að takmarka ábyrgð sína. Ef allt fer á versta veg og minna verður úr eignunum en ætla mætti og hagvöxtur hér og efling atvinnulífs, ef svo illa fer að það takist ekki eins og við öll óskum og vonum, þá sé í þeim ákvæðum það hald að hér verði ekki að þessu sjö ára tímabili liðnu lagðar svo miklar greiðslur á þjóðarbúið að það standi ekki undir því. En það er auðvitað eitthvað sem við með málefnalegum hætti, þingmenn úr öllum flokkum, þurfum að kynna okkur vel og rannsaka vel þegar málið verður flutt í þinginu. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að halda þessari umræðu lifandi þangað til.

[13:43]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum að undanförnu hefur hópur frumkvöðla unnið að því á undanförnum mánuðum að skapa atvinnutækifæri á Suðurnesjum með því að byggja upp heilsutengda atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu. Það má eiginlega segja að málið snúist um það að þessir aðilar vilja sækja um að fá að nýta hluta af skurðstofum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hluta af þeim tíma sem þær standa ónotaðar. Kostirnir fyrir svæðið eru, fyrir utan þau 300 störf sem ætla má að skapist í kringum þetta á næstu þremur árum, að stöðugleiki starfsfólks á heilbrigðisstofnuninni er aukinn, fæðingarhjálp fyrir fæðandi konur á Suðurnesjum. Þetta gæti aukið öryggi þeirra, en hæstv. heilbrigðisráðherra hefur dregið lappirnar í þessu máli.

Í *Morgunblaðinu* í morgun er haft eftir Árna Sigfússyni, bæjarstjóra í Reykjanesbæ, að á fundi með ráðherra hafi ráðherra sagt að svars við umsókn félagsins, Heilsufélags Suðurnesja, sé að vænta 15. ágúst næstkomandi. Eins og allir vita þegar um svona mál er að ræða er öll óvissa slæm og hæstv. ráðherra hefði alveg eins getað sagt nei við beiðninni eins og að draga ákvörðunina fram til 15. ágúst vegna þess að þessir aðilar munu þá að sjálfsögðu leita annað, t.d. til Reykjavíkur þar sem aðstaðan er fyrir hendi. Því vil ég spyrja um afstöðu Samfylkingarinnar, og beini máli mínu til þingflokksformanns hennar, hvort afstaða Samfylkingarinnar sé ekki klár eins og kom fram í máli hv. þm. Magnúsar Orra Schrams fyrr í vikunni, hver afstaða þingflokks Samfylkingarinnar sé í þessu máli, og ef hún er jákvæð hvort við getum ekki fengið Samfylkinguna til að beita áhrifum sínum innan ríkisstjórnarinnar til að hafa áhrif á ákvörðun heilbrigðisráðherra.

[13:45]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Afstaða okkar er sú sem kom fram í máli hv. þm. Magnúsar Orra Schrams hérna fyrr í vikunni og í greinaskrifum hans um þessi mál í blöðum.

Ég hef ekki skilið hæstv. heilbrigðisráðherra öðruvísi en svo að hann sé að skoða málið af mikilli kostgæfni. Hann hefur ekki með neinum hætti lokað á þessa hugmynd. Hann hefur hins vegar sagt að einmitt núna sé verið að endurskoða heilbrigðiskerfið í heild sinni og vill ekki lofa upp í ermina á sér einhverjum efndum hvað þetta varðar fyrr en það er tóm og tími til að skoða málið. Mestu skiptir að með þessum hætti mundi nýting á þeim fjárfestingum sem til eru staðar verða meiri. Það yrði alls ekki með neinum hætti gengið á þá þjónustu sem er verið að veita suður frá. Þessi rekstur yrði til þess að styrkja grunnþjónustuna sem heilbrigðisstofnunin veitir þar og að sjálfsögðu er um er að ræða tímabundinn samning um þetta.

Heilsutengd ferðaþjónusta sem hluti af stofnunum heilbrigðisþjónustunnar er vaxtarsproti sem er verið að skoða í samfélagi okkar og atvinnulífi. Þetta sérstaka dæmi er til skoðunar hjá hæstv. heilbrigðisráðherra og hann hefur tekið því máli prýðilega eins og kunnugt er, hann hefur sagst ætla að svara því síðar í sumar. En það skiptir mestu máli að ekki er með neinum hætti verið að skerða almenna lögbundna þjónustu við íbúana á svæðinu heldur er hugmyndin að nýta þarna fjárfestingar sem annars standa auðar, það er ekki verið að teppa pláss fyrir þá sem á því þurfa að halda annars staðar. Ég held að málið sé í ágætum farvegi. (Gripið fram í.)

[13:47]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp að ræða mál einnar atvinnugreinar. Við gætum svo sem verið að ræða málefni hvaða atvinnugreinar sem er því að það gengur hvorki né rekur í atvinnulífinu og sígur heldur á ógæfuhliðina. Auðvitað er von um að stöðugleikasáttmáli atvinnulífsins, ríkis og sveitarfélaga boði eitthvað gott hægt og rólega.

Það sem mig langaði að ræða hér og kannski í ljósi þess að fram undan er mikil garðyrkjuhátíð í Hveragerði núna um helgina — það er hinn gleðilegi hluti atvinnusköpunarinnar, öll stéttin og atvinnugreinin sýnir hvers megnug hún er og kemur saman öll í fyrsta skipti á Íslandi — að enn er óleystur vandi um raforkuverð til garðyrkjubænda. Það er mjög sérkennilegt í ljósi þess að mjög margir þingmenn, stjórnarþingmenn og hæstv. ráðherrar hafa tekið undir að þetta sé mál sem auðvelt væri að leysa. Ég hef upplýsingar um að einstaka aðilar í greininni séu að gefast upp og það er mjög alvarlegt.

Markaðsaðstæður hér á landi eru hins vegar það góðar að það er pláss fyrir að stofna hér eina nýja stöð með 10–15 störfum. Það ætluðu menn að gera hér á vordögum en þeir gátu það því miður ekki vegna þess að efnahagsástandið er erfitt. Við erum að tala um að framleiða vöru sem er ekki bara holl og góð heldur er hún gjaldeyrissparandi í þokkabót og mundi skapa hér störf.

Ég vil beina þeirri spurningu til iðnaðarnefndar, þar sem ég hef upplýsingar um að nefndarmenn þar hafi fengið forustumenn garðyrkjubænda á sinn fund, hvort þeir séu að vinna að því að laga til að mynda gjaldskrá garðyrkjubænda sem miklar vonir voru bundnar við. Ekkert varð af því á fundi Rariks í gær frekar en fyrri daginn. Ég vil líka spyrja um hvort í smíðum sé reglugerð sem breyta mundi skilgreiningunni á þéttbýli og dreifbýli. Að síðustu langar mig að spyrja um hvort menn séu að velta því fyrir sér að afturkalla þá breytingu (Forseti hringir.) sem gerð var fyrr í vetur, koma á stöðugleika þannig að þessi grein geti sótt fram að nýju.

[13:49]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að viðbrögð formanns Sjálfstæðisflokksins komu mér svolítið á óvart, að hann skyldi fagna stöðugleikasáttmálanum en treysta síðan ekki ríkisstjórninni og þar með ekki aðilum vinnumarkaðarins til þess að framfylgja þessum sáttmála. Mér fannst það vera svolítið aumingjalegt að taka undir með þessum hætti. Ég hefði átt von á því að Sjálfstæðisflokkurinn mundi fagna því að þessir aðilar, Samtök atvinnulífsins og vinnumarkaðurinn í heild, kæmu sér saman um markmið, hvort sem það væru skattahækkanir, vaxtakjör eða vaxtaumhverfi, gengismál o.s.frv. þar sem menn hafa lofað því að taka sameiginlega á málum. Ég auglýsi þá eftir betri upplýsingum frá hv. þingmanni og formanni Sjálfstæðisflokksins um afstöðu Sjálfstæðisflokksins.

Ég held að það sé afar mikilvægt að við náum saman sem flestum á þennan vagn, að menn fylki sér saman um þær lausnir sem grípa þarf til. Verkefnið er mjög stórt og það er hlálegt að hlusta á það að flokkar sem haldið hafa um stjórnartaumana áratugum saman skuli ætla að fría sig af ábyrgðinni á því sem hér hefur gerst þegar við fáum stjórnartaumana í hendur og reynum að vinna að lausn mála.

Ég sat á fundi í gærkvöldi þar sem menn sögðu: Það er ekkert glæsilegt að þurfa að hækka skatta, það er ekki gaman að þurfa að grípa til þeirra aðgerða en við verðum bara að sætta okkur við þetta, þetta eru frjálshyggjuskattar eða útrásarskattar, eins og þessir aðilar kölluðu það. Þeir bitna á okkur vegna þess að við höfum stjórnað samfélaginu mjög illa á undanförnum árum. (**Gripið fram í:** … skatta?) Já, það má kalla það það. Þegar menn nota öll úrræðin sem við áttum að nota í góðærinu og bjuggu til þensluna, bjuggu til froðuna, bjuggu til allt það sem við glímum við að leiðrétta núna (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) og ætla svo að fría sig ábyrgð þegar þarf að fara að taka á þessu í framhaldinu. (Gripið fram í.)

Ég skora á Sjálfstæðisflokkinn að axla nú ábyrgð á því sem gerst hefur (Forseti hringir.) og koma með á vagninn þannig að við getum leyst þessi mál í sátt og samlyndi.

[13:52]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa komið því ágætlega til skila áðan að auðvitað fagna ég því að menn hafi gert með sér samkomulag og að það ríki þá friður á vinnumarkaði, ég tók það sérstaklega fram að mér finnst að aðilar vinnumarkaðarins hafi sýnt mikla ábyrgð. En ég sagði líka að þeir hefðu sýnt ríkisstjórninni mikið langlundargeð. Ég áskil mér allan rétt til að hafa mína skoðun á því plani sem ríkisstjórnin hefur kynnt þeim.

Við skulum athuga eitt, ríkisstjórnin kynnti fyrir aðilum vinnumarkaðarins hvað hún hygðist gera árin 2012 og 2013. Tókst samkomulag um það? Nei. Hvers vegna var það? Það var vegna þess að ríkisstjórnin ætlaði að hækka skatta áfram, ekki bara árið 2009 heldur líka árið 2010 og árið 2011. Svo ætlar hún að gera það sama árin 2012 og 2013. Þess vegna er ekkert samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um þau ár.

Ég er þeirrar skoðunar að þær miklu skattahækkanir sem nú er verið að boða geti orðið til þess að atvinnuleysi aukist. Á sama tíma auka menn tryggingagjaldið til þess að standa undir atvinnuleysisbótunum. Auknir skattar draga úr getu fyrirtækjanna til þess að ráða til sín fólk, það er bara þannig. Auknar álögur eins og tryggingargjaldið draga úr getu fyrirtækjanna og svigrúmi þeirra til þess að skapa ný störf. Af þessu hef ég áhyggjur, ég tel að það geti skapað ákveðinn spíral.

Við höfum bent á leiðir til þess að auka tekjur ríkisins án þess að koma með nýjar álögur. Undir þær hafa hæstv. forsætisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra og fleiri ráðherrar tekið sem og margir þingmenn úr báðum stjórnarflokkum. En ekki tókst samkomulag um það við aðila vinnumarkaðarins og ég verð að lýsa furðu á því hversu tilbúnir aðilar vinnumarkaðarins eru til þess að samþykkja yfir sig nýjar álögur, nýja skatta vegna þeirra neikvæðu afleiðinga sem ég tel að það geti haft fyrir hagkerfið og getu þess til þess að skapa ný störf.

Fyrr en varir mun fólk á Íslandi rísa upp og krefjast aðgerða til þess að skapa ný störf. Þess vegna eru menn á harðahlaupum (Forseti hringir.) núna, Samfylkingin frá fyrningarleiðinni, er búin að pakka henni niður í kassa og grafa hana, og Vinstri grænir á harðahlaupum frá andstöðu sinni við stóriðju og orkufrekan iðnað. Það kemur fram í stöðugleikasáttmálanum.

[13:54]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég hafði hugsað mér að ræða eilítið meira um Icesave-samninginn en get ekki orða bundist eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. þm. Guðbjarts Hannessonar og verð taka þátt í umræðunni um stöðugleikasáttmálann. Þegar menn skoða þann sáttmála sjá þeir að Samtök atvinnulífsins og ASÍ hafa sýnt mikla ábyrgðartilfinningu og ábyrgð með því að ná saman um kaupgjaldsmálin.

Þegar menn líta síðan á það sem ríkisstjórnin leggur fram verður fátt um fína drætti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Bjarna Benediktssyni að það er merkilegt hversu langt aðilar vinnumarkaðarins voru tilbúnir að ganga til að láta þetta samkomulag verða að veruleika og sýnir auðvitað enn og aftur þá miklu ábyrgðartilfinningu sem þeir hafa.

En það sem lagt er til grundvallar og hægt er að festa hönd á í þessu samkomulagi hvað ríkisvaldið varðar er það hversu mikla skatta það ætlar að innheimta. Síðan er talað um vaxtalækkanir, það er auðvitað á forræði Seðlabankans.

Það er ekki annað að sjá af ummælum hæstv. forsætisráðherra í *Morgunblaðinu* í dag en að menn eigi ekki von á því að vaxtalækkanir verði alveg á næstunni.

Auðvitað fögnum við sjálfstæðismenn þessu samkomulagi, það er mikilvægt skref. En enn og aftur stöndum við frammi fyrir því að ríkisstjórnin gerir ekki það sem mestu máli skiptir, þ.e. að sýna á spil sín, sýna hvernig hún ætlar að ná þeim árangri sem verður að ná í ríkisfjármálum, það er lykilatriði. Það er því útúrsnúningur hjá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni að við sjálfstæðismenn séum á einhverjum hlaupum undan ábyrgð og viljum ekki taka þátt í samkomulaginu. En við gerum auðvitað þá kröfu á ríkisstjórnina að hún standi sig betur. Það er eðlilegt að við gerum þá kröfu (Forseti hringir.) að það komi betur fram hvaða fyrirætlanir ríkisstjórnin hefur og hvernig hún hyggst ná þessum árangri. Skattaleiðin mun ekki leysa þann vanda sem uppi er. (Forseti hringir.) Menn skatta sig ekki út úr kreppu.

[13:57]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það er athyglisverð umræða sem hér hefur orðið um stöðugleikasáttmálann. Það er hægt að taka undir það með hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt mikla ábyrgð með því að styðja við þennan sáttmála og gera það kleift að gera hann. Það hlýtur að vera stjórnarandstöðunni hér á þingi umhugsunarefni að einmitt þeir tímar sem við lifum nú kalla á slíka samstöðu, á slíkan vilja til þess að teygja sig á móti sjónarmiðum annarra aðila, á frumkvæði eins og það sem Samtök atvinnulífsins hafa sýnt með því að taka á sig umtalsverðar skattahækkanir með hækkun tryggingagjaldsins, sem hv. formaður Sjálfstæðisflokksins vísaði til áðan, 12 milljarða skattahækkun, til þess að sýna að sá leiðangur sem við eigum fyrir höndum er mikill og erfiður. Hann verður ekki farinn öðruvísi en að allir leggi þar á sig. Hann verður ekki farinn öðruvísi en lagðir verði á auknir skattar og dregið úr rekstri ríkisins (Gripið fram í.) vegna þess að það er ekki hægt að láta neitt svið undanskilið.

Það hlýtur að vera fólgin hvatning í þessu til stjórnarandstöðunnar að koma að þessu verki með málefnalegum hætti eins og hún hefur alla burði til og endurtaka þá miklu þjóðarsamstöðu sem hér tókst árið 1989 til þess rjúfa þann vítahring sem við höfum verið í, að leggja grunninn að endurreisn íslensks efnahagslífs, þeirri þjóðarsátt sem áður reyndist okkur svo farsæl til þess að vinna bug á miklum erfiðleikum. Hún gæti núna, ef menn sýna ábyrgð og festu og þora að taka þátt í erfiðum ákvörðunum með stjórnarflokkunum, skapað okkur sjálfum og börnum okkar bjartari efnahagslega framtíð en við getum nú bundið vonir við.

[13:59]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að taka vel í þessa hugmynd eða þetta atriði sem ég vakti máls á áðan varðandi Heilsufélag Reykjaness. Ég treysti því að við fáum stuðning frá Samfylkingunni, samstarfsflokki ráðherrans í ríkisstjórninni, við að ýta á hæstv. ráðherra. Það sem ég varð þó að segja hér, og veldur mér ákveðnum vonbrigðum, er að þingmaðurinn virtist ekki skilja hversu mikið liggur á að fá úr þessu skorið. Ég held að ég þurfi að hvetja þingmanninn til að leggjast á árarnar með okkur, þetta snýst ekkert um að endurskoða heilbrigðiskerfið í heild, eins og þingmaðurinn rakti og hæstv. ráðherra hefur borið fyrir sig, heldur snýst þetta um að taka eina ákvörðun, um að leyfa notkun á skurðstofu sem er annars ekki í notkun. Það er rétt sem fram kom hjá þingmanninum Björgvini G. Sigurðssyni, það er ekki verið að skerða þjónustu eins eða neins, þvert á móti mun þetta, ef eitthvað, leiða til bættrar þjónustu fyrir íbúa á Suðurnesjum vegna þess að þarna verður tryggari rekstur skurðstofu og tryggari rekstur heilbrigðisstofnunar fyrir vikið.

Ég hvet Samfylkinguna og þingmenn Vinstri grænna sem vilja kynna sér þetta mál til að leggjast nú á árarnar með okkur í kjölfar þess sem hér var rætt um áðan, um stöðugleikasáttmálann. Ég tek undir með hv. þm. Illuga Gunnarssyni að við sköttum okkur ekki út úr þessari kreppu, heldur sköpum störf. Og þarna, á svæði þar sem 1.800 manns ganga atvinnulaus, er lykilatriði að við nýtum öll þau tækifæri sem við höfum til að skapa störf. Við getum ekki látið það sjónarmið Vinstri grænna að af því að „einka“ kemur einhvers staðar fyrir (Forseti hringir.) í þessu sambandi verði þetta að vera dæmt ógilt og ónýtt. Þetta er ekki álver, virðulegi forseti, þetta er heilbrigðisþjónusta eins og bæjarstjórinn í Reykjanesbæ orðaði það og ég treysti því að hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) sem kemur hér upp á eftir mér (Forseti hringir.) taki nú vel í þetta mál.

[14:01]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Þingmaðurinn gleymdi einu, þetta er líka bisness, spurning um (Gripið fram í.) bisness og hvort þingmenn ætla að reka mál bisnessfyrirtækja hér gagnvart almannaþjónustunni. (**Gripið fram í:** … hætta …) Það er sérstaklega ánægjulegt að ræða málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Það er ánægjulegt vegna þess að þar hefur tekist mjög vel til með reksturinn. Þar er sitthvað að finna sem ætti að vera fyrirmynd í landinu öllu (Gripið fram í.) og ég nefni þar sérstaklega samspil og samvinnu á milli sjúkrahússins og heimaþjónustu. Þarna hefur tekist vel til.

Það er líka ánægjulegt að ræða í tengslum við þessa heilbrigðisstofnun hve mikils stuðnings hún nýtur í samfélaginu. Þegar við fórum í það verk fyrr á þessu ári að færa útgjöldin niður komu þar að hollvinasamtök sjúkrahússins, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. (Gripið fram í.) Í sameiningu tókst stjórnendum, starfsmönnum og hollvinasamtökunum að færa útgjöldin niður um 132 millj. kr. Þetta er mikið afrek þegar haft er í huga að útgjöldin eru að uppistöðu til laun og störf. (Gripið fram í.) Það tókst að verja störfin, það tókst að verja kjörin en í sameiningu tókst vel upp.

Ég átti fund með þessum aðilum í gærmorgun. Þau og hollvinasamtökin vöruðu við því að við hleyptum einkabisness inn eftir sjúkragöngunum á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Það var sagt og ég tók undir það sjónarmið og lagði á það áherslu: Við skulum ekki loka neinum dyrum en við skipuleggjum þessa heilbrigðisstofnun eins og heilbrigðiskerfið allt, með almannahag að leiðarljósi.

Það er furðulegt að heyra og hlusta á fulltrúa Sjálfstæðisflokksins reka málefni einkabisness eins og hv. þingmaður hefur gert. (Gripið fram í.) Þetta er bara rugl.

[14:03]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill árétta að þar sem þingfundur var settur kl. 13.34 fer fyrirspurnatíminn fram yfir kl. 14.00, til kl. 14.04.

[14:04]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka sérstaklega undir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað um gerð stöðugleikasáttmálans í gær, hann markar mikil tímamót í þeirri stöðu sem uppi er í íslensku þjóðlífi í dag. Hann skapar umgjörð til endurreisnar á íslensku efnahagslífi með mjög margvíslegum hætti.

Í fyrsta lagi tryggir hann frið á vinnumarkaði sem má segja að allt annað hangi utan á. Hann tryggir að stjórnvöldum er að takast að ná breiðri samstöðu um áætlun við endurreisn á efnahagslífinu. Þess vegna lögðu hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra svona gríðarlega mikla vinnu í að ná öllum þessum aðilum saman að einu borði og sú sáttargjörð tókst með mjög afgerandi, og líkast til sögulegum, hætti í gær. Ég trúi því að næstu ár muni leiða í ljós að þar hafi orðið viðsnúningur í þeirri vinnu allri sem núna stendur yfir á Íslandi um að endurreisa efnahagslífið okkar og þessi samningur sé grunnur að því að hér verði um að ræða margvíslegar framfarir, og að þessum erfiðu verkefnum er unnið í sátt, nákvæmlega eins og kom fram áðan, ekki með því að beita einhliða skattahækkunum eða niðurskurði heldur með því fyrst og fremst að afla aukinna tekna fyrir ríkissjóð. Þar má nefna vinnu sem er hafin og af fullum krafti við byggingu álvers í Helguvík og gagnaver á Vallarheiðinni sem er núna hafið af fullum krafti. Mörg önnur verkefni mætti nefna sem er vísað til í stöðugleikasáttmálanum um að ríkisvaldið muni gera hvaðeina sem í þess valdi stendur til að styðja við þá verkefnauppbyggingu. Þess vegna skiptir þessi sáttmáli svona gríðarlega miklu máli. Hann skapar umgjörð, frið og samstöðu til að endurreisa íslenskt efnahagslíf.

[14:06]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er eitt rétt í málflutningi sjálfstæðismanna, það að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld, þ.e. ríki, sveitarfélög og lífeyrissjóðir, sýna mikla ábyrgð með aðild sinni að stöðugleikasáttmálanum. Stóra spurningin er: Hvar er ábyrgð Sjálfstæðisflokksins? Er það ekki dálítið kúnstugt (Gripið fram í.) að heyra hina nýju forustu sjálfstæðismanna koma hér upp með gamaldags klisjukenndan áróður og æpa um skatta. Eitt hefur þó ekkert breyst, andlegur leiðtogi nýja Sjálfstæðisflokksins er áfram ókrýndur og óumdeildur Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Þessi málflutningur þeirra er beint upp úr frjálshyggjubókunum.

Veruleikinn er sá að þeir sem sátu við þetta borð, stóðu frammi fyrir alvöru og stærð málsins, nálguðust það af raunsæi og skynsemi og út úr því kom að ekki er hægt að gera þetta öðruvísi en að fara blandaða leið. Það er alveg rétt að það er athyglisvert að t.d. Samtök atvinnulífsins fallast á það að þetta hátt hlutfall tekjuöflunar er óumflýjanlegt ef menn ætla að ná dæminu saman. Það er í góðu samræmi við það sem upp var lagt með af hálfu stjórnvalda í þessari vinnu og í samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um stöðugleika almennt að þarna verði farin blönduð leið. Nákvæmlega í hvaða hlutföllum hún endar, hvort það eru skattar í 45% fyrstu þrjú árin, til eða frá um einhverjar prósentur, eru ekki stór atriði heldur hitt að menn ætla sér í þetta verkefni. Það eru tímamótin og það er það gleðilega og ég hefði talið Sjálfstæðisflokknum hollara að stilla sér á bak við það og vera með í því verkefni að takast á við þetta en að hlaupa svona upp eins og hér er gert.

Skýrslan sem verður andlag þessarar umræðu kemur vonandi á borð þingmanna eftir nokkrar mínútur og getur orðið (Forseti hringir.) á næstu dögum, frú forseti, vænti ég undirlag góðrar umræðu um þetta mál og þá vænti ég að þingmenn Sjálfstæðisflokksins verði búnir að lesa hana vandlega og hugsa sitt ráð, draga andann djúpt í nokkra daga og kannski verður annað hljóð í þeim þá þegar þeir koma til umræðu um þessi mál. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

[14:08]

Útbýting:

Skýrsla fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013, 126. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 173.

Verðmat Deloitte/Oliver Wyman á eignasöfnum nýju bankanna, 58. mál, svar viðskrh., þskj. 171.

[Fundarhlé. — 14:08]

[15:15]

Útbýting:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 174; brtt. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 175; nál. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 176.

Fundi slitið kl. 15:16.

---

26. FUNDUR

föstudaginn 26. júní,
að loknum 25. fundi.

Dagskrá:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 118. mál, þskj. 155, nál. 174 og 176, brtt. 175. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Tilhögun þingfundar.

[15:17]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Þrátt fyrir 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármálið er lokið.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í dagskrármálinu. — Afbrigði samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, BjarnB, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JónG, KLM, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SJS, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: MT.

2 þm. (BirgJ, VSk) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, SER, SIJ, SF, SkH, SVÓ, SSv, ÞrB) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 2. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 155, nál. 174 og 176, brtt. 175.

[15:19]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég hef framsögu fyrir nefndaráliti meiri hluta efnahags- og skattanefndar vegna ráðstafana í ríkisfjármálum sem hv. þingmenn geta fundið á þskj. 174 og þeim breytingartillögum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til við þessa umræðu og finna má á þskj. 175.

Ég vil þakka nefndarmönnum í efnahags- og skattanefnd, bæði í meiri hluta og minni hluta, fyrir góða samvinnu við úrvinnslu málsins. Það ber að með þeim hætti að það er brýnt að hraða úrlausn og umfjöllun málsins til að áhrif þess geti tekið gildi þegar nú um mánaðamótin. Ég þakka hv. stjórnarandstöðu fyrir að greiða fyrir framgangi málsins og sömuleiðis fyrir ýmsar ágætar ábendingar um það sem betur mætti fara í vinnslu þess. En rétt er að geta þess að auk þeirra tillagna sem hér liggja fyrir mega þingmenn eiga von á frumvarpi er lýtur að lánsfjárheimildum ríkissjóðs sem sömuleiðis þurfa á næstu vikum að liggja fyrir vegna þeirra verkefna sem til umfjöllunar hafa verið í þinginu og menn þekkja til.

Það frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hér liggur fyrir er ekki óskamál nokkurs manns. Hér er verið að skatta og skera niður til að mæta framúrkeyrslu í ríkisfjármálum og brúa það geysilega bil sem er í rekstri ríkissjóðs en að óbreyttu er það svo að við sem nú lifum rekum ríkissjóð með 500 millj. kr. halla á hverjum einasta degi vikunnar. Með því erum við auðvitað að skerða möguleika komandi kynslóða til lífskjara og verður ekki undan því vikist að mæta þessum mikla hallarekstri með ýmsum ákvörðunum sem sannarlega verða þingmönnum þungbærar, margar, enda lúta þær að ýmsum framfaramálum sem barist hefur verið fyrir og náð hefur verið í gegn. Aðrar eru sem betur fer aðeins um eðlilega hagræðingu og sparnað í rekstri og það að taka til baka atriði sem valda kostnaði og betur mega sannarlega fara.

Hv. efnahags- og skattanefnd fékk tilhlýðilegar fastanefndir þingsins til að fjalla um þá liði sem einkum lúta að útgjaldaþættinum, hv. fjárlaganefnd, hv. allsherjarnefnd og hv. félags- og tryggingamálanefnd og liggja umsagnir þeirra nefnda fyrir um þau atriði sem að þeim sneru og geri ég ráð fyrir að gerð verði grein fyrir þeim sérstaklega en þær umsagnir fylgja sömuleiðis álitinu í fylgiskjali og geta þingmenn kynnt sér þar álit nefndanna. Efnahags- og skattanefnd fjallaði einkanlega um það sem að henni snýr, tekjuhlið málsins en þar eru allnokkur atriði eins og hv. þingmenn þekkja frá 1. umr. málsins. Þar er stærsta og viðamesta tekjuöflunaraðgerðin sú sem lýtur að tryggingagjaldinu, að bæta fyrir þau miklu útgjöld sem bæði Atvinnuleysistryggingasjóður og Ábyrgðasjóður launa hafa orðið fyrir á þessu ári og verða fyrirsjáanlega fyrir á næstu mánuðum og missirum. Þar er um að ræða skattlagningu sem á ársgrundvelli mun skila um 12,5 milljörðum kr. og á m.a. rót sína að rekja til frumkvæðis Samtaka atvinnulífsins í því að draga það fram að fyrir því er löng venja í íslensku samfélagi að með tryggingagjaldinu sé staðið undir útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og að skattgreiðendur hafi ekki með beinum hætti borið kostnað af því í tekjusköttum sínum eða öðrum sköttum og því sé það fyrst og fremst raunsæi að á þeim erfiðu tímum sem við nú búum við í ríkisfjármálum og munum gera um margra ára skeið verði tryggingagjaldið eftir sem áður að standa undir útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og í ljósi þess mikla atvinnuleysis sem nú er í landinu, nærfellt 20 þúsund manns, sé nauðsynlegt að hækka gjaldið. Verður að segja að það er nokkuð hraustlega gert af fulltrúum atvinnulífsins að taka með þessum hætti á málum því að auðvitað mun þetta leggjast nokkuð þungt á ýmis fyrirtæki þó að sem betur fer séu mörg fyrirtæki í landinu í stakk búin til þess að bera þetta.

Í öðru lagi er um að ræða tvær tímabundnar tillögur sem ná til síðari hluta yfirstandandi árs. Þær lúta annars vegar að sérstökum tekjuskatti á tekjur yfir 700 þús. kr. á mánuði sem nemur 8% og síðan sömuleiðis að því að fjármagnstekjur umfram ákveðin lágmörk, lágmörk sem ætla má að séu vaxtaafrakstur af venjulegum sparnaði hjá venjulegu launafólki, að vaxtatekjur umfram það sæti skattlagningu á síðari hluta ársins sem nemi 15%. Í meðförum nefndarinnar tók það þeim breytingum að það er gert ráð fyrir því að skattlagningin verði þegar með þeim hætti en að þeir sem í lægri skattprósentu eru njóti þeirra leiðréttinga í uppgjöri á sköttum ársins á næsta ári. Bæði tryggir það að tekjurnar koma til skila í ár þegar við þurfum á þeim að halda og eins er auðveldara og ódýrara um alla framkvæmd á þessum þætti málsins sé því skipað á þennan veg.

Þá voru tvö atriði er lutu að tekjuöfluninni sem segja má

að hafi einkum fengið nokkra umræðu í umfjöllun nefndarinnar og athugasemdum þeirra gesta sem fyrir hana komu og umsagnaraðila. Þar er fyrst til að taka fyrirætlun um það að skattleggja hér á landi vaxtatekjur sem menn hafa frá öðrum löndum. Það atriði hefur vakið nokkrar áhyggjur í atvinnulífinu, m.a. um mögulega gjaldfellingu á lánum sem menn þar hafa og um kostnaðarauka við það lánsfjármagn sem fyrirtækin hafa en þau hafa auðvitað, mörg hver, þurft að bera mjög þungan fjármagnskostnað á undanförnum mánuðum og því eðlilegt að slíkar áhyggjur rísi. Í tilfellum langflestra viðskiptalanda okkar er það svo að við höfum tvísköttunarsamninga þannig að þar eiga aðilar út af fyrir sig að vera jafnsettir en þó er nokkur hluti af viðskiptalöndum okkar þar sem þetta sama fyrirkomulag er í viðkomandi ríki, þ.e. ef Íslendingar hafa vaxtatekjur í því landi þá er það skattlagt í því landi og út af fyrir sig eðlilegt að horfa til þess að við gætum samkvæmni í því og sköttum þær þjóðir með sama hætti og þær skatta okkur. Því er ekki að leyna að þetta ákvæði er auðvitað að talsverðu leyti sett fram til þess að draga úr möguleikum manna á skattasniðgöngu, að flytja fé milli ríkja til að sniðganga skattalöggjöf hér, og það ræður miklu um með hvaða hætti þessi lagaheimild verður síðan útfærð og takmörkuð í reglugerð frá hæstv. fjármálaráðherra. Það var niðurstaða nefndarinnar að kalla eftir því að hæstv. fjármálaráðherra kynni fyrir efnahags- og skattanefnd þær takmarkanir sem settar verða á beitingu ákvæðisins í reglugerð áður en hún tekur gildi þannig að það megi sem allra mest lágmarka hin neikvæðu áhrif af þessari aðgerð. En sannarlega eru umtalsverðir ávinningar í því fólgnir bæði að varna skattasniðgöngu og sömuleiðis að tryggja ríkissjóði við þessar aðstæður tekjur á næstu árum af vaxtatekjum erlendra aðila hér á landi.

Þá hlaut allnokkra umfjöllun í meðförum nefndarinnar það atriði að hækka virðisaukaskatt á sælgæti, gos og aðrar vörur með sjónarmiðum um að auka gjaldtöku á sykur í landinu og ekki örgrannt um að við þá umfjöllun hafi komið fram að það að beita þessari aðferð getur falið í sér að gjöld hækki á ýmsar vörur sem ekki var ætlunin að hækka eins og vatn, djús og aðrar slíkar vörur en komi þó ekki á sykurmola eða aðra slíka hluti sem menn höfðu ætlað að mundu sæta skattlagningunni. Stafar það af því að fjármálaráðuneytið og hæstv. ríkisstjórn höfðu upphaflega fyrirætlanir um að leggja þessi gjöld á með líkum hætti og hér var áður gert og gert er í nágrannalandi okkar, Danmörku til að mynda, í gegnum vörugjaldakerfið sem leiddi sannarlega til þess að skattlagning af þessu tagi mundi vera miklu samkvæmari í sjálfu sér í því að hún legðist þá sannarlega á sykur við innflutning og kæmi þannig inn í vöruverð þar sem sykur er notaður.

Samtök iðnaðarins höfðu síðan aðra tillögu um útfærslu vörugjalda sem nefndin ákvað að láta reyna á á milli 1. og 2. umr. og fór fram allnokkur skoðun á þeim tillögum og hvort unnt væri að verða við þeim sjónarmiðum Samtaka iðnaðarins sem fram komu í umsögn þeirra og tillöguflutningi. Það varð þó niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að sýnt væri af umsögnum þeirra sérfræðinga sem við höfum á að skipa í tollamálum og Evrópuréttinum að hér væru, á þeim tillögum sem þar lágu fyrir, þeir annmarkar sem ætla mætti að við yrðum gerð afturreka með vegna þess að það mismunaði aðilum á Evrópska efnahagssvæðinu, en slíkum úrskurði höfum við út af fyrir sig áður orðið fyrir þegar reynt var að hafa 25% álag á þessa vöruflokka og því treysti meiri hlutinn sér ekki til að gera tillögur um að fara þá leiðina. Hann hefur hins vegar óskað eftir því að fá frá fjármálaráðuneytinu breytingartillögu við málið sem lýtur að því að fara þá leið sem ráðuneytið ætlaði upphaflega að fara, í gegnum gömlu vörugjöldin til að tryggja það að þetta sé sykurskattur með sanni og leggist einfaldlega á sykur og sykraða vöru en ekki á einstaka vöruflokka sem hafa þá annmarka sem ég hef áður lýst. Geri ég ráð fyrir að í umfjöllun nefndarinnar síðar í dag milli 2. og 3. umr. muni nefndin taka afstöðu til þeirra tillagna og sömuleiðis kann hv. efnahags- og skattanefnd að þurfa að taka afstöðu til atriða er varða Ábyrgðasjóð launa og tengjast m.a. þeim ágæta stöðugleikasáttmála sem hér náðist með aðilum í gær.

Ég vil við þetta tækifæri vekja athygli þingmanna á skýrslu um ríkisfjármál á þskj. 173 þar sem kynnt er sú stóra mynd sem þetta mál er hluti af, þ.e. það gríðarlega verkefni sem við eigum fyrir höndum á næstu árum, að vinna á halla á ríkissjóði sem nemur nærri 200 milljörðum á ári hverju eða eins og ég áður sagði þýðir það að við sem nú lifum erum að reka ríkissjóð með 500 millj. kr. halla á hverjum einasta degi alla daga vikunnar allan ársins hring. Með því erum við auðvitað ekki að gera annað en að leggja skuldir á komandi kynslóðir og draga úr möguleikum þeirra á því að skapa sér góð lífskjör. Það verður þess vegna ekki undan því vikist að taka þær ákvarðanir sem taka þarf til að ná saman þessum hallarekstri. En til að hv. þingmenn átti sig á umfangi þess verkefnis lætur nærri að þetta þýði fyrir meðalheimili í landinu að á hverju ári þurfi það að leggja til hátt í 2 millj. kr. til að við getum í sameiningu náð að loka þessu gati. Auðvitað er það kunnara en frá þurfi að segja að fjölmörg heimili í landinu, tugþúsundir heimila eru á engan hátt í stakk búin til að leggja neitt slíkt af mörkum og því mun þetta auðvitað leggjast með auknum þunga á aðra hópa samfélagsins.

Til að gefa annað dæmi um þau áhrif sem hér er um að ræða þá er það þannig að þetta eru tæplega 200 milljarðar kr. árlega sem við þurfum að sigrast á. Heildarútgjöld til rekstrar allra stofnana ríkisins, menntakerfis, heilbrigðiskerfis, utanríkisþjónustu, félagskerfis og hvað það nú er eru rétt rúmlega 200 milljarðar. Það er bara eiginlega allur ríkisreksturinn sem hér er undir. Hins vegar er uppistaðan í fjármálum ríkisins tilfærslur. Það eru almannatryggingarnar, það eru niðurgreiðslur til bænda, lánasjóðurinn, Atvinnuleysistryggingasjóður og ýmsar þær aðgerðir sem eru til þess gerðar að jafna kjör í landinu og færa fé á milli hópa. Allar þær greiðslur í heild sinni nema rétt liðlega 200 milljörðum. Við erum að tala um verkefni sem lýtur að því að brúa nærfellt helminginn af öllum ríkisrekstrinum og það er auðvitað óhjákvæmilegt að þar þurfi víða að leita fanga og víða að bera niður, bæði í niðurskurði rekstrarútgjalda, í því að draga úr millifærslum og í því að skattleggja. En mestu skiptir að við með þessu máli, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og þeirri skýrslu sem hér hefur verið dreift í dag, sköpum trúverðugleika fyrir íslenskt efnahagslíf um að hér sitji Alþingi sem fært sé til að takast á við

þessi miklu verkefni og fært um að taka þær erfiðu ákvarðanir sem taka þarf til að hætta þessum hallarekstri, til að skapa landinu á ný lánstraust á alþjóðamörkuðum og til að ná vaxtastiginu í landinu niður til að atvinnulífið megi búa við góð rekstrarskilyrði og að því takist að efla verðmætasköpunina og skapa ný atvinnutækifæri, því að velferð okkar á næstu missirum og árum mun auðvitað hvorki ráðast af niðurskurði í ríkiskerfinu né skattlagningu á almenning heldur fyrst og fremst af því hversu vel okkur tekst að búa atvinnulífinu aðstæður til að efla verðmætasköpunina í landinu á nýjan leik og skapa vinnu fyrir þær þúsundir og aftur þúsundir manna sem hafa verið að missa þennan hornstein velferðarinnar, atvinnuna sjálfa.

[15:36]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Tryggvi Þór Herbertsson) (S):

Virðulegi forseti. Það er ljóst að grípa þarf til róttækra aðgerða til að ná tökum á ríkisfjármálum. Ef fram heldur sem horfir stefnir í meira en 20 milljarða umframkeyrslu á fjárlögum þessa árs sem samþykkt voru með 153 milljarða halla. Er þá ekki talinn með um 20 milljarða kr. kostnaður sem fellur til vegna verðbóta, láns Seðlabanka Íslands til ríkissjóðs vegna uppgjörs bankabréfanna svokölluðu. Samtals er vandamálið því um 193 milljarðar og ljóst að á því þarf að taka.

Bein áhrif þessa frumvarps og nýsettra laga um hækkun skatta á áfengi, tóbak og eldsneyti eru þau að afkoma ríkissjóðs er sögð batna um 23 milljarða á þessu ári. Áhrifin koma hins vegar mjög misjafnt niður á ólíkum aðilum þjóðfélagsins. Þannig ná skattahækkanir yfir u.þ.b. 13,7 milljarða af þessum bata og sparnaður um 9,4 milljarða, samtals rúmir 23 milljarðar.

Það er hægt að brjóta þetta enn frekar niður. Skattahækkanir á heimili eru í kringum 6,2 milljarðar, skattar á atvinnulífið eru í kringum 7 milljarðar á þessu ári og aðrar skattahækkanir eða réttara sagt hert skatteftirlit er þá ábyrgt fyrir afganginum sem er í kringum 500 milljónir.

Það er athyglisvert að skoða hvar á að spara. Sparnaðurinn kemur fram á þrem stöðum. Í fyrsta lagi í rekstri hins opinbera, þ.e. aðhald í stjórnsýslu, þar á að spara 1,8 milljarða. Tilfærslur, þ.e. sjúkratryggingar, fæðingarorlof, elli- og örorkulífeyrir, önnur sértæk tilfærsluframlög, þar á að spara 3,1 milljarð. Þá á að fresta framkvæmdum, bæði vegaframkvæmdum og öðrum framkvæmdum og það telur samtals um 4,4 milljarða.

Afkoman bætist þá þannig að 60% af bætingunni eiga að koma í gegnum skattahækkanir og hert skatteftirlit, 14% eiga að koma í gegnum skerðingu bóta, 19% eiga að koma í gegnum frestun framkvæmda og — það sem er athyglisvert — 8% með sparnaði í rekstri hins opinbera. Það er ábyrgðin.

Það sem við í minni hlutanum höfum jafnframt gert er að reyna að leggja mat á hver þjóðhagsleg áhrif frumvarpsins eru. Þar skiptum við áhrifunum annars vegar niður í svokölluð fyrstu umferðar áhrif og hins vegar annarrar umferðar áhrif eða það sem í daglegu tali eru kölluð margfeldisáhrif.

Fyrstu umferðar áhrifin eru þau að dregnir verða 23 milljarðar út úr hagkerfinu á þessu ári og 63 á því næsta. Það skiptist á þann veg á þessu ári að 9,3 milljarðar koma frá heimilunum, 11,4 frá atvinnulífinu og 1,8 frá rekstri hins opinbera. Það er öll ábyrgðin.

Annarrar umferðar áhrifin nema um 46 milljörðum, þ.e. að gert ráð fyrir því að króna sem kastað er út í hagkerfið tvöfaldist í gegnum margfeldisáhrif. Þetta er mjög hógvær forsenda sem við notum hér, t.d. þegar verið er að fjalla um margfaldara við stóriðju er talað um margfaldara upp á 2,5 o.s.frv. Þetta er því hógvært mat hjá okkur. Annarrar umferðar áhrifin eru sem sagt þau að 46 milljarðar eru dregnir út úr hagkerfinu á þessu ári og 126 á því næsta.

Nú ber svo við að laun eru nokkurn veginn fast hlutfall af landsframleiðslunni. Launagreiðslur nema um 70% af vergri landsframleiðslu þannig að það er mjög einfalt að reikna út hver áhrifin af því að draga fé út úr hagkerfinu eru. Árið 2009 mun lækkun launa verða 32 milljarðar. Árið 2010 eða á næsta ári er lækkunin um 88 milljarðar.

Ef við umreiknum enn og gerum ráð fyrir að öll lækkun launa verði með fækkun starfa. Til að setja hlutina í samhengi mun störfum fækka um 915 á þessu ári vegna þessa frumvarps og 2.500 á því næsta. En auðvitað mun ekki öll lækkun launa koma í gegnum fækkun starfa. Hluti mun koma þaðan og hluti mun koma frá lækkun launa almennt í hagkerfinu. Það sem er kannski það alvarlega fyrir utan náttúrlega fækkun starfa er að lækkun launanna mun skila sér í minni beinum og óbeinum sköttum og hærri bótum að öðru óbreyttu. Eftirspurnin og skattgrunnarnir munu dragast saman enn meira sem leiðir til enn meira tekjutaps fyrir ríkissjóð sem þýðir á mannamáli að þetta eru hæpnar forsendur sem hér er byggt á.

Við í minni hlutanum vörum við þessum áhrifum af skattlagningarhluta þessara aðgerða og teljum að við höfum fært góð rök fyrir því að hann kunni að vinna gegn markmiðum aðgerðanna um bættan hag ríkissjóðs þar sem ekki munu nást áætlaðar auknar tekjur af framkvæmdinni vegna eftirspurnar- og skattaáhrifa. Jafnframt er minni hlutinn þeirrar skoðunar að byrðarnar eigi að skiptast á annan veg þannig að stærri hluti afkomubatans eigi að koma frá aðhaldi í rekstri ríkisins og minni umsvifum þess. Okkur finnst skjóta skökku við hverjir eiga að bera byrðarnar. Menn hlífa sér við sparnaði í opinberum rekstri og bera því við að svo langt sé liðið á árið. En þá vil ég minna á að þetta hefur legið fyrir í langan tíma og menn hefðu getað legið undir feldi og hugleitt hvar ætti að spara til að ekki þyrfti að koma til þess sem við sjáum hér, að það eru skattahækkanir og það sem verst er skerðingar bóta ellilífeyrisþega, öryrkja og fleiri sem eiga að standa undir hlutunum vegna þess að menn hafa ekki dug í sér til að koma fram með það hvar á spara í opinberum rekstri.

Í minnihlutaálitinu eru umfangsmiklar umsagnir um hverja og eina grein frumvarpsins. Fram eftir degi og fram á kvöld munu samnefndarmenn mínir í minni hlutanum fara yfir einstakar greinar en þó ætla ég, með leyfi forseta, að draga út eina grein sem ég vil fjalla sérstaklega um. Það er grein sem fjallar um það að erlendir aðilar sem hafa vaxtatekjur af fjármálagjörningum á Íslandi skuli greiða tekjuskatt af þeim greiðslum.

Við heyrðum frá hv. formanni efnahags- og skattanefnd-

ar ágæta tölu sem byggir á greinargerð með frumvarpinu um hver áhrifin verða og miðað við þá tölu er þetta alls ekki svo galin skattheimta. En það er ekki allt sem sýnist. Bæði koma fram, að mínu mati, villandi upplýsingar í greinargerðinni auk þess sem ekki er tekið tillit til allra áhrifa og litið er fram hjá veigamiklum áhrifum.

Í fyrsta lagi segir í greinargerð frumvarpsins eitthvað á þá leið að skattlagning vaxta sé nær almenn regla eða það er tónninn í frumvarpinu. Ef við lítum einungis til helstu samanburðarlanda okkar, Norðurlandanna, innheimtir ekkert þeirra almennt skatt af vaxtagreiðslum til aðila sem eru með takmarkaða skattskyldu. Ef litið er til Evrópusambandsins er þar í gildi tilskipun, vaxta- og þóknanatilskipun nr. 2003/49/EB, sem hefur það beinlínis að markmiði að afnema afdráttarskatta á vaxtagreiðslur milli félaga innan sambandsins. Sú fullyrðing í greinargerð frumvarpsins virðist því fullkomlega úr lausu lofti gripin að þetta sé andinn í skattalöggjöf í þeim löndum sem við svo oft berum okkur saman við. Við getum kannski huggað okkur við að það verður þá tekið úr sambandi ef við lendum inni í Evrópusambandinu. En það er annað mál.

Í öðru lagi er það ekki rétt sem segir í greinargerð frumvarpsins og það sem hv. frummælandi sagði áðan að verið sé að skattleggja móttakanda vaxtagreiðslna, þó að það sé vissulega tilgangur þessa ákvæðis. Það verða í raun íslensk fyrirtæki og einstaklingar sem bera afdráttarskattinn af vaxtagreiðslunum. Ástæðan fyrir þessu er sú að lánveitandinn leggur upp með að fá visst endurgjald af lánsfjármagninu og ef kostnaðurinn eykst við lánveitingu, til að mynda vegna afdráttarskattsins er þeim kostnaði velt á lántakann. Í skuldabréfum útgefnum á alþjóðlegum fjármálamarkaði og almennum lánasamningum eru m.a. stöðluð ákvæði í þessa veru, svonefnd „gross-up“ ákvæði. Ég vil kannski endurtaka það að þetta eru stöðluð ákvæði í lánasamningum, að það sé ekki lánveitandi sem beri kostnaðinn heldur sé honum velt sjálfkrafa yfir á lántakandann. Þessi ákvæði fela það í sér að ef eigandi skuldabréfsins þarf að greiða afdráttarskatta af vaxtagreiðslum þá skuldbindur útgefandi bréfsins, þ.e. lántaki, sig til að greiða hærri vexti svo að lánveitandi verði jafnsettur og ef engum skatti væri haldið eftir. Hærra vaxtaálag leiðir því eðli málsins samkvæmt til aukins fjármögnunarkostnaðar hjá lántakanda.

Í nefndarálitinu er tafla á bls. 12 þar sem sýnt er fram á að þetta mun ekki gilda hjá flestum eða öllum þeim ríkjum sem við eigum tvísköttunarsamninga við. En það er ekki allt sem sýnist þar eins og ég mun rekja.

Í þriðja lagi er mikilvægt að leiðrétta ummæli í greinargerð frumvarpsins þar sem segir að í þeim tilfellum þar sem tvísköttunarsamningar eru í gildi ætti skattbyrði móttakanda vaxtanna ekki að aukast því að þeir eiga „rétt á endurgreiðslu/frádrætti í sínu heimaríki“. Raunin er sú að veruleg hætta er á tvísköttun vaxtatekna þrátt fyrir tvísköttunarsamninga þar sem Ísland innheimtir afdráttarskattinn af brúttóvaxtagreiðslu á meðan heimaríki miðar aftur á móti endurgreiðsluna eða frádráttinn yfirleitt við nettóvaxtatekjur. Vegna þessa getur heildarskattlagning vegna vaxtagreiðslna jafnvel orðið hærri en nettótekjur lánveitandans voru vegna lánsins. Afar ólíklegt er að lánveitendur mundu sætta sig við slíkt.

Efnahags- og skattanefnd fékk dæmi um hvernig þetta gæti gerst, dæmi af orkufyrirtæki sem er með lán hjá belgískri fjármálastofnun, en Belgía er eitt af þeim löndum sem við erum með tvísköttunarsamning við, og er sagt að það mundi ekki hafa áhrif til kostnaðarauka fyrir Íslendinga. Þetta dæmi af þessu fyrirtæki er unnið af hinni virtu alþjóðlegu endurskoðunarskrifstofu Deloitte, sem er næstum því jafnoft nefnd í þessum sal og Mats Josefsson. Þar kemur fram ótvírætt að kostnaðurinn af þessu tiltekna láni sem dæmið er tekið um muni aukast um 11 milljónir ef frumvarpið yrði að lögum.

Jafnframt hafa fyrirtæki bent á að komið geti upp sú staða að lánasamningum verði sagt upp í kjölfarið á þessari breytingu vegna þess að forsendur fyrir lánum hafi breyst. Því sem haldið er hér fram eða andi þessarar greinar í frumvarpinu er bara alls ekki réttur. Þetta er raunveruleg hætta og við höfum ítrekað verið vöruð við úr mörgum áttum í nefndinni að þetta gæti orðið hættulegt.

Núna meðan Íslendingar berjast við að fjármagna sig á alþjóðlegum mörkuðum og halda þeim lánum sem þeir eru með á alþjóðlegum mörkuðum væri það algjör firra að tefla þeim samningum í tvísýnu og minnka líkurnar á því að fyrirtæki geti fjármagnað sig á alþjóðlegum mörkuðum vegna þess að við Íslendingar þörfnumst erlends fjármagns svo mjög.

Í fjórða lagi er talsverður fjöldi lánveitenda á alþjóðlegum mörkuðum ekki skattskyldur í sínu heimaríki. Þar má nefnda t.d. erlenda lífeyrissjóði og ýmsa fjárfestingarsjóði. Þá er ekki um að ræða neinar skattgreiðslur þessara aðila í þeirra heimaríki og því er enginn skattur í heimaríkinu sem hægt er að nota til að draga greiddan afdráttarskatt hérlendis frá. Afdráttarskatturinn hérlendis er því ófrádráttarbær/óendurgreiðsluhæfur kostnaður fyrir slíka aðila. Af þessum sökum leitast þeir við að veita lán í ríkjum þar sem enginn afdráttarskattur er lagður á vaxtagreiðslur þeim til handa. Ákvæði þetta væri því í raun að fækka þeim aðilum sem tilbúnir væru að fjármagna íslensk fyrirtæki og ekki eru þeir nú svo margir fyrir um þessar mundir.

Menn gætu sagt sem svo að þetta séu bara einhverjir fjárfestingarsjóðir og fjármálastofnanir sem eru í skattaskjólum og við fáum ekki fjármagn þaðan. Þetta er ekki alls kostar rétt vegna þess að þetta ákvæði á einmitt nákvæmlega við um marga lánveitendur íslensku bankanna sem voru hér fyrir hrun, sem eru reyndar orðnir að kröfuhöfum núna. Ef þeir gætu hugsað sér að lána Íslendingum aftur mundi þetta ákvæði væntanlega verða til að letja þá til þess að lána til Íslands.

Óþarfi er að fjölyrða frekar um slæmar afleiðingar þessa ákvæðis fyrir íslenskt atvinnulíf. Verði frumvarpið að lögum mun aðgengi innlendra fyrirtækja að fjármagni á erlendum fjármagnsmörkuðum versna og það litla fjármagn sem stæði til boða yrði dýrara. Íslenskt atvinnulíf þarf nú, sem aldrei fyrr, á virku aðgengi að erlendu lánsfjármagni á viðunandi kjörum að halda.

Það mun skipta sköpum fyrir endurreisn landsins. Ef markmiðið er að loka fyrir skattundanskot, líkt og rætt er um í athugasemdum frumvarpsins, er rétt að benda á að íslensk skattyfirvöld hafa nú þegar heimildir til þess að líta fram hjá viðskiptum sem fela í sér skattasniðgöngu.

Eins og ég sagði áðan munu nefndarmenn sem standa að þessu minnihlutaáliti koma hér einn af öðrum og ræða einstakar greinar frumvarpsins vegna þess að þetta var einungis toppurinn á ísjakanum sem ég krafsaði í þarna. Þetta frumvarp er unnið af hugsunarleysi, áhrifin af því eru ekki þekkt þannig að minni hlutinn hefur þurft að fara út í einhvers konar hagfræðivinnu til að gera sér grein fyrir hver áhrifin verða á hagkerfið, sem er náttúrlega algjörlega forkastanlegt.

[15:56]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þá hefur hv. þm. og hagfræðingur Tryggvi Þór Herbertsson talað. Hann fór mikinn um miklar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar en fjallaði minna um niðurskurðinn.

Mig langar að beina einni lítilli spurningu til hv. þingmanns. Þegar efnahags- og skattanefnd tók þetta mál til umfjöllunar vísaði hún því til fleiri nefnda, m.a. til félags- og tryggingamálanefndar. Minni hlutinn skilaði þar ekki minnihlutaáliti og stóð ekki að meirihlutaáliti. Hann kom inn á það í máli sínu hér, sem við erum sammála um, að verið væri að skera niður til að mynda hjá öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Mig langaði að spyrja hann að því hver hans sýn er á það.

Eins þegar þú talar um rekstrarkostnað og að ná niður rekstrarkostnaði, er rekstrarkostnaður í félags- og tryggingamálaráðuneytinu sá rekstrarkostnaður sem hv. þingmaður vill ganga inn í? Vill hann ganga inn í þjónustu við fatlaða sem er stærsti hluti af rekstrarkostnaði félags- og tryggingamálaráðuneytisins? Mig langar að spyrja hann að því hvort hann trúi því virkilega að niðurskurður með þessum hætti bitni á þeim sem minnst mega sín í þessu samfélagi, ég vil fá það hreint út frá hagfræðingnum hvort það er sú leið sem hann vill fara.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann um að beina orðum sínum til hæstv. forseta og ávarpa þingmenn með viðeigandi hætti.)

[15:58]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Tryggvi Þór Herbertsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Til þess að svara þessari spurningu er kannski rétt að vísa beint í ræðu mín áðan. Þar tók ég sérstaklega fram að mér þætti það súrt í broti að ráðast þyrfti hér á öryrkja og aldraða og þá sem eru á bótum til þess að standa undir þeim sparnaði sem hæstv. ríkisstjórn hefur kynnt okkur. (**JónG:** Það er leið jafnaðarmannaflokkanna.) Já, það er leið jafnaðarmannaflokkanna, þakka þér fyrir það, hv. þingmaður.

Sú leið sem ég vil fara er ekki að fjármagna þetta með því að skera niður bætur til fatlaðra. Það er barnalegur útúrsnúningur að gefa það í skyn. Rétt eins og hv. þm. Helgi Hjörvar benti hér á er rekstur ríkisins rúmir 200 milljarðar og ef mér skjátlast ekki er þar af einhverju að taka. Við þurfum ekki að ráðast á fatlaða, við þurfum ekki að ráðast á öryrkja, við þurfum ekki að ráðast á aldraða þrátt fyrir að jafnaðarflokkarnir vilji gera það.

Þetta er engin hagfræði. Þetta er bara að vera maður og kunna að finna til með samborgurum sínum, hv. þingmaður.

[16:00]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Hv. þingmaður vænir mig um útúrsnúning í þessu máli. En ég vil enn og aftur segja í þessari umræðu að ég held að hv. þingmanni væri það hollt að skoða félags- og tryggingamálaráðuneytið, skoða heilbrigðisráðuneytið, sjá svolítið það sem þar er í gangi, setja sig inn í þetta. Það væri hollt fyrir hv. þingmann. En það væri ekki gott fyrir þá sem þjónustuna þurfa að nota.

[16:00]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Tryggvi Þór Herbertsson) (S) *(andsvar)***:**

Hv. þingmaður ætlar mér mikið. Ég er ekki viss um að hv. þingmaður viti alveg hvað gengur á í hugskoti mínu. (**ÁsmD:** Guði sé lof.) Það sem meira er, hv. þingmaður veit það kannski ekki en mér er fullkunnugt um hvernig þessi kerfi öllsömul byggjast upp. Ég var til dæmis yfir einni stærstu úttekt sem hefur verið gerð á þessu kerfi og veit alveg nákvæmlega hvernig það er upp byggt. Á þeirri reynslu minni byggi ég þær skoðanir mínar að við eigum ekki að ráðast að fötluðum, öryrkjum og gamalmennum eins og jafnaðarmannaflokkarnir vilja gera. Það er á því sem ég byggi þá skoðun mína, auk þess, eins og ég sagði áðan, að hafa einhvers konar sammannlega kennd með því fólki. Það er bara svo einfalt.

Ég vil fara aðrar leiðir. Við sjálfstæðismenn höfum bent á leiðir, hvernig væri hægt að komast út úr þessum hrikalegu kringumstæðum sem við erum í. Það er eitt sem ég ætla að gera hv. þingmanni algjörlega ljóst. Það er að ég geri mér fullkomlega grein fyrir því hvert ástandið er og ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það þarf að gera eitthvað í hlutunum. En þú skalt ekki gera þér neinar vonir um það að ég vilji gera það með því að ráðast að öryrkjum, gamalmennum og fötluðum eins og jafnaðarmannaflokkarnir vilja gera.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna þingmann og þingmenn enn og aftur um að ávarpa forseta en ekki hverjir aðra beint.)

[16:02]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður Tryggvi Þór Herbertsson er talsmaður okkar í minni hlutanum og hefur hér reifað helstu ákvæði tillögu minni hlutans. Þó eru nokkrar greinar sem ég ætla að fylgja betur eftir.

Það hefur komið fram í þessari umræðu og á síðustu dögum að þær aðgerðir sem þessi svokallaða vinstri velferðarstjórn er að fara í eru mjög sársaukafullar fyrir heimilin og fjölskyldurnar í landinu og er mér tjáð í hv. efnahags- og skattanefnd að það sé hluti af prógrammi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að hafa aðgerðirnar í niðurskurði sársaukafullar fyrir heimilin og fjölskyldurnar í landinu. Sálfræðin á bak við það er víst að gera okkur trúverðug í augum heimsins þannig að það sjáist svo sannarlega að það sé verið að taka á málunum og er þetta frumvarp sem hér ligg-

ur fyrir með niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar í raun og veru fórnarkostnaðurinn fyrir því. Það er afar einkennilegt, sérstaklega í ljósi þess að sjálfstæðismenn hafa lagt fram algjörlega frábæra tillögu um tekjur ríkissjóðs. Meira að segja hafa þeir helmingað hana og bent á tillögu varðandi það að skattleggja tekjur lífeyrissjóðanna við innborgun en ekki útborgun upp á 40 milljarða og skil ég í raun ekki af hverju þessi tillaga er ekki skoðuð betur. Henni hefur í raun verið hafnað af ríkisstjórninni eins og öllum öðrum góðum tillögum sem frá stjórnarandstöðunni koma. Í stað þess er ráðist á lítilmagnann. Það er verið að ráðast hér á eldri borgara og það er verið að ráðast á ellilífeyrisþega. Með þessu frumvarpi er ráðist á alla þá sem höllum fæti standa.

Bendi ég hér, fyrir utan það sem ég hef minnst á, á 5. gr. frumvarpsins. Það er að vísu aðeins utan þess sem ég er að tala um að verið sé að ráðast á. 5. gr. fjallar um að fjármálafyrirtækin séu engan veginn í stakk búin til þess að taka á þeim erfiðleikum og kostnaði sem því fylgir að skipta greiðslunum upp í fjögur skipti á ári. Það komu aðilar fyrir nefndina sem ítrekuðu það. Lögin eiga að taka gildi 1. júlí og það er ekki búið að vinna neinn grundvöll eða undirbúningsvinnu fyrir því að þetta sé hægt þannig að það er nú eitt af því sem er svo skrýtið í þessu.

En nú ætla ég að tala um þá sem minna mega sín og þá sem eiga undir högg að sækja og sýna fram á það hvernig þessi ríkisstjórn er að höggva skarð í raðir þeirra sem mega sín minna. Það er til dæmis gjafsóknarákvæðið í 20 gr. Þar er lagt til að það verði stórkostlega lækkað. Gjafsóknarákvæðið var endurskoðað í fyrra á Alþingi og þar voru gjafsóknarákvæðin mjög þrengd. Nú á að lækka það enn frekar. Þetta er algjörlega óásættanleg aðgerð að okkar mati sem að minnihlutaálitinu standa því að þegar upp er staðið er það grunnréttur hvers einstaklings að geta — þ.e. ef réttur er á einstaklingi brotinn þá er það grunnréttur hans í lýðræðisríki að geta sótt rétt sinn og fengið til þess gjafsókn ef viðkomandi hefur ekki nógu mikið fé til þess að sækja hann. Þarna er enn verið að höggva í það og skilar þetta örfáum milljónum í ríkissjóð eins og raunverulega kannski flestar þessar tillögur sem hér liggja fyrir, 20. gr., 21., 22. og 29., þannig að það er verið að vega að þeim sem minnst mega sín.

Önnur grein er 21. gr. Það er mjög alvarlegt að þar er verið að spara eða skera niður. Í 21. gr. og 22. gr. er fjallað um þá sem taka að sér varnir fyrir þá sem lenda í erfiðum sakamálum, eru fórnarlömb erfiðra sakamála. Þetta er um verjendur þeirra og réttargæslumenn. Réttargæslumenn vinna mjög gott starf og oft og tíðum eru þetta erfið störf því að þeir fá sína umbjóðendur sem hafa lent í alvarlegustu brotunum samkvæmt hegningarlögunum. Þá erum við að tala um jafnvel morð, nauðganir og kynferðisafbrot. Það er verið að leggja til að laun þeirra verði lækkuð og svo verjenda þeirra aðila sem er skipaður verjandi.

Að mínu mati er þetta alveg einstaklega óeðlilegt því að við höfum horft fram á að það er að brotna upp úr þessu réttarríki sem við búum í. Hér er löggjafinn að fara fram með óvandaða löggjöf eins og ég hef sagt áður. Hér á landi er ekki, samkvæmt fréttum í síðustu viku, hægt að fullnusta refsingar því að dæmdir aðilar, þeir sem hafa dæmdir verið til að greiða sekt greiða ekki. Það er sífellt verið að þrengja að þessu og það er sífellt að molna undan réttarríkinu. Þetta er enn eitt dæmið um það að jafnvel þeir sem lenda í þessu óvart — oft og tíðum er þetta árásir eða annað slíkt — fá kannski ekki bestu aðilana til þess að verja sig eða flytja mál sitt fyrir dómstólum. Þarna er jafnvel verið að búa til einhverja leið til þess að þeir aðilar sem þessi skilyrði uppfylla, þ.e. lögfræðingar og lögmenn, að þeir kannski sorterast þarna inn sem fá ekki vinnu annars staðar. Þessir aðilar eiga að verja og halda uppi réttindum fyrir þá sem hafa lent í svona alvarlegum brotum.

Ég geld mikinn varhuga við þessu og svo fyrir utan það er ríkisstjórnin með framlagningu þessa frumvarps að leggja það til að rétturinn til — dómstóláráð hefur hingað til ákvarðað laun þessara aðila. En nú er sá réttur tekinn af því og þetta er fyrsta og ekki eina skiptið sem löggjafanum er ætlað að ryðjast inn í sjálfskipaðar stjórnsýslunefndir sem eru þannig skipaðar að löggjafinn á ekkert að hafa með þær að gera eins og ég benti á áður í ræðu, kjararáð, og nú síðast í 29. gr. er löggjafanum ætlað að rjúka inn í sjálfstætt starfandi stjórnsýslunefnd, sem er óbyggðanefnd og setja lög um að störf hennar frestist.

Þetta eru algjörlega óásættanleg vinnubrögð hvernig er farið fram með þetta frumvarp eins og önnur sem þessi ríkisstjórn leggur fram, sem sýnir það að tíminn er naumur. Það vita allir. En nú er þó nokkuð liðið frá kosningum og enn þá lengra liðið frá því að þessi ríkisstjórn tók formlega við þannig að ég spyr enn og aftur: Hvað hafa þessir flokkar verið að gera? Út af hverju er ekki einhver löglærður maður, einstaklingur sem situr við hliðina á þessari ríkisstjórn, heldur í hendina á henni og segir hvað megi og hvað ekki og hvað skarist á við lög og hvað ekki og jafnvel hvað skarist hér á við stjórnarskrá og hvað ekki? Það er algjörlega ófært að löggjafarvaldið sé orðið þannig raunverulega núna að það er farið að valta yfir nefndir sem það hefur ekkert með að valta yfir því að framkvæmdarvaldið valtar svo þar á undan yfir löggjafarvaldið.

Ég er mjög hugsi yfir þessari þróun sem hefur átt sér stað eftir hrunið. Ég er mjög hugsi yfir því hvernig allt er orðið laust í reipunum. Ég er mjög hugsi yfir því hvernig framkvæmdin er orðin og ég er mjög hugsi yfir því til dæmis hvernig rannsóknaraðilar starfa. Við verðum að taka okkur saman í andlitinu. Löggjafinn verður að fara hér eftir þeim lögum sem hann setur sjálfur. Það er grunnskilyrði til þess að við getum búið hér í alvöruréttarríki því að ef löggjafinn tekur ekki mark á sér sjálfur hvernig eiga þá þegnarnir sem eiga að fara eftir lögunum sem Alþingi setur að fara eftir þeim?

Þetta eru þær athugasemdir sem ég geri við þetta nefndarálit minni hlutans. Ég gæti haldið hér langar ræður um þær greinar sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson fór yfir. En til þess að spara tíma og vera ekki að tvítyggja og þrítyggja hlutina þá skiptum við þessu svona niður. Ég læt þessu lokið að sinni og ég vonast til að þær lagagreinar sem ég hef hér talað fyrir fái meðferð og þeim verði breytt í meðförum þingsins.

[16:12]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég stíg í ræðustól Alþingis til þess að mæla fyrir áliti meiri hluta í hv. félags- og tryggingamálanefnd. Hv. efnahags- og skattanefnd fól okkur að fjalla um þá þætti frumvarpsins sem lúta að málefnum sem falla undir félags- og tryggingamál. Hv. þm. Helgi Hjörvar hefur þegar greint frá breytingum á tryggingagjaldi og gjaldi í Ábyrgðarsjóð launa en nefndin fjallaði auk þessara mála um breytingu á lögum um almannatryggingar þar sem lögð er til lækkun á frítekjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar auk þess sem afnumin verði heimild ellilífeyrisþega til að velja á milli frítekjumarks og þess að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Þá er lögð til skerðing grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna, skerðing aldurstengdra örorkubóta vegna tekna og hækkun skerðingarhlutfalls tekjutrygginga. Að lokum er lagt til að sett verði sérstakt frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar.

Auk þessara breytinga er lagt til að skerðingarhlutfall tekjutryggingar hækki úr 38,38% í 45% frá næstu mánaðamótum til loka ársins 2013 og er þar með horfið til þess skerðingarhlutfalls sem var í gildi á árinu 2006 en það hefur farið lækkandi undanfarin ár.

Hv. þingmönnum úr minni hluta hefur verið hér tíðrætt um níðingsverk núverandi stjórnar í garð öryrkja og ellilífeyrisþega. Það er merkilegt að hlusta á þessi orð í ljósi þess að það var Samfylkingin og formaður hennar, hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, sem beitti sér af alefli fyrir því að leiðrétta kjör þessara hópa eftir langa valdasetu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks þar sem kjör örorku- og ellilífeyrisþega höfðu dregist langt aftur úr annarra kjörum.

Virðulegi forseti. Það væri auðvelt fyrir mig að standa hér og barma mér yfir því að þurfa að taka þessar ákvarðanir og okkur í meiri hlutanum, (Gripið fram í.) en þetta eru aðgerðir sem við erum neydd til að grípa til. Þegar við stóðum frammi fyrir þessu verkefni höfðum við þrennt að leiðarljósi. Við ætluðum að tryggja að lífeyrir þeirra sem minnst hafa héldist óbreyttur og við vildum tryggja að ekki drægi úr atvinnuþátttöku öryrkja þannig að þeirra frítekjumark á atvinnutekjur er óbreytt og við lögðum mikið upp úr því að þurfa ekki að setja á makatengingar aftur enda eru þær andsnúnar þeirri mannréttindahugmyndafræði sem bæði Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin vinna út frá.

Fulltrúar hagsmunahópa eldri borgara og öryrkja komu á okkar fund og það er virðingarvert að þessir hópar ítrekuðu að þeir skoruðust ekki undan því að taka á sig byrðar í því ástandi sem nú ríkti. En fulltrúar þessara hópa bentu jafnframt á að þeir telji að einstaklingar í þessum hópi eigi ekki að bera hlutfallslega meiri byrði en aðrir. Þetta tökum við heils hugar undir. Varðandi yfirferð hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar á því hvernig við deildum þessum byrðum þá tel ég rétt að taka hér fram að á árinu 2010 er ekki gert ráð fyrir frekari skerðingum í almannatryggingakerfinu, þ.e. þeim þætti sem varðar bætur til elli- og örorkulífeyrisþega.

Nú er það svo að hér hefur verið harmað, frú forseti, að við göngum ekki lengra í niðurskurði, að við tökum of mikið inn í sköttum og að við skerðum of mikið í bótum. Við förum inn í bæturnar núna. Við munum ekki fara inn þær frekar á næsta ári. Síðan get ég glatt hv. þingmenn ... (**TÞH:** ... bara 11 milljarðar á næsta ári ...) Ekki í elli- og örorkulífeyrisgreiðslum. (**Gripið fram í:** ...greiðslan.) (**TÞH:** Elli og örorkulífeyririnn er 3,7 milljarðar. Það er ...) Já, það eru heildarársáhrifin af þessum skerðingum á næsta ári.

Ég get glatt hv. þingmenn með því, ef það er þeim gleðiefni, að árunum 2011, 2012 og 2013 verður enn haldið áfram að fara inn í reksturinn. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki í ...) Þá getum við staðið hér væntanlega og fagnað því saman. Það verður áhugavert að heyra ánægjuna með það. En hvað varðar breytinguna sem laut að óbyggðanefnd þá mátti þar augljóslega alls ekki skera. Þegar það kemur inn í reksturinn er hér tillaga ... (Gripið fram í.) Já, það má vel vera. En ég held að það væri ... (**TÞH:** Þetta er nú alveg fyrir neðan ... sko.) (**Gripið fram í:** ... ekki atkvæðagreiðslu.)

Virðulegi forseti. Ég ætla að lesa hér um heildaráhrif úr áliti meiri hluta nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn hefur fullan skilning á aðhaldsþörf í ríkisfjármálum í því ástandi sem nú ríkir en áréttar þó að aldraðir og öryrkjar eru þeir þjóðfélagsþegnar sem búið hafa við hvað bágust kjör ... Nefndin ræddi breytingar sem ætlað er að auka tekjur ríkissjóðs sem og draga úr útgjöldum. Áætluð tekjuaukning af breytingum I. og II. kafla er 12,5 milljarðar kr. á ársgrundvelli eða 7 milljarðar kr. á árinu 2009. Sparnaður af breytingum á lögum um fæðingar- og foreldraorlof er áætlaður um 350 millj. kr. á ársgrundvelli og með breytingunum á lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir heildarsparnaði um 3.650 millj. kr. á ársgrundvelli. Þær breytingar sem lagðar eru til á almannatryggingum hafa áhrif á um 28 þúsund elli- og örorkulífeyrisþega. Ljóst er því að um víðtækar og miklar breytingar er að ræða. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að heildaraðgerðir til sparnaðar og tekjuauka lendi ekki með mestum þunga á þeim einstaklingum sem tekjulægstir eru. Þá telur meiri hlutinn að þess hafi verið gætt að standa vörð um þá sem verst eru settir. Meiri hlutinn áréttar þörf þess að þrátt fyrir þröngan ríkisbúskap verði gætt þeirra sanngirnis- og jafnræðissjónarmiða sem velferðarkerfi Íslendinga byggist á.“

Þá vil ég einnig taka fram að inn í þetta álit koma tvær breytingartillögur tæknilegs eðlis. Önnur þeirra er ákvæði til bráðabirgða sem tryggir að lækkun frítekjumarks atvinnutekna á lífeyrisþega lendi ekki á örorkulífeyrisþegum. Síðari breytingartillagan felur í sér að breytingar sem gerðar eru á fæðingarorlofi nái jafnframt til barna sem eru ættleidd eða tekin í fóstur.

Undir nefndarálitið skrifuðu Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Guðbjartur Hannesson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir og Guðmundur Steingrímsson, með fyrirvara.

[16:21]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum og mig langar að byrja á því að segja að ég hef kynnt mér nefndarálit meiri hlutans og nefndarálit frá minni hlutanum líka. Ég ætla að leyfa mér að vísa sérstaklega til nefndarálits minni hluta nefndarinnar sem myndaður er af þeim Pétri H. Blöndal og Tryggva Þór Herbertssyni og verð að segja að þar er að finna alveg óvenjugott yfirlit yfir áhrif þeirra aðgerða sem hér er verið að grípa til. Mig langar til að þakka þeim nefndarmönnum sérstaklega fyrir þeirra vinnu og þeirra framlag til þeirrar umræðu sem hér fer fram.

Það er um þetta mál almennt að segja að það ber með sér að ríkisstjórnin ætlar í upphafi að vinna á þeim mikla vanda sem við er að fást með því að leggja áherslu á aukna skattheimtu, með hækkun skatta. Um þetta vil ég segja að ég held að ríkisstjórnin sé á rangri braut. Ég held að ríkisstjórnin sé um of að einblína á hærri skatta sem uppsprettu nýrra tekna fyrir ríkið. Þetta er býsna alvarlegt mál vegna þess að nýjar álögur á heimilin og fyrirtækin draga ekki bara úr þróttinum í hagkerfinu eins og vikið hefur verið að hér í umræðunni og ágætlega er farið yfir í þessu nefndaráliti sem ég vísaði til heldur mun það beinlínis valda því að sú lægð sem við erum að ganga í gegnum núna getur orðið langvinnari. Það getur tekið okkur lengri tíma ef við förum rangar leiðir núna í upphafi kreppunnar að vinna bug á ástandinu.

Ég vil líka láta þess getið hér í þessari umræðu að það kemur margoft fram af hálfu stjórnarliðanna að það sé dapurlegt að þurfa að ganga á velferðarkerfið, sérstaklega í ljósi þess að fyrri ríkisstjórnir hafi ekki nýtt góðærið til þess að styrkja það, til þess að styrkja velferðarkerfið, að fyrri ríkisstjórnir hafi látið beinlínis undir höfuð leggjast að verja auknum fjármunum til velferðarmála á þeim tímum sem ríkissjóður var aflögufær. Þessar rangfærslur verður að leiðrétta í þessari umræðu.

Ég ætla að leyfa mér að vísa máli mínu til stuðnings í vefrit frá fjármálaráðuneytinu frá því í febrúar, frá 12. febrúar, um það bil tólf dögum eftir að núverandi hæstv. fjármálaráðherra tók þar við lyklavöldunum. Þá kom út ágætisyfirlit yfir útgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga og velferðarmála síðustu tíu árin.

Ég ætla að lesa aðeins úr inngangi vefritsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt fjárlögum 2009 verða útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála samtals um 127 milljarðar króna. Frá árinu 1999 til ársins 2009 er áætlað að útgjöld í þessum málaflokki aukist um 56 milljarða króna og er þá tekið tillit til verðlagsbreytinga. Það jafngildir 79% aukningu að raungildi.“

Það jafngildir 79% aukningu að raungildi á þessu tíu ára tímabili. Þar með held ég að öll umræðan um að góðærið hafi ekki verið nýtt til þess að styrkja velferðarkerfið, til þess að auka framlög til almannatrygginga og velferðarmála sé endanlega kveðin í kútinn með vefriti fjármálaráðuneytisins sjálfs. Nú nema menn vilji koma hingað upp og hrekja þessar tölur.

Ef við skoðum þetta aðeins nánar sjáum við til dæmis að elli-, örorku- og ekkjulífeyrir hækkaði frá árinu 1999, þegar hann nam 37 milljörðum og rúmum 600 milljónum, 37,6 milljörðum, í 62 milljarða eða um 25 milljarða á ári. Á árinu 2009 er sem sagt verið að leggja upp með elli-, örorku- og ekkjulífeyri 25 milljörðum hærri fjárhæð á ári en var gert árið 1999.

Hér væri hægt að grípa niður í einstaka aðra flokka eins og til dæmis málefni fatlaðra þar sem áður, á árinu 1999 var varið 6,4 milljörðum en á árinu 2009 11,2, þ.e. 4,8 milljarða hækkun í þann málaflokk á ársgrundvelli, á hverju ári. Það er 75% aukning í þann málaflokk. Mestur var samt vöxturinn í atvinnuleysisbótunum. Auðvitað kemur það ekki til af góðu. En afgerandi hækkun var til allra málaflokka yfir þetta tíu ára tímabil. Það er því beinlínis rangt sem haldið er fram í umræðunni um þá skerðingu sem núna er að eiga sér stað í þessum málaflokkum og tengjast öðrum þingmálum sem hér eru til meðferðar í þinginu að þetta sé dapurlegt í ljósi sögunnar. Þvert á móti hafa framlögin verið stóraukin í þessa málaflokka.

Við sjálfstæðismenn höfum einkum bent á tvennt þegar kemur að því hvernig megi bæta fyrir hinn mikla tekjumissi ríkisins. Í fyrsta lagi höfum við vakið athygli á leið til þess að auka tekjurnar með því að gera kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna. Það liggur fyrir og var fyrirsjáanlegt reyndar áður en tillagan kom fram að af hálfu aðila vinnumarkaðarins eru settir miklir fyrirvarar við þetta og það er skiljanlegt vegna þeirra hagsmuna sem þar er meðal annars verið að verja. Það er líka skiljanlegt af öðrum ástæðum vegna þess að við höfum sjálfir sagt að með þessu dregur úr þjóðhagslegum sparnaði.

Hafi einhver haldið að Sjálfstæðisflokkurinn væri sá stjórnmálaflokkur á Íslandi sem væri líklegur til þess að koma hér fram á þingið með tillögur um að auka tekjur ríkissjóðs um marga tugi milljarða þá annaðhvort þekkir viðkomandi sögu Sjálfstæðisflokksins ekki vel eða þá hitt að hann gerir sér ekki grein fyrir því hversu óvenjulegar aðstæðurnar eru sem við búum við í dag. Það eru einmitt hinar óvenjulegu aðstæður sem gera það að verkum að við höfum teflt fram þessari hugmynd þrátt fyrir að með henni dragi úr þjóðhagslegum sparnaði. Það er vegna þess að ef menn fara ekki einhverja leið af þessum toga sem eykur tekjur ríkisins án þess að leggja nýjar byrðar á heimilin og atvinnustarfsemina munu menn þurfa að taka afkomubatann allan í gegnum skatta og niðurskurð. Það er einmitt þess vegna sem við erum að gagnrýna það mál sem við ræðum í dag. Í fyrsta lagi hafa menn gengið allt of skammt fram í niðurskurðartillögunum og það er allt of mikil áhersla lögð á skattana. Skattarnir eru ekki óheppilegir bara vegna þess að þeir draga úr framfærslu eða ráðstöfunartekjum heimilanna og leggja nýjar byrðar á atvinnustarfsemina. Það er ekki eitt og sér vandamálið. Hættan er sú að þetta muni lengja það tímabil sem það tekur okkur að koma hagkerfinu aftur í gang og fara að skapa að nýju störf.

Þá erum við komin að einu sem ég held að verði smám saman mergur málsins, mál málanna í allri efnahagsumræðu á næstu missirum og það eru atvinnumálin. Þetta frumvarp er augljóslega ekki til þess fallið að gera neitt í atvinnumálum. Það er verið að leggja nýjar byrðar á atvinnustarfsemina og tryggja þannig að við höfum úr þeim bótum

að spila sem þarf til þess að mæta framfærslu atvinnulausra. En það vantar allar hugmyndir, meðal annars skattahugmyndir um það hvernig við getum skapað hvata inn í hagkerfið til þess að skapa ný störf og fá fyrirtækin til þess að ráða til sín fólk. Það þarf ekkert að finna upp hjólið í þeirri umræðu. Við getum bara horft til þeirra fordæma sem við getum séð hvarvetna í löndunum í kringum okkur sem hafa gripið til þess ráðs að koma með skattalega hvata til atvinnustarfseminnar til þess að ýta undir vilja hjá þeim til þess að ráða til sín fólk.

Í efnahagstillögum Sjálfstæðisflokksins vikum við að hugmyndinni um að auka við skattfrádrátt vegna rannsókna og þróunar, þ.e. að fyrirtæki sem leggja út í viðbótarkostnaðeða út í fjárfestingu til rannsókna og þróunar fái til þess skattalega hvata og þar með eru komnir hvatar fyrir viðkomandi fyrirtæki til þess að ráða til sín fólk. Sums staðar hefur verið farin sú leið hreinlega að veita sérstakan skattafslátt fyrir hvert starf sem er skapað hjá viðkomandi fyrirtæki, jafnvel fyrir hvern starfsmann sem viðkomandi fyrirtæki ræður. Það geta verið tímabundnir hvatar. Þeir geta verið sex mánuðir, tólf mánuðir, átján mánuðir eða annað. En nei, við fáum engar slíkar hugmyndir frá þessari ríkisstjórn. Hún hefur skellt skollaeyrum við öllum hugmyndum í þá veruna. Það eina sem henni dettur í hug er að hækka skattprósentuna alls staðar og horfir algjörlega fram hjá þeirri staðreynd hversu mjög þetta getur dregið úr öllum drifkrafti í hagkerfinu og valdið viðbótarvanda, viðbótarvanda fyrir fyrirtæki sem nú þurfa að auka framlög sín til atvinnuleysistryggingagjaldsins. Við skulum bara athuga það að á næsta ári og því sem eftir lifir af þessu ári er með þessu frumvarpi verið að ákveða að auka um 18 milljarða byrðarnar á atvinnulífið bara út af atvinnuleysistryggingagjaldinu. Þetta veldur því beinlínis að fyrirtækin hafa úr minna fjármagni að spila til þess að ráða til sín fólk og getur jafnvel líka valdið því að fyrirtækin þurfa, eins og bent hefur verið á í nefndaráliti, ýmist að lækka laun eða hreinlega segja upp fólki sem síðan tekur þá við fjármununum sem er verið að gera þessum sömu fyrirtækjum að greiða núna.

Við höfum í allri okkar nálgun við þann vanda sem við er að glíma tekið undir með þeim sem segja að það þurfi óvenjulegar ráðstafanir og við þurfum að taka mjög á því til þess að hífa okkur upp úr þessu. Við viljum benda á að með því að endurvekja skattstofnana til dæmis með því að skapa ný störf getum við unnið okkur hraðar út úr þessu heldur en með því að reyna að skattleggja okkur út úr vandanum. Ég gerði það hér fyrr í umræðunni í dag að lýsa yfir ákveðinni furðu á viðmóti aðila vinnumarkaðarins, þ.e. hversu mjög langt þeir voru tilbúnir til að ganga í nýjum álögum, nýjum sköttum, til þess að skapa stöðugleikann og ég óttast að þetta geti orðið til þess að draga málin á langinn.

En hvað gera ný störf fyrir ríkissjóð? Tuttugu þúsund ný störf er það sem okkur vantar. Okkur vantar 20 þúsund ný störf. Þau munu bæta afkomu ríkissjóðs um 60 milljarða. Hvar eru þessar tillögur? Hvar eru hugmyndirnar um það hvar nýju störfin eiga að verða til? Hvar eru tilslakanir, hliðranir, hvatar, skattalegir eða af öðrum toga fyrir atvinnufyrirtækin til þess að slík störf geti orðið til? Þær hugmyndir er ekki að finna í þessu máli og við því hljótum við að bregðast með harðri gagnrýni.

Að öðru leyti vil ég bara taka undir þær áherslur sem koma fram í nefndaráliti hv. þingmanna Péturs H. Blöndals og Tryggva Þórs Herbertssonar sem lýsa málinu ágætlega. Meðal þeirra tillagna sem eru í þessu frumvarpi — ég ekki að rekja þær hér lið fyrir lið — eru gamlir kunningjar eins og til dæmis aukin skattlagning á vaxtagreiðslur út úr landinu. Ég sat í efnahags- og skattanefnd þegar sama hugmynd var uppi á borðum núna á vorþinginu og þá tókst meiri hluti fyrir því í efnahags- og skattanefnd að fella þetta ákvæði brott. Það var eiginlega enginn annar en hæstv. fjármálaráðherra að mæla tillögunni bót og ég verð að lýsa yfir fullkomnu skilningsleysi á því hvernig þeir þingmenn sem styðja sömu stjórnarflokkana og þá stöðvuðu málið hafa núna á örskotsstundu skipt um skoðun og vilja fara þessa leið sem er hættuleg og mun á endanum ekki gera annað en að auka byrðarnar á atvinnustarfseminni, auka lántökukostnaðinn. Það er algjör draumsýn að einhverjir útlendingar greiði þennan kostnað. Menn eru bara ekki svo vitlausir að lána peninga til Íslands án þess að gera ráð fyrir öllum þeim sköttum og gjöldum sem greiða þarf vegna viðkomandi lántöku fyrir fram. Það verður allt saman reiknað inn í verðið. Þannig mun það gerast og þess vegna erum við á móti þeirri hugmynd.

[16:36]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans. Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með þá afstöðu sem fram kemur hjá hv. formanni Sjálfstæðisflokksins til þess stöðugleikasáttmála sem gerður var í gær og þeirri gagnrýni í garð aðila vinnumarkaðarins sem fram kemur í máli hans og segi fyrir mitt leyti þvert á móti að aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt mikla ábyrgð með því að ná því samkomulagi.

Það er auðvitað ekki nýtt að yngri kynslóðirnar í Sjálfstæðisflokknum tali af ákefð gegn sköttum en ég held að það lýsi firnamiklu óraunsæi í því neyðarástandi í efnahagsmálum sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir að það þurfi ekki að einhverju leyti að skatta sig út úr þeim vanda. (Gripið fram í.) Ég lýsi vonbrigðum með það að hv. þingmanni skuli fallast hugur í því efni yfir ekki stærri hluta þess verkefnis en hér liggur fyrir í þessu máli, en hér liggja í aðalatriðum fyrir fjórar umtalsverðar tekjuöflunartillögur.

Sú fyrsta er um hækkun tryggingagjalds sem Samtök atvinnulífsins höfðu frumkvæði að og lýstu einfaldlega yfir að væri raunsætt, að atvinnulífið hefur alltaf borið og muni alltaf þurfa að bera kostnað af Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég hlýt að spyrja hv. þingmann hvort hann deili ekki því raunsæi.

Í öðru lagi að lagður verði á sérstakur tekjuskattur á fólk með yfir 700 þús. kr. sem hefur létt verulega á skattbyrði hjá á síðustu árum. Er ekki sjálfsagt og eðlilegt að afturkalla þær aðgerðir sem við höfðum ekki efni á þá?

Í þriðja lagi er lítils háttar hækkun á fjármagnstekjuskatti hjá þeim sem miklar fjármagnstekjur hafa.

Í fjórða lagi afturköllun á hluta þeirra ívilnandi aðgerða sem við gripum til fyrir tveimur árum síðan fyrir sykur-

framleiðslu í landinu og við höfum ekki reynst hafa efni á.

Er einhver af þessum fjórum aðgerðum með þeim hætti (Forseti hringir.) að hún grafi undan samfélagi okkar í einhverjum skilningi eða gerir hv. þingmaður alvarlegar athugasemdir við einhverja af þessum tillögum?

[16:39]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er eftirtektarvert hjá þingmönnum stjórnarmeirihlutans að þeim er mjög í mun að draga upp þá mynd í umræðum á þinginu að við sjálfstæðismenn séum eitthvað ósáttir við aðila vinnumarkaðarins, að við séum á móti stöðugleikasáttmála. Þetta er bara alrangt. Ég skal segja það einu sinni enn, ég fagna því að gerður hafi verið stöðugleikasáttmáli. Og ég skal segja það einu sinni enn, mér finnst aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt með þessu gríðarlega mikla ábyrgð. En ég lýsi á sama tíma ákveðinni undrum á því að þeir skuli hafa verið tilbúnir til þess að ganga að þeim stöðugleikasáttmála sem nú liggur þrátt fyrir að ríkisstjórnin kæmi ekki með neitt, ríkisstjórnin lagði bara ekkert á borðið. Þeir féllu frá öllum kröfunum sem þeir hafa haft svo hátt um fram eftir árinu, til að mynda um að vextir væru komnir undir 10%, sem var algjör grunnforsenda fyrir nokkrum vikum síðan, til að mynda um að bankakerfið yrði endurreist sem allra fyrst. Nú er talað um að það gerist mögulega með haustinu. Að öðru leyti eru þetta ekkert nema einhverjar óljósar vísbendingar um að ríkisstjórnin hyggist gera hitt eða þetta í stöðugleikasáttmálanum. Látum það liggja milli hluta, við erum að ræða þetta frumvarp.

Það er ekki rétt sem hv. þingmaður segir að við séum í grundvallaratriðum á móti öllu því sem gert er í þessu máli, t.d. eins og hátekjuskatturinn. Við höfum nefnt í sambandi við það atriði að það sé óheppilegt að ekki sé tekið tillit til tekna hjóna, að þessi útfærsla sé mjög slæm. En í grunninn er ég að segja að með hærri sköttum verður vandinn ekki leystur, með hærri sköttum einum og sér. Ríkisstjórnin verður að fara að átta sig á að til eru aðrar leiðir, betri og skynsamlegri, til að auka tekjur ríkisins og stoppa upp í gatið, annars vegar með því að hvetja hagkerfið af stað, skapa ný störf, koma með hvata og hægt er að skattleggja með öðrum hætti eins og ég vék að í máli mínu. Þessi aðferðafræði getur (Forseti hringir.) beinlínis orðið til þess að draga enn frekar þróttinn úr atvinnustarfseminni eða erum við hv. þingmaður (Forseti hringir.) kannski ósammála um það að heimilin og atvinnustarfsemin í landinu megi ekki við frekari byrðum?

[16:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið.

Það er grundvallaratriði fyrir verðmætasköpun í landinu og til koma hagþróun í jákvæða átt að skapa Íslandi lánstraust á alþjóðamörkuðum og að skapa hér vaxtarskilyrði í landinu sem atvinnulífið getur búið við. Til þess að það megi takast þarf að taka af festu á ríkisfjármálum, skera niður rekstrarkostnað, draga úr millifærslum og leggja á nýja skatta. (**TÞH:** Vanhugsað.) Það er dapurlegt að Sjálfstæðisflokknum fallist hugur við að taka þó ekki sé nema þennan áfanga í því verkefni, því að hér eru út af fyrir sig ekki undir aðgerðir upp á nema 20 milljarða af þeim nærfellt 200 milljarða aðgerðum sem við þurfum að ráðast í. Mér óar nokkuð við því ef það er fyrir fram afstaða stjórnarandstöðunnar að jafnvel þær aðgerðir sem hér eru undir séu of miklar til að í verði ráðist (Forseti hringir.) vegna þess að ég fullyrði, virðulegur forseti, að það lýsi miklu óraunsæi um stöðu Íslands í heiminum í dag.

[16:42]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan. Við erum ekki að deila um að það þurfi að taka á vandanum, við erum að segja að við viljum gera það með öðrum hætti. Við viljum sjá að ríkið leggi meira á sig, við viljum sjá ríkið draga meira úr umsvifum sínum.

Skoðum hvernig ríkið hefur verið að taka til sín vaxandi fjölda starfa á hverju ári. Skoðum hvernig við höfum misst samneysluna fram úr 2% viðmiðinu aftur og aftur. Skoðum það að einn fjórði allra fjárlagaliða á fjárlögum fer fram úr. Skoðum skýrslur Ríkisendurskoðunar sem ár eftir ár segir að það þurfi meiri aga og ábyrgð í rekstri ríkisins. Er eitthvað verið að taka á þessu? Eru einhverjar vísbendingar um að menn ætli að grípa til aðgerða til að taka á þessum hlutum af meiri hörku? Nei, það er fyrst og fremst verið að tala um að hækka skattana. (Forseti hringir.) Ég áskil mér allan rétt til að hafa skoðun á því hvaða skattar verða hækkaðir, hvað atvinnustarfsemin og fjölskyldurnar þola og hvernig það leggst ár fyrir ár.

[16:44]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega svo að það má mjólka kú svo að úr henni falli nytin og auðvitað er það eins með skattstofna að það má ganga svo langt fram að þeir hætti að gefa af sér.

Hér gerði hv. þingmaður að umtalsefni tryggingagjaldið. Það er vissulega þannig að það býður heim hættu á því að aukin gjaldtaka bitni á atvinnustiginu en ég bendi á að það voru Samtök atvinnulífsins sem bentu sérstaklega á þennan gjaldstofn sem hugnanlegastan aðildarfyrirtækjunum til að brúa það erfiða bil sem fram undan væri.

Eftir stendur hins vegar að við munum þurfa að taka mjög erfiðar ákvarðanir. Hér er auglýst eftir því að ríkisstjórnin sýni á spilin hvað varðar aðhald í rekstri. Það er vissulega þannig að á miðju ári er ekki hægt að breyta mörgum hlutum en það er alveg ljóst að á næsta ári er stefnt að 14 milljarða sparnaði í rekstri ríkisins og honum verður ekki náð nema með mjög sársaukafullum aðgerðum.

Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson hefur auglýst eftir því að af hálfu ríkisins verði gengið hart fram í sparnaði en jafnframt að hann eigi ekki að bitna á velferðarkerfinu. Velferðarútgjöld til félags- og heilbrigðismála eru helmingur ríkisútgjalda. Þar við bætist síðan menntakerfið upp á 12%. Ég get ekki séð fyrir mér að niðurskurðartölum upp á 14 milljarða verði náð öðruvísi en það bitni á velferðarkerfinu.

Í því ráðuneyti sem ég ber ábyrgð á að stýra nú horfum við á að niðurskurður geti jafnvel bitnað á þjónustu við fatlaða. Það er engin töfralausn að veifa hér og hrópa eftir meiri niðurskurði í rekstri, menn verða líka að átta sig á að hann kann að verða sársaukafullur. Það sem þarf að gera er auðvitað að koma fram með heilbrigða blöndu af sköttum, samdrætti í rekstri og samdrætti í tilfærslum og reyna að gæta sanngirni sem kostur er. Það hefur verið reynt að gera af hálfu ríkisstjórnarinnar og ég auglýsi eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn gangi nú í takt með okkur og með aðilum vinnumarkaðarins þessa leið áfram.

[16:46]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé í reynd þannig að sá stöðugleikasáttmáli sem nú liggur fyrir og þetta frumvarp sem við erum að ræða hér, eru auðvitað í sjálfu sér ekki annað en ákveðið landakort, ákveðinn vegvísir um það hvernig hlutirnir eigi að þróast, hvernig menn ætli að þræða sig eftir þeim vegum sem menn sjá á kortinu. Það á margt eftir að breytast og það eru fyrirvarar af hálfu bæði Samtaka atvinnulífsins og launþegahreyfinganna í samkomulaginu sem eru með dagsetningar strax á þessu ári þannig að þetta verður lifandi skjal. Við erum ekkert að negla niður neina hluti í dag sem verða klappaðir í stein og verða óbreyttir út samningstímabilið. Þvert á móti. Þetta er allt saman fullt af fyrirvörum.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að þetta er á endanum spurning um blöndu af aðgerðum og við sögðum það fyrir kosningar að líklega þyrfti að skera niður um það bil 10% í flestum ráðuneytum. Við sáum fyrir okkur um það bil 5% í velferðarráðuneytunum. Það var einn hlutur sem við sáum fyrir okkur að þyrfti að gera.

Veigamesti munurinn á þeim hugmyndum sem við höfum verið að tala fyrir og því sem ríkisstjórnin er að gera liggur í því hvernig nýrra tekna er aflað hjá ríkinu. Hér er lagt upp með hærri skatta, auknar byrðar. Við höfum sagt: Horfum á atvinnustarfsemina. Sköpum störf. Störf skapa tekjur fyrir ríkið. Ég sakna þess algjörlega bæði í stöðugleikasáttmálanum þar sem slíkar hugmyndir eru í raun ekki sjáanlegar nema bara með stækkunargleri og auðvitað í allri umræðu um ríkisfjármálin fram á veginn litið, að það sé verið að ræða um hvata, ný atvinnutækifæri, skattalega hvata fyrir fyrirtækin til þess að ráða til sín fólk, taka áhættu, og auðvitað er lykilatriði í því að bankakerfið fari að fúnkera eins og það á að gera.

[16:48]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt að það skiptir miklu máli að ná að skapa hvata fyrir atvinnulífið til þess að skapa verðmæti og við eigum mikið undir því að það takist sem fyrst. Þess vegna kallar maður líka eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn aðstoði okkur við að reisa við tiltrú á íslensku efnahagslífi.

Nú liggur til dæmis fyrir að við eigum mikið undir í því að okkur takist að klára Icesave-samningana til þess að lánshæfismat ríkisins skáni. Við vitum líka að aðildarumsókn að Evrópusambandinu er þáttur sem getur hjálpað okkur í því. Við þurfum með öðrum orðum að ganga áfram þann veg sem gerir okkur kleift að skilja milli gömlu og nýju bankanna. Við vitum að án Icesave-samninga verður ekki skilið milli gömlu og nýju bankanna. (**TÞH:** Ekkert samhengi þar á milli.) Jú, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Við munum þá halda áfram að reyra atvinnulífið í viðjar hávaxta, koma í veg fyrir að það geti fengið fullnægjandi lánafyrirgreiðslu í bönkum. Þetta er þess vegna mikilvægasta hagsmunamál íslensks atvinnulífs, að við lokum þessum útistandandi óvissuþáttum og vísum veginn fram á við og leggjum grunn að verðmætasköpun, (Forseti hringir.) lága vexti og efnahagslegan stöðugleika til lengri tíma litið.

[16:49]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við erum sammála um að það þarf að koma hagkerfinu aftur í gang. En við hæstv. ráðherra erum kannski ekki sammála um hverjar séu bestu leiðirnar til þess.

Hér voru tiltekin nokkur stórmál eins og Icesave-samningarnir og Evrópusambandið. Ég get bætt við í þennan sarp. Ég get talað um fyrningarleiðina og ég get talað um orkufrekan iðnað og stóriðju. Þetta eru fjögur stórmál og ríkisstjórnin er ósammála um þau öll. Í þeim öllum er ríkisstjórnin ósammála. Það er engin eining um fyrningarleiðina enda sýnist mér að hún sé komin á ís og það endanlega staðfest með stöðugleikasáttmálanum. Það er engin samstaða í þessari ríkisstjórn um Evrópusambandið, þvert á móti. Annar flokkurinn vill inn og hinn vill vera úti. Það er engin samstaða um stóriðjustefnuna og það er engin samstaða um Icesave.

[16:50]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er ánægð með að heyra að Sjálfstæðisflokkurinn og stjórnarandstaðan fagni stöðugleikasáttmálanum. Staðan er sú nú að ég held að við gerum okkur öll grein fyrir því, eða ættum að gera það, að þjóðin og við á hv. Alþingi stöndum frammi fyrir miklum vanda. Það er mikilvægt að við náum samkomulagi, einhvers konar samstöðu um það hvernig við ætlum að fara í gegnum þetta tímabil, niðurskurðinn og þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir núna og allra næstu árin. Stöðugleikasáttmálinn er þarna undirstaða að því og undirstaða þess að ná einhvers konar samkomulagi hér á þinginu líka.

Hvað varðar lífeyrissjóðsgreiðslur og greiðslur úr almannatryggingum sem hv. þingmaður vék hér að og þær upphæðir sem hafa farið til lífeyrisgreiðslna á síðustu tíu árum þá eru þær réttar. En þess má líka geta að þegar við berum saman greiðslur, launagreiðslur og greiðslur til lífeyrisþega þá drógust lífeyrisgreiðslur aftur úr launagreiðslum og kjör lífeyrisþega höfðu versnað á undanförnum árum. Það má segja að við lok ársins 2008 hafi nokkurs konar jafnvægi verið náð, sem sé að kjör lífeyrisþega hafi náð sambærilegum hækkunum og höfðu þá orðið á launamarkaðnum. Því miður hefur komið til skerðinga aftur og það er nokkuð sem ég hefði aldrei viljað sjá, þ.e. að gengið yrði á kjör lífeyrisþega eins og hefur orðið að gera núna á sama

tíma og við sjáum að launþegar munu fá einhverjar bætur á laun, launahækkanir, og svo aftur síðar á þessu ári þegar það kemur ekki fram í lífeyrisgreiðslum. (Forseti hringir.)

Ég vil biðja hv. þingmann um að fara aðeins betur ofan í það og segja okkur frekar frá því. Ef það á að ná að fylla þetta (Forseti hringir.) mikla gap, yfir 20 milljarða, á þeim tíma sem eftir lifir þessa árs, hvernig hann ætlar að fara frekar í niðurskurðinn en hefur verið lagt til?

[16:53]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að frítekjumarkið var ekki vísitölutengt framan af og verkaði þannig á móti hækkunum á ríkisframlögum til viðkomandi málaflokka. En ég held eftir á að hyggja að allur samanburður við hækkanir á almennum launamarkaði sé dálítið varhugaverður vegna þess að við sjáum það alveg í dag að við höfðum ekkert efni á þeim launahækkunum sem gengu hér yfir á umræddu árabili. Það er stóri lærdómurinn sem við þurfum að draga af þessu tímabili sem nú hefur tekið enda að sígandi lukka er best. Þetta tímabil einkenndist af síauknum kröfum allra. Ég ætla ekkert að fara að gera upp á milli allra þeirra hópa sem vildu bæta sín kjör. Eflaust höfðu þeir sem höfðu úr minnstu að spila mest til síns máls. En umræðan einkenndist af því að það höfðu allir fengið mikla kaupmáttaraukningu en ágreiningurinn snerist um það að hún hafi verið mismikil á milli hópa.

Varðandi það hvar eigi að skera frekar niður þá vék ég að því hér áðan að við höfum lagt fram hugmyndir um hversu há niðurskurðarprósenta þurfi að vera í einstökum ráðuneytum um það bil. Mismunurinn á tillögum okkar og þeim sem ríkisstjórnin er hér með byggist fyrst og fremst á því að við teljum að hægt sé með hvetjandi reglum, skattbreytingum og öðrum aðgerðum að koma hagkerfinu fyrr af stað, skapa atvinnulífinu svigrúm til þess að komast í gang, skapa ný störf. Það er atvinnusköpunin sem mun á endanum draga okkur út úr þessu. Við munum aldrei lifa á því að greiða opinberum starfsmönnum laun.

[16:55]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er ljóst að hægt er að hagræða í opinberum rekstri og það er hægt að samþætta í opinberum rekstri. Ég hvet alla þingmenn, sama hvar í flokki þeir eru að leggjast á árarnar með það koma með tillögur um hvernig sé hægt að fara að því.

Þegar gengið er lengra, þegar verið er að skera niður þjónustu þá skulum við ekki gleyma því að velferðarþjónustan er veitt af opinberum starfsmönnum. Það eru líka störf. Velferðarþjónustan er atvinna og atvinna sem er mikilvæg. Við verðum að fara mjög varlega í að ganga ekki svo nærri því velferðarkerfi sem við höfum byggt hérna upp að það verði ekki brotið niður til langrar framtíðar. Opinber störf eru því líka störf sem standa þarf vörð um.

Það er einkennilegt að ganga svo nærri velferðarþjónustunni að við verðum í sárum eftir til þess eins að skapa svo því sama fólki einhver önnur störf. Horfum til þess líka að það koma skattar (Forseti hringir.) í ríkissjóð af þessum störfum.

[16:56]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera lítið úr mikilvægi opinberra starfa og þeirri þjónustu sem opinberir starfsmenn veita hvarvetna í opinbera geiranum, hvort sem þeir eru kennarar í skólum eða hjúkrunarfólk og læknar í heilbrigðiskerfinu eða hvar annars staðar í velferðarkerfinu sem við dræpum niður fæti.

Vandinn er bara sá að laun þessa fólks koma úr ríkissjóði og ríkið tekur til baka hluta af sköttunum. Það sem við þurfum er verðmætasköpun í landinu sem á uppruna sinn annars staðar en hjá ríkissjóði. Það gerist hjá atvinnustarfseminni í landinu. Það gerist með hagvexti sem er drifinn áfram helst af gjaldeyrisskapandi tekjum. Við getum ekki rekið almennilegt velferðarnet hér án þess að um leið vera með öflugt atvinnulíf og búa atvinnulífinu hagstæða og samkeppnishæfa (Forseti hringir.) umgjörð. Þetta eru bara gömul og ný sannindi.

[16:58]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér nefndarálit um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hv. efnahags- og skattanefnd fékk frumvarpið til umfjöllunar en hún vísaði því til umsagnar nokkurra nefnda, m.a. til fjárlaganefndar. Það er í sjálfu sér þannig að tekjuþættirnir hafa venjulega fengið umfjöllun fyrst og fremst hjá efnahags- og skattanefnd og útgjaldaliðirnir hjá fjárlaganefnd og megnið af því frumvarpi sem hér um ræðir snýst um lagabreytingar sem tengjast tekjuaukningunni. Eftir sem áður ákvað fjárlaganefnd að fjalla ítarlega um þetta mál og kallaði til sín fulltrúa allra ráðuneyta varðandi stöðu rekstrarins hjá hverju og einu ráðuneyti. Það verður að segjast eins og er og það finnst mér kannski hafa vantað örlítið inn í umræðuna í dag að það mikilvægasta sem við glímum við akkúrat á árinu 2009 er að koma á skikki á rekstrarmálin og umsýsluna hjá ríkinu.

Þetta er ekki nýr sannleikur. Hv. þm. Bjarni Benediktsson vakti athygli á þessu en þetta gleymist og hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson gleymir þessu algjörlega þegar verið er að skoða sérstaklega þetta fyrsta ár í sambandi við ríkisreksturinn og menn eru að skoða að hve miklu leyti er verið að taka skatta og að hve miklu leyti er verið að skera niður í ríkisrekstrinum.

Sú regla hefur viðgengist á undanförnum árum að stofnanir og ráðuneyti hafa getað flutt með sér kostnað á milli ára. Þannig eru um 20 milljarðar, rúmlega, að vísu ekki allt saman í ónotuðum fjárheimildum, sem við getum sagt að sé í pípunum að menn geti notað til að koma sér í gegnum reksturinn á þessu ári.

Það hefur einnig viðgengist á undanförnum árum og ég fylgdist með því þegar ég sat í fjárlaganefnd frá árinu 2007 til 1. febrúar á þessu ári að það voru samin fjáraukalög sem gjarnan bættu við 20–30 milljörðum inn í reksturinn á ári hverju. Þegar áætlunin var gerð eftir hrunið, þ.e. á haustmánuðum þegar Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkur voru í ríkisstjórn, var gert samkomulag þriggja aðila; fjármálaráðuneytisins, Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, um umgjörð í fjármálum, hvernig við ætluðum að aðlaga

okkur að því breytta ástandi sem þá var komið upp. Það vekur auðvitað athygli í umræðunni og virðist hafa gleymst hjá Sjálfstæðisflokknum að það voru einmitt sjálfstæðismenn sem voru með í að gera þá áætlun. Hún gekk í aðalatriðum út á það að fjárlög í ár yrðu með 153 milljarða kr. halla og það var auðvitað ófrávíkjanleg krafa þeirra sem sömdu um hvernig ná ætti tökum á ríkisfjármálunum, að sú tala hækkaði ekki. Þegar komið var inn á árið 2009 stefndi í að það yrði frekara tekjuhrun og aukin útgjöld, einkum vegna atvinnuleysistrygginga.

Það er líka mikilvægt að þegar skoðað var hver afkoma ríkissjóðs yrði á þessu ári ákváðu menn að binda sig við greiðslugrunninn, þ.e. útgjöldin, og að staðan yrði þannig að á árinu yrði 153 milljarða halli, engu yrði bætt við þar. Til þess að ná því markmiði mætti ekki nota heimildina frá árinu áður og ekki væri hægt að gera ráð fyrir að menn gætu sótt inn í fjáraukalög á þessu ári viðbótarfjármagn nema þá að mæta því með frekari niðurskurði annars staðar.

Það er mikilvægt að taka það inn í umræðuna þegar menn tala um að hér sé lítið skorið niður að ef þetta markmið næst, að breyta þessu þannig að við stöndum við fjárlögin fyrir árið í ár án fjárauka og án þess að vera með ónotaðar heimildir frá fyrra ári, þá er um að ræða verulegan ávinning sem nemur tugum milljarða í sambandi við ríkisfjármálin. Þar er um að ræða verulegan niðurskurð líka vegna þess að við lögðum inn í árið 2009 með samdrátt upp á 45 milljarða og lögðum kvaðir á ráðuneyti og stofnanir ríkisins og raunar á fyrirtæki þess líka um að draga saman á þessu ári verulegar upphæðir. Það verður að skoða niðurstöðuna í þessu ljósi, að á þessu fyrsta ári vega skattarnir meira en niðurskurðurinn. Ég held að ef menn gæta sannmælis sjái þetta allir, jafnvel hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson.

Það er kannski vitundin um þetta og þau viðtöl sem við áttum við ráðuneytin sem er ástæða þess að mikill meiri hluti fjárlaganefndar er sammála um nefndarálit sem í meginatriðum gengur út á það að undirstrika mikilvægi þess að koma skikki á ríkisfjármálin. Nefndarálitið er ekki langt og það er aðeins einn hv. þingmaður sem skilar minnihlutaáliti, aðrir standa að þessu áliti.

Í fyrsta lagi ætlum við að standa við afkomumarkmið fjárlagaársins 2009, þ.e. binda okkur við 153 milljarða. Við undirstrikum að þetta krefst aga, aðhalds og vilja. Og hafandi talað við ráðuneytin þar sem fram kom hjá sumum þeirra að þau hefðu ekki gert sér grein fyrir að ekki mætti færa heimildir á milli ára og hefðu ætlað að mæta niðurskurðinum með því að taka af ónotuðum heimildum frá fyrra ári, á sama tíma og þau sögðu að þau ætluðu að standa við óskir fjármálaráðuneytisins og undirbúningshópsins sem vann að þessum niðurskurðartillögum upp á 20 milljarða, sögðu sömu ráðuneytin að þau ætluðu að ná niður kannski 40, 50, 60 milljónum með einhverjum aðgerðum en tilkynntu um leið að þau væru með kröfur eða óskir í fjáraukalögum upp á margfalda þá upphæð. Eftir að við vorum búin að tala við fyrstu fjögur, fimm ráðuneytin ræddum við það í gríni og alvöru í fjárlaganefnd að það væri eins gott að hætta þessum viðræðum vegna þess að þetta hækkaði alltaf við hverja heimsókn ráðuneytis vegna þess að þau ætluðu sér að nota fjárheimildina frá fyrra ári eða að þau ætluðu að bæta við fjáraukann og voru svo með litla tölu sem átti að skera niður.

Þetta er akkúrat vandinn sem við erum að glíma við. Mér finnst menn fara í kringum vandamálið og tipla á hlutunum og láta eins og ekkert sé að. Mér finnst stjórnarandstöðuflokkarnir líka hafa dottið í þessa gryfju og vera að leita að einhverjum patentlausnum, sem væri mjög smart ef við gætum komist hjá því að skera niður, komist hjá því að beita einhverjum hefðbundnum aðferðum, sækja fyrirframgreiðslu inn í lífeyrissjóðina á skattpeningum til að leysa málin. Gott og vel. Ágætishugmynd sem þarf að skoða en það er ákveðin firring í því að halda að við getum tekið þar 40 milljarða á ári og sloppið við allar aðrar aðgerðir. Ég ætla mönnum ekki að þeir hafi einlæglega þá skoðun vegna þess að hér hafa náttúrlega komið tillögur um það og auðvitað þurfum við að fara í öll þessi atriði, en mér finnst menn stundum horfa of mikið á þetta í staðinn fyrir að horfast bara í augu við það að við þurfum að skrúfa okkur aftur, skoða allt stofnanakerfið að nýju, meta hvað við höfum látið of mikla peninga í, hver eru grundvallarverkefni samfélagsins sem við verðum að vera með í samneyslunni, borga með sköttunum okkar og hverju má sleppa.

Þetta gerum við ekki á nokkrum vikum í undirbúningi að þessu frumvarpi en aftur á móti er fjallað töluvert um þetta í skýrslunni sem lögð var fram hér sem skjal fyrir áætlunina 2009–2013. Það er alveg augljóst að við verðum að vera ófeimin, og við óskum auðvitað eftir samstarfi allra þingmanna í salnum við að skoða nánast allt, að velta vöngum yfir því hvort við séum með þjónustu sem við viljum standa við. Þá skiptir ekki miklu máli hvort við erum að ræða Varnarmálastofnun, ríkisskattstjóra, nýju Sjúkratryggingastofnunina eða einhver önnur atriði. Við verðum að spyrja okkur að því að nýju: Er þetta nauðsynlegur rekstur, erum við að gera þetta á hagkvæman hátt og komumst við af með minna þannig að við náum utan um þetta verkefni? Ég held að þetta sé að mörgu leyti hollt. Og ég held að það sé rétt sem hv. þm. Bjarni Benediktsson benti á að fyrir sumu af því sem við vorum að gera, m.a. í sambandi við laun og annað, var ekki innstæða fyrir. Við vorum þátttakendur í þessari froðufærslu í samfélaginu, ríkissjóður eins og mörg fyrirtæki.

Það er annað sem hefur líka komið fram að menn hafa búið til þannig umhverfi í rekstrinum að það hafa orðið til mörg ohf-fyrirtæki, það eru komin eignarhaldsfélög sem losa menn undan skattaálögum, umhverfi sem við verðum líka að þora að skoða upp á nýtt. Það er fullt af fólki í samfélaginu sem kemur sér hjá því að borga skatta vegna þess umhverfis sem við bjuggum til. Það er líka rekstrarform sem sniðgengur útsvarstekjur eins og hjá sveitarfélögunum. Það skiptir mjög miklu máli að við náum þessum tekjum og fáum eðlilega skattgreiðslu frá öllum í samfélaginu og búum ekki til lagaumhverfi sem kemur sumum út fyrir rammana. Það er líka boðað í þessari skýrslu og er auðvitað mikilvægt í framhaldinu að þær aðgerðir sem við erum að grípa til nái einmitt til stofnana sem eru í eigu ríkisins alfarið eða að stórum hluta, hvort sem það eru bankarnir, Flugstoðir, Keflavíkurflugvöllur hf. eða Landsvirkjun, aðgerðir sem eru m.a. til jöfnuðar þar sem við reynum að taka niður ofurlaun eða laun sem eru algjörlega úr takti við veruleik-

ann í dag og breyta þessu. Það þarf lagabreytingar til í mörgum tilfellum og þá geta menn ekki kveinkað sér undan því þó að sett séu lög eins og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir gerði hér áðan. Það hefur þurft að grípa til þess að gefa leiðbeinandi fyrirmæli til kjararáðs vegna þess að kjararáð hefur eingöngu farið að fyrirmælum um að taka mið af markaðsaðstæðum á hverjum tíma í sambandi við laun.

Í nefndarálitinu er þetta undirstrikað, agi, aðhald og vilji og síðan að ónýttar fjárheimildir verði ekki notaðar, en síðast en ekki síst er lögð mikil áhersla á það — og það er ekki nýtt markmið hjá núverandi fjárlaganefnd, það hefur verið markmið undanfarin ár og mikilvægt að því verði framfylgt — að breyta undirbúningi og framkvæmd fjárlaga. Við fengum m.a. leiðbeinandi plagg þar sem óskað var eftir þessu af fyrrverandi ráðherra Árna M. Mathiesen og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom með tillögur um hvernig bæta mætti fjárlagaferlið. Það fór að miklu leyti saman við tillögur sem höfðu komið frá OECD einhverjum árum áður og tillögur sem starfsmenn nefndasviðs og fleiri hafa komið með einmitt um hvernig breyta megi umhverfi í fjárlagagerðinni.

Ég held að við þurfum að skoða þessar tillögur mjög vel og það er þegar komin af stað vinna á vegum fjárlaganefndar þar sem beðið er um að Ríkisendurskoðun, fjármálaráðuneytið og fjárlaganefnd fjalli um það hvernig hægt sé að hafa þetta með skilvirkari hætti, bæði hvað varðar undirbúninginn og eftirlitið. Mikilvægasta breytingin í undirbúningnum er sú að Alþingi setji rammana fyrir ríkisstjórnina um hvaða svigrúm ríkisstjórnin hafi við fjárlagagerðina, það verði fyrsti áfanginn. Síðan fái ríkisstjórnin tækifæri til að gera sín fjárlög, komi með þau inn í þingið að hausti og þá geti Alþingi bæði haft eftirlit með því að framkvæmdarvaldið hafi unnið innan þess ramma sem Alþingi setti. Auðvitað hefur Alþingi síðasta orðið um fjárlagagerðina í heild og mun svo ásamt fleiri aðilum hafa eftirlit með framkvæmdinni, að menn hafi staðið við þau markmið sem þar voru sett.

Þetta er meginniðurstaðan í því nefndaráliti sem fjárlaganefnd skilar sem er fyrst og fremst hvatning til að standa vel á bremsunni, fylgja vel eftir hlutum sem hafa farið úrskeiðis hjá einstökum stofnunum eða ráðuneytum og reyna að koma skikki á hlutina. Við höfum heyrt um það ítrekað að ákveðnar stofnanir, ákveðnir skólar hafi reglulega farið fram úr fjárlögum. Það eru komnir tilsjónarmenn fyrir ákveðnar stofnanir og ég tel að það sé af hinu góða. Ég held að það sé afar mikilvægt að í staðinn fyrir að togast á um það hvort viðkomandi stofnun sé illa rekin eða ekki eða þegar stofnun tilkynnir að ef hún eigi að fara að lögum og standast kröfur sem gerðar eru til hennar sé ekki hægt að reka hana á hagkvæmari hátt, þá séu kallaðir til utanaðkomandi aðilar eða aðili frá ráðuneytunum sem fari skipulega yfir þetta og stilli rekstrinum upp að nýju. Við búum við skuldir frá fyrri árum sem hafa verið að sullast í kerfinu, sem aldrei hefur verið tekið á eða verið viðurkenndar og gerðar upp og þess vegna koma þessar stofnanir ár eftir ár eftir inn í fjárlögin með hallarekstur af því að þeim er alltaf ætlað að mæta halla fyrri ára á fjárlögum viðkomandi árs. Þetta er hluti af þeirri tiltekt sem þarf að eiga sér stað við fjárlagagerðina núna og í nýrri uppstillingu á kerfinu.

Það vekur furða mína í umræðunni hér að það skuli endalaust koma sömu gömlu frasarnir um að hækkun á sköttum sé af hinu illa óháð því hvaða skattar eru lagðir á. Og það vekur enn þá meiri furðu mína að þetta skuli koma núna í framhaldi af stöðugleikasáttmálanum vegna þess að eins og hér hefur komið ítrekað fram í umræðunni spiluðu atvinnurekendur því út strax í upphafi að þeir mundu taka á sig hækkun á tryggingagjaldi til Atvinnuleysistryggingasjóðs, þeir teldu það vera eðlilegt, en þeir gerðu það örugglega í trausti þess að þeir fengju þá frið með aðra hluti, m.a. launahækkanir og annað slíkt. Þetta er hluti af heilum pakka sem þeir stilltu upp, þeir samþykkja. Það getur vel verið að einhverjir hv. þingmenn séu þess umkomnir að tala niður til þeirra aðila sem sátu við þetta borð og segja að þeir hafi ekki hundsvit á þessu. Ég er ekki í þeirri stöðu jafnvel þó að ég geti ekki kallað mig hagfræðing með þá menntun sem ég er með. (**TÞH:** Málið er að …)

Þegar menn hafa verið að slást um hversu mikið eigi að taka í sköttum og hversu mikið eigi að taka niður í niðurskurði, þegar menn voru komnir í þá umræðu á tímabili að það mætti helst ekkert hækka skatta eftir 2010, á næsta ári, og þeir ættu að vera jafnvel allt niður í 30% af þeirri veltu sem við þurfum að ná niður af þessum 170–200 milljörðum, það ætti að vera innan við 30% sem væri í sköttum — það mátti helst ekki taka af öldruðum og öryrkjum eins og hér hefur komið fram og við getum heils hugar tekið undir að væri æskilegt að hlífa þeim hópum, og það er ekki mikið af framkvæmdum að taka, við erum að byrja með 20–30 milljarða og ef við skerum það niður í ár og svo á næsta ári líka verður ekki mikið eftir þar— þá eru menn að tala um að taka 80 milljarða af 200 milljörðum úr rekstri. Og þó að maður heiti Tryggvi Herbertsson þá skuldar hann okkur það að segja hvaða áhrif það muni hafa á veltuna í samfélaginu ef þriðjungi opinberra starfsmanna yrði sagt upp jafnvel þó að það mætti skilja á hv. þingmanni sem talaði áðan, Bjarna Benediktssyni, að þeir geri minnst gagn af því að þeir skapi ekki verðmæti, sem er líka misreikningur á útreikningi í þjóðhagsspám og öðru slíku, auðvitað skapa þjónustustörfin líka veltu í samfélaginu.

Ég ætla samt að taka undir það að auðvitað er mikilvægasta forsendan ef við komumst út úr þessum vanda að við getum ráðið við að halda atvinnulífinu gangandi og verðmætasköpuninni, þ.e. í gegnum sjávarútveg, landbúnað og grundvallarframleiðsluna í landinu. Ég ætla ekkert að gera lítið úr því og ég held að við eigum sameiginlega að taka undir þær tillögur sem hér komu fram og eru raunar í samræmi við það sem ríkisstjórnin hefur sett inn í sínum leiðarljósum, þ.e. að verja þá sjóði sem styðja við atvinnulífið. Ég tek heils hugar undir að mér finnst full ástæða til að skoða það hvort hægt er að búa til einhverja hvata fyrir fyrirtæki sem eru í atvinnulífinu og berjast í bökkum í dag til að þau geti fengið súrefni til að geta rekið sig betur og fengið hjálp þar. Ég held að menn eigi ekkert að vera feimnir við að skoða slíka hluti, hvort sem það er bundið við einhverjar ákveðnar atvinnugreinar eða ákveðin svæði, og að reyna að kasta fram slíkum hugmyndum.

Auðvitað er það þannig, þó að ég hafi kannski talað pínulítið niður til þeirra hugmynda sem sjálfstæðismenn komu með um fyrirframsköttun á lífeyrissjóðunum, og það

er kannski vegna þess að þeir sem voru að vinna saman í Karphúsinu afgreiddu þetta bratt út af borðinu, þá tel ég að það sé mjög mikilvægt að skoða svona hugmyndir og ég held að það sé engin ástæða til þess að hlífa sér við því. Við erum ekki búin að missa af lestinni í því þó að það komi ekki fyrr en á næsta ári eða þarnæsta ári að við grípum til slíkra aðgerða ef það er skynsamlegt. (Gripið fram í.) Það er ekkert vandamál í sjálfu sér að framkvæma þetta seinna en á sama tíma getum við þá ekki reiknað með því að lífeyrissjóðirnir verði aðallánveitendur til sveitarfélaga eða helstu aðilar í sambandi við það að efla framkvæmdir í landinu, því að ef við skerðum innkomuna um þriðjung skerðast auðvitað möguleikar þeirra til að vera stórvirkir aðilar í atvinnulífinu.

Í lokin vil ég segja að verkefnið er stórt. Það þýðir ekkert að tala í fyrirsögnum um að við ætlum að sleppa einhverju þegar við erum að reyna að hagræða eða skattleggja, við verðum að grípa til fjölþættra og margþættra aðgerða. Það er verkefnið sem bíður okkar, til þess þurfum við auðvitað hugmyndaauðgi þeirra sem hér hafa talað og tillögur frá bæði stjórnarandstöðu og ríkisstjórn og köllum að sjálfsögðu áfram eftir þeim tillögum. Mér finnst full ástæða til að skoða þær hverja fyrir sig og meta þær og afgreiða svo út af borðinu eða inn á borðið eftir atvikum. En ég held að menn eigi að hætta að tala í fyrirsögnum um að það sé hægt að sleppa hinu og þessu og menn séu að verja eitt fremur en annað. Það er afskaplega hjákátlegt eftir að hafa verið eitt og hálft ár eða raunar tvö ár í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum þegar sá flokkur er allt í einu orðinn aðalhagsmunaaðili aldraða og öryrkja. Ég veit að hv. þm. Pétur H. Blöndal er búinn að óska eftir að veita andsvar og ég hef þurft að hlusta á það ítrekað að í hvert skipti sem við vorum að komast yfir 150 þúsundin í einhverjum tryggingum þá talaði hann um oftryggingar og ofgreiðslur. Og ef við einmitt tökum það sem hv. þm. Bjarni Benediktsson benti að það hefði orðið veruleg hækkun á almannatryggingum þá hefði hv. þingmaður þurft að benda á hvenær sú hækkun varð mest. Hún varð einmitt á árunum 2007 og 2008.

Við erum að draga hluta af því til baka, því miður, það er afar sorglegt en ég ætla að vona að við getum skilað því fljótt aftur. Mikilvægast er þó að endurskoða almannatryggingakerfið, koma á miklu réttlátara kerfi, kerfi sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur mikið talað fyrir í sambandi við það að auka virkni úti á vinnumarkaðnum og auka frumkvæði, snúa örorkumatinu þannig við að metin sé starfsgeta en ekki vangeta. Allt þetta þarf að vera uppi á borðinu í endurskoðun okkur á hinu nýja Íslandi þar sem við erum að reyna að gera hlutina með nýjum og betri hætti en hingað til.

[17:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Hann sagði að það væri mikilvægt að fyrirtækin fengju núna súrefni og ég ætla að spyrja hann hvort það sé gott súrefni fyrir fyrirtæki sem eru í vandræðum að fá á sig að meðaltali 7.000 kr. skatt á hvern launþega á mánuði. Kannski er núna akkúrat sú staða að það þurfi að fara að segja upp fólki. Telur hv. þingmaður að 7.000 kr. aukaskattur á mánuði á meðalmann hjálpi þeim til þess að halda í fólkið?

Hér er gert ráð fyrir því að atvinnuleysistryggingagjaldið gefi 7 milljarða í plús. Er hv. þingmanni kunnugt um það í fjárlaganefnd að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verði 10 milljörðum meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum? Kemur það einhvers staðar fram í þessu frumvarpi að menn séu í rauninni komnir 7 milljarða í plús en á sama tíma séu 10 milljarðar í mínus?

Svo vildi ég spyrja hann um tónlistarhúsið, hvar þess sjái stað í þessu frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Nú er sagt að verið sé að flytja inn gler frá Kína fyrir dýran gjaldeyri, það sé verið að flytja inn kínverska verkamenn á meðan Íslendingar ganga atvinnulausir, vegna sérhæfingar þeirra í því að reisa þennan ágæta glerhjúp. Fyrir þá verkamenn, sem eru eflaust mjög færir á sínu sviði, þurfum við að borga dýran júan, gjaldeyri, og ég spyr hv. þingmann, sem er formaður fjárlaganefndar, hvernig hann sjái þetta allt ganga upp.

[17:20]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Í rauninni er síðasta spurningin einmitt sú mikilvægasta, þ.e. þegar hv. þingmaður spyr: Hvernig sjáum við þetta ganga upp? Ég held að það sé rétt sem hv. þm. Bjarni Benediktsson benti á, ég held að ekkert okkar hér á Alþingi viti nákvæmlega hvernig þetta gengur upp. Það krefst þess að við þurfum að bregðast við sífellt og aftur. Sumir telja sig vita meira en aðrir, það er svo önnur umræða.

Það sem hv. þm. Pétur Blöndal spyr um er: Er það súrefni fyrir atvinnulífið að skattleggja það? Ég held að það sé rétt hjá honum að það er í sjálfu sér ekki það æskilegasta, það hefði verið betra núna að vera að lækka skatta en eins og ég hef ítrekað bent á í þinginu búum við við það að nákvæmlega þegar mest gekk á í samfélaginu, þegar góðæri var, þegar þenslan var, lækkuðum við skattana á fyrirtækjunum, þá lækkuðum við skattana á einstaklingunum, þá minnkuðum við bindiskylduna, þá jukum við lánin og opinberu framkvæmdirnar — allt aðgerðir sem okkur vantar núna. Því miður getum við ekki notað þær núna.

Ég ætla ekki að bera einn ábyrgð á því, og allra síst á tímanum fyrir 2007 áður en ég kom inn í þingið. Þeir sem voru á þeim tíma verða að svara því hvernig stóð á að þetta var gert þannig. Ég geri mér fulla grein fyrir því að álagningin á tryggingagjaldið dugir væntanlega ekki, það er að vísu ekki búið að staðfesta neinar tölur um niðurstöðuna fyrir Atvinnuleysistryggingasjóðinn í ár, en það er líka hugsað þannig að þetta gjald verði aðeins áfram á meðan sjóðurinn verður að byggja sig þá aftur upp ef atvinnuleysið fer niður, eins og við treystum á og vonum, þannig að sjóðurinn standi undir sér, hugsanlega með einhverjum lántökum tímabundið á meðan verið er að brúa bilið.

Varðandi tónlistarhúsið er það í sérstöku félagi og hefur ekki komið inn til þingsins síðan ég svaraði hv. þingmanni síðast um það mál. Við höfum ákveðið að taka það sérstaklega upp hjá fjárlaganefndinni en það hefur ekki verið gert enn þá. Þær framkvæmdir eru áfram í gangi að mér skilst án þess að ríkið sé beinn aðili að því. Aftur á móti er þar í

gangi eldri samningur um að ríkið greiði allt að 435 millj. kr. (Forseti hringir.) á ári í rekstur á því húsi en er ekki aðili við uppbyggingu á því formlega, ef ég veit rétt.

[17:22]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra tók þá ákvörðun fyrir ekki mörgum mánuðum að halda áfram með þetta hús á sama tíma og rétt áður en hún tekur ákvörðun um að fara að skerða úti um allt kerfið, bæði laun ríkisstarfsmanna, hækka skatta og taka upp sparnaðaraðgerðir um allt. Þarna finnst mér ekki samræmi í ráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar.

Varðandi skattlagningu á fyrirtækin tel ég ýmsar aðrar leiðir til að bæta stöðu ríkissjóðs, t.d. með því að herða róðurinn í því að taka upp nýjar virkjanir, reisa ný álver eða finna aðrar leiðir til að nýta orku landsmanna sem liggja hjá hæstv. ríkisstjórn, hæstv. iðnaðarráðherra, og bíða ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að fara í gang. Ég nefni Helguvík, ég nefni Bakka og fjöldann allan af aðgerðum sem hægt væri að fara í til að auka atvinnu. Um leið og einn maður hættir að vera atvinnulaus hættir hann að taka atvinnuleysisbætur, minnkar sem sagt kostnað ríkisins, og þegar þessi maður fær atvinnu fer hann að borga skatta. Hann eykur tekjur ríkissjóðs án þess að skattar séu hækkaðir eitt eða neitt. Við það að einn maður breytist úr því að vera atvinnulaus í það að vera vinnandi maður á vinnumarkaði batnar staða ríkissjóðs um milljónir á ári.

Ég skil ekki af hverju menn fara ekki þá leið að reyna af alefli að koma í gang aðgerðum sem auka atvinnu og bæta stöðu ríkissjóðs.

[17:24]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við höfum heyrt þessa ræðu áður frá hv. þm. Pétri H. Blöndal, að þetta snúist eingöngu um að auka atvinnu og þar með aukist allar tekjurnar. Ég held að þetta sé í aðalatriðum rétt. Þetta er samt svipað og þegar maður er kominn í þrot í skuldunum sínum og segir að maður eigi bara að bæta við sig vinnu, það sé engin ástæða til að vera að laga neitt til, breyta neinu í lánasafninu, hagræða eða skipuleggja sig upp á nýtt, við bara bætum við okkur vinnu.

Málið er nefnilega ekki svona einfalt.

Ég veit ekki betur en að það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi sé allt saman inni í stöðugleikasáttmálanum sem var undirskrifaður í gær. Það er engin fyrirstaða af hálfu ríkisvaldsins varðandi Helguvík eða nýjar virkjanir eins og Búðarhálsvirkjun þar sem það liggur fyrir. Það sem stendur á hefur verið lánafyrirgreiðslan og þar er t.d. verið að horfa á að lífeyrissjóðirnir reyni aðild með því að lána okkur pening í augnablikinu vegna þess að við erum meira og minna lokuð af vegna ástandsins sem hér hefur verið. Þá er mjög mikilvægt að þeir peningar fáist og það er verið að ræða það einmitt á þessum vettvangi varðandi stöðugleikasáttmálann að lífeyrissjóðirnir komi að þessum stærri framkvæmdum. Vonandi gengur það eftir.

Það er engin fyrirstaða í þessum málum í sjálfu sér, þó að menn hafi haft efasemdir um eða tjáð sig um það eins og varðandi álverið í Helguvík, að orkufyrirtækin geti afhent alla þá orku sem þarf til. Þó hefur því verið svarað hér fullnægjandi að mínu mati að það á að fara þar í fjórum áföngum ef ég veit rétt og að full orka sé til fyrir fyrstu áfangana. Það er engin fyrirstaða að því er ég best veit og við samþykktum hér fjárfestingarsamning fyrir þetta fyrirtæki á síðasta þingi.

Um þetta með framkvæmdirnar við tónlistarhúsið, að það sé ekkert samræmi í því, ætla ég svo sem ekkert að tjá mig frekar. Þar var verið að leita að atvinnu. Það eru engin rök fyrir því að halda áfram með tónlistarhúsið við núverandi aðstæður önnur en þau að halda úti atvinnu (**PHB:** Fyrir Kínverja?) og að (Forseti hringir.) nýta það fjármagn sem þar var búið að binda í skuldbindandi samningum sem koma til með að kosta hvort sem var. (Forseti hringir.) Við eigum auðvitað eftir að ræða það mál betur og skoða hvort það er rétt ákvörðun eður ei.

[17:26]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Tryggvi Þór Herbertsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það fyrsta sem mér dettur í hug er: Þeir gusa mest sem grynnst vaða. Það er annað mál.

Hvernig á að draga úr ríkisútgjöldum? Þeirri spurningu var beint til mín. 1/3 af því sem við eigum að loka á að koma frá sparnaði í opinberum rekstri og skattahækkunum, 1/3 á að koma frá breytingum á skattlagningu lífeyrissjóða og 1/3 með því að hvetja áfram atvinnulífið og stækka skattgrunnana.

Það er algjörlega ljóst að það er bara fals að segja að á næsta ári munum við taka til. Aðhaldið í stjórnsýslunni er 1,8 milljarðar af þessum 23 núna og verður 14,3 á næsta ári. Tilfærslurnar, þ.e. örorkubæturnar, fæðingarorlofið, ellilífeyririnn og það, eru 3,1 á þessu ári og 11,1 á næsta ári. Þetta er allt og sumt.

Hvað varðar lífeyrissjóðina, hver á að fjármagna okkur ef við skattleggjum þá? Núna setjum við peninga inn í lífeyrissjóðina og þeir kaupa ríkisskuldabréf sem ríkið fjármagnar sig með. Til hvers höfum við þennan millilið? Af hverju erum við ekki bara með þetta beint? Þetta eru bara einhver ruglrök.

Á einkamarkaði ganga núna 16.000–17.000 manns atvinnulaus. Hversu mörgum hefur verið sagt upp hjá hinu opinbera? Það er einkageirinn sem hefur tekið þetta allt saman á sig. Ég mun víkja aðeins aftur að smásöguskoðun um hvaðan þetta velferðarkerfi okkar er komið hérna í andsvörum.

[17:29]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég kann afar illa við það þegar hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson ávarpar mann þannig að það sé bara skvettugangur eða að það bylji í einhverri tómri tunnu. Það verður að vera einhver innstæða fyrir slíku. Að taka atvinnulífið allt, þá sem sátu inni í Karphúsi, og ávarpa héðan úr þingsal Alþingis eins og þeir hafi ekki hundsvit á þessu og aðeins einn af 63 þingmönnum — (**TÞH:** Var ég að gera það?) Þannig skil ég orðræðuna og er búinn að sitja undir henni áður. (**TÞH:** Ég var að tala um það sem þú varst að segja.)

Hv. þingmaður orðar það þannig að það séu vitlausar aðgerðir sem verið er að fara í. Þær voru afgreiddar í gær af launþegahreyfingunni, af Samtökum atvinnulífsins með 150.000 manns á bak við sig. Þar í eru málamiðlanir, ég geri mér fulla grein fyrir því. Það breytir hins vegar ekki því að þar var samkomulag.

Ekki ætla ég Vilhjálmi Egilssyni eða öðrum þeim sem þar skrifuðu undir að þeir leiki sér að því að setja ríkið á hausinn eða taka ákvarðanir sem eru algjörlega út úr kortinu þegar þeir skrifa undir slíkan sáttmála, jafnvel þó að hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson telji svo vera. Þannig talar hann til þessa samkomulags.

Það er alveg rétt að við getum hugsað okkur aðrar leiðir og það væri afar notalegt að geta tekið 1/3 í skattlagningu, fyrirframgreiðslu á lífeyrissjóðina, ávísa þannig á framtíðina. Gott og vel, það er vissulega einn möguleiki að taka lánið hjá lífeyrissjóðunum. Við gætum líka tekið bókstaflega vaxtalaust lán hjá lífeyrissjóðunum með lögþvinguðum aðgerðum. Menn geta haft svona hugmyndir. Mér finnst þetta of billega sloppið. Mér finnst að menn verði bara að gjöra svo vel að taka á málunum sjálfir og vera ekki að reyna að ávísa á framtíðina varðandi þessi atriði.

Viðfangsefnið er mjög stórt og það er rétt að ekki hefur mörgum opinberum starfsmönnum verið sagt upp. Laun hafa þó verið lækkuð verulega og munu lækka mun meira. Sumir hafa orðið að minnka við sig stöðuhlutfall og það var einmitt hluti af því sem við tókum ákvörðun um, Sjálfstæðisflokkur (Forseti hringir.) og Samfylking, að reyna að fara í gegnum þetta ár án þess að byrja á að skera þar niður til að auka á vandann með því. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn átti sig á því (Forseti hringir.) að það hafi verið hálfvitlausir sjálfstæðismenn sem tóku þessa ákvörðun við gerð fjárlaga fyrir þetta ár.

[17:31]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Tryggvi Þór Herbertsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég endurtek: Þeir gusa mest sem grynnst vaða. Við vorum ekki að tala um stöðugleikasáttmálann og erum ekki að því. Við erum að tala um það sem við höfum kosið að kalla bandorm, það er nákvæmlega það sem við erum að gera, alla vega hef ég ekki séð aðila vinnumarkaðarins í efnahags- og skattanefnd að semja hlutina eða skrifa þá upp. Ég held að það sé bara ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á þessu og það þýðir ekki að varpa af sér ábyrgð á þessum verkum yfir á aðila vinnumarkaðarins eins og hv. þingmaður gerir hér. Þú verður bara að kannast við að það er ríkisstjórnin sem gerir þetta, en nóg um það. Ég ætla að fara í smásöguskoðun.

1. Lífeyrissjóðakerfið eins og það er núna er tillaga frá sjálfstæðisþingmanninum Ólafi Björnssyni. Við vissum um vandamálin sem voru hér fyrir hendi. Sjálfstæðisflokkurinn hannaði þetta kerfi og setti það á fót með aðilum vinnumarkaðarins fyrir í kringum þrem áratugum síðan.

2. Hv. þingmaður talar um að velferðarkerfið sé búið til af einhverjum öðrum en Sjálfstæðisflokknum. Síðan er talað um að Sjálfstæðisflokkurinn beri ábyrgð á öllu. Við berum ábyrgð á 79% raunaukningu til velferðarkerfisins á undanförnum árum, hv. þingmaður. (**GuðbH:** Það er mikið af þessu á síðustu tveimur árum.) Á síðustu tveim árum? Síðan þið komuð hefur því miður þurft að skerða. En ég frábið mér að ég sé að tala um stöðugleikasáttmálann í ræðustól. Ég er að tala um ábyrgð ríkisstjórnarinnar á því frumvarpi sem hér er til umræðu.

[17:33]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er gott að heyra að hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson vill ekki styggja þá sem komu að stöðugleikasáttmálanum en ég get upplýst hv. þingmann um að þeir höfðu bæði bandorminn og skýrsluna, sem lögð var fram í dag, til grundvallar þegar þeir unnu stöðugleikasáttmálann. Þessi ríkisstjórn leitaði samstarfs við aðila vinnumarkaðarins og líka samstarfs við sveitarfélögin þó að það þurfi að vinna miklu betur að því samstarfi. Þetta voru forsendurnar sem lagðar voru til grundvallar þegar stöðugleikasáttmálinn var lagður fram.

Ég ætla ekki þar með að gera Samtök atvinnulífsins ábyrg fyrir einstökum ákvörðunum, hvorki þessum bandormi né öðrum þáttum. Þetta er heildarniðurstaðan sem menn skrifa undir með ákveðinni markmiðssetningu, með ákveðinni tillögugerð, það er auðvitað þannig hvort sem það eru Kennarasamtökin, Samtök atvinnulífsins eða einstakir. (**Gripið fram í:** … bandorminn.) Ég er að tala um þær forsendur sem eru fyrir ríkisfjármálunum sem verið er að vinna að til að reyna að koma á jafnvægi í þessu samfélagi eftir það hrun sem átti sér stað — ég ætla ekki að endurtaka hvers vegna, það veit hv. þingmaður jafn vel og ég. Það er það sem verið er að glíma við og bandormurinn er eitt fyrsta skrefið. Síðan kemur áætlunin sem er í heild, stöðugleikasáttmálinn er hluti af því og síðan þurfum við að taka hverja ákvörðunina á fætur annarri varðandi framhaldið. Ábyrgðin verður að sjálfsögðu Alþingis og hún verður ríkisstjórnarinnar, það segir sig sjálft. Ég þarf engan fyrirlestur um það hver stofnaði lífeyrissjóðakerfið. Ég ver það samt hvort sem sjálfstæðismenn hafa átt þar frumkvæði eður ei. Ég var sjálfur talsmaður þess að hér yrðu gegnumstreymislífeyrissjóðir. Ég tel að sjóðirnir hafi gegnt mjög mikilvægu hlutverki eins og þeir eru núna og að þeir muni gera það áfram. Ég held að þeir séu ein af okkar mikilvægustu eignum inn í framtíðina til að tryggja að ríkið geti staðið mjög vel að þegar þunginn eykst og eldri borgarar verða fleiri en í dag í hlutfalli við þá sem eru á vinnumarkaði. Spurningin er hvort við ætlum að taka út úr þeim sjóði, ég veit ekki hvort á að gera það. Ég skal ræða það en aðilar vinnumarkaðarins (Forseti hringir.) hafa lagt það til.

[17:36]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Það var áhugavert að hlusta á orðaskipti hv. þingmanna. Ef ég má veita hv. þm. Guðbjarti Hannessyni ráð er það það að hann er maður til að standa fyrir sínum eigin málflutningi. Ég hef unnið með honum frá því að hann kom á þing í fjárlaganefndinni og hv. þingmaður þarf ekki að taka það sem svo í hvert skipti sem menn eiga við hann orðastað og eru ekki honum sammála að þar með hafi þeir ráðist á bæði Gylfa Arnbjörnsson og Vilhjálm Egilsson. Þingmaðurinn, þótt stór sé, inniheldur ekki þessa tvo

menn auk sjálfs sín. Ég hef reyndar tekið eftir því í umræðum í þingsal í dag að menn hafa litið svo á að með stöðugleikasamkomulaginu sé komin upp einhver furðuleg staða, þ.e. ef menn hafa athugasemdir við gjörðir ríkisstjórnarinnar tali þeir um leið af virðingarleysi til þeirra sem stóðu að sáttinni. Ég vara mjög við þessu og ég verð reyndar að segja eins og er að mér finnst þetta bera nokkurn vott um óöryggi um hvernig menn halda á málum.

Stöðugleikasáttmálinn er mjög mikilvægur og hann er vonandi skref fyrir okkur áfram. Á miklu veldur hvernig menn standa síðan að málum sérstaklega hjá ríkisvaldinu, sérstaklega um hvernig við tökum á ríkisfjármálunum. Ég vil því byrja á því að segja að menn mega ekki líta svo á að hérna hafi orðið til einhvers konar skjöldur sem gerir það að verkum að hvergi sé hægt að koma við gagnrýni á ríkisstjórnina án þess að verið sé að vega að þeim annars ágætu mönnum, Gylfa Arnbjörnssyni og Vilhjálmi Egilssyni.

En þá að því máli sem hér er fyrir framan okkur. Einnig hefur verið nokkuð rætt í dag hver þróun ríkisútgjalda hefur verið til einstakra málaflokka, hvar menn hafa haft áherslurnar í ríkisfjármálum undanfarin ár. Ég er í hópi þeirra þingmanna, og var reyndar þeirrar skoðunar áður en ég kom inn á hið háa Alþingi, að útgjaldastigið, útgjöld ríkissjóðs, hefði vaxið allt of hratt og of mikið. Í þeirri umræðu kom gjarnan upp hugtakið „aðhaldsstig ríkisfjármála“ sem ég tel að hafi verið blekkjandi hugtak, að það hafi ekki horft nægilega til þess að hluti þeirra tekna sem ríkissjóði áskotnuðust var annars vegar vegna starfsemi íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu og hins vegar vegna þess mikla viðskiptahalla sem myndast hafði. Ég tel að það hafi villt mönnum nokkuð sýn þegar horft var til þess afgangs sem var af fjárlögum, sem var vissulega mjög mikill. Ég verð að játa að ég fór ekki að hugsa eftir þessum línum fyrr en komið var inn á árið 2007/2008 þegar það rann almennilega upp fyrir mér að það hversu mikill afgangur er á ríkisfjármálunum væri ekki merki um heilbrigði. Segja má að framkvæmdarvaldið og hið opinbera allt hafi á sínum tíma nálgast fjármál ríkisins og sveitarfélaganna þannig að verðbólga væri vandamál sem Seðlabankinn ætti að leysa af því að við höfum breytt lögum um Seðlabanka Íslands, sett honum verðbólgumarkmið. Það var eins og komin væri sú sameiginlega hugsun að menn gætu aukið ríkisútgjöldin allt að því eins og mönnum þóknaðist. Hér hafa verið nefndar tölur um hversu mikil útgjaldaaukning hafi orðið til t.d. velferðarmála á undanförnum 10–15 árum, 79%, sem er auðvitað alveg gríðarlega há tala. Vissulega er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni að hluti af því var aukning sem varð frá þeim tíma sem Samfylkingin kom í ríkisstjórn. Það er alveg sjálfsagt að halda því til haga sem vel er gert en stundum finnst mér eins og ýmsir hv. þingmenn, ég tek þó fram að það eru ekki allir, virðist stundum hafa gleymt því í umræðunni í þessum sal að sá ágæti flokkur Samfylkingin var í ríkisstjórn frá vordögum 2007 og fram í febrúar á þessu ári. Menn geta ekki bæði eignað sér heiðurinn af því sem reynt var að gera vel og látið eins og þeir hafi hvergi komið nærri stjórn landsins sl. tvö ár.

Ég hef líka margoft lýst þeirri skoðun minni að sú peningamálastefna sem Seðlabankinn rak við þær aðstæður sem eru uppi í íslensku efnahagslífi hafi verið röng. Það má lýsa henni þannig að bankinn hafi reynt að láta íslenskt þjóðarbú taka lán erlendis til að halda niðri verðbólgu. Það má ljóst vera að slík aðferðafræði, þótt hér sé hún sett upp í einfölduðu máli, og slík nálgun getur auðvitað aldrei gengið upp, enda sjáum við þess stað í efnahagslífi okkar þau vandamál sem við sitjum uppi með vegna hinna svokölluðu jöklabréfa sem gera allt endurreisnarstarf erfiðra. En það er ekki þannig að hér hafi árum saman verið ríkisstjórn við völd, hvort sem var undir forustu Sjálfstæðisflokksins í samstarfi við Samfylkinguna eða Sjálfstæðisflokkur í samstarfi við Framsóknarflokkinn, og að ýmis velferðarmál, menntamál, heilbrigðismál og aðrir slíkir málaflokkar hafi verið sveltir. Þvert á móti var gríðarleg aukning til þessara málaflokka á sl. einum og hálfum áratug samanlögð útgjöld ríkisins og sveitarfélaganna. Peningamálastefna Seðlabankans, sú staðreynd að stór hluti íslenskra lána eru verðtryggð og auðveldur aðgangur að erlendu lánsfé gerðu það að verkum að við misstum tök á hagstjórninni. Þá er ég ekki einungis að horfa á bankana sérstaklega heldur á það verkefni sem við erum fyrst og fremst með hér og í Seðlabankanum.

Ég hef líka orðið var við það sjónarmið í þessari umræðu sem ég skil vel hvar á rætur sínar að rekja, að menn leggi nokkuð að jöfnu þau störf sem unnin eru í opinbera geiranum og hins vegar á almennum markaði. Vissulega þarf ekki að deila um að verðmæti eru fólgin í þeim störfum sem unnin eru af hálfu hins opinbera. Í menntuninni sem hið opinbera hefur kosið að reka eru fólgin alveg gríðarleg verðmæti. Í heilbrigðisþjónustunni eru fólgin alveg gríðarleg verðmæti. Það er augljóst mál fyrir hvern einstakling, fyrir utan persónulega líðan og lífshamingju, eru það heilmikil hagræn rök að sem flestir þurfi að dvelja sem styst á spítölum eða fjarri vinnu. Því öflugra heilbrigðiskerfi sem við höfum því betur getum við lifað lífi okkar og þar með tekið þátt í efnahagslífinu og skapað verðmæti. Allt þetta er alveg augljóst mál. En, og það á að vera alveg jafnaugljóst, að til að geta veitt þessa þjónustu eins og við viljum gera þarf þar að baki að eiga sér stað verðmætasköpun. Það má vera deginum ljósara vegna þess að ef það væri einhvern veginn öðruvísi væri aldrei vandamál með atvinnuleysið. Þá mundum við bara fjölga opinberum störfum. Allir þeir sem mundu missa vinnuna á almennum markaði fengju þá bara starf hjá hinu opinbera. Af hverju er það ekki hægt, frú forseti? Af hverju skyldi það ekki vera hægt? Vegna þeirrar staðreyndar sem ég nefndi áður, að bak við þessi störf verður að vera verðmætasköpun. Þetta er mikilvæg og verðmæt þjónusta en fyrir hana þarf að greiða. Þess vegna er það að mínu mati ámælisvert hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að málum þegar kemur að atvinnulífinu og verðmætasköpuninni.

Til dæmis er það vandamál að í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar er enn þá það fyrirheit eða öllu heldur sú hótun að afskrifa aflaheimildir sjávarútvegsfyrirtækjanna um 5% á ári. Ég verð að segja eins og er að ég er mjög ánægður með að Samtök atvinnulífsins hafa komið vitinu fyrir ríkisstjórnina að nokkru í stöðugleikasáttmálanum með því að setja það mál inn í ákveðinn farveg. En það breytir ekki þeirri staðreynd að áfram vomir þetta yfir. Þessar áætlanir eru enn þá á blaði. Þær hafa ekki verið afnumdar. Má hverjum

manni vera það ljóst hvaða áhrif það hefði fyrir íslenskt efnahagslíf ef sjávarútveginum, aflvélinni í hagkerfinu okkar, yrði stefnt í uppnám. (**TÞH:** Sem hefur verið gert.) Jafnsérstakar reyndar tel ég vera hugmyndir um frjálsar strandveiðar svokallaðar sem gera ekkert annað en sóa verðmætum og búa til möguleika fyrir þá sem hafa selt sig út úr þeim kerfum sem nú eru við lýði að komast aftur inn í kerfin og selja sig svo aftur út þegar hið óumflýjanlega gerist að loka þarf aftur fyrir aðganginn.

Þetta eru tvö dæmi sem ég tek úr sjávarútveginum þar sem ég tel að ríkisstjórninni hafi verið mislagðar hendur og nú vil ég taka það fram við hv. þingmenn að með þessu er ég ekki að veitast að aðilum vinnumarkaðarins, að stöðugleikasáttmálanum eða neinu slíku heldur er ég frekar að hrósa þeim fyrir það sem þar var gert.

Það sem við sjálfstæðismenn höfum verið að vara við í þessari umræðu og almennt á undanförnum vikum þar sem rætt hefur verið um það hvernig taka eigi á þessum mikla efnahagsvanda er að við höfum varað við því að nálgast þetta þannig með þá hugsun að leiðarljósi að hægt sé að skattleggja sig út úr þessum vanda. Það er alveg rétt að það eru erfiðir valkostir sem þarf að velja á milli og það er aldrei svo að það verði einhver ein leið sem geti létt af okkur öllum þeim þunga sem á okkur hvílir. En vandinn við skattlagningarleiðina er sá að hún er tvíeggjuð þegar kemur að rekstrarniðurstöðu ríkissjóðs. Ég vil benda, frú forseti, sérstaklega á nefndarálit minni hlutans sem hér er lagt fram og ég tel mjög vandað og greinargott yfirlit yfir afleiðingar þessara aðgerða. Á blaðsíðu 2 í nefndarálitinu eru sérstaklega rakin áhrif þessara aðgerða á efnahagslífið og hvernig þær aðgerðir síðan koma við ríkissjóð og heimilin í landinu. Ég skora á hv. þingmenn stjórnarinnar og stjórnarliða að kynna sérstaklega þessa útreikninga og ef þeir hafa athugasemdir fram að færa við þær niðurstöður sem þar eru settar fram væri það mjög til bóta fyrir umræðuna að heyra þær. En hér er verið að benda á að þau skipta milljörðum og tugum milljarða þau áhrif sem þessar aðgerðir hafa á þjóðarframleiðsluna.

Hvers vegna skyldi þetta vera svona? Það er vegna þess að skattahækkanir, hvort sem um er að ræða á atvinnurekstur eða einstaklinga, verða þess valdandi að það dregur úr eftirspurn í hagkerfinu. Þetta er ekki einhver svona uppdiktuð fræðikenning úr skraufþurrum bókum hagfræðinga. Þetta er bara almenn skynsemi sem hver og einn maður getur reynt á sjálfum sér því þegar ríkisvaldið tekur fleiri krónur af laununum þá eru færri krónur eftir þegar menn hafa borgað af lánunum ef þeir geta til að kaupa vöru og þjónustu, til að kaupa föt og mat og allt það sem þarf til að geta lifað eðlilegu lífi. Eftir því sem færri krónur eru eftir til þess því minni eftirspurn er í hagkerfinu og eftir því sem eftirspurnin minnkar í hagkerfinu þá fækkar störfunum. Stundum þegar við sjálfstæðismenn erum að fara yfir þessa röksemdafærslu þá er látið eins og þetta séu einhverjar abstrakt fræðikenningar sem séu þess eðlis að á erfiðum tímum hafi menn enga tíma fyrir slíkt tal, nú þurfi að grípa til skattahækkana.

Stundum er talað þannig að menn verða að vera tilbúnir til að taka erfiðar ákvarðanir, að gríðarlega mikilvægt sé að menn taki erfiðar ákvarðanir. Ég er þeirrar skoðunar, frú forseti, að það sé miklu mikilvægara að taka réttar ákvarðanir. Það kann að vera að réttar ákvarðanir séu erfiðar. En ég held að okkur þingmönnum væri hollt að horfa fyrst og síðast til þess að taka réttar ákvarðanir. Vandinn við það sem birtist annars vegar í þessu frumvarpi og hins vegar í stöðugleikasáttmálanum sem skrifað var undir er að okkur sjálfstæðismönnum þykir of mikil áhersla lögð á skattahækkanir vegna þess að við erum sammála um það, held ég, hvar í flokki sem við stöndum að við viljum verja velferðarkerfið í landinu. Við viljum halda uppi öflugu menntakerfi. Við viljum hafa öfluga heilbrigðisþjónustu. Við viljum hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda. En til að geta gert þetta verður hagkerfið að skapa verðmæti. Það verður ekki gert öðruvísi. Það er óskhyggja að halda annað. Og ef of langt er gengið í skattahækkunum, ef um of er dregið úr möguleikum fyrirtækjanna til að skapa verðmæti þá gerist bara það eitt síðar meir — einu ári seinna eða tveimur eða hvað það nú er — að vandinn í ríkisfjármálunum verður miklu meiri og þörfin á niðurskurði verður enn þá meiri en ella hefði orðið. Það er því ekki eins og látið er að liggja að við sjálfstæðismenn séum með svo kalt blóð í æðum að við segjum sem svo að við viljum engar skattahækkanir, við viljum að allt þetta verði tekið með niðurskurði af því að okkur standi einhvern veginn á sama um velferðarkerfið og menntakerfið og alla þessa liði. Það er svo langt í frá. Það er einmitt öfugt vegna þess að við vitum það — og hv. þingmönnum á að vera það fullkomlega ljóst — að ef skattstofnarnir styrkjast ekki, ef efnahagslífið tekur ekki við sér þá mun það eitt gerast að vandi ríkissjóðs mun vaxa og þá verður erfiðara og erfiðara að ná jafnvægi.

Frú forseti. Það eru auðvitað fjölmörg mál sem ég hefði áhuga á að koma að í þessari umræðu. Ég tel að í nefndaráliti minni hlutans hafi verið farið mjög ítarlega yfir einstakar greinar og athugasemdir minni hlutans við einstakar greinar og heildaráhrif þessa lagafrumvarps. Ég vil því nota tækifærið og þakka fyrir þetta álit sem ég tel að sé mjög til hjálpar og aðstoðar við að skilja þetta mál.

Ég vil þó að lokum nefna eitt sem snýr að lífeyrissjóðunum og segja að það er ekki rétt og það er ekki hægt að rökstyðja þá skoðun að með því að skoða þá leið sem við sjálfstæðismenn höfum reifað varðandi breytingar á skattlagningu lífeyrissjóðanna sé þar með verið að velta vandanum inn í framtíðina, að menn séu ekki að takast á við þann vanda sem uppi er, að það sé verið að auka byrðarnar á framtíðina. Svo er ekki. Vissulega gerist það að það dregur úr þjóðhagslegum sparnaði. Það má ljóst vera. En á móti verða menn að vega að um leið er verið að draga annars vegar úr skattlagningarþörf ríkisins, þeirri skattlagningarþörf sem hefur þau áhrif sem ég lýsti fyrr í ræðu minni á eftirspurnina í samfélaginu og er þess vegna hættuleg við þessar aðstæður þar sem eftirspurnin er að dragast saman á hverjum einasta degi og einnig lánsfjárþörf ríkisins eins og hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson benti á því að það eru einmitt lífeyrissjóðirnir sem eru að kaupa bréf ríkisins og þar með fjármagna ríkið. Menn verða því að horfa á þetta heildstætt til að geta lagt mat á hvaða áhrif slík aðgerð hefði. Menn verða sem sagt að horfa til þess að skattahækkanir, jafnmiklar og lagðar eru til hér næstu árin, munu hafa áhrif á eftirspurnina, draga úr framleiðslugetunni, draga úr

viljanum til að fara af stað með ný fyrirtæki, alla þessa þætti og að ríkið stendur frammi fyrir þessum gríðarlega vanda við að fjármagna sig að viðbættu síðan því sem rætt hefur verið og farið yfir margsinnis hvaða áhrif þetta hefur á lífeyrisgreiðslur til hvers og eins einstaklings þar sem bent hefur verið á undarlegar og allt að því óskiljanlegar rökvillur hjá ýmsum þeim sem hafa komið fram og gagnrýnt þær hugmyndir sem við sjálfstæðismenn höfum haft í þessu máli og er of langt mál hér að fara í til að það dugi á þeim sekúndum sem ég á eftir.

Að lokum, frú forseti. Við sjálfstæðismenn erum okkur mjög þess meðvituð að það er ekki auðvelt mál fyrir ríkisstjórnina að koma fram með þetta. Þetta er ekki óskastaða nokkurs stjórnmálaflokks eða nokkurrar ríkisstjórnar að þurfa að standa í. Við höfum skilning á því. Við höfum margítrekað að við viljum vinna með ríkisstjórninni í þessum málum. Við höfum lagt fram okkar eigin efnahagstillögur og kynnt þær. En við teljum það líka skyldu okkar jafnframt (Forseti hringir.) að gagnrýna það sem við teljum að megi betur fara rétt eins og við leggjum fram tillögur um það sem við teljum að geti horft til framfara.

[17:56]

Útbýting:

Áhrif frestunar stóriðjuframkvæmda á þjóðarbúið, 129. mál, fsp. ÁsbÓ, þskj. 181.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 82. mál, nál. menntmn., þskj. 184.

Skólaeinkunnir og inntaka nemenda í framhaldsskóla, 130. mál, fsp. VigH, þskj. 182.

Vátryggingafélög, 131. mál, fsp. VigH, þskj. 183.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um ríkisábyrgð á skuldbindingum Landsbankans vegna Icesave-reikninganna, 132. mál, þáltill. HöskÞ o.fl., þskj. 185.

Örorkumat, 128. mál, fsp. ÁsbÓ, þskj. 180.

Öryrkjar, 127. mál, fsp. ÁsbÓ, þskj. 179.

[17:57]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjórnarfrumvarp, og það er ekki hægt að neita því að það er mjög mikilvægt að taka á stöðu ríkissjóðs. Í fjárlögum var gert ráð fyrir, ef ég man rétt, 153 milljörðum í halla og það er staða sem gengur ekki upp því að þetta þarf að taka að láni og borga af þessu vexti og vextirnir munu svo auka hallann aftur á næstu árum. Þetta er eitthvað sem taka þarf á og ég held að allir séu sammála því að taka þarf á þessu og þær ráðstafanir sem við heyrum um hér eru aðgerð til að taka á þessum vanda. Það sem mér finnst skorta í öllum störfum ríkisstjórnarinnar er framtíðarsýn. Nú hefur það gerst að þessi halli er orðinn 178 milljarðar í millitíðinni og það er vegna þess að menn hafa ekki verið að taka á vandanum hingað til, þeir hafa verið að dunda sér við ýmislegt annað, eins og að reka Davíð Oddsson úr Seðlabankanum, sem ég hef svo sem nefnt áður, og koma á stjórnlagaþingi til að þóknast einhverjum, síðan að sækja um aðild að Evrópusambandinu og svo kemur náttúrlega sprengjan um Icesave. Allt þetta er eins og til þess gert að taka ekki á vandanum. Á meðan hefur hallinn vaxið um 25 milljarða að mér sýnist og verður alltaf verri og verri.

Mér finnst vanta framtíðarsýn. Mér finnst vanta að menn segi hvernig dagurinn 25. júní árið 2014 verður, bara til að nefna dæmi, eða árið 2024 þegar Icesave-samningurinn rennur út. Hvernig lítur sá dagur úr? Hann kemur, það er nokkuð öruggt, það er nokkuð víst. Tíminn heldur áfram. Ég vil að menn sjái þetta, að menn séu búnir að gera áætlanir fram í tímann fyrir ríkissjóð og búnir að gera áhættugreiningu á t.d. hvernig Icesave virkar í versta tilfelli, besta tilfelli og meðaltilfelli, búnir að vinna þetta skynsamlega. Þá getur maður farið að vinda sér í að vinna úr þessu. En á meðan engin framtíðarsýn er og enginn segir mér hvernig þetta lítur út, menn taka stundum ákvörðun um að halda áfram með tónlistarhús eða hætta við aðgerðir í heilbrigðiskerfinu og gera eitthvað annað, þá er þetta er svo flausturskennt, frú forseti.

Mér finnst mikilvægt núna að auka atvinnu, ég nefndi það áðan, og það þarf að koma bönkunum í gang til þess að auka atvinnu. Bankarnir eru yfirfullir af peningum, þeir eru sneisafullir af peningum. Stýrivextir Seðlabankans eru hættir að virka vegna þess að það eru engin endurhverf lán í gangi. Vextir á millibankamarkaði eru lægri en stýrivextir þannig að það eru heilmiklar forsendur fyrir því að koma atvinnulífinu gang. En menn taka ekki á vissum hlutum eins og t.d. því að klára bankana.

Við þurfum líka að gera viðunandi samninga um Icesave til að geta horft til framtíðar. Það er ekki hægt annað, við getum ekki horft til framtíðar með eitthvað hangandi yfir okkur með ákveðnum líkum sem valda því að þjóðarbúið fari á hvolf og við þurfum að leita nauðasamninga eins og gjaldþrota fólk úti í heimi ef illa fer. Það gengur ekki upp. Við verðum að semja þannig að við getum borgað nokkuð örugglega.

Ég skrifaði undir nefndarálit sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson hefur farið nokkuð ítarlega í gegnum en mig langar til að bæta um. Það vill svo til að tekjuhluti frumvarpsins snýst um að hækka tryggingagjaldið um 1,66%, hækka fjármagnstekjuskatt úr 10% í 15% og færa ýmsar tegundir matvæla úr 7% virðisaukaskatti, þ.e. aðallega sykur og sykurvörur, í 24,5% skatt. Fyrstu tvö atriðin eru í reynd skattlagning á atvinnu, tryggingagjaldið er skattlagning á atvinnu því að það leggst á laun, það er 7 þús. kr. að meðaltali á hvern launþega á mánuði, og skattlagning á sparnað, hækkun á fjármagnstekjuskatti er ekkert annað en skattlagning á sparnað. En þó veitir ekki af að styrkja þessi tvö atriði. Atvinna hefur hrunið, við búum við atvinnuleysi sem Íslendingar hafa aldrei séð og vilja ekki sjá og ætla ekki að sjá til framtíðar. Þetta er reyndar venjan í þessu framtíðarlandi, Evrópusambandinu. Þar er reglan að atvinnuleysi sé 8–10% en Íslendingar vilja ekki sjá það og ég vil ekki sjá það. Ég vil hafa atvinnuleysið u.þ.b. 2% á ári. En hér er verið að skattleggja atvinnu og það er verið að skattleggja sparnaðinn og sparnaðurinn hrundi. Eignahrunið í haust var gífurlegt, sennilega þúsund milljarðar, og það er verið að skattleggja einmitt fjármagnið og arðinn af því sérstaklega. Mér finnst mönnum vera dálítið mislagðar hendur. Þetta er eflaust í góðu gert, ég efa það ekki, en ég hugsa að menn hafi bara ekki áttað sig á hvað þeir voru að gera með því að auka álögur á atvinnu og auka álögur á spari-

fjáreigendur og fjármagnið sem þó hafa orðið fyrir langmestu hnjaski sem sparifjáreigendur hafa nokkurn tíma orðið fyrir á eins stuttum tíma. Auðvitað voru neikvæðir vextir í gamla daga sem stálu sparifénu af gamla fólkinu hægt og rólega en það gerðist ekki með svona sviplegum og snöggum hætti.

Ég ætla að ræða rétt aðeins um skatta. Skattar á tekjur einstaklinga eru þrenns konar hér á landi, það eru tvenns konar flatir skattar, það er tryggingagjaldið og það er útsvarið. Allir borga tryggingagjald og allir borga útsvar alveg frá fyrstu krónu sem þeir hafa í tekjur, það er ekkert frítekjumark þar. Það vill svo til að ríkið borgar útsvarið fyrir fólk undir frítekjumarki með tekjuskattinum. Tekjuskatturinn er í reynd neikvæður á lágar tekjur og sveitarfélögin fá alltaf sitt útsvar af fyrstu krónu sem menn þéna. Þarna eru sem sagt tvenns konar skattar sem eru algerlega flatir og svo er tekjuskattur ríkisins sem ég var að lýsa áðan sem er neikvæður undir frítekjumarkinu sem nú eru 118 þús. kr. og ríkið er þá í rauninni að borga. Eins og kemur fram í töflu á bls. 4 í nefndarálitinu borgar ríkið tæpar 15 þús. kr. fyrir hvern mann þegar hann er akkúrat í frítekjumarkinu. Síðan minnkar alltaf tekjuskatturinn, þessi neikvæði, og hann endar í því að verða 0 við 182 þús. kr. Skattþegn undir 182 þús. kr. borgar ekki tekjuskatt, hann fær greitt frá ríkinu til að borga útsvarið sitt. Það er fyrst við 182 þús. kr. sem menn fara að borga tekjuskatt. Þetta kemur líka fram á mynd sem þarna er sýnd en ég dreg þetta fram til að menn átti sig á því hvernig tekjur eru skattlagðar, og tryggingagjaldið sem borgað er launagreiðendum mætti láta launþegann greiða með því að setja lög um að hækka öll laun í landinu sem nemur tryggingagjaldinu og launþeginn borgi það sjálfur. Það mundi ekki breyta neinu, ekki fyrir einn eða neinn, hvorki fyrir fyrirtækin né launþegann. En þá kæmi í ljós að hann væri í rauninni að borga tvo flata skatta, þ.e. útsvarið og tryggingagjaldið. Á töflu er sýnt hvernig þessir skattar hegða sér og þar sést líka hvernig tryggingagjaldið er hækkað með þessu. Svo er settur á sérstakur hátekjuskattur á tekjur yfir 700 þús.

Fólk lítur á tekjur sínar eftir skatt, það hefur engan áhuga á þeim hluta teknanna sem fara í skatt. Fólk lítur á hvað það fær í vasann eftir að búið er að taka því af skatta og annað slíkt og sumir líta ekki einu sinni á iðgjald í lífeyrissjóð sem sinn hluta þó að það sé í rauninni eignamyndun hjá lífeyrissjóðunum af því að tengslin milli sjóðfélaga og lífeyrissjóða eru afskaplega veik. Þökk sé mjög veiku lýðræði í lífeyrissjóðunum en ég ætla nú ekki að tala um það. Fólk lítur á ráðstöfunartekjur eftir skatt, þetta hafi það til ráðstöfunar, og launagreiðandinn lítur á kostnað sinn fyrir skatt. Og það sem ríkið tekur þarna á milli geta menn deilt um hvort launþeginn greiði eða ríkið. Ég hugsa að þessa hækkun á tryggingagjaldi munu flestir líta á sem kostnað fyrirtækjanna en hann er um 7 þús. kr. á hvern meðal Íslending þar sem meðallaunin eru í kringum 400 þús.

Annað sem er athyglisvert líka er að 10% lækkun á skatti þýðir um leið 10% lækkun á tryggingagjaldi og útsvari af því að það er línulegt hvort tveggja en slík lækkun þýðir 18% lækkun á tekjuskatti vegna þess hvernig hann er uppbyggður. Ríkissjóður er því afskaplega viðkvæmur fyrir bæði launahækkunum og launalækkunum og hann verður sérstaklega mikið var við þær launalækkanir sem eru í gangi í dag og ætti í rauninni að hafa hag af því að reyna að hemja þær eins og hægt er, t.d. með því að auka atvinnu í landinu. Aukin atvinna þýðir aukin eftirspurn eftir vinnuafli og þá hækka launin og fleiri borga skatt og þá ætti ríkissjóður að hagnast. Þetta var um hinar þrjár tegundir skatta á tekjur einstaklinga.

Í ákvæði til bráðabirgða er verið að hækka hátekjuskattinn. Þar fóru menn þá leið, sem mér finnst vera afskaplega ósanngjörn og ófélagsleg og dálítið merkilegt að vinstri menn skuli fara þá leið, að skattleggja einstaklinginn í sambúð. Þetta er náttúrlega í takt við þá einstaklingshyggju sem hefur grafið um sig í þjóðfélaginu síðustu fimm, sex árin og valdið gífurlegum kostnaði í velferðarkerfinu og kom í kjölfar öryrkjadómsins. Það er einstaklingshyggja að líta ekki á félagslega stöðu fólks heldur segja bara að einstaklingur eigi rétt á þessu þó að hann búi með maka sem bæði á miklar eignir og hefur miklar tekjur. Það er náttúrlega alveg sérstakt að allt velferðarkerfið taki ekki mið af eignum manna. Maður sem á mjög miklar eignir getur fengið bætur úr velferðarkerfinu eins og ekkert sé. Hér er gert ráð fyrir því, í takt við þessa einstaklingshyggju, að fólk borgi hátekjuskatt af launatekjum sem eru yfir 700 þús. hjá einstaklingi. Nú getur verið að hjón séu með mikla ómegð og annað þeirra sé yfir barnahjörðinni og hitt verði að hafa mjög miklar tekjur, t.d. sem sjómaður eða sem mjög virkur og duglegur maður sem vinnur mikla yfirvinnu, það er þekkt hér á landi. Ef annað þeirra er með, hvað á ég að segja, milljón á mánuði en hitt með 100 þús. kr. á mánuði, eitthvað eilítið fyrir að halda bókhald eða eitthvað slíkt, þá borgar það þeirra sem er með milljón á mánuði töluvert góðan, safaríkan hátekjuskatt þó að meðaltekjurnar séu ekkert voðalega beysnar, 550 þús. Þetta frumvarp er því mjög ósanngjarnt og ég legg til — af því að ég sé að hv. formaður efnahags- og skattanefndar er viðstaddur — að við breytum þessu í nefndinni milli 2. og 3. umr. þannig að þetta verði félagslegra og þetta verði jafnað á milli hjóna í þeim tilvikum sem um það er að ræða.

Þá er það spurningin um skatta á fjármagnstekjur og ég verð að minna á það, af hverju er skattur á fjármagnstekjur 10% og meðalskattur á tekjur um 23% ef maður tekur persónuafsláttinn og allt inn. Það er vegna þess að hluti af fjármagnstekjum, t.d. vextir, eru verðbætur. Núna hefur það gerst t.d. í vetur að verðbólga hefur verið 18% og maður sem er með 15% vexti tapar, hann nær því ekki að kaupa jafnmikið eftir árið og hann gat keypt ári áður en hann borgar 1,5% í skatt af tapinu. Fjármagnstekjuskatturinn var ákveðinn svona miklu lægri vegna þessara tilvika, vegna þess að menn eru að borga skatt á verðbótaþátt sem er ekki tekjur, sem er froða. Sömuleiðis þeir sem hafa arð og söluhagnað, þá var ákveðið að hafa skattinn miklu lægri vegna þeirrar áhættu sem menn tóku. Reyndar skildi enginn áhættuna þá en ég ætla að vona að menn skilji það í dag. Menn sem fengu arð af hlutabréfum í Kaupþingi í fyrra og borguðu af honum fjármagnstekjuskatt, það er ekki mikill arður af þeirri fjárfestingu í dag, gífurlegt tap og þeir geta ekki dregið það frá skatti. Ef menn ætla að vera sanngjarnir þyrftu menn — já, ég ætla að tala um húsaleiguna áður en

ég fer að tala um sanngirnina. Í húsaleigunni geta menn ekki dregið frá gjöld og skatta á húsnæði, afskriftir, viðhald og annað slíkt. Þetta er bráttóskattur og þar af leiðandi var hann ákveðinn helmingi lægri en af venjulegum tekjum vegna þess að verið er að borga 10% skatt af tekjum sem fara í að borga viðhald og annað slíkt sem er ekki tekjur. Þetta voru rökin fyrir því að fjármagnstekjuskatturinn er 10% en ekki eins og laun, 35% af tekjum umfram frítekjumark eða eitthvað slíkt. Ef menn ætla að vera sanngjarnir og vilja fara að líta á þetta sem tekjur þyrfti í fyrsta lagi að taka raunvexti en ekki nafnvexti, menn þyrftu að taka vaxtagjöld til frádráttar, raunvaxtagjöld til frádráttar, að sjálfsögðu, menn þyrftu að taka áhættuna af hlutabréfum. Ég held að margir mundu gleðjast, frú forseti, ef þeir gætu dregið tapið sitt af hlutabréfunum frá tekjum sínum fyrir álagningu skatts næstu 10–15 árin, eitthvað svoleiðis. Það mundi sennilega duga mörgum og yrði mikil ánægja með það yfirleitt í þjóðfélaginu, en þannig yrðu reglurnar að vera ef menn ætla að vera sanngjarnir. Ef menn ætla að vera algerlega sanngjarnir í skattlagningu á fjármagnstekjum yrði að heimila tap manna af hlutabréfum og í húsaleigunni mættu menn þá draga frá allan kostnað, viðhald og skattlagningu, afskriftir og annað slíkt.

Ég var í þeirri nefnd sem samdi þetta á sínum tíma og barðist fyrir því að koma með einfaldan 10% skatt sem hefur reynst alveg frábærlega vel. Það var reiknað út að ef menn færu þessa sanngjörnu leið yrðu tekjur ríkisins engar og hvatinn til að skulda yrði mikill vegna þess að vaxtagjöldin yrðu frádráttarbær. Hér er verið að hverfa frá þessari leið, sennilega vegna misskilnings eða vegna þess að menn skilja ekki eðli fjármagnstekna. Hér á að fara að hækka þetta upp í 15% og það hefur verið stöðug umræða um að skattleggja þetta eins og tekjur en þá verða menn líka að líta á þetta sem tekjur.

En það er annað. Vegna þess að á Íslandi voru vextir neikvæðir í 30 ár, frá 1950–1980, og sparifjáreigendum var refsað ár eftir ár eftir ár og þeim sem skulduðu var hyglað ár eftir ár eftir ár, þá lærði þjóðin að skulda. Hún lærði svo rækilega að skulda að hún er ekki búin að gleyma þeim lærdómi enn þá og þjóðin skuldar í dag eða fram að hruninu í haust skuldaði hún villt og galið sem er afskaplega slæmt. Það er allt of fátt fólk sem vill spara á Íslandi og allt of margir sem vilja eyða, kaupa sér fínan jeppa, fara í utanlandsferð eða eitthvað slíkt. Þannig var það þangað til í haust. Það varð reyndar mikil breyting þá þegar Íslendingurinn breyttist í homo parcus, hinn sparsama mann sem ég vona að haldi. Ég ætla að vona að það haldi einhverja mánuði eða ár að Íslendingurinn verði homo parcus því að það er nefnilega framtíðarsýnin mín að við getum bara keypt okkur gjaldeyri til að skipta um gjaldmiðil þegar við þurfum á því að halda, eftir 3–4 ár þegar við erum búin að ráða við þau vandamál sem við glímum við í dag.

Skattlagning á sparnað er einmitt til að refsa þeim sem hafa sparað og við erum að stíga það skref núna eða gefa það merki að við ætlum að refsa þeim sem hafa sparað, jafnvel eftir eitt mesta verðbólguskot undanfarinna ára sem sparifjáreigendur hafa náttúrlega tapað gífurlega á nema þeir sem áttu verðtryggða reikninga og jafnvel eftir það mikla eignahrun sem varð þar sem gífurlegt hrun varð á hlutabréfaeign almennings. Ég lét reikna það út í efnahags- og skattanefnd í haust að 45 þúsund manns töpuðu að meðaltali 3 milljónum í þessum þremur bönkum okkar sem urðu gjaldþrota og það á einni viku, 45 þúsund manns töpuðu að meðaltali 3 millj. og þar af voru 11 þúsund aldraðir, þ.e. þriðjungur aldraðra tapaði að meðaltali 3 millj. líka á þessari einu viku. Þetta er eignahrun og hér ætla menn að höggva í þann knérunn sem eru fjármagnstekjur og fjármagn. Ég held að menn þurfi aðeins að passa sig. Þó að það sé nauðsynlegt að laga stöðu ríkissjóðs finnst mér að menn eigi að gera það með því að auka atvinnu eins og hægt er, eins og ég nefndi í fyrr í dag, og gera ráðstafanir sem taka á einhverju öðru en einmitt sparnaði og atvinnu. Ég ætla ekki að nefna sykurinn og þá forsjárhyggju. Ég nefni í því sambandi af hverju menn leggi þá ekki skatt á fitu, það er allt of mikið af feitu fólki. Svo ætti náttúrlega að lækka skatt á tannkremi eða jafnvel hafa það ókeypis og hengja svo upp mynd af Steingrími í baðherberginu þar sem hann segir: Burstaðu tennurnar á kvöldin, vinurinn.

[18:17]

Valgeir Skagfjörð (Bhr):

Frú forseti. Ég þakka fyrir góðar umræður í dag. Ég skrifaði undir minnihlutaálit í efnahags- og skattanefnd með fyrirvara og skilst að með því hafi ég brotið blað í sögu Alþingis, slíkt hefur víst aldrei verið gert. Til að geta tekið upplýsta ákvörðun um það sem fram fer þarf ég að fá nauðsynlegar upplýsingar til að ganga út frá og þar sem ég kem inn með stuttum fyrirvara sem varaþingmaður þá er ég kannski síður inni í sumum málum sem hafa komið fyrir nefndina og verið rædd þar og treysti mér þar af leiðandi ekki samvisku minnar vegna til að taka upplýsta ákvörðun í því ljósi. Því braut ég þetta blað og skrifaði undir minnihlutaálitið með fyrirvara.

Frú forseti. Frumvarpið sem er til umræðu gengur út á nauðsyn þess að auka tekjur ríkissjóðs. Ég geri mér grein fyrir því að vissulega kallar það á sársaukafullar aðgerðir, sem munu hafa afleiðingar fyrir mjög marga í þessu samfélagi. Í sjálfu sér er margt allrar athygli vert í frumvarpinu og ýmislegt sem hægt er að styðja við en því miður eru agnúar á frumvarpinu sem skipta verulegu máli fyrir ákveðna hópa í þessu landi. Samkvæmt 14. og 15. gr. er gert ráð fyrir því að ellilífeyrisþegar og öryrkjar taki á sig miklar skerðingar og eru þær þess eðlis að til skammar er fyrir ríkisstjórnarflokkana sem kenna sig við norrænt velferðarsamfélag og höfðu í kosningabaráttunni í vor uppi stór slagorð um að verja velferðina.

Frú forseti. Samvisku minnar vegna og þess að ég er þingmaður Borgarahreyfingarinnar mun ég aldrei taka þátt í því að veitast að lífsafkomu á milli 30 og 40 þúsund einstaklinga sem nú um stundir og undanfarin ár hafa reynt að draga fram lífið nánast við fátæktarmörk og eiga nú að herða sultarólarnar enn frekar og eiga þess ekki kost að lifa mannsæmandi lífi á þeim kjörum sem þeim munu bjóðast verði þetta að veruleika. Það er lítil reisn yfir þessum þætti frumvarpsins og lítil reisn yfir ríkisstjórn sem ætlar sér að seilast í hálftóma vasa þeirra sem standa frammi fyrir því hvort þeir eiga fyrir mjólk eða öðrum nauðsynjum á morgun, sem, nota bene, hækka bara. Til viðbótar skerðingunni

munu aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa áhrif á vísitöluna því hækkunum er auðvitað velt út í verðlagið, en þær eru nú þegar orðnar ansi miklar vegna veikrar stöðu krónunnar og almennt þess efnahagsástands sem hér ríkir.

Sú fjárhæð sem fæst með þessari aðgerð einni og sér hleypur ekki á mörgum milljörðum. Það væri svo auðveldlega hægt að ná í þessa milljarða einhvers staðar annars staðar og ég tek undir orð hv. þm. Þuríðar Backman sem lýsti eftir því að allir, hvar í flokki sem þeir standa, fari á smásmugulegan hátt í gegnum hugmyndabanka sína til að leita að þessum fjármunum einhvers staðar annars staðar og víða eru til holur í þessu kerfi. Það að sparnaður hins opinbera eigi bara að standa undir 8% af þessari bættu afkomu en skerðing bóta um 14% er algerlega óásættanlegt frá mínum bæjardyrum séð.

Varðandi hátekjuskattinn velti ég því fyrir mér hvort ekki er hægt að leysa þetta með því að hafa þetta mjög einfalt, þ.e. að einstaklingar með 700 þús. á mánuði greiði tekjuskatt og fari tekjurnar yfir 1.400 þús. samanlagt hjá hjónum verði greiddur hátekjuskattur. Ég held að ekki þurfi að vera flókið að framkvæma þetta. Ég mun ekki styðja það að ráðast að öryrkjum og ellilífeyrisþegum að svo komnu.

[18:21]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Þessi ríkisstjórn hefur nú starfað í tæplega hálft ár og mikil þreytu- og uppgjafarmerki eru á öllum hennar vinnubrögðum. Mikið samstöðuleysi er um grundvallaratriði sem snúa að uppbyggingu íslensks samfélags, grundvallaratriði er snúa að atvinnumálum, Evrópumálum, skuldbindingum erlendis gagnvart þessum Icesavesamningum og það má telja upp fleiri atriði.

Það er bagalegt að horfa upp á þær lausnir sem þessi hæstv. ríkisstjórn leggur fyrir Alþingi í dag til að gefa íslensku samfélagi aukna bjartsýni og áræðni til að takast á við þann vanda sem fram undan er. Þær lausnir sem ríkisstjórnin hefur eru bara aukin skattheimta og önnur frekari gjaldheimta og hún virðist einnig horfa mjög til þess að draga allan mátt úr atvinnulífinu. Alla vega eru henni mjög mislagðar hendur í því að koma á blað einhverjum hugmyndum sem gætu veitt bjartsýni og áræðni inn í íslenskt atvinnulíf og gefið von um það að aðstæður hér muni breytast svo að við náum að efla atvinnulíf landsmanna, sem er auðvitað grunnurinn að því að ná vopnum okkar. Það mátti líka heyra á hæstv. heilbrigðisráðherra fyrr í dag, þegar verið var að ræða um störf þingsins, að einkarekstur væri bisness og það væri bull og vitleysa. Bisness er eitthvað sem er eitur í hans beinum og þetta segir kannski allt, virðulegi forseti, um viðhorf hæstv. ríkisstjórnar og þeirra vinstri flokka sem hér fara með völd til atvinnulífsins og hvaða áherslur þeir vilja standa fyrir.

Við lesum líka að miklar áhyggjur eru úti um allt land vegna aðgerða og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Tæpt hefur verið á málefnum sjávarútvegs þar sem ríkir orðið ákveðin upplausn og aðgerðaleysi vegna þeirra skilaboða sem ríkisstjórnin sendi frá sér. Þetta fylgir þessari svokölluðu fyrningarleið sem er auðvitað kolófær leið og það virðist vera að a.m.k. ákveðnir hæstv. ráðherrar séu farnir að gera sér grein fyrir því — sérstaklega hv. þingmenn Vinstri grænna — að þessi leið gengur einfaldlega ekki upp en hún er strax farin að hafa mikil áhrif. Verulega er farið að draga úr umsvifum allra fyrirtækja sem þjónusta sjávarútveg í landinu og farið er að bera á uppsögnum og því að menn þurfa hreinlega að stytta vinnuviku vegna þess að fyrirtæki sem starfa í þessari grunnatvinnugrein þjóðarinnar treysta sér ekki í fjárfestingar og endurnýjun og það sem til þarf til að halda starfsemi sinni gangandi. Óvissan er mikil sem sköpuð er, bæði með fyrningarleiðinni og þeirri strandveiðiheimild sem var komið á núna í síðustu viku þvert á allar gagnrýnisraddir hagsmunaaðila, sveitarstjórna og fólks um allt land. Þetta kemur verst við smærri byggðirnar sem hafa á undanförnum árum verið að braggast aftur í sjávarútvegi.

Það sama má nefna varðandi hvalveiðar. Þar hefur ríkisstjórninni tekist að búa til mikla óvissu og nýlegt frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi eykur enn á þá óvissu og ef það fer óbreytt í gegn sjá þeir sem þá atvinnustarfsemi stunda sér ekki annað fært en hætta þeirri starfsemi.

Við getum rætt um stóriðju og áhrif þessarar ríkisstjórnar á framtíðarmöguleika okkar þar. Í fréttum í gærkvöldi var sagt að á OECD-fundi hefði það komið fram að viðspyrna Íslands til að ná aftur vopnum sínum væri m.a. falin í stóriðju og kannski að stærstu leyti í aukinni stóriðju. Á sama tíma kemur hæstv. fjármálaráðherra ríkisstjórnarinnar, Steingrímur J. Sigfússon, í hádegisfréttir á Bylgjunni og segir að þetta sé bölvuð vitleysa, það þurfi ekki að horfa til frekari stóriðju. Þetta er gert á sama tíma og hæstv. iðnaðarráðherra segir ítrekað í þingsölum að á borði iðnaðarráðuneytisins hafi aldrei verið jafnmörg tækifæri í burðarliðnum, aldrei verið jafnmörg fyrirtæki sem hafa viljað skoða Ísland sem valkost, sem framtíðarstaðsetningu fyrir starfsemi sína. En hvaða svör er verið að gefa þessum fyrirtækjum? Hvaða svör fá þeir sem hafa áhuga á að koma með starfsemi sína til Íslands? Það er verið að gefa þeim þau svör að hér standi ekki til að fara í frekari virkjanaframkvæmdir, hér standi ekki til að nýta náttúruauðlindir landsins til að byggja upp öflugt íslenskt atvinnulíf. Þeir fá sem sagt engin svör. Og menn haga sér alltaf þannig í þessum vinstri flokkum að það er eins og þeir líti svo á að Ísland sé eitt í heiminum að þessu leyti. Það er auðvitað bullandi samkeppni á milli þjóða um að fá starfsemi erlendra fyrirtækja til sín til að skapa útflutningsverðmæti og störf í viðkomandi löndum. Það eru sorgleg dæmi þess á undanförnum mánuðum, má segja, þar sem við Íslendingar höfum misst slík tækifæri úr greipum okkar vegna stefnuleysis vinstri flokkanna og ráðaleysis, vegna þess að fyrirtækin fengu ekki skýr svör um það hvenær þau gætu mögulega hafið starfsemi hér. Þetta er fært í þann búning að hér sé verið að vinna að rammaáætlun um virkjanakosti. Í gangi er náttúruverndaráætlun frá 2009 til 2013 sem rýrir mjög möguleika t.d. sjálfsagðra og hagkvæmra virkjana í Þjórsá og svo getum við haldið áfram. Það tekur eiginlega steininn úr þegar hæstv. umhverfisráðherra kemur fram og skýrir frá því að það verði aðalmetnaður Íslands í viðræðum um loftslagsmál að draga til baka íslensk ákvæði, þá viðurkenningu sem fékkst í Kyoto á sérstöðu Íslands til raforkuframleiðslu og iðnaðarframleiðslu, þá sérstöðu sem þjóðir heims voru tilbúnar til að sýna Íslandi vegna þess hversu hagkvæmt

það er að virkja hér og hversu náttúruvænt það er að stunda þá starfsemi hér. Nei, nú skal vera kaþólskari en páfinn sjálfur og fara til baka og afsala þessu, þó að þetta hafi engin áhrif ef þetta er skoðað á heimsvísu.

Það er alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, að verða vitni að þessu og sérstaklega á þeim tímum þegar við þurfum á því að halda að við stjórn landsins sé ríkisstjórn sem er tilbúin til að berja kjark í fólk, tilbúin til að hvetja atvinnulífið, tilbúin til að opna dyrnar og auka starfsemi. Og nú er það nýjasta í niðurskurðartillögunum að það á að draga saman í vegagerð og samgöngubótum. Fyrstu tillögurnar eru auðvitað um að draga úr þeim á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma og á að hefja viðræður um að hefja byggingu á Vaðlaheiðargöngum skal hætta við Álftanesveg og Arnarnesveg á höfuðborgarsvæðinu.

Hæstv. samgönguráðherra sagði einhvern tíma í ræðu á þinginu að hann væri samgönguráðherra alls landsins og að við sem búum á höfuðborgarsvæðinu þyrftum ekki að hafa áhyggjur af því að hann mundi mismuna okkur með nokkrum hætti. Hann þarf að fara að efna sín fyrirheit að þessu leyti.

Í vegagerð felast tækifæri til þess í bráð að gefa von inn í atvinnulífið en þá von á að taka burtu núna. Þetta mun hafa þær afleiðingar að fjölmörg verktakafyrirtæki munu leggja niður starfsemi sína með tilheyrandi afleiðingum fyrir íslenskt atvinnulíf. Í þessu felst mergur málsins, virðulegi forseti, munurinn á nálgun þessara vandamálum og hvernig við ætlum að vinna okkur út úr þessum vandamálum, þ.e. sá munur sem er á stefnu vinstri flokkanna sem hér eru við stjórn sem horfa bara á skattahækkanir, skattpíningar og gjaldahækkanir á fyrirtæki og heimili í landinu, og því sem við sjálfstæðismenn viljum gera, þ.e. að efla íslenskt atvinnulíf og gefa þau tækifæri sem þarf til þess að það geti náð vopnum sínum og skapa þau störf sem þarf að skapa og skila þeim skattgreiðslum sem þarf að skila og er eðlilegt að sé skilað. Nú síðast í dag, í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum, má lesa að áfram skal haldið á sömu braut. Það er engin von. Ekkert er rætt um að efla atvinnustarfsemi í landinu, efla þá skattstofna sem fyrir eru. Nei, enn skal haldið áfram á sömu braut. Áfengisgjald og tóbaksgjald skal hækkað um 30–40% á næstu mánuðum. Olíu- og bensíngjald skal hækkað á næstu mánuðum. Auðlindagjald upp á 7,5 milljarða skal lagt á atvinnuvegi landsins. Og það skal hækka virðisaukaskatt á matvælum. Þetta eru skilaboð eða hitt þó heldur til að vekja von með þessari þjóð og þeirri atvinnustarfsemi sem hér enn þrífst.

Það er þannig að grundvöllur viðreisnar okkar er aukin atvinnu- og verðmætasköpun í landinu og það verður að fara að horfa til þess í auknum mæli. Það er í raun skelfilegt, sérstaklega í ljósi þeirra upplýsinga og tillagna sem liggja fyrir, að horfa til þeirra niðurskurðarhugmynda sem eru ráðandi hjá þessum vinstri flokkum sem gjarnan kenna sig við jafnaðarmennsku. Þeir ætla að skera niður framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja um 3,7 milljarða á ári. Þeir vildu helst gera það í gær. Þetta á að taka gildi á þeim greiðslum sem fólki berast núna 1. júlí, á miðvikudaginn í næstu viku. Þetta gerist á sama tíma og hæstv. forsætisráðherra kemur í fjölmiðla í gær og segir að með svokölluðum stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins takist að verja heimilin í landinu og þau heimili sérstaklega sem eru með lágar og meðaltekjur. Skyldi hún hafa verið að hugsa til heimila öryrkja og eldri borgara þegar hún talaði? Hún virðist vera búin að gleyma uppruna sínum, sú ágæta kona, hæstv. forsætisráðherra. Þetta eru heimili sem hafa skuldbindingar eins og önnur heimili í landinu, virðulegi forseti. Þegar fyrir liggja tillögur okkar sjálfstæðismanna um annan grunn að nálgun þessara mála sem felst í því að ná skatttekjum með því að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóði þannig að hægt verður að byggja ofan á þann grunn með allt öðrum hætti því þá þarf ekki að fara eins grimmt í viðkvæma málaflokka í niðurskurði og það þarf ekki að skera niður allar þær framkvæmdir eins og hér er gert, þá er það alveg ótrúlegt ábyrgðarleysi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að þessi þáttur skuli ekki vera skoðaður betur.

Samkvæmt frumvarpinu sem við ræðum eru skattahækkanir á heimili 19,5 milljarðar, viðbótarskattahækkanir. Viðbótarskattahækkanir á atvinnulífið eru 19,5 milljarðar. Þetta eru 39 milljarðar á einu og hálfu ári. Þá er ég að taka það sem eftir er ársins 2009 og 2010. Við þetta bætast síðan skerðingar á elli- og örorkulífeyri upp á 5,5 milljarða og niðurskurður í vegaframkvæmdum upp á 11,8 milljarða. Samtals eru það 17,3 milljarðar. Þessar tölur á næsta eina og hálfa ári, virðulegi forseti, gera 56,3 milljarða á meðan tillögur okkar sjálfstæðismanna um að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóði mundu á sama tíma færa okkur 60 milljarða og það mundi ekkert heimili, ekkert fyrirtæki og engin stofnun finna fyrir því og enginn öryrki og ekkert eldra fólk. Þetta er sá grunnur sem við leggjum til, virðulegi forseti, að sé lagt út af í þeim aðgerðum sem fram undan eru. En hæstv. ríkisstjórn kýs að kasta þessu út af borðinu án þess svo mikið að taka þetta til umræðu eða frekari skoðunar. Þetta eru ekki tillögur sem eru lagðar fram hugsunarlaust eða án þess að hafa verið ígrundaðar vel. Yfir þessum tillögum eru margir af okkar helstu sérfræðingum á þessu sviði búnir að liggja.

Virðulegi forseti. Samstöðuleysi ríkisstjórnarinnar í mikilvægustu málaflokkunum sem við höfum til umfjöllunar á þessu sumarþingi sem eru hvernig við ætlum að bregðast við viðreisn íslensks samfélags — við getum nefnt Icesave-samninginn, við getum nefnt Evrópusambandið, við getum nefnt atvinnumálin, stóriðjumálin, sjávarútvegsmálin — gerir það að verkum að þessi ríkisstjórn er ekki hæf til að sinna verkefnum sínum. Það er kominn tími til þess að þessi ríkisstjórn fari að endurskoða sinn hug. Það er kominn tími til þess að verkstjóri þessarar ríkisstjórnar, eins og þau kusu að kalla hæstv. forsætisráðherra á sínum tíma, hætti að berja hausnum við steininn og viðurkenni að verkefnið er þeim ofviða, viðurkenni að öll fögru fyrirheitin sem þeir gáfu í aðdraganda kosninga, öll þau kosningaloforð sem voru gefin, ganga ekki upp. Það sáum við sjálfstæðismenn fyrir, fórum inn í þessa kosningabaráttu í vor, viðurkenndum það sem miður hafði farið í okkar þætti en töluðum fyrir allt öðrum leiðum og miklu raunsærri og raunhæfari leiðum en þessi ríkisstjórn lofaði þessari þjóð. Skjaldborgin um heimilin hefur aldrei komið. Hún er ekki hrunin. Hún hefur aldrei komið og hún mun ekki koma með þeim aðferðum sem hér eru boðaðar, allra síst með þeirri skýrslu sem hæstv. fjármálaráðherra kynnti í dag um auknar skatta-

hækkanir og aukna píningu á atvinnulífið og heimilin í þessu landi. Það má segja þetta hafi kristallast í ræðu hæstv. forsætisráðherra á 17. júní, ræðu sem maður hefði haldið að ætti að blása glæðum vonar í brjóst fólks, í samfélagið, íslenskt þjóðfélag. Í stað þess var þar um mikla armæðu að ræða og enga bjartsýni að finna, engar leiðir sem geta gefið heimilum og fyrirtækjum í þessu landi tilefni til að vænta þess að við séum að ná vopnum okkar fyrr en allt of seint í raun og veru.

[18:41]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður fór víða í sinni ræðu. Það var einkum tvennt sem ég hjó eftir og ég vil taka undir með hv. þingmanni þegar hann talar um að það sé mikilvægt að tala í von og gefa þjóðinni von og tala í krafti af því að við vitum það báðir tveir, ég og hv. þingmaður að íslenska þjóðin á margar auðlindir, bæði til sjávar og sveita. Þetta er ríkt land af auðlindum og séu þær nýttar skynsamlega er framtíðin björt.

Ég vil nefna í því samhengi, af því að hann fór víða og talaði um endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni og fleira, að verið er að gefa von með strandveiðifrumvarpinu sem nýverið er búið að samþykkja í ríkisstjórn og veitt voru fyrstu leyfin á Reykjavíkurhöfn í gær. Það er ekki hægt að tala um að með því frumvarpi sé ekki verið að gefa mönnum von til að komast að fiska, komast og róa. Það er langt í frá að þessi ríkisstjórn sé ekki að gefa mönnum von.

Hv. þm. Jón Gunnarsson nefndi tillögur sjálfstæðismanna um skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóði og hann fór með rangt mál þegar hann sagði að þetta hefði ekki verið skoðað því að þetta var vissulega skoðað og þetta var rætt meðal annars við lífeyrissjóði. Þetta var rætt við gerð stöðugleikasáttmála og ég vil bara ítreka að það að ná stöðugleikasáttmála eins og náð var er gríðarlega mikið atriði í endurreisnarstarfinu. Þetta var algerlega slegið út af borðinu af hálfu þeirra sem voru í þessum stöðugleikaviðræðum auk þess sem lífeyrissjóðirnir eru ekki ánægðir með þetta. Við skulum ekki gleyma því að viðræður eru í gangi við lífeyrissjóðina um að koma að verkefnum, koma að framkvæmdaverkefnum, vegagerð, byggingum þannig að það er aldeilis mikið atriði að hafa þessa aðila góða. Hv. þingmaður kallar þetta tillögu sem slegin var út af borðinu. Ég vísa því alfarið á bug. En það er mikilvægt að þetta sé skoðað ekki bara vegna Sjálfstæðisflokksins heldur í sátt og samlyndi við (Forseti hringir.) þá sem að stöðugleikasáttmálanum koma og í sátt við lífeyrissjóðina.

[18:43]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ísland er ríkt að auðlindum. Við verðum að nýta þær til að Ísland verði ríkt af þessum auðlindum. Það er algjört grundvallaratriði. Við verðum nýta þær og við verðum að gera það af skynsemi og við verðum að vera opin fyrir öllum þeim möguleikum sem þar finnast en ekki stöðugt í því að leggja einhverja þröskulda og aukna erfiðleika fyrir þá sem vilja nýta þessar auðlindir okkar. En það hefur verið eins og markmið þessarar vinstri stjórnar að gera það og þau eru fjölmörg dæmin um það eins og ég fór yfir áðan.

Að verið sé að gefa von með strandveiðifrumvarpinu er alveg rétt. Það er alveg rétt, virðulegi forseti. Það var verið að gefa ákveðnum aðilum von þar. En það var bara verið að taka von frá miklu fleiri. Það var verið að taka lífsviðurværi frá fleirum og við fengum í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þingsins fulltrúa utan af landsbyggðinni frá smáum sjávarbyggðum hringinn í kringum landið sem sögðu okkur að með þessu kerfi yrði grundvelli fiskvinnslu kippt undan mönnum á þessu stöðum, þeir mundu þurfa að loka. Svo á við um marga smábátasjómenn enda var það engin tilviljun að við þetta strandveiðifrumvarp var mikil og breið andstaða nema hjá þeim sem sjá þarna tækifæri — og það sérstaklega þeim sem hafa verið í greininni, voru búnir að selja sig út úr henni — sjá þarna tækifæri til komast inn í hana aftur, eins og rakið var hérna áðan, og vilja síðan selja sig út aftur.

Þetta með lífeyrissjóðina. Lífeyrissjóðirnir eru ekki ánægðir með að við skattleggjum greiðslurnar áður en þær fara inn til þeirra. Hvers vegna í ósköpunum ættu þeir að vera ánægðir með það? Vegna þess að það minnkar náttúrlega umráðafé þeirra. En snerist þessi stöðugleikasáttmáli um að gera alla ánægða eða snerist hann um ábyrgð? Ef aðilar atvinnulífsins hafa verið á móti þessu og vilja ekki skoða þetta nánar þá þarf þessi ríkisstjórn auðvitað að hafa (Forseti hringir.) bein til að standa í lappirnar.

[18:45]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður talar um þröskulda en ég fæ ekki betur séð en að núverandi kvótakerfi og núverandi sjávarútvegskerfi sé yfirfullt af þröskuldum. Ég ítreka bara það sem ég sagði áðan, ríkisstjórnin er að hefja vinnu við að endurskoða þetta kerfi. Strandveiðifrumvarpið var fyrsti liðurinn í þeirri vinnu og þetta er einmitt gert í þeim tilgangi að gefa byggðunum von. Hann vitnar til sjávarbyggða víðs vegar um landið sem margar hverjar hafa mátt þola gríðarlega erfiðleika, einmitt út af því hvernig hefur verið gengið fram í þessu kerfi.

Varðandi stöðugleikasáttmálann hefur þessi ríkisstjórn vissulega bein í nefinu en ég ítreka það sem ég sagði áðan, það er mikilvægt að um allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar sé full sátt meðal þeirra aðila sem mynda þennan stöðugleikahóp. Ég spyr hv. þingmann hvort hann telji ekki mikilvægt að haldin sé góð sátt við aðila vinnumarkaðarins og þá sem skrifa undir þennan stöðugleikasáttmála. Ef svo er ekki væri gott að fá svar við því hér því að þá er hann líklega einn fárra í samfélaginu á þeirri skoðun.

[18:46]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Stöðugleikasáttmálinn er mikilvægur áfangi og verður vonandi grunnurinn að einhverju öðru. Ég geri ekki lítið úr því frekar en aðrir hv. þingmenn sem hafa talað um hann hér í dag. En mér finnst fráleitt að þessar viðræður hafi snúist um að halda mönnum góðum, að ekki hafi mátt taka til umræðu áhugaverðar hugmyndir sem eru studdar (Gripið fram í.) af mjög mörgum aðilum í þessu samfélagi sem eru ekkert endilega kenndir við Sjálfstæðis-

flokkinn. (**ÁsmD:** Það var gert.) Sjávarútvegskerfið er fullt af þröskuldum. Við höfum ekki hafnað því að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið og samkvæmt sáttmála síðustu ríkisstjórnar sem Sjálfstæðisflokkurinn tók þátt í stóð til að endurskoða það. En að gera það með svo byltingarkenndum hugmyndum sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur gert núna, sem er í raun að setja allt fiskveiðisamfélagið úti um allt land í uppnám, og situr fyrir vikið undir mikilli gagnrýni sjávarbyggða, smábátasjómanna, útvegsmanna og samtaka sjómanna getur ekki verið rétt leið. Það er ekki sáttatónninn í þessari ríkisstjórn gagnvart þeim aðilum, það er alveg ljóst þó að maður geri sér vonir um að Samtök atvinnulífsins hafi með fyrirvara sínum á þessum vettvangi, stöðugleikasáttmálanum, varðað leiðina við því að þessi ófæra leið verði ekki farin lengra og valdi ekki meiri skaða en hún hefur þegar valdið.

Það er nefnilega þannig að á grunni þessara öflugu atvinnugreina mun þetta land ná viðreisn sinni aftur. Það er á grunni öflugs atvinnureksturs sem byggist á nýtingu náttúruauðlinda sem við munum ná vopnum okkar aftur. Þessi ríkisstjórn er ekki að stuðla að því, hún virðist vera að vinna gegn því.

[18:48]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns fagna stöðugleikasáttmálanum sem var undirritaður í gær. Ég tel hann vera ljós og birtu inn í það ástand sem nú ríkir í samfélaginu og að honum standa, eins og hefur komið fram, hagsmunasamtök um 150.000 aðila sem ég tel gríðarlega mikilvægt. Það segir okkur þá það að margir og flestallir muni gera sér grein fyrir því sem verið er að fara í. Ég fagna honum því sérstaklega.

Það sem við tökumst á um hér er hvort við séum með raunhæfa áætlun um niðurskurð og skattahækkanir. Við erum að tala um grundvallaratriði sem felast í því hvort menn geta skattlagt meira en nú er. Ég held að allir muni hafa verulegar áhyggjur af því. Eins og atvinnulífið er statt í dag er maður mjög uggandi yfir því að auknar skatttekjur muni ekki skila okkur þeim tekjum sem við vonumst til að þær geri.

Atvinnulífið er í dag nánast allt á brauðfótum og ég er ansi hræddur um að markmið okkar í sambandi við fjárlögin muni því miður ekki standast. Ég óska þess þó innilega að ég sé að gera of mikið úr vandanum og hafi rangt fyrir mér í því.

Það sem verið er að gera er að við erum að taka 1,8 milljarða á þessu ári í sparnaðarrekstri hjá ríkinu. Eins og margoft hefur komið fram hafa ríkisútgjöld aukist á undanförnum árum um 40% á hverju ári. Það er búin að vera gríðarleg þensla í ríkiskerfinu og við erum að setja þar inn fjármagn sem við höfum í raun og veru ekki efni á á sama tíma og við erum að spara í rekstri um 1,8 milljarða. Ég geri ekki lítið úr því að það er ákveðið átak í því en þá erum við reyndar að skera niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum um sömu upphæð, 1,8 milljarða.

Ég hefði viljað að við hlífðum bæði elli- og örorkulífeyrisþegum og snerum okkur að því sem skiptir máli. Það sem skiptir máli í dag er að fara að framleiða. Við þurfum að framleiða og búa til meiri gjaldeyri. Bara það eitt og sér, svo maður taki það hér upp, að ef hæstv. sjávarútvegsráðherra fer eftir niðurskurðartillögunum sem liggja fyrir frá Hafrannsóknastofnun erum við að tala um 30 milljarða samdrátt á næsta ári. Ég er ansi hræddur um að við séum ekki öll farin að gera okkur grein fyrir því hvað það muni þýða. Ég verð að lýsa mjög mikilli óánægju minni með þau vinnubrögð hæstv. sjávarútvegsráðherra að hann gaf það upp til Alþjóðahafrannsóknaráðsins 22. maí. Það er rúmur mánuður síðan hann gaf út hvað hann ætlar að veiða af þorski í aflamarkinu á næsta ári. Hann er búinn að taka þá ákvörðun. Ég hef ekki heyrt hann segja hana opinberlega hér á landi. Hann er búinn að taka ákvörðun um að skerða þorskkvótann um 10.000 tonn, úr 160.000 tonnum niður í 150.000 tonn. Hvað mun það þýða? Ef við ætlum ekki að nýta auðlindirnar okkar og skaffa tekjur munum við ekkert komast í gegnum þetta, því miður. Það er enginn sjómaður við þessar strendur eða útgerðarmaður sammála því að það þurfi að skera niður þorskkvótann, ekki nokkur einasti. Hins vegar eru allir sammála um að skera þurfi niður ýsukvótann. En með þessu háttalagi er ég ansi ræddur um að hæstv. ríkisstjórn geri sér ekki grein fyrir því sem í vændum er. Ég segi það alveg eins og mér finnst það.

Það sem þarf að gera er náttúrlega að skapa störf og afla gjaldeyristekna. Það er gríðarlega mikilvægt. Annað sem þarf að gera, það kemur reyndar líka fram í stöðugleikasáttmálanum sem ég vísaði til áðan, frú forseti, er að fara í þær framkvæmdir sem liggja fyrir, þ.e. klára uppbygginguna á álverinu í Helguvík, stækka álverið í Straumsvík og klára líka þær framkvæmdir sem eru tengdar þeim áformum. Inni í þjóðhagsspánni eru þær framkvæmdir sem eiga að draga áfram hagvöxtinn. Ef þessi ríkisstjórn vill taka pólitíska ákvörðun um að hún vilji ekki gera það verður að taka það út úr þjóðhagsspánni þannig að við séum ekki með falskar forsendur og blankó blöð. Við erum búin að fá nóg af því að vera með áætlanir og annað sem skila litlu eða engu.

Þá ætla ég að koma aðeins að öðru sem ég hef miklar áhyggjur af, að við náum ekki að standast fjárlögin. Það verð ég að segja, frú forseti, að það kemur mér afskaplega á óvart — og hefði ekki trúað því þótt einhver hefði sagt mér það — hversu ofboðslega veikt þingið er gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það er alveg með ólíkindum hvernig það er. Eins og ég sagði í upphafi hef ég mjög miklar áhyggjur af því að við náum ekki að halda fjárlög. Við vorum að funda í fjárlaganefnd með fólki frá ráðuneytunum og þar kom fram að þeir sem þar sitja og stýra gerðu í fyrsta lagi jafnvel ráð fyrir því að fá að færa heimildir á milli ára og í öðru lagi að skila inn fjáraukalögum. Og þá er allt unnið fyrir gýg. Það sem ég hræðist mjög mikið er að á hausti komanda munum við áfram vera með mjög stórt gat. Ég hræðist það mjög, enda kemur reyndar ástæðan fram í ábendingum í meirihlutaáliti fjárlaganefndar. Vil ég fá að lesa aðeins úr því, með leyfi forseta:

„Miðað við þær upplýsingar sem fjárlaganefnd Alþingis hefur aflað sér munu þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í frumvarpinu ekki duga til að unnt sé að halda markmiðum fjárlaga nema fylgt verði ströngu aðhaldi og ráðuneyti og stofnanir ríkisins fylgi þeim fyrirmælum sem sett hafa verið um frekari sparnað sem einstök ráðuneyti kynntu á fundi nefndarinnar.“

Síðan kemur, og það er það sem við erum búin að upplifa í mörg ár:

„Ljóst er að agaleysi hefur verið og er í fjármálum ríkisins og eftirfylgni með fjárlögum óviðunandi. Hvetur meiri hlutinn því eindregið til breyttra vinnubragða við fjárlaga- og áætlunargerð ríkisins þar sem horft er til lengri tíma í senn og að markmið og stefnumótun liggi fyrir.“

Það sem okkur vantar, frú forseti, er eitthvert eftirlit og að koma fjárlögunum þannig fyrir að hægt sé að fylgjast með rekstri ríkisins. Það segir kannski allt um stöðuna sem við erum í að í síðustu viku samþykkti Alþingi Íslendinga lokafjárlög árið 2007, tveimur árum seinna. Lokafjárlög ársins 2007 voru samþykkt á Alþingi í síðustu viku. Hvernig hefur rekstur ríkisins verið? Hann hefur verið með þeim hætti að menn hafa farið fram úr og síðan hafa alltaf verið búin til fjáraukalög. Þetta er hlutur sem við verðum að koma böndum á og það verður að styrkja eftirlitsþátt fjárlaganefndar.

Það er þannig í dag að fjárlaganefnd hefur ekki aðgang að bókhaldskerfi ráðuneytanna. Hún hefur ekki aðgang að því. Starfsmenn fjárlaganefndar og fjárlaganefndin sem slík sem á að fylgjast með ríkisútgjöldunum hefur ekki aðgang að því. Þessu tel ég nauðsynlegt að breyta. Það er nauðsynlegt að breyta þessu til að fjárlaganefnd geti sinnt hlutverki sínu eins og hún þarf að gera.

Núna erum við að fara í mjög sársaukafullar aðgerðir í ríkisfjármálum. Þá er enn brýnna að við höfum tæki í höndunum til að geta fylgt þeim eftir. Það sem hefur gerst á undanförnum árum þegar menn voru í uppsveiflunni er að tekjustofnar ríkisins voru vanmetnir, þ.e. tekjur ríkisins hafa yfirleitt verið hærri en menn reiknuðu með í fjárlögum sem styður þá það að ef menn hafa reiknað með 500 milljörðum eða 400 milljörðum fá þeir kannski 10% hærra. Síðan keyra menn fram úr um 5% í útgjöldunum og þá gerist það að menn rétta það í fjáraukalögum. Í dag er staðan allt önnur, frú forseti. Hún er þannig að við erum hugsanlega að ofmeta skattstofnana og þess vegna verðum við að hafa í fjárlaganefnd nauðsynlegt tæki til að við getum sinnt eftirlitshlutverkinu þannig að fjárlögin haldi. Það er gríðarlega mikilvægt að það verði gert.

Síðan verð ég að segja að ég er hugsi yfir því hvernig þetta er. Ég fór að kynna mér hvernig hið margfræga tónlistarhús, tónlistar- og ráðstefnuhúsið, kemur í raun og veru inn í ríkisapparatið. Ég verð að segja það fyrir mína parta, ég er búinn að eyða bara örfáum tímum í það, að ég held að það væri verkefni fyrir einhvern rannsóknarblaðamann að fara í gegnum þann feril til að við mundum bara læra af því. Það fer inn í fjárlögin sem einhver heimildargrein í einni línu, það er verið að skuldsetja ríkissjóð um — hvað? (Gripið fram í.) Ég veit bara ekki hvað það er. Ömurlegast í þessu er að þjóð eins og við sem höfum ekki efni á þessari vitleysu, ég leyfi mér að segja það, frú forseti, skuli taka ákvörðun um að halda þessari byggingu áfram á sama tíma og við erum að skerða ellilífeyrisþega og öryrkja. Ég velti bara fyrir mér: Erum við nokkuð komin niður á jörðina? Ég velti því upp vegna þess að þetta hús er þvílíkt bruðl og var alveg nóg í öllu ruglinu. Ég held að það væri, eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur bent á, ágætisminnisvarði um ruglið sem var í gangi. Hvernig ætlar sú þjóð sem getur gert þessa hluti, að reisa þetta tónlistar- og ráðstefnuhús sem nánast enginn virðist vita hvað kostar, að reka það? Hvernig ætla menn að reka þetta? Sennilega verður rekstrarkostnaðurinn á því jafnmikill og við erum að skerða núna ellilífeyrisþega og örorkuþega. Hver er forgangsröðunin hérna? Ég velti því fyrir mér og líka í ljósi þess hvernig þetta verður til í ríkiskerfinu. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir þá sem hafa um forgangsröðun í þjóðfélaginu að segja hvort rétt sé að gera það með þessum hætti. Það er algjörlega galið að gera þetta á sama tíma.

Svo er líka annað sem við verðum að gera. Við verðum að fara í ákveðnar skoðanir á því sem er búið að viðgangast undanfarin ár og kemur upp dag eftir dag. Það er fullt af fólki á atvinnuleysisbótum í fullri vinnu Það er þannig. Það sem við þurfum að gera ef við ætlum að koma þessu samfélagi aftur á réttan kúrs er að setja skýrari, rýmri og strangari kröfur eða lagaheimildir fyrir þær eftirlitsstofnanir sem eiga að fylgjast með þessu þannig að þær geti gripið inn í og leiðrétt þetta. Núna höfum við ekki efni á að láta fólk vera í vinnu á atvinnuleysisbótum.

Það er líka annað sem við verðum að passa okkur á. Við lesum um það í blöðum og heyrum í fréttum að það er verið að auglýsa fullt af störfum og það er ekki sótt um þau. Ef einhver sækir um þau eru það hugsanlega útlendingar. Erum við að búa til 5–7% atvinnuleysi til framtíðar? Þá verðum við bara að fara niður á það plan og búa til minna velferðarkerfi þar sem það er annars staðar. Það er líka þannig, frú forseti, að öll finnum við til með þeim sem minna mega sín, alveg sama hvar við stöndum í flokki. Það líður engum vel, alveg sama hver það er, með að fara að skerða örorkubætur eða ellilífeyri, engum, ekki nokkrum manni. Fullt af fólki er öryrkjar sem eru engir öryrkjar. Það er fullt af fólki sem maður skilur ekki sjálfur af hverju er öryrkjar. En það er líka fullt af fólki sem sannarlega er það. Það er oftast nær þannig að þeir sem svindla sér inn í kerfið fara í öll skúmaskotin og fá yfirleitt miklu hærri bætur en þeir sem eru sannarlega öryrkjar og þurfa á þeim að halda. Það er nefnilega það dapurlega við þetta líka. Við þurfum að taka á svona hlutum, bæði gagnvart atvinnuleysinu og þeim öryrkjum sem þiggja bætur en eiga ekki að hafa þær. Það er það sem við þurfum að gera. Við þurfum að snúa okkur að því að breyta þessu til baka því að við erum búin að lifa í loftbóluhagkerfi og vera mjög ójarðtengd. Ég velti því fyrir mér, eins og ég sagði áðan, að meðan við forgangsröðum eins og við gerum verðum við að fara að taka á þessum þáttum. Það er alveg kristaltært í mínum huga.

Að lokum vil ég segja, frú forseti, og ítreka að þegar við vorum að vinna þetta nefndarálit sem okkur var sent til umsagnar hjá fjárlaganefnd frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd var mjög mikill samhugur hjá nefndarmönnum. Ég bind miklar vonir við þá samstöðu sem myndaðist í fjárlaganefnd og þann skilning sem gætir þar hjá öllum, sama hvar þeir eru í pólitík, á að efla þurfi eftirlitsþáttinn og gera fjárlaganefnd mun virkari í sínum störfum til að geta fylgst með rekstrinum. Ég treysti því, frú forseti, að við munum fara í gegnum þetta tónlistarhússmál og læra af því sem þar er. Það er ekki enn þá of seint að grípa þar inn í. Það hefur komið fram að við erum núna að flytja inn fyrir eina 3,5 milljarða þetta glervirki sem við eigum engan gjaldeyri fyr-

ir en við erum samt að gera það, og ekki bara það, við flytjum inn erlent sérhæft vinnuafl til að setja það upp. Það veit enginn hvernig á að reka það. Þess vegna hvet ég fólk til að hugsa um hvort við getum snúið við og þá gætum við hugsanlega viðurkennt það rugl sem við erum í og líka þá dregið til baka a.m.k. hluta, ef ekki allar þær skerðingar þeirra sem minnst eiga í þjóðfélaginu.

[19:05]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Virðulegi forseti. Hvar er ríkisstjórnin? Væri ekki eðlilegt að hún væri hér að verja þann skelfilega gjörning sem bandormurinn er? Hvar er vonin sem þjóðin þarf svo sárlega á að halda? Hana er ekki að finna í áherslum ríkisstjórnarinnar því að nú hefur hin svokallaða skjaldborg umbreyst í gjaldborg.

Ég hef gefið mér tíma til að tala við þá hugrökku öryrkja sem hafa staðið vaktina fyrir utan þinghúsið. Mér finnst ljótt að bæta á áhyggjur fólks sem nú þegar berst í bökkum ofan á það að búa við heilsubrest. Mér finnst það algerlega óafsakanlegt. En á áhyggjur þeirra sem hér mótmæla hefur allverulega verið bætt. Hví er hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir ekki hér til að verja lagasetningu sem hrifsar burt sem hún barðist fyrir með kjafti og klóm til handa öryrkjum og ellilífeyrisþegum? Getur það verið rétt að hæstv. forsætisráðherra stjórni ekki landinu heldur séu öll okkar ríkisfjármál og jafnvel pólitískar áherslur runnin undan rifjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

Sagt var hér fyrr í dag að það væri þekkt aðgerð hjá AGS að láta hýsilinn sinn skera niður hjá þeim hópum sem síst mega við því. Það er víst gert til að öðlast trúverðugleika í alþjóðasamfélaginu um að þetta sé allt saman gert af mikilli alvöru og engu verði eirt til að tryggja stöðugleika. Er þetta eitthvað sem við viljum taka þátt í, eitthvað sem við mögulega getum varið? Ríkisstjórnin virðist hafa villst eitthvað frá vinstri vængnum og ástundar nú meiri nýfrjálshyggju með niðurskurði sínum en ákveðinn flokkur sem kenndur er við nýfrjálshyggju.

Nú hef ég hlustað á áherslur og lausnir hjá öllum flokkunum sem sitja á þingi og ég held að ef ríkisstjórninni væri einhver alvara með samvinnu og samráði ætti hún hreinlega að setja þennan bandorm í endurvinnslu og þiggja aðstoð frá minni hlutanum. Ég held að það væri skynsamlegt að nýta sér þá margslungnu styrkleika sem hér eru til innan húss, þá ólíku sýn sem fyrirfinnst hér. Ef hæstv. ríkisstjórn væri alvara með því að vinna sameiginlega að lausnum ætti hún að boða til alvörusamráðs. Ég held að þá gætum við náð utan um þetta risavandamál saman og fengið stærri sýn á orsök og afleiðingu þeirra gjörninga sem boðaðir eru hér í dag. Þá getum við komist hjá því að gera alvarleg mistök því að það er ljóst að margt af því sem hér er kynnt er ekki alveg hugsað til enda.

Tökum sem dæmi niðurskurð sem tengist öldruðum og öryrkjum. Þetta eru 1.800 milljónir, þetta er bara dropi í hafið af þeim niðurskurði sem á að framkvæma. Ég sat í fjárlaganefnd í fjarveru Þórs Saaris og hlustaði þar á velferðarráðuneytin okkar tala um að þau væru komin að þolmörkum og niðurskurður næsta ár mundi þýða uppsagnir og lokanir á stofnunum. Það hlýtur að vera til önnur lausn en sú sem boðuð er með þessum aðgerðum. Ég viðurkenni það fúslega að ég hef ekki heildarlausn en það er aldrei bara ein leið. Það væri e.t.v. ekki vitlaust fyrir ríkisstjórnina að byrja á réttum enda eins og t.d. að skera niður ofurlaun skilanefndarmanna sem hlaupa víst á milljónum í mánaðarlaun. Það kostar okkur um 500 millj. að taka þátt í bókaráðstefnu og 140 millj. að taka þátt í heimssýningu í Kína. Þetta eru bara einhver atriði sem detta inn í huga minn núna. Ég er alveg viss um að það mætti seilast í aðra vasa en hálftóma vasa heldri borgara og hæstvirtra öryrkja. Ég hefði átt von á heildrænni aðgerðum en að setja frekari skatta á heimilin í landinu án þess að aftengja vísitöluna því að jafnvel sykurskatturinn mun hækka húsnæðislánin hjá fólki sem nú þegar berst í bökkum.

Ég skilaði ein séráliti í fjárlaganefnd. Þar sagði ég m.a.:

„Því er alveg ljóst að það mundi brjóta gegn stefnu okkar að samþykkja þessa aðferð til að standast fjárlög. Minni hlutinn er alfarið á móti þeim niðurskurði sem boðaður er í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Minni hlutinn telur að með því að fylgja ráðgjöf og rammaáætlun AGS séum við að hefja vegferð sem mun enda á því að veikja svo mjög undirstöður velferðarkerfis okkar að það mun á endanum verða þjóðinni dýrkeyptara en svo að hægt sé að réttlæta það. Minni hlutinn skorar á hæstvirta ríkisstjórn að leita annarra leiða til að laga halla ríkissjóðs og styður almennt aðhald í ríkisfjármálum án þess þó að núverandi ríkisstjórn svíki kosningaloforð sitt um að standa vörð um velferðina. Ljóst er að bandormur þessi mun ekki standast ef marka má skýrslur úr ráðuneytinu. Því væri heillaráð að vinna betur að gerð hans og jafnvel horfast í augu við að halla ríkissjóðs verði ekki mætt með þeim aðferðum sem boðaðar eru í honum.“

Frú forseti. Ég hef fullan skilning á því að þessi ríkisstjórn standi frammi fyrir því sem næst ókljúfanlegum vanda en afsakið, æruverðugi forseti, er þetta ekki ríkisstjórnin sem boðaði fyrir kosningar að staðinn yrði vörður um velferðarkerfið?

[19:11]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Hér er til umfjöllunar bandormur af verstu gerð. Eins og önnur innvortis sníkjudýr er markmið hans að naga og skemma og í þessu tilfelli innviði velferðarkerfisins. Ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal sem sagði áðan að það virtist sem ríkisstjórnina skorti heildarsýn.

Við lifum á sérstökum tímum og meiri hlutinn á Alþingi er ekki öfundsverður af hlutskipti sínu, en hann gleymir því alveg að hann þarf ekki að standa einn. Hér væri eina vitið og eina raunhæfa leiðin til að koma okkur út úr efnahagsvandanum að mynda þjóðstjórn og fá reynda sérfræðinga til liðs við okkur til að finna alvörulausnir. Bandormur sá sem nú skríður um þingið ber þess greinileg merki að honum hefur verið tjaslað saman í flýti. Á honum eru ótal gallar sem ýmsir sem hafa komið hér í ræðustól hafa bent á. Einn þessara galla er tryggingagjaldið.

Um daginn ræddi ég við mann sem rekur lítið fyrirtæki sem hingað til hefur staðið traustum fótum. Síðasta árið hefur róðurinn þyngst svo um munar og nú hefur þessi ágæti maður verið að íhuga að segja upp fólki. Hann sagði

mér að ef tryggingagjaldið yrði hækkað eins og frumvarpið gerir ráð fyrir væri þessi ákvörðun hreinlega tekin fyrir hann. Hann mundi neyðast til að segja þessum starfsmönnum upp. Það er ekki til hagsbóta fyrir ríkið og það er ekki til hagsbóta fyrir þjóðina.

Hér fyrr í dag talaði hæstv. heilbrigðisráðherra um bisness og mátti ráða af máli hans að við ættum helst öll að vera opinberir starfsmenn. Þorri þjóðarinnar vinnur sem betur fer enn þá við einhvern bisness. Mér finnst ríkisstjórnin byrja á öfugum enda. Það er glórulaust að ætla að blóðmjólka aldraða og öryrkja. Það er glórulaust að setja það ekki í forgang að skapa fyrirtækjunum í landinu skilyrði til að starfa eðlilega. Hæstv. ríkisstjórn er að búa til bótaþega og sker svo niður bæturnar. Mig langar að biðja hv. meiri hluta um að hleypa fulltrúum minni hlutans að borðinu. Allir flokkarnir þrír sem mynda minni hluta hafa lagt fram hugmyndir, skoðanir og tillögur sem ekki eru skoðaðar eingöngu vegna þess að þær koma frá minni hlutanum.

Það er ljóst að grípa þarf til róttækra aðgerða í ríkisfjármálum. Ég get ekki stutt þennan bandorm því að hugmyndafræðin á bak við hann er vanhugsuð, ósanngjörn og hún mun ekki skila tilætluðum árangri því hann minnkar kökuna sem á að standa undir tekjuöflun og sparnaði ríkissjóðs. Bandormurinn ber þess öll merki að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi haldið í alla þræði og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ber enga virðingu fyrir velferðarkerfi eins og er á Norðurlöndunum. Þetta get ég ekki skrifað undir.

[19:15]

Þráinn Bertelsson (Bhr):

Frú forseti. „Sjáið þið ekki veisluna, drengir?“ sagði einn ágætur þingmaður ekki alls fyrir löngu. Þar sem þessi góði þingmaður sá veislu sáu aðrir vitleysisgang, bruðl, svínarí og heimsku. Þessi veisla stendur enn þá. Það er alveg greinilegt. Hér þarf ekki að leita lengra heldur en fara niður á höfn til að sjá veisluna. Þar stendur steinkumbaldi sem nú stendur til að klæða með glerhjúp sem sérstakir Kínverjar með sérþekkingu á glerhjúpum munu koma utan um þennan steinkassa. Tónlistarhús er þetta kallað. Þetta er mesti óleikur sem tónlistarlífi á Íslandi hefur nokkru sinni verið gerður.

Það er greinilegt að þessi veisla eða vitleysa stendur enn þá og er í fullu fjöri. Fyrir þinginu liggur núna frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er að öllu leyti furðulegt og gersamlega veruleikafirrt frumvarp sem lítur út eins og plástur sem maður setur á skeinu hjá barni. Það hefur góð áhrif á börn ef þau hrufla sig eða ímynda sér að þau hafi meitt sig. Þá koma þau gjarnan inn og biðja um plástur á meiddið. Venjulegur heftiplástur dugar afskaplega vel. Honum er smellt á viðkomandi og barnið brosir út að eyrum og hefur gleymt meiddinu. Það sem hér er um að ræða er ekki meiddi á litlum fæti. Það sem hér er um að ræða er opið beinbrot á þjóðarlíkamanum og þessar ráðstafanir í ríkisfjármálum bera þess engin merki að nokkur maður hafi hugsað til þess hversu alvarlegt þetta beinbrot er. Þessar ráðstafanir eru plástur en ekki verðugur umbúnaður um það sár sem óvarleg veislugleðin olli á líkama þjóðarinnar.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þennan bandorm í smáatriðum. Það hefur sjálfsagt nóg verið talað það sem af er þessum degi. En ég get ekki við bundist að minnast á hversu heimskulegt, óréttlátt og ljótt það er að ætla að fela í þessum ómerkilega plástri þá ráðstöfun að skera niður þær naumu tekjur sem ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar hafa. Það er með ólíkindum að ævinlega skuli vegið í sama knérunn. Það er sama hvaða ríkisstjórn situr að völdum hérna og meira að segja núna þegar við erum komin með norræna velferðarstjórn þá verður fyrst fyrir þegar leitað er að hinum breiðu bökum, þ.e. þá verður þeim fyrst fyrir að leita uppi öryrkja og ellilífeyrisþega og skerða kjör þeirra. Um er að ræða um það bil eða ríflega 30 þúsund einstaklinga og í þeim hópi eru fjölmargir þeirra sem kallaðir eru lítilmagnar eða þeir sem minnst mega sín í þjóðfélagi okkar. Ég segi: Það er óhæfuverk að ráðast að þessu fólki með niðurskurði til að ná saman 1,8 milljörðum. Það sem eftir er af þessu ári á að særa og ganga að 30 þúsund manns. Það er greinilega engu til sparað. Auðveldara hefði verið að taka þennan sparnað einhvers staðar annars staðar svo sem eins og hv. þm. Ásbjörn Óttarsson kom að, með því að fara að huga að glerhjúpnum sem Kínverjarnir eru núna að bræða utan á hið svokallaða tónlistarhús við höfnina.

Það er óhæfuverk að vega alltaf í þennan knérunn. Það er ekkert annað en óhæfuverk. Það er líka heimska. Það er svona svipuð heimska og hjá manninum sem lá á fjórum fótum undir ljósastaur og sagðist vera að leita að lyklunum sínum. Aðspurður sagðist hann að vísu hafa týnt lyklunum á allt öðrum stað en ljósið væri það gott þarna undir staurnum að hann hefði ákveðið að leita þarna. Því miður virðist ljós niðurskurðarins ævinlega beinast að þessum hópi í þjóðfélagi okkar, gömlu fólki og öryrkjum sem hefur ekkert af sér gert annað en að leggja sitt af mörkum til þessa þjóðfélags sem við höfum byggt upp hérna og á góðum stundum montað okkur af velsæld þessa þjóðfélags og á hversu öflugan hátt það hefur verið byggt upp. En við hegnum þeim sem byggðu þjóðfélagið upp, gamla fólkinu, fyrst af öllum ef á bjátar hjá okkur sjálfum með því að ráðast á nauman ellilífeyri þess.

Ég ætla ekki að setja á langar tölur um þennan bandorm aðrar en að mig langar til að það komi skýrt fram að hann olli mér miklum vonbrigðum. Ég hélt að hann væri komin frá róttækri ríkisstjórn, djarfhuga ríkisstjórn sem vildi vega að rótum þess vanda sem steðjar núna að íslenskri þjóð. En þessi bandormur er ekkert annað en plástur á einhverja ímyndaða skrámu á þjóðarlíkamanum frá ríkisstjórn sem ekki gerir sér grein fyrir því að hérna er ekki um neitt smáræðis meiddi að ræða heldur er um að ræða opið beinbrot sem við ættum að snúa okkur að því að veita verðugan umbúnað.

[19:22]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Komið er að lokum þessarar umræðu um frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum og nefndarálit þau sem hafa verið lögð fram og unnin í þinginu, bæði meiri hluta og minni hluta. Það er alveg ljóst af umræðum hver staða þjóðarbúsins er og ríkissjóðs. Við erum þjóð sem stöndum núna í miðri kreppu. Kreppan er tvöföld að mínu mati. Hún er annars vegar heimatilbúin og sú kreppa er að

mínu mati miklu stærri og alvarlegri en sú sem fer um fjármálaheiminn á alþjóðavísu, þ.e. þessi alþjóðafjármálakreppa, þó að sú kreppa hafi ýtt við okkar eigin kreppu, þ.e. hruni allra bankanna sem voru starfandi hér á landi, okkar stóru banka. En það er alveg ljóst að þeir hefðu farið í þrot innan tíðar þó svo að heimskreppan hafi ýtt við og komið hruninu af stað fyrr en ella hefði verið. Heimskreppan olli hér lánsþurrð. Það var ekki lengur hægt að halda spilinu gangandi og halda áfram að fá lán og spila út eins og gert hafði verið. Ég tel því að hin heimatilbúna kreppa sé miklu alvarlegri vegna þess að þar verðum við og neyðumst til að líta í eigin barm. Við getum ekki kennt neinum öðrum um en sjálfum okkur og þeirri pólitík og stefnu sem hér hefur verið rekin undanfarin ár þar sem bankarnir og fjármagnið áttu að „regúlera“ sig sjálft eins og sagt var. Eftirlitið átti að vera svo gott að hægt var að treysta þessari starfsemi. En þetta brást allt saman.

Eftir stöndum við með mikinn vanda sem er ekki bara fyrir okkur sem erum hér að vinna fram úr þessu fjárlagaári og var þó nóg niður skorið um síðustu áramót þegar opinberum stofnunum var í raun gert mjög erfitt fyrir með litlum fyrirvara að fara í mikinn niðurskurð og endurskoðun á sinni starfsemi. Núna bætist við að fara í 20 milljarða kr. frekari niðurskurð það sem eftir er ársins. Þetta er ekki létt verk. Í pólitíkinni greinir okkur á um hvernig eigi að fara, hvort það eigi að fara í frekari niðurskurð því að það sem heitir aðhald í rekstri er orðið lítið brot af þessu. Aðhald í rekstri er orðið fyrir okkur á hinu háa Alþingi og í ríkisstjórn eftirlit með ríkisstofnunum þannig að þær haldi sig innan fjárlagarammans. Niðurskurður er aðgerð til þess að aðgerðaáætlun AGS gangi eftir og þar greinir okkur á í pólitíkinni, þ.e. um það hversu hátt hlutfall niðurskurðar eigi að vera og hversu mikið eigi að taka inn í sköttum. Þar held ég að það skipti líka máli hver haldi um stjórnvölinn, sem sé hvaða stefnu sú ríkisstjórn fylgi sem tekur að sér þetta verk, að hreinsa upp, að ganga í verkin, en sitja uppi með ákvarðanir og í raun afleiðingar aðgerða sem búið er að taka, hvernig eigi að fara í skattlagninguna og hvar eigi að skera niður. Þessi ríkisstjórn og Vinstri hreyfingin – grænt framboð sögðu sannarlega fyrir kosningar að það væri okkar hlutverk að verja velferðarþjónustuna og það ætlum við að gera. Við ætlum líka að reyna að standa vörð um kjör lífeyrisþega eins og unnt er. Því er mjög sárt — ég segi það fyrir sjálfa mig og ég veit að svo er um flesta hér inni — að það er mjög sárt að niðurstaðan skuli hafa orðið sú að ekki fannst önnur leið en að fara inn í almannatryggingakerfið og draga til baka þær bætur sem lífeyrisþegar, öryrkjar og aldraðir áttu rétt á til að halda í kjör vinnumarkaðarins og halda þeim lífskjörum sem aðrir hafa í landinu. Þetta er erfitt og ég er alveg sannfærð um að þó svo að það standi að þær skerðingar sem hér eru lagðar til geti náð til næstu fjögurra ára að þá verða þetta þær skerðingar sem munu fyrst ganga til baka ef betur gengur að afla tekna eða rétta hag þjóðarbúsins á næstu fjórum árum. Það er alveg ljóst. Það sem skiptir máli að mínu viti fyrir utan þær skerðingar sem hér eru lagðar til og eru sársaukafullar er að núna á allra næstu mánuðum notum við þá kreppu — ef hægt er að segja sem svo að hægt sé að nota kreppu. Það er hægt að nota kreppu á neikvæðan og jákvæðan hátt. Kreppa getur líka gefið okkur tækifæri til að breyta hugsunarhætti, til að breyta aðferðum, til að breyta kerfum, til að auka samvinnu, til að fá fólk til að horfa til baka og gera meira en bara íhuga, hugsa heldur raunverulega: Erum við hér í okkar þjónustu að veita eitthvað sem er óþarfi eða íburður eða eins og kallast á ensku, með leyfi forseta, „nice to have“ eða er þetta eins og heitir á ensku „must have.“ Er þetta eitthvað sem er gott að hafa eða er þetta þjónusta sem við verðum að hafa?

Við höfum auðvitað leyft okkur á mörgum sviðum að vera með miklu hærra þjónustustig en nauðsyn krefur og það á kannski sérstaklega við um heilbrigðisþjónustuna þar sem við höfum meiri þjónustu en nauðsyn krefur. Það er á þessu sviði sem ég tel að við getum varið velferðarþjónustuna með því að setja þjónustuna niður á það þjónustustig sem er rétt. Þá sitjum við uppi með það að á þeim árum sem hafa verið hin miklu velmektarár, góðærið, sinntum við því ekki að byggja upp heilsugæsluna, grunnþjónustuna, á höfuðborgarsvæðinu öllu, hún stendur tiltölulega traust úti á landi en er veik hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er dýrt að vera fátækur en ég tel að þetta sé það sem við þurfum að gera, við þurfum að treysta grunnþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu til að geta farið úr því dýra eða dýrara þjónustustigi sem við höfum í dag að við getum leyft okkur að sækja til sérfræðinga með krankleika eða einkenni sem við ættum að fara með í grunnþjónustuna, heilsugæsluna. Þetta er án þess að nokkuð sé verið að ógna öryggi eða heilsu fólks að þjónusta sé veitt á réttu þjónustustigi.

Við þurfum líka að að nota næstu mánuðina og vinna hratt að því að halda áfram að endurskoða grunnhugmyndafræði almannatryggingakerfisins og hætta að horfa á þetta út frá bótum og vangetu öryrkja heldur förum að vinna með breyttum hugsunarhætti um getu öryrkja og hvað þeir geta lagt fram, hvaða vinnugetu þeir hafa og byggja stuðning okkar á því. Við þurfum líka að efla heimaþjónustu, bæði hjá öldruðum og langveikum, en hún er í flestum tilfellum ódýrari og í nær öllum tilfellum mannlegri en hin dýra heilbrigðisþjónusta sem er veitt inni á stofnunum. Það gefur fólki meiri lífsfyllingu og betri heilsu, sama hvort það er langveikt eða öryrkjar, að fá viðhlítandi þjónustu heim og þá er ég að tala um góða þjónustu, samþættingu heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. En þetta kostar nýja hugsun, nýja samvinnu og breytt munstur og ég tel að við getum notað það alvarlega efnahagsástand sem við búum við núna á jákvæðan hátt og farið inn í kreppuna með jákvæða uppbyggingu til betri lífsgæða.

Annað sem ég vil líka minnast á, hæstv. forseti, er að þær tillögur sem hér hafa komið fram um að ganga á grunnlífeyri, þ.e. að lífeyrissjóðsgreiðslur geti skert grunnlífeyri, þýða ekki eingöngu skerðingu á grunnlífeyri viðkomandi lífeyrisþega heldur hafa þær hliðaráhrif sem ég tel að hæstv. heilbrigðisráðherra, hæstv. félagsmálaráðherra og ráðuneytin verði að skoða vel. Hvað það þýðir ef grunnlífeyririnn fellur út og hvaða skerðingu lífeyrisþegar verða þá fyrir í annarri þjónustu eins og tannlækningum, sjúkraþjálfun og fleiru. Margir þjónustuþættir byggja á því að grunnlífeyrir sé til staðar eða tekjutrygging. Mikilvægt er að fara yfir þetta því með þessum bandormi og þeim tillögum sem hér liggja fyrir var það ekki hugmyndin og hefur aldrei ver-

ið að það yrðu enn frekari skerðingar en hér koma fram og er þá nóg þannig að ég tel mjög mikilvægt að farið verði sem allra fyrst í þessa vinnu.

Hæstv. forseti. Hér hefur mikið verið talað um það að við þurfum að fara og ná okkur út úr þessari kreppu með því að efla atvinnu og ég tek sannarlega undir það. Ég vil minna á að velferðarþjónustan er líka atvinnugrein og skapar bæði störf og ekki síður tekjur. Ég vara við því að nú þegar svo mikið ríður á að skapa fleiri störf sé út frá núverandi atvinnuleysi rokið til og komið hér á mannfrekum framkvæmdum, þ.e. stóriðju eða störfum sem eru mjög orkukrefjandi og dýr, heldur sé horft til framtíðar með sjálfbærni í huga þannig að við gleymum okkur ekki í því að bjarga núinu og gleymum að horfa til framtíðar. Vissulega erum við auðug þjóð. Við erum vel menntuð þjóð, við eigum mikil auðæfi í náttúru landsins, við eigum líka mikla möguleika og tækifæri til að nýta náttúruna á annan hátt heldur en virkja hana hið snarasta, þ.e. virkja hana til orkufreks iðnaðar. Þannig að ég vara við því að við gleymum okkur í núinu við að koma hér á fleiri störfum í stóriðjuframkvæmdunum því þá þurfum við að hugsa dæmið lengra, við þurfum að horfa til framtíðar um orkuöflunina líka og hún er ekki á lausu.

Lífeyrissjóðirnir hafa verið nefndir og mismunandi aðkoma þeirra. Eins hafa hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins og fleiri nefnt tillögur sem komið hafa fram um að skattleggja lífeyrissjóðsgreiðslur fyrir fram en eins og líka hefur komið fram hafa þessar hugmyndir verið skoðaðar og ræddar bæði hjá lífeyrissjóðunum og eins inni í hópnum sem kom að stöðugleikasáttmálanum og ég vil fyrir mitt leyti fagna því að sátt hafi náðst með launþegum þessa lands. Ég vil minna enn og aftur á það að við gerð slíkra sáttmála ber og á að hafa fulltrúa lífeyrisþega með að borðinu. Það er yfir 40 þúsund manna hópur sem í raun og veru þiggur eða tekur samfélagslaun og það er ekki sama hvernig farið er með þá þannig að þegar verið er að ræða við launþega á almennum markaði tel ég að fulltrúar lífeyrisþega eigi að koma beint að borðinu. Ég fagna þessu þó að ég sé ekki fyllilega sátt við ýmis atriði þarna, t.d. stóriðjuna, en þeim hlutum víkur maður til hliðar. Við þurfum að komast saman í gegnum þetta og þetta er sá grunnur sem við ætlum að byggja á ásamt bandorminum sem við ræðum hér.

Mér finnst mikilvægt að lífeyrissjóðirnir komi að málum eins og uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss, sem er framkvæmd sem ég tel að öll þjóðin geti svo staðið á bak við. Það er mikilvægt. Hvað varðar tónlistarhúsið, þá er alveg sorglegt eins og annað að við skulum sitja uppi með gerðan hlut og það er alveg forkastanlegt og það gagnrýndum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að í einni línu í fjárlögum skuli hafa verið gefin heimild til að fara í þessa miklu byggingu, en a.m.k. rekstrinum hlaut að vera komið yfir á ríki og Reykjavíkurborg. En þarna átti að treysta einkaframtakinu sem átti alveg að sjá um þetta þannig að það þyrfti ekki að koma frekar inn á borð Alþingis eða vera hluti af fjárlagagerðinni.

Hér var nefndur glerhjúpurinn. Við skulum aðeins staldra við og huga að því hvað flottræfilsháttur inn leiddi okkur út í þegar tekin var sú ákvörðun að hafa húsið með glerhjúpi framleiddum í Kína. Um þetta er búið að gera samninga og ekki viljum við að samningum sé rift við okkur. Svona stendur þetta og ég held að við ættum aðeins að skoða það og læra af þessu hvernig við og þjóðin fór fram úr sér. Við ræðum líka um að mikilvægt sé að halda áfram með stóriðju á ýmsum sviðum, ekki bara álver heldur efla orkufrekan iðnað og þá vil ég minna hv. þingmann á stöðu Landsvirkjunar og hver hún er í dag og hvort við hefðum ekki betur farið okkur aðeins hægar og sagt a.m.k. eins og kerlingin, að betra mun og jafnara. Kárahnjúkavirkjun fer ekki vel með okkur og ekki þau lán sem Landsvirkjun tók vegna þeirrar miklu og stóru framkvæmdar. Og talandi um sjálfbærni þá vil ég draga það enn og aftur í efa að sú framkvæmd sé arðbær, bæði hvað varðar fjárfestinguna sem slíka og eins umhverfisáhrifin því ég er ansi hrædd um að við sem búum á Fljótsdalshéraði munum finna fyrir afleiðingum leirryksins nú í sumar eftir að svo lágt hefur verið stemmt í lóninu í vetur.

[19:43]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Tryggvi Þór Herbertsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir ágætisyfirlit. Eitt sem kom fram í máli hv. þingmanns er einhver grundvallarmisskilningur sem virðist vera svolítið gegnumgangandi, bæði í þjóðmálaumræðunni og stundum inni á Alþingi líka og það er hversu dýr störf eru.

Nú er það þannig að við höfum þessar orkulindir og ég býst við að við séum flest sammála um að þær viljum við nota til að skapa framtíðargjaldeyristekjur fyrir þjóðina. Við erum ekki sammála um hvernig á að nota þá orku. Fram hafa komið hugmyndir um kísilflöguverksmiðjur, gagnaver, jafnvel gróðurhús og síðan náttúrlega álverin. Þá tala menn um hversu mikið hvert starf kostar. Ef við erum sammála um að við eigum að nýta orkuauðlindirnar þá kostar hvert starf við raforkuver jafnmikið, sama í hvað það er notað en aftur á móti er misjafnt hversu mikið fjármagn er á bak við stóriðjuverin.

Nú er það svo að þetta er allt saman erlend fjárfesting og hún kemur okkur ekki við að því leytinu til hversu miklu útlendingar vilja eyða í hvert starf. Það eru ekki peningar sem við notum í eitthvað annað þannig að það er grundvallarmisskilningur og ekki raunveruleg rök á móti þessu.

[19:45]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tel að við eigum að horfa á heildina og kannski fyrst og fremst út frá þeim kostum sem við sjálf sem Íslendingar og þjóð, ríkissjóður eða Landsvirkjun stöndum á bak við og það eru virkjanirnar. Mér finnst líka mikilvægt að við skoðum alla kosti. Við höfum fram til þessa verið mjög bundin af álverunum. Það hefur verið sú stóriðja sem hefur sótt hvað mest að okkur og við höfum verið mjög fús til að taka við þeim verksmiðjum. Nú hafa verið að koma upp aðrir möguleikar, hugsanlega ekki eins mannaflsfrekir en orkufrekar fjárfestingar og þá tel ég mikilvægt áður en við höldum lengra og áður en við gleymum

okkur í framkvæmdagleði að rammaáætluninni verði lokið og við séum búin að ná sátt um hvaða svæðum við ætlum að hlífa, sama hvort það er vatnsafl eða gufuorka, þannig að við séum ekki að fara inn á svæði til að eyðileggja til framtíðar.

Við eigum líka að horfa á þetta út frá mengun því að er mismunandi mengun frá stóriðju. Þau tilboð eða sá áhugi sem hefur verið að koma fram á allra síðustu árum hefur verið frá fyrirtækjum sem hafa ekki verið með eins mengandi framleiðslu og álverin hafa verið. Mér finnst að menn verði líka að horfa á þetta út frá svæðunum. Við vitum hver áhrifin eru af því að setja mjög stóran vinnustað niður á fámennt svæði og raunar hvað það hefur tekið í. Ég held að við verðum að horfa á mjög marga kosti.

Ég vil enn og aftur minna á matarkistuna Ísland. Við höfum mikla möguleika þar (Forseti hringir.) og það er það sem við getum gripið strax til og notað hluta af raforkunni í það.

[19:47]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Tryggvi Þór Herbertsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var reyndar ekki þetta sem ég var að tala um, ég var að tala um það hve miklir peningar væru á bak við hvert starf og var svona að leiðrétta misskilning sem kom fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman. Hún sagði annað núna sem gefur tilefni til að hægt sé að spjalla aðeins um það og það er að útflutningstekjur okkar Íslendinga skiptast og þrír stærstu póstarnir eru stóriðja, ferðamennska og útflutningur á fiski. Nú vill svo til að á bak við þær gjaldeyristekjur sem skapast af þessu þá er mest mengun af ferðamennskunni, næstmest af fiskveiðum og minnst af álverum. Ef okkur er umhugað um að menga sem minnst ættum við væntanlega að reisa sem mest af álverum samkvæmt þeim rökum.

Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um það að við eigum að hafa sem mesta fjölbreytni í atvinnulífi en aftur á móti er ég ekki sammála um að við höfum svo mikinn tíma vegna þess að nákvæmlega eins og hv. þingmaður rakti í ræðu sinni þá erum við að skera niður í málefnum aldraða og öryrkja, fatlaða bæði á þessu ári og enn meira á næsta ári og við erum að leggja gríðarlega þungar byrðar á heimilin. Okkur liggur því á að fá tekjur bæði til þess að búa að velferð þessara hópa og til þess að geta t.d. staðið undir Icesave-skuldbindingum sem væri gaman að vita hvort hv. þingmaður ætlar að styðja.

[19:49]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ekki sé ég það fyrir mér að með því að koma upp fleiri álverum drögum við úr mengun, enda getum við ekki stillt þessu einu upp á móti öðru.

Vissulega er það svo að ferðaþjónustan, þ.e. bílaumferðin, mengar. Ef við ætlum að byggja á ferðaþjónustu til framtíðar sem við höfum mikla möguleika til að gera, bæði sumar- og vetrarþjónustu, verðum við að fara að huga betur að því að skattleggja farartækin, bifreiðarnar, auka hlutfall rafmagnsbíla og annarra farartækja sem ekki nota jarðolíu og almenningssamgöngur og efla miklu meira þjónustu í kringum ferðamenn í rútum.

Varðandi útflutning á fiski þá getum við enn bætt okkur í því að efla verðmæti útflutningsins meira en við höfum gert og landbúnaðurinn er í raun og veru sú matarkista sem er vannýtt og þá meina ég bæði til útflutnings og ekki síður til að spara gjaldeyri með því að nýta betur og efla landbúnaðinn hér á landi. Bæði er það hollusta matvaranna, það er atvinnuskapandi og það er gjaldeyrissparandi. Við þurfum að taka á mörgum hlutum í því að efla landbúnaðinn, vinna betur úr sjávarafurðunum og efla ferðaþjónustuna með varúð. Allt leggst þetta á eitt og það sem við (Forseti hringir.) þurfum að varast er að setja ekki öll eggin í sömu skálina.

[19:51]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Ég vildi koma örstutt upp til að gera grein fyrir því að þegar þetta mál kom inn í nefnd var því vísað áfram til allsherjarnefndar þar sem m.a. var fjallað um ákvæði er sneri að því að fresta svokölluðum þjóðlendulögum. Nefndin ræddi töluvert um það og fékk m.a. á sinn fund fulltrúa frá óbyggðanefnd og fulltrúa frá forsætisráðuneytinu. Sá sem hér stendur gerði fyrirvara við meirihlutaálit nefndarinnar og taldi að eðlilegra og heppilegra hefði verið að fresta einnig aðgerðum á svæði 7B þar sem búið var að lýsa kröfum og senda út kröfubréf en málið var ekki lengra komið. Óbyggðanefnd féllst ekki á þetta og það var ekki vilji til þess hjá meiri hluta nefndarinnar að gera þetta. Með því fororði var fyrirvari minn á þessu nefndaráliti en að öðru leyti studdi ég það að fresta þessum þjóðlendukröfum.

[19:53]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil sem formaður efnahags- og skattanefndar þakka hv. þingmönnum fyrir málefnalega umfjöllun um þessar ráðstafanir í ríkisfjármálum eða bandorm. Gerðar hafa verðið ýmsar athugasemdir og sumar ekki að ósekju við málið og hvernig það er búið, enda málið þess eðlis að hér er um að ræða ráðstafanir sem gripið er til á miðju fjárlagaári vegna framúrkeyrslu og við þær aðstæður er auðvitað, eins og þingmenn þekkja, úr takmörkuðum úrræðum að spila. Þær ákvarðanir sem ríkið tekur til þess að draga úr rekstrarumsvifum sínum eða spara eru jafnan talsvert lengi að ná áhrifum í ríkisrekstrinum sakir ýmissa hluta, réttinda starfsmanna, ferlum sem vera þurfa við sameiningar stofnana eða aðra hagræðingu stjórnsýsluréttar og annarra þátta. Þess vegna er m.a. meiri þungi í skattahlutanum á þessum breytingum en gert er ráð fyrir í aðgerðum í ríkisfjármálum á næsta ári og þarnæsta ári.

Menn sjá hins vegar heildarmyndina í ríkisfjármálunum best í þingskjali 173 sem er skýrslan um áætlanir í ríkisfjármálum fyrir næstu árin en hér er í sjálfu sér fyrst og fremst um að ræða leiðréttingu innan ársins og auðvitað er hér því miður farið í ýmis ágæt framfaraverkefni og sneitt að hópum sem full ástæða er til að halda uppi málsvörn fyrir í þingsalnum og vekja athygli á og þakka ég fyrir þá umfjöllun.

Ég legg svo til við lok þessarar umræðu að málið gangi

til 3. umr. og hv. efnahags- og skattanefndar til stuttrar umfjöllunar milli umræðna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:55]

Útbýting:

Heimild ríkissjóðs Íslands til viðbótarlántöku á árinu 2009, 133. mál, frv. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 186.

Ríkisútvarpið ohf., 134. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 187.

[Fundarhlé. — 19:55]

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 155, nál. 174 og 176, brtt. 175.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:19]

Pétur H. Blöndal (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Frú forseti. Ég og hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson erum sammála um að vísa fullri ábyrgð á þessu frumvarpi til ríkisstjórnarinnar. Hér er verið að skattleggja atvinnu og sparnað og auk þess að taka upp neyslustýringu og við teljum það ekki gæfulegt. Við munum sitja hjá við flestar (Gripið fram í.) greinar frumvarpsins en greiða atkvæði gegn þeim sem okkur þykir ganga of langt.

[20:20]

Helgi Hjörvar (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þá umfjöllun sem farið hefur fram um málið. Þetta mál er ekki óskamál neins. Hér er verið að grípa til nauðsynlegra en erfiðra ráðstafana til þess að mæta þeirri framúrkeyrslu sem verið hefur í fjármálum ríkisins og þeim aukna hallarekstri sem var umfram það sem áætlað hafði áður verið, þ.e. liðlega 20 milljarða kr. Það er óhjákvæmilegt að þar sé víða komið við og þegar svo langt er komið fram á árið eru takmarkaðir þeir þættir sem hægt er að grípa til ráðstafana vegna, en meiri hluti hv. efnahags- og skattanefndar leggur áherslu á að málið verði samþykkt við 2. umr. Það verður jafnframt tekið inn til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. og gerðar á því tvær breytingar. Önnur þeirra lýtur að virðisaukaskattsþætti málsins og hin að Ábyrgðasjóði launa.

1. gr. samþ. með 25:2 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BirgJ, MT.

7 þm. (ÁsbÓ, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, ÞrB) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VSk, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 25:3 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BirgJ, MT, VSk.

7 þm. (ÁsbÓ, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, ÞrB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 175,1 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BirgJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VSk, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁsbÓ, MT, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, ÞrB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 26:4 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SJS, SSv, VSk, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁsbÓ, PHB, RR, TÞH.

3 þm. (SDG, SIJ, ÞrB) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SII, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BirgJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁsbÓ, MT, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 175,2 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BirgJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁsbÓ, MT, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH,

GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 175,3 (8.–10. gr. falli brott) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, BirgJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, PHB, RM, SER, SII, SJS, SSv, TÞH, VSk, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

5 þm. (MT, RR, SDG, SIJ, ÞrB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

11.–13. gr. (verða 9.–11. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BirgJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VSk, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁsbÓ, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, ÞrB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

14.–16. gr. (verða 12.–14. gr.) samþ. með 25:9 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁsbÓ, BirgJ, MT, PHB, RR, SDG, TÞH, VSk, ÞrB.

1 þm. (SIJ) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:25]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason):

Virðulegi forseti. Nú eru greidd atkvæði um þann þátt sem lýtur að aðgerðum sem nauðsynlegar voru og lúta að kjörum aldraða og öryrkja. Við þessar erfiðu aðstæður er það mikið ánægjuefni að það tókst að verja hag þeirra sem reiða sig alfarið á bætur almannatrygginga sér til framfærslu þannig að skerðingin bitnar að engu leyti á þeim.

Brtt. 175,4 (ný grein, verður 15. gr.) samþ. með 25:5 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁsbÓ, MT, RR, TÞH, ÞrB.

5 þm. (BirgJ, PHB, SDG, SIJ, VSk) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

17.–27. gr. (verða 16.–26. gr.) samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VSk, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BirgJ.

8 þm. (ÁsbÓ, EyH, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 175,5 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VSk, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, EyH, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

28. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 27:4 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VSk, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁsbÓ, EyH, PHB, TÞH.

5 þm. (BirgJ, RR, SDG, SIJ, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

29. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BirgJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VSk, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁsbÓ, EyH, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:28]

Ásmundur Einar Daðason:

Frú forseti. Hérna erum við að samþykkja að fresta

þjóðlendukröfum ríkisins sem er mikið sparnaðarmál, ekki eingöngu fyrir ríkið heldur líka fyrir landeigendur og sveitarfélög. Ég hafði fyrirvara á þessari grein, ég styð að þetta verði gert en ég hefði viljað ganga lengra, ég hefði viljað fresta svokölluðu svæði 7B þar sem búið að er að lýsa kröfum en ferlið er ekki komið af stað. Það er kominn kostnaður af hálfu ríkisins en ekki af hálfu landeigenda og sveitarfélaga hinum megin þannig að ég hefði viljað ganga lengra. Það var ekki vilji til þess í nefndinni en ég styð greinina engu að síður.

Brtt. 175,6 (ný 30. gr., verður 29. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, EyH, MT, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 175,7 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BirgJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁsbÓ, EyH, MT, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 26:6 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BirgJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁsbÓ, EyH, PHB, RR, SDG, TÞH.

4 þm. (MT, SIJ, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 175,8 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, EyH, MT, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II, svo breytt, samþ. með 25:1 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

10 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, EyH, MT, RR, SDG, SIJ, TÞH*, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 175,9 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, EyH, MT, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. III, svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, EyH, MT, PHB, RR, SDG, SIJ, TÞH, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. IV–VII samþ. með 25:6 atkv. og sögðu

já: ArndS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, KLM, LRM, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁsbÓ, EyH, PHB, RR, SDG, TÞH.

5 þm. (BirgJ, MT, SIJ, VSk, ÞrB) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, LMós, ÓN, REÁ, SF, SkH, SVÓ, UBK, VigH, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til efh.- og skattn.

Fundi slitið kl. 20:35.

27. FUNDUR

föstudaginn 26. júní,
kl. 8.55 síðdegis.

Dagskrá:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 118. mál, þskj. 188, frhnál. 189, brtt. 190. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

[Fundarhlé. — 20:55]

[21:04]

Útbýting:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 189; brtt. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 190.

[Fundarhlé. — 21:11]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:26]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og útbýtingu þskj. í dagskrármálinu. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 3. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 188, frhnál. 189, brtt. 190.

[21:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti við 3. umr. frá meiri hluta hv. efnahags- og skattanefndar Alþingis. Hér er um að ræða þrjú atriði, tvær breytingar og eina áréttingu sem meiri hlutinn gerir milli 2. og 3. umr.

Það er í fyrsta lagi sem lýtur að 4. gr. frumvarpsins þar sem svokallaður sykurskattur var lagður til. Þar var gert ráð fyrir því að flytja upp um virðisaukaskattsþrep gos og sælgæti sem við umfjöllun í nefndinni kom í ljós að lagðist á fleiri vöruflokka en þá sem innihalda sykur, meðal annars á djús og vatn sem þótti skjóta skökku við og vera í andstöðu við yfirlýst markmið með sykurskattinum, en lagðist hins vegar ekki á ýmsa vöruflokka sem innihalda einvörðungu sykur eins og sykurmola og aðra slíka vöru. Því var farið fram á það við fjármálaráðuneytið að fyrri hugmyndir ráðuneytisins um hreinan sykurskatt í formi vörugjalda eins og við áður þekktum hér á þarsíðasta ári yrði tekinn upp aftur og þannig beitt svipuðum aðferðum og gert er í Danmörku við að skattleggja sykur sérstaklega. Lúta tillögurnar að því að í stað þeirra ákvæða er lutu að breytingum á virðisaukaskattskerfinu í 4. gr. með þessi neyslustýringarmarkmið í huga komi inn kafli um vörugjöld þess í stað sem nái betur þeim markmiðum að hækka sérstaklega verð á vöru vegna sykurinnihalds og í hlutfalli við sykurinnihald hennar.

Vörugjöldin hafa þó, eins og þingmenn þekkja, þann ágalla að það er nokkuð flókið kerfi og kallar á nokkurt skrifræði enda þegar hér lék allt í lyndi og nóg var af fjármunum í ríkissjóði reyndu menn þegar þeir töldu sig hafa efni á því að afnema þennan þátt. En hér er augljóslega nauðsynlegt að hverfa aftur til fyrra horfs í þessu efni eins og í ýmsum öðrum efnum.

Í öðru lagi er hér, virðulegur forseti, um það að ræða að nokkuð er dregið úr þeim ráðstöfunum sem gert var ráð fyrir að grípa til vegna Ábyrgðasjóðs launa. Þar var gert ráð fyrir því að hverfa frá því að vaxtareikna þær kröfur sem menn eiga á Ábyrgðasjóð launa. Það sætti í umfjöllun í hv. efnahags- og skattanefnd talsverðum andmælum, einkum frá aðilum vinnumarkaðarins. Gert var ráð fyrir því að þær tillögur mundu draga úr útgjöldum Ábyrgðasjóðs um sem nemur 140 millj. kr. á ári og er það tillaga meiri hluta efnahags- og skattanefndar að draga úr þeim aðgerðum með þeim hætti að eftir sem áður verði vaxtareiknaðar launakröfur fólks á Ábyrgðasjóðinn og sömuleiðis verði eftir sem áður vaxtareiknaðar kröfur sem launafólk á vegna orlofs á hendur Ábyrgðasjóðnum og það njóti þess vegna eðlilegra vaxtagreiðslna vegna þeirra krafna sem lúta að þessum tveimur þáttum. Hins vegar verði ekki vaxtareiknað vegna greiðslna á uppsagnarfresti enda liggur það fyrir að þegar þannig háttar til nýtur fólk greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði, hlutfalls af launum, og hefur þannig fengið aðstoð hins opinbera á þeim tíma sem þær greiðslur eiga til að falla. Því telur meiri hlutinn forsvaranlegt að falla frá því að vaxtareikna kröfur frá þeim tíma og að sömuleiðis verði ekki vaxtareiknuð iðgjöld í lífeyrissjóði enda eigi lífeyrissjóðirnir að geta gengið hratt og vel eftir greiðslu á sínum hlut. Það dregur sem sagt úr þeim sparnaði sem vegna þessara ráðstafana verður úr 140 milljónum um það bil í um 70 milljónir.

Í þriðja lagi er áréttað varðandi upptöku fjármagnstekjuskatts eða hærra þreps í fjármagnstekjuskatti, 15%, að það frítekjumark sem í frumvarpinu er vísað til og miðað er við vaxtatekjur af innstæðum af venjulegum sparnaði, sparnaði kannski allt að 2 millj. kr., sæti ekki þessari sérstöku skattlagningu, viðbótar 5% fjármagnstekjuskatts, en skilja mátti texta frumvarpsins eins og hann lá fyrir þannig að frítekjumarkið þýddi að allar vaxtatekjur undir því mundu engri skattlagningu sæta. En eins og þingmönnum er kunnugt var ætlunin fyrst og fremst sú að þær sættu áfram óbreyttri skattlagningu, þ.e. 10% og síðan greiddu menn af vaxtatekjum umfram þessi mörk 15% eða 5% aukalega.

Aðrar breytingar eru ekki gerðar hér milli umræðna og leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði að þessum breytingum samþykktum samþykkt sem lög frá Alþingi.

[21:32]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að menn þurfa að flýta sér mikið en nú þykir mér eiginlega kasta tólfunum í þessu. Það var ákveðið rétt áðan á örstuttum fundi í efnahags- og skattanefnd að gera verulegar breytingar á neysluskattunum, þ.e. neyslustýringunni, og taka upp

kerfi sem menn töldu áður ekki vera fært og nú erum við sem sagt að greiða atkvæði um að mér telst til 446 tollvöruflokka í staðinn fyrir 226. Ég veit að það er ekkert sérstaklega vingjarnlegt eða þannig en mig langar til að spyrja hv. formann nefndarinnar um það hvað felist í tollflokki 0909.1001. Ég veit að hann veit ekki svarið frekar en aðrir, ég geri ekki ráð fyrir að nokkur einasti þingmaður viti svarið, hvað er í þessum tollflokki en vara í honum skal bera 160 kr. á kíló. Svo er þarna flokkur sem ég bara trúi varla að eigi að vera 800 kr. á kíló, ég veit ekki hvað það gæti verið. Þetta sýnir hraðann á þessu sem mér finnst vera allt að því vansæmandi.

Svo ræðum við hér breytingar á Ábyrgðasjóði launa. Þar var ákveðið að borga vexti en þó ekki af iðgjöldum lífeyrissjóða vegna þess að þeir geti náð í sín iðgjöld, sem þýðir að þeir þurfa að sýna alveg sérstaka hörku núna til að ná í iðgjöldin, sýna sérstaka hörku í þeirri stöðu þegar fyrirtæki mega ekki við neinu og allir eru að tala um að bíða með innheimtuaðgerðir. Ef þeir gera það ekki þarf sjóðfélaginn að sæta skerðingu réttinda. Lífeyrissjóðurinn getur ekki tekið á móti iðgjöldum frá einum sjóðfélaga með vöxtum og frá öðrum án vaxta og veitt þeim sömu réttindi.

[21:35]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir andsvarið. Það má taka undir það að auðvitað er ekki annmarkalaust að draga úr útgjöldum Ábyrgðasjóðs launa og alveg ljóst að það hlýtur einhvers staðar að koma niður. Það er niðurstaða nefndarinnar að það skuli koma niður á þessum tveimur stöðum enda hlífi það mest og best stöðu launamannanna sjálfra að standa þannig að verki.

Á vörugjaldakerfinu er það, eins og fram kom í máli mínu áðan, alkunnur annmarki sem hv. þingmaður þekkir vel af langri reynslu sinni sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að það kerfi er auðvitað býsna flókið og því fylgir talsvert skrifræði. Eins og ég nefndi í ræðu minni var ráðist í það þegar hér lék allt í lyndi og við töldum okkur hafa efni á því, Íslendingar og alþingismenn, að ráðast í ýmiss konar aðgerðir, að afnema þetta kerfi að verulegu leyti fyrir innan við tveimur árum. Síðan hefur sagan leitt í ljós að við höfum einfaldlega ekki efni á ýmsum þeim aðgerðum sem við gripum þá til og það þarf að vinda ofan af þeim. Og þau tollskrárnúmer sem hv. þingmaður vísar hér til eru einfaldlega þau tollskrárnúmer sem þá voru notuð og þá voru í gildi og við höfum áralanga reynslu af því á Alþingi og Íslendingar að hafa þessa skipan á. Hér er í sjálfu sér fyrst og fremst um endurupptöku að ræða á þeirri skipan þó að ég verði auðvitað að gangast við því, eins og hv. þingmaður vissi, að ég verð að áskilja mér tíma til þess að fletta upp þeim flokkum sem hann tiltók hér sérstaklega og get ekki upplýst hann um þau atriði í stuttu andsvari.

[21:37]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef átt mér þann draum í fjölda ára að einfalda þetta vörugjaldskerfi allt saman og í sannleika sagt því að ég bað einu sinni um kynningu á því vissi ég eiginlega minna um það þegar kynningunni lauk en áður. Það var það flókið eða lítil þekking á því.

Hér virðist mér gerast eftirfarandi: Það er einhver starfsmaður einhvers staðar, væntanlega í ráðuneytinu eða jafnvel hjá tollstjóra, sem sest niður og ákveður að það eigi að vera 160 kr. skattur á einhvern ákveðinn vöruflokk sem hann einn veit hver er. Síðan fer þetta upp í ráðuneyti, þessu er skutlað saman þar og þetta fer til nefndar, nefndin afgreiðir þetta og það veit enginn í rauninni hvað er í þessum flokki. Við erum að ákveða hér skatta á eitthvað sem við vitum ekki hvað er. Þetta eru sem sagt 446 flokkar sem við eigum að setja vörugjald á, yfirleitt 16 kr., hundraðkall hér, á kíló, stundum á lítra o.s.frv.

Mér finnst þetta dálítið hættulegt að það séu einhverjir embættismenn í kerfinu sem ákveða skattlagningu þó að Alþingi hafi skattlagningarvaldið. Ég held að menn þurfi að hugsa dálítið um þetta þegar svona er ákveðið, að leggja á skatt allt í einu, í staðinn fyrir að hækka virðisaukaskattinn úr 7% í 24,5% á 226 vöruflokkum eru hækkuð vörugjöld, krónutölugjöld á lítra og kíló á 446 flokkum. Það var tekin ákvörðun um þetta á u.þ.b. 15 mínútum ef það hefur náð því einu sinni. Þar með er það afgreitt og borgarinn skal fara að borga skatta, vörugjöld í gegnum vöruverð í verslunum og annars staðar. Ég held að við þurfum að hugsa dálítið um þetta.

[21:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það má taka undir það með hv. þingmanni að það er mikilvægt að við hugsum um það sem við gerum á Alþingi. Það er auðvitað þannig með það mál sem hann vísar til að í raun og veru er verið að leiða inn aftur þá skipan sem áður var og hlutfallslega eru þau gjöld sem hér er verið að leggja á innbyrðis með alveg sama hætti og áður var þó að upphæðirnar séu nokkuð hærri. Hér er fyrst og fremst verið að afturkalla afnám ýmissa vörugjalda sem ráðist var í fyrir nærfellt tveimur árum og ljóst er að ríkissjóður getur ekki staðið undir eða látið frá sér fara miðað við þá stöðu sem nú er uppi í fjármálum hans.

Ég get tekið undir það og ég held að við séum öll í þessum sal okkur vel meðvituð um það að þessu kerfi fylgir sá annmarki að það er býsna flókið og því fylgir ýmislegt skrifræði. Það er engu að síður notað af ýmsum þjóðum, m.a. af Dönum, og það var niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að það endurspeglaði betur það markmið að skattleggja sykur en sú tillaga sem fyrir lá og hefði valdið því að óbreyttu að við hefðum verið að hækka gjöld á vörur eins og vatn og vörur eins og djús og þær óæskilegu afleiðingar af þeirri breytingu þekkir hv. þingmaður og hélt m.a. sjálfur til haga í umfjöllun nefndarinnar.

[21:41]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Tryggvi Þór Herbertsson) (S):

Virðulegi forseti. Þá er búið að mæla fyrir framhaldsnefndaráliti og þetta er á seinustu metrunum. Það kom mér mjög á óvart á þessum litla fundi sem við áttum í efnahags-

og viðskiptanefnd áðan hvernig hlutirnir þróuðust raunverulega og snerust. Hér hefur verið talað um vörugjöldin, það var hætt við að hækka virðisaukaskatt og farið að tala um að setja á vörugjöld en þegar það var til umræðu á fundi í efnahags- og skattanefnd í morgun var sú leið raunverulega slegin út af borðinu sem ófær út af alþjóðasamningum samkvæmt tilvitnun í tollasérfræðing í Brussel. Ég spurði út í þetta mál og þá kom í ljós að þetta eru einhver önnur vörugjöld. Ég verð að segja að ég sem hélt að ég væri með málin nokkurn veginn á hreinu er hálfruglaður í þessu öllu. Hvað er hægt og hvað er ekki hægt í tengslum við alþjóðasamninga, og hver raunverulega röksemdafærslan er fyrir þessu öllu?

Röksemdafærslan sem ég vísa til er að stundum tölum við hérna um að þetta sé gert af efnahagslegum ástæðum, að við höfum ekki lengur efni á að vera með þessi vörugjöld í núlli, og stundum er það vegna þess að við séum að stunda neyslustýringu. Við höfum heyrt báðar útgáfurnar hjá hv. formanni efnahags- og skattanefndar, svona eftir því hvernig áferðin er á þessu öllu saman.

Jafnframt er í frumvarpinu, þar sem fjallað er um ákvæði til bráðabirgða um svokallaðan hátekjuskatt, lagður til viðbótarskattur upp á 8% sem leggist á launatekjur yfir 700.000 kr. Það virðist vera um stefnubreytingu að ræða í skattkerfinu þar sem skatturinn er lagður á einstaklinga en ekki hjón eins og áður var. Það þýðir að hjón þar sem annar makinn er t.d. með 900.000 í mánaðarlaun og hinn 100.000 lenda í hærra skattþrepi en hjón sem eru bæði með 700.000. Þetta skapar auðvitað óæskileg jaðaráhrif í kerfinu og er hreint og beint óréttlátt.

Ég spurði út í þetta á fundi efnahags- og skattanefndar og þá var mér sagt að meginprinsippið í íslensku skattkerfi væri að einstaklingar væru skattlagðir, það væri ekki tekið tillit til hjóna, sem voru nokkuð nýjar fréttir fyrir mér, en hvað um það, ég lét kyrrt liggja. Núna er allt í einu komið inn í framhaldsnefndarálit raunverulega undirstrikun á þessu sem ég hélt að gilti, að við litum á hjón sem eina stofnun þar sem er talað um að í fjármagnstekjuskattinum skuli viðmiðunarfjárhæð, sem er 250.000, vera tvöföld hjá hjónum. Ég verð því eiginlega að segja að þessi prinsipp sem var lýst fyrir mér til að rökstyðja það að hátekjuskatturinn væri reiknaður út frá einstaklingum en ekki hjónum eru strax brotin nokkrum línum neðar. Þetta eru vinnubrögðin.

Ég geri mér grein fyrir því að það er gríðarlega mikið verkefni að ráðast í að ná tökum á ríkissjóði og þeir sem að því standa eiga alla mína samúð, það eru erfiðar ákvarðanir sem þarf að taka. Menn greinir hugmyndafræðilega á um hvernig eigi að gera hlutina og jafnvel vilja sumir hugsa meira í heildaráhrifum en aðrir en það er eins og gengur og ekkert við því að segja. Aftur á móti vil ég segja um 6. gr. frumvarpsins sem fjallar um skattlagningu á vaxtatekjum og fjármálagjörningum sem erlendir aðilar eru með hérna á Íslandi að ég get ekki með nokkru móti séð annað en að hér sé verið að gera reginskyssu. Öll þau rök sem okkur hafa verið gefin í efnahags- og skattanefnd fyrir þessari skattlagningu virðast ekki eiga sér stoð í raunveruleikanum. Við erum með dæmi frá orkufyrirtækjunum, sem eru opinber fyrirtæki, um hvernig þetta muni t.d. snerta þau, að þetta mun hækka fjármögnunarkostnað þeirra. Þetta mun útiloka fjármögnunaraðila erlendis frá því að eiga viðskipti við Ísland og jafnvel tala fyrirtæki um að það sé hætta á að lánasamningum verði sagt upp í kjölfarið.

Hvað um það, þetta eru allt saman gríðarlega mikil rök á móti málinu en ef það væru regluleg rök með málinu, ef okkur væri t.d. sagt frá því þótt ekki væri nema á að giska hvaða tekjur þetta gæti skapað ríkinu liði manni kannski betur. Það er hins vegar á engan hátt reynt að leggja mat á hvaða tekjur þetta skapar og sagt að það sé mjög óvíst.

Síðan er reynt að róa mann með því að segja að sett verði reglugerð og að hún komi inn í efnahags- og skattanefnd og þar verði útfærsla á málinu þar sem það verði nákvæmara hvað eigi að gera og hvernig eigi að gera það og annað slíkt. Ég er ekki sannfærður, sérstaklega ekki eftir þessi vinnubrögð sem ég vil taka fram að eru ekki frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar, heldur virðist þetta vera komið einhvers staðar annars staðar að.

Að lokum vil ég segja að ef markmiðið með 6. gr. — sem ég vara enn og aftur eindregið við — er að loka fyrir skattundanskot er rétt að benda á að íslensk skattyfirvöld hafa nú þegar heimildir til að líta fram hjá viðskiptum sem fela í sér skattsniðgöngu. Jafnframt hlýtur það að verða, miðað við andann sem ríkir í þjóðfélaginu og það sem hefur gerst hérna undanfarna mánuði, eitt af verkefnum þingsins að koma einhvers konar löggjöf utan um þau lönd sem gefa færi á þessari skattsniðgöngu, hvort sem það heitir Tortóla eða Cayman Islands eða Jersey eða Guernsey eða hvað þessi lönd heita öllsömul. Ég hefði haldið að þar sem ekki er reiknað með neinum tekjum af þessu, það er algjörlega óvíst hverju þetta skilar, fyrirtækin eru skelkuð yfir þessu, þau eru hrædd um að bæði hækki fjármögnunarkostnaður og jafnvel að lánasamningum verði sagt upp, væru þessi viðvörunarorð öllsömul nægjanlega sterk til að umræða um þetta og rannsókn á málinu mundi færast þegar við þurfum að taka á hinu málinu, sem ég efast ekki um að valdhafarnir muni gera á næstunni vegna þess að nóg er talað um þessi mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:51.

28. FUNDUR

mánudaginn 29. júní,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:
Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 118. mál, þskj. 188, frhnál. 189, brtt. 190. — 3. umr. (Atkvgr.)

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Atli Gíslason, 4. þm. Suðurk. (29.6.)

Fjarvistarleyfi:
Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Norðaust.
Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. n.
Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.
Pétur H. Blöndal, 7. þm. Reykv. n.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Suðvest.
Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.
Þráinn Bertelsson, 9. þm. Reykv. n.

[10:00]

Útbýting:
Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál, þskj. 188.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 118. mál. — Þskj. 188, frhnál. 189, brtt. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:02]

Helgi Hjörvar (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**
Virðulegur forseti. Við Íslendingar lifum um efni fram. Við Íslendingar rekum ríkissjóð okkar með 500 millj. kr. tapi á dag sem við skiljum eftir sem auknar skuldir á börnum okkar og barnabörnum. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er mikilvægt skref til að snúa þeirri þróun við. Hér er fyrst og fremst verið að falla frá útgjöldum og skattalækkunum sem ákveðnar voru í hámarki góðærisins og sagan hefur sýnt að við höfum einfaldlega ekki efni á. En við munum ekki skatta okkur eða skera niður til að koma hagsveiflunni í gang. Hins vegar eru þessar aðgerðir nauðsynlegar til að auka og endurreisa trúverðugleika í ríkisfjármálum og efnahagsmálum, til að styrkja gengi krónunnar, til að lækka vexti í landinu og skapa almenn skilyrði fyrir atvinnulífið, til að skapa ný störf í landinu og efla og auka þá verðmætasköpun sem farsæld okkar á komandi missirum mun byggja á.

Brtt. 190,1 samþ. með 41:2 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, GuðbH, GLG, GÞÞ, GBS, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓN, REÁ, SER, SII, SF, SkH, SVÓ, TÞH, UBK, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: MT, VSk.
2 þm. (BirgJ, VigH) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁsbÓ, BÁ, EyH, GStein, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, ÓÞ, PHB, RR, RM, SDG, SIJ, SJS, SSv, ÞKG, ÞrB) fjarstaddir.

Brtt. 190,2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, SER, SII, SkH, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁJ, BirgJ, BJJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, GBS, KÞJ, MT, ÓN, REÁ, SF, TÞH, UBK, VSk, VigH) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁsbÓ, BÁ, EyH, GStein, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, ÓÞ, PHB, RR, RM, SDG, SIJ, SJS, SSv, ÞKG, ÞrB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 31:16 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁJ, BirgJ, BJJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, GBS, KÞJ, MT, ÓN, REÁ, SF, TÞH, UBK, VSk, VigH.
16 þm. (ÁsbÓ, BÁ, EyH, GStein, HöskÞ, IllG, JónG, ÓÞ, PHB, RR, RM, SDG, SIJ, SSv, ÞKG, ÞrB) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:05]

Bjarni Benediktsson:
Virðulegi forseti. Við erum að ljúka meðferð máls þar sem við sjálfstæðismenn höfum bent á leiðir til að betrumbæta frumvarpið. Það hefur í einhverjum tilvikum verið gert og við vorum rétt í þessu að breyta frumvarpinu til betri vegar. En við höfum því miður ekki trú á því að þetta frumvarp skili þeim sköttum og þeim tekjuauka fyrir ríkið sem að er stefnt. Við höfum bent á aðrar leiðir til að auka tekjur ríkisins. Við höfum teflt fram okkar eigin efnahagstillögum og þetta frumvarp í heild sinni gengur gegn þeim meginhugmyndum sem við höfum um það hvernig við getum unnið okkur út úr þeim vanda sem við er að etja. Við höfum gert athugasemdir við það hvernig hátekjuskatturinn er útfærður í þessu máli og við höfum bent á að með annarri nálgun væri hægt að forðast að ganga jafnhart fram gegn eldri borgurum og öryrkjum eins og gert er í þessu máli. Við höfum áður haft uppi athugasemdir við (Forseti hringir.) afdráttarskattinn eins og hann er útfærður. Af þessum ástæðum öllum getum við ekki stutt málið.

[10:06]

Gunnar Bragi Sveinsson:
Virðulegi forseti. Það hefur margt breyst í því frumvarpi sem hér er fjallað um. Framsóknarflokkurinn lagði fram efnahagstillögur í byrjun febrúar fyrir þáverandi ríkisstjórn. Þær efnahagstillögur eru í fullu gildi enn þá. Núverandi ríkisstjórn er sú sama og hefur haft um 130–140 daga til að nýta sér þær góðu tillögur sem þar komu fram en ákvað að gera það ekki.

Þrátt fyrir þær breytingar sem hér koma fram tel ég okkur ekki fært að styðja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

[10:07]

Birgitta Jónsdóttir:

Frú forseti. Borgarahreyfingin styður ekki þessa leið til að vinna okkur úr þeim vanda sem við erum í. Í stefnu Borgarahreyfingarinnar stendur skýrt og skilmerkilega að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eigi ekki að ráðskast með ríkisfjármál og við teljum að þetta frumvarp sé algerlega í anda og eftir forskrift Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við erum alfarið á móti því að skera niður í velferðarkerfinu og við spyrjum: Er þetta ekki ríkisstjórnin sem ætlaði að standa vörð um velferðina?

[10:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég þarf varla að taka fram að ég styð málið en ég nota tækifærið og þakka hv. efnahags- og skattanefnd og öðrum nefndum sem komu að vinnu þessa frumvarps fyrir mikla og góða vinnu og farsæla afgreiðslu á málinu sem er ákaflega mikilvæg, að það nái afgreiðslu fyrir mánaðamótin.

Ég gæti svo sem sagt að mér kemur liturinn á töflunni nokkuð á óvart. Það má að sjálfsögðu finna ýmislegt að þessum ráðstöfunum. Þær eru erfiðar en óumflýjanlegar og mér finnst það umhugsunarefni að stjórnarandstaðan eða stærsti hlutur hennar virðist telja sig færa um að leggjast gegn aðgerðum af þessu tagi, væntanlega ekki með vísan til þess að eitthvað af þessu tagi þurfi ekki að gera. Það fer að sjálfsögðu enginn fram á að stjórnarandstaðan styðji það sem henni finnst erfitt að standa að en það er umhugsunarefni (Forseti hringir.) að Sjálfstæðisflokkurinn skuli vera á því stigi í tilveru sinni að hann leggist gegn óumflýjanlegum og brýnum aðgerðum (Gripið fram í.) til að ná tökum á ríkisfjármálum. (Gripið fram í.)

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 191).

Fundi slitið kl. 10:09.

---

29. FUNDUR

mánudaginn 29. júní,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Lokafjárlög 2007, stjfrv., 57. mál, þskj. 59, nál. 153, brtt. 154. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 82. mál, þskj. 94, nál. 184. — 2. umr.
4. Náms- og starfsráðgjafar, stjfrv., 83. mál, þskj. 95, nál. 170. — 2. umr.
5. Heimild ríkissjóðs Íslands til viðbótarlántöku á árinu 2009, frv., 133. mál, þskj. 186. — 1. umr.
6. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 134. mál, þskj. 187. — 1. umr.

[15:01]

Útbýting:

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 101. mál, svar fjmrh., þskj. 172.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 107. mál, svar iðnrh., þskj. 177.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 111. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 178.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um ESB-aðild.

[15:03]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Í þeirri þingsályktunartillögu er þess getið að jafnframt verði lögð fram tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu, frumvarp um það hvernig þjóðaratkvæðagreiðslur eigi að fara fram á Íslandi. Einstakir ráðherrar hafa mikla fyrirvara við inngöngu Íslands í Evrópusambandið eða eru jafnvel mótfallnir. T.d. segir hæstv. heilbrigðisráðherra að hann geti fyrir sitt leyti fallist á það að við sækjum um aðild enda verði það þjóðin sem á endanum hafi síðasta orðið í málinu.

Nú ber svo við að hæstv. forsætisráðherra hefur sagt okkur að það standi ekki til að þjóðin eigi síðasta orðið í málinu, heldur fari einungis fram ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla áður en þingið taki málið til meðferðar að afloknu samningaferlinu, þ.e. þegar við höfum náð samkomulagi við Evrópusambandið fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla sem verði ráðgefandi fyrir þingið. En við vitum öll að þegar stjórnarskránni hefur verið breytt og nýtt þing komið saman sækja þeir þingmenn sem starfa á því nýja þingi umboð sitt ekki til þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu sem þá mun hafa farið fram, nei, þeir sækja umboð sitt til þeirra kosninga sem þá verða nýafstaðnar. Sá málstaður sem þeir standa fyrir fyrir þær kosningar ræður atkvæði þeirra á hinu nýja þingi.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Telur hann fullnægjandi að þjóðin hafi einungis aðkomu að Evrópusambandsaðildinni með því að gefa ráðgefandi álit á því máli eða gerir hann fyrir sína hönd kröfu um að þjóðin eigi síðasta orðið eftir að stjórnarskrá hefur verið breytt og Alþingi eftir atvikum staðfest samninginn þannig að hann öðlist ekki

gildi og verði ekki bindandi fyrir hönd þjóðarinnar fyrr en þjóðin (Forseti hringir.) hafi haft eitthvað um hann að segja?

[15:05]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Þetta mál, þ.e. tillagan sjálf, er í meðförum í utanríkismálanefnd þar sem ég veit að hv. þingmaður situr. Hann er sennilega betur upplýstur nákvæmlega um stöðu málsins þar en ég sem sæki að vísu stundum fundi í utanríkismálanefnd sem fjármálaráðherra en það er af öðrum ástæðum.

Varðandi meðferð þessa máls er augljóst að tvennt þarf til, eða þrennt má segja, til að fá endanlegar lyktir í málið. Það þarf að samþykkjast af tveimur þingum með alþingiskosningum á milli og það þarf samþykki þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Það hefur aldrei verið gengið út frá öðru, virðulegi forseti, en að þjóðin hafi síðasta orðið í þessum efnum — (Gripið fram í.) ekki nema hér séu einhverjir í þessum sal sem ætli ekki að taka mark á afstöðu þjóðarinnar.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru (**BJJ:** Utan …?) ýmist ráðgefandi eða bindandi að lögum og þegar maður skoðar hvernig þetta hefur verið gert í Evrópu er það ýmist. Í þeim tilvikum sem þær eru ráðgefandi eins og ég hygg að hafi verið t.d. í Noregi lá það fyrir og allir höfðu lýst því yfir, allir stjórnmálaflokkar, að þeir mundu virða niðurstöðu þjóðarinnar. Það er mjög einföld lausn til á þessu máli ef menn vilja að þjóðin komi að því og segi álit sitt á samningsniðurstöðu áður en stjórnarskrá hefur verið breytt og það er einfaldlega að flokkarnir sammælist um að þeir muni hlíta niðurstöðu þjóðarinnar. Þá er ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla í reynd og í eðli sínu bindandi. Hv. þingmaður veit jafn vel og ég að til að gera þjóðaratkvæðagreiðsluna bindandi þarf stjórnarskrárbreytingu, að talið er, og þess vegna er þetta þá líka spurning um á hvaða stigi málsins menn telja að þjóðin eigi að segja álit sitt. Það er ekkert vandamál að ganga frá því þannig að sú niðurstaða gildi, hvort sem þau lög sem um þá þjóðaratkvæðagreiðslu gilda (Forseti hringir.) eru ráðgefandi eða bindandi.

[15:07]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Þetta er ekki svona einfalt. Ástæðan er þessi: Í þessu tilviki verður það ekki þessi þingsalur hér sem fær það hlutverk að staðfesta samninginn. Það er ódýrt fyrir þá þingmenn sem hér sitja að segja: Ja, fyrir mitt leyti verður hin ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla bindandi. Nei, það verður nýtt þing, það verða aðrir þingmenn sem munu á endanum fá það hlutverk að staðfesta samninginn. Málið er því ekki svona einfalt. Það er ekki hægt að binda þetta þing með slíkum yfirlýsingum vegna þess að á Íslandi er stjórnarskráin þannig að það mun þurfa að kjósa að nýju. Þá er augljóst að þeir þingmenn sem sækja umboð sitt til þeirra þingkosninga eru bundnir af samvisku sinni einni og sínum málflutningi fyrir þær þingkosningar. Þeir eru ekki bundnir af yfirlýsingum þingmanna frá fyrra þingi. Fyrir mitt leyti er því alveg skýrt að jafnvel þó að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla hafi farið fram er ekki augljóst að hið nýja Alþingi (Forseti hringir.) muni fylgja henni. Það er alls ekki þannig og menn eiga ekki að láta það hljóma eins og að þessir tveir hlutir sé sambærilegir. (**Gripið fram í:** Ertu að hætta sem formaður Sjálfstæðisflokksins?)

[15:08]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Mér finnst hv. þingmaður vera að flækja þetta einhvern veginn óskaplega fyrir sér. Ég held að við þekkjum öll í þessum sal hvernig stjórnarskrárbreytingar ganga að óbreyttu fyrir sig. Þær verða að gerast þannig að þing samþykki stjórnarskipunarlög, það er rofið, nýtt þing er kosið og það þarf að staðfesta breytinguna óbreytta til að hún öðlist gildi. Þannig hefur það alltaf verið, frá lýðveldisstofnun. Menn hafa að vísu rætt um að gera þar breytingar á eins og kunnugt er en þær hafa ekki náð fram að ganga.

Ég endurtek bara að það er ekkert einasta vandamál fyrir Alþingi og stjórnmálaflokkana í landinu að ganga þannig frá þessu máli að niðurstaða þjóðarinnar gildi. Ef þjóðin t.d. hafnar samningi sem væri borinn undir hana í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu einhvern tíma undir lok þessa kjörtímabils lægi bara fyrir að það þing mundi ekki hreyfa við málinu meir því að það ætlaði að hlíta niðurstöðu þjóðarinnar. Fari það á hinn veginn, stjórnarskipunarlögum yrði breytt, er það bara nákvæmlega eins og alltaf er, (Forseti hringir.) það er í höndum nýkjörins þings að gera upp við sig hvort það staðfestir hann eða ekki, þar á meðal hvort það vill ekki líka hlíta niðurstöðu þjóðarinnar.

Ummæli ráðherra um Icesave-ábyrgð.

[15:10]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra hefur að undanförnu ferðast mikið um heiminn og rætt við fjölmiðla og kynnt Ísland sem hið nýja Enron, væntanlega til að laða hingað fjárfesta. Núna segir hæstv. viðskiptaráðherra að ef Ísland fallist ekki á Icesave-skuldbindingarnar verði Ísland Kúba norðursins, og talsmaður Samfylkingarinnar í efnahagsmálum styður reyndar þennan málflutning en telur rétt að bæta um betur og talar um Norður-Kóreu vestursins. Þennan málflutning taka hæstv. ráðherrar undir, þar með talið og sérstaklega hæstv. viðskiptaráðherra.

Ég tel eðlilegt að hæstv. viðskiptaráðherra svari því hvernig hann leyfir sér að viðhafa slíkan hræðsluáróður, hvað hann hefur sem styður þennan málflutning, hvaða gögn liggi fyrir um þetta. Hvers vegna ætti Ísland að verða Kúba norðursins ef Alþingi staðfestir ekki samningsdrög og segist vilja ræða málið betur, fá betri samning? Er hæstv. ráðherra að segja að þá verði beitt einhvers konar viðskiptalegum hernaði, viðskiptahryðjuverkum nánast, af þjóðum sem vel að merkja stunda viðskipti við ríki um allan heim, helstu mannréttindabrjóta heimsins, ríki í stríðsástandi? Þessi ríki stunda viðskipti við þessi lönd vegna þess að þau telja það viðskiptalega hagkvæmt. Heldur hann að ef Alþingi Íslendinga staðfesti ekki samningsdrögin muni þessi ríki beita okkur slíkum viðskiptaþvingunum að íslenskt efnahagslíf verði lagt í rúst og Ísland verði Kúba norðursins? Hvernig leyfir hæstv. ráðherra sér að halda fram slík-

um málflutningi? Er þetta ekki til marks um að öll þau rök sem færð hafa verið fyrir því að Icesave-samninginn beri að staðfesta hafa nú reynst innihaldslaus? Það er ekkert eftir nema innihaldslaus hræðsluáróður, hræðsluáróður sem er ekki sæmandi ríkisstjórn og hræðsluáróður sem er ekki líðandi í máli sem varðar framtíð þjóðarinnar.

[15:12]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Það er alveg rétt sem hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tók fram, ég hef bent á að margt í aðdraganda íslenska bankahrunsins á sér sameiginlega fleti með því sem gerðist í Bandaríkjunum hjá fyrirtækinu Enron. Þar fóru menn fram með blekkingum og ýmsum loforðum sem reyndust innstæðulaus, um margt svipað og þau fjármálafyrirtæki sem nú eru fallin. Það að viðurkenna þetta fyrir umheiminum er einfaldlega hreinskilni og við verðum að vera hreinskilin ef við ætlum aftur að öðlast trú nágranna okkar á því að við séum heiðarlegt fólk sem stendur við gefin loforð og gerða samninga.

Samlíkingin við Kúbu er af sama meiði. Ef við Íslendingar göngumst ekki við eðlilegum skuldbindingum okkar, stöndum ekki í skilum með það sem við höfum lofað og upp á okkur stendur mun enginn vilja eiga í viðskiptum við okkur, ekkert frekar en aðra óreiðumenn svo notað sé hugtak sem hefur verið hent inn í þessa umræðu af öðrum en mér. (Gripið fram í.) Það er bara einfaldlega þannig að (Gripið fram í.) það vill enginn lána landi sem gerir ekki upp skuldir sínar, það vill enginn eiga í viðskiptum við það. Það er einfaldlega ekki viðræðuhæft. (**Gripið fram í:** …viðskiptabann.) (**EyH:** Ertu búinn að tala við Argentínumenn?) Það þarf ekki að leita til Argentínu til að finna samlíkingu. Það er einfaldlega þannig að það vill enginn tala við þá sem hafa misst traust sitt, það vill enginn lána þeim. (Gripið fram í.) Það liggur t.d. fyrir í þessu máli að fyrirgreiðsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og það fé sem honum fylgir er allt saman skilyrt því að við stöndum í skilum, (**Gripið fram í:** Nú?) (Gripið fram í.) þar á meðal við Icesave. (Gripið fram í.) Aðstoðin frá Norðurlöndunum (Gripið fram í.) hangir líka á því að við séum ekki óreiðufólk, heldur fólk sem hægt er að eiga samninga við, fólk sem stendur við gefin fyrirheit.

[15:14]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Það er rétt, að sjálfsögðu eiga Íslendingar að standa við skuldbindingar sínar. Það er enginn að tala um neitt annað. Íslendingar eiga hins vegar að þora að verja rétt sinn líka og ef við ætlum að halda fram þeim málflutningi að Ísland hafi verið einhvers konar spillingarríki í þeirri von að með því að gera það muni menn sjá að við séum að gera upp hlutina og með því að taka á okkur skuldbindingar langt umfram það sem okkur ber skylda til og langt umfram það sem við getum endar það bara á einn veg. Það endar með því að við getum ekki staðið við raunverulegar skuldbindingar vegna þess að þá verður ekki um það deilt að þetta séu skuldbindingar sem Ísland stendur ekki við. Þá lendum við í sömu stöðu og Argentína. Raunar eru ekki mörg ár síðan Argentína lenti í þjóðargjaldþroti en þó veit ég ekki betur en að það ríki sé byrjað að stunda viðskipti um allan heim. En það er kannski vegna þess hvernig þeir héldu á málum, miklu betur en haldið er á málum á Íslandi. Þeir reyndu að standa við (Forseti hringir.) sínar lagalegu skuldbindingar.

[15:15]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Það var svo margt í þessari stuttu ræðu sem ég tel rangt eða er ósammála að ég veit eiginlega ekki hvar ég á að byrja. Ég ætla þó að velja eitt atriði sem er að við Íslendingar getum ekki staðið undir þeim skuldbindingum sem á okkur eru lagðar vegna þessa Icesave-samnings, það er einfaldlega rangt. (**Gripið fram í:** Reiknaðu.) Ég hef reiknað (Gripið fram í.) og ég get nefnt nokkrar tölur. (Gripið fram í.)

Útflutningstekjur Íslendinga á hverju ári, tekjur af útflutningi á vörum og þjónustu án eignatekna, hafa verið rétt ríflega 5 milljarðar evra á ári undanfarin ár og þessi tala hefur vaxið um 8% á ári að meðaltali í 15 ár. (**Gripið fram í:** Það er kreppa.) Það er kreppa en hún kemur ekki svo mikið niður á útflutningsatvinnuvegum. Það er ekkert sem bendir til annars en að þessar tekjur dugi vel til þess að standa í skilum með það sem út af stendur (Gripið fram í.) af því sem Landsbankinn getur ekki greitt og vextina að auki. Þessar tekjur eru vissulega til ráðstöfunar því að þetta er það sem þjóðarbúið býr til á hverju ári, (Gripið fram í.) þetta er það eina sem við höfum til ráðstöfunar vegna þess að þetta eru þau verðmæti sem við búum til (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) og munum búa til á næstu 15 árum. (Gripið fram í.)

Stóriðjuframkvæmdir.

[15:17]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það kom fram í síðustu viku að sérfræðingar OECD teldu Ísland vera í hópi þeirra ríkja sem ekki gætu staðið undir framkvæmdum á næstu árum sem kostaðar væru af hinu opinbera. Það kom fram hjá þessum sömu sérfræðingum að efnahagur okkar mundi dragast saman á næstu árum, sem eru svo sem engin ný sannindi.

Það kom einnig fram á þessum fundi og í yfirlýsingum þessara sérfræðinga að Ísland væri ríkt af auðlindum og að íslenskur efnahagur mundi einkum með fjárfestingum í stóriðju standa undir því að endurreisa íslenskan efnahag á næstu árum. Þá er væntanlega verið að vitna til þess að erlendir aðilar komi til landsins og fjárfesti frekar í stóriðju sem byggir á skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda landsins.

Ég vil af því tilefni beina spurningu til hæstv. fjármálaráðherra og spyrja hann að því hvað ríkisstjórnin er að gera til að greiða fyrir aukinni stóriðju til landsins, hver stefnan er á þeim vettvangi og hvaða aðgerðir ríkisstjórnin er með í gangi til þess að efla þann þátt í íslensku samfélagi. Ég vil einnig heyra um hver staðan er varðandi Helguvík alveg sérstaklega og hver staðan er varðandi staðfestingu ríkisstjórnarinnar á fjárfestingarsamningi vegna Helguvíkur, sem mér skilst að standi svo mjög á.

[15:19]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er alveg rétt að í nýrri skýrslu OECD er Ísland flokkað með þrem, fjórum öðrum OECD-ríkjum sem eru í nokkurri sérstöðu vegna mikilla skulda ríkissjóða og er þar af leiðandi ekki talið að þau séu fær um að beita með sama hætti hvetjandi aðgerðum og ýmis önnur lönd geta mögulega gert. Það er þó athyglisvert að OECD metur líkur á samdrætti í þjóðartekjum á þessu ári mun minni en innlendar spár hafa hingað til gert ráð fyrir eða um 7% í staðinn fyrir yfir 10%. Eigum við þá ekki að vona að í þessu tilviki hafi OECD rétt fyrir sér?

Það er reyndar rétt að upplýsa að síðan OECD-skýrslan kom fram hafa menn verið að birta ný gögn sem benda til þess að 10 af 20 svonefndra G-20 ríkja verði innan þriggja til fjögurra ára komin með svipaðar eða meiri skuldir en Ísland. Það er ástæða til að ætla, miðað við þessar spár, að Ísland verði á nýjan leik komið um miðbik OECD-landanna innan fjögurra til fimm ára. Þó að það sé lítil huggun fyrir okkur að það séu miklir erfiðleikar víðar en hér segir þetta þó þá sögu að þrátt fyrir hið mikla áfall sem hér hefur orðið er ástæða til að ætla að við verðum á svipuðu róli og fjöldamörg önnur sambærileg lönd innan fárra ára hvað þetta snertir.

OECD gerir ráð fyrir í spá sinni, á grundvelli gagna sem það aflar auðvitað héðan, nákvæmlega sömu stórframkvæmdum og eru í þjóðhagsáætlun fyrir þetta ár. Ríkisstjórnin leggur þar til viðbótar áherslu á fjárfestingar í ýmsum nýiðnaðargreinum, litlum og meðalstórum iðnfyrirtækjum, og jafnvel að það gæti að einhverju leyti komið í stað annarra stóriðjuáforma sem eru í mikilli óvissu eins og kunnugt er og ekki eru t.d. tekin með í þjóðhagsspá.

Ég verð þó að segja í ljósi alls þessa málflutnings að það er morgunljóst í mínum huga að það verður viðgangur hins almenna íslenska atvinnulífs sem mestu mun skipta um það hvernig okkur gengur að vinna okkur út úr kreppunni. (Forseti hringir.) Það verður virðisauki og verðmætasköpun í okkar almenna atvinnulífi sem þarf að koma til umfram allt annað.

[15:21]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það var þetta sem ég óttaðist, það eru engin almennileg svör frá hæstv. ríkisstjórn þegar kemur að þessum málaflokki. Ríkisstjórnin staðfestir ekki fjárfestingarsamninginn vegna Helguvíkur og tefur og setur þar með meiri óvissu í þær framkvæmdir en nauðsyn ber til. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Það er rétt. Ríkisstjórnin boðaði hér á föstudaginn 7,5 milljarða í auðlindagjald og auðlindaskatt á atvinnulífið á Íslandi í skýrslu frá fjármálaráðuneyti. Eru það góð skilaboð til þeirra sem gætu hugsað sér að fjárfesta í iðnaði á Íslandi, í uppbyggingu á stóriðju, að við skulum leggja á 7,5 milljarða til viðbótar á þessar greinar í framtíðinni?

Ríkisstjórnin ætlar að afnema loftslagsákvæðið sem fékkst í Kyoto-viðræðunum, staðfestingu og viðurkenningu á sérstöðu Íslands til framleiðslu á náttúruvænni raforku sem er nýtanleg m.a. til stóriðju. Og ríkisstjórnin er með allar áætlanir og alla vinnu á ís (Forseti hringir.) varðandi frekari virkjanir sem geta hleypt lífi í atvinnulífið.

[15:22]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hv. þingmaður er kunnur áhugamaður um stóriðju. Ég man í fljótu bragði ekki eftir því að hann tali um annað atvinnulíf eða aðrar atvinnugreinar (Gripið fram í.) nema einstöku sinnum hvalveiðar já, ég ætlaði nefnilega að nefna það. (Gripið fram í.) Það er út af fyrir sig sjónarmið að það eina sem geti orðið okkur að liði í atvinnulegu tilliti og hvað verðmætasköpun og útflutningstekjur snertir séu álver og hvalveiðar. (Gripið fram í.) Þá er það bara atvinnustefna Jóns Gunnarssonar og vel um það. (**Gripið fram í:** … hæstv. ráðherra … um álver.)

Varðandi svar við spurningunni hélt ég að hv. þingmaður vissi að fjárfestingarsamningurinn er til skoðunar hjá ESA, hefur alltaf legið fyrir að þangað færi hann til þess að ljóst væri að hann stæðist þær samkeppnisreglur og reglur um ríkisstuðning sem ESA tekur út. Málið er því nákvæmlega í því ferli sem því ber að vera samkvæmt lögum okkar og reglum. Ég held því að það sé ekkert annað gera en (Forseti hringir.) að biðja hv. þingmann að bíða eftir því að niðurstaða fáist þar og þá liggur málið fyrir. (Gripið fram í.) Það er afgreitt að öllu öðru leyti.

Tvöföldun Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar.

[15:24]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Í fundargerð frá 4. júní sl. frá samstarfshópi frá aðilum vinnumarkaðarins kom fram vilji lífeyrissjóðanna til að koma að ýmsum verkefnum hér á landi og viðræður þess efnis fóru fram í október sl. Um er að ræða verkefni eins og t.d. styrkingu gjaldeyrisforða, samgöngumannvirki og ýmis önnur þjóðþrifamál. Sumt hefur reyndar ekki verið rætt um við lífeyrissjóðina frá því í október og önnur mál er nýlega farið að ræða um við lífeyrissjóðina. Betra er seint en aldrei.

Þá bregður svo við að um helgina var fréttaflutningur af samgöngumálum þar sem margt orkaði tvímælis. Hæstv. samgönguráðherra sagði að framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng og samgöngumiðstöð í Reykjavík væru nú til skoðunar því að þau væru svo gott sem búin skipulagslega en önnur verkefni eins og tvöföldun og breikkun Suðurlandsvegar og tvöföldun Vesturlandsvegar með mikilvægum aðgerðum á Kjalarnesi væru ekki komin eins langt.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hverju þetta sæti, hvort hér sé tekið tillit til öryggismála þar sem þessir tveir vegir, Vesturlandsvegurinn og Suðurlandsvegurinn, eru einhverjar alvarlegustu slysagildrurnar á landinu. Og þrátt fyrir kosningaloforð hæstv. ráðherra þar sem hann hélt blaðamannafund og boðaði alla þingmenn Suðurlands, stjórn SASS, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og samgöngunefndir til fundar við sig þar sem kynnt var með lúðraþyt að nú ætti að bjóða út þetta verkefni í haust og loksins færi þessi tvöföldun og breikkun af stað.

Hvar standa þau loforð sem gefin voru fyrir kosningar þegar þessi skilaboð koma síðan í kjölfarið þrátt fyrir að annað komi fram? Ráðherrann sagði að hér væru óundirbú-

in mál en ég hef upplýsingar um það bæði frá vegamálastjóra og starfsmönnum Vegagerðarinnar á Suðurlandi (Forseti hringir.) sem og sveitarstjóra að vegurinn á Suðurlandi sé hvað skipulag varðar tilbúinn allt að Hveragerði.

[15:26]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál upp. Það kemur líka fram í viðtalinu í *Morgunblaðinu* að ég fagna mjög áhuga lífeyrissjóðanna, og gerði það svo sem löngu áður, að þeir vilji koma inn og lána peninga til samgönguframkvæmda meðal annarra verkefna.

Í gildandi samgönguáætlun er talað um nokkuð mörg verk sem vinna á í einkaframkvæmd. Nærtækast er að taka dæmi úr kjördæmi hv. þingmanns sem var smíði nýs Herjólfs og fyrir um það bil ári síðan var farin sú leið að bjóða það út í einkaframkvæmd. Tilboðin voru því miður það há að þeim var hafnað, m.a. út af ástandi peningamála í heiminum. Þá var farið í að bjóða það út í ríkisframkvæmd en þá kom hrunið.

Önnur verk sem nefnd eru á samgönguáætlun sem einkaframkvæmdarverk eru t.d. tvöföldun Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar og Sundabraut, Hvalfjarðargöng og Vaðlaheiðargöng eru tíunduð þar inn. Samgöngumiðstöðin er jafnframt á samgönguáætlun og áður hef ég nefnt Herjólf. Að öllum þessum verkum er verið að vinna, þar með talið tvöföldun Suðurlandsvegar og var tilkynnt í vetur um hvernig vinna skyldi að honum. Það myndaðist víðtæk sátt um þá leið sem þar átti að fara og vil ég þakka sveitarstjórnarmönnum og forsvarsmönnum SASS alveg sérstaklega fyrir hvað ríkti mikil eindrægni um málið. (Gripið fram í.) Sú undirbúningsvinna stendur yfir. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þm. Árni Johnsen hefur aðra skoðun á því og við því er ekkert að gera. Hann tilkynnti það á sínum tíma en að því frátöldu held ég að það hafi ríkt almenn sátt um þessa leið.

Að öllum þessum undirbúningsverkum er því verið að vinna en þau eru að sjálfsögðu misjafnlega langt komin hvert og eitt.

[15:28]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Ekki svaraði þetta að fullu leyti spurningu minni. Auðvitað eru öll þau verkefni sem hæstv. ráðherra nefndi góðra gjalda verð og nauðsynleg en það verður að segjast eins og er að í ljósi t.d. umferðarinnar um sl. helgi þar sem umferðarhraðinn yfir Hellisheiði var 20, 30 km/klst. — menn komust hraðar með því að hlaupa — og í ljósi þess að vegurinn frá Reykjavík að Hveragerði liggur fyrir skipulagslega, átti að fara í útboð í haust, er það vægast sagt sérstakt að þessi vegur sé settur til hliðar. Kannski er það ekkert óeðlilegt að verkefni eins og Vaðlaheiðargöng og samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll, sem hafa verið gæluverkefni ráðherra, komi fyrst á dagskrá.

Síðastliðin 10, 15 ár hafa Sunnlendingar unnið að þessu verkefni samviskusamlega (Forseti hringir.) og við nennum ekki að bíða lengur.

[15:29]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er sennilega rétt sem hv. þingmaður sagði í lokin um að búið væri að ræða um Suðurlandsveg í 10, 15 eða 20 ár. Ég er búinn að sitja hér í 10 ár og ég minnist þess að alla stjórnartíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks var lítið rætt um Suðurlandsveg, það er alveg hárrétt.

Hins vegar hefur verið tekið til við það núna og ákvörðun liggur fyrir um hvernig að málinu skuli standa. (Gripið fram í.) Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þingmanni, Suðurlandsvegur er sá vegur sem er með langmestu umferð á Íslandi og þar verða flest slys. Þarna er hvað brýnast að hefja framkvæmdir, m.a. út frá umferðaröryggismálum, að aðgreina aksturssstefnur. Að því er unnið.

Hv. þingmaður talaði áðan um það þegar þessi ákvörðun var sett fram en unnið er að undirbúningi undir fyrsta kaflann sem átti að vera á þessari leið sem hefðbundin ríkisframkvæmd. Sú vinna hefur verið í gangi en öll vitum við hvernig ástandið er í peningamálum þjóðarinnar, (Forseti hringir.) við höfum þurft að skera niður framkvæmdir til samgöngumála. Við höfum ekki hætt við neitt en það er spurning hvað það mun dragast.

Útlánareglur nýju ríkisbankanna.

[15:30]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Hæstv. forseti. Vart þarf að fjölyrða um vandræði og ófarir íslenskra viðskiptabanka á undanförnum missirum sem nú eru komnir í ríkiseigu. Við skulum, flest ef ekki öll, vona að þeir verði komnir í hendur manna sem kunna að reka þá á næstu vikum eða mánuðum og að mínu viti vonandi að einhverju leyti og kannski stórum hluta í eigu útlendinga því að sagan sýnir okkur að ekki kunna Íslendingar mjög vel að fara með þessar stofnanir.

Nú heyrast ýmsar sögur innan úr þessum nýju ríkisbönkum, virðulegi forseti, um útlán sem þar eru stunduð. Mörgum er um og ó og þeir segja að útlánastefnan líkist mjög því pólitíska mynstri sem var við lýði í gömlu ríkisbönkunum. Ég spyr því hæstv. viðskiptaráðherra hvort útlánareglur nýju ríkisbankanna séu að einhverju leyti fastmótaðar, gagnsæjar og gildi jafnt fyrir alla lántakendur. Hefur hæstv. viðskiptaráðherra fengið formlegar kvartanir vegna útlánareglna þessara banka? Hafa bankastjórar, stjórnarmenn og deildarstjórar innan þessara banka frjálsar hendur með lánveitingar eða fer þetta allt saman að einhverju leyti í gegnum óháða lánanefnd?

[15:32]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Hún var reyndar í allmörgum liðum og ég veit ekki hvort mér vinnst tími til þess að svara þeim öllum, en vil í upphafi máls míns benda á að þótt bankamál almennt heyri undir viðskiptaráðuneytið hefur fjármálaráðuneytið einnig talsvert um þessi mál að segja sem handhafi hlutabréfsins í bönkunum.

Hvað sem því líður voru þetta ekki samræmdar reglur af ríkinu fyrir alla ríkisbankana ef við köllum þá því nafni.

Það kann að vera að bankarnir fái nánari leiðbeiningu í þá veru ef af því verður að yfir þá verður sett Bankasýsla sem m.a. mundi væntanlega móta línur í grófum dráttum um hvert skuli stefna í rekstri þeirra. Þá er auðvitað útlánastefnan stór hluti í því. Ríkið hefur ekki sett neinar tæmandi reglur í smáatriðum um það hvernig skuli standa að þessu þangað til. Það eru ekki sömu reglur fyrir alla og bankarnir hafa nokkurt svigrúm til að móta sér sjálfstæða stefnu. Það má segja að það sé í sjálfu sér jákvætt, a.m.k. frá samkeppnissjónarmiði, að viðskiptavinir hafi ákveðið val á milli banka og þeir séu ekki allir steyptir í sama mót hvað útlánareglur varðar.

Því er hins vegar ekki að neita að það eru alls ekkert allir sáttir við það hvernig þessum málum er fyrirkomið í bönkunum og ég hef fengið kvartanir, að vísu ekki formlega inn á borð til mín, en ég hef heyrt af óánægju og heyrt kvartanir þannig að ég veit að það eru margir óánægðir með margt, m.a. kvarta samkeppnisaðilar sáran undan þeirri fyrirgreiðslu sem önnur fyrirtæki fá. Það verður auðvitað að skoða þau tilvik hverju sinni, (Forseti hringir.) en ég sé ekki að hægt sé að búa til reglur svo öllum líki.

[15:34]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka þetta svar sem er á margan hátt athyglisvert. Mörgum er mjög í mun að vita um framtíð íslenskra viðskiptabanka, í hverra höndum þeir verða þegar fram líða stundir. Mig langar að vita hver sýn hæstv. viðskiptaráðherra er í þeim efnum og hvort einhverjir, t.d. útlendir fjárfestar, hafa sýnt áhuga á þessu verkefni.

[15:35]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Mín sýn er sú að það er ekki nákvæmlega ljóst hvernig eignarhald bankanna verður fljótlega upp úr 17. júlí, sem er fyrirsjáanlega ákveðinn merkisdagur í sögu íslenska bankakerfisins. Það getur verið að þá verði einhver banki eða jafnvel tveir að hluta, hugsanlega jafnvel að öllu leyti, komnir í eigu útlendinga en það er alls ekki fast í hendi. Það er einn af möguleikunum enn þá í stöðunni en því fer fjarri að það sé frágengið. Ef það gengur ekki eftir getur verið að erlendir kröfuhafar eignist kauprétt á einhverjum hluta hlutafjár í bönkunum sem þeir gætu þá nýtt sér síðar.

Ég vil ekki spá því nákvæmlega hvernig eignarhaldið verður í haust, en fyrirsjáanlega hljótum við að stefna að því að þessir bankar komist að verulegu leyti úr eigu ríkisins fyrr en síðar.

Um fundarstjórn.

Fyrirkomulag óundirbúinna fyrirspurna.

[15:36]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Eins og forseti benti rétt áðan á brenna fjölmargir þingmenn inni með mikilvægar spurningar til ráðherra. Það hafa verið margir nefndadagar og ekki svo margir þingdagar og því hafa færri tækifæri en ella gefist til að spyrja ráðherra. Ég brenn til að mynda inni með spurningu til hæstv. fjármálaráðherra um hvaða skoðun hann hafi á því að Icesave-samningarnir fari (Forseti hringir.) í þjóðaratkvæðagreiðslu en hann hefur talið eðlilegt að ESB-samningarnir (Forseti hringir.) fari í þjóðaratkvæðagreiðslu.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Um fundarstjórn forseta.)

Mig langar til að spyrja hæstv. forseta hvort hún telji ekki eðlilegt að það verði kannað hvort liðurinn óundirbúnar fyrirspurnir verði tvöfaldaður. Hæstv. utanríkisráðherra kinkar hér kolli (Forseti hringir.) og er sammála mér í þeim efnum.

[15:38]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að þessi liður hefur verið til umræðu á fundum þingflokksformanna. Gildandi lög um þingsköp gera ráð fyrir hálfri klukkustund tvisvar í viku, sem er mun lengri tími en hefur verið, en auðvitað er hægt að endurskoða slík lög og verður það gert í tímans rás.

[15:38]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég býð forseta velkominn frá Ungverjalandi þar sem hæstv. forseti var viðstaddur hátíðlega athöfn í tilefni þess að kommúnisminn féll í Austur-Evrópu fyrir 20 árum. Ég vona að hæstv. forseti hafi þar rifjað upp mikilvægi þess að lýðræðisleg umræða fái notið sín og að þeir sem fara með stjórnina hverju sinni noti ekki aðstöðu sína til að halda í skefjum minni hlutanum eða þeim sem kunna að vera ósammála.

Ég verð að segja að mér þykir algjörlega óviðunandi hvernig hæstv. forseti truflar þingmenn sem kveðja sér hljóðs til að ræða fundarstjórn forseta nánast í hvert skipti. Er ástæða til að fara að rifja upp hvernig hæstv. forseti talaði undir liðnum um fundarstjórn forseta síðustu ár eða áratugi, hvernig hæstv. forsætisráðherra eða hæstv. utanríkisráðherra eða aðrir ráðherrar í stjórninni notuðu þennan lið? Á ekki hið sama að gilda núna þegar ný stjórn er (Forseti hringir.) — og ný stjórnarandstaða?

Lokafjárlög 2007, frh. 2. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 59, nál. 153, brtt. 154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]

Sundurliðun 1 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓN, REÁ, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞBack, ÖS.

4 þm. (ÁI, BirgJ, MT, VSk) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁPÁ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, BjarnB, GÞÞ, IllG, JóhS, JBjarn, KÞJ, ÓÞ, PHB, RR, RM, SVÓ, SSv, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 154 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS,

BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓN, REÁ, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, UBK, VBj, VigH, ÞBack, ÖS.

4 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, MT, VSk) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁÞÁ, BÁ, BJJ, IllG, JóhS, JBjarn, KÞJ, ÓÞ, PHB, RR, RM, SVÓ, SSv, TÞH, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ) fjarstaddir.

Sundurliðun 2, svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓN, REÁ, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞBack, ÖS.

4 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, MT, VSk) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁÞÁ, BÁ, BJJ, IllG, JóhS, JBjarn, KÞJ, ÓÞ, PHB, RR, RM, SVÓ, SSv, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ) fjarstaddir.

1.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓN, REÁ, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞBack, ÖS.

4 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, MT, VSk) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁÞÁ, BÁ, BJJ, IllG, JóhS, JBjarn, KÞJ, ÓÞ, PHB, RR, RM, SVÓ, SSv, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Heimild ríkissjóðs Íslands til viðbótarlántöku á árinu 2009, 1. umr.

Frv. efh.- og skattn., 133. mál. — Þskj. 186.

[15:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir lagafrumvarpi frá meiri hluta hv. efnahags- og skattanefndar sem er að finna á þskj. 186. Það er mál nr. 133, frumvarp til laga um auknar lánsfjárheimildir til ríkissjóðs og varðar annars vegar 50 milljarða lánsfjárheimild vegna Landsvirkjunar og hins vegar 290 milljarða viðbótarlánsfjárheimildir fyrir ríkissjóð umfram það sem er að finna í 5. gr. fjárlaga ársins, af heimildum, en þar er um að ræða eina 660 milljarða í 1. og 4. tölulið 5. gr. fjárlaga yfirstandandi árs.

Lánsfjárþörf Landsvirkjunar má rekja til endurfjármögnunar sem áður var gerð grein fyrir og sömuleiðis til framkvæmda sem hún hefur gert grein fyrir að hún sé búin undir að ráðast í. Lánsfjárþörf ríkissjóðs liggur nú fyrir með betri hætti en var við afgreiðslu fjárlaga, enda hefur skýrst úr mörgum málum sem þá voru í móðu. Þannig er lánsfjárþörf ríkissjóðs sjálfs áætluð um 250 milljarðar kr. Lánsfjárþörf vegna endurfjármögnunar viðskiptabankanna, Nýja Glitnis, Nýja Kaupþings og Nýja Landsbankans, gæti orðið allt að 385 milljarðar kr. Þá eru heimildir vegna lána frá Norðurlöndunum upp á um 230 milljarða og síðan vegna þeirra lána sem höfum sótt frá Pólverjum og Rússum og átt í viðræðum við upp á 85 milljarða. Samtals er hér um að ræða lánsfjárheimildir sem ríkissjóður þarf á yfirstandandi ári fyrir allt að 950 milljörðum en heimildir í fjárlögum yfirstandandi árs eru 660 milljarðar, eins og áður sagði, og því vantar 290 milljarða upp á að fullnægjandi heimildir séu fyrir hendi.

Auk mín er málið flutt af hv. nefndarmönnum Magnúsi Orra Schram, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Álfheiði Ingadóttur og Ásmundi Einari Daðasyni.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni umfjöllun vísað til hv. efnahags- og skattanefndar. Eðli málsins samkvæmt sendir hún það enn fremur til umfjöllunar í fjárlaganefnd sem alla jafna fjallar um lánsfjárheimildir í fjárlögum fyrir hvert ár um sig þó að fyrir því séu fordæmi að slíkar heimildir séu sóttar í sérstökum frumvörpum eins og nú er gert vegna þessara sérstöku aðstæðna og flutt af hv. efnahags- og skattanefnd. Það er fyrst og fremst vegna þess að í ljós kom í tengslum við vinnu við bandorminn svokallaða, þ.e. heildarfrumvarpið um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem var til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd, að þörf væri á þessum auknu heimildum. Taldi nefndin mikilvægt að ekki stæði á heimildunum í því þegar sótt væri lánsfé fyrir ríkissjóð á yfirstandandi ári því að nægir yrðu þröskuldarnir í þeim efnum þó að Alþingi væri ekki einn þeirra.

[15:47]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta mál ber frekar brátt að fyrir okkur þingmenn, þ.e. að nú sé verið að sækjast eftir þessari viðbótarlánsfjárheimild. Þetta hefur ekki komið fram áður. Það vekur nokkra undrun að málið skuli vera lagt fram af hálfu meiri hluta efnahags- og skattanefndar en ekki framkvæmdarvaldsins sem hefur miklu betri yfirsýn að maður gæti haldið yfir þessar skuldbindingar sem upp á þjóðina standa. Það vekur þess vegna dálitla undrun hvernig málið kemur inn.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Helga Hjörvar að því hvenær þessi staða kom upp. Hvenær kom það fram að við þyrftum á þessum viðbótarlánsfjárheimildum að halda? Hvernig stendur á því að ekki var þá haft — vegna þess að bandormurinn var í umræðu í öðrum þingnefndum og hv. þingmaður nefndi sérstaklega fjárlaganefnd sem hefur þetta verkefni með höndum að halda utan um þessa þætti og taka á þeim, kom þá ekki til álita þegar þetta mál kom fram í efnahags- og skattanefnd að það yrði þá með einhverjum hætti kynnt fyrir hv. fjárlaganefnd að þetta væri með þessum hætti?

Mig langar líka til að spyrja hv. þingmann vegna þess að hann tók dæmi. Fordæmið var dregið skildist mér af máli frá því í fyrra sem varðar væntanlega gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans, þ.e. þegar gripið var til þess ráðs að auka hann með 500 milljarða kr. aukningu. Mig langar því að spyrja hv. þingmann: Hvernig stendur það mál núna?

Hefur verið dregið á þá heimild alla? Er hún öll lögð þarna til grundvallar þessari ákvörðun? Greinargerðin er frekar rýr um það hvernig staðan er. Getur hv. þingmaður upplýst þingheim betur um það hvað sé hér á ferðinni? Eigum við von á meiru af þessu? Eigum við von á því að þingmenn fari nú í stórum stíl að óska eftir frekari lánsfjárheimildum handa ríkinu? Mér þykir þetta afar óvenjulegt og kalla á mun nákvæmari skýringar af hálfu hv. þingmanns en hér hafa komið fram.

[15:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið og það er eðlilegt að spurt sé. Það er auðvitað svo að við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár voru uppi í okkar samfélagi ákaflega sérstakar aðstæður í efnahagsmálum og ríkisfjármálum öllum svo ekki sé dýpra í árinni tekið og úrslit margra mála þá mjög á reiki. Eftir því sem unnið hefur verið að úrlausn þeirra fram eftir árinu hefur æ betur skýrst staða ríkissjóðs og þarfir ríkissjóðs á yfirstandandi ári og á næstu missirum. Ég hygg að þær fjárhæðir sem ég nefndi hér hafi allar, hver um sig, komið fram. Þær fjárhæðir sem lúta að fjármögnunarþörf ríkissjóðs vegna hallarekstrar, fjárhæðir sem lúta að endurfjármögnunarþörf viðskiptabankanna, fjárhæðir sem varða lánin frá Norðurlöndunum, sömuleiðis þær fjárhæðir sem snúa að lánum frá Rússum og Pólverjum þannig að hver og ein upphæð hefur í sjálfu sér legið fyrir.

Sú 500 milljarða heimild sem hv. þingmaður vísar til er auðvitað hluti af þeim 660 milljarða heimildum sem eru til staðar. En sem sagt, ef sækja á lánsfé þetta allt skortir á heimildir. Ég tek undir með hv. þingmanni að það kallar á vandaða umfjöllun hér í þinginu og þess vegna varð það úr að taka þetta ekki inn í afgreiðslu á bandorminum á milli umræðna heldur að flytja þetta sem sérstakt mál þannig að það fengi tryggilega þrjár umræður í þinginu og vandaða umfjöllun í nefndum þingsins á milli umræðna. Ég hef gert ráðstafanir til þess að það geti verið á dagskrá hv. efnahags- og skattanefndar þegar á morgun og ég hygg að hv. formaður fjárlaganefndar hyggist sömuleiðis á fundi nefndarinnar á morgun hefja umfjöllun um það.

[15:51]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni þessi svör að sinni. Það er alveg ljóst að þetta mál kallar á verulega mikla skoðun. Þótt það sé í sjálfu sér rétt að þær tölur sem þarna koma fram séu okkur kunnar veldur það náttúrlega töluvert mikilli furðu að þetta skuli hafa komið svo skyndilega inn í efnahags- og skattanefnd og þarna er raunin. Maður veltir fyrir sér hvort þetta hafi bara gleymst. Hvernig stendur á þessu? Þetta er náttúrlega dálítið undarlegt og nokkuð sem við þurfum þá að venja okkur af og muni ekki gerast oft hér.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann aftur um þá 500 milljarða sem við samþykktum í fyrra. Mig minnir að það hafi verið þannig að um tímabundna heimild hafi verið að ræða handa ríkisstjórninni til þess að afla þess fjár. Ég held enn fremur að sú heimild sé faktískt runnin úr gildi gagnvart þeirri lagasetningu. Mig langar til að spyrja hv. þingmann að því hvort það sé rétt skilið hjá mér að svo sé. Var hún ekki tímabundin heimildin sem við veittum árið 2008 með lögum 60/2008 til þess að draga 500 milljarða inn í þjóðarbúið? Rann hún ekki út núna um áramót?

[15:52]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið og tek undir með henni að þetta eru mjög sérstakar aðstæður sem við skulum öll vona að komi aldrei aftur upp hjá okkur. Málið kom einfaldlega upp þegar verið var að fara yfir stöðu ríkisfjármálanna á miðju ári og hvaða heimildir menn kynnu að þurfa að hafa í því sambandi.

Ég hygg að það hafi verið dregið að einhverju leyti á lánalínur frá að minnsta kosti tveimur Norðurlandanna það sem af er en ég hef ekki nákvæmar upplýsingar um það eins og sakir standa en skal afla upplýsinga um það fyrir hv. þingmann.

Sömuleiðis geng ég út frá því að heimildin hafi verið tímabundin en nákvæmlega til hvaða dags skal (Gripið fram í.) ég sömuleiðis ganga úr skugga um.

[15:53]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það vekur furðu að þetta mál sé komið fram núna. Maður hefur það á tilfinningunni að það hafi átt að lauma þessu inn í þingið bakdyramegin og veltir fyrir sér alveg eins og hv. þm. Ólöf Nordal af hverju meiri hluti efnahags- og skattanefndar sé að leggja málið fram en ekki fjármálaráðherra sjálfur og veltir upp þeirri sjálfsögðu spurningu hvort fjárútlát ríkisins þurfi ekki að vera samþykkt í fjárlögum. Kannski að hv. þingmaður geti svarað þessari spurningu.

Í annan stað: Nú var ákveðið í tíð síðustu ríkisstjórnar eða þarsíðustu réttara sagt, sem Samfylkingin var aðili að, að bankarnir greiddu út til þeirra sem áttu í peningamarkaðssjóðunum um 203 milljarða. Við erum að samþykkja hér heimild til þess að styrkja bankana um allt að 290 milljarða og maður veltir því fyrir sér hvort ríkisstjórnin hafi farið yfir þau mál mjög gaumgæfilega. Það þýðir ekki að ríkissjóður geti endalaust komið fjármálafyrirtækjum til bjargar. Kannski gæti hv. þingmaður upplýst hvort það hafi kannski verið eins og mann hefur grunað að útlátin til peningamarkaðssjóðanna hafi verið með samþykkt þáverandi stjórnvalda.

Í þriðja lagi: Við höfum rætt Icesave mjög mikið og stundum hefur því verið haldið fram að lán frá Norðurlöndunum hangi þar á spýtunni og að við fáum þau ekki, en hér er komin einhvers konar heimild til þess að fá lán frá Norðurlöndum upp á 230 milljarða. Ég hélt að þetta héngi allt á spýtunni varðandi Icesave. En kannski er það rétt sem utanríkisráðherrar þessara landa hafa sagt, þvert gegn orðum hæstv. fjármálaráðherra, að það hangi (Forseti hringir.) einfaldlega ekki á spýtunni gagnvart Icesave.

[15:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Fyrst vegna fyrra andsvars frá hv. þm. Ólöfu Nordal (Gripið fram í.) get ég áréttað að þar var sannarlega um tímabundnar heimildir að ræða um að taka það á árinu 2008 og ákvæði til bráðabirgða gerir ráð fyrir að það verði endurskoðað eigi síðar en 1. janúar næstkomandi, 2010.

Það má sannarlega taka undir með ýmsum athugasemdum frá hv. þm. Höskuldi Þór Þórhallssyni. Það er auðvitað þannig að lagaheimildir þurfa að vera fyrir ráðstöfunum sem ríkisvaldið og framkvæmdarvaldið grípur til á hverjum tíma, hvort sem það eru rekstrarútgjöld eða lánsfjárheimildir eins og hér um ræðir. Því miður hefur verið misbrestur á því að svo hafi verið á undanförnum árum og mikil þörf á því að við í núverandi efnahagsástandi skerpum á því. Hér er einmitt verið að gera það. Það er verið að sækja heimildirnar fyrst áður en gengið er frá lánsfjársamningunum.

Hvað lýtur að þeim þáttum sem hann fjallaði um varðandi viðskiptabankana þá hygg ég að talsvert mikið hafi verið farið yfir peningamarkaðssjóðina. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fullyrða um að það megi ekki gera enn frekar og enn betur. En þessi fjármögnun lýtur hins vegar ekki að því. Hún lýtur að fjármögnun nýju bankanna og því nauðsynlega eiginfjárhlutfalli sem þarf að vera í þeim. Það var talið vera 385 milljarðar og það er að hluta til vegna þess sem þessar heimildir eru sóttar. En þær fregnir hafa borist, óljóst þó enn sem komið er, að það kunni að þurfa minna fé til þess að endurreisa bankana en hér er gert ráð fyrir þannig að þetta gætu jafnvel orðið nokkuð lægri heimildir sem menn þyrftu þá á að halda til að nýta.

[15:57]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram að það voru einmitt nýju bankarnir sem greiddu út til þeirra sem áttu í peningamarkaðssjóðunum. Það fóru 203 milljarðar, hvorki meira né minna, út úr bönkunum án heimildar og maður veltir því fyrir sér hvort hér sé verið að læðast aftan að Alþingi og afla einhvers konar bakstuðnings eftir á. Það er svona sú tilfinning sem maður hefur. Það verður væntanlega tekið til umræðu í efnahags- og skattanefnd.

Varðandi svar hv. þm. Helga Hjörvars til Ólafar Nordal sem hann flækti hérna inn í svarið til mín þá held ég að það sé bara einfaldlega ekki rétt hjá hv. þm. Helga Hjörvar að heimildin gildi út árið 2010 eins og ég skildi hann rétt. Það stendur einfaldlega mjög skýrt að það gildi út árið 2008 hér í frumvarpi til laga um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008. Þetta er bara algjörlega kýrskýrt.

Svo er ekki kannski síst stærsta málið og það er einmitt þessi heimild til lántöku hjá Norðurlandaþjóðunum. Við verðum að fá það á hreint vegna þess að um leið og við köllum eftir gögnum í Icesave-málinu þá köllum við líka eftir því hvort fullyrðingar stjórnvalda séu réttar og hvort það sé til dæmis rétt að lánin frá Norðurlöndunum hangi á spýtunni varðandi Icesave-málið. Við verðum að fá úr því skorið. Ég get ekki betur séð en hér sé verið að gera ráð fyrir því að þessi lán komi þannig að við getum tekið það út úr Icesave-myndinni. Það er kannski bara ágætt að það sé gert hér og nú. Lánin frá Norðurlöndunum hanga ekki á spýtunni varðandi Icesave-deiluna. Þar með er líka rangt að (Forseti hringir.) aðrar þjóðir ætli að einangra Ísland eins og haldið var fram hér áðan í fyrirspurnatíma.

[15:59]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmann á að nota hefðbundin ávarpsorð í þingsal.

[16:00]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Höskuldi Þór Þórhallssyni fyrir andsvör sín. Ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt að hann og aðrir þingmenn kalli eftir því að þær upplýsingar sem stjórnvöld veita á hverjum tíma séu réttar og leitist við að staðreyna þær og kalli eftir því bæði í ræðum sínum og með skýrslubeiðnum, fyrirspurnum og öðrum þeim tækjum sem við höfum í þinginu til að fylgja því fram. Í þeim atriðum sem hann vísar til um lán Norðurlandanna, þá er auðvitað um að ræða lánsfjárheimildir en ekki er verið að loka þeim samningum þannig að þær viðræður hafa út af fyrir sig staðið og við þekkjum til þeirra og annarra lánveitinga sem hér er um fjallað og einnig þess sem snýr að Landsvirkjun. Þetta eru heimildir til lántöku sem hér um ræðir en ég undirstrika bara að við getum á vettvangi efnahags- og skattanefndar og á vettvangi fjárlaganefndar farið betur og nánar yfir einstök atriði sem varða þessar heimildir og munum gera það á fundum okkar næstu daga.

[16:01]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Þetta mál ber að með nokkuð skömmum fyrirvara og maður skyldi þá halda um eðli slíks máls að það væri ekki stórmál í sjálfu sér en hér ræðum við mjög stórt mál. Hér er verið að tala um það að fela framkvæmdarvaldinu heimild til að taka lán, allt að 290 milljarða, m.a. til að leggja þeim fjármálafyrirtækjum sem stofnuð hafa verið á grundvelli laga nr. 125/2008, til eigið fé.

Mér finnst það undarlegt, frú forseti, í ljósi þess hversu umfangsmikið mál þetta er og skiptir í raun og veru miklu máli og varðar endurreisn íslensks efnahagslífs að sjálfur fjármálaráðherrann, sem ég tel að eigi að vera við þessa umræðu, skuli ekki leggja þetta frumvarp fram sem 1. flutningsmaður. Það skyldi þó ekki vera af því að það geti verið óþægilegt fyrir formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að stuðla að því að Landsvirkjun verði efld, m.a. til að geta haldið áfram að virkja — sem ég fagna mjög svo en er nú ekki alveg í anda þeirrar grænu atvinnuuppbyggingar sem margir samfylkingarmenn og vinstri grænir töluðu um í aðdraganda síðustu kosninga. Ég veit ekki hvort það er skýringin því hér er vissulega um mjög stórt mál að ræða. Ég vildi gjarnan að hæstv. fjármálaráðherra upplýsti okkur í þessari umræðu um stöðu mála, hver hin raunverulega staða er. Það hefur verið upplýst og við

höfum lesið um það í fjölmiðlum að búið er að fá lán frá einhverjum Norðurlandaþjóðanna. Hæstv. fjármálaráðherra hefur talað í Icesave-málinu fyrir því að 5,5% vextir séu nú bara glæsileg lausn og mjög hagstæðir. Ég mundi gjarnan vilja heyra frá hæstv. ráðherra hver vaxtaprósentan er á þeim lánum sem við höfum nú þegar sótt, m.a. til Norðurlandaþjóðanna, í ljósi þess að 5,5% Icesave-vextir eru svo glæsileg staða.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra — af því að ef þetta verður samþykkt er Alþingi Íslendinga að veita ráðherranum og ríkisstjórninni heimild til þess að setja hundruð milljarða inn í ríkisbankana — hvernig það gangi að meta eignasafn bankanna og hvort ekki sé alveg öruggt við þinglega meðferð þess máls að þingnefndir og þingmenn fái raunverulegt aðgengi að því þannig að við hv. þingmenn getum lagt mat á það hver raunveruleg eignasöfn þessara banka eru og hver raunveruleg fjárþörf er og kannski síðast en ekki síst, hvað sé skynsamlegt að leggja mikla fjármuni inn í bankana. Ég tel í ljósi þess að Alþingi hefur fjárveitingavaldið að þingmenn eigi að fá mjög greiðan aðgang að þessum upplýsingum áður en við skuldbindum íslenskan almenning til að setja hundruð milljarða inn í íslenska bankakerfið. Mikilvægt er að við tökum ígrundaðar ákvarðanir og eins og ég segi þá er Alþingi með þessari samþykkt að afsala sér heilmiklu af því valdi sem það var kjörið til að hafa með höndum, þ.e. fjárlagavaldinu.

Frú forseti. Við hljótum að velta því fyrir okkur í öllu þessu samhengi hvort hæstv. fjármálaráðherra hafi einhverja heildarmynd af stöðu þjóðarbúsins. Hvað skuldar íslenskur almenningur? Ég lagði fram fyrirspurn, sem vonandi verður dreift í dag, til hæstv. samgönguráðherra um stöðu sveitarfélaganna í landinu. Það er alveg ljóst að á síðasta ári voru sveitarfélögin íslensku rekin með hundruð milljarða kr. tapi og ljóst er að þetta ár verður íslenskum sveitarfélögum mjög erfitt og að skuldir íslenskra sveitarfélaga munu að öllu óbreyttu hækka um milljarðatugi á þessu ári, varlega áætlað. Hvað eru skuldir íslenskra sveitarfélaga? Skuldir íslenskra sveitarfélaga eru í raun og veru skuldir almennings, hvers einasta Íslendings og þegar við ræðum um heimildir til handa ráðherra til að skuldsetja ríkissjóð enn frekar ofan á þá fyrirrætlun stjórnarflokkanna að samþykkja Icesave-samkomulagið, sem mun hafa mjög slæm áhrif fyrir íslenska þjóð til áratuga litið og færa lífskjör Íslendinga aftur um marga áratugi verði það samþykkt að óbreyttu, þá er mikilvægt að við höfum einhverja heildarmynd. Ég spyr hæstv. ráðherra: Getur hann gefið okkur upplýsingar um það hver staða sveitarfélaganna er, hversu mikið lán þeirra hafa hækkað á síðustu mánuðum og í raun og veru hvað hver Íslendingur skuldar eins og staðan er í dag?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því, talandi um Icesave-málið sem á að ræða í þessari viku, hvort hæstv. ráðherra hafi virkilega ekki gert greiðslumat til handa íslenska ríkissjóðnum áður en hann samþykkti að skrifað yrði undir það samkomulag. Aðstoðarmaður hæstv. ráðherra upplýsti það á þingflokksfundi framsóknarmanna um daginn að nú væri verið að vinna að greiðsluáætlun á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Frú forseti, íslensk yfirvöld hafa nú þegar skrifað undir stærstu skuldbindingu í sögu þjóðarinnar án þess að hafa gert sér grein fyrir því hver greiðslugeta okkar er, því eins og aðstoðarmaður hæstv. ráðherra sagði á þingflokksfundi framsóknarmanna um daginn þá er nú verið að vinna að því hver greiðslugeta þjóðarinnar er. Mér finnst alveg með ólíkindum að ráðherra í ríkisstjórn Íslands skuli hafa getað liðið það að skrifað yrði undir Icesave-skuldbindingarnar — reyndar með fyrirvara um samþykki Alþingis — án þess að slíkt lægi fyrir, án þess að við vitum hvort við gætum staðið undir þeim skuldbindingum sem ræddar verða í vikunni og ég vona svo heitt og innilega að verði ekki samþykktar. Mér líður í raun og veru illa, frú forseti, sem þingmanni yfir þessum skorti á upplýsingum. Við spyrjum spurninga á nefndarfundum, við spyrjum spurninga í þingsal og því miður er mjög lítið um svör í þeim efnum.

Ég verð að segja eitt, frú forseti, hafandi starfað hér í 6 ár, að mál af þessu umfangi skuli komast fyrir á einni A4-blaðsíðu. Greinargerðin er nokkur orð og kannski lýsir þetta því, í ljósi þess að ég tel nú alveg fullvíst að — þó að hv. þingmenn í meiri hluta efnahags- og skattanefndar, hv. þm. Helgi Hjörvar, Magnús Orri Schram, Álfheiður Ingadóttir og Ásmundur Einar Daðason hafi lagt þetta fram — sé undirrótin að þessu frumvarpi sem við ræðum hér komin úr fjármálaráðuneytinu og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það sé ekki raunin að þetta eigi sér upphaf í ráðuneyti hans. Þá er eðlilegt að spurt sé, ef þetta á sér upptök úr fjármálaráðuneytinu, hvers vegna hæstv. fjármálaráðherra er ekki flutningsmaður að málinu. Það er alveg með ólíkindum að sá aðili sem á að halda utan um ríkissjóð og rekstur hans á milli þess sem Alþingi ákveður fjárlög, skuli ekki vera flutningsmaður að þessu frumvarpi og mér finnst í raun og veru alveg með ólíkindum að þetta mál skuli komast fyrir á einu A4-blaði. Við þurfum, hv. þingmenn, að beita okkur fyrir því að efnisumfjöllun um þetta mál, þessi stóru mál sem við erum að afgreiða á Alþingi verði ítarleg og að við fáum þær nauðsynlegu upplýsingar sem við þurfum að hafa í höndunum til að samþykkja frumvörp sem þessi, sem við ræðum hér.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra líka að því hvort það verður þannig, eins og í öllu þessu Icesave-dæmi, að við þingmenn munum horfa á það í fréttum Stöðvar 2 eða Ríkisútvarpsins hvaða plögg liggja þar til grundvallar, að fjölmiðlar hér á landi fái fyrst að frétta og við alþingismenn fylgjumst með upplýsingagjöf ríkisstjórnarinnar í gegnum fjölmiðla, eins og almenningur sem reyndar hefur kosið okkur til að verja sína hagsmuni. Við eigum að verja hagsmuni almennings og þess vegna eigum við rétt á því að fá allar þær upplýsingar sem við óskum eftir í þessu máli og öðrum. Ég hefði haldið að í greinargerð með máli sem þessu hefðu, í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur þegar fengið lán frá Norðurlöndunum, alla vega átt að koma fram upplýsingar um efnisákvæði þeirra samninga, að við vissum hver greiðslubyrðin verður af þeim, hvort einhver vaxtamunur verður á þeim greiðslum sem við þurfum að greiða, á þeim vöxtum sem þessi lán bera, og þeim vöxtum sem við getum fengið innan lands. Þannig að mér finnst vanta alla heildarmynd á þetta, frú forseti. Ég tel að þetta þurfi að fá mjög mikla umfjöllun og tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa talað fyrir því að hv. fjárlaganefnd á að

sjálfsögðu að fara mjög gaumgæfilega yfir þessi mál. Ég sé að hv. formaður nefndarinnar er í salnum og ég mun fara fram á það þegar þetta mál kemur til hv. efnahags- og skattanefndar að málinu verði vísað til umfjöllunar í fjárlaganefnd og við munum fá umsagnir frá þeirri nefnd áður en við afgreiðum þetta frumvarp sem við ræðum hér.

Frú forseti. Ég vil segja að mér finnst það með hreinum ólíkindum að sjálfur fagráðherrann — í ljósi þess að þetta er greinilega ættað úr hans eigin ráðuneyti — skuli ekki vera 1. flutningsmaður að þessu máli. Þó að það hafi ágætt yfirbragð yfir sér að hv. þingmenn flytji þetta mál þá er ég þess fullviss að þær tölur sem við ræðum hér eru eingöngu komnar úr ráðuneyti hæstv. fjármálaráðherra og þess vegna er mjög óeðlilegt að hæstv. ráðherra skuli ekki mæla fyrir þessu frumvarpi en ég er ánægður með það að hann skuli alla vega vera viðstaddur umræðuna. En ég ítreka og sé að hæstv. ráðherra hefur vonandi skrifað niður eitthvað af þeim spurningum sem ég lagði fram en ég hefði kannski ekki þurft að leggja þær spurningar fram ef greinargerðin með þessu frumvarpi hefði verið ítarlegri því hún er smánarlega stutt og miðað við umfang málsins sýnist mér að undirbúningurinn hafi ekki verið nægjanlegur að mínu viti og þess vegna hvet ég til þess að Alþingi fái aðgang að öllum upplýsingum sem snerta þessi mál og önnur tengd skuldum þjóðarbúsins því mér finnst vanta og skorta á það hjá stjórnvöldum og líka hjá okkur alþingismönnum að við höfum einhverja heildaryfirsýn yfir það hvað íslensk þjóð skuldar og að hvaða leyti við getum sem alþingismenn skuldbundið íslenskan almenning til áratuga. Okkur vantar svör við þeim mikilvægu spurningum.

[16:13]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ekki svo að hér sé efnislega eitthvað nýtt á ferðinni heldur er hér eingöngu verið að stemma af lántökuheimildir ríkissjóðs eins og nú liggur fyrir að þær geti mestar orðið á árinu, til að tryggja að örugglega séu fullnægjandi heimildir til staðar til að hefja þau lán sem legið hafa fyrir frá því í vetur og gengið er út frá með bæði samstarfsáætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og reyndar að mestu leyti í forsendum fjárlaga og greinargerð með fjárlagafrumvarpi og nefndarálitum í haust að yrðu tekin á þessu ári. Annars vegar eru þau gjaldeyrislán sem legið hafði fyrir síðan í nóvember að yrðu tekin eða stefnt væri að að taka og nú liggja upphæðir þeirra fyrir og hafa verið staðfestar af lánveitendum okkar, kannski með einni undantekningu, þ.e. lánin eru tilbúin frá Norðurlöndunum fjórum og Pólverjar hafa staðfest sína upphæð en enn er kannski óljósara um það hver endanleg upphæð láns frá Rússlandi kann að verða.

Þegar kemur að bönkunum er nákvæmlega um þá tölu að ræða sem gengið hefur verið út frá allan tímann, þ.e. allt að 385 milljarðar kr. sem farið geta í endurfjármögnun bankakerfisins en þó liggur fyrir að nokkrar líkur og jafnvel umtalsverðar líkur eru á að þetta verði nokkuð lægri upphæð. Ég tek það fram að hér er um mögulegar heildarlántökur ríkisins að ræða þannig að fullnægjandi lagaheimildir séu örugglega til staðar og ég tel að það sé gott að þær komi fram nú. Það hefði ekki endilega þurft á því að halda fyrr en í haust því það er ólíklegt að ríkið hefji öll þessi lán fyrr en síðar á þessu ári, í lok þess eða jafnvel ekki fyrr en á næsta ári. En það er að sjálfsögðu rétt og skylt að hafa fullnægjandi heimildir til staðar og ég geri ráð fyrir að löggjafinn vilji það.

Ég er þakklátur hv. þingnefnd fyrir að taka að sér að flytja þetta frumvarp. Það á sér þá forsögu að það var kannað hvort þessar heimildir mætti fella inn í bandorm, frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það var talið fara betur á því að hafa þetta í sjálfstæðu máli og þingnefndin bauðst til að flytja það, sem er alvenjulegt að þingnefndir í samstarfi við viðkomandi fagráðuneyti taki að sér að flytja mál t.d. við aðstæður sem þessar þegar skammt lifir eftir þings.

[16:15]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vonast eftir því að hæstv. fjármálaráðherra kveðji sér hljóðs í þessari umræðu á eftir því að ég lagði fjölmargar spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem hann svaraði ekki, kannski í ljósi þess að hann hefur einungis tvær mínútur til andsvara en ég vænti þess að hæstv. ráðherra setji sig á mælendaskrá til að við getum fengið einhver svör við þeirri stöðu sem blasir við þjóðfélaginu í dag.

Ég spurði hæstv. ráðherra m.a. að því hvort ekki hefði verið gerð greiðsluáætlun áður en fulltrúar hans skrifuðu undir Icesave-samkomulagið því að aðstoðarmaður hæstv. ráðherra tjáði okkur þingmönnum það að núna væri verið að vinna að einhverri greiðsluáætlun.

Ég spurði líka hæstv. ráðherra um það hvort hann hefði yfirsýn yfir það hverjar væru heildarskuldir almennings hér á landi og þá með tilliti til sveitarfélaganna líka. Er það virkilega svo að ráðherra fjármála hafi ekki enn yfirsýn yfir það hvað íslenskt þjóðarbú skuldar? Ef hann hefur það ekki, frú forseti, hvernig getur þá hæstv. ráðherra stuðlað að því að skrifað verði undir himinháar skuldbindingar þar sem vaxtakostnaður íslensks almennings eftir sjö ár verður tugir milljarða kr. á ári, sem hægt væri að reka allt háskólasamfélagið fyrir á þriðja ár, alla háskólana, bara vextirnir á fyrsta ári? Þetta eru svo yfirgengilegar fjárhæðir. Þess vegna köllum við eftir því að hæstv. ráðherra leggi fram greinarbetri upplýsingar um raunverulega stöðu mála í þessu samhengi. Við erum að tala um framtíð íslensks samfélags og hvað við erum að skuldbinda íslenska þjóð til framtíðar litið. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra og það var ein af þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann rétt áðan: Verður það ekki örugglega svo áður en við leggjum hundruð milljarða til að stofna nýju bankana að alþingismenn fái aðgang að því að meta raunverulegt eignasafn bankanna þannig að við getum (Forseti hringir.) tekið upplýsta ákvörðun um það hvernig við meðhöndlum skattpeninga almennings?

[16:18]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hvarflar að mér að hv. þingmaður nálgist hlutina þannig að skuldir verði þá fyrst til þegar

menn fara að borga þær. Má ég þá biðja frekar hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur af hreinskilni sagt að skaðinn sé skeður, vandinn sé til staðar, áfallið sé orðið. Skuldirnar verða ekki til þegar við horfumst í augu við þær og tökum til við að reyna að greiða úr málum.

Varðandi Icesave liggur það að sjálfsögðu vel fyrir og hefur verið skoðað hvernig greiðslustaða og skuldaþol ríkisins einkum næstu árin er og það var í því ljósi sem kapp var lagt á það að fá sem lengst afborgunarleysi á lánum vegna þess að gríðarlega þungar afborganir falla á ríkið, bæði á þessu ári, árinu 2009, og aftur óheyrilegar fjárhæðir á árinu 2011. Og síðan, hvenær skyldi það nú vera sem þau lán sum voru (Gripið fram í.) tekin sem falla á gjalddaga 2011 og verður eins og málin horfa núna erfiðasta árið?

Við ræðum hér á morgun, ef ég veit rétt, skýrsluna um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Henni fylgja ýmis talnaleg gögn sem ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður hafi kynnt sér. Hér er t.d. besta fáanlegt yfirlit um eignir og skuldir ríkissjóðs eins og þær eru metnar akkúrat núna í júnímánuði. Ég bendi hv. þingmanni á gögn á heimasíðu Seðlabankans. Ég bendi hv. þingmanni á þjóðhagsspána frá því í vor. Þetta eru nýjustu tölur sem við höfum og nýjustu gögn sem eru til í þessum efnum og fleiri munu bætast við á næstunni. Icesave-frumvarpið kemur til umræðu á þingi í þessari viku og því munu fylgja ítarleg gögn m.a. um það sem hv. þingmaður spyr um. Ef hann hefur biðlund í tvo daga held ég að hann fái spurningum sínum, mörgum hverjum, svarað þar, þar á meðal hvernig þetta lítur út þegar heildarskuldir ríkissjóðs eru allar settar í samhengi og greiðslubyrðin af þeim, afborganir og vextir eru færð inn í töflur og línurit og Icesave-hlutinn þar með talinn.

[16:20]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mörgum spurningum er ósvarað. Hæstv. fjármálaráðherra verður að gera sér grein fyrir því að það er mjög eðlilegt að við vörpum fram spurningum í þessari umræðu. Varðandi það að bíða í tvo daga eftir einhverjum upplýsingum og hæstv. ráðherra virðist saka þann sem hér stendur um að vera dálítið bráðlátur í þeim efnum, þá vil ég upplýsa hæstv. ráðherra um að það er kallað eftir upplýsingum sem þessum sem við erum að spyrja um daglega úti í samfélaginu. Hvernig stendur á því að greiðsluáætlunin sem ég bað um í efnahags- og skattanefnd fyrir mörgum vikum hefur ekki litið dagsins ljós? Hvernig stendur á því? Jú, væntanlega vegna þess að hún er ekki tilbúin. Eða verður þetta þannig að hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra munu halda enn einn blaðamannafundinn þannig að við þingmenn getum horft á þetta í beinni útsendingu í sjónvarpinu þar sem falleg svipmynd þessara tveggja ráðherra er dregin upp? Þau mæta vel förðuð til leiks og kynna sín mál í stað þess að koma fyrst fyrir þingið og veita okkur upplýsingar, jafnvel fyrir nefndir þingsins þannig að þingmenn geti komið undirbúnir til umræðunnar í fjölmiðlum með allar upplýsingar í höndunum. Því miður höfum við ekki greiðari aðgang að upplýsingum og almenningur í landinu en þó erum við kjörin til að standa vörð um hagsmuni almennings á vettvangi Alþingis.

Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann hefði upplýsingar um skuldastöðu sveitarfélaganna vegna þess að honum er tíðrætt um stöðu ríkissjóðs en það er einfaldlega þannig að skuldir sveitarfélaganna eru líka skuldir almennings. Þegar við köllum eftir einhverju heildaryfirliti dag eftir dag eftir dag og erum síðan í hinu orðinu sökuð um að vera svolítið óþolinmóð þá er það ekki að undra vegna þess að þær upplýsingar sem við fáum ekki eru allt of margar, allt of mörgum spurningum er ósvarað og þess vegna er eðlilegt að hæstv. ráðherra setji sig (Forseti hringir.) á mælendaskrá í þessari umræðu og svari þeim fyrirspurnum sem ég lagði fyrir hann áðan.

[16:22]

Valgeir Skagfjörð (Bhr):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem farið hefur fram í dag. Það er mín tilfinning að menn tipli pínulítið á tánum í kringum þá spurningu sem ég veit að almenningur veltir fyrir sér og hún er einfaldlega þessi: Hversu langt er íslenska þjóðin frá gjaldþroti? Þeirri spurningu var varpað fram á fundi í efnahags- og skattanefnd en þá var spurt að því hversu miklar líkur væru á því að Ísland yrði gjaldþrota, einföld spurning í sjálfu sér. Það fékkst auðvitað ekki viðhlítandi svar við þeirri spurningu en menn veltu fyrir sér hvort hægt væri að teikna upp einhvers konar leikmynd sem segði fyrir um í versta falli, í besta falli og síðan eitthvað þar á milli.

Ég er með tölur fyrir framan mig sem mér þykja uggvænlegar. Ég er ekki vanur að hugsa í slíkum upphæðum eins og ég hef fyrir framan mig núna og alla jafna grúska ég ekki mikið í tölum nema einu sinni á ári þegar ég fer yfir skattframtalið mitt og geri skil gagnvart skattyfirvöldum. En ég bið menn um að velta fyrir sér í þeirri umræðu sem fer fram núna þessum gríðarlegu lántökum ríkissjóðs sem standa fyrir dyrum. Mögulegar skuldir og vaxtagreiðslur ríkissjóðs hljóma einhvern veginn þannig ef öll þau lán yrðu tekin sem stendur fyrir dyrum að taka, opinberir aðilar eru með 533 þúsund eða tæplega 600 þús. millj., lántaka sem tengist Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er upp á 650 þús. millj., lántaka vegna Icesave er upp á aðra 650 þús. millj. Samtals gerir þetta 1.833 þús. millj. og vaxtagreiðslur af þessu er um 97,1 milljarður á ári. Þetta eru gríðarlega háar tölur. Svo kemur lántaka vegna halla á ríkissjóði upp á 160 þús. millj., lántaka vegna Seðlabanka Íslands upp á 270 milljarða, lántaka vegna nýju bankanna upp á 385 þús. millj. Þetta gera samtals — ég vona að haldi fólk enn fókus — 815 þús. millj. kr. Vextir af því, 5% vextir á ársgrundvelli gera 40,8 milljarða kr. Samtals mögulegar skuldir ríkissjóðs eru tæplega 3.000 milljarðar og vextir af því eru 132,5 milljarðar kr. Þetta er auðvitað bara stjarnfræðilegt. Ég skil ekki alveg svona upphæð, ég verð að viðurkenna vanmátt minn að þessu leyti. Skuldirnar gætu hreinlega orðið 176% af vergri landsframleiðslu sem fjármálaráðuneytið áætlar að verði 1.496 þús. milljarðar árið 2009. Gott fólk. Ég spyr: Stöndum við ekki frammi fyrir því að við erum einfaldlega gjaldþrota? Ég óska eftir svörum við þessari spurningu. Þetta brennur á fólki út um allt samfélagið, þetta brennur á mér. Og þetta sem maður heyrir allt í kringum sig í þessari umræðu, ég fæ þá tilfinningu að menn séu að tipla á tánum í kringum þessa staðreynd og þori bara ekki að

viðurkenna að Ísland er — ef það er ekki gjaldþrota að þá séu a.m.k. miklar líkur á því að Ísland verði gjaldþrota. Lönd hafa áður orðið gjaldþrota. Hér hefur verið rætt mikið um Argentínu, Nýfundnaland varð gjaldþrota 1950 og var innlimað í Kanada, við þekkjum kannski þá sögu. Ég vil bara fá að vita hvað gerist ef Ísland er gjaldþrota og sætir gjaldþrotameðferð eins og hvert annað fyrirtæki sem verður gjaldþrota eða eins og hvert annað heimili sem verður gjaldþrota og þau verða gjaldþrota hvert á fætur öðru á næstunni. Ég óska eftir útskýringum og svörum við þessu. Mér finnst alveg skelfilegt að horfa upp á þessar tölur og þessar gríðarlegu stjarnfræðilegu skuldir. Ég skil ekki hvernig við eigum að geta staðið í skilum með þetta, ég skil það bara ekki og ég óska því eftir útskýringum.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta eru háar tölur en það verður að hafa í huga þegar þær eru lagðar saman að þær eru eðlisólíkar. Það er að sjálfsögðu munur á skuldum hvar engar eignir standa á móti og menn borga og hafa ekki tekjur til að mæta og hlutum eins og þeim að byggja upp gjaldeyrisforða og eiga hann. Gjaldeyrisforðinn verður síðan ávaxtaður þannig að það er eingöngu einhver vaxtamunur sem ríkið ber í kostnað. Það sama má segja um endurfjármögnun bankanna. Þar kemur eign á móti í bönkunum, ríkið á þá bankana og ef vel gengur getur sú eign orðið jafnvel verðmætari með árunum og hægt er að losa hana ef svo ber undir.

Varðandi skuldastöðu ríkisins bendi ég á skýrsluna sem liggur fyrir þinginu, sem verður að ég best veit rædd á morgun, og töflu aftast í skýrslunni. Þar kemur fram að það er álitið að heildarskuldir ríkissjóðs verði um 125,5 eða 125,2 af hundraði af vergri landsframleiðslu á tveggja ára tímabili, þ.e. árinu í ár og næsta ári, en fari síðan aftur að lækka. Þetta er mjög há tala en engu að síður er það þó þannig að það eru allmörg OECD-ríki með meiri skuldir en þetta. Gangi það eftir að þessi tala geti farið lækkandi eins og áætlanir gera ráð fyrir mundi staða Íslands í lok þessa tímabils, 2013, verða alveg þokkaleg, einkum þegar horft er til hreinna skulda ríkissjóðs og við höfum eignirnar á móti. Þegar upp er staðið er það kannski hreina skuldastaðan og hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna sem mestu máli skiptir. Það er ástæða til að ætla að hún þurfi ekki að verða óásættanleg þó að hrein staða ríkissjóðs með tilliti til eigna fari á tímabili upp fyrir 20% sem er auðvitað mikið en þó alls ekki óviðráðanlegt. Stutta svarið við löngu spurningunni er: Nei, Ísland er ekki gjaldþrota, við ætlum ekki að láta (Forseti hringir.) það verða gjaldþrota. Það á að geta ráðið við skuldir sínar en það verður erfitt.

[16:29]

Valgeir Skagfjörð (Bhr) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir greinargóð svör. Ég gæti hæglega vísað í ummæli sem hæstv. fjármálaráðherra viðhafði sjálfur á borgarafundi í vetur þar sem hann var einmitt að vísa í alþekkt 12 spora kerfi þar sem fyrsta sporið væri að viðurkenna vandann. Ég velti þeirri spurningu fyrir mér hvort það sé ekki ástæða til þess að við viðurkennum að vandinn er kannski ívið meiri en er látið í veðri vaka, 5 milljónir á dag í vexti, ef maður reiknar þetta á þessum grundvelli. (Gripið fram í.) Já, til dæmis. Ég tek undir með hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að það væri gott að geta fengið að sjá greiðsluáætlun í smáatriðum um það hvernig á að framkvæma þetta.

[16:30]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vona að ég verði aldrei sakaður um það að hafa gert lítið úr vandanum sem við stöndum frammi fyrir. Ég hef haft miklar áhyggjur af þróun íslensks þjóðarbúskapar sl. 5–7 ár, hef skrifað talsvert um þau mál og á í fórum mínum ýmislegt frá fyrri árum þar sem ég var farinn að hafa af því umtalsverðar áhyggjur hvernig heildarskuldastaða þjóðarbúsins var að þróast. Menn hugguðu sig þá við að benda alltaf á ríkissjóð, sem vissulega var rétt að á þessum árum var hann að borga upp skuldir, en aðalvandinn var sá að þjóðarbúið í heild sinni var rekið með bullandi halla út á við og aðrar máttarstoðir samfélagsins á þessum tíma, heimilin, atvinnulífið og sveitarfélögin söfnuðu skuldum. Staðan var því aldrei eins góð og menn voru að reyna að telja sér trú um á hinu svokallaða góðæristímabili og það gerir auðvitað okkar vanda meiri. Jafnvel hinn skuldlausi ríkissjóður eða þar um bil lendir í þeirri stöðu á örfáum mánuðum að fá á sig skuldir sem nema meiru en heilsársframleiðslu, sem er auðvitað rosalegt. Það er engu að síður að okkar mati alls ekki óviðráðanlegt. Við getum tekið sem dæmi Japana, sem eru með á þriðja hundrað prósent í sambærilegum hlutföllum, og lönd eins og Ítalíu og Grikkland sem eru með miklar byrðar af þessu tagi. Það sem mestu mun auðvitað skipta er hvernig okkur gengur að auka verðmætasköpun og tryggja að þjóðarbúið og hagkerfið hafi tekjustreymi og verðmæti til að ráða við þessar skuldir. Það mun taka langan tíma að borga þær niður og þá þarf að stýra þeim málum vel. Það kemur inn á það sem hér er spurt um um greiðsluáætlun eða skuldastýringu. Það verður í einhverjum mæli að endurfjármagna eitthvað af þessum lánum því við ráðum ekki við að greiða þau öll upp hratt og á gjalddögum. Þetta verður krefjandi verkefni á komandi árum en ég trúi því að það muni takast. Ég segi bara við hv. þingmann, ég stæði ekki hérna ef ég tryði því ekki að Ísland komist í gegnum þetta.

[16:32]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er kannski ekki beint andsvar heldur meira meðsvar. Það er ágætt að þau komi líka fram í umræðunni.

Það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður benti á áðan að við eigum að koma fram og viðurkenna vandann, viðurkenna að hann er gríðarlegur, viðurkenna að við getum ekki tekið á okkur meiri skuldbindingar en við höfum nú þegar gert en það er allt í lagi að rifja það upp að það er ekki svo langt síðan að ráðherrar Samfylkingarinnar komu fram og sögðu að það væri kannski allt í stakasta lagi og báðu menn að fara rólega og varlega í umræðunni.

Hæstv. fjármálaráðherra kom hér fram og talaði um mikilvægi þess að gjaldeyrisforðinn væri ávaxtaður og mikilvægi þess að hafa sterkan gjaldeyrisvaraforða. Það er hárrétt. En í Icesave-samningunum höfum við einfaldlega veðsett allar eigur íslenska ríkisins, þar á meðal gjaldeyrisvaraforðann og það er einmitt sú eign sem yrði fyrst gengið að. Ég sé að hv. þm. formaður fjárlaganefndarinnar andvarpar. Þetta stendur skýrum stöfum í samningunum, skýrum stöfum og það þarf ekkert að velta vöngum yfir því.

Hv. þm. Valgeir Skagfjörð, spurði líka: Erum við ekki bara gjaldþrota og í hvaða stöðu verðum við þá? Það er einmitt málið. Ef við tökum að okkur meiri skuldbindingar, ef við tökum á okkur skuldbindingar sem við getum ekki staðið við, þá fyrst verðum við eins og Norður-Kórea, eins og hefur verið nefnt í umræðunni. Þá verður staða almennings svipuð og staða almennings í Norður-Kóreu og staða almennings á Kúbu. Það er það sem málið snýst um. Og af því að hv. þingmaður var ekki alveg viss á tölunum þá vil ég bara taka það fram að heilbrigðiskerfið, eitt og sér, kostar okkur u.þ.b. 120 milljarða þannig að 1.000 milljarða skuldbinding er allt heilbrigðiskerfið okkar, rekstur þess í 8–9 ár. Þetta eru fjárhæðirnar sem við erum að ræða um.

[16:34]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst af öllu að benda á, af því að mér finnst það ekki hafa komið skýrt fram, hvað áætlaðar skuldir ríkisins eru í árslok 2009. Ég vil benda á skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum fyrir 2009–2013. Þar kemur skýrt fram að áætlaðar skuldir ríkisins 2009 eru 1.807 milljarðar. Þar er svokölluð „footnote“ á og þegar maður les þær skýringar þá stendur: Skuldbindingar vegna Icesave eru ekki taldar með skuldum ríkissjóðs í töflunni. Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Noregi eru því til Seðlabanka og því ekki talið með skuldum ríkissjóðs. Og þar að auki eru áfallnir ógreiddir vextir, þeir eru meðtaldir ógreiddir vextir ríkissjóðs, en hér erum við að tala um alveg himinháar skuldir, langtum hærri en hefur nokkurn tíma komið fram áður. Það hefur yfirleitt verið talað um 1.500 milljarða í þessu samhengi en hér er þetta bara svart á hvítu að staðan er langtum verri.

1.500 milljarðar eru 102% af vergri landsframleiðslu. Þá skulum við fara í reikningskúnstir, reikna það saman hvað Icesave-skuldirnar, Alþjóðagjaldeyrissjóðslánið og Norðurlandalánið eru við þessar skuldbindingar ríkissjóðs árið 2009 og finna út hvað það eru mörg prósent af vergri landsframleiðslu. Ætli við séum ekki komin upp í hátt í 300% þá, ef ekki vill betur. Þetta eru grafalvarlegar tölur sem eru að koma hér fram og svo kemur hæstv. fjármálaráðherra og segir: Þetta er svona lítið Japan og við hljótum að komast í gegnum þetta. Mér finnst þetta ekki boðlegt, frú forseti. Það er ekki boðlegt að bera málið upp með þessum hætti á Alþingi og ég er alveg undrandi á því að talað skuli vera fyrir þessu svona.

Það er verið að spyrja um uppruna þessa frumvarps, ég get upplýst þingheim og landsmenn um það. Ég leysti hv. þm. Birki Jón Jónsson af í efnahags- og skattanefnd í síðustu viku. Þá var búið að troða þessu sem er komið í frumvarpsdrög núna inn í bandorminn, á milli 2. og 3. umr., í 2. og 3. umr. inn í bandorminn átti að skuldsetja ríkissjóð bara fram hjá ef engum skyldi hafa dottið í hug að líta á þetta.

Merkilegasti hluturinn í þessu er að þá voru upphæðirnar sem átti að taka að láni 790 milljarðar og lántökuheimild til Landsvirkjunar var 70 milljarðar. Nú er búið að lækka þetta niður í að lántökuheimild fyrir Landsvirkjun er um 50 milljarðar og lántökuheimildir fyrir ríkissjóð um 290 milljarðar. Svo virðist vera að málin séu unnin með svo miklum hraða og svo hroðvirknislega uppi í fjármálaráðuneyti að heimildir samkvæmt 1. og 4. tölulið fjárlaga 2009 hafi gleymst í útreikningunum og það sett inn á eftir. Það var því eins gott að málið var stoppað í bandorminum þannig að heimildin hefði ekki farið 600 milljörðum fram úr áætlun.

Svo er ég líka búin að efast um það — ég er búin að fletta stjórnarskránni og það eru svo hörð og ákveðin lagaákvæði í henni hvað varðar það að binda ríkissjóð og landið allt að ég vil benda þingmönnum á að lesa 40., 41. og 42. gr. en í 42. gr. segir, með leyfi forseta:

„Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.“

Hér er t.d. einmitt eitt ákvæði sem sótt er í stjórnarskrána verðandi skuldbindingar ríkisins. Hér er ekki verið að fara eftir því. (Gripið fram í.) Nei, hæstv. fjármálaráðherra biður í fyrsta lagi hv. efnahags- og skattanefnd að tala fyrir þessu máli, sem ég skil náttúrlega ekki, þar sem þetta frumvarp til laga kemur beint úr fjármálaráðuneytinu og aðstoðarmenn hæstv. fjármálaráðherra fylgdu því úr hlaði í efnahags- og skattanefnd. Þá eru lagaheimildirnar sóttar hingað í neðstu línu í þessu frumvarpi eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson benti á að er svo stutt að það er til skammar, það er eitt blað og þar stendur:

„Fordæmi eru fyrir því að viðbótarlánsfjárheimilda sé aflað með almennum lögum, sbr. lög nr. 60/2008.“

Og þau lög eru raunverulega bráðabirgðalögin sem voru gefin út í hruninu. Nú eru nokkurs konar bráðabirgðalög orðin fyrirmynd að almennri lagasetningu á Alþingi. Ég hef bent þingheimi á það og landsmönnum að hér er réttarríkið í hættu. Þessi ríkisstjórn veður yfir allar reglur og þær umgengnisvenjur sem þetta Alþingi hefur farið eftir síðan það var stofnað. Ég vara við þessu.

Svo hef ég óskað eftir því að hæstv. fjármálaráðherra væri í salnum meðan ég talaði því ég þarf að beina spurningu til hans. Heldur frú forseti að það sé hægt að láta kalla hann inn?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hæstv. fjármálaráðherra er í hliðarsal.)

Þakka þér fyrir, frú forseti, þá er það ákveðin spurning sem ég ber fram til hæstv. fjármálaráðherra. Aðstoðarmaður hans kom á fund hv. efnahags- og skattanefndar, kynnti fyrir okkur drög að frumvarpinu sem átti að koma inn í bandorminn en er nú orðið að sérfrumvarpi. Mig langar sérstaklega að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvernig hann túlkar það að norska lánið skal vera bankalán á milli seðlabankanna, norski seðlabankinn lánar íslenska seðlabankanum en varðandi hin Norðurlandalánin eru þau frá ríki til ríkis. Ég óska hér og nú eftir því að hæstv. fjármálaráðherra

geri grein fyrir muninum á þessu tvennu og svari því jafnframt í leiðinni hvort það geti verið að Seðlabanki Íslands sé svo illa staddur fjárhagslega og það séu svo margir kröfuhafar sem sæki á hann kröfur eða hvort gjaldeyrisvarasjóðurinn sé svo lítill og aumingjalegur að þjóðirnar í kringum okkur sem ætla að lána okkur fjármagn treysti ekki Seðlabanka Íslands.

[16:41]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér finnst óþarfi að vera með þessi ummæli í garð Seðlabankans. Hann hefur nóg á sinni könnu þó að ekki sé talað til hans með þessum hætti. Ég held að Seðlabankinn þurfi seint á þeirri hjálp að halda. Þetta á sér þær einföldu skýringar að það er lánveitandinn sem hefur úrslitaorð um það í hvaða formi lánið er veitt. Í tilviki Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur var það ósk viðkomandi ríkja að þetta væru lán beint frá ríki til ríkis. Seðlabankinn er í öllum tilvikum vörsluaðili lánsins og milligönguaðili en í tilviki Noregs var það ósk Norðmanna að það væri norski seðlabankinn sem lánaði seðlabankanum íslenska, norski seðlabankinn lánar með ábyrgð norska ríkisins og íslenski seðlabankinn tekur á móti láninu með ábyrgð íslenska ríkisins. Það er á þessu nánast enginn munur í sjálfu sér nema þetta er að ósk lánveitendanna hvernig þetta er gert.

Hvað varðar framkvæmd og stöðu er á þessu enginn munur, enginn. Enda eru ríkin og seðlabankarnir í raun eitt í þessum efnum.

[16:43]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér þykir leitt ef hæstv. fjármálaráðherra hefur haldið að ég væri að tala niður til Seðlabankans. Ég var ekki að því. Ég var að spyrja að því hvernig stæði á þessum reginmun á milli lánveitenda okkar á Norðurlöndum, hvers vegna eitt landið skæri sig úr og færi fram á það að seðlabanki lánaði til seðlabanka. Í þessu fólust ekki nokkur niðrandi ummæli til Seðlabanka Íslands, svo að það sé leiðrétt hér og nú. En þar sem ekki felst í þessu að mati hæstv. fjármálaráðherra nokkur munur, þá spyr ég hæstv. fjármálaráðherra á ný: Hver er munurinn nákvæmlega og út af hverju vilja hin Norðurlöndin, að Noregi undanskildum, lána íslenska ríkinu frá þeirra ríkjum en af hverju koma greiðslurnar ekki inn í Seðlabanka Íslands á kennitölu Seðlabanka Íslands? Snýr þetta eitthvað að gjaldeyrisvaraforðanum? Ég óska hreinlega eftir því að þetta mál verði útskýrt betur.

[16:44]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og ég kann þetta best og réttast þá er ástæðan nákvæmlega þessi: Þetta byggir á mismunandi hefðum eða óskum lánveitenda. Í tilviki Noregs var það þeirra ósk að þetta yrði gert svona. Þannig standa þeir almennt að málum en í hinum tilvikunum þremur óskuðu þeir eftir því að þetta yrðu lán frá ríki til ríkis. Lánin eru nákvæmlega eins, þau eru á nákvæmlega sömu kjörum og þetta kemur í raun og veru algerlega út á eitt eins og ég best skil það. Þetta er eingöngu spurning um fyrirkomulag eða form sem er valið á lánveitingunni eins og best sést á því að í tilviki Noregs er lán Seðlabankans til okkar með ábyrgð norska ríkisins og við sem lántakandi veitum Seðlabankanum ríkisábyrgð á móti láninu.

[16:45]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þarna kom jafnvel svarið í lokasetningunni hjá hæstv. fjármálaráðherra. Lánið frá norska ríkinu er á ábyrgð norska ríkisins en virðist þó ekki vera það annars staðar á Norðurlöndunum. Hæstv. fjármálaráðherra talaði um að öll Norðurlandalánin væru á sömu kjörum og þá væri alveg gráupplagt úr því að þessi umræða fer fram og þessi lántaka er til umræðu að hæstv. fjármálaráðherra upplýsti á hvaða lánakjörum norrænu lánin koma til okkar, sérstaklega í ljósi þess að í máli hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar hefur komið fram að þetta er víst hætt að vera tengt Icesave þótt hæstv. viðskiptaráðherra hafi viljað tengja þetta saman áðan. Ég skora á hann að upplýsa okkur. Okkur þingmenn er farið að vanta svolítið upp á heildstæða mynd af þessu þannig að það væri líka mjög æskilegt ef hæstv. ráðherrar í þessari vinstri grænu ríkisstjórn færu aðeins að samhæfa sig og tala í takt.

[16:46]

Útbýting:

Hlutafélög og einkahlutafélög, 14. mál, nál. viðskn., þskj. 193.

[16:46]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Það er ekki hægt annað en að taka undir með hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur, þetta er ekki boðlegt. Hér er hent inn í þingið, eins og ekkert sé sjálfsagðara, beiðni um að þingið staðfesti 290 milljarða kr. lánveitingaheimild til viðbótar við allt hitt og það er ekki haft fyrir að útskýra hvers vegna. Hvers vegna þarf allt í einu nærri því 300 milljarða í viðbót við það sem áður var áætlað? Hvernig stendur á því að í þessari áætlun um upphæðir er enn þá gert ráð fyrir því að 385 milljarðar fari inn í bankana þrátt fyrir að hæstv. viðskipta- og fjármálaráðherrar séu margbúnir að ítreka að það muni ekki þurfa þessa upphæð inn í bankana? Hefur það þá eitthvað breyst? Erum við aftur farin að horfa á a.m.k. 385 milljarða og jafnvel meira? Hér eru aftur komnar þessar gömlu tölur sem búið var að tala um að mundu lækka frekar en hitt og svo er bætt við nærri því 300 milljörðum — og ekki er haft fyrir því að útskýra fyrir þinginu hvers vegna.

Það blasir við öllum sem vilja sjá það að hér er verið að skuldbinda ríkið umfram getu þess til að greiða til baka. Þá segir hæstv. fjármálaráðherra bara: Ja, það verður krefjandi verkefni að endurfjármagna lánin á næstu árum. Ráðherrann gerir sér sem sagt grein fyrir því að það muni þurfa að endurfjármagna lán. En í hvaða aðstöðu erum við til þess?

Því hefur verið haldið fram að 5,6% vextir á Icesave-láninu séu góðir vextir, það væri ekki hægt að fá þá vexti annars staðar. Hvernig ætlar þá hæstv. ráðherra að fara að því

að fá jafngóða eða betri vexti annars staðar þegar kemur að endurfjármögnun? Við skulum hafa í huga að ef hann ætlar að greiða hærri vexti en 5,6%, segjum 7% því að það hefur komið fram að það sé ekki hægt að fá betri vexti, þýðir það að vextir á Icesave-láninu hækka líka. Það er eitt af fjölmörgum stórfurðulegum og stórhættulegum ákvæðum í þessum Icesave-samningum að ef við gerum annan lánasamning á hærri vöxtum hækka vextirnir á Icesave-samningunum, ein af fjölmörgum gildrum sem þar er að finna. Það sjá allir sem bara reikna að Ísland getur ekki staðið undir þeim skuldum sem nú er verið að setja á ríkið og þá er ekki einu sinni haft fyrir því að útskýra hvers vegna við eigum að taka á okkur þessar skuldir.

Líklega er tilfellið bara það að ríkisstjórnin gerir sér enga grein fyrir því út í hvað hún er komin. Hæstv. forsætisráðherra upplýsti í þinginu að hún hafði ekki hugmynd um það að 300 milljarðar í vexti af Icesave-láninu mundu óumflýjanlega falla á ríkið. Hún vissi ekkert af því, sagði bara: Ja, það verður að koma í ljós. Þeir breyttu í engu afstöðu hennar til Icesave-lánsins, þessir 300 milljarðar til eða frá. Hvað er það? Ríkisstjórnin gerir sér enga grein fyrir þeim upphæðum sem hér er um að ræða, reiknar dæmið ekki til enda, heldur bara blekkingunni áfram þrátt fyrir að það verði smátt og smátt erfiðara og erfiðara þangað til á endanum að ríkið er komið í þrot og búið að missa alla möguleika á að vinna sig út úr stöðunni. Möguleikarnir eru þrátt fyrir allt ágætir enn sem komið er, svo framarlega sem ekki verða gerð þau mistök sem nú stefnir í.

Meira að segja hæstv. viðskiptaráðherra kom upp áðan og hélt fram þeirri reginfirru að 5 milljarðar í útflutningstekjur væru til ráðstöfunar til að greiða Icesave-skuldirnar. Það er bara ekki rétt. Það er hreinlega ekki rétt. Það getur ekki verið að hæstv. ráðherra, prófessorinn, geri sér ekki grein fyrir því að megninu af þessari upphæð, útflutningstekjum Íslendinga, verður þegar ráðstafað í vaxtagreiðslur og til að standa straum af nauðsynlegum innflutningi sem gerir okkur kleift að skapa útflutningstekjurnar. Veit hæstv. ráðherra ekki að það þarf að kaupa hráefni til álframleiðslu? Veit hæstv. ráðherra ekki að það þarf að kaupa olíu á fiskiskipin? Veit hæstv. ráðherra ekki að það þarf að kaupa eldsneyti á flugvélarnar til að flytja ferðamennina til landsins og umfram allt þarf að borga vexti af þeim lánum sem útflutningsgreinarnar, sveitarfélögin og ríkið hafa tekið í erlendri mynt? Þessir 5 milljarðar, útflutningstekjur, eru ekki til staðar. Það er ekki til gjaldeyrir til að standa undir Icesave-skuldunum og fullyrðingar ráðherra um annað eru hrein og klár blekking.

Svo hefur komið fram í fjölmiðlum nýverið, í *Morgunblaðinu* um helgina, að strax við upphaf bankahrunsins hafi legið fyrir í Seðlabankanum ítarleg áætlun um það hvernig mætti skipta upp bönkunum þannig að sem allra minnst áhætta lenti á ríkinu og til að tryggja það umfram allt að áhættufjárfestingar útlendinga á Íslandi lentu ekki á endanum á íslenskum skattgreiðendum. Það var ekki farið eftir þessari ráðgjöf. Og hver er ástæðan? Af fréttaflutningi að dæma virðist hún fyrst og fremst vera sú að Samfylkingin í ríkisstjórn vildi ekki þiggja nein ráð sem tengdust Seðlabankanum vegna persónulegrar óvildar í garð manns sem þar starfaði. Það var ekki einu sinni litið við ráðgjöf sem Seðlabankinn hafði milligöngu um, allt út af einni persónu. Samfylkingin gat ekki hafið sig yfir það og andúð hennar í garð þáverandi seðlabankastjóra stöðvaði það að ráðgjöf frá bandarískra fjárfestingarbankanum J.P. Morgan um hvernig endurreisa mætti íslenska bankakerfið og lágmarka áhættuna fyrir Ísland væri beitt. Í staðinn var farið af stað í þá vegferð sem enn sér ekki fyrir endann á og er orðin að eintómu fíaskói sem ekki er með nokkru móti hægt að útskýra hvernig eigi að klára, um skiptingu bankanna í gömlu bankana og þá nýju. Að því er virðist gerir það ekki annað en að auka enn áhættuna sem hvílir á íslenska ríkinu, auka hana langt umfram það sem ásættanlegt er við núverandi aðstæður. Enn og aftur leiða ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til þess að áhættan sem ætti að lenda utan landsteinanna er flutt yfir á íslenska ríkið og íslenska skattgreiðendur. Aldrei eru færð rök fyrir því hvers vegna þetta er gert svona. Svo bætist þetta við, þessir tæpu 300 milljarðar sem er ekki einu sinni haft fyrir því að útskýra hvers vegna við eigum að fallast á nema, jú, það er getið örlítið um að það gæti þurft að endurfjármagna hjá Landsvirkjun. Þá gerir hæstv. ríkisstjórn greinilega ekki ráð fyrir því að Landsvirkjun geti sjálf endurfjármagnað sig. Þetta sýnir ekki mikið traust til Landsvirkjunar og lánshæfismats hennar en ríkisstjórnin telur sem sagt að það verði nauðsynlegt fyrir ríkið að hlaupa undir bagga með Landsvirkjun svoleiðis að hún geti — hvað? Geti haldið áfram virkjanaframkvæmdum. Þá verða líklega öll þau mál sem Vinstri grænir börðust fyrir í kosningabaráttunni fallin.

Aldraðir og öryrkjar, átti ekki að slá skjaldborg um þá og gæta hagsmuna þeirra sérstaklega, verja þá í þeim aðgerðum sem ráðist yrði í? Þeir voru fyrstir, fyrst fórnað af öllum. Evrópusambandið, Vinstri grænir eru leiðandi í því, í rauninni má segja að hæstv. fjármálaráðherra dragi Samfylkinguna á eftir sér í átt að aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Icesave-málið, það þarf ekki að fjölyrða um það. Til eru heilu bunkarnir af greinum og ræðum sem hæstv. fjármálaráðherra flutti um að það væri með öllu óásættanlegt að fallast á Icesave-skuldbindingarnar. Núna reiðist hann ógurlega þegar gefið er í skyn að hægt sé að gera eitthvað annað en að fallast á hvað svo sem Evrópusambandið krefst í þeim efnum.

Svo eru það virkjanirnar. Er þetta þá ekki allt komið? Vantar kannski hugsanlega upp á að fjármálaráðherra leggi til að stofnaðar verði Varnarsveitir ríkisins, lítill íslenskur her? Þá eru Vinstri grænir búnir að fullkomna tilveruréttinn.

Við fáum ekkert að vita. Það er allt gefið eftir gagnvart útlöndum og allt gefið eftir gagnvart kjósendum og þingið fær ekkert að vita. Við fáum ekki að vita hvernig á að nota hátt í 1.000 milljarða króna nema mjög óljóst. Svo bætist við að hæstv. fjármálaráðherra kynnir til sögunnar nýjar hagfræðikenningar sínar og þar ber hæst að skuldir verði ekki til þegar lán eru tekin. Þetta virðist vera enn ein tilraunin til að fjarlægja sjálfan sig frá þeim hlutum sem hann er að framkvæma. Nú gengur hæstv. ráðherra meira að segja svo langt að halda því fram að skuldir verði ekki til þegar þær eru teknar. Hæstv. ráðherra er að taka lánin og auðvitað er það óþægilegt fyrir hann. Þá brýtur hann bara öll náttúrulögmál og heldur því fram að skuldirnar verði

ekki til þegar til þeirra er stofnað, þær hafi orðið til þegar ástæðan fyrir því að lánin eru tekin varð til.

Gott og vel. Fáum við þá ekki að vita hver þessi ástæða er, hvers vegna hæstv. ráðherra tekur þessi lán sem auka ekki skuldir ríkisins að hans mati? Hvers vegna getum við þá ekki fengið að vita hvers vegna verið er að taka lánin? Svo gengur hæstv. ráðherra enn þá lengra og er raunar farinn að færa sig meira og meira í smiðju bankanna. Hugsanlega hefur hæstv. ráðherra legið of mikið yfir bankakerfinu og því sem það gerði síðustu árin því að aftur og aftur koma upp dæmi um að ráðherrann er farinn að leita í smiðju bankanna um aðferðir til að reyna að grafa sig út úr holu. Það nýjasta er að fela skuldir ríkisins með því að hafa þær ekki allar á reikningi ríkisins, heldur dálítið hjá Seðlabankanum og dálítið hjá innstæðutryggingarsjóði og hér og þar, rétt eins og sumir útrásarvíkingar nánast fela skuldir sínar í hliðarfélögum hér og þar. Þetta hefur hæstv. ráðherra þó lært af því að leggjast yfir efnahagshrunið en ég hefði frekar kosið að hann liti á þetta sem eitthvað til að varast en til að fylgja eftir. Auðvitað er stærsta eftiröpunin Icesave-málið sjálft því að með því er ekki verið að gera neitt annað en það sem Landsbankinn gerði þegar hann stofnaði til Icesave-skuldanna. Þá hugsuðu menn þar á bæ sem svo: Efnahagsástandið hlýtur að lagast, þar af leiðandi hækka eignir bankans í verði og við munum í framtíðinni geta staðið straum af öllum þessum innlánum. Þeir tóku þannig alveg gífurlega áhættu og óforsvaranlega áhættu fyrir hönd þeirra sem fengnir voru til að leggja peninga inn í bankann.

Núna ætlar hæstv. fjármálaráðherra að gera nákvæmlega það sama með peninga íslenskra skattgreiðenda. Nú er allt Ísland undir og það á að taka þetta risastóra kúlulán, sem Icesave-lánið er, í þeirri von að eignir bankans komi til með að hækka í verði og að við munum geta staðið undir þessu öllu saman þrátt fyrir að einföldustu útreikningar sýni fram á allt annað. Það er ekki með nokkru móti hægt að standa undir þessum Icesave-skuldbindingum og ríkisstjórnin hefur ekki sýnt einar einustu tölur, ekki birt neitt á pappír um það hvernig á að vera hægt að standa undir þessu. Nú sitja menn reyndar með sveittan skallann og reyna að reikna hvernig í ósköpunum sé hægt að sýna fram á þetta, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði á þingflokksfundi Framsóknarflokksins, að núna væru menn farnir að reikna þegar þeir væru búnir að skrifa undir samninginn og væntanlega ætla þeir að reyna með einhverjum bókhaldsbrellum að sýna fram á það hvernig Íslendingar eigi að geta staðið undir þessum skuldbindingum. Þá er kannski hægt að líta á hvernig bankarnir gerðu þetta. Nei, ég er dálítið hræddur um að menn muni sjá í gegnum það rétt eins og þeir hafa séð í gegnum öll þau rök sem ríkisstjórnin setti fram í upphafi fyrir því að samþykkja ætti Icesave-skuldbindingarnar. Ekki eitt atriði hefur staðist.

Nú er þá ekkert eftir nema hræðsluáróður eins og sá sem hæstv. viðskiptaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra viðhafa um að Ísland verði að Kúbu norðursins ef við stöndum ekki við þessar skuldbindingar þrátt fyrir að raunin sé að sjálfsögðu þveröfug. Þau ríki einangrast sem skuldsetja sig um of í erlendri mynt og geta ekki staðið í skilum. Þau þurfa að viðhalda gjaldeyrishöftum. Þau eru með viðvarandi veika mynt og geta ekki keppt um fólk og fyrirtæki, missa hæstlaunaða fólkið úr landi og lenda að lokum í því að þurfa að hefta flæði fólks. Það getum við Íslendingar ekki gert svoleiðis að hættan er sú, sú hætta sem hér er verið að búa til, að Ísland skuldsetji sig um of, fólk flytji unnvörpum af landi brott og að eftir verði eftirlaunaþegar og fólk í láglaunastörfum að reyna að streða fyrir sífellt hækkandi erlendum skuldum.

Þetta er sú fátæktargildra sem svo mörg lönd hafa lent í víða um heim, oft og tíðum með hjálp Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem aldrei hefur haft rétt fyrir sér í áætlunum sínum um hagvöxt og hvernig ríki eiga að vinna sig út úr skuldum. Nú telur hæstv. ráðherra að allt í einu í tilviki Íslands muni Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hitta á að spá rétt fyrir um þróunina og við munum sleppa við þessa fátæktargildru sem svo mörg ríki hafa lent í þrátt fyrir að allar tölur bendi til þess að við stefnum hér í slíka fátæktargildru.

Það sorglega við það er að við þurfum þess ekki. Við erum í aðstöðu til þess, miklu betri aðstöðu en líklega nokkurt annað ríki í heiminum, að vinna okkur hratt út úr kreppunni vegna þess að það sem hér hrundi var að miklu leyti erlent lánsfé. Nú vinnur hins vegar þessi ríkisstjórn að því hörðum höndum að slá skjaldborg um erlenda kröfuhafa og færa sem mest af þessum kröfum yfir á íslenska ríkið og íslenska skattgreiðendur svoleiðis að í staðinn fyrir að vera í einna bestri stöðu verður Ísland í hvað verstri stöðu til að vinna sig út úr þessum ógurlegu efnahagslegu hamförum. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[17:01]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég heyrði ekki margar spurningar í máli hv. þingmanns og ætla ekki að elta ólar við útúrsnúning eða þvælu sem þar kom fram. Bara þingtíðindanna vegna, svo það sé á hreinu í orðaskiptum okkar hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, þá sagði ég ekki að skuldir yrðu ekki til þegar lán eru tekin. Ég sagði að skuldir yrðu ekki til þegar farið væri að takast á við að borga þær, þ.e. skaði sem er skeður, tjón sem er orðið verður ekki til þegar menn loksins horfast í augu við það og fara að takast á við að vinna úr því. Það er orðið til áður. Það er til bóta í umræðunum að menn horfist raunsætt í augu við það. Afleiðingar efnahagshrunsins á Íslandi koma ekki til sögunnar þegar við hefjum að takast á við að sigrast á erfiðleikunum. Þær eru orðnar staðreynd, (Gripið fram í.) þær eru áföll sem þjóðarbú okkar hefur orðið fyrir, skuldbindingar sem eru á okkur fallnar og þær hverfa ekki, hvernig sem menn reyna að tala þær út úr heiminum (Gripið fram í.) — tala þær út úr heiminum með einhverjum kúnstum.

Bara svo það sé alveg á hreinu, af því að hv. þingmaður hefur greinilega ekki heyrt það sem ég sagði í byrjun umræðunnar, að hér er ekki verið að fara fram á heimildir til neinnar nýrrar lántöku, engrar. Hér er bara verið að stemma af lántökuheimildir ríkissjóðs þannig að þær séu örugglega nægjanlegar innan ársins til að rúma þau lán og þær stærðir sem legið hafa fyrir meira og minna síðan í haust og í vetur að væru á ferðinni. Þetta eru nákvæmlega sömu tölur og lagt er upp með í samstarfsáætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (**VigH:** Já, við hann en ekki þingið.) sem legið hef-

ur fyrir síðan í haust að væri áætlað að gæti að hámarki farið í endurreisn bankakerfisins og það eina sem er nýtt hér eru aðeins rýmri lántökuheimildir handa Landsvirkjun til að hún geti eftir atvikum endurfjármagnað sig eða ráðist í framkvæmdir innan ársins.

[17:03]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur enn ekki gert grein fyrir því hvað á að gera við þessa peninga. Hæstv. ráðherra heldur því fram að þetta sé svona til vara ef ske kynni. Ég verð að biðja hæstv. ráðherra að afsaka það að ég treysti þessari ríkisstjórn ekki fyrir heimildum umfram það sem hún getur útskýrt hvað hún ætlar að gera við, því að þannig hefur þessi ríkisstjórn talað að hún virðist ekki hafa neinn skilning á upphæðunum sem um er að ræða. Þegar farið var í Icesave-viðræðurnar var lagt upp með það að ekki ættu að falla á okkur svo og svo háar upphæðir. Það hlyti að vera hægt að semja um það að samið yrði á þeim nótum að íslenska ríkinu og framtíðarefnahag þess væri ekki ógnað. Annað kom á daginn svo að hæstv. ráðherra hlýtur að skilja að ekki er hægt að ætlast til þess að þingið afhendi endalaust auðar ávísanir sem ríkisstjórnin getur svo farið með.

Ég hlýt að gera kröfu til þess að hæstv. fjármálaráðherra útskýri hvernig stendur á því að nú er enn talað um að setja 385 milljarða inn í bankana þrátt fyrir að ráðherrann og hæstv. viðskiptaráðherra hafi marglýst því yfir að þessa upphæð muni ekki þurfa. Hvers vegna er verið að bæta þessum 290 milljörðum við fyrri heimildir? Hvers vegna telur ríkisstjórnin sig þurfa þessar miklu heimildir?

[17:05]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég endurtek það enn einu sinni að hér er eingöngu verið að stemma af lántökuheimildirnar miðað við það sem þær geta mestar orðið og gengið hefur verið út frá í vetur að væru hluti af þeim efnahagsáætlunum sem unnið er samkvæmt. Þetta eru nákvæmlega þær tölur. Það er að sjálfsögðu mjög oft þannig að lántökuheimildir ríkissjóðs eru rúmar og síðan fellur það niður sem er ónýtt og ekki þarf á að halda. Þannig hefur það verið mörg undanfarin ár að það hafa t.d. verið inni á fjárlögum heimildir til að styrkja gjaldeyrisforðann sem ekki hafa verið nýttar að fullu. Það hafa ekki verið aðstæður til þess eða ekki þörf á því. Eins hefur þetta mjög oft verið með stærstu opinberu lántakendurna eða þá sem taka lán með ríkisábyrgðum, fjárfestingarsjóði og aðra slíka aðila.

Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að hv. þingnefndir fái öll þau gögn sem að gagni mega koma við að skoða þessi mál og þau liggja algerlega fyrir. Þau liggja fyrir í samstarfsáætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þau liggja fyrir í forsendum síðasta fjárlagafrumvarps, þ.e. gildandi fjárlaga. Varðandi bankana þá endurtek ég það bara að að sjálfsögðu verður ekki sett meira fé inn í bankakerfið en þarf til að tryggja fullnægjandi fjármögnun þess. Og vonir standa til þess að talsvert lægri fjárhæð en upphaflega var áætlað dugi í þeim efnum og því fagna væntanlega allir ef ekki þarf að nýta heimildina en það er talið rétt að hún standi þannig að ótvírætt sé að fullnægjandi lagaheimildir séu til staðar eins og venjan er í þessum efnum. Síðan verður þá það ónýtt sem ekki þarf á að halda.

[17:06]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er eðlilegt að við eðlilegar aðstæður hafi ríkið dálítið svigrúm til eða frá við lántöku. En hugsanlegar lántökur sem hlaupa á hundruðum milljarða við þær aðstæður sem við erum í nú, er það ekki eðlileg krafa. Við viljum því fá að vita hvernig á að ráðstafa þessu fé og hvers vegna er verið að biðja um svo gríðarlega mikið svigrúm. Fyrst hæstv. ráðherra ætlar ekki að svara því hvað verður gert við peningana gæti ég þá hugsanlega fengið svar við spurningunni ef ég hef hana öfuga: Getur ráðherra fullvissað þingheim um það að peningarnir verði ekki notaðir til að ráðstafa í bankana umfram það sem gert var ráð fyrir vegna þess að komið hafi í ljós að fjárfesting ríkisins í bönkunum sé mun áhættusamari en gert var ráð fyrir, eignasafnið sé óöruggara? Getur hæstv. ráðherra einnig fullvissað mig um það að peningarnir verði ekki notaðir til að halda uppi gengi krónunnar? Því að ef sú er raunin að verið sé að verja milljörðum á milljarða ofan í að verja gengið þá eru það upplýsingar sem þingið þarf að fá sem allra fyrst.

[17:08]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns óska eftir því að formaður efnahags- og skattanefndar komi hér og sé viðstaddur umræðuna. Það er hann sem leggur frumvarpið fram, ekki hæstv. fjármálaráðherra, og ég vil bara benda á þá staðreynd að hér er enginn þingmaður Samfylkingarinnar, jafnvel þó að við séum að ræða afar brýnt og mikilvægt mál. (Gripið fram í.) Já, það er rétt, hann er fullur af framsóknarmönnum og stöku sjálfstæðismönnum. [Hlátur í þingsal.] Verður orðið við þessari ósk, hæstv. forseti?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Það er verið að athuga með viðveru hv. þm. Helga Hjörvars.)

Ég þakka fyrir það. Svo ég haldi áfram með þetta, það er í sjálfu sér mjög undarlegt að það skuli vera efnahags- og skattanefnd eða meiri hluti hennar sem leggur málið fram. Ég vil benda á þá staðreynd, af því að þetta er sambærilegt frumvarp og frumvarpið um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku árið 2008, í rauninni sama eðlis, að það var lagt fram af fjármálaráðherra sjálfum, ekki meiri hluta efnahags- og skattanefndar, enda kom í ljós áðan að formaður nefndarinnar er ekkert sérstaklega vel inni í málinu og forðaðist að svara spurningum og hefur væntanlega forðað sér út úr húsi, þó að ég vonist til að hann komi hér og taki þátt í umræðunni með okkur.

Hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson benti á það í ræðu sinni að svo virtist sem Vinstri grænir væru búnir að svíkja öll kosningaloforð sín og taldi upp svik við aldraða og öryrkja og Evrópusambandið. Einhvern tíma var talað um það að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum ætti að henda út og hæstv. heilbrigðisráðherra heldur þeim málflutningi fram. Það væri gaman að fá skoðun hæstv. fjármálaráðherra á þeim ummælum, að samflokksráðherra hans haldi því fram að við eigum ekki að binda trúss okkar við Alþjóðagjald-

eyrissjóðinn vegna þess að, eins og líka kom fram áðan, svo virðist sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn viti af hverju verið er að veita þessa heimild upp á 290 milljarða en ekki þingmenn og fjármálaráðherra getur ekki, eins ótrúlegt og það er, gefið skýr svör um af hverju, hvernig standi á þeim fjárútlátum.

Svo vantaði inn í upptalninguna áðan um svikin að Vinstri grænir hafa talað svolítið fyrir því að stór og mikilvæg mál fari einmitt í þjóðaratkvæðagreiðslu. (**Gripið fram í:** Akkúrat.) Allir skilja að Evrópusambandið, það flókna mál, ætti að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu en þá kemur hæstv. fjármálaráðherra fram í *Morgunblaðinu* og segir að þetta sé þannig mál að það sé flókið og erfitt að færa rök með því að hann treysti þjóðinni væntanlega ekki til að skilja það og vill þess vegna ekki að það fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann bar reyndar líka fyrir sig að það væri ekki komið fram lagafrumvarp en það vill svo skemmtilega til að ríkisstjórnin og Borgarahreyfingin hafa einmitt lagt fram frumvörp um þjóðaratkvæðagreiðslur og við reiknum með því að Vinstri grænir ætli a.m.k. að samþykkja það. Það væri gaman að fá (Gripið fram í.) — kannski ekki víst, en það væri gaman að fá skýr svör við því hvaða mál eru það stór og þess umkomin að þeim sé vísað í þjóðaratkvæðagreiðslu jafnvel þótt þjóðaratkvæðagreiðslan sé ekkert endilega bindandi.

Reyndar er ein ástæða og ein skýring sem ég velti upp fyrir þessu frumvarpi núna og fyrir þessari aukaheimild ríkissjóðs upp á 290 milljarða og hún er sú að bankarnir ákváðu að greiða 203 milljarða til þeirra sem áttu fjármuni í peningamarkaðssjóðum. Þetta var ekki lögbundin skylda, það var ekkert um þetta í neyðarlögunum. Þeir kröfuhafar áttu að sjálfsögðu að fara í rétta röð samkvæmt gjaldþrotalögunum. Getur verið að nú sé einmitt verið að fjármagna bankana vegna þess að þeir töpuðu þarna út 203 milljörðum? Getur það verið, hv. þm. Helgi Hjörvar? — sem ég sé að er kominn í þingsal og það er vel. Getur það verið? Og ég beini þeirri spurningu til hæstv. fjármálaráðherra hvort þetta sé skýringin. Og þá langar mig að spyrja í framhaldinu vegna þess að þegar bankarnir ákváðu að greiða þessa gríðarlegu fjármuni þá skildu þeir einn peningamarkaðssjóð eftir, Peningamarkaðssjóð Íslenskra verðbréfa. Fólk úti á landi hafði lagt peningana sína þar í og maður veltir fyrir sér og barðist fyrir því á sínum tíma að ef ríkissjóður stæði raunverulega á bak við, þá yrði ekki gerður greinarmunur á því hvar fólk ætti peninga. Ég man þá tíð áður en hæstv. fjármálaráðherra skipti um skoðun í öllum málum að hann barðist einmitt fyrir því með mér að þetta yrði leiðrétt. Við börðumst saman í því og það væri gott að fá að vita hvort hæstv. fjármálaráðherra hafi lagt af þessa baráttu sína.

Svo er eitt í þessu, hv. þm. Vigdís Hauksdóttir benti á það hefði átt að lauma þessu inn í bandorminn eftir 2. og 3. umr. þannig að þetta hefði ekki farið í eðlilegan farveg og umræðan hefði verið með afar litlu móti. Kannski var ríkisstjórnin að vonast til að enginn tæki eftir þessu. En hvað varð um öll ummælin um aga í ríkisfjármálum, að reyna nú loksins að koma þessum málum í góðan farveg? Ég vona að hv. þm. Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar, geti svarað því. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, var hér rétt áðan. Ég vona einnig að hann komi hér og svari þeirri spurningu vegna þess að aginn er enginn. Við horfum einfaldlega sífellt upp á vandræðaganginn og það er ekki boðlegt, frú forseti, að svona sé haldið á málunum.

Svo er eitt sem við skulum fá á hreint vegna þess að auðvitað skipta Icesave-lánin, þetta skuldabréf við breska og hollenska ríkið, höfuðmáli þegar við ræðum þetta frumvarp. Hér er í raun staðfesting á því að Norðurlöndin munu þrátt fyrir allt lána íslenska ríkinu, þrátt fyrir fullyrðingar þess efnis að tengsl séu á milli þess að við samþykkjum Icesave-skuldbindingarnar á Alþingi og að við fáum lán frá Norðurlöndunum, þær eru einfaldlega út í veður og vind. Við fáum lán, það hefur verið staðfest. Og ég heyrði ekki betur en fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefði einmitt sagt líka í morgun að lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum væri ekki tengt Icesave-skuldbindingunum og þá eru fá rök eftir fyrir því að við samþykkjum þær. Og þá eru líka farnar út í veður og vind fullyrðingar hæstv. viðskiptaráðherra sem kom hér áðan í umræðunni og fullyrti að við yrðum Kúba norðursins. Það er bara rangt, það er bara rangt. Hann fullyrðir þetta án raka. Þjóðir heims munu eftir sem áður halda áfram viðskiptum við Ísland. Þjóðir heims halda áfram viðskiptum við lönd sem fremja alvarleg mannréttindabrot. Þjóðir heims halda áfram viðskiptum við lönd sem eiga í stríðsrekstri. Við Íslendingar gerum það einnig og það er einfaldlega þannig að önnur lönd eiga viðskipti við okkur Íslendinga vegna þess að það er þeim til hagsbóta. Það er ekki ölmusa af þeirra hálfu að eiga viðskipti við þjóðina. Það er einfaldlega þeim í hag að kaupa okkar góðu vörur, fiskinn okkar og fleira á þeim kjörum sem þar bjóðast og það mun haldast áfram þannig að landið mun ekki lokast þó að við samþykkjum ekki Icesave-reikningana sem ég tel miklar líkur verða á ef fullyrðingar einstakra þingmanna Vinstri grænna halda.

Svo er kannski eitt í þessu öllu saman, af því að við erum að ræða lán frá Norðurlöndunum. Hvernig væri að hæstv. fjármálaráðherra kæmi fram og segði okkur hver kjörin eru? Þingmenn hafa áður í umræðunni spurt hæstv. fjármálaráðherra út í kjörin, vegna þess að það skiptir máli varðandi Icesave-skuldbindingarnar. Ef þetta eru verri kjör þá hafa kjörin á Icesave-skuldbindingunum hækkað áður en við kvittum undir þær á Alþingi og það er grafalvarlegt mál. Erum við að fá lánin á hærri vöxtum en 5,5%? Þetta er spurning sem ég vona að hæstv. fjármálaráðherra svari. Mér fannst svona hálfkómískt, verð ég að segja, þegar hæstv. fjármálaráðherra kom upp áðan og varði Seðlabankann og baðst undan því að hann væri gagnrýndur. Það hefur ekkert breyst frá því að Davíð Oddsson yfirgaf stól Seðlabankans. Það hefur ekkert breyst. Stýrivextirnir eru nánast þeir sömu, lækka lítillega. Það hefur nánast ekkert breyst. Nú má ekki gagnrýna hann en ef ég man rétt var það hæstv. fjármálaráðherra sem var fremstur í flokki við að gagnrýna ráðstafanir Seðlabankans sem nú má ekki gagnrýna á neinn hátt.

Virðulegi forseti. Þetta er miklu stærra mál heldur en þessi eina blaðsíða gefur til kynna. Þetta er í rauninni mál sem hefði átt heima með umræðunni um bandorminn. Það mál hefur fengið mikla umfjöllun. Ég vona að fjölmiðlar landsins kveiki á því hvað þetta er stórt mál og hversu

mörgum spurningum er ósvarað í því. Ég tek undir þær vangaveltur sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir kom með áðan hvort við séum einfaldlega að gera rétt með því að hafa þetta með þessum hætti, hvort þetta eigi ekki að vera inni í fjárlögum ríkisins samkvæmt stjórnarskránni og ég beini þeirri spurningu til hæstv. fjármálaráðherra. Hv. þm. Helgi Hjörvar gat ekki svarað þessari spurningu. Mér fannst hann reyndar taka undir að það yrði að skoða sérstaklega.

Svo í lokin vil ég velta því upp hvort það sé ástæðan fyrir því að hæstv. fjármálaráðherra vill ekki leggja nafn sitt við þetta frumvarp að hér er verið að veita Landsvirkjun aukaheimild upp á 50 milljarða. Hvort sem honum líkar það betur eða verr þá er það þannig að við þurfum á stóriðjuuppbyggingu að halda. Það kom skýrt fram í síðustu þjóðhagsspá að stór hluti þeirra tekna sem við ætlum að afla í framtíðinni mun koma einmitt frá stóriðjuframkvæmdum sem Vinstri grænir hafa alla tíð verið á móti. Það er ekki samþykktur samningurinn um fjárveitinguna til Helguvíkur. Álverið á Bakka er í uppnámi. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar komu fram á sínum tíma og sögðu að sú framkvæmd mundi ekki tefjast um einn dag. Síðan kom í ljós degi síðar að það yrði a.m.k. eitt ár en nú er það þannig því miður að það geta orðið tvö ár. Það væri ágætt ef hæstv. fjármálaráðherra hefur einhverja hugmynd um stöðu mála þar en ekki bara í Helguvík og hann komi líka hér og upplýsi það, þó að ég geri svo sem ekki kröfu um að hann fari djúpt í þá umræðu á þeim tveimur mínútum sem hann hefur. En ég vona að hann sjái kannski tilefni til þess að setja sig á mælendaskrá og svari ítarlegum spurningum okkar í ræðu þar sem hann hefur 15 mínútur en ekki í stuttum tveggja mínútna andsvörum.

[17:22]

Útbýting:

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 105. mál, svar viðskrh., þskj. 192.

Opinber störf frá 1999, 81. mál, svar fjmrh., þskj. 195.

[17:23]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Hér ræðum við frumvarp til laga um heimild ríkissjóðs Íslands til viðbótarlántöku á árinu 2009. Það hefur komið hér fram hvernig þetta mál ber að. Það átti í upphafi eða á föstudaginn var að setja þetta inn í bandorminn á milli 2. og 3. umr. en við það var hætt vegna athugasemda minni hluta eða stjórnarandstöðunnar í efnahags- og skattanefnd.

Hæstv. fjármálaráðherra segir að það sé eðlilegur hlutur að nefndir flytji hér mál af þessu tagi, þ.e. frumvörp til viðbótarlánsfjárheimilda og að það hafi verið gert í gegnum tíðina. Ég verð hins vegar að rifja það upp að það hefur verið þannig í gegnum tíðina að hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki alltaf verið sammála þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð þá, á þeim tíma, þannig að hann getur svo sem ekki alltaf skotið sér á bak við það. Ég velti hins vegar fyrir mér hver sé ástæðan fyrir því og mér rennur svo í grun að það sé vegna þess að menn hafi bara ekki áttað sig á þessu máli fyrr, það hafi bara verið með þeim hætti að menn í fjármálaráðuneytinu hafi hreinlega ekki áttað sig á þessu fyrr en á þessum tímapunkti að það væri þörf á að leggja fram frumvarp og fá þetta umboð frá Alþingi. Það held ég að sé raunverulega ástæðan. Ég held það.

Svo maður komi sér þá kannski að aðalatriðunum þá verð ég að segja það fyrir mína parta sem á sæti í fjárlaganefnd og er ekki búinn að sitja þar lengi, en þó nokkra fundi, að ég er gríðarlega hugsi yfir þeim vinnubrögðum sem eru viðhöfð hér á vegum Alþingis, frú forseti. Ég er í raun ekki farinn að átta mig á því hvernig menn ætla að halda utan um allt það sem hér er í gangi. Það hefði verið eðlilegra að mínu viti að fjármálaráðherra hefði flutt og kynnt fyrir fjárlaganefnd þá viðbótarþörf upp á þessa 290 milljarða sem hér er og kynnt það og flutt síðan frumvarpið sjálfur. Það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, sem er reyndar ekki löng og er fljótlesin — en ég ætla þó samt að lesa hér tvær línur úr henni sem eru þá um það bil einn þriðji hennar. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Í annan stað er lagt til að ríkissjóði verði veitt 290 milljarða kr. viðbótarheimild til lántöku umfram þá heimild sem ríkissjóður hefur skv. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2009 ...“

Þetta getur ekki verið skýrara finnst mér að það er verið að fá þarna viðbótarheimild til að taka frekara lán.

Það er líka mjög dapurlegt, eins og hefur komið hér fram í máli margra hv. þingmanna, að það liggja í raun ekki fyrir eðlilegar skýringar á því hvert þetta eigi að fara nákvæmlega. Jú, þetta á að vera með þeim hætti að ef eitthvað óvænt kemur upp á þá hafi menn heimild. Ég verð að segja, frú forseti, að mér hefur ekki fundist vera nein töf á því að koma málum hér í gegnum þingið því að þessu þingskjali var dreift í morgun og það er verið að afgreiða það núna þannig að þetta tekur nú ekki langan tíma þannig að ég velti því fyrir mér hvernig þetta er.

Annað sem mig langar að velta hér upp er það hvernig menn ætla að fara að því að framfylgja fjárlögunum og eins hvort þeir sjái fyrir sér að við náum einhvern tíma utan um þetta vandamál okkar. Það koma hér í ljós á degi hverjum alls konar upplýsingar og bara frá því að ég settist á þing hafa skuldbindingar vegna Icesave hækkað — menn voru að tala fyrst um að þetta gætu verið kannski 70 milljarðar. Nú liggur fyrir að það séu 350 milljarðar eða 400 eða 200. Það veit ekki nokkur maður vegna þess að upplýsingunum á eftir að dreifa eða við eigum eftir að heyra þær í fréttunum þannig að ég velti því fyrir mér. Eftir að hæstv. viðskiptaráðherra talaði hér í dag þá er ég gríðarlega hugsi yfir því hvort sú ríkisstjórn sem hér situr geri sér alveg fullkomlega grein fyrir því sem hér er á ferðinni.

Fyrst hæstv. fjármálaráðherra er hér í húsi og er kannski að hlusta þá langar mig að nefna það, vegna þess að ég held að það sé mjög mikilvægt á tímum sem þessum, að við ættum að styrkja fjárlaganefndina. Við verðum að styrkja fjárlaganefnd. En þetta er ekki einn af þeim hlutum sem við gerum það með, með því að taka svona í gegnum meiri hluta efnahags- og skattanefndar. Við verðum að styrkja fjárlaganefndina og láta hana hafa þau tæki sem hún þarf til þess að geta fylgst með og séð til þess að farið sé eftir fjárlögum eða gefið ábendingar um hvernig eigi að bregðast við því eins og þetta er í dag, frú forseti, er þetta algjörlega bara galið.

Í fyrsta lagi vorum við á þingfundi hér fyrir klukkutíma

síðan að samþykkja lokafjárlög fyrir árið 2007. Þetta segir kannski allt um það sem við erum að vinna. Svo er líka annað: Ef menn hafa eitthvað komið nálægt rekstri, hvort heldur sem er bara litlu fyrirtæki eða sveitarsjóði eða hverju sem er, þá eru þeir með svokölluð rekstrarplön. En það virðist algjörlega skorta hér því menn geta tekið svona ákvarðanir um fleiri tuga milljarða lántökur eða eitthvað, hvað sem það er. Að menn skuli þá ekki vera með eitthvað sem heitir bara rekstrarplan og heildaryfirsýn yfir stöðu ríkissjóðs. Ef við höfum það ekki og gerum okkur ekki grein fyrir því þá mun þetta bara fara allt til andskotans. Það er bara þannig. Því fyrr sem menn átta sig á því því betra. Við tökum hér ákvarðanir um milljarða á milljarða ofan og það veit enginn neitt. Hvers vegna liggur það ekki fyrir að hv. Alþingi geti fengið um það upplýsingar hvað hver og ein ákvörðun þýðir í raun og veru í heildarniðurstöðu rekstrar ríkisins því öðruvísi náum við aldrei utan um málið eins og það er?

Frú forseti. Ef menn stofna örlítil fyrirtæki þurfa þeir að skila inn til bankanna rekstraráætlunum sem gera ráð fyrir öllu hinu ómögulega og mögulega. En hér erum við ekki að gera það. Það er nánast bara getið í eyðurnar. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég tel að það sem gerðist við þetta hér var að menn voru bara ekki farnir að átta sig á því að þetta þyrfti að leggja fram, annars hefði þetta komið fram með bandormi eins og hefur verið bent á hér af hv. þingmönnum.

Ég get ekki sleppt því að nefna það — og kannski er eðlilegt að velta því líka fyrir sér hér í ljósi þessarar umræðu — hvernig þetta blessaða tónlistarhús varð til inn í fjárlögin. Ég hef nú aðeins verið að lesa mér til um það. Það kemur fyrst sem ein lítil málsgrein, viðbótarheimild inn í fjárlög og við sitjum uppi með þessa ófreskju í dag. Ég held að við verðum að læra af mistökum fyrri ára og koma að þessu eins og verið sé að reka alvörufyrirtæki, ef ég má nota þau orð, frú forseti, en ekki bara taka ákvarðanir um frá degi til dags og halda fram fullyrðingum sem standast engan veginn eins og hæstv. viðskiptaráðherra gerði hér í dag.

Mig langar að spyrja líka að öðru ef hæstv. fjármálaráðherra kemur hér upp á eftir og er kannski að hlusta. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við verðum að fara að framleiða. Við verðum að fara að búa til störf og við verðum að fara að framleiða og búa til gjaldeyri en ekki eingöngu að setja lög um það hvernig við eigum að eyða gjaldeyri sem við eigum ekki til því að það er það sem við erum að gera. Við erum alltaf að ráðstafa einhverjum gjaldeyri sem við bara eigum ekki til. Það liggur fyrir og ég hef kallað eftir því en hef ekki fengið svar við því enn þá — það er liðinn rúmur mánuður, það eru liðnar fimm vikur síðan hæstv. sjávarútvegsráðherra tilkynnti það erlendis að hann hygðist skera niður þorskkvótann. En það hefur ekki komið svar við því hérna enn þá. Það væri mjög fróðlegt ef hæstv. fjármálaráðherra mundi vilja upplýsa okkur um það ef hann vissi eitthvað um það hvernig það mál stæði. Þetta er nú umhverfið sem við lifum í. Eins og hefur verið bent á hérna margoft af hendi margra þingmanna er jú upplýsingaskyldan okkar og eftirlitsþátturinn mikilvægur í störfum Alþingis.

Ég ítreka enn aftur — og mér finnst það mjög mikilvægt — að fjárlaganefnd skuli ekki hafa aðgang að ríkisbókhaldinu sem er keyrt inn í einn sarp. Hvers vegna getur fjárlaganefnd ekki fengið aðgang að því bókhaldi? Mér er sagt að það sé margbúið að biðja um það en ekki hefur verið orðið við því. Þá velti ég fyrir mér, frú forseti, hver í raun eftirlitsþáttur fjárlaganefndar sé. Er fjárlaganefnd bara upp á punt eins og svo margt annað hér? (**Gripið fram í:** Já.) Það kannski er þannig. Ég hafði bara gert mér vonir um annað. Það er þá ekki nema eitt að gera fyrir mann, að hætta að mæta þar á fundi ef það hefur engan tilgang nema bara að samþykkja eitthvað sem er löngu búið að ákveða, jafnvel fyrir mörgum árum síðan.

Ég held að við verðum að fara að taka til hendinni með þetta og allra síst megum við við þessu á þeim tímum sem nú eru. Við verðum að standa saman og vinna okkur út úr þessari kreppu. Ég tek alveg undir það sem fjármálaráðherra sagði. Skaðinn er skeður. Ég er algjörlega sammála honum í því og hv. þm. Pétri Blöndal. En við verðum að standa saman og vinna okkur úr þessu og til þess að við getum gert það þá verða þeir sem eru í stjórnarandstöðu að fá að hafa eitthvað um málin að segja, hafa að minnsta kosti gögn og geta verið upplýstir um þær ákvarðanir sem þeir verða að taka.

[17:33]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga sem bæði ber að með sérkennilegum hætti, finnst mér, og er ekki laust við að málatilbúnaður allur sé mjög sérstakur. Mér þykir gleðilegt að sjá loksins að það eru a.m.k. tveir af flutningsmönnum tillögunnar í hliðarsal núna að hlusta og geta þá kannski svarað einhverjum af þeim spurningum sem hæstv. fjármálaráðherra er að skjóta sér undan að svara því mér sýnist á öllu að hann ætli sér ekki að svara þeim spurningum sem til hans hefur verið beint. Mun ég því beina spurningum einnig til a.m.k. 1. flutningsmanns þess frumvarps sem hér er til umræðu.

Í fyrsta lagi veltir maður fyrir sér: Af hverju í ósköpunum er þetta mál lagt fram með þessum hætti? Hvað er það í þessu sem hæstv. fjármálaráðherra vill ekki kannast við? Hvers vegna er það þannig að hann afhendir nánast, eins og hefur verið upplýst, eða fulltrúi hans kynnti hérna frá skattanefnd, frumvarp sem nefndin svo flytur? Af hverju flytur ráðherrann ekki frumvarpið? Maður hlýtur að spyrja sig af hverju það er.

Í öðru lagi hafa ekki komið nein svör við þeim spurningum sem hafa verið settar fram varðandi ákveðna liði, til hvers óskað er eftir ákveðnum lánsheimildum, og því verður að svara. Það er ekki nóg fyrir hæstv. ráðherra eða þingmenn að standa í ræðustól og segja að þeir stæðu ekki hér ef þeir tryðu ekki að þetta gengi, það þýðir ekkert að bjóða fólki upp á slíkt. Þetta snýst um miklu meira en að reyna að gera sig trúverðugan eða eitthvað þess háttar. Hér er um hagsmuni þjóðarinnar að ræða.

Það er mjög athyglisvert að í þeirri skýrslu sem hæstv. ráðherra vitnaði sjálfur í áðan — sem á að fjalla um á morgun — og eins og hefur verið bent á, að væntanlegu Icesave-skuldbindingar, lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum

og Noregi eru ekki teknar með í reikninginn. Þó að þau séu til Seðlabankans er Seðlabankinn vissulega með sína kennitölu. Maður veltir fyrir sér af hverju þetta er ekki tekið með. Er þá ekkert mark takandi á því plaggi sem við erum að ræða hér? Er ekkert mark takandi á þessu plaggi, þessari skýrslu? (**Gripið fram í:** Ekkert.) Til hvers er þá verið að leggja þetta fram? (**Gripið fram í:** Hætt við.) Ég held að þessi ríkisstjórn og allt þetta mál sé sett fram af — ja, ég veit ekki hvað ég á að kalla það, þetta er hvorki fugl né fiskur, ég held að það sé mjög vægt til orða tekið.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Ásbjarnar Óttarssonar áðan varðandi hlutverk fjárlaganefndar í þessu öllu saman. Það er alveg ljóst að fjárlaganefndin er einhvern veginn höfð til hliðar hjá þessari ríkisstjórn, sú mikla nefnd og sú mikla ábyrgð sem hún ber. Þeir sem þar eru eiga ekki að fá að koma að þeim málum sem mestu skipta, sýnist mér. Því var mjög ánægjulegt að heyra að hv. þm. Birkir Jón Jónsson ætlar að óska eftir því að nefndin gefi álit sitt á þessu.

Það er mjög mikilvægt, eins og hv. þm. Ásbjörn Óttarsson kom inn á áðan, að þingið sé í raun styrkt og þar af leiðandi að fjárlaganefnd sé styrkt. Framkvæmdarvaldið hefur frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum nánast valtað hér yfir þingið. Málum er hent inn og það er komið fram við Alþingi, eins og einhver orðaði það einhvers staðar, ég man ekki hvar, frú forseti, eins og þetta sé einhvers konar afgreiðslustofnun eða lúgusala eða eitthvað slíkt. Þannig kemur framkvæmdarvaldið fram við Alþingi og það er gjörsamlega óþolandi.

Fremstur í flokki, fremstur meðal jafninga, vil ég kannski segja, fer hæstv. fjármálaráðherra sem hefur þrátt fyrir ítrekaðar óskir ekki komið með neinar haldbærar upplýsingar, ekki neinar upplýsingar inn í þingið varðandi t.d. Icesave, varðandi þau gögn sem menn eru að vísa til um það mál, rökstuðning í því máli. Hann sér hins vegar ástæðu til þess, hæstv. ráðherrann, að kalla fulltrúa hóps, sem ég held að heiti Raddir fólksins, á sinn fund og síðan hafa tölvupóstar borist manna á milli um þetta stóra mál, en það er ekki verið að sýna þinginu eða þingmönnum þessi gögn. Hvað á þetta að þýða, hvers konar vanvirðing er þetta við þingið? Þessi ríkisstjórn á ekkert nema skammir skildar fyrir hvernig hún kemur fram við Alþingi.

Það komu fram spurningar áðan varðandi upphæðir sem eru nefndar í þessu frumvarpi. Það er með ólíkindum að hæstv. fjármálaráðherra skuli tala eins og þetta sé bara ekkert mál, að þetta sé bara alvanalegt að hér sé verið að efna eða standa við eitthvað gamalt eða uppfylla einhver skilyrði. Eins og hv. þm. Ásbjörn Óttarsson benti á, er um að ræða viðbótarheimild upp á 290 milljarða kr. og því hefur ekki enn verið svarað til hvers á að nota þá peninga, til hvers eru þessir 290 milljarðar? Úr því að fjármálaráðherra fer á hlaupum frá því að svara þessum spurningum ætla ég að spyrja formann efnahags- og skattanefndar, hv. þm. Helga Hjörvar: Til hvers eru þessir peningar, til hvers á að nota þá 290 milljarða sem koma þarna allt í einu inn?

Ég vil einnig spyrja hv. þingmann, einnig vegna þess að fjármálaráðherra er að hlaupa frá því að svara því: Hver vegna þarf þessa 385 milljarða inn í bankana núna þegar búið er að lýsa því yfir að það þurfi ekki, hvað hefur breyst?

Síðan get ég ekki látið hjá líða að koma aðeins inn á orð viðskiptaráðherra því að í þessu frumvarpi og svo mörgum öðrum erum við alltaf að tala um trúverðugleika Íslands og hér hefur stjórnarandstaðan verið gagnrýnd jafnvel fyrir það að með gagnrýnni röddu sé verið að tala Ísland niður. Svo leyfir hæstv. viðskiptaráðherra sér að segja það á opinberum vettvangi að Ísland verði eins og Kúba norðursins. Ef einhver er að gjaldfella trúverðugleika og traust á einhverju landi þá er það þessi ágæti hæstv. ráðherra. Ég velti því fyrir mér hvernig staða hans í ráðuneytinu er, hvernig staða hans á Íslandi er þegar hann fer opinberlega og traðkar þannig niður orðspor Íslands. Þessi ráðherra hlýtur að þurfa að velta fyrir sér hvort hann sé hreinlega hæfur í starfi sínu. Þetta er algjörlega óábyrgt tal, það er ekki hægt að segja annað.

Að endingu vil ég taka undir það sem menn hafa sagt um að framlagning þessa máls sé með þeim hætti að maður bara hálfpartinn hlær að þessu, því að við erum búin að vera að tala í dag um frumvarp til laga sem er lagt fram af meiri hluta efnahags- og skattanefndar og mestan hluta þessa tíma sem við erum búin að tala um þetta sat fjármálaráðherra í salnum og svaraði fyrir, samt er hann ekki einu sinni á frumvarpinu. Maður veltir því fyrir sér hvort þetta sé nýja taktíkin hjá hæstv. ríkisstjórn, að mál sem eru óþægileg, þ.e. framkvæmdarvaldinu, sé hent í löggjafarvaldið, meiri hluta löggjafarsamkomunnar, hv. þingmenn stjórnarflokkanna, og þeim sagt að það sé betra að þeir fari með þetta svo að það komi ekki eitthvað á flibbann hjá ráðherrunum. Er þetta virkilega þannig? Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort þetta sé ný stefna, hvort við eigum eftir að sjá þetta í fleiri málum.

Hér er um stórmál að ræða. Hér er verið að tala um hundruð milljóna kr. lánveitingar til Íslands á sama tíma eða á svipuðum tíma og við erum með skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum sem að mínu viti hlýtur að vera marklaust plagg því inn í það eru ekki teknar hugsanlegar 700–1.000 milljarða skuldir vegna Icesave, og svo erum við með einhvers konar frumvarp til þess að auka lántökur enn þá meira. Á hvaða vegferð er þessi ríkisstjórn, hvernig mun þetta enda, hverjar verða heildarskuldir ríkisins þegar upp verður staðið? Ég bara spyr. (**Gripið fram í:** 3.000 milljarðar.) Hér er kallað fram í 3.000 milljarðar. Ef það er svoleiðis hlýtur að þurfa að reikna þessa skýrslu upp, það hlýtur að þurfa að gera það. Hvaða forsendur eru þetta?

Enn á ný kalla ég eftir upplýsingum um á hverju þetta byggir. Fremst í skýrslunni er vísað í þjóðhagsspá og ýmislegt annað en ekkert af þessu er marktækt þegar inn í þetta vantar hundruð, jafnvel þúsund milljarða. Það hefur komið fram að það er ekki til nein áætlun um það hvernig við ætlum að greiða þetta væntanlega Icesave-mál, sem ég vona fyrir okkur, fyrir íslenska þjóð, að verði ekki samþykkt á því formi sem sá hryllilegi samningur er, þá er ekki verið að taka neitt tillit til þess í þessum áætlunum ríkisstjórnarinnar til ársins 2013. Það frumvarp sem hér er verið að fjalla um er ekki til þess að bæta þar úr.

[17:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans. Sumt af því sem hann spurði um kom fram við framsögu mína með málinu en það er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að þingmenn ítreki spurningar og hafi þær uppi í jafnstóru máli og hér er um að ræða. Ég held hins vegar að það sé kannski svolítið að fara fram úr sér að gera því skóna að hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon víki sér undan því að flytja erfið mál, ég held að það hafi allir séð á síðustu vikum og mánuðum að síst hefur hæstv. fjármálaráðherra verið að víkja sér undan því að flytja erfið mál heldur komið með hvert málið á fætur öðru inn í þingið.

Ástæðan fyrir því að svo er um þetta mál búið — og ég bið líka hv. þingmenn að hafa þá virðingu fyrir nefndum þingsins og sjálfum sér að það sé ekki til minnkunar að þingmenn og þingnefndir flytji fram mál — er að hér um að ræða ákaflega mikilvægar heimildir fyrir Ísland og íslenskan efnahag og íslenska þjóð í þeirri stöðu sem við erum. Og það er mikilvægt að þær heimildir verði tiltækar og það greiðir einfaldlega fyrir því að málið komi fram í þinginu og að það fái umfjöllun að það er flutt af meiri hluta efnahags- og skattanefndar. Þess vegna lagði ég til að við færum þá leiðina vegna þess að það mun einfaldlega gefa okkur þeim mun lengri tíma til efnislegrar og vandaðrar umfjöllunar um málið í þinginu heldur en ef það hefði þurft að fara hina lengri leiðina sem stjórnarfrumvörpin þurfa að gera. Vegna þess að við sjáum kannski bráðum fyrir enda þingsins taldi ég mikilvægt að við greiddum fyrir vandaðri efnisumfjöllun um málið í þinginu og að þingið hefði sem allra mestan tíma til þess að fjalla um þetta og spyrja spurninga eins og hv. þingmaður er að setja fram. Ég mun leitast við að svara fleiri spurningum sem hann hefur borið upp í síðara andsvari mínu.

[17:45]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir ágæta ræðu. Hún var ljómandi góð en hins vegar var engin svör að finna í henni við þeim spurningum sem ég beindi til hans. Mig langar því að ítreka þær, þ.e. til hvers á að nota þessa 290 milljarða, í hvað fara þeir fjármunir? Af hverju þarf núna 385 milljarða inn í banka þegar búið er að lýsa því yfir að þess þyrfti ekki? Og ein aukaspurning því hæstv. fjármálaráðherra vék sér undan því að svara henni og það er lykilspurning í þessu og lykilspurning varðandi framtíðina, lykilspurning varðandi það hvernig við ætlum að lifa af og reka þetta þjóðfélag. Hvaða kjör eru á lánunum sem er verið að minnast á í þessu frumvarpi? Hvaða kjör eru á lánum Norðurlandanna t.d.? Eru það betri kjör eða verri kjör en þessir svokölluðu vinir okkar eru að bjóða okkur varðandi Icesave? Það eru afarkostir í þeim samningi, algerir afarkostir. Eru þessi kjör betri eða verri? Ég vona að hv. þingmaður og hv. formaður efnahags- og skattanefndar geti svarað þessum þremur spurningum því að ef ekki þá hljótum við að þurfa að framlengja þennan fund því við hljótum að þurfa að fá svör við þessum spurningum.

[17:46]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég fór yfir það í framsöguræðu minni og það kemur út af fyrir sig fram í málinu að fjárþörf sem verið er að fjalla um er 250 milljarðar vegna ríkissjóðs og það þekkja menn að á auðvitað fyrst og fremst að rekja til hallareksturs þessi missirin á ríkissjóði. Það er síðan jafnframt um að ræða 230 milljarða vegna lánveitinga frá Norðurlöndunum en það eru samningar sem þingmenn þekkja og út af fyrir sig verða þeir fjármunir geymdir á varasjóði þannig að það er nokkuð sérstök skuldsetning þar á ferðinni og sama gildir um lán frá Póllandi og Rússlandi sem eru upp á 85 milljarða. (**Gripið fram í:** 87.)

Síðan er það rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni að gert er ráð fyrir um 385 milljörðum í eigið fé í bankana. Það hefur einfaldlega miðast við að bankarnir væru með eðlilegt eiginfjárhlutfall þegar þeir verða endurreistir nú á næstu vikum og við höfum auðvitað lagt ríka áherslu á það í þinginu og stjórnarandstöðunni ber að þakka hvað hún hefur hvatt til þess að því uppgjöri lyki sem fyrst. Ég held því að það sé mikilvægt að við reynum líka að greiða fyrir því að það séu heimildir til að fjármagna þá stofnsetningu á bönkunum. En það standa þó jafnvel vonir til þess að þessi upphæð eða þessi þörf gæti orðið lítið eitt minni.

Um kjörin ef ég reyni að fara yfir öll þessi þrjú atriði í stuttu andsvari, þá hygg ég að grunnvextirnir í þeim samningum geti verið af öðru tagi en um er að ræða í Icesavesamningunum án þess þó að þora að fullyrða um það. En eftir þeirri kynningu sem við höfum fengið á Icesavesamningunum þá var hins vegar punktaálagið ofan á grunnkjörin, að því er samningamenn okkar fullyrtu, hagstætt og það hlýtur að hafa verið hagstætt miðað við þann samanburð sem þeir hafa á alþjóðlegum lánamörkuðum í dag og um það sem Íslandi býðst þar. En um nákvæmar tölur um kjörin held ég að réttast sé að bæði hv. efnahags- og skattanefnd og hv. fjárlaganefnd verði upplýst í umfjöllun um málið á milli umræðna.

[17:49]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef ég hef skilið svör hv. þingmanns rétt er staða bankanna þannig að þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar veiti ekki af þessum 385 milljörðum inn í þá til að hægt sé að koma þeim aftur á flot. Fyrri yfirlýsingar um að þeir séu svo vel staddir og eignasöfnin þar af leiðandi svo góð og sterk standast því ekki. Það hlýtur að vera hægt að álykta með þeim hætti að bankarnir séu miklu verr staddir en gefið var í skyn. Það er því rétt að kalla eftir því að þingið og þingmenn fái upplýsingar um raunverulega stöðu þeirra. En þær hafa ekki borist þingmönnum enn þá, þrátt fyrir ítrekaðar óskir höfum við ekki fengið nein gögn um raunverulega stöðu bankanna eða eignasafns þeirra þannig að ef ég skil svar hv. þingmanns rétt þá vantar töluvert mikið eða jafnvirði þessara 385 milljarða upp á að hægt sé að koma þeim á flot.

Varðandi svarið við á hvaða kjörum þessi lán eru þá annaðhvort er þingmanninum það ekki alveg ljóst hver þau eru eða þá að hann telur ekki heppilegt að þau séu rædd í

þingsal því ef ég skildi hann rétt þá mæltist hann til þess eða ætlaði að upplýsa efnahags- og skattanefnd og fjárlaganefnd um hver þau væru. Ég vil hreinlega fá svar við því hvort það sé þannig að kjörin séu með þeim hætti að það sé ekki vænlegt að upplýsa þau í þingsal Alþingis því við sem ekki sitjum í þessum nefndum eigum að sjálfsögðu rétt á að fá þær upplýsingar eins og allir aðrir. Vissulega getum við borið okkur eftir því hjá þingmönnum okkar í þessum nefndum en mér finnst eðlilegt að það sé hreinlega upplýst hérna. Ég veit ekki annað en þessi ríkisstjórn tali um að allt sé uppi á borðinu og allt augljóst og það beri að upplýsa þjóðina um stöðu þessara mála. Hver eru þessi kjör?

[17:51]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil lýsa yfir mikilli undrun á því að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki hafa flutt ræðu um það mikilvæga mál sem við ræðum hér og hæstv. ráðherra skuli ekki hafa svarað þeim fyrirspurnum sem þeir aðilar sem hafa tekið þátt í þessum umræðum hafa komið fram með. Að fjármálaráðherra ríkisins skuli ekki vera í húsi og skuli ekki hafa sett sig fyrr á mælendaskrá til að svara efnislega hluta, a.m.k. hluta af þeim spurningum sem við höfum komið fram með er náttúrlega ólíðandi gagnvart Alþingi Íslendinga að mínu viti.

Við spurðum margítrekað, frú forseti, um vaxtakjörin á þeim lánum sem við höfum gert gagnvart Norðurlöndunum. Engin svör. Er um eitthvert leyndarmál að ræða, frú forseti? Eitthvað sem þingmenn mega ekki heyra eða fá aðgang að? Hvað er verið að fela? Er það undarlegt þótt tortryggni ríki bæði í þessum þingsal og almennt í samfélaginu gagnvart slíkum stjórnarháttum? Ég sé að hv. formaður utanríkismálanefndar, Árni Þór Sigurðsson, er kominn í salinn og það er spurning hvort hv. þingmaður viti hver vaxtakjörin eru sem fulltrúar íslensku þjóðarinnar hafa skrifað undir gagnvart Norðurlöndunum. Eru það þessir glæsilegu Icesave-vextir upp á 5,55%? Eru það 7% vextir? Hver er upphæðin? Hvað eru stjórnvöld að fela? Af hverju má Alþingi og alþingismenn ekki fá aðgang að þessum upplýsingum? Það er hneyksli, frú forseti, að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki svara efnislega þeim spurningum sem við höfum lagt fram.

Ég óskaði líka eftir því að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir heildaryfirliti skulda, ekki bara ríkisins heldur sveitarfélaganna líka, hvað íslenskt samfélag skuldar, hvað hver einasti Íslendingur skuldar og hvort við getum risið undir öllum þeim skuldum. Engin svör. En hæstv. ráðherra benti á skýrslu sem hann ætlar að flytja á morgun, um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 og að hv. þingmaður sem hér stendur ætti að kynna sér þau. Maður verður hálforðlaus þegar maður les fyrirsögn skýrslunnar. Það mætti halda að það væru að koma kosningar. En þar stendur, með leyfi frú forseta: „Stöðugleiki, velferð, vinna“, frá sama hæstv. ráðherranum og er nýlega búinn að skerða kjör aldraðra og öryrkja um 3.600 millj. kr. Eru menn að gera grín að Alþingi Íslendinga með því að koma með skýrslu sem heitir „Stöðugleiki, velferð, vinna“ eða er mönnum í stjórnarmeirihlutanum virkilega alvara með þessari fyrirsögn? Er þetta alveg í samræmi við raunveruleikann af því að hæstv. ráðherra er að biðja okkur þingmenn í stjórnarandstöðunni að tala eins og raunveruleikinn er. Er einhver velferðarstefna í gangi í ríkisfjármálum þessi missiri? (Gripið fram í.) Ég bið hv. þingmenn stjórnarliðsins sem eru í salnum að upplýsa hæstv. fjármálaráðherra því að hann er ekki í húsinu um þá efnislegu umræðu sem fer fram um ríkisfjármálin. Það er reyndar með ólíkindum að hæstv. ráðherra skuli ekki vera flutningsmaður að þessu frumvarpi sem við ræðum hér enda er það samið efnislega í fjármálaráðuneytinu. Hvað hræðist hæstv. fjármálaráðherra? Þorir hann ekki í efnislega umræðu við stjórnarandstöðuna? Af hverju svarar hæstv. ráðherra ekki þeim spurningum sem við höfum ítrekað lagt fram? Þetta gengur einfaldlega ekki og þessi framkoma gagnvart löggjafarsamkomunni er fyrir neðan allar hellur og við getum einfaldlega ekki látið bjóða okkur þetta.

Ég vil að lokum benda á það sem dæmi um málefnafátækt Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem talaði í aðdraganda síðustu kosninga gegn aðild að Evrópusambandinu en er nú með hv. formann utanríkismálanefndar Alþingis, Árna Þór Sigurðsson, í broddi fylkingar komin langt að því að sækja um aðild með Samfylkingunni. Það er verið að tala um áframhaldandi virkjanir. Er það alveg í takt við það sem Vinstri grænir sögðu í aðdraganda síðustu kosninga? Mér finnst með ólíkindum hvernig einn stjórnmálaflokkur er búinn að snúa helstu stefnumálum sínum svo gersamlega á hvolf og enn verra finnst mér að ráðherra í sama stjórnmálaflokki skuli ekki svara efnislega þeim spurningum sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram, mikilvægum spurningum. Það er sem ég sæi hv. þáverandi þm. Steingrím J. Sigfússon láta þáverandi hæstv. fjármálaráðherra bjóða sér slíka framkomu. Þetta er ekki þinginu sæmandi, frú forseti.

[17:56]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að nýta mér þann ræðutíma sem ég á vegna þess að ég hreinlega velti fyrir mér til hvers við þingmenn erum hérna núna. Að tala um mál við fjármálaráðherra sem ekki er í salnum, ekki er flutningsmaður en var samt að svara fyrir þetta. Hv. þingmaður og formaður efnahags- og skattanefndar hefur gert sitt besta til að svara fyrir frumvarpið og þakka ég honum það en það er móðgandi að ráðherrann skuli ekki sýna þinginu þann sóma að sitja hér og hlusta og svara þeim spurningum sem til hans hefur verið beint. Það er hreinlega móðgandi. Er ráðherraræðið er þannig, frú forseti, að þeir þurfa ekki að virða óskir þingsins, þeir þurfa ekki að sitja og hlusta, jafnvel þegar þeir bera ábyrgð á málaflokkunum þá láta þeir sig hverfa. Ég ítreka það að hv. þm. Helgi Hjörvar reyndi að svara ágætlega fyrir þetta mál sem hann er vissulega 1. flutningsmaður að en hefur líklega fengið það býsna vel unnið í sínar hendur í nefndinni. Ég auglýsi eftir því að fjármálaráðherra svari þeim spurningum sem til hans hefur verið beint. Hæstv. fjármálaráðherra, hvar sem þú ert í heiminum — ég segi nú ekki eins og sagt er í sögunni um Búkollu, sem manni dettur í hug, en það þarf að auglýsa eftir að þessi svör komi.

[17:58]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns langar mig til að spyrja frú forseta hvort hæstv. fjármálaráðherra sé væntanlegur í salinn, hvort það verði ekki gerð skör að því að fá hann inn í umræðuna.

(**Forseti** (RR)**:** Starfsmenn þingsins munu athuga hvar hæstv. fjármálaráðherra er staddur.)

Virðulegi forseti. Þó að manni finnist þetta svona grátbroslegt þá er þetta kannski ekki hlægilegt. Við erum að ræða grafalvarlegt mál og hæstv. fjármálaráðherra kemur sér undan að svara þeim fjölmörgu spurningum sem að honum var beint í fjölmörgum ræðum og það er alvarlegt mál. Til að mynda velti ég því fyrir mér, vegna þess að að undanförnu höfum við verið í fjárlaganefnd að vinna með halla upp á 153 milljarða, að það er í rauninni verið að bæta 140 milljörðum við þann halla. Það er grafalvarlegt mál. Maður er farinn að ræða um milljarða á milljarða ofan eins og þetta séu bara einhverjir smápeningar. Menn átta sig ekki á því að það var aukið til samgöngumála upp á 17 milljarða. Það er í rauninni sá peningur sem fer í allar vegaframkvæmdir á landinu á einu ári, var um 11 milljarðar ef ég man þetta rétt, allar vegaframkvæmdir, gangaframkvæmdir sem menn treysta sér ekki til að fara í eru inni í þeirri tölu. Svo ræðum við milljarða á milljarða ofan á eins og þetta séu einhverjir smápeningar.

Ég velti því fyrir mér og aðrir þingmenn bentu mér á að þetta frumvarp þeirra er á einni síðu en ef þú opnar þá er ekkert. Það er bara eyða og maður spyr sig hvort þetta sé ekki bruðl í þeim niðurskurði og sparnaði sem á að fara fram innan þingsins eða hvort það hafi hreinlega gleymst að prenta greinargerðina vegna þess að greinargerðin er þrjár málsgreinar, allt í allt. Þetta er eiginlega að verða svo vandræðalegt, frú forseti, að það hálfa væri miklu meira en nóg en kannski frú forseti geti upplýst mig hvort fjármálaráðherra sé væntanlegur.

(**Forseti** (RR)**:** Starfsmenn þingsins hafa komið skilaboðum áleiðis en svör liggja ekki fyrir um hvort hæstv. ráðherra sé væntanlegur.)

Þá er það væntanlega þannig að hæstv. ráðherra nær ekki í endann á þessari umræðu. Ég get samt lofað honum því að við þingmenn Framsóknarflokksins munu halda þessari umræðu lifandi og við munum ásamt öðrum stjórnarandstöðuþingmönnum, veit ég, krefjast svara um hver kjörin eru á lánum frá Norðurlöndunum.

[18:02]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með þingmönnum sem hafa talað á undan mér að þetta er orðið alveg hrikalega neyðarlegt og hallærislegt fyrir hæstv. fjármálaráðherra. Hér er komið með frumvarp sem er samið í ráðuneyti hans, lagt fram af meiri hluta efnahags- og skattanefndar og hér sést ekki nokkur einasti einstaklingur nema formaður nefndarinnar sem var særður upp í þingsal. Það liggur fyrir að það eigi að fara að skuldsetja ríkissjóð um fleiri hundruð milljarða. Þetta er svo dæmigert fyrir núverandi ríkisstjórn, sem ræður ekki neitt við neitt, að menn taki til fótanna eins og ég benti á í ræðu um daginn þegar Evrópumálið var til umræðu og hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra læddist með veggjum. Nú eru ráðherrar ekki einu sinni í húsinu, þeir eru líklega komnir heim til sín. Þetta er náttúrlega ekki bjóðandi hvorki þingi né þjóð hvernig hér er haldið á málum og ég geri mikla athugasemd við þetta.

Áður en frumvarpið fer til 2. umr. eða frumvarpsdrög eða hvað maður á að kalla það sem er á þessu nánast auða blaði, eins og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson benti á, vil ég gera það að tillögu minni og beini því til þín, frú forseti, að því verði fylgt eftir að í málið verði fenginn stjórnskipunarfræðingur. Hér á að fara að setja lög um frekari skuldsetningu íslenska ríkisins byggð á lögum sem voru hálfgerð neyðar- eða bráðabirgðalög á sínum tíma fljótlega eftir hrunið. Sú heimild sem veitt var í þeim lögum, sem eru nr. 60/2008, gilti eingöngu út árið 2008, heimildin sem er upp á 500 milljarða í því frumvarpi sem varð að lögum er komin inn í þetta frumvarp í gegnum fjárlög og ég efast stórlega um að lántaka með þeim hætti sem er verið að bera á borð fyrir þingið sé heimil samkvæmt stjórnarskrá Íslands. Ég vil fá úr þessu skorið því að í frumvarpinu sem við erum að ræða stendur neðst í greinargerð:

„Fordæmi eru fyrir því að viðbótarlánsfjárheimilda sé aflað með almennum lögum, sbr. lög nr. 60/2008.“

Ég leyfi mér að efast stórlega um að þetta sé hægt að framkvæmdarvaldið geti valtað yfir löggjafarþingið einu sinni enn með þessum hætti. Ég óska eftir og vonast til að hlustað verði á þá ósk mína að stjórnskipunarfræðingur mæti í efnahags- og skattanefnd ef málið er fast þar. Ég efast að sjálfsögðu líka um að þetta mál eigi heima í þeirri nefnd, það á náttúrlega að vera í fjárlaganefnd, það er ekkert öðruvísi. Ég treysti fulltrúa Framsóknarflokksins í efnahags- og skattanefnd til að upplýsa þingflokk framsóknarmanna um þetta þegar einhverjir fundir verða haldnir í hv. efnahags- og skattanefnd svo við getum haldið áfram með þetta mál til að bjarga ríkisstjórninni frá stórslysi og þjóðinni líka.

[18:05]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þátttöku í umræðu um þetta ágæta mál sem nú gengur til efnahags- og skattanefndar sem mun síðan senda það til umfjöllunar í hv. fjárlaganefnd. Það er um að gera að hv. þingmenn setji fram spurningar og kalli eftir upplýsingum um hvaðeina sem þeim leikur hugur á að vita og varðar málið með einum eða öðrum hætti. Sumu af því höfum við svarað hér við umræðuna og sumu kannski nokkuð gróflega en ég fullvissa hv. þingmenn um að þeir munu fá mjög nákvæmar upplýsingar um einstök atriði í umfjöllun þeirra þingnefnda sem ég áður nefndi. Til þess er leikurinn auðvitað gerður eins og ég hef lýst að greiða fyrir því að á þeim stutta tíma sem eftir lifir þings hafi þingnefndirnar svigrúm til að fara ofan í málið og skoða þær heimildir sem verið er að veita.

Um leið og við köllum eftir svörum og nánari upplýsingum er það um leið ábyrgð okkar við núverandi aðstæður að gæta þess að vekja ekki upp óþarfaáhyggjur eða ótta eða hræðslu og það hefur auðvitað ekki verið ásetningur nokkurs manns í þessari umræðu. Ég vil þess vegna undirstrika

að þær lánsfjárheimildir fyrir ríkissjóð sem við erum að fjalla um snúa að verkefnum sem við þekkjum, verkefnum sem við höfum áður fjallað um og verkefnum sem við vitum að þarf að fjármagna og höfum lengi vitað. Á morgun mun okkur gefast gott tækifæri til að fara yfir hina stóru mynd í ríkisfjármálunum í umfjöllun um skýrslu hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um þau efni næstu missiri og ár og hvernig mæta á þeim stóru verkefnum sem þar eru. Þær lántökur sem hér eru undir eru náttúrlega lántökur sem mönnum hefur verið ljóst að fara þyrfti út í og má auðvitað margar rekja til hrunsins sem hér varð í október sl. Þar er eins og ég hef tvívegis áður farið yfir fyrst um að ræða 250 milljarða er snúa að ríkissjóði en menn þekkja þann hallarekstur sem er á ríkissjóði bæði á yfirstandandi ári og fyrirsjáanlega á næsta ári.

Í öðru lagi erum við að fjalla um 385 milljarða heimild vegna bankanna. Það er sömuleiðis stærðargráða sem menn hafa gert ráð fyrir út frá áætlaðri stærð á efnahag bankanna og hefur verið þekkt töluvert lengi. Sömuleiðis erum við síðan að fjalla um lánin frá Norðurlöndum og lánin frá Póllandi og Rússlandi hvers lánakjör ég nálgaðist lauslega áðan. Ég þori satt að segja ekki að fara með nákvæmlega eftir minni en geri einfaldlega ráð fyrir að við fáum fram lagðar upplýsingar um í báðum nefndunum og getum fjallað betur og nákvæmar um við 2. og 3. umr. málsins, en þar er annars vegar um að ræða 230 milljarða heimild og hins vegar 85 milljarða heimild. Samtals eru þessar heimildir upp á 950 milljarða kr. sem eru auðvitað gríðarlegar tölur og því miður eru í fjárlögum yfirstandandi árs aðeins heimildir fyrir 660 af þessum 950 milljörðum og þess vegna nauðsynlegt að heimildirnar séu til staðar.

Ég held að það sé full ástæða til að fara vel yfir málið, bæði í umræðunni eins og gert hefur verið í dag og síðan í umfjöllun nefndanna milli umræðna og loks aftur við 2. og 3. umr. Við höfum í meiri hluta hv. efnahags- og skattanefndar fyrst og fremst átt frumkvæði að því að flytja málið inn í þingið þannig að hér gæfist gott svigrúm til umfjöllunar um málið jafnvel þó að sum þessara verkefna séu knýjandi og brýnt að hægt sé að ganga í sem allra, allra fyrst.

[18:10]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar hitti akkúrat naglann á höfuðið þegar hann talaði um að fólk væri orðið óttaslegið, almenningur væri orðinn hræddur. Þetta eru vinnubrögðin til að hræða fólk og gera það óttaslegið, að hafa allt undir borðinu og upplýsa ekki um neitt. Við þingmenn Framsóknarflokksins höfum staðið hér í allan dag til að reyna að fá einhverjar upplýsingar um þessa lántöku hjá hv. formanni efnahags- og skattanefndar svo ég tali ekki um hæstv. fjármálaráðherra og hér fást engin svör, hvorki fyrir okkur né þá sem horfa á þessa umræðu. Það er hagstætt fyrir stjórnvöld sem eru með valdbeitingu að hafa þegna sína hrædda og óttaslegna og þessi ríkisstjórn er sannarlega að vinna eftir því munstri að gefa engar upplýsingar, hafa allt undir borði, ekkert gegnsæi, ekki neitt, þvert á það sem talað var um fyrir síðustu kosningar þar sem allt átti að vera gegnsætt, allt átti að vera uppi á borðinu, allt eftir hrunið átti að vera svo dásamlegt og fallegt og ekki átti leyna neinum upplýsingum.

Nú er ég svo heppin að hæstv. fjármálaráðherra hefur gengið aftur inn í þingsalinn og þá langar mig til að fylgja eftir þeirri spurningu sem ég kom fram með og aðrir þingmenn sem hér hafa talað. Hverjir eru vextirnir á norrænu lánunum, fyrst búið er ákveða hverjir þeir eru og þeir eru samhæfðir, eru þeir hærri en Icesave-vextirnir eða eru þeir undir því lágmarki? Ég óska eftir að hæstv. fjármálaráðherra svari þessu því að eins og hans flokkur talaði fyrir kosningar þá á allt að vera opinbert, allt á að vera uppi á borðinu og það er greinilega búið að semja um þessi lán. Ég óska eftir svari í þessum ræðustól.

[18:12]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Eins og ég hef upplýst nokkrum sinnum í dag eru engar nýjar lántökur á ferðinni og engar nýjar fjárheimildir heldur er verið að stemma af mögulegar lántökur ríkisins og reyndar Landsvirkjunar á þessu ári eins og það liggur núna fyrir að þær geti mestar orðið, þannig að fullnægjandi heimildir séu til staðar í lögum. Þessar tölur hafa í raun allar legið fyrir síðan í vetur, síðan áætlunin í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var gerð, og menn slógu máli á þær upphæðir gjaldeyrislána sem síðan hefur staðið til að taka. Sömuleiðis eru þetta sömu tölur og urðu til í haust eða snemma vetrar varðandi kostnaðinn við að endurreisa bankakerfið, hver hann gæti mestur orðið og það er tekið inn í efnahagsáætlanir stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og reyndar takmörk á. Þetta er þak sem gengið er út frá að geti og megi verða mestur mögulegur kostnaður ríkisins við þessa endurfjármögnun bankakerfisins. Annað skýrist af öðrum þáttum sem hér hefur verið farið yfir og nefndir eins og hallinn á ríkissjóði, fjármögnun hans og fleira þessu tengt.

Varðandi lánin við Norðurlöndin þá stendur svo á að það verður væntanlega skrifað undir þau á miðvikudaginn og í framhaldinu sendar út fréttatilkynningar og upplýst um þá skilmála. Það er ekki venjan að gera það fyrr en undirritun hefur átt sér stað. Þetta eru lán til styttri tíma en t.d. lán vegna Icesave-ábyrgðanna og verða væntanlega lán með breytilegum vöxtum þannig að þau verða ekki sambærileg að öllu leyti en að sjálfsögðu hefur verið keppt að því að fá sem hagstæðust lánskjör. Ég held að ég geti fullvissað hv. þingmenn um að þau verða það, þau verða eftir atvikum mjög hagstæð miðað við það sem íslenska ríkið getur búist við og auðvitað víðs fjarri öllum markaðskjörum sem nú væru á lánum ef íslenska ríkið væri einhvers staðar að taka lán eða fengi einhvers staðar lán, enda er vaxtaálagið á Íslandi einhverjir 600–700 punktar um þessar mundir eins og ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður viti. Ísland er ekki að taka lán á markaði heldur erum við að fá pólitísk lán, ef svo má að orði komast, í gegnum samstarf okkar við grannríkin og í gegnum samstarfsáætlunina við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þá er samið um lánskjör sem taka mið af þessum aðstæðum og að sjálfsögðu mikið keppikefli fyrir land í erfiðleikum eins og okkur að fá þar sem hagstæðust lán. Svo mikið er víst að við fengjum hvergi á markaði vexti eða lánskjör sem væru neitt í líkingu við það sem þarna bjóðast

ef við þyrftum að sæta því vaxta- eða áhættuálagi sem matsfyrirtæki og aðrir reikna á Ísland um þessar mundir. Þetta ætti hv. þingmönnum að vera allt saman ljóst.

Á miðvikudaginn kemur geri ég ráð fyrir að hægt verði að veita endanlegar upplýsingar um þessi lánskjör eftir því sem venja er að gera um slíka samninga og þá fá hv. þingmenn sín svör við því.

[18:15]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ánægjulegt að hæstv. fjármálaráðherra skuli hafa komið aftur til umræðunnar. Reyndar sakna ég þess nokkuð að hæstv. ráðherra skyldi ekki hafa svarað þeim fyrirspurnum sem við þingmenn Framsóknarflokksins höfum lagt fram í þessari umræðu. Reyndar sagði hæstv. ráðherra mjög eðlilegan hlut áðan sem maður er orðin vanur að hlusta á. Hann tilkynnti okkur það hér að við mundum heyra það eftir að hann væri búinn að gefa út fréttatilkynningu á miðvikudaginn hver kjörin væru á þessum lánum frá Norðurlöndunum. Hæstv. ráðherrar ætla því að halda áfram að meðhöndla þingið líkt og verið hefur. Við munum heyra hlutina eins og aðrir landsmenn í fjölmiðlum og engin kynning mun áður eiga sér stað í neinni af þingnefndum. Þó er það þannig að það er Alþingi Íslendinga sem á að staðfesta þennan gjörning á endanum.

Ég spurði líka um greiðsluyfirlit og hvort búið væri að gera það. Hæstv. ráðherra benti mér á að lesa skýrslu sem hann ætlar að flytja sem ber yfirskriftina Stöðugleiki, velferð, vinna. Ég spurði áðan hvort þessi yfirskrift skýrslunnar væri einhver brandari því ég hef ekki orðið var við að mikil velferð væri í því sem hæstv. ríkisstjórn er að boða í efnahagsmálum enda er þröngt í búi og þess vegna finnst mér þessi yfirskrift skjóta skökku við. Hæstv. ráðherra benti mér á yfirlit yfir skuldir ríkissjóðs sem eru samkvæmt því, áætlun 2009, um 1.800 milljarðar kr. En þar kemur reyndar fram að lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Noregi, til Seðlabankans eru ekki talin með skuldum ríkissjóðs. En það eru nú bara heilu skuldbindingarnar. Við erum að óska eftir því að fá eitthvert yfirlit yfir þetta og yfir greiðslurnar sem af (Forseti hringir.) hvoru tveggja þessu samkomulagi mun hljóta. En því miður höfum við ekki fengið svör frá hæstv. ráðherra í þessari umræðu um það.

[18:18]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit ekki hvernig ég á að fara í þetta mál, að svara hv. þingmönnum Framsóknarflokksins. Að sjálfsögðu er rétt og skylt að reiða fram öll gögn sem máli skipta í sambandi við meðferð máls. Í þessu frumvarpi er ekki verið að taka neinar nýjar efnislegar ákvarðanir. Þetta hefur legið fyrir síðan í vetur. Þetta hefur verið útskýrt og verið opinbert og lengi legið fyrir að það væri ætlunin að efla gjaldeyrisvaraforðann um þessar stærðir, upp á 2,1 milljarð bandaríkjadala ef ég man rétt frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum samtals. Það er lán sem kemur í áföngum eftir því sem samstarfsáætluninni miðar fram og um 3 milljarða bandaríkjadala rúma, samtals frá Norðurlöndunum, Póllandi og Rússlandi. Þessar upphæðir hafa legið fyrir um margra mánaða skeið og að það væru fullnægjandi heimildir að sjálfsögðu til staðar til að ganga til samninga um þessi lán. Það er ekki venjan og ekki auðvelt að upplýsa um lánskjör fyrr en búið er að semja. Það er erfitt að gera það því samningar eru ekki frágengnir fyrr en þeir eru frágengnir. Þannig er veruleikinn. Þá eru þær upplýsingar reiddar fram eins og ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður viti að þetta gengur fyrir sig nema hann þekki einhverja aðra aðferðafræði í þessum efnum sem er þá eitthvert framsóknarfyrirbæri sem mér þætti fróðlegt að heyra um. (**BJJ:** Það er nú gott fyrirbæri.)

Annars verð ég að segja alveg eins og er að maður er svolítið hugsi yfir þingmönnum Framsóknarflokksins. (**VigH:** Nú?) Það er verið að ræða stór mjög alvarleg mál, mikla erfiðleika íslensks þjóðarbús. Það er verið að ræða erfiðar aðgerðir og erfiðar ákvarðanir sem við þurfum að taka. Maður hefði kannski búist við, jafnvel þó að sumir þingmenn Framsóknarflokksins séu ungir og í þeim sé talsverður vorkálfur, að það örlaði einhvers staðar á einhverri örlítilli ábyrgðartilfinningu hjá framsóknarmönnum og þeir ræddu þessa hluti í og með og í bland einstöku sinnum af einhverri alvöru. En því er ekki að heilsa miðað við það sem ég hef fylgst með í dag og þá verður það að hafa sinn gang. (Gripið fram í.)

[18:20]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra fellir hér mikla palladóma yfir málflutningi framsóknarmanna þegar kemur að stöðu efnahagsmála. Þetta er sami ráðherrann og stuðlaði að því að skrifað var undir Icesave-samkomulagið áður en fyrir lá greiðsluáætlun um það hvort íslenskt samfélag gæti staðið undir þeim skuldbindingum. Ef það er ekki ábyrgðarleysi þegar kemur að stærstu skuldbindingu sem nokkur ríkisstjórn ætlar að leggja á íslenska þjóð, ef það er ekki ábyrgðarleysi þá veit ég ekki hvað ábyrgðarleysi er. Og þegar hæstv. sami ráðherrann og gerði þennan gjörning sakar svo þann flokk sem er að gagnrýna þennan gjörning hæstv. ráðherra um ábyrgðarleysi í málflutningi þá er ráðherrann kominn á allsvakalegar villigötur. Hér erum við að tala um grafalvarleg mál og ef við sem erum kjörin af almenningi hér á landi eigum ekki að spyrja gagnrýnna spurninga, eigum ekki að kalla eftir upplýsingum og svörum sem við fáum ekki — og hæstv. ráðherra hámarkaði skömmina hér áðan með því að lýsa því enn einu sinni yfir að þingmenn stjórnarandstöðunnar skyldu bara horfa á fréttaþátt á miðvikudaginn því að hann mundi senda út fréttatilkynningu með upplýsingum um hver lánakjörin yrðu á lánum frá Norðurlöndunum. Það er verið að hafa Alþingi Íslendinga að engu. Við erum í umræðum, köllum eftir svörum en fáum engin svör.

Ég sé að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir brosir að þessu. Þetta er kannski voðalega létt verk sem ríkisstjórnin er að standa í þessa dagana enda sögðu þingmenn Vinstri grænna án þess að hafa séð Icesave-samkomulagið margir hverjir að þeir mundu styðja það. Þetta er aðför að efnahagslífi þjóðarinnar til næstu áratuga og þingmenn Vinstri grænna segja já fyrir fram með hæstv. fjármálaráðherra Steingrím J. Sigfússon í broddi fylkingar. Ef það er ekki ábyrgðarleysi

fyrir hönd íslensku þjóðarinnar þá er ekkert ábyrgðarleysi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 82. mál (afnám skilyrðis um ábyrgðarmenn). — Þskj. 94, nál. 184.

[18:23]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá menntamálanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson og Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneyti, Rakel Lind Hauksdóttur frá Bandalagi íslenskra námsmanna, Guðrúnu Ragnarsdóttur, framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Hjördísi Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra námsmanna erlendis, Harald G. Eiðsson, stjórnarformann Lánasjóðs íslenskra námsmanna, og Sindra Snæ Einarsson, varaformann Sambands íslenskra framhaldsskólanema.

Umsagnir bárust frá Seðlabanka Íslands, sýslumanninum í Reykjavík, Neytendasamtökunum, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að námsmaður sem uppfyllir skilyrði stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna um lánshæfismat þurfi ekki að leggja fram yfirlýsingu annars manns um sjálfskuldarábyrgð við lántöku. Í öllum tilvikum sé því gengið út frá því að námsmaður fái almennt námslán nema fyrir liggi upplýsingar sem benda til þess að hann teljist ótraustur lántaki. Er stjórn sjóðsins þá heimilt að synja námsmanni um námslán. Námsmaður sem fær synjun kann þó að eiga möguleika á námsláni gegn tryggingu í formi sjálfskuldarábyrgðar ábyrgðarmanns, veðrétti í fasteign eða bankaábyrgð.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir við það að stjórn lánasjóðsins setji reglur um lánshæfismat og sé í sjálfsvald sett hvaða skilyrði námsmenn þurfi að uppfylla svo ábyrgðar verði ekki krafist. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og leggur áherslu á að mikilvægt sé að við mótun nýrra reglna verði þess gætt að skilyrði þau sem lántakendur þurfi að uppfylla svo ekki verði krafist yfirlýsingar annars manns um ábyrgð verði ekki þrengd svo mjög að markmið laganna nái ekki fram að ganga.

Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum Lánasjóðs íslenskra námsmanna að þeir lánþegar sem eru á vanskilaskrá þegar sótt eru um lán þurfi að leggja fram tryggingu áður en lánið er veitt. Nefndin telur að þótt viðmiðið sé vanskilaskrá sé mikilvægt að stjórnin meti út frá gögnum og skýringum frá lánþega hvort skilyrði séu til þess að veita jákvæða ívilnun með þeim hætti að ekki verði gerð krafa um ábyrgð eða annars konar tryggingu.

Nefndin áréttar að við innheimtu kröfu á hendur ábyrgðarmönnum námslána er hvorki unnt að gera aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans né verður krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns. Gildir þetta einnig um kröfur sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009.

Við meðferð málsins í nefndinni velti nefndin fyrir sér hugtakinu „sjálfskuldarábyrgð“ í 1. gr. en hin lögfræðilega skilgreining hugtaksins vísar til þess þegar einstaklingur eða fyrirtæki ábyrgist greiðslu skuldar annars aðila (aðalskuldara). Nefndin telur að með hliðsjón af því annars vegar að markmið laganna sé að fella brott skilyrðið um að nauðsynlegt sé að hafa ábyrgðarmann á námslánum og hins vegar að skýrt komi fram í greinargerð að með frumvarpinu sé lögð til sú breyting að samkvæmt meginreglu þurfi námsmaður sem uppfyllir skilyrði stjórnar lánasjóðsins um lánshæfismat ekki að leggja fram yfirlýsingu annars manns um sjálfskuldarábyrgð þá sé villandi að hugtakið sjálfskuldarábyrgð komi fyrir í 1. gr. frumvarpsins og leggur til að það verði fellt brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, með leyfi forseta:

„Efnismálsgrein a-liðar 1. gr. orðist svo:

Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku, teljist þeir lánshæfir samkvæmt reglum stjórnar sjóðsins. Teljist námsmaður ekki lánshæfur getur hann lagt fram ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.“

Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Hv. þm. Skúli Helgason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eftirfarandi hv. þingmenn skrifa undir nefndarálitið: Oddný G. Harðardóttir, Ásmundur Einar Daðason, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Eygló Harðardóttir, Árni Þór Sigurðsson, Margrét Tryggvadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir með fyrirvara og Unnur Brá Konráðsdóttir, með fyrirvara.

[18:27]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil lýsa yfir mikilli ánægju með að þetta mál skuli komið til 2. umr. á vettvangi Alþingis og þakka hv. þm. Oddnýju Harðardóttur fyrir hennar ágætu framsögu sem við framsóknarmenn styðjum efnislega enda hefur hv. þm. Eygló Harðardóttir ritað nafn sitt undir þetta álit sem til framfara horfir.

Mig langar að spyrja hv. þingmann og formann nefndarinnar einnar spurningar í það minnsta og hún varðar það að stjórn LÍN eigi að útfæra þetta greiðslumat. Ég á því miður ekki sæti í þessari nefnd en er mikill áhugamaður um þessi mál. Hefur nefndin fengið stjórnendur sjóðsins á sinn fund og fékk hún einhverja tilfinningu fyrir því hvernig þetta verður útfært? Að að sjálfsögðu er lagasetning sem þessi ekki góð ef skilyrðin verða það ströng að krafan um ábyrgðarmenn muni eftir sem áður standa. Mér finnst því mjög gott að hv. þingmaður skuli hafa getið þess sérstaklega í framsögu sinni að nefndin telji að það eigi að túlka mjög vítt þær heimildir sem stjórn LÍN á að útfæra. Því væri eftirtektarvert að vita hvort að á vettvangi nefndarinnar hafi nefndarmenn fengið að vita hugmyndir stjórnar LÍN um hvernig þetta verði útfært og ef ekki, hvort nefndin ætli

sér í framhaldinu að beita sér fyrir því og kalla stjórn LÍN á sinn fund til að fylgja þessu máli eftir þannig að sem flestir háskólanemar þurfi ekki að hafa ábyrgðarmann á sínum lánum.

Þetta er mjög gott mál að því leyti til að það snýr að því grundvallarsjónarmiði að veita öllum jafnt tækifæri til náms og það er einfaldlega þannig að ekki geta allir jafnvel leitað eða vilja leita til einstaklinga úti í bæ til að skrifa upp á fyrir sig. Það getur jafnvel verið hluti af lífsskoðun viðkomandi að gera ekki slíkt þannig að ég fagna því verulega að við skulum stíga þetta skref. En eins og ég segi og eins og kom fram hjá hv. framsögumanni nefndarinnar þá er það stjórnar LÍN að útfæra þetta mál með þessum hætti og ég hefði viljað sjá að nefndin mundi fylgja þessu álitamáli eftir því að útfærslan skiptir öllu í þessu máli.

Mig langar að lokum að spyrja hv. framsögumann nefndarinnar hvort nefndin hafi ákveðið að fjalla eitthvað um framfærslu námsmanna og þau lífsskilyrði sem námsmenn búa við í dag. Eins og við vitum öll er þröngt í þjóðarbúinu og erfitt að auka útgjöld að miklu leyti. En mér finnst, ef ég horfi ískalt á málin, ansi furðulegt eins og staðan er í samfélaginu í dag að það sé hagstæðara fyrir fólk að vera án atvinnu og þiggja atvinnuleysisbætur en stunda nám og þiggja námslán sem viðkomandi borgar fyrir á endanum. Það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt að stuðla að umhverfi sem er þannig að hagstæðara sé fyrir fólk að stunda nám heldur en að vera á atvinnuleysisbótum. Þess vegna finnst mér mikilvægt að heyra hjá hv. formanni menntamálanefndar hvort hún hafi velt þessum hlutum fyrir sér því að við lifum á einstökum tímum þar sem Atvinnuleysistryggingasjóður er einn stærsti vinnuveitandi landsins — hann mun að öllu óbreyttu á tólf mánaða tímabili borga yfir 20 milljarða kr. í bætur — hvort ekki væri rétt að horfa á samspil þess sjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hvort við getum ekki breytt þessu umhverfi einhvern veginn því að eins og hlutirnir eru núna þá finnst mér afleitt að hlutirnir skuli vera með þessum hætti. Við þurfum að hvetja til náms og við þurfum líka í því ástandi sem blasir við okkur að hvetja fólk sérstaklega til að stunda nám þannig að þegar betur árar á vinnumarkaði þá komi fólk út á vinnumarkaðinn sem hefur þó á þessum erfiðu tímum nælt sér í þekkingu og menntun við hæfi og mun þar f leiðandi í framhaldinu skila íslensku samfélagi meiri skatttekjum en ella og jafnvel geta nýtt menntun sína og þekkingu til að auka við atvinnustarfsemi í landinu og fleira mætti nefna í þeim efnum.

Ég nefni þetta vegna þess að vonandi verður kreppan tímabundin og ef við getum fengið ríkisstjórnina til að hætta við þennan Icesave-skandal sem blasir við okkur — og nú horfi ég mjög blíðlega til hæstv. menntamálaráðherra sem ég veit og þykist vita að hafi mikla sannfæringu fyrir því að sá samningur sem verður ræddur hér á næstu dögum gangi hreinlega ekki upp og við þurfum að senda aðra nefnd til að semja upp á nýtt því að greiðslubyrðin af þessu Icesave-samkomulagi, bara vextirnir á fyrsta ári, eru 42 þúsund millj. kr. Þetta eru gríðarlega háar upphæðir og þess vegna er grátlegt í samhengi við þessa umræðu að jafnvel 100–200 millj. kr. gætu skipt sköpum fyrir framfærslu námsmanna. Ef við setjum 200 millj. kr. í samhengi við 42 þús. millj. kr. þá er það hálft prósent af þeirri upphæð ef ég get skotið á það svona sirka — þá er það hálft prósent, 200 millj. kr. sem gæti breytt Lánasjóði íslenskra námsmanna varanlega og aukið hag og bætt tekjur námsmanna og hvatt fólk frekar til náms.

Ég þakka hæstv. ráðherra að vera viðstödd þessa aðalumræðu um þetta mál því að nú er það komið til þingsins og hún mælti rösklega fyrir því við 1. umr. Það er til fyrirmyndar að ráðherra í ríkisstjórninni skuli vera viðstaddur þessa umræðu. Það væri mjög áhugavert í þessari umræðu sérstaklega að kalla fram viðbrögð hjá hæstv. ráðherra hvað henni finnist um þetta samspil annars vegar á milli atvinnuleysisbóta og hins vegar þess framfærslugrunns sem ég ræddi hér sem er allt of lágur. Ég held að allir geti verið sammála um það. Og það að framfærslugrunnurinn skyldi ekki hafa verið hækkaður núna þegar verðbólga síðustu tólf mánuði hefur verið um það bil 14–15% þýðir einfaldlega að framfærslugrunnurinn er að lækka um þá upphæð. Það er allt miklu dýrara á Íslandi í dag og miklu erfiðara fyrir fólk og þá líka námsmenn að framfleyta sér í þessu erfiða árferði þegar verðlag hefur hækkað svona mikið. Í ofanálag er það líka þannig að námsmenn sem áður margir hverjir unnu mikið samhliða námi, söfnuðu sér peningum, tóku jafnvel ekki námslán, hafa ekki kost á því í dag þannig að við erum að tala um gjörbreytt ástand. Ég held að það væri mjög til hins góða að við gætum þvert á stjórnmálaflokka komið okur saman um að fara í einhverjar aðgerðir til í fyrsta lagi að efla hvatann eins og staðan er í dag, til að fara í nám og í raun koma okkur úr þessum skotgröfum sem við erum hér vanalega í meðal annars út af stórum efnahagsmálum. En hér eru mál sem ég held að við getum alveg sammælst um þvert á flokka að breyta til að auka lífsgæði íslenskra námsmanna. Ég hef hitt fulltrúa frá meðal annars stúdentum við Háskóla Íslands sem hafa lýst yfir megnri óánægju eðlilega yfir þessum lága framfærslugrunni. Þess vegna væri eftirtektarvert að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvort hún hyggist á þessu sumarþingi — því ég held að það sé alla vega mánuður eftir af þessu sumarþingi — hvort hún hyggist leggja fram mál hér á þingi sem gæti bætt stöðu námsmanna, bætt þeirra kjör með einhvers konar samspili á milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og lánasjóðsins. Ég held að það sé mikilvægt að fá það fram í þessari umræðu og ég tel það hagsmunamál fyrir okkur öll að gera nám eftirsóknarverðara en það er í dag þannig að fólk geti í raun lifað samhliða því að stunda nám því fólk gengur ekki í störf eins og áður, alla vega ekki í eins miklum mæli. Þess vegna væri mikilvægt að heyra bæði frá hæstv. ráðherra og formanni nefndarinnar hvaða vinna sé í gangi til að leiðrétta þennan mun því ég er alveg sannfærður um að ef við breytum þessu samspili þá væri það til hagsbóta ekki bara fyrir námsmenn heldur landið allt, íslenska þjóð til framtíðar litið. Því legg ég höfuðáherslu á að menn nýti þær vikur sem eru eftir af þinginu, þ.e. ef lagabreytinga er þörf, til að betrumbæta þessi mál. Það er að minnsta kosti stefna okkar framsóknarmanna og vilji til þess að leggja áherslu á það hér á þessu þingi og við erum tilbúnir að leggja okkar lið í þá vegferð og vonandi verður hún farin.

[18:37]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spurði hvort nefndin hefði fjallað um reglur um lánshæfismat með fulltrúum stjórnar lánasjóðsins. Við gerðum það og ræddum þetta líka okkar á milli. Það er einmitt þess vegna sem við setjum þennan kafla í nefndarálitið, við leggjum áherslu á það að þegar nýjar reglur verða settar verði skilyrðið ekki svo þröngt að breytingarnar á lögunum hafi ekkert að segja, þannig að við erum einmitt að leggja áherslu á það í þessu nefndaráliti.

Varðandi framfærslugrunninn er alveg ljóst að í núverandi ramma er ekki möguleiki til þess að hækka hann en mér finnst mikilvægt að við leitum leiða til þess að hækka framfærslugrunninn í áföngum og geri ráð fyrir því að um það verði rætt.

[18:38]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi svör. Mér finnst mikilvægt að menntamálanefnd Alþingis haldi stjórnendum lánasjóðsins við efnið þegar kemur að þessari útfærslu því að ef þessi skilyrði verða allt of þröng, þá er í raun og veru ekki verið að fara eftir þeim anda sem ríkir m.a. hér í þessari umræðu og væntanlega í starfinu innan nefndarinnar, en ég á nú von á því — því að það vinnur mjög hæft fólk hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna — að stjórnendur þess sjóðs fari eftir þeim anda sem ríkir í því nefndaráliti og þeirri löggjöf sem við ræðum hér.

Hins vegar fannst mér hv. þingmaður kannski ekki skilja þessar vangaveltur mínar varðandi lánasjóðinn og atvinnuleysisbæturnar áðan. Ég var ekkert endilega að ræða um að við þyrftum að stórvíkka þennan ramma heldur samspilið á milli þeirra fjármuna sem eru í Atvinnuleysistryggingasjóðnum og í Lánasjóði íslenskra námsmanna. Mér finnst það einfaldlega ekki passa að það sé í raun og veru hagstæðara að vera án atvinnu og þiggja bætur en að stunda nám. Það er þetta sem ég hefði viljað að hv. menntamálanefnd skoðaði með mjög opnum huga. Það er ljótt ef það verður þannig á næstu mánuðum og jafnvel tveimur, þremur árum að fólk fari að horfa til þess að það geti verið betra og í raun og veru nauðsynlegt í ljósi erfiðra aðstæðna í fjármálum hjá því að það „neyðist“ til þess að vera á atvinnuleysisbótum vegna þess að það hefur ekki efni á að vera í námi af því að framfærslugrunnurinn er svo lágur.

Það er eitthvað í þessu sem mér finnst ekki ganga upp og ég hvet hv. formann nefndarinnar til þess að taka þessi mál upp á vettvangi nefndarinnar því að það er nú valdið sem kemur frá þinginu og þá frá þingnefndunum og mér þætti mjög æskilegt að nefndin tæki þetta fyrir í störfum sínum, helst á þessu sumarþingi.

[18:40]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins í ljósi orða hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar að nefna þá vinnu sem nú er í gangi á milli menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.

Sú vinna fór í rauninni í gang strax í mars og þá komust ráðuneytin kannski ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Þar var unnið heilmikið starf hvað varðaði sumarnámið og sérstaklega lögð áhersla á það hvernig þessi ráðuneyti gætu tekið höndum saman um að tryggja stöðu námsmanna í sumar. Það skilaði ágætisárangri og nú eru þessi ráðuneyti aftur sest saman við að skoða þetta samspil.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að við erum auðvitað stödd í aðstæðum sem eru okkur að mörgu leyti framandi með þetta mikla atvinnuleysi og þennan mun á milli atvinnuleysisbóta og námslána sem skyndilega er orðið raunverulegt vandamál. Ég lít svo á að það sé vandamál að grunnframfærslan sé þetta miklu lægri en atvinnuleysisbæturnar, hún er í 100.600 kr. og atvinnuleysisbætur í kringum 150, svo má segja að fólk fái nú aldrei það allt út, því að þetta er auðvitað skattlagt líka, en það er kannski að fá 145 þúsund, eitthvað svoleiðis, út úr sjóðnum. Þarna er samt of mikill munur á milli sem gerir það að verkum að fólk hikar við að fara í nám. Mörkin hafa verið þau að fólk á að geta tekið eitt námskeið t.d. í háskóla og samt verið á bótum en síðan ætti það að fara á lán ef það tekur meira. Þessar skilgreiningar þarf að skerpa og á það erum við m.a. að horfa í þessari vinnu en líka þetta samspil fjármuna, því að eins og hv. þingmaður kom inn á er ljóst að rammi menntamálaráðuneytisins dugar ekki til að stórauka framlög til sjóðsins. Þannig er það því miður, við horfum til þess núna að hann verði ekki skorinn, ólíkt öðrum stofnunum ráðuneytisins, en samt ráðum við ekki við að hækka framfærsluna. Til þess að geta hækkað hana svo næmi verðlagsbótum þyrftum við u.þ.b. 1,3 milljarða og þá gætum við hækkað framfærsluna sem næmi verðbótum í raun og veru þannig að hún fylgdi verðlagi.

Þetta erum við sem sagt að skoða í samstarfi við félagsmálaráðuneytið, hvort við getum náð einhverri lendingu þarna á milli.

[18:43]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessi svör. Það vill svo til að við hæstv. ráðherra erum oft mjög sammála í þessu og eins og hæstv. ráðherra benti á hér, að með því að færa ekki grunnframfærsluna upp bara sem nemur hækkun á vísitölunni síðustu mánuði verða námsmenn af 1.300 milljónum kr., sem er náttúrlega mjög dapur niðurskurður gagnvart hópi sem stendur ekkert allt of vel fyrir í ljósi þess að framfærslan hefur ekki verið endurskoðuð í mörg ár. Þetta verður enn dapurlegra þegar maður hugsar til þess að ríkisstjórnin skuli hafa skorið framlög til lífeyrisþega niður um 3.600 milljónir, að með þessum tveimur aðgerðum er ríkissjóður að spara sér um 5 milljarða kr. á kostnað námsmanna annars vegar og aldraðra og öryrkja hins vegar.

Þessir 5 milljarðar eru einungis 12% af 42.000 milljónum sem er einungis vaxtagreiðslan fyrsta árið vegna Icesave þannig að við sjáum um hvers lags gríðarlegar upphæðir við skuldbindum íslenska þjóð ef við samþykkjum þetta Icesave-samkomulag eins og það lítur út. Í ljósi þess að það er eitt það mesta grundvallarmál sem ég tel að við ræðum hér þessi missirin væri gott að heyra frá hæstv. ráðherra hver hugur hennar er gagnvart þessu samkomulagi sem

mun, ef það verður að veruleika, hleypa íslenskri þjóð í þvílíkt skuldafen til margra ára að við munum ekki geta haldið úti öflugum lánasjóði fyrir námsmenn og við munum ekki geta staðið undir öflugu velferðar- eða menntakerfi almennt ef þetta verður að veruleika. Ég trúi því einfaldlega ekki, af því að við hæstv. ráðherra erum oft svo sammála, og ég held að við séum skoðanasystkini í mjög mörgum málum, að hæstv. ráðherra skuli ekki vera sammála þeim sem hafa gagnrýnt þetta samkomulag, m.a. stærðfræðingum og hagfræðingum sem segja einfaldlega: Íslenskt þjóðfélag getur ekki tekið og skrifað undir þetta Icesave-samkomulag vegna þess að við höfum ekki efni á því, ekki nema við viljum hverfa marga (Forseti hringir.) áratugi aftur í tímann í lífskjörum. Hver er skoðun hæstv. ráðherra?

[18:45]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Bara svo ég ljúki svari mínu frá því áðan, hinu fyrra andsvari mínu, langar mig að segja það, af því að hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni hvort eitthvað yrði rætt frekar um framfærslugrunninn á þessu sumarþingi, að ég vonast til þess að við sjáum hvert stefnir í þessum málum, hvort við sjáum fram á einhverja lendingu eða ekki — ég ætla svo sem ekki að lofa neinu um það — svona einhvern tíma í sumar, ég held að það væri auðvitað æskilegt. Við vitum að staðan er mjög þröng og það er erfitt í raun og veru að segja til um það.

Ég held að í þessum efnum skipti miklu að hugsa um að öðrum megin erum við að beina fólki í nám sem er auðvitað þjálfun sem skilar sér að einhverju leyti til baka. Að því leytinu til, ef við sjáum fram á að þessir fjármunir nýtist betur í lánasjóðnum en annars staðar væri auðvitað óskandi að þeir færu þangað. Það er í raun og veru það sem ég vil segja um það.

Hvað varðar Icesave-samninginn höfum við hv. þingmaður þegar rætt hann aðeins einmitt í umræðum um þetta mál, ef ég man rétt, í 1. umr. um það, og ég held að það sé langbest að við geymum þá umræðu þangað til málið kemur fram því það er erfitt að gera grein fyrir afstöðu í jafnflóknu máli og Icesave-samningnum í tveggja mínútna andsvari.

[18:46]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ekki náði ég að knýja fram svar frá hæstv. menntamálaráðherra um Icesave-samkomulagið enda kannski ekki við því að búast. Ég virði það að hæstv. ráðherra vilji fá umþóttunartíma til þess að velta þessum málum fyrir sér vegna þess að við erum að tala um þvílíkar fjárhæðir að sá sem hér stendur gerir sér varla grein fyrir því frekar en svo margir aðrir hvers lags gríðarlegt umfang þetta er. Maður hefur verið að reyna að setja bara vaxtagreiðsluna fyrsta árið í samhengi við rekstur í menntakerfinu, þá jafngildir það rekstri allra íslensku háskólanna í hátt í þrjú ár. Þetta eru svo óskiljanlegar stærðir að ég vonast til þess að með mjög málefnalegri umræðu þegar við förum að kafa ofan í þau mál muni meiri hluta þingsins snúast hugur, því ég hef því miður grun um að meiri hluti þingmanna ætli sér að samþykkja þessa hrikalegu samninga með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir íslenskt samfélag í heild sinni. En við skulum bíða og sjá hvað það varðar.

Ég vil fagna því að hæstv. ráðherra lýsti því yfir að til greina gæti komið að við mundum sjá einhverja áfanga í þessu samspili á milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna þess að eftir samtöl við fjölmarga stúdenta sem hafa ekki getað fengið vinnu við hæfi í ljósi atvinnuleysisins veit ég að það er mjög erfitt fyrir ungt fólk á Íslandi í dag sem stundar nám að framfleyta sjálfu sér, sumt fólk jafnvel með börn, og þetta er mjög erfitt umhverfi sem blasir við mörgum. Þess vegna er það svo grátlegt þegar fólk er að reyna að bjarga sér, bæta við þekkingu sína, að þá horfum við upp á þetta samspil eins og það lítur út, og ég held að ef við setjumst yfir þetta mál í ágætri yfirvegun hljóti allir að sjá að það þurfi að gera breytingar.

[18:49]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. formanni nefndarinnar kærlega fyrir gott samstarf í þessu máli. Þetta er gott mál sem nefndarmenn hafa unnið að og eru í rauninni sammála um efnisatriði þess. Jafnframt vil ég hrósa menntamálaráðherra sérstaklega fyrir að gefa sér tíma til að vera með okkur í þessari umræðu.

Við höfum fengið góða gesti á fundi nefndarinnar, fulltrúa frá stúdentahreyfingunum og námsmönnum sem og forsvarsmenn sjóðsins sjálfs þannig að við gerðum okkur ágætlega grein fyrir sjónarmiðunum varðandi það enda höfum við nefndarmenn komið fram með þau sjónarmið og þær athugasemdir í nefndarálitinu að við höfum ákveðnar áhyggjur af því að stjórn lánasjóðsins setji reglur um lánshæfismat og sé í rauninni í sjálfsvald sett hvaða skilyrði námsmenn þurfi að uppfylla til að fá lán. Við höfðum áhyggjur af því í nefndinni að þessar breytingar á lögunum gætu orðið til þess að reglurnar yrðu þrengdar þannig að það yrði í raun erfiðara fyrir námsmenn að fá lán. Við hnykkjum á því sameiginlega í þessu nefndaráliti og óskum eftir því að eftir því verði farið í framtíðinni svo ekki þrengi að úrræðum námsmanna.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara og það er fyrirvari varðandi kostnaðarmat frumvarpsins. Kostnaðarmatið er ekki mjög burðugt varðandi það hvaða afleiðingar þetta muni hafa á afkomu sjóðsins og jafnframt á það í rauninni hverjar afleiðingarnar eru varðandi afkomu sjóðsins í heild sinni. Skýringarnar sem við fengum eru þær að upplýsingar hafi ekki verið teknar saman eða haldið til haga varðandi það hvenær og í hve miklum mæli reynir í raun á ábyrgðarmannakerfið.

Það er svo sem erfitt að koma með heilsteypta tölu á það hvaða kostnaður er áætlaður en engu að síður hefði verið gott og í rauninni nauðsynlegt að fá áætlun á því hvernig þetta gæti komið út. Aðrir lánasjóðir á Norðurlöndunum hafa ekki stuðst við ábyrgðarmannakerfi eins og við höfum gert á Íslandi og þeir kollegar okkar í lánasjóðunum á Norðurlöndunum hafa litið hýru auga á ábyrgðarmannakerfi okkar þar sem afkoma Lánasjóðs íslenskra náms-

manna hefur verið góð og innheimtur góðar. Það er því ástæða til þess að þingheimur sé upplýstur um að sú ákvörðun sem verður tekin hér með samþykkt þessa frumvarps kemur til með að hafa áhrif á það hvernig innheimtur verði og gæti haft þær afleiðingar til lengri tíma að lántökukostnaður sjóðsins hækkar.

Ég vildi bara gera grein fyrir þessum fyrirvara okkar sjálfstæðismanna í nefndinni en þakka að öðru leyti kærlega fyrir samstarfið varðandi þessi mál.

[18:52]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég, eins og aðrir þeir sem hér hafa tekið til máls, fagna þessu frumvarpi mjög og því góða samstarfi sem um það var í nefndinni. Það má segja að hér sé um sannkallað jafnréttisfrumvarp að ræða þar sem í raun og veru komið er til móts við þá sem ekki eiga kost á því að verða sér úti um ábyrgðarmann. Nú fá þeir sem efnaminni eru góða möguleika á því að geta farið í nám án þess þó að óþarfaáhætta sé tekið fyrir ríkið með því að gera ráð fyrir því að ef viðkomandi námsmaður uppfyllir ekki skilyrði sjóðsins sé gert ráð fyrir að hið gamla ábyrgðarmannakerfi sé við lýði.

Það er afar mikilvægt fyrir námsmenn þessa lands að eiga þennan öfluga lánasjóð, ekki síst fyrir námsmenn af landsbyggðinni, ég vil ítreka það, það skiptir landsbyggðarnemendur mjög miklu máli. Ég vildi óska þess að það mætti efla hann enn frekar þannig að við gætum tryggt námsmönnum lágmarksframfærslu og deili því skoðun hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar með að það mundi vera afskaplega hagstætt og gott ef við gætum eflt sjóðinn þannig að framfærsla námsmanna og lágmarksatvinnuleysisbætur væru hliðstæðar. Ég heyri að hæstv. menntamálaráðherra er nú þegar farin að vinna að því máli og ég geri ráð fyrir því að hv. menntamálanefnd muni einnig taka þau mál upp.

Ég vil bara ítreka að þetta frumvarp er afar mikilvægt, sérstaklega fyrir efnaminni stúdenta og stúdenta af landsbyggðinni. Ég er mjög ánægð með að það virðist vera hægt að ná góðri þverpólitískri sátt um málið. Það eina sem ég deili ekki með Birki Jóni Jónssyni er að vera alltaf að tengja málið við Icesave. Ég held að við getum alveg rætt námslán án þess að tengja það við Icesave.

[18:54]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eðlilega getum við hv. þm. Jónína Rós Guðmundsdóttir verið sammála í öllum málum, en mér finnst að við þurfum að gera okkur grein fyrir því hvernig staða ríkisfjármála verður næstu ár og jafnvel áratugi í málum sem þessum. Staða ríkissjóðs verður náttúrlega að vera með þeim hætti að hann sé aflögufær til þess að standa undir öflugu menntakerfi og velferðarkerfi og ég minntist á það áðan að segjum sem svo að við mundum setja aukalega 400 millj. kr. eða meira að segja rúmar, 420 millj. kr. inn í lánasjóðinn núna til þess að hækka framfærslugrunninn til handa námsmönnum þá væri það einungis 1% af þeim vaxtagreiðslum sem mundu koma til fyrsta árið vegna Icesave-samninganna.

Ég er í raun og veru að setja þetta í samhengi til þess að reyna að upplýsa það héðan úr ræðustól Alþingis hvers lags gríðarlegar skuldbindingar þetta hefur í för með sér. Þá getum við hv. þingmaður, segjum sem svo að þetta verði samþykkt, því miður ekki í eins miklum mæli stutt við Lánasjóð íslenskra námsmanna heldur en ella ef við hefðum náð betri samningum við þær þjóðir sem hér um ræðir. Mér finnst því mikilvægt að þessi vinkill komi fram og ég mun í mörgum öðrum umræðum um alls lags málefni, Ríkisútvarpið og hvað sem er, setja hlutina í þetta samhengi. Það getur vel verið að hv. þingmönnum Samfylkingarinnar þyki það ábyrgðarlaust en ég tel að við verðum að átta okkur á því um hvaða hlutföll og stærðir er að ræða og það mun að sjálfsögðu bitna á Lánasjóði íslenskra námsmanna og námsmönnum, eins og öldruðum og öryrkjum ef við skrifum undir jafnslæma samninga (Forseti hringir.) og Icesave-samkomulagið er.

[18:56]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu getum við ekki verið sammála um allt og að sjálfsögðu sjáum við hlutina í mismunandi samhengi, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Þannig eru hlutirnir.

Það er náttúrlega ekki þannig að það sé neitt okkar sem ætlar sér að samþykkja þessa ríkisábyrgð á Icesave með bros á vör og sól í hjarta, það er ekki þannig, þetta er hinn versti gjörningur. Eftir sem áður held ég að við séum með því raun og veru að fara af stað í ákveðinn uppbyggingarfasa sem vonandi getur skilað okkur öflugra menntakerfi og öflugri lánasjóði þar sem við í raun og veru getum farið að byggja þjóðfélagið upp að nýju þar sem við höfum náð ákveðnu jafnvægi og ákveðnu trausti á íslenskt efnahagslíf aftur.

[18:57]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sé svo sem engan uppbyggingarfasa fram undan á Íslandi í ljósi þess að við þurfum að skera niður af fjárlögum Íslendinga á næstu tveim, þrem árum um 180 milljarða kr. sem verður sársaukafullt fyrir okkur öll. Í ofanálag koma vaxtagreiðslurnar sem ég nefndi áðan sem geta verið, samkvæmt því sem maður heyrir í fjölmiðlum, allt að 300 milljarðar kr. Þær byrja þá að tikka eftir u.þ.b. sjö ár, sem mun þýða að þá verðum við áfram að stuðla að mjög erfiðum aðgerðum. Ég nefndi það hér að í ljósi umfangs þessa máls og þeirra skulda sem nú þegar blasa við okkur þurfti að skera niður framlög til námsmanna um 1,3 milljarða með því að hækka ekki framfærslugrunninn samkvæmt því sem vísitala neysluverðs hefur hækkað og ofan á það að hafa skert kjör aldraðra og öryrkja nú nýlega um 3.600 milljónir. Á örfáum dögum er því búið að skerða kjör aldraðra, öryrkja og námsmanna um 5 milljarða kr. vegna núverandi erfiðleika í efnahagslífi þjóðarinnar, að við tölum ekki um, verði þetta samkomulag um Icesave samþykkt, þá verða enn erfiðari tímar að mínu viti eftir sjö ár þegar við þurfum að fara að borga þessa himinháu vexti sem blasa við okkur í samfélaginu.

Annars vil ég óska hv. þm. Jónínu Rós Guðmundsdóttur, sem talar hér fyrir hönd Samfylkingarinnar, til hamingju

með að málstaður Samfylkingarinnar í Icesave-málinu virðist hafa gengið í gegn því að ég get ekki betur séð en að Samfylkingin sé að svínbeygja Vinstri hreyfinguna – grænt framboð þegar kemur að þessu máli. Ég finn að innan þeirra raða eru mjög blendnar tilfinningar gagnvart þessu á meðan samfylkingarmenn eru mjög áfjáðir um að þetta verði samþykkt eins og það lítur út. Það er þá ekki í eina málinu sem Samfylkingin hefur beygt Vinstri hreyfinguna – grænt framboð í duftið því að sá flokkur hefur snúið stefnunni við í ansi mörgum málum finnst mér.

[18:59]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, staðan sem við erum í er náttúrlega ekkert venjuleg, mér líður eins og við séum í svokallaðri rústabjörgun og þá held ég að leiðin geti svo sem ekki legið neitt annað en bara upp á við. Aðrir sem hafa farið á undan okkur hafa kannski svona að nokkru leyti lagt þjóðfélagið í rúst og nú erum við komin að því að byggja upp aftur. Ég held að það sé engin þörf á því að ræða um það og ég held að enginn hafi neinn áhuga á því í þessu uppbyggingarstarfi að svínbeygja hvorki einn né neinn. En að sjálfsögðu tala allir fyrir sínum málstað. Staðan er þannig að til þess einmitt að góðir sjóðir eins og Lánasjóður íslenskra námsmanna geti í framtíðinni, alla vega þegar barnabörnin okkar fara í nám, verið í góðu lagi og þau geti fengið lágmarksframfærslu þá held ég að við þurfum að fara í þær sársaukafullu aðgerðir sem við erum nú á fullu í.

[19:01]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Krafan um ábyrgðarmenn á námslánum hefur verið umdeild og því hefur jafnvel verið haldið fram að hún samræmdist ekki markmiðum Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem eiga að tryggja jafnrétti til náms. Markmiðið með þessu frumvarpi sem hér um ræðir lúta því fyrst og fremst að jafnréttis- og sameiningarsjónarmiðum. Óvissuþættirnir eru talsverðir við kostnaðarmat eins og fram kom hjá hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur áðan, einkum vegna þess að ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu oft ábyrgðarmenn greiða af láni og því er erfitt að sjá þessar afleiðingar breytinganna fyrir fram. Sá sem tekur lán haustið 2009 útskrifast í fyrsta lagi 1. janúar 2010 og hefur afborgun af láninu síðan árið 2012. Samkvæmt upplýsingum frá stjórn lánasjóðsins verður auðvelt að bregðast við ef afskriftir aukast verulega við þá breytingu sem hér um ræðir.

Að lokum vil ég þakka nefndarmönnum gott samstarf í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:02]

Útbýting:

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, 13. mál, nál. viðskn., þskj. 199.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 15. mál, nál. viðskn., þskj. 197; brtt. viðskn., þskj. 198.

Náms- og starfsráðgjafar, 2. umr.

Stjfrv., 83. mál (útgáfa leyfisbréfa). — Þskj. 95, nál. 170.

[19:03]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá menntamálanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/2009, um náms- og starfsráðgjafa.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson og Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneyti og Guðrúnu Helgadóttur og Valgerði Halldórsdóttur frá Félagsráðgjafafélagi Íslands.

Umsagnir bárust frá Háskóla Íslands, Félagsráðgjafafélagi Íslands – fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjöf menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Félagi náms- og starfsráðgjafa, og Leikn, samtökum aðila í fullorðinsfræðslu.

Með frumvarpinu er lagt til að við 4. gr. laga nr. 35/2009, um náms- og starfsráðgjafa, verði bætt heimild sambærilegri þeirri sem er að finna í 4. og 5. mgr. 24. gr. laga nr. 87/2008, um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að menntamálaráðherra geti falið háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun náms- og starfsráðgjafa, að annast útgáfu leyfisbréfa. Einnig er lagt til að ráðherra geti falið öðrum til þess bærum aðila að annast útgáfu leyfanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Hv. þingmenn Árni Þór Sigurðsson, Ásmundur Einar Daðason og Jónína Rós Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eftirfarandi hv. þingmenn skrifa undir nefndarálitið: Oddný G. Harðardóttir, Skúli Helgason, Margrét Tryggvadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Eygló Harðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisútvarpið ohf., 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (gjalddagar útvarpsgjalds). — Þskj. 187.

[19:05]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að gjalddagar útvarpsgjaldsins svokallaða verði þrír í stað eins.

Með lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., varð sú breyting að í stað afnotagjalda fyrir útvarpsafnot skyld koma sérstakt útvarpsgjald, stundum kallað nefskattur sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda í júlí ár hvert. Innheimtu afnotagjaldsins lauk um síðustu áramót.

Við þau tímamót var sú breyting gerð á lögum um Ríkisútvarpið að ákveðið var að gjalddagi útvarpsgjaldsins yrði einn. Í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna og í þágu greiðenda

gjaldsins þykir nú rétt að endurskoða þessa tilhögun og hefur hún verið endurskoðuð innan míns ráðuneytis og er lagt til í þessu frumvarpi að gjalddagar vegna einstaklinga verði þrír í stað eins, þ.e. 1. ágúst, 1. október og 1. desember, en gjalddagi lögaðila verði á hinn bóginn 1. nóvember. Þá er tekið fram að dragist framlagning álagningarskrár fram yfir fyrsta gjalddaga einstaklinga eða lögaðila færist gjalddagar til um einn mánuð. Í stað þess að þurfa að greiða gjald þetta í einu lagi í ágúst, svo sem fer um gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, er einstaklingum skapað það hagræði að greiðsla gjaldsins dreifist á þrjá gjalddaga.

Þessi breytta innheimta kann að hafa innheimtukostnað í för með sér en fjármálaráðuneytið telur að útgjöldin gætu aukist um 9 millj. kr. sem fælust þá í því að það þyrfti að senda út fleiri greiðsluseðla en einn, þ.e. þrjá.

Hins vegar vil ég nefna það sérstaklega í þessu samhengi að margir hafa haft samband út af þessu máli með útvarpsgjaldið og óskað eftir því að þetta yrði skoðað, að mögulega væri hægt að greiðsludreifa þessu gjaldi eins og öðrum. Þannig er málum háttað að það þarf þá að gerast með lagabreytingu, það þarf lagabreytingu til að hægt sé að dreifa gjaldinu á fleiri en einn gjalddaga og því legg ég þetta fram. Ætlunin er að þetta sé greiðendum til hagræðis. En ég lít svo á að hv. menntamálanefnd muni skoða málið og ræða það áfram og þingið muni taka þetta til meðferðar. Ég lít svo á að hér sé fyrst og fremst verið að koma til móts við greiðendur gjaldsins og í ljósi þess líka að hér er í fyrsta sinn verið að innheimta þetta gjald og þetta er breyting frá afnotagjöldum sem voru innheimt jafnt og þétt yfir árið og ljóst að það kann að koma illa við margra að fá einn reikning fyrir þessu 1. ágúst.

Ég hef nú gert grein fyrir frumvarpinu og legg til að því verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni 1. umr.

[19:08]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa framsögu í þessu máli. Mér sýnist að tilgangur þessa frumvarps sé góður eins og náttúrlega í öllum málum sem eru lögð fram á Alþingi. Hugsunin er sú að auðvelda almenningi greiðslur vegna þessa afnotagjalds eða nefskatts með því að fjölga gjalddögum úr einum upp í þrjá. Við þetta vakna ýmsar spurningar og ég vil áður en ég held áfram segja að ég tel nauðsynlegt að veita fólki aukið svigrúm í ljósi erfiðra aðstæðna í samfélaginu til að greiða þessa reikninga. Það segir sig sjálft að það er auðveldara að greiða afborgun í þrennu lagi heldur en í einu lagi þannig að tilgangurinn er af hinu góða og vonandi mun þetta verða einhverjum til frekari hjálpar sem á í erfiðleikum fjárhagslega.

Ég velti því fyrir mér varðandi heildarupphæðina sem almenningur borgar til Ríkisútvarpsins í ljósi þess að verið er að skipta þessum greiðslum úr einni upp í þrjár hvort það leiði ekki til þess að framlög eða þessar upphæðir berist þá eðlilega seinna inn í rekstur Ríkisútvarpsins sem býr við mikla erfiðleika í rekstri og hvort það geti þá ekki leitt það af sér að vaxtakostnaður — vegna þess að Ríkisútvarpið hefur átt í rekstrarerfiðleikum — hvort vaxtakostnaður RÚV muni ekki hækka með hliðsjón af þessu, í ljósi þess að greiðslurnar dreifast á þrjú tímabil í stað þess að þetta berist til stjórnenda RÚV í einni greiðslu. Mér til upplýsingar væri ágætt að heyra hæstv. ráðherra fara yfir þetta vegna þess að erfiðleikar Ríkisútvarpsins hafa verið miklir á undangengnum árum og hefur meðal annars hæstv. ráðherra reynt að koma að lausn þeirra mála nú nýlega sem ég ætla að fara aðeins betur yfir á eftir.

Frú forseti. Það er áætlað að útgjöld ríkissjóðs geti aukist um 9 millj. kr. með auknum fjölda útsendra innheimtuseðla. Að sjálfsögðu þurfum við að gæta aðhalds í rekstri hins opinbera. Það væri æskilegra að verja þessum 9 millj. kr. með einhverjum öðrum hætti til þess meðal annars að bæta kjör námsmanna, eldri borgara eða annarra frekar heldur en ráðast svona í kostnaðarsamar aðgerðir. Því velti ég því fyrir mér þar sem við hæstv. ráðherra erum á svipuðu reki hvort þetta fyrirkomulag, þ.e. gamaldags fyrirkomulag að mínu viti að senda greiðsluseðla með pósti til fólks sé endilega það heppilegasta í ljósi þess að þetta er nokkuð dýrt innheimtuform. Sjálfur — svo ég upplýsi mitt heimilisbókhald — borga ég ýmsa þætti með reglulegum greiðslum út af mínu greiðslukorti og meðal annars mánaðarlega og verð þar af leiðandi minna var við slíkt. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún hafi skoðað eitthvað slíkt, hvort ekki væri hægt að taka upp einfaldara fyrirkomulag án þess þó að afnema þetta, þ.e. að þeir sem mundu til dæmis vilja láta bókfæra þetta út af sínu kreditkorti mánaðarlega, tólf sinnum á ári, gætu slíkt því ég tel það einungis vera hluta af 21. öldinni sem við lifum á. Væri ekki eðlilegra að gefa þeim sem borga þessi afnotagjöld, þennan nefskatt kost á því einfaldlega að skuldfæra þetta af kreditkorti einu sinni í mánuði. Þar af leiðandi mundi gjalddögunum fjölga enn frekar og fólk yrði enn minna vart við að borga þessi afnotagjöld. Það mundi líka létta umræðuna um Ríkisútvarpið almennt sem hefur á stundum verið neikvæð á undangengnum árum og þá kannski ekki síst út af þessum afnotagjöldum og nú nefskattinum sem blasir við okkur.

En varðandi fjárhag Ríkisútvarpsins, sem er ein af grundvallarstofnunum í okkar samfélagi og gegnir mjög mikilvægu hlutverki og mikilvægt er að búa vel að þeirri stofnun, þá vil ég inna hæstv. ráðherra örstutt eftir því hver staða Ríkisútvarpsins sé núna. Eins og við þekkjum lýsti hæstv. ráðherra því yfir, eftir væntanlega viðræður við stjórnendur Ríkisútvarpsins, að skuld Ríkisútvarpsins, þá væntanlega við ríkissjóð upp á 400 eða 500 millj. kr., þ.e. ráðherra hefði ákveðið að breyta þeirri skuld í hlutafé og að sjálfsögðu er það náttúrlega alltaf með fyrirvara Alþingis eins og við þekkjum. En ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því þar sem við starfað á sumarþingi um nokkurra vikna skeið hvort hæstv. ráðherra hefði ekki ætlað sér að leggja fram eitthvert frumvarp þannig að Alþingi Íslendinga mundi staðfesta þennan gjörning sem er upp á að mig minnir 400–500 millj. kr. Ég bind miklar vonir við hæstv. ráðherra að því leyti til að hæstv. ráðherra er ungur stjórnmálamaður og við höfum verið að tala fyrir því að breyta vinnubrögðum á vettvangi þingsins. Þar sem ég þykist vita að hæstv. ráðherra óskaði ekki eftir fundi í fjárlaganefnd til að fá þessa heimild, þ.e. breyta þessari skuld yfir í hlutafélag sem ætti náttúrlega að vera hinn eðlilega framgangur mála — nú ætla ég ekki að vera í fortíðinni. Ég er að hugsa

fram á veginn — þ.e. þegar ráðherrar í ríkisstjórn Íslands ákveða að skuldbinda ríkissjóð og það er Alþingi sem fer með fjárveitingavaldið væri þá ekki æskilegt að hæstv. ráðherrar tilkynni og óski eftir fundi með viðkomandi nefnd, þ.e. fjárlaganefnd, til að óska eftir stuðningi nefndarinnar til að fara í slíkan gjörning? Nú gerði hæstv. ráðherra það ekki. En ég spyr þá af því að hæstv. ráðherra er ungur stjórnmálamaður og náttúrlega þrælefnilegur eins og allir sjá sem hafa horft á þessa umræðu hvort hæstv. ráðherra sjái það ekki fyrir sér í framtíðinni að það væri æskilegra að aðilar úr framkvæmdarvaldinu sem sækja sitt umboð til þingsins viðhafi að minnsta kosti í stærri málum — nú er 400–500 millj. kr. ákvörðun orðin stórmál í dag í ljósi efnahagsástæðna — hvort ekki væri betra að hafa það sem reglu hér eftir að ráðherra óski eftir fundi með viðkomandi nefnd eða fulltrúa ráðherra til þess að minnsta kosti að leita eftir umboði frá meiri hluta þingmanna sem sitja í þeirri nefnd. Vanalega er það leyfi veitt. Í ljósi þess ráðherraræðis sem mér finnst við búa við og þess hversu máttlaust þingið virðist vera í allri ákvarðanatöku finnst mér að breyting sem þessi gæti verulega styrkt löggjafarþingið og samkomuna og líka það hlutverk sem alþingismenn eru kjörnir til að sinna. Við erum kjörin til að gæta hagsmuna Alþingis. Við erum kjörin til að setja ríkisstjórninni ákveðin fjárlög sem hún á að vinna innan. En því miður hefur borið á því — ekki bara síðustu mánuði heldur mörg síðustu ár og jafnvel áratugi — að ráðherrar hafa tekið sér það vald að senda út fréttatilkynningar um að ríkisstjórnin hafi ákveðið að verja þetta mörg hundruð milljónum eða jafnvel milljörðum til þess að styrkja viðkomandi málefni án þess að hafa leitað til þingsins. Ef okkur er alvara með það að styrkja löggjafarsamkomuna og löggjafarþingið sem þessi ríkisstjórn hefur reyndar boðað — hún hefur boðað svona lýðræðislega umræðu — þá velti ég því fyrir mér hvaða sýn hæstv. ráðherra hafi á málefni sem þetta, þ.e. að ráðherrar komi auðmjúkir með beiðni til fjárlaganefndar þar sem óskað er eftir viðbótarstuðningi í tiltekið verkefni sem yrði þá reyndar væntanlega oftar en ekki samþykkt af því að ráðherrann hefur vanalega meiri hluta á bak við sig í nefndinni. En segjum sem svo að það væri eitthvað sem ráðherra og ráðuneytið hefði mislesið í og einhver þingmaður sæi, þá væri mögulega hægt að afstýra vitlausum ákvörðunum vegna þess að sú yfirlýsing sem ráðherrann og ráðherrar í dag eru að gefa út með sínum fréttatilkynningum verða yfirleitt ekki aftur teknar vegna þess að þá hefur verið búið að skapa mjög miklar væntingar í samfélaginu.

Þetta er nokkuð sem ég mundi vilja sjá, þ.e. breytingu á þessum vinnubrögðum almennt sem ég batt miklar vonir við í ljósi þess að helmingur þingmanna er nýr á Alþingi, að við mundum reyna að innleiða þessi vinnubrögð því að fortíðin kennir okkur að núverandi stjórnarfyrirkomulag gengur í raun ekki upp að mínu viti því að betur sjá augu en auga eða betur heyra eyru en eyra, ef svo mætti að orði komast. Mér finnst því mikilvægt að þegar við tökum ákvarðanir sem þessar að fleiri komi að ákvarðanatökunni heldur en einn eða fleiri ráðherrar, jafnvel tólf ráðherrar. Því væri ánægjulegt ef hæstv. ráðherra, sem er oft sammála mér og ég er oft sammála hæstv. ráðherra, deildi þessari sömu framtíðarsýn þannig að við gætum eflt þingið á ný og hafið það upp til vegs og virðingar því það er þannig að hæstv. ráðherrar starfa í umboði alþingismanna sem þjóðin hefur kosið til að sinna ábyrgðarstörfum og það er fullkomlega ömurlegt að fylgjast með því hvernig Alþingi er hálfmáttlaust núna á þessum síðustu og verstu tímum þegar miklir efnahagserfiðleikar ganga yfir þjóðina, að við þurfum í máli eftir máli að hlusta á það í fjölmiðlum eftir einhverjar fréttatilkynningar sem ráðherrar hafa sent frá sér hvaða ákvörðun ríkisstjórnin hefur tekið í viðkomandi málaflokki. Það er hreinlega ekki samboðið virðingu þingsins og ég vonast til þess að nýir þingmenn á vettvangi Alþingis og sú nýja kynslóð stjórnmálamanna sem er að ryðjast fram á völlinn muni breyta einhverju í þessum málum. Forustumenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, eru mjög þingreynt fólk og þekkja kannski ekki önnur vinnubrögð en þessi enda hafa báðir hæstv. ráðherrar verið um áratugaskeið í stjórnmálum. Einhvers staðar segir að erfitt sé að kenna gömlum hundi að sitja. Nýir vendir sópa aftur á móti best. Því bind ég miklar vonir við að hæstv. ráðherra muni svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hana sem voru nokkrar, í fyrsta lagi hvort við getum ekki breytt að einhverju leyti þessu gamaldags fyrirkomulagi varðandi innheimtuna og síðan mundi ég vilja heyra hæstv. ráðherra fara örlítið betur yfir það hvernig umgangast á Alþingi þegar ráðherrar taka ákvarðanir um fjárútlát sem Alþingi hefur ekki veitt heimild til.

Annars vil ég lýsa yfir ánægju með þann anda sem er yfir þessu frumvarpi og sé ekki annað í fljótu bragði en að við framsóknarmenn munum styðja þetta mál. Þetta er svo sem ekki stórt að umfangi. En ég tel að það megi skoða einhverjar breytingar til hagsbóta fyrir almenning sem gangi enn lengra en þetta. Vil ég þá benda á að hægt er að innheimta hluti með allt öðrum hætti núna en fyrir tíu eða tuttugu árum. Ég bendi á að nefndin skoði það sérstaklega og ég hef þá trú að það væri sérstaklega til hagsbóta fyrir þá sem greiða framlög til Ríkisútvarpsins. Ég vil enda á að segja í þessari umræðu að það gegnir lykilhlutverki í okkar samfélagi og mikilvægt er að við hlúum sem best að því.

[19:20]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni hans yfirferð yfir málið. Mig langar að nefna varðandi það hvort þessi dreifing á gjaldi leiði til aukins vaxtakostnaðar fyrir Ríkisútvarpið að ég reikna með því að hv. menntamálanefnd muni ræða það í umfjöllun sinni um málið. Við töldum ekki að þetta ætti að hafa verulega áhrif á það en hins vegar vitum við auðvitað ekki hvernig heimturnar verða af útvarpsgjaldinu en við vonumst til að þær gæti orðið betri með þessari dreifingu fremur en að þetta leggist allt á einn gjalddaga.

Þegar kemur að greiðsluseðlinum er mér líkt farið og hv. þingmanni að ég taldi að það gæti ekki verið mikið mál að dreifa þessu en þetta tengist hinni almennu skattheimtu og ég reikna með því að hv. menntamálanefnd muni líka ræða við skattyfirvöld almennt um innheimtuaðferðir þar en ég held að skoða þurfi heildstætt hvernig það er innheimt og hvort hægt er að gera þetta með einhverjum ódýr-

ari hætti og án þess t.d. að senda út greiðsluseðla. Þar komum við að skattyfirvöldum. Þessi kostnaður mundi í raun og veru leggjast á þau eða Fjársýslu ríkisins, þær 9 millj. kr. sem þarna eru nefndar.

Þegar kemur síðan almennt að þessum ákvörðunum held ég að það sé rétt hjá hv. þingmanni að það er eðlilegt að skoða betur samskipti fjárlaganefndar og hins vegar ráðherra. Nú á þessi ákvörðun sem má segja að ég taki sem handhafi hlutabréfsins í Rúv ohf. auðvitað eftir að koma til kasta fjárlaganefndar í fjáraukalögum sem verða lögð fyrir þingið. Spurningin er hvort þessi umræða ætti að fara fram fyrr, þ.e. að ræða þetta í fjárlaganefnd áður en þetta kemur inn á fjáraukalög, sem það á auðvitað eftir að gera, og þar held ég að við þurfum að skoða það heildstætt. Þetta tengist bæði almennt vinnubrögðum fjárlaganefndar og ráðherra og samspili þeirra en líka hvernig við meðhöndlum opinber hlutafélög sem eru tiltölulega nýtt form og kannski erfiðara að átta sig á hvernig maður fer með fjármuni þar en t.d. þegar átt er við venjulega ríkisstofnun (Forseti hringir.) þar sem aðrar leikreglur gilda. Ég tek því undir með hv. þingmanni að þetta má skoða mun betur.

[19:23]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég kem einungis upp til að lýsa yfir mikilli ánægju með yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Það er ferskur tónn í þessum málflutningi að hæstv. ráðherra er tilbúin að skoða það að innleiða hér ný vinnubrögð. Ríkisstjórnin er í raun og veru fjölskipað stjórnvald þannig að hæstv. ráðherra hefur mikil völd yfir sínum málaflokki og væri ráðherranum í lófa lagið að innleiða ný vinnubrögð á Alþingi með því að lýsa því yfir að komi til slíkra ákvarðana í ráðuneyti hennar muni ráðherrann taka frumkvæði í því innan ríkisstjórnarinnar að eiga þessi samskipti við fjárlaganefnd. Það er í raun og veru ekkert sem stendur í vegi fyrir því. Um leið væri hæstv. ráðherra að brjóta í blað, held ég, í margra ára sögu Alþingis Íslendinga og auka vægi fjárlaganefndar þingsins með því að óska eftir fundi annaðhvort sjálf eða embættismenn viðkomandi ráðherra til að kynna þær ákvarðanir sem hefði þurft að taka snögglega því að vanalega er hér um óvænt og ófyrirséð útgjöld að ræða. Það væri vissulega prik í bók hæstv. ráðherra. Ég mundi fyrstur manna koma hér upp og lýsa yfir því að þau vinnubrögð mörkuðu ákveðin tímamót í samskiptum framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Í raun og veru mundi það sýna ákveðinn virðingarvott af hálfu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi Íslendinga og nefndum þess og þess hlutverks sem þingmenn eiga að gegna, að hafa frumkvæði að slíkum nýjum og breyttum vinnubrögðum. Ég vona að hæstv. ráðherra geri þetta í framtíðinni því að ég hugsa að það verði hæstv. ráðherra til vegsauka í stjórnmálum og stjórnarandstaðan mun a.m.k. leggjast á sveif með þessum vinnubrögðum og vonandi, ef af þeim verður, verða þau vinnubrögð öðrum hæstv. ráðherrum til eftirbreytni.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

[19:25]

Útbýting:

Afkoma sveitarfélaga, 135. mál, fsp. BJJ, þskj. 196.

Fundi slitið kl. 19:26.

30. FUNDUR

þriðjudaginn 30. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 82. mál, þskj. 94, nál. 184. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Náms- og starfsráðgjafar, stjfrv., 83. mál, þskj. 95, nál. 170. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Skýrsla fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013, skýrsla, 126. mál, þskj. 173. — Ein umr.
5. Þjóðaratkvæðagreiðslur, stjfrv., 125. mál, þskj. 169. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
Pétur H. Blöndal, 7. þm. Reykv. n.
Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.

Umfjöllun fjárlaganefndar og allsherjarnefndar um skýrslur Ríkisendurskoðunar.

[13:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill tilkynna að með bréfi, dags. 29. júní 2009, hefur forseti óskað eftir því við fjárlaganefnd að hún fjalli um skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálastjórn 50 ríkisstofnana.

Þá hefur forseti óskað eftir því við allsherjarnefnd með bréfi, dags. 29. júní 2009, að hún fjalli um skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar og ársáætlanir 2008.

Þetta er í samræmi við reglur um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar sem forsætisnefnd samþykkti 12. febrúar 2008.

Störf þingsins.

Stofnfé sparisjóða – þjóðaratkvæðagreiðslur – Icesave – samgöngumál.

[13:32]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill tilkynna að þar sem fjórir hv. þingmenn hafa beðið um orðið undir dagskrárliðnum Störf þingsins þá mun forseti haga umræðunni þannig að hann gefur hv. þingmanni orðið og síðan þeim sem hann vil eiga orðastað við og svo koll af kolli.

[13:32]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Margir stofnfjáreigendur víðs vegar um land tóku þá afdrifaríku ákvörðun að auka stofnfé sitt til að verja sjóðinn sinn og oft undir miklum samfélagslegum þrýstingi til að verja þjóðina gegn ýmsum lukkuriddurum. Fjölmargir fjármögnuðu þá aukningu með gengistryggðum lánum. Þessum einstaklingum var m.a. bent á að ef allt færi á versta veg færu bréfin aldrei á minna en nafnvirði þar sem ekki væri heimilt að skrifa niður stofnfé, aldrei á minna en verðinu 1. Reglur um stofnframlag voru afgreiddar frá fjármálaráðuneytinu. Sparisjóðirnir sóttu þá um það framlag sem ríkið var búið að lofa en svo birtist allt í einu frumvarp um sparisjóði þar sem algerlega á að breyta hugmyndafræðinni á bak við stofnfé og fara að meðhöndla það líkt og hlutafé.

Í frumvarpi viðskiptaráðherra er ætlunin að leyfa að skrifa alveg niður stofnfé eða eins og henta þykir. Látið er að því liggja að niðurfærsla stofnfjár sé forsenda þess að ríkissjóður afgreiði umsóknir sparisjóða um stofnfjárframlag á grundvelli neyðarlaganna. Þannig á enn á ný að fara að breyta leikreglunum eftir á. Því beini ég eftirfarandi spurningu til hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar: Gerir þingmaðurinn sér grein fyrir að niðurfærsla stofnfjár getur þýtt að fjöldi stofnfjáreigenda getur orðið gjaldþrota? Í Sparisjóði Keflavíkur er um 1.500–1.600 stofnfjáreigendur, þar af eru það um 200 í Húnaþingi vestra sem eiga stórar upphæðir í stofnfé, að langmestu leyti einstaklingar, bændur, ellilífeyrisþegar og venjulegt vinnandi fólk. Sama má raunar segja um langstærstan hluta stofnfjáreigenda í Sparisjóði Keflavíkur.

Einnig hefur verið bent á að sama staðan sé uppi í Sparisjóði Bolungarvíkur sem er líka í kjördæmi hv. þingmanns. Mjög margir eða 25% eru kjósendur hv. þingmanns sem hafa trúað á loforð VG um að standa vörð um sparisjóðina. Telur þingmaðurinn þetta vera í anda þess að tryggja hinn félagslega grunn sparisjóðanna að ríkisvæða þá? (Forseti hringir.) Telur hann að frumvarp þetta sé í anda þess að endurskipuleggja sjóðina í samræmi við grunngildi sparisjóðanna, félagshyggju, samvinnu, byggðarfestu og uppbyggingu landsbyggðarinnar?

[13:35]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á þessu máli og bera það upp. Sparisjóðirnir eru eitt af því sem Vinstri græn hafa ávallt lagt mikla áherslu á, það er alveg hárrétt. Við höfum varað við því á hvaða vegferð þeir hafa verið, við höfum flutt frumvarp í þinginu til þess að reyna að sporna við því sem þar var í gangi. Hv. þingmaður þarf ekki að uppfræða mig um hvernig nágrannar mínir í Strandasýslu og Húnavatnssýslu fóru út úr þessu. Það er alveg hárrétt, þarna eru margir aðilar sem standa mjög illa (Gripið fram í.) hvað þetta snertir.

Varðandi lækkun stofnfjár er einfaldlega verið að framfylgja neyðarlögunum. Í neyðarlögunum kemur skýrt fram að ekki er heimilt að leggja sparisjóðunum til 20% aukafjárveitingu nema stofnféð sé lækkað niður í raunvirði. Það er staðreynd, undir það hefur verið tekið, eins og hv. þm. Eygló Harðardóttir þekkir, enda situr hún í nefndinni sem hefur málið til umfjöllunar. Það hafa forsvarsmenn Sambands íslenskra sparisjóða bent á, það hefur Seðlabankinn bent á, það kemur skýrt fram í neyðarlögunum, svo grátlegt sem það er. Það þekkir hv. þingmaður og það þekki ég líka úr mínu héraði og hjá nágrönnum mínum.

[13:36]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Í dag fer fram 1. umr. um frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Þingmenn Framsóknarflokksins og þingmenn Borgarahreyfingarinnar hafa lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að einu mikilvægasta máli sem komið hefur inn á borð þingsins, Icesave-deilunni, verði skotið til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon sagði í viðtali við *Vísi* þann 27. júní sl. að þetta tiltekna mál væri of snúið til að hægt væri að bera það undir þjóðaratkvæði. Auk þess væru ekki til nein lög um þjóðaratkvæðagreiðslur. Því verður kippt í liðinn fljótlega ef þingmenn stjórnarinnar ætla að greiða þeim lögum atkvæði sitt en það sem vekur furðu mína er viðsnúningur ráðherrans á viðhorfi sínu. Hann sagði í umræðu á Alþingi 4. mars 2003 þegar verið var að ræða um álverið á Reyðarfirði:

„Stundum heyrist að vísu einstaka hjáróma rödd um að sum mál séu svo flókin að þau henti ekki í þjóðaratkvæði. Það er einhver allra ömurlegasti málflutningur sem ég heyri.“

Nú vil ég spyrja hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um skoðun hennar á þessum ummælum formanns flokks hennar og hvort hún vilji að Icesave-málið fari í þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort málið sé ekki einmitt af þeirri stærðargráðu að það falli undir það frumvarp sem ríkisstjórnin leggur fram í dag.

[13:38]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að ef vitnað er í beinan texta þurfa þeir að fá leyfi forseta til þess.

[13:39]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Hv. þingmaður hafði óskað eftir því að ræða við mig um afstöðu mína til þjóðaratkvæðagreiðslu og ég vil segja það í upphafi að stefna Vinstri grænna í þeim efnum er mjög skýr. Við viljum beina aðkomu þjóðarinnar að mikilvægustu málum og við höfum ítrekað á undanförnum

árum, allt frá þinginu 2001–2002, flutt um það tillögur á þingi, um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, um þjóðaratkvæði um byggingu Kárahnjúkavirkjunar 2002–2003, um sölu Landssímans 2004–2005 og um framhald eða stöðvun stóriðjuframkvæmda á árinu 2005–2006.

Á þessum tíma var það ekki beinlínis Framsóknarflokkurinn sem studdi okkur í þessum hugmyndum, því miður var það ekki svo. Engin af þessum tillögum okkar náði fram að ganga. Í þessu ríkisstjórnarsamstarfi náðist hins vegar um það niðurstaða í verkefnaskrá að settur verði lagarammi um þjóðaratkvæðagreiðslur og nú er hann kominn fram, frumvarpið er komið fram og er á dagskrá í dag. Það er ákveðin málamiðlun eins og gengur og ég verð að segja það fyrir mig að ég sakna þess úr því frumvarpi (Gripið fram í.) að minni hluti þingmanna geti ekki kallað eftir því að fá fram þjóðaratkvæðagreiðslu. (Gripið fram í.) Ég sakna þess líka, hv. þingmaður, að í þessu frumvarpi er ekki ákvæði um að tiltekinn hluti þjóðarinnar geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. (**HöskÞ:** En Icesave?) Ég skal koma að því, hv. þingmaður. Það hefði verið ágætt ef spurningin sem beint var til mín í morgun hefði snúist um það. Hún snerist um hvaða afstöðu ég hefði til þjóðaratkvæðagreiðslna almennt. En ég fæ tækifæri til að koma upp aftur í seinna svari, vona ég, og þá skal ég koma að aukaspurningunni sem þingmaðurinn beindi til mín.

[13:41]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Þjóðin sem og þingheimur allur hafa beðið þess í ofvæni að fá einhverjar fréttir af því hvenær Icesave-samningarnir verða lagðir fyrir þingið og hvernig það muni bera að. Hæstv. fjármálaráðherra byggði á dögunum upp væntingar hjá þjóðfélaginu um glæsilega niðurstöðu og því verður að segja að vonbrigðin urðu mikil þegar samningarnir litu dagsins ljós fyrir þingmenn eftir mikið japl, jaml og fuður. Nú bíðum við þingmenn eftir því að málið verði lagt fram og nýjustu fregnir herma að það verði í dag. Samkvæmt sögusögnum verða fylgiskjöl með samningunum sem reynt er að vekja væntingar um að muni breyta afstöðu manna í þessu máli. En mér skilst að frumvarpið komi fram í dag og að í því verði falin ósk um ríkisábyrgð vegna þessara samninga. Heildartala samninganna hljóðar upp á um það bil 730 milljarða kr. auk vaxta sem nema um 40 millj. kr. á ári en með umfjöllun sérfræðinga munu þeir falla á ríkið í heild.

Í merkilegri grein Jóns Daníelssonar prófessors í *Morgunblaðinu* í dag kemur fram sú afstaða hans að samninginn verði að fella. Sníða þurfi af samningunum lagalega agnúa og gæta þess að fjárhæðin sem falli á Ísland verði ekki svo há að hagkerfið nái ekki að greiða skuldina og öðlast fyrri styrk. Jafnframt er gagnrýnt að samninganefndin var skipuð mönnum sem fæstir hafa komið nálægt alþjóðlegri samningagerð af þessu tagi áður. Í ljósi þess að málið varðar alla fjárhagslega framtíð landsins tel ég rétt að beina eftirfarandi spurningum til hv. formanns fjárlaganefndar:

1. Telur hv. þm. Guðbjartur Hannesson að sá samningur sem fyrir liggi sé glæsilegur? Telur hann að það hafi verið mistök af ríkisstjórninni að skipa pólitíska embættismenn í forsvar fyrir nefndina og telur þingmaðurinn að nægilegt tillit hafi verið tekið til sérstakrar stöðu íslensks efnahagslífs þannig að forsvaranlegt sé að samþykkja samninginn?

2. Ætlar hv. þingmaður Guðbjartur Hannesson að samþykkja ríkisábyrgð á samningunum?

[13:43]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Hér kemur Icesave-málið enn einu sinni á dagskrá. Ég veit ekki hvort hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir hefur tekið eftir því að ég hef hvergi fjallað um þetta mál opinberlega. Það er vísvitandi einfaldlega vegna þess að ég hef beðið eftir því að það komi formlega inn í þingið, þ.e. að krafan og óskin um ríkisábyrgðina með öllum þeim gögnum sem henni fylgja verði flutt af þar til bærum aðila. Ég áskil mér rétt til að skoða þau gögn og meta afstöðu mína í framhaldi af því. Nú eygjum við þá von að þetta mál komi inn í þingið á einum eða tveimur dögum.

Ég ætla samt ekki að sneiða hjá því að svara þessum spurningum. Ég hef aldrei heyrt þær yfirlýsingar um að samningur um Icesave sé glæsilegur. (Gripið fram í.) Það getur ekki glatt einn einasta mann að þurfa að gera slíkan samning og það hljóta allir að harma að við skulum vera búin að setja þjóðina með því umhverfi sem við sköpuðum bönkum og fjármálalífinu á undanförnum árum í þá stöðu að við skuldum erlenda innlánsreikninga til jafns við íslenska innlánsreikninga upp á hundruð milljarða. Ég held að það sé aldrei hægt að kalla það glæsilegan samning.

Varðandi skipun embættismannanna mætti sömuleiðis spyrja um hvort ég sé hæfur til þess sem formaður fjárlaganefndar að taka málið til umfjöllunar. Ég tel svo vera einfaldlega vegna þess að ég tel að það sé hlutverk okkar, þótt ekki sé um að ræða sérstaka fagmenntun í Icesave, að kalla til aðstoðarfólk og menn sem hjálpa til við slíka vinnu. Ég hef svo sem ekki hlýtt mönnum yfir það, þeim pólitísku embættismönnum, eins og hv. þingmaður kallar það, hvernig þeir leituðu ráða en auðvitað er það hluti af því sem þarf að fjalla um í Icesave-málinu hvernig staðið var að samningagerðinni.

Varðandi áhrifin á íslenska efnahagslífið mun það væntanlega koma fram í þeim gögnum sem lögð verða fram með Icesave. Það verður þá væntanlega hlutverk Alþingis að meta það hvort við stöndum undir þeim skuldbindingum sem gefnar hafa verið, (Forseti hringir.) meta það hvort við eigum að samþykkja þennan samning og vera þannig inni í alþjóðasamfélaginu (Forseti hringir.) eða að hafna honum.

[13:46]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Í ljósi umræðu hér í gær um samgöngumál langar mig að spyrja hv. 1. þm. Suðurk., Björgvin G. Sigurðsson, út í afstöðu hans til forgangsröðunar samgöngumannvirkja. Öll mannvirki eru mjög mikilvæg, hvort sem það eru göng í gegnum Vaðlaheiði, samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll eða tvöföldun Vesturlandsvegar, Suðurlandsvegar eða önnur þau mannvirki sem nauðsynleg eru. En annars vegar í ljósi umræðu við hæstv. samgönguráðherra í gær og hins vegar vegna fundar sem hæstv. samgönguráðherra og hv. þáverandi þingmaður Suðurkjördæmis, núverandi 1. þm. þess, Björgvin G. Sigurðs-

son, áttu og boðuðu til alla sveitarstjóra Árborgarsvæðisins, sveitarstjórnir, stjórn og samgöngunefnd Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga þar sem kynnt var, fyrir kosningar, að ákveðinn hluti vegarins væri búinn í skipulagsmálum og tilbúinn til útboðs sem yrði nú í júní- eða júlímánuði langar mig að heyra álit hans á þeirri breytingu á forgangsröðun sem hæstv. samgönguráðherra kynnti hér í gær.

Mig langar að vitna aðeins í sjöttu skýrslu samgöngunefndar SASS sem búin er að vinna ötullega að þessu máli. Þar segir að umferðin um Suðurlandsveg frá Reykjavík til Selfoss sé á bilinu 6.700–10.000 bílar eftir því hvar talið er og hefur aukist um 35–40% á sjö árum. Fólk sem fór þennan veg um helgina var reyndar í stærri bílaflota því að á laugardeginum fóru þar um 14.500 og tæplega 16.000 á sunnudeginum. Sumir héldu að þeir væru að keyra að slysi, svo hægt gekk umferðin. Það er heldur ekki skrýtið, síðustu sex árin, 2002–2007, urðu þar 10 banaslys og allt að 764 óhöpp, meiri háttar, minni háttar (Forseti hringir.) eða banaslys. Því langar mig að beina fyrirspurninni til hv. 1. þm. Suðurk. hvort hann sé sammála forgangsröðun hæstv. samgönguráðherra.

[13:48]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Vegakerfið í kringum Stór-Reykjavíkursvæðið og á suðvesturhorninu, Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur, er löngu sprungið. Þar eru hættulegustu vegarkaflarnir á landinu, langhættulegustu og dýrustu slysin á hverju einasta ári eru á Suðurlandsvegi. Þess vegna hefur sá sem hér stendur og margir aðrir þingmenn og sveitarstjórnarmenn um árabil, sérstaklega síðustu 4–5 árin, barist mjög fyrir því að skilið verði á milli aksturstefna á veginum og vegurinn breikkaður. Það hefur unnist ágætlega áfram. Það var ákveðið í vetur að fara ekki með það í einkaframkvæmd, heldur bjóða út tiltekinn kafla sem er tilbúinn til útboðs. Síðustu tvo daga hefur umræðan hins vegar verið mjög villandi og byggð á þeim grundvallarmisskilningi að núna hafi allt í einu átt sér stað forgangsröðun á milli vegaframkvæmda, Suðurlandsvegar, Vaðlaheiðarganga og samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni, en það er mikill misskilningur. Engin forgangsröðun á milli vegaframkvæmda hefur átt sér stað. Það er kjarninn í málinu. Engu hefur verið slegið á frest nema þeim útboðum sem áttu að eiga sér stað á hefðbundnum ríkisframkvæmdum. Sumar þeirra hafa frestast út af niðurskurði í vegamálum en Suðurlandsvegur, sá kafli og áfangi sem var kynntur í vetur, stendur eins og stafur á bók, sá kafli verður boðinn út við fyrsta tækifæri um leið og ríkið fer aftur að bjóða út.

Það væri ný ákvörðun að hætta við ríkisframkvæmdina og tvöföldun og setja hann allan í einkaframkvæmd sem hefur alltaf komið mjög vel til greina, t.d. kaflann Hveragerði – Selfoss eins og rætt var um, þannig að hér er um að ræða mikinn misskilning, engin forgangsröðun hefur átt sér stað og engu verið frestað. Ég óskaði eftir því í gær við Samband sunnlenskra sveitarfélaga, samgönguráðherra og Vegagerð að við héldum sameiginlegan fund í þessari viku með öllum þingmönnum kjördæmisins um þetta mál, einkaframkvæmd og vegamálin almennt, út af þessari villandi misskilningsumræðu og sá fundur verður, vænti ég, með samgönguráðherra, Vegagerð, SASS og þingmönnum á morgun.

[13:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á þeim orðum sem komu fram hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni. Hann segir að engu hafi verið frestað þegar kemur að vegaframkvæmdum og hljótum við öll að fagna því. Hann talaði sömuleiðis um að forgangsröðunin yrði ekki í þá veru sem hér hefur verið í umræðunni þannig að við erum að sjá þá væntanlega Vesturlandsveginn og Suðurlandsveginn framar í forgangi.

Mér þótti athyglisvert að hlusta á þessa umræðu í dag. Þá er ég ekki að vísa í það að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir var, ef ég skildi hana rétt, að útskýra að þrátt fyrir að Vinstri grænir væru mjög fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu væru þeir orðnir andvígir henni núna sökum þess að Framsóknarflokkurinn var það á síðasta kjörtímabili. Eru Vinstri grænir einhvern veginn að verða að Framsóknarflokknum eins og hann var og þetta er allt saman hið athyglisverðasta.

Hér var rætt mál sem ég vek athygli þingmanna á, það er verið að breyta lögum um sparisjóði. Það á að gera með mjög miklum hraða án þess að fyrir því hafi komið fullnægjandi rök. Það er svolítið kaldhæðnislegt að á sama tíma og við vorum að gera þetta fyrir nokkrum dögum afgreiddum við mál með miklum hraða um fjármálafyrirtæki þar sem sérstaklega var varað við að það yrði gert með þeim hraða. Rökin fyrir hraðanum voru þau að það ætti að greiða laun starfsmanna í uppsagnarfresti. Nú hefur það komið í ljós, virðulegi forseti, að það stenst ekki og í fyrramálið mun viðskiptanefnd setjast yfir þessi lög, þessi mál sem (Forseti hringir.) meiri hlutinn klúðraði fyrir nokkrum vikum. Aftur á að gera það núna hratt og vel (Forseti hringir.) með sparisjóðina og þar undir liggja ekki litlir hagsmunir, virðulegi forseti. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill minna þingmenn á að virða ræðutíma.)

[13:53]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Svo virðist sem það sé hálfflókið fyrir stjórnarþingmenn að skilja þetta. Þessi liður heitir störf þingsins, við gefum upp hvert umræðuefnið er og síðan beinum við fyrirspurnum til einstakra þingmanna. Þær eiga ekki að vera skriflegar, þetta á að vera óundirbúið og ég vonast til þess að aðrir þingmenn treysti sér í framtíðinni til að svara spurningunum.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi nokkur mál sem hún vildi að færu í þjóðaratkvæðagreiðslu á sínum tíma. Icesave-deilan ein og sér, fullyrði ég, er stærra mál en öll hin sem hún nefndi áðan, jafnvel þó að þau hafi verið mjög brýn. Það skal ekki dregið úr því.

Hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon sagði að þetta mál væri of flókið fyrir ríkisstjórnina þegar það var borið á hann í fjölmiðlum núna um daginn. Engu að síður sagði hann, með leyfi forseta:

„Stundum heyrist að vísu einstaka hjáróma rödd um að sum mál séu svo flókin að þau henti ekki í þjóðaratkvæði.

Það er einhver allra ömurlegasti málflutningur sem ég heyri.“

Ég beini enn á ný spurningu minni til hv. þingmanns um hvaða skoðun hún hafi á því hvort Icesave-deilan eigi að fara í þjóðaratkvæði og hvort hún sé sammála hæstv. fjármálaráðherra, þá annars vegar gamla hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem var þá hv. þingmaður eða núverandi sem finnst þetta of flókið fyrir þjóðina. Ég held að málið sé einfaldlega of flókið fyrir ríkisstjórnina. Þar liggur kannski hundurinn grafinn. Ég treysti þjóðinni mun betur en núverandi ríkisstjórn til að leysa úr þessu máli.

Það er líka ágætt að velta öðru upp: Er Icesave-málið flóknara en ESB-umræðan? (Forseti hringir.) Á ekki að senda það í þjóðaratkvæðagreiðslu?

[13:55]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Nú held ég áfram ræðu minni frá því áðan. Ég lýsti því áðan hvernig framsóknarmenn hafa allan þann tíma sem ég hef fylgst með þeim barist gegn þjóðaratkvæðagreiðslum (Gripið fram í.) og ég vil aðeins minna á það að núna eru þeir allt í einu orðnir helstu forvígismenn þeirra. (**Gripið fram í:** En þú?) Batnandi fólki er best að lifa, hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Ég verð að minna menn á það að fyrir tveimur mánuðum kaus þjóðin, hún kaus m.a. um Icesave. Hún kaus sér 63 nýja þingmenn. (Gripið fram í.) (Háreysti í þingsal.) (**Gripið fram í:** Ha? Kaus hún um Icesave?) (**Gripið fram í:** Já.) (**Gripið fram í:** Nú?) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Bið ykkur um að gefa ræðumanni hljóð.)

Má ég aðeins fá að klára að svara? Það er ekki mjög þægileg aðstaða þegar maður reynir eftir fremsta megni að fá að koma að svörum og fær ekki nokkurt einasta tækifæri til þess. Ég var að segja að nýlega fól þjóðin okkur, þessum 63 þingmönnum, að leysa úr bankahruninu, að leysa úr því sem fráfarandi stjórnarliðar í 20 ár skildu eftir sig. Þar á meðal er Icesave. Þar á meðal er núna 9% atvinnuleysi. Þar á meðal er skuldaklafi heimila og fyrirtækja, 500 milljarðar í nýtt bankakerfi. Ég verð að segja, hv. þingmenn, að Icesave er ekki stærsta málið af þessum málum í mínum huga og ég treysti þessari ríkisstjórn og þingheimi (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) til að leiða þetta Icesave-mál til lykta. (Gripið fram í.) Ég tel ekki nauðsynlegt að fara með það í þjóðaratkvæði. Það er bara þannig. Þetta er ekki stærsta málið sem á okkur hvílir og áður en ég fer úr ræðustól (Forseti hringir.) vil ég segja að það er rangt eftir haft, hv. þm. Höskuldur Þórhallsson, að Steingrímur J. Sigfússon hafi sagt að Icesave-málið væri of flókið (Forseti hringir.) til að leggja það í þjóðaratkvæði. Það sem hann hefur sagt er að það væri vandi að stilla því upp hver hinn valkosturinn ætti að vera. (Gripið fram í.)

Ég vona að ég hafi svarað (Forseti hringir.) þessari spurningu þingmannsins. Ég hefði mátt vita að það skiptir engu máli (Forseti hringir.) hvað hv. framsóknarmenn (Forseti hringir.) spyrja um. Þeir eru bara með Icesave á heilanum.

[13:58]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Ég vil biðja þingmenn um að virða tímamörk og gefa ræðumönnum hljóð til að svara þeim fyrirspurnum sem beraast til þeirra.

[13:58]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Það er í hæsta máta óeðlilegt að þegar hv. þm. Álfheiður Ingadóttir stendur í ræðustól Alþingis og er að svara fyrirspurn hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar, sem er sessunautur minn á þingi, varpi hún til mín fyrirspurn eða geri nákvæmlega eins og henni er títt ef henni fellur ekki þegar setið er úti í sal og eru frammíköll — að segja fólki pent og prúðmannlega að þegja.

Ég geri þá kröfu, hæstv. forseti, (Forseti hringir.) að forseti berji í borð og bjöllu undir slíkum kringumstæðum því að hæstv. forseti ber nú í bjöllu af minna tilefni.

[13:59]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég held að við séum enn á ný að sjá þessi miklu umskipti sem hafa orðið á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Menn virðast algjörlega hafa misst sjónar á þeim hugsjónum, þeirri hugmyndafræði sem þeir gáfu kost á sér í fyrir þessar kosningar þannig að það er mjög undarlegt að heyra hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fullyrða að þjóðin hafi kosið Vinstri hreyfinguna – grænt framboð til að gera það sem þeir eru að gera. Ég veit ekki betur en að sú stjórnmálahreyfing og þeir hv. þingmenn sem tilheyra þeim flokki séu einmitt að gera það sem þjóðin kaus þá ekki til að gera. Þetta eru mjög einkennilegar fullyrðingar.

Ég held að það hafi líka komið fram í orðum hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar að á ný virðist Vinstri hreyfingin – grænt framboð vera búin að missa sjónar á hugmyndafræði sinni hvað varðar sparisjóðina. Það er mikil sorg í hjarta mínu yfir að sjá að svo sé vegna þess að þótt ég hafi ekki kosið þann flokk trúði ég (**Gripið fram í:** Nú, nú.) [Hlátrasköll í þingsal.] á orð þeirra þegar þau sögðu að þau ætluðu að standa vörð um sparisjóðina, (Gripið fram í.) ætluðu að standa vörð um stofnfjáreigendur og um landsbyggðina. Með þeim tillögum sem koma fram í þessu frumvarpi og sem ég þekki ágætlega sem nefndarmaður í viðskiptanefnd sé ég fram á að mörg sveitarfélög og margir einstaklingar muni lenda í miklum vandræðum ef farin verður sú leið sem hér er lögð upp af ríkisstjórninni.

Bara í Sparisjóði Bolungarvíkur eru 260 stofnfjáreigendur, langflestir einstaklingar sem sjá fram á að tapa allt að 733 millj. kr. í stofnfé án þess að hafa nokkurn tímann gengið á varasjóðinn með arðgreiðslur, selt stofnbréf í sjóðnum til þriðja aðila eða átt hlut í Existu, Kistu eða Kaupþingi.

[14:01]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér þótti fátt um skýr svör í máli hv. þm. Guðbjarts Hannessonar þegar hann kom upp áðan til að svara spurningum mínum þannig að ég ætla að reyna aftur.

Varðandi þau ummæli hv. þingmanns að hann gæti jafnframt efast um hæfi okkar þingmanna til að fjalla um Icesave eins og ég get leyft mér að efast um hæfi hinna pólitísku sendinefndar sem send var til að semja þá finnst mér þetta frekar skrýtin afstaða vegna þess að það var þjóðin sem kaus hv. þm. Guðbjart Hannesson á þing einmitt til þess að taka ákvarðanir. Í dag er einfaldlega þörf á stjórnmálamönnum með bein í nefinu sem þora að taka ákvarðanir og það hefur verið fjallað mikið um þetta mál og mér skilst að í þingflokki Samfylkingarinnar (Gripið fram í.) hafi einnig verið fjallað mikið það. Því ætti hv. þingmaður að geta veitt mér skýr svör: Ætlar hann að styðja þetta mál eða ætlar hann ekki að styðja þetta mál? Var ríkisstjórnin ekki með umboð frá þingflokki Samfylkingarinnar til að ganga frá þessum samningum? Hv. þingmaður hlýtur að hafa einhverjar skoðanir í þessu máli og hann skuldar okkur það, eða a.m.k. mér sem ber fram þessa fyrirspurn, að svara einhverri af þeim spurningum sem ég bar fram tiltölulega skýrt. Ég vonast svo sannarlega til þess að ég fái einhver svör við spurningum mínum.

[14:03]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Stundum þegar spurt er og menn fá ekki þau svör sem þeir vilja þá finnst þeim að þeim hafi ekki verið svarað. Ég sagði að samningurinn væri ekki glæsilegur. Ég sagði að pólitískir embættismenn gætu vel unnið í samninganefndum að því gefnu að þeir hefðu leitað sér ráða hjá þar til bærum mönnum, líkti því við Alþingi og tók það sérstaklega fram að ég treysti þingmönnum mjög vel og teldi þá hæfa til að vinna sitt verk og hæfasta til margra hluta, aftur að því gefnu að þeir leiti sér ráða og það er það sem við ætlum að gera við Icesave-málið. Þess vegna er málið að koma inn í þingið, þess vegna á það að afgreiðast hér og það á að leita til allra þeirra kunnáttumanna sem við eigum völ á og ég hlýt að áskilja mér rétt til að fá að skoða niðurstöðuna þegar þar að er komið. Ef ég ætti að sitja á flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar og taka ákvarðanir um það hvað þar fer inn í þingið þá eru það vinnubrögð sem þekkjast einhvers staðar annars staðar en hjá okkur.

Það er auðvitað þingið sem á að fá að ráða í málinu. Við tökum ákvarðanir um hvort málið fari fyrir þingið og það hefur verið gert nú þegar og það kemur væntanlega fljótt og vel inn í þingið. Það fær vonandi vandaða umfjöllun eins og önnur mál, við tökum okkur þann tíma sem til þarf. Ég get alveg sagt hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur að ég hef fyrir fram þá skoðun að það eigi að ganga frá þessu máli með samningum. Það sé gríðarlega mikilvægt fyrir þjóðarbúið og þjóðfélagið og ég hef líka þá skoðun fyrir fram að við ráðum ágætlega við það en ég ætla að fá að sjá öll gögnin í málinu og heyra umfjöllun allra þeirra sem hafa verið með gagnrýni í málinu áður en ég tilkynni það með atkvæði mínu í Alþingi og ég vona að þannig sé með fleiri þingmenn. Þannig eigum við auðvitað að vinna og ég ætla ekki að láta nudda mér út í að fara í einhvern annan farveg með málið.

Varðandi önnur mál sem hafa verið rædd hef ég miklar áhyggjur af því sem hér hefur komið fram varðandi sparisjóðina. Það er afsprengi af því umhverfi sem við höfum búið við, fáránleikanum sem var í gangi á undanförnum árum þar sem menn toguðu og teygðu ákveðnar stofnanir langt út fyrir það sem þeim var ætlað áður og sitja svo uppi með að reyna að bjarga þeim málum í framhaldinu. Ég ætla að vona að það gerist farsællega en málið er ekki auðvelt.

[14:05]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Þetta er búið að vera með fjörugri umræðum undir dagskrárliðum um störf þingsins í langan tíma og gaman að því. En ég ætla að blanda mér í umræðuna um Suðurlandsveginn og forgangsröðunina í vegamálum.

Ég er mjög ánægð með að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson segir að þetta sé allt á misskilningi byggt og ég fagna því að við séum að fara að funda um þetta mál á morgun og þakka fyrir það frumkvæði þingmannsins. Ég óttast hins vegar að þetta sé ekki allt á misskilningi byggt og það er þess vegna sem ég kveð mér hljóðs því að hv. þingmaður sagði í svari sínu að það væri ekki verið að fresta neinu, þetta yrði boðið út við fyrsta tækifæri þegar ríkið færi í gang að nýju. Það er það sem ég hef áhyggjur af vegna þess að ég held að ríkið sé ekki að fara í gang að nýju neitt fljótlega, en það er allt í lagi, segir ráðherrann, vegna þess að ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar hefur ákveðið að treysta á einkaframtakið í þessum efnum og bjóða út í einkaframkvæmd ýmsar samgöngubætur. Ég tel það vissa nýlundu, sérstaklega hjá Vinstri grænum, og fagna því en þá og einmitt þá kemur forgangsröðunin í ljós og það er það sem verið er að gagnrýna. Þá eru Vaðlaheiðargöngin sett fram fyrir og Suðurlandsvegurinn settur aftar í þeirri röð. Í Morgunblaðinu í gær var haft eftir ráðherranum að það væri vegna þess að skipulagsmálin væru lengra komin í Vaðlaheiðargöngunum. Því vil ég koma hér og mótmæla vegna þess að samkvæmt öllum þeim fundum og yfirlýsingum sem hafa verið gefnar og sérstaklega fyrir kosningar. Ég veit það frá sveitarstjórnarmönnum, t.d. bæjarstjóranum í Ölfusi sem var á fundi með umdæmisstjóra Vegagerðarinnar fyrir viku síðan og sagði að það væri hægt að bjóða veginn út með vikufyrirvara ef það kæmi grænt ljós frá hæstv. samgönguráðherra. Ég geri því ráð fyrir að (Forseti hringir.) Vaðlaheiðargöngin þurfi kortersfyrirvara til að toppa það, (**KÞJ:** 10 mínútur.) 10 mínútur segir hv. þm. Kristján Þór Júlíusson en (Forseti hringir.) þetta er það sem við höfum áhyggjur af. Þetta er forgangsröðunin sem mönnum líkar ekki.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti biður menn að virða tímamörk.)

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Fyrirkomulag umræðna um störf þingsins.

[14:08]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Hér hefur verið til umfjöllunar á dagskrá fundarins sérstakur liður sem heitir Störf þingsins. Það sem hefur gerst í dag er að hann hefur í raun breyst í óundirbúinn fyrirspurnatíma frá einstökum þingmönnum til annarra þingmanna. Ég tel að þetta fyrirkomulag sé ekki í samræmi

við þingsköp og ég tel að hæstv. forseti þurfi að taka það til umfjöllunar hvort ekki þurfi að breyta þessum lið.

Síðan eru sum mál sem hér eru tekin upp þess eðlis að þau ættu í raun heima undir liðnum Óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra vegna þess að það er verið að tala um yfirlýsingar sem ráðherrar hafa verið að gefa. Ég tel að það eigi að taka það til skoðunar að breyta þessum lið, jafnvel óundirbúnum fyrirspurnatíma þannig að fleiri þingmenn komist að í þeim umræðum en bara fyrirspyrjandinn og ráðherra líkt og gerist með hefðbundnar fyrirspurnir. Ég tel líka að það þurfi að vera meira skikk á þessum umræðum um störf þingsins og menn taki fyrir einstök tiltekin mál og fleiri komist í efnislega umræðu um þær en þær snúist ekki í óundirbúnar fyrirspurnir til einstakra þingmanna.

[14:10]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Nú eru þingmenn Vinstri grænna farnir að barma sér í umræðum. Öðruvísi mér áður brá, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Um fundarstjórn.)

Það er einfaldlega þannig — um fundarstjórn forseta — að liðurinn um störf þingsins hefur verið framkvæmdur þannig að við gefum út rammann, einstakir þingmenn gefa út rammann um umfjöllunarefnið og beina svo spurningum að hv. þingmanni. Það gerði ég áðan. Ég sendi tölvupóst á hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um skoðanir hennar á þjóðaratkvæðagreiðslum og það var einmitt það sem ég spurði út í, einmitt það. Ef Árni Þór vill breyta þessu þannig að við komum með skriflegar fyrirspurnir til (Forseti hringir.) einstakra þingmanna

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson.)

þá bara breytir ríkisstjórnin því, hv. þingmaður,

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Árni Þór Sigurðsson.)

að öðrum kosti er ég sammála því, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson,

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Tíminn er liðinn, hv. þm. Höskuldur Þórhallsson.)

— nei, það er smá eftir — (Forseti hringir.) að það megi nýta þennan tíma (Forseti hringir.) eins og fyrirspurnatíma til ráðherra og ég benti á í dag.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Tíminn er liðinn og gott betur.)

[14:11]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að hártogast við hv. þm. Höskuld Þórhallsson um þetta atriði. Ég var að benda á að ég tel að hér sé kominn upp nýr siður varðandi liðinn um störf þingsins. Hann var ekki með þessum hætti þegar hann var fyrst tekinn upp. Reyndar er þessi liður ekki gamall í þeirri mynd sem hann er í nú því að honum var breytt með þingskapalögunum 2007. Það var hugsunin að hér færu fram umræður um álitamál í samfélaginu en hann er að breytast yfir í óundirbúinn fyrirspurnatíma.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Þetta er ekki um fundarstjórn.)

Ég er að benda á, frú forseti, að það eigi að gera breytingar á þingsköpunum hvað þetta snertir.

[14:12]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Menn verða að ræða fundarstjórn forseta undir þessum lið en ekki fara út í efnislega umræðu um þingstörfin.

[14:12]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta, en ég ætti kannski að nýta frekar liðinn til að bera af mér sakir vegna þess að mér þótti liggja í orðum hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að spurningarnar sem voru bornar upp hefðu ekki verið nógu góðar. Ég frábið mér þann málflutning vegna þess að í 50. gr. þingskapa segir að undir þessum lið, störf þingsins, geti þingmenn kvatt sér hljóðs um störf þingsins, gefið yfirlýsingu eða beint spurningum til formanna nefnda, formanna þingflokka eða annarra þingmanna. Liðurinn er ansi opinn og ég tel einfaldlega að þingið hafi nýtt sér þennan lið og umræðurnar hafi farið ágætlega fram og verið tiltölulega málefnalegar og jafnvel svolítið líflegar sem er vissulega ágætt fyrir okkur nýja þingmenn. Ég upplifi þennan lið þannig að þetta sé frjálslegt form, einmitt til þess að eiga skoðanaskipti við félaga sína og sessunauta á þinginu, til að fá fram þeirra afstöðu til ýmissa mála. Þetta er einn af mínum uppáhaldsliðum, ég lýsi því hér með yfir. [Hlátrasköll í þingsal.]

[14:14]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég geri ekki athugasemdir við það þó að þingmenn beini fyrirspurnum hver til annars og ræði hér almenn þjóðfélagsmál undir liðnum Störf þingsins. En ég get ekki orða bundist lengur vegna ástandsins hér í þingsalnum, það er eiginlega farið að ganga fram af mér. Það er eins og maður sé staddur inni í skólastofu, (Gripið fram í.) það er nákvæmlega þetta sem ég er að gera athugasemd við.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Fundarstjórn forseta.)

Já. Ræðumenn í ræðustól hér á Alþingi fá ekki frið til að ljúka máli sínu fyrir frammíköllum og ókyrrð í salnum. (Gripið fram í.) Það er ekki vinnufriður í salnum fyrir ókyrrð, frammíköllum og leiðindum. (Gripið fram í.) Ég vil bara beina því til forseta (Forseti hringir.) að hann tryggi betri vinnufrið hér í alvöru, mér er full alvara.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 82. mál (afnám skilyrðis um ábyrgðarmenn). — Þskj. 94, nál. 184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

Brtt. í nál. 184 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. og ákv. til brb. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Náms- og starfsráðgjafar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 83. mál (útgáfa leyfisbréfa). — Þskj. 95, nál. 170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Skýrsla fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013, ein umr.

Skýrsla fjmrh., 126. mál. — Þskj. 173.

[14:19]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að veittur er tími til þess að fjalla um eða ræða þessa skýrslu um jöfnuð í ríkisfjármálum fyrir árin 2009–2013 sem lögð var fram á þinginu fyrir helgi. Skýrslan hefur ekki þingskjalsnúmer en ég geri ráð fyrir að allir hv. þingmenn viti hvaða plagg er átt við. Það er óvenjulegt að því leyti að skjalið var prentað í lit til þess að gera mönnum aðgengilegri ýmis línurit og gröf sem þar er að finna.

Ég vil svo taka fram að strax í lok þessarar umræðu tel ég eðlilegt að skýrslan gangi til hv. fjárlaganefndar, þar á hún að sjálfsögðu best heima þó að ekki sé endilega ætlunin að hún hljóti að öðru leyti afgreiðslu hér heldur er hún hugsuð sem undirlag umræðu og kynningar og til að lýsa þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa mótað í þessum efnum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að í októbermánuði sl. gjörbreyttust allar forsendur í íslensku efnahagslífi og fjármálum ríkisins þar með, sem má segja að hafi verið sett í uppnám. Tekjur ríkisins dragast nú saman, útgjöld aukast verulega og ríkissjóður verður óumflýjanlega rekinn með meiri halla en nokkur dæmi eru um. Skuldir ríkisins stóraukast og munu því miður vaxa enn á næstu tveimur árum. Það leiðir af þessu að óhjákvæmilegt var og óhjákvæmilegt er að bregðast við ástandinu með róttækum aðgerðum, setja skorður við frekari skuldaaukningu og ná jöfnuði í ríkisfjármálum á nýjan leik innan ásættanlegra tímamarka þannig að halli og hallarekstur og uppsafnaður vaxtakostnaður sligi ekki ríkissjóð.

Í þeirri samstarfsáætlun sem unnin var í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sl. haust voru skilgreind þrjú meginverkefni sem ljúka þyrfti til að koma efnahagslífi landsins á kjöl á nýjan leik. Í fyrsta lagi að tryggja að skuldastaða landsins yrði viðunandi. Í öðru lagi að koma á laggirnar starfhæfu fjármálakerfi og í þriðja lagi að koma á jöfnuði í ríkisfjármálum þegar litið er nokkur ár fram á veginn og fjallar þessi skýrsla sérstaklega um þann þátt málsins.

Í upphaflegri samstarfsáætlun var miðað við að ekki yrði aðhafst frekar í ríkisfjármálum á árinu 2009 og hallanum leyft að jafna sveifluna að fullu. Gert hafði verið ráð fyrir því að hallinn yrði um 150 milljarðar kr. eins og fjárlögin hljóða upp á. Síðan var gert ráð fyrir að tekist yrði á við aðlögunina í áföngum á árunum 2010–2013. Fljótlega kom þó í ljós þegar leið á fyrstu mánuði ársins að þessi markmið mundu ekki nást nema þegar yrði gripið til aðgerða á árinu 2010 og var því um breytta stefnu að ræða frá upphaflegri áætlun haustsins sem ríkisstjórnin fjallaði um þegar í lok febrúarmánaðar sl. Þessi staða gerði það að verkum að óumflýjanlegt var að ráðast í aðgerðir og hefur það þegar verið gert og þær komið hér til framkvæmda og eru orðnar að lögum eins og hv. þingmönnum er kunnugt.

Í áætlun þeirri sem hér liggur fyrir og birt er í skýrslunni eru sett fram þau markmið í ríkisfjármálum sem íslensk stjórnvöld hafa einsett sér að ná á komandi árum. Þau miða að því að koma á jafnvægi í ríkisbúskapnum og þar með að skapa forsendur fyrir nýja uppbyggingu í efnahags- og atvinnulífi og stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Áætlunin miðar að því að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs og að afgangur verði á rekstri ríkissjóðs í heild á árinu 2013 og í framhaldinu af því verði unnt að grynnka hratt á skuldum ríkisins.

Markmið áætlunarinnar eru í fyrsta lagi að ná frumjöfnuði á ríkissjóði, þ.e. jöfnuði án vaxtatekna og vaxtagjalda á árinu 2011, að ná heildarjöfnuði ríkissjóðs og að hann verði orðinn jákvæður á árinu 2013 og í þriðja lagi að skapa forsendur til þess að til lengri tíma litið verði skuldsetning ríkissjóðs ekki meiri en sem nemur 60% af vergri landsframleiðslu og það markmið náist í lok áætlunartímans.

Það er enginn vafi á því að þetta mark er sett hátt og þetta verður erfitt. Halli á ríkissjóði á þessu ári verður um 170 milljarðar kr. ef tekið er tillit til áfallinna verðbóta á lán ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands. Það er um 12% af vergri landsframleiðslu. Viðvarandi halli á ríkissjóði hleðst upp sem skuldir. Skuldir ríkissjóðs stefna í að verða um 130% af landsframleiðslu í lok þessa árs. Það er óhjákvæmileg forsenda fyrir endurreisn efnahagslífsins að þessari þróun verði snúið við. Það er engin huggun í því að í þessum efnum virðist þróunin í hinum vestræna heimi vera meira og minna í sömu átt og hjá okkur. Skuldir ríkissjóða margra Evrópuþjóða, þar á meðal hinna efnahagslegu stórvelda eins og Englands og Þýskalands, vaxa hratt og líklegt er að þær fari einnig yfir 100% af landsframleiðslu á næstu fáeinum árum. Það léttir okkur ekki róðurinn heldur þvert á móti, þegar um mikilvæg viðskiptalönd okkar er að ræða. Fjármögnun á skuldum ríkisins verður erfiðari og vextir verða hærri og þetta verður alþjóðlegt vandamál sem við verður að glíma á komandi árum. Þess vegna er líka mikilvægt að við göngum sem fyrst í okkar mál og sýnum þann vilja til þess sem skapi trú á aðgerðir okkar.

Á grundvelli þessara meginmarkmiða og í ljósi þessara ástæðna hefur ríkisstjórnin gert nánari áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum sem marka stefnu hennar á næstu árum. Hvað varðar tekjuöflun fyrir ríkissjóð til að ná þessum meginmarkmiðum er gert ráð fyrir að frumjöfnuði ríkissjóðs verði ekki sett lægri mörk en að halli fari ekki yfir 8,5% af vergri landsframleiðslu á árinu 2009, verði ekki meiri en 3% af vergri landsframleiðslu á árinu 2011, að frumjöfnuður verði orðinn jákvæður um 1,8% af vergri landsframleiðslu á árinu 2011, jákvæður um 5,1% af vergri landsframleiðslu á árinu 2012 og 7,2% af vergri landsframleiðslu á árinu 2013. Til þess að heildarjöfnuður náist eru

markmið af þessu tagi nauðsynleg hvað varðar frumjöfnuðinn.

Í áætluninni er fjallað um þessi markmið og þau sett í samhengi við horfur í þjóðarbúskapnum, hvernig þau hafa áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs í samanburði við stærð þessara þátta í hlutfalli af landsframleiðslu. Þar kemur fram að unnt muni að ná þessum markmiðum með lækkun ríkisútgjalda án þess að fara langt niður fyrir það stig samneyslu sem verið hefur hér á síðasta áratug og án þess að skattheimta verði meiri en hún hefur verið undanfarin ár. Stjórnvöld munu kappkosta að ná víðtækri samstöðu um markmið þessarar áætlunar og tryggja framgang hennar í samstarfi við samtök atvinnurekenda og launamanna á vinnumarkaði og í þeim efnum er sá stöðugleikasáttmáli sem náðist á dögunum gríðarlega mikilvægur áfangi. Það er einnig mikilvægt að ríki og sveitarfélög eigi með sér náið samstarf og að áætlanir og útgjöld sveitarfélaga taki mið af markmiðunum um þjóðhagslegan stöðugleika. Áætlunin byggir á því að litið sé til fjármála opinberra aðila í heild og því verða sveitarfélög að leggja sitt af mörkum eins og ríkið og ríki og sveitarfélög sameiginlega að ná þessum markmiðum eigi áætlunin að ganga eftir. Ákveðið hefur verið að efla samstarf við sveitarfélögin í þeim tilgangi að þessum markmiðum verði náð um leið og gætt verður að hagsmunum þeirra, m.a. vegna þeirra aðgerða ríkisins sem fram undan eru á grundvelli áætlunarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum og hefur áhrif á hitt stjórnsýslustigið.

Stjórnvöld munu jafnframt leggja áherslu á samstarf við heildarsamtök annarra hagsmunaaðila svo sem aldraðra, öryrkja og bænda og fleiri í þeim tilgangi sérstaklega að þeir komi sjónarmiðum sínum á framfæri og að áherslur slíkra aðila séu hafðar í huga þegar ákvarðanir eru teknar um atriði sem snerta hag þeirra.

Framvinda áætlunar í ríkisfjármálum hvílir á þróun í efnahags- og atvinnumálum. Stjórnvöld þurfa því að leggja áherslu á að skapa atvinnulífinu þau skilyrði sem nauðsynleg eru og eftir því sem framast er unnt við okkar erfiðu aðstæður til að verja og styðja við atvinnustarfsemina í landinu. Það verður gert bæði með almennum og sértækum aðgerðum.

Unnið er að því að ljúka við endurfjármögnun bankanna og þannig verði þeir fyllilega starfhæfir og geti veitt heimilum og atvinnulífi stuðning og úrvinnslu mála. Þá munu á næstu dögum eða a.m.k. í þessari viku, leyfi ég mér að fullyrða, hefjast viðræður milli ríkisvaldsins, aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa lífeyrissjóða um þátttöku lífeyrissjóðanna í fjármögnun margvíslegra framkvæmda þannig að viðunandi framkvæmdastigi verði haldið uppi næstu missirin með tilheyrandi umsvifum þó svo að veruleikinn sé sá að bæði ríki og sveitarfélög verða í einhverjum mæli að draga sig til baka í þeim efnum, aðstæðna sinna vegna.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðarbúskap okkar er ljóst að allir þurfa að leggjast á árar í því endurreisnarstarfi sem fram undan er. Það er ásetningur stjórnvalda að þær aðhaldsaðgerðir og niðurskurður útgjalda hins opinbera bitni sem allra minnst á hag heimilanna og velferðarþjónustu, einkum í félags- og heilbrigðismálum og að félagslegt öryggi allra sé áfram tryggt. Jafnframt að grunnþjónusta á borð við starfsemi skóla verði varin eins og kostur er. Til að svo geti orðið ber brýna nauðsyn til þess að það fé sem varið er til verkefna og þjónustu hins opinbera sé nýtt eins vel og kostur er. Óhjákvæmilegt er í því skyni að endurskoða fyrirkomulag og forgangsröðun í opinberum rekstri og nýta öll færi sem möguleg eru til hagræðingar og nýsköpunar í ríkisrekstrinum.

Samhliða framangreindum áherslum og markmiðum í ríkisfjármálum munu stjórnvöld styrkja umgjörð ríkisfjármálanna. Til að ná árangri við þær krefjandi kringumstæður sem nú ríkja og fram undan eru þarf augljóslega að beita mikilli festu í stjórn ríkisfjármála. Meðal þess sem nauðsynlegt er að gera er að bæta alla áætlunargerð í ríkisfjármálum og reyndar í fjármálum alls hins opinbera og hálfopinbera geira, öll áætlanagerð sem lýtur að setningu útgjaldamarkmiða og fjárlagagerð verður bætt í samvinnu við Alþingi þannig að unnt verði að tryggja eðlilegan framgang þeirra markmiða sem sett verða og ákvarðana sem taka þarf í samræmi við þau. Horfa verður til lengri tíma en eins árs í senn. Á næstu mánuðum verða undirbúin rammafjárlög til fjögurra ára þar sem útfærð verða bæði tekjustefna og útgjaldastefna í samræmi við þá áætlun sem hér er kynnt.

Til að markmið áætlunarinnar geti náðst verður einnig að tryggja að þau útgjaldamarkmið sem áætlunin gerir ráð fyrir og koma munu fram í fjárlögum komandi ára, sem og gilda um fjárlög þessa árs séu virt. Hvarvetna á að gæta aðhalds og sparnaðar í ríkisrekstri. Til að tryggja að markmiðum um lækkun útgjalda verði náð munu stjórnvöld auka áherslu á ábyrgð ráðuneyta og stofnana og auka almennt eftirlit með rekstri. Alþingi vinnur einnig að því að styrkja eftirlitshlutverk sitt með framkvæmd fjárlaga, eins og hv. þingmönnum er kunnugt.

Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum fyrir árin 2009–2013 felur í sér að þörf er á miklu aðhaldi sem kallar á markvissar aðgerðir af hálfu stjórnvalda. Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir feli í senn í sér lækkun útgjalda og hækkun á tekjum ríkissjóðs eins og kunnugt er, svonefnd blönduð leið.

Umfang nauðsynlegrar aðlögunar ríkisfjármála er svo mikið að ljóst er að ásættanlegri niðurstöðu verður ekki náð eingöngu með lækkun útgjalda eða eingöngu með hækkun tekna heldur verður að fara báðar leiðir samtímis. Val á milli þeirra ræðst af ýmsum sjónarmiðum. Samdráttur í efnahagslífinu og auknar skuldir ríkissjóðs í kjölfar bankahrunsins skerða óhjákvæmilega lífskjör og val á leiðum til aukins aðhalds hefur einnig áhrif á það hvernig þessi lífskjaraskerðing jafnast út.

Traustir tekjustofnar eru forsenda öflugs velferðarkerfis og samfélagslegs jöfnuðar og styrking þeirra er nauðsynleg til að ná markmiðum þessarar áætlunar. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu á löngu tímabili stöðugs hagvaxtar að undanförnu hafa gert það að verkum að núverandi gerð skattkerfisins er þess ekki umkomin að afla tekna fyrir það stig almannaþjónustu sem byggt hefur verið upp á síðustu árum og jafnvel ekki þótt hún verði skert merkjanlega. Auk þess er ástæða til að stefna að meiri félagslegum jöfnuði í gegnum skattkerfið. Sú jöfnun má þó ekki draga úr hvata til vinnu eða hafa neikvæð áhrif á hagvöxt.

Við tekjuöflunina þarf því að hafa í huga að þær breytingar sem gerðar verða á skattkerfinu styrki það til fram-

búðar og samræmist um leið þeim kröfum um skilvirkt og réttlátt skattkerfi svo sem jafnræði í skattlagningu og að skattbyrðin dreifist á skattborgarana með eins sanngjörnum hætti og unnt er og að skattlagningin hafi sem minnst áhrif á ákvarðanir aðila í hagkerfinu, hvort sem litið er til fjárfestinga eða neyslu.

Skattkerfið þarf auk þess alls að stuðla að jafnari tekjudreifingu í þjóðfélaginu, samrýmast félagslegum markmiðum og félagslegu öryggi, svo og að tryggja þjóðinni sem mesta hlutdeild í arði af auðlindum hennar.

Í áætlun er gerð grein fyrir margvíslegum hugsanlegum leiðum til að auka tekjur ríkissjóðs í samræmi við áætlunina en ákvarðanir um þær verða teknar og birtast í þeim breytingum á skattalögum sem leggja þarf fram á komandi haustþingi.

Bágborið ástand efnahagslífsins, atvinnuleysi og erfið staða heimilanna setja mark sitt á ríkisfjármálin. Við þessar aðstæður er ljóst að ekki verður hjá því vikist að draga úr útgjöldum með aðgerðum sem hljóta með einum eða öðrum hætti að minnka umfang eða skerða úrval þjónustu og lækka bætur og styrki til einstaklinga og heimila. Með því að dreifa byrðunum sem leiða af áföllunum á ríkissjóð með réttlátum hætti og með því að hlífa frekar þeim þjóðfélagshópum og málefnasviðum sem mega síður við niðurskurði mun á endanum takast að laga ríkisstarfsemina að breyttum aðstæðum þannig að grunnþjónustan haldi velli og unnt verði að hefja aftur uppbyggingu hennar á traustari forsendum. Þau áform um samdrátt í ríkisútgjöldunum sem áætlunin byggir á hafa það að leiðarljósi að leitast verði við að standa vörð um grunnþætti þjónustukerfa ríkisins og að bótagreiðslur verði einkum lækkaðar til þeirra sem betur mega við því með hliðsjón af tekjum og eignastöðu. Einnig verður horft til þess að fresta fjárfrekum fjárfestingum og framkvæmdum á vegum ríkisins og að þær beinist í auknum mæli að mannaflsfrekum verkefnum svo sem viðhaldi á húseignum og mannvirkjum ríkisins þeim sem í gangi verða.

Í áætluninni er gerð grein fyrir aðgerðum á sviði ríkisfjármála og fyrirætlunum í þeim efnum sem taka mið af framangreindu. Ákvarðanirnar koma til framkvæmda, eðli málsins samkvæmt annars vegar með fjárlagafrumvarpi strax fyrir árið 2010 með margvíslegum lagabreytingum sem nauðsynlegar verða á haustþinginu á sviði bæði tekjuöflunar og fleiri mála og síðan í rammaáætlun um ríkisfjármál til næstu fjögurra ára sem gert er ráð fyrir að verði lögð fram um leið og fjárlögin í haust.

Ég vil svo að lokum benda hv. þingmönnum á þá töflu eða það fylgiskjal sem fylgir með skýrslunni. Þar koma fram þær upplýsingar sem nýjastar eru og best þekktar miðað við bestu fáanlegar upplýsingar dagsins í dag eða eins og þær stóðu fyrir nokkrum dögum síðan um eignir og skuldir ríkissjóðs. Að sjálfsögðu er mikilvægt að halda áfram gagnaöflun og ýmis mál eru að skýrast einmitt þessa dagana, bæði í afkomu ríkisins sjálfs, sveitarfélaganna og fleiri aðila.

Að sjálfsögðu bregður manni í brún þegar maður sér þær tölur sem þar eru á ferð eins og aukningu skulda ríkissjóðs, heildarskulda ríkissjóðs, um hátt í þúsund milljarða króna á milli ára. Á verðlagi hvers árs um sig hækka skuldir ríkissjóðs úr 931 milljarði í 1.808 milljarða tæpa í lok þessa árs. Ef horft er til hlutfalls af vergri landsframleiðslu er það hækkun skulda úr 55,3% í 125,5%. Skuldirnar munu verða svipaðar sem hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu á árinu 2010 en fara síðan lækkandi og eiga að standa í rúmlega 90% af vergri landsframleiðslu í lok árs 2013. Þetta eru vissulega háar tölur en eins og ég nefndi áður í ræðu minni er það því miður þannig að fjölmörg ríki önnur, sem þó hafa ekki orðið fyrir jafngríðarlegu hruni í fjármálakerfi sínu og við höfum gert, verða að horfast í augu við annað eins.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á og benda á í þessu samhengi hreinar skuldir ríkissjóðs því að vissulega er það svo að talsverðar eignir eru til á móti. Þar hækkar skuldastaðan vissulega einnig geigvænlega eða úr tæpum 23% að áætlað var í árslok 2008 í tæp 70% í lok þessa árs. Þessar skuldir, að slepptu árinu 2010 þar sem þær verða svipaðar, eiga síðan að fara lækkandi og fara niður fyrir eða niður í 60% í lok áætlunartímans. Það eru sömuleiðis háar tölur en það eru þó viðmiðunarmörk sem mjög víða eru á kreiki, að það geti talist ásættanleg staða hjá ríkissjóðum við sæmilegar aðstæður að vera með hreinar skuldir sem liggja ekki meira yfir landsframleiðslu en sem þessu nemur. Ég veit að ég þarf ekki að segja meira við hv. þingmenn um t.d. hvaðan þessi viðmiðun er sérstaklega ættuð.

Ef horft er til hreinnar stöðu ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna er hún að sjálfsögðu betri og fer á þessu tímabili þegar erfiðast verður, á árunum 2009–2012, upp í um 20–24% af vergri landsframleiðslu en á síðan að lækka í lok áætlunartímans. Þessar kennitölur leyfi ég mér að draga hér aðeins fram svona í lokin, ekki til að draga neitt undan í þeim efnum að staðan er erfið og við höfum orðið fyrir miklu þjóðhagslegu áfalli sem blasir við þegar kennitölur úr afkomu og skuldastöðu ríkissjóðs eru skoðaðar, rétt eins og þegar við horfum í kringum okkur í þjóðfélaginu, en það er þó ekki ástæða til að missa móðinn eða láta hugfallast. Þessi aðstaða (Forseti hringir.) er viðráðanleg, á þessum erfiðleikum getum við sigrast (Forseti hringir.) og það ætlum við okkur að gera.

[14:39]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er ágætisplagg að mörgu leyti, sérstaklega byrjunin sem gerir vel grein fyrir því hvert vandamálið er. En mig langar aðeins til að ræða III. kafla skýrslunnar sem heitir Leiðir til aðlögunar. Þar kemur raunverulega fram sá fræðilegi grunnur sem sú hugsun byggir á að það borgi sig frekar að skatta sig út úr þessu en að spara útgjöld.

Ég hef verið fræðimaður í hagfræði í háskólum núna í rúm 15 ár, (**Gripið fram í:** Og með doktorspróf.) já, með doktorspróf í hagfræði og skrifaði um hagstjórn í minni doktorsritgerð, en ég kannast ekki við þessa kenningu. Hún er eignuð Keynes lávarði og ég held bara að hann hafi alls ekki talað á neinn hátt um þetta. En stórt á litið skilgreinir þetta vandamálið ágætlega en að öðru leyti er (Forseti hringir.) þetta er bæklingur um það hvernig hækka á skatta (Forseti hringir.) og það vantar öll tengsl við atvinnulífið. Hvaðan eru þessar kenningar (Forseti hringir.) upprunnar, hæstv. fjármálaráðherra?

[14:41]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er sennilega vissara fyrir auman fyrrverandi vörubílstjóra að fara varlega í umræðu við prófessorinn og hagfræðinginn. Ég ætla því ekki að fara hér út í að reyna að bera það á borð að ég sé betur að mér í hagfræðilegum fræðikenningum en hv. þingmaður. Ég held hins vegar að þessi reifun sé yfirveguð og ég held að hún færi af sanngirni rök fyrir sjónarmiðum í báðar áttir í þessum efnum. Niðurstaðan er auðvitað sú að það val aðlögunarleiða sem við stöndum frammi fyrir skiptir máli, hefur þjóðhagsleg áhrif bæði til lengri tíma og skemmri tíma og það er reynt að sýna það hér með myndum sem ég hvet hv. þingmann til að skoða og gera þá eftir atvikum athugasemdir við ef hann telur að þar sé eitthvað umbrogað. Þá verð ég að fara til þeirra fræðimanna sem hér hafa lagt hönd á plóg, hafa annast útreikninga, einkum og sér í lagi í mínu ráðuneyti en þó í samstarfi við fleiri aðila. Ég fagna að sjálfsögðu málefnalegri umræðu um það hvort við þurfum að styrkja betur og (Forseti hringir.) breikka fræðilegan grunn til ákvarðanatöku á komandi mánuðum og missirum í þessum efnum.

[14:42]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Sú yfirvegun sem þessi skýrsla er gerð af gerir ráð fyrir að heildarskatthlutfall af tekjusköttum fari ekki upp fyrir svipað hlutfall og var fyrir nokkrum árum, 2006, 2007, þegar hvað best gekk. Það er svona sagt að það verði alla vega ekki verra en það. Það gleymist aftur á móti að taka fram, og það tel ég vera yfirbreiðslu, getum við sagt, og raunverulega fals að allur fjármagnstekjuskattstofninn hefur minnkað alveg gríðarlega og er hverfandi og það er enginn hagnaður af fyrirtækjum. Þessi skellur mun því allur bitna beint á heimilunum sem tekjuskattur.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort þetta séu þau yfirveguðu og heiðarlegu vinnubrögð (Forseti hringir.) sem hann benti á áðan.

[14:43]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill áminna hv. þingmenn um að ávarpa ætíð forseta í upphafi máls síns.

[14:43]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Stutta svarið er einfaldlega já. Ég tel að þessi skýrsla sé sett fram af heiðarleika af hálfu þeirra fræðimanna (**THÞ:** … er ekki fræðimaður.) sem þar hafa lagt hönd á plóginn og ég er mjög sáttur við innihald hennar og ég ber að sjálfsögðu á því pólitíska ábyrgð. Ég ætla að biðja hv. þingmann að leggja af þann ósið að draga fjarstadda menn sem ekki geta svarað hér fyrir sig inn í umræður með þeim hætti sem hann er að reyna að gera hér með frammíkalli úti salnum. (Gripið fram í.) Það er ósmekklegt, hv. þingmaður.

Veruleikinn er auðvitað sá að þær breytingar sem menn gátu látið eftir sér að gera af pólitískum forsendum á veltiárunum, á froðutekjurnar sem menn höfðu inn í ríkissjóð meðan þjóðarbúið var að safna skuldum og var rekið með dúndrandi halla út á við, voru hneyksli. Skattstefna Sjálfstæðisflokksins var fullkomlega ábyrgðarlaus, hún er stórhneyksli, og það er af hennar sökum að við stöndum miklu verr í dag við að koma okkur út úr þessum erfiðleikum en við hefðum annars átt að gera. (Forseti hringir.) Við ættum að eiga mikinn forða inni í Seðlabankanum (Gripið fram í.) frá þeim sköttum (Forseti hringir.) sem ekki átti að lækka og við áttum að hafa stöðu núna til að beita (Gripið fram í.) sveiflujöfnunargetu (Forseti hringir.) ríkissjóðs meira en (Gripið fram í.) aðstæðurnar gera okkur mögulegt.

(**Forseti** (SVÓ)**:** Forseti biður um hljóð í salnum.)

[14:45]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nú kannast maður við kauða. Þarna kom hv. þingmaður Vinstri grænna, núverandi hæstv. ráðherra í ljós og fór að tala um skattstefnu Sjálfstæðisflokksins í miklum pirringi.

Ég kem upp í andsvar vegna þess að í þessari annars fínu skýrslu — það er fínt að fá svona plagg fram — er talað um að stjórnvöld muni leggja alla áherslu á að skapa atvinnulífinu þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að skapa hér og verja og styðja atvinnustarfsemina í landinu og það er talað um að við þurfum að hafa trausta tekjustofna sem forsendu atvinnulífs. Á sama tíma og þetta er sett fram er verið að leggja hér á — það var samþykkt með lögum á mánudaginn var — afdráttarskatta á fjármagnstekjur þar sem verið er að skapa flækjustig sem veldur því að íslensk fyrirtæki á erlendum fjármagnsmörkuðum (Forseti hringir.) lenda í miklum vandræðum. Þessi skattlagning er gerð þvert á (Forseti hringir.) ráðleggingar allra sérfræðinga og mun ekki gera neitt annað en að draga úr (Forseti hringir.) þrótti atvinnulífsins. Ég klára (Forseti hringir.) í næsta andsvari hugsunina.

[14:46]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er mál sem við ræddum hér ítarlega og hefur verið rætt ítarlega í tengslum við frumvarp sem nýlokið hefur verið afgreiðslu á. Við getum tekið þá umræðu upp aftur eða geymt hana til haustsins ef hv. þingmaður (Gripið fram í.) vill það frekar vegna þess að ég man ekki betur en að þetta eigi að taka gildi um næstu áramót og hefst þá framkvæmdin.

Ég vil aðeins bara segja almennt um þessi skattamál að ég held að það séu verulegur hluti af hagstjórnar- og ríkisfjármálaógæfu okkar þegar skattalækkunaryfirboðin og loforðin brustu á (**REÁ:** Það er ekki það sem ég var að ...) í aðdraganda — ég ræð mínu máli hér, hv. þingmaður — brustu á í aðdraganda (Gripið fram í.) alþingiskosninganna 2003. Hvað gerðu menn svo? Menn lögfestu skattalækkanir langt inn í framtíðina algerlega þvert á þær horfur í efnahagsmálum sem blöstu við og menn héldu sig við vitleysuna, voru aldrei menn til að endurskoða hana.

Þegar maður lítur til baka yfir þetta tímabil sér maður

það blasa við að þarna var allt gert öfugt sem hægt var að gera öfugt. Nú verðum við, (Forseti hringir.) þó að staðan sá erfið, að vinda ofan af þessu og leiðrétta kúrsinn.

[14:47]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Við þurfum að skapa atvinnulífinu skilyrði til að vaxa og dafna. Þess vegna leggur maður ekki aukaflækjustig á atvinnulífið. Jafnvel þótt það taki ekki gildi fyrr en um áramót þá eru skilaboðin þegar komin fram og ég hef heyrt það sjálf frá orkufyrirtækjum, frá álfyrirtækjunum sem hyggja hér á fjárfestingar, til að mynda í Helguvík, að þetta er þegar farið að skapa þeim vandræði og er að skapa óvissu sem við þurfum ekki á að halda núna. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins, sem fjármálaráðherra ber ábyrgð á, er gert ráð fyrir ákveðnum stóriðjuframkvæmdum til þess að viðhalda hér hagvexti. Það er gert með annarri hendinni. Með hinni hendinni er verið að skattleggja og þar með draga úr hvata þessara fyrirtækja til þess að koma hingað með fjárfestingar þegar við þurfum sem aldrei fyrr á nýfjárfestingum og innspýtingu erlends fjármagns inn í atvinnulífið að halda. Önnur óvissa sem verið er að skapa hér og kemur fram í þessu plaggi er varðandi (Forseti hringir.) umhverfisskatta. (Forseti hringir.) Það er sett fram en ekki tekin afstaða til þess. (Forseti hringir.) Ég er að benda á að í svona árferði eigum við að draga úr óvissu, (Forseti hringir.) ekki að skapa hana. Þó að þetta taki ekki gildi fyrr en um áramót, virðulegur forseti, (Forseti hringir.) getur skaðinn verið þegar skeður.

[14:49]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður er mjög upptekinn af þessu (Gripið fram í.) og hefur hér ímugust á sköttum, hvort sem það eru afdráttarskattar á vaxtagreiðslur úr landi sem færa má augljós sanngirnis- og samræmingarrök fyrir eða umhverfisgjöld, sem hv. þingmanni virðist vera næstum því (**REÁ:** Ég var að tala um óvissu.) jafnilla við. Það er nú tvennu ólíku saman að jafna, annars vegar þeim áformum sem þegar hafa verið lögfest og hins vegar reifun hér í skýrslunni um möguleika á þessu sviði sem ég hélt að hv. þingmaður vissi að hvarvetna væri verið ýmist að setja á eða að minnsta kosti að undirbúa að setja á, þ.e. ýmiss konar breytingar í skattkerfinu sem taka mið af nýjum viðhorfum í umhverfismálum og reyna að stýra þróun atvinnulífs og uppbyggingar í sjálfbæra átt. Það er að sjálfsögðu inn í slíka hluti sem hér er verið að vísa (Gripið fram í.) í umfjöllun um möguleg umhverfisgjöld, kolefnisgjöld og annað í þeim dúr.

[14:50]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá skýrslu sem við höfum hér fengið frá hæstv. ráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum næstu fjögur árin. Ég held að svona að jafnaði væri afar gagnlegt að stjórnvöld legðu fram skýrslu jafnítarlega þessari, um sýn sína fram í tímann, um það hvernig menn ætla að ná stöðugleika og jöfnuði í rekstri ríkisins. En við gerum þetta að þessu sinni að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og vegna hinna óvenju erfiðu aðstæðna.

Það sem vekur athygli mína í þessu skjali er áherslan á hækkun skatta. Við sjálfstæðismenn höfum bent á leiðir til þess að auka tekjur ríkisins án þess að hækka skatta. Það er auðvitað mjög áberandi í skýrslunni að tekin eru hlutföll eins og prósenta af vergri landsframleiðslu, sem er ágætt að nota, og hækkaðir skattar á þá sem eru hluti af prósentunni (Forseti hringir.) en aðrir skildir út undan. Þannig er dregin upp fegurri mynd.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra: (Forseti hringir.) Hvað á að hækka tekjuskatta á einstaklinga mikið til þess að komast í réttu prósentuna?

[14:51]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við skulum hafa í huga að þessi áætlun byggist á ákveðnum viðmiðunum hvað varðar annars vegar tekjuöflunarhluta aðlögunarinnar og hins vegar útgjaldahluta aðlögunarinnar á yfirstandandi ári og næstu tveim. Að öðru leyti hefur það ekki verið fest niður. Þar er markmiðið að tekjuöflunin standi fyrir um 45 af hundraði og sparnaður um 55 af hundraði.

Upp á þessi markmið hafa aðilar vinnumarkaðarins skrifað. Þeir hafa fallist á þau. Samtök atvinnulífsins horfast í augu við það og eiga heiður skilinn fyrir að sýna þá ábyrgð — veit ég þó að þeim er það ekkert sérstaklega ljúft svona hvunndags — að viðurkenna það að öðruvísi er þetta ekki hægt. Ég hvet því hv. þm. Bjarna Benediktsson að fara í heimsókn til flokksbróður síns, sem ég geri ráð fyrir að sé, Vilhjálms Egilssonar og ræða þetta við hann. (Gripið fram í.) Spurningin er hvort þingmenn Sjálfstæðisflokksins hefðu ekki gott af því (Forseti hringir.) að nálgast þetta af (Gripið fram í.) sama raunsæi og sömu ábyrgð og aðilar vinnumarkaðarins hafa gert.

[14:52]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það kemur alveg skýrt fram í þessu skjali að það eigi að auka skattinn á einstaklinga. Það kemur líka skýrt fram í þessari skýrslu að það eigi að auka skattinn á fyrirtækin. Reyndar er sagt þar að það standi til að auka skatthlutfallið þannig að það verði í átt við það sem gerist í flestum Evrópulöndunum.

Síðan er birt hér skýrsla sem sýnir að við megum eiga von á því að skattar á fyrirtæki hækki úr 18 upp í 28%, að skattur á arð hækki úr 10% upp í 30% og að meðaltali hækki skattar á fyrirtæki úr 26% upp í 43%. Er það misskilningur hjá mér eða er það þetta sem er verið að stefna að á blaðsíðu 25 í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir?

Hæstv. ráðherra svaraði því auðvitað ekki hér áðan hvað það þýði að fara með skattlagningu tekna einstaklinga og hækka hana um 2% af vergri landsframleiðslu, taka þannig 30–35 nýja milljarða inn (Forseti hringir.) í ríkissjóð eins og talað er um á blaðsíðu 24. Hvað á að hækka tekjuskattinn mikið? (Forseti hringir.)

Varðandi Samtök atvinnulífsins er ég bara einfaldlega

ósammála þeim að ekki sé hægt að fara aðrar leiðir og ég áskil mér allan rétt (Forseti hringir.) til þess, þó að þar séu flokksbræður mínir. (Forseti hringir.) Við höfum bent á kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrissjóða til dæmis.

(**Forseti** (StB)**:** SVÓ: Forseti vill áminna hv. þingmenn um að halda tímatakmörk.)

[14:54]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Ég bið hv. þingmann að lesa ekki reifun um þetta og dæmi um það hvað tilteknar hækkanir skattstofna gefa sem ákvörðun. Það er ekki svo. Það eru rammarnir sem hafa verið settir niður, til dæmis að upp í 63 milljarða aðlögun á næsta ári gangi 28 milljarða auknar tekjur. Það er til viðbótar þeim sem nú hafa verið ákveðnar á þessu ári því að það þarf að bæta við aðlögun upp á 63 milljarða kr.

Ég vona sannarlega að sjálfstæðismenn verði með okkur í því að velta upp möguleikunum í þessum efnum. Þeir hafa gert það í einu tilviki, (**Gripið fram í:** Einu tilviki?) að taka að láni væntar tekjur ríkis og sveitarfélaga með því að hefja sköttun á inngreiðslum í lífeyrissjóði nú þegar. (Gripið fram í.) Það er að sjálfsögðu ekkert annað en að taka að láni væntar tekjur framtíðarinnar (**Gripið fram í:** Frá hverjum?) í þessum efnum, (**Gripið fram í:** Frá hverjum?) sem ég veit að hv. þingmenn skilja. Ég held að það sé ekki (Forseti hringir.) að öllu leyti vænleg leið satt best að segja (**Gripið fram í:** Ertu að útiloka hana?) frá sjónarhóli framtíðarhagsmuna ríkis og sveitarfélaga (Forseti hringir.) í landinu sem þurfa á komandi áratugum að ná niður miklum skuldum.

[14:55]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar í fyrsta lagi aðeins að koma inn á orð hæstv. fjármálaráðherra þar sem hann talaði um að hér hefði verið stunduð óábyrg útþenslustefna stjórnvalda og beindi orðum sínum að Sjálfstæðisflokknum. Ég veit ekki betur en að samstarfsflokkur Vinstri grænna í ríkisstjórn, Samfylkingin, hafi staðið fyrir 20% útgjaldaaukningu þegar hún kom til valda 2007 þrátt fyrir viðvaranir um annað og að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og samflokksmenn hans mæltu þá á annan veg en við framsóknarmenn um að þetta gengi ekki. Þeir vildu auka enn frekar. Við skulum því gæta fyllstu sanngirni í þessu.

Ég vildi spyrja og ég veit að tíminn er að verða útrunninn: Af hverju fáum við ekki heildarmyndina í þessari skýrslu í staðinn fyrir að skilja eftir skuldbindingar varðandi Icesave, lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Noregi (Forseti hringir.) jafnvel þó að þau séu til Seðlabankans? Þurfum við ekki að fara að fá heildarmyndina? Við erum alltaf að standa frammi fyrir því að tölurnar (Forseti hringir.) breytast dag frá degi.

[14:56]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég var sérstaklega að vísa til ábyrgðarleysisins í skattamálunum á árunum 2003–2007. Þá er málið orðið hv. þingmanni aðeins skyldara en svo að skamma Samfylkinguna. (**Gripið fram í:** 2007 og 2008.) Hv. þingmaður getur flett því upp að það var einn flokkur sem skar sig úr við þær aðstæður. Við vöruðum við þessum skattalækkunum. Við bentum á hagstjórnarlegu hætturnar og gryfjurnar sem í því væru fólgnar að stórlækka skatta og sérstaklega á tekjuháum einstaklingum og fjármagnstekjuhöfum á tímum vaxandi þenslu og verðbólgu. Það var um það bil eins vitlaust og nokkuð gat verið og það átti eftir að reynast okkur ásamt með fleiri mistökum sem gerð voru mjög dýrkeypt.

Varðandi umræður hér á þingi 2007 í aðdraganda fjárlagagerðar, ef hv. þingmaður er að vísa til þess, þá bið ég hv. þingmann sömuleiðis að fletta því upp. Ég fullyrði við hv. þingmann að í hvert einasta sinn sem við höfum flutt breytingartillögur á undanförnum árum um fjárútlát í tengslum við fjárlagafrumvarpsafgreiðslu (Forseti hringir.) þá höfum við flutt tillögur um tekjuöflun á móti.

[14:58]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra þarf ekkert að minna mig á hvernig umræðan fór hér vorið 2007 eða haustið 2007. Vinstri grænir kröfðust þess að farið yrði í frekari fjárútlát þegar talað var um 20% aukningu á ríkisframlög. Ég man þetta alveg fullvel.

Mig langar til þess að spyrja aftur sömu spurningar og ég spurði áðan: Af hverju er lánið frá Icesave ekki talið með í skuldum ríkissjóðs í töflunni á öftustu blaðsíðu skýrslunnar og af hverju eru lánin frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Noregi og fleirum ekki talin með í skuldum ríkissjóðs? Þetta eru gríðarlega miklar forsendur sem breyta allri skýrslunni.

Er ekki kominn tími til þess að við fáum réttar tölur? (Forseti hringir.) Við höfum aldrei fengið aðrar vísbendingar eða svör (Forseti hringir.) frá stjórnvöldum en að allt sé hér í stakasta lagi. Og svo breytist það daginn eftir.

[14:59]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fullyrði nú að aldrei hafa verið reiddar fram jafnmiklar upplýsingar og eins mikil hagræn gögn og nú hefur verið gert á undanförnum mánuðum enda rétt og skylt eins og aðstæðurnar eru og í ljósi þess sem við erum að glíma við. Hvenær áður hefur Alþingi haft slíkar upplýsingar um fjárlagagerð næsta árs til dæmis eins og það hefur hér í höndunum? Aldrei. Hvaða upplýsingar höfðu stjórnarsinnar, hvað þá stjórnarandstæðingar, í höndum um svipað leyti í fyrra um það sem í vændum var haustið 2008? Engar. (Gripið fram í.)

Hér hafa verið ítrekað í vetur lagðar fram upplýsingar, bestu fáanlegar upplýsingar, á heimasíðu forsætisráðuneytisins í gögnum af þessu tagi og hv. þingmaður mun fá fleiri upplýsingar á morgun. Varðandi þá framsetningu sem hér er þá byggir hún á þeirri flokkun sem venjubundin er, að lán sem Seðlabankinn tekur eru þar og skrá yfir þau er haldin þar. Það á við um lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, lánið frá norska ríkinu (Forseti hringir.) eða norska seðlabankanum og það á auðvitað í þessum skilningi líka við um innlánstryggingasjóðinn (Forseti hringir.) sem er lántakinn í tilviki Icesave.

[15:00]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil eins og hv. þingmenn hafa gert í andsvörum þakka fjármálaráðherra fyrir framlagningu á þessari skýrslu hans um jöfnuð í ríkisfjármálum fyrir árin 2009–2013. Á margan hátt er þetta hið fróðlegasta plagg, ekki eingöngu fyrir það sem í því stendur heldur ekki síður fyrir hitt sem ekki kemur þar fram og kem ég raunar að því seinna. Hins vegar er alveg ljóst að það er full þörf á róttækum aðgerðum í ríkisfjármálum eins og kom ágætlega fram í framsögu hæstv. ráðherra með skýrslunni. Það ber að taka það fram strax að það er mjög gott í ljósi orða hæstv. ráðherra áðan að skýrslunni verður vísað til fjárlaganefndar til að hún nýtist og komi að gagni við þá vinnu sem fram undan er við fjárlög næstu ára. Það er tvímælalaust gott því að hér er um að ræða ákveðinn grunn að efni sem vissulega er hægt að nýta en það er annað í skýrslunni sem er vissulega umdeilanlegt, mjög álitamikil mál eru sett þar fram og á engan hátt er hægt að ætlast til að menn nái fullkominni samstöðu um þær leiðir sem þar eru lagðar til.

Maður spyr sig hins vegar þeirrar spurningar þegar þetta plagg berst manni í hendur hver tilgangurinn með því sé. Ekki á eingöngu að leggja út frá því í ljósi þeirrar talnasúpu sem svona plaggi óneitanlega fylgir, megintilgangurinn hlýtur að vera sá að koma betra skikki á þjóðfélagið í heild sinni en við upplifum núna. Það er raunar undirstrikað hér sem lykilatriði eða ég vil að minnsta kosti skilja það svo, virðulegi forseti, að lykilatriðið í þessari vinnu sé „að skapa forsendur fyrir nýja uppbyggingu í efnahags- og atvinnulífi“. Þetta tel ég vera eina mikilvægustu setninguna í allri skýrslunni þó að hún láti ekki mikið yfir sér. Hún kemur fyrir í inngangi og ég vil endurtaka þetta orðrétt, með leyfi forseta, að þessari skýrslu og þessari vinnu er ætlað „að skapa forsendur fyrir nýja uppbyggingu í efnahags- og atvinnulífi“. Maður leiðir því lesturinn í gegnum skýrsluna út frá þessari lykilsetningu.

Vissulega eru uppi ágætisáform í þessu plaggi um það hvernig menn ætla að reyna að ná samstöðu um það mikla verk sem fram undan er og eins og það er orðað og hæstv. ráðherra komst að orði áðan þurfi allir að leggjast á árar í því starfi sem fram undan er og ná þurfi víðtækri sátt um verkefnið.

Í skýrslunni á bls. 2 er listað upp um hvaða aðila þar er að ræða. Þetta eru aðilar vinnumarkaðarins og í það er vitnað hér, forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins varðandi skattapólitíkina sem vinstri grænir og hæstv. fjármálaráðherra standa fyrir, til stuðnings þeirri skattapólitík sem nú er rekin. Ég vil taka undir með þeim ræðumönnum sem lýstu sig andvíga þeirri pólitík sem Samtök atvinnulífsins hafa í þeirri skattapólitík sem uppi er í ætlun ríkisstjórnarinnar og birtist með ýmsum hætti í þessari skýrslu.

Í öðru lagi er lagt til samstarf við sveitarfélögin. Ég fagna orðum hæstv. fjármálaráðherra mjög varðandi áform um bætt samskipti við sveitarfélögin og betra samstarf við þau við þær ákvarðanir sem fram undan eru. Ekki veitir af því að fjármál hins opinbera hljóta að taka til sveitarfélaganna jafnt sem ríkissjóðs og í þeim greinargerðum og skýrslum sem komið hafa frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur verið áréttað að það sé mjög mikilvægt að taka fjármál sveitarfélaganna með í þessa súpu alla saman.

Það leiðir hins vegar hugann að nýsamþykktum aðgerðum á Alþingi fyrir helgi í svokölluðum bandormi en þar var verið að leggja auknar álögur á sveitarfélögin upp á 1,2 milljarða sem ég sé ekki með hvaða hætti þau geta mætt öðruvísi en að ganga enn frekar á þá þjónustu sem verið er að veita íbúum sveitarfélaganna og þótti sumum nóg að gert. Með öðrum orðum, ríkið er að vísa vandræðum sínum við að ná tökum á efnahagsmálunum yfir til hins stjórnsýslustigsins án þess að um það hafi í sjálfu sér verið neitt samráð.

Hér er líka rætt um samstarf við aðra hagsmunaaðila og nefnt í því sambandi að stjórnvöld ætli að leggja áherslu á gott samstarf við heildarsamtök annarra hagsmunaaðila. Upp eru talin samtök sem ég leyfi mér að orða svo að liggur ekkert sérstaklega vel á í dag, þ.e. samtök aldraðra og öryrkja. Við þekkjum viðbrögð þeirra við nýsamþykktum bandormi þar sem menn deildu mjög hart á þá forgangsröðun við niðurfærslu tilfærslnanna í bandorminum sem bitnaði fyrst á þessum hópi lífeyrisþega sem við getum ætlað að séu í kringum 42 þúsund manns í landinu sem hljóta allir með einhverjum hætti skerðingu í þessum efnum.

Síðan eru talin upp samtök bænda og ég held að ég láti nægja að vitna í áhuga núverandi ríkisstjórnarflokka á því að ganga í Evrópusambandið í algjörri andstöðu við heildarsamtök bænda. Að minnsta kosti liggur fyrir þinginu tillaga frá ríkisstjórninni um að gengið verði til þessara viðræðna og bændur eru upp til hópa og landssamtök þeirra algjörlega andvíg þessu dæmi. Það skiptir ekki máli þó að menn hafi á því aðrar skoðanir, stefnan og kúrsinn frá ríkisstjórninni er lagður þannig út að við ætlum okkur að sækja þarna um. Ég trúi því ekki að ábyrg stjórnvöld sæki um aðild að samtökum eins og Evrópusambandinu nema þau ætli sér að ljúka málinu, annars geta menn ekki verið trúverðugir.

Í fjórða lagi er vitnað til atvinnulífsins og fjölgunar starfa. Sú málsgrein sem það er tiltekið er í rauninni eina atriðið í allri þessari 50, 60 blaðsíðna skýrslu sem lýtur að því að búa til og stækka þá köku sem til skiptanna er. Það er þetta atriði sem ég sakna mjög í því verki sem hér liggur fyrir og tel raunar alveg nauðsynlegt að fjárlaganefnd skoði það þegar hún fær þetta mál til umfjöllunar og sem gagn inn í framhaldsvinnu með hvaða hætti mögulegt sé að breikka eða styrkja skattstofna ríkisins í því verki sem fram undan er, því að eins og þetta birtist manni erum við alltaf að skatta sama hópinn sem verður alltaf veikari og veikari í því verki sem fram undan er. Ég vil í því sambandi leyfa mér að vitna í mjög gott nefndarálit sem lagt var fram í tengslum við afgreiðslu á bandorminum og er frá minni hluta efnahags- og skattanefndar þar sem flutningsmenn þess nefndarálits tiltaka og ræða áhrifin af bandorminum og benda á að hann kemur mjög misjafnt niður á ólíkum aðilum þjóðfélagsins og telja að skattar á heimili og atvinnulífið séu í rauninni til muna of háir í samanburði við þær tilraunir sem gerðar eru til að reyna að ná niður rekstrarkostnaði. Í nefndarálitinu, sem dregur þetta mjög vel upp, er varað sterklega við þessum áhrifum af skattlagningarhluta bandormsins, það er metið þannig að þau áform sem eru í bandorminum geti leitt til þess að vandinn sem við er að

glíma vaxi, þ.e. að aukin skattheimta á núverandi gjaldendur, atvinnulíf og heimili, muni leiða til þess að hallinn sem við er að glíma geti aukist og vandinn vaxi í stað þess að dragi úr honum.

Til að ná fram þeim markmiðum sem þarna eru sett fram — og ég vil undirstrika að þau eru öll góð og gild — eru settar fram ákveðnar áherslur sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir og þær eru tvíþættar. Í fyrsta lagi er rætt um að bæta áætlanagerð í ríkisfjármálum og það er raunar umhugsunarefni hvernig að því er staðið. Í öðru lagi er rætt um að auka aga í framkvæmd fjárlaga.

Ég vil geta þess við þessa umræðu að við ræddum á fundi í hv. fjárlaganefnd í morgun tvær skýrslur frá Ríkisendurskoðun. Það var ekki neitt sérstaklega skemmtileg lesning og umræða. Önnur skýrslan laut að fjármálastjórn ráðuneyta og skilum rekstraráætlana — þetta var skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis — og þar kemur einfaldlega fram mikil lausung sem við höfum vitað af og rætt hér, a.m.k. þau tvö, þrjú ár sem ég hef setið á Alþingi, að það er allt of mikil lausung í þessari starfsemi ríkisstofnana. Í þessari skýrslu kemur fram að í byrjun maí eru 10 áætlanir enn ósamþykktar í ráðuneytum ríkisins, fjórar í menntamálaráðuneytinu, tvær hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, ein hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, tvær hjá heilbrigðisráðuneytinu og ein hjá umhverfisráðuneyti. Af 222 samþykktum rekstraráætlunum hafa einungis 179 verið skráðar í svokallað fjárhags- og umsýslukerfi Orra í byrjun maí eða um 81%.

Þessar ábendingar hafa ekki komið fram áður til fjárlaganefndar. Og eftir þá umræðu sem þarna fór fram um þessi lélegu skil og hvort þingið hefði ekki fengið réttar upplýsingar í öllum þessum málum í gegnum tíðina, þá játuðu þeir því aðspurðir, starfsmenn Ríkisendurskoðunar sem þarna mættu. Þetta er í mínum huga mjög alvarleg yfirlýsing frá stofnun sem ætlað er að vera í forsvari fyrir Alþingi við að gæta hagsmuna þess gagnvart stofnunum ríkisins svo Alþingi geti annast það lögbundna hlutverk sitt sem er eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þetta er til stórrar skammar fyrir allt það starf sem hér er verið að reyna að leggja út í að við getum ekki komið þessu á betri grunn en raun ber vitni hér.

Hitt málið sem ég vildi nefna í ljósi þeirra áforma sem ríkisstjórnin hefur og vill hafa við framkvæmd fjárlaga er mál sem var lagt fram á Alþingi á föstudaginn var og rætt á Alþingi í gær. Það er frumvarp til laga um heimild ríkissjóðs Íslands til viðbótarlántöku á árinu 2009. Hverjir flytja það? Ekki er það fjármálaráðherra, ekki er það ríkisstjórnin. Nei, það eru fimm þingmenn í efnahags- og skattanefnd, fimm stjórnarliðar sem flytja þetta mál þvert á lög um fjárreiður íslenska ríkisins, þvert á þingsköp, þvert á stjórnarskrá. Ég fullyrði eftir að hafa hlýtt á þá umræðu sem fór fram hér í gær að þessir fimm þingmenn og þar á meðal hv. framsögumaður þessa frumvarps nefndarinnar höfðu ekki hugmynd um hvað þeir voru að leggja fram, ekki græna glóru um það. Við fyrirspurn frá hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni, þar sem hv. þingmaður spurði til hvers ætti að nýta þá fjármuni sem þarna væri um að ræða, þá upplýsti hv. framsögumaður Helgi Hjörvar það að 250 milljarðar af þessari væntanlegu lántöku væru ætlaðir til að brúa hallarekstur ríkissjóðs.

Fjárlög ríkisins árið 2009 gera ráð fyrir 150 milljarða halla. Ef hallinn á að verða 250 milljarðar eins og kom fram í máli hv. framsögumanns er verið að auka hallann um 140 milljarða. Þetta eru nýjar upplýsingar fyrir þingið sem ég tel í rauninni og get alveg játað hér að ekki er ástæða til að taka alvarlega, ég trúi því ekki að mönnum séu það mislagðar hendur að hallinn á ríkissjóði eigi að ganga svo algjörlega úr böndum frá því sem fjárlög gera ráð fyrir. Hér er um að ræða gríðarlegan misskilning og ber vott um það að viðkomandi framsögumaður hafði ekki græna glóru um það hvað hann var að leggja fyrir Alþingi og það er mjög miður. Þetta gengur, eins og ég segi, gegn öllum ákvæðum laga sem taka til þessara mála og gerir ekkert annað en að auka á lausungina og skapa meiri óreglu um meðferð þeirra þegar við höfum aldrei haft brýnni og meiri þörf fyrir aga í þeim málum en einmitt núna. Þá er grundvallaratriði að við skipum þessum stóru málum með þeim hætti sem ætlað er af hv. Alþingi.

Grundvallaratriðið varðandi þetta mál þegar maður er búinn að leggjast yfir það er að það er ekki skortur á hugmyndum um mögulegar skattahækkanir en það er hins vegar algjör skortur á sýn sem gefur fólki einhverja trú á það að við getum unnið okkur í gegnum þessa erfiðleika. Það er ekki nóg að ræða þetta mál eingöngu út frá því að við getum gert þetta heldur verður að sýna fram á það að unnt sé að komast í gegnum þennan stabba. Það er ekki gerð tilraun til þess í þessari skýrslu en ég vænti þess að fjárlaganefnd muni ná tökum á því verkefni þegar hún fer að vinna með málið.

[15:15]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Skipulag umræðunnar er þannig að ef ég ætla að bregðast við og svara einhverju þá geri ég það í andsvörum og hef ekki frekari ræðurétt í umræðunni og það er góðu lagi af minni hálfu þannig að ég mun reyna nýta mér það. Þessi skýrsla um jöfnuð í ríkisfjármálum, ég segi einmitt að hún gefur þá framtíðarsýn, hún sýnir að við getum ráðið við þetta verkefni. Það er mögulegt að ná þessum árangri. Það verður erfitt, við setjum markið mjög hátt, að ná frumjöfnuði strax á árinu 2011, heildarjöfnuði 2013 en það á að vera hægt. Það verður mjög erfitt. Við vitum það allir hv. þingmenn. Að því leyti er hún mjög mikilvæg.

Það að ná tökum á ríkisfjármálunum er mikilvæg forsenda annarra hluta. Við þurfum ekki annað en hugsa þar um vexti, eða hvað? Var ekki beðið eftir því að aðgerðir ríkisstjórnarinnar kæmu fram, að áform ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum kæmi fram og menn sögðu að það væri ein mikilvæg forsenda þess að sjá inn í framtíðina og aðrir aðilar gætu tekið mið af því hvernig ríkið ætlar að taka á sínum hlutum.

Varðandi samráð við aðra vil ég í fyrsta lagi nefna Bændasamtökin. Þau riðu á vaðið. Þau voru eiginlega á undan stöðugleikasáttmálanum þegar ríki og bændur gerðu samning þar sem bændur tóku á sig umtalsverða skerðingu, sættust á hana, sömdu um hana og samþykktu hana í kosningum. Það má segja að þeir hafi verið á undan, það voru

þeir sem leiddu hlaupið, ef svo má að orði komast, og við metum það mikils að bændur enn á ný leggja sitt af mörkum rétt eins og þeir gerðu í þjóðarsáttinni á sínum tíma. Það var fundað með og rætt við samtök aldraðra og öryrkja. Það bjóst enginn við því að þau yrðu ánægð eða sættu sig við skerðingu en það skipti líka máli hvernig hún er gerð, hvernig hún er framkvæmd og að það sé hlustað á þeirra sjónarmið og reynt að útfæra þá hluti á skásta mögulegan hátt.

Varðandi sveitarfélögin endurtek ég það sem ég sagði að það er mjög mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni þessa hluti saman. Sveitarfélögin fá sitt. Það verða gerðar upp húsaleigubótaskuldir. Sveitarfélögin fá í tvennum skilningi tekjur vegna aðgerða sem nú hefur verið gripið til á árinu. Það er annars vegar vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar og hins vegar vegna hlutdeildar þeirra í vaxandi ríkissjóðstekjum inn í jöfnunarsjóð.

[15:18]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að bændur hafa oft og tíðum verið á undan sinni samtíð og voru það í þessu tilfelli líka. Við erum sammála um það úr því ágæta kjördæmi sem við komum úr báðir tveir.

Varðandi það með hvaða hætti aldraðir og öryrkjar brugðust við þá er það í fyllsta máta skiljanlegt, ekki síst í ljósi þess hvernig umræðan um forgangsröðina hefur verið varðandi niðurskurðinn í tilfærslunni. Ég fullyrði að það hefði verið leikur einn að ná með sama hætti 1.800–2.000 milljörðum í lækkun þess hlutar til að netta út og komast hjá því að ganga inn í þennan veikasta hóp í þeim bótaflokki sem þarna liggur fyrir.

Það liggur líka fyrir að það eru fjölmörg tækifæri í rekstri nú þegar eins og kemur ágætlega fram í fjölmiðlum í dag, á forsíðu *Fréttablaðsins* þar sem vitnað er til þess hvernig menn eru að „svindla“ á bótagreiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði, í hálfu starfi með 500 þús. kr. tekjur og 120 þús. kr. í bætur frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég fullyrði það að ef menn fara ofan í það er með sama hætti hægt að ganga líka inn í Fæðingarorlofssjóðinn og sjá þar og draga upp dæmið þar sem menn eru að spila á það regluverk sem þar er um að tefla. Ég nefni þetta vegna þess að inn í Fæðingarorlofssjóð eru nú þegar komnir 11 milljarðar, upphæð sem hefur stórhækkað á síðustu árum og ég tel alveg fyllilega ástæðu til að fara ofan í þann vöxt útgjalda í ljósi þeirrar kröfu sem gerð er um aðhald í rekstri ríkisins. Þetta er ákveðinn munaður sem við gátum leyft okkur en getum ekki gert í dag, því miður. Og ég tel ekkert að því að skoða þetta frekar en orðið er. Þarna er fullt af færum. En þess í stað fóru menn aðrar leiðir og ganga frekar inn á bæturnar til þessara 42 þúsund lífeyrisþega í landinu sem höfðu vissulega náð áföngum í réttindabaráttu sinni en ekki það miklum að það réttlætti að þeir yrðu fyrst skornir niður við trog.

[15:20]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að það var tilfinnanlegt og sárt að þurfa að fara inn í almannatryggingakerfið en ég held að menn verði að hafa það í huga að þetta er hluti af stórri heildarmynd og það er meira eftir. Og ég held að þegar menn skoða þessa hluti t.d. í samhengi við það sem líklegt er að verði orðið um áramót og þegar lögfestar hafa verið víðtækar aðgerðir þar sem umtalsverðar byrðar hafa verið lagðar á aðra hópa þá sjái menn að það er einmitt ætlunin að verja undirstöður velferðarkerfisins, heilbrigðis-, mennta- og félagskerfið, eins og nokkur kostur er við þessar aðstæður. (Gripið fram í.) Það eru allir að fá á sig byrðar. Hvað máttu námsmenn sætta sig við núna á vordögum? Þeir urðu að sætta sig við óbreyttan framfærslugrunn, hverju þeir að sjálfsögðu mótmæltu en aðstæðurnar eru þannig að byrðarnar munu dreifast á alla hópa samfélagsins. Námsmenn höfðu samkvæmt venju átt rétt á 15% hækkun eða rúmlega það ef við hefðum verið í aðstæðum til þess að halda uppi sama kaupmætti og sama stigi á öllum sviðum en það erum við ekki og það er veruleikinn.

Að sjálfsögðu þurfum við líka að taka hart á því ef um undanskot og svindl einhvers staðar í kerfinu er að ræða. Það er enn síður líðandi við aðstæður sem þessar ef einhverjir eru að misfara með hluti af því tagi. Þess vegna er það einmitt líka ætlunin að fara í stórhertar aðgerðir eins og t.d. þær sem eru að hefjast núna gagnvart atvinnuleysisbótum, skattundanskotum og öðrum slíkum hlutum. Það má enn síður sýna nokkra vægð gagnvart slíkri hegðun við aðstæður af því tagi sem við búum nú við.

[15:22]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég kom því ekki að áðan varðandi framtíðarsýnina sem mér þótti skorta á í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir. Hún tekur til ársins 2013 og ég tel alveg fulla þörf á því að ítreka sjónarmið mitt varðandi þennan skort í þá veru að telja kjark í Íslendinga til að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra með þeim hætti að sýna þeim fram á það að sú barátta sem fram undan er næstu þrjú árin muni skila þeim í einhverju betra samfélagi. Við sjáum ekkert annað í þessari skýrslu en að það sé eingöngu ætlunin að djöflast á sama hópnum og skatta hann alveg endalaust út í gegn.

Hæstv. fjármálaráðherra nefndi tillögu og hugmynd sjálfstæðismanna sem hefur verið haldið á lofti um að breyta sköttum á lífeyrisiðgjöld. Það er afgreitt sisvona án þess að menn leggi í þá skoðun og ég heiti á hæstv. fjármálaráðherra að standa við þau orð sem hann gaf mér úr þessum ræðustól um daginn, að skoða þetta í fullri alvöru vegna þess að þetta gefur okkur færi á því að láta heimilin og atvinnureksturinn í landinu ekki líða endalaust fyrir þennan stabba sem við er að glíma. Það er rangt sem kemur fram í skýrslunni þar sem er enn og aftur hjakkað á þeirri staðhæfulausu fullyrðingu að orkufrekur iðnaður og stórfyrirtæki séu ekki mannaflsfrek. Það er lagt út með þeim hætti að þau geti vel borið hærri skatta. Ég nefni þetta vegna þess að það hefur verið sýnt fram á að þessi fyrirtæki greiða sömu skatta og önnur fyrirtæki í landinu. Til dæmis greiddi álverið í Straumsvík hærri tekjuskatt á árinu 2007 en öll fiskvinnslan í landinu. Þjónustukaup þeirra standa undir rekstri fullt af opinberum fyrirtækjum. Það er því rangt að

gera þannig að hlutunum að þessi fyrirtæki geti borið hærri gjöld.

[15:24]

Útbýting:

Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 37. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 200.

Starfsmenn í hlutastörfum, 70. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 201.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 78. mál, nál. fél.- og trn., þskj. 202.

[15:24]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við tökum til umræðu skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum fyrir árin 2009–2013, skýrslu sem hefur fengið titilinn „Stöðugleiki, velferð og vinna“ og vísar fyrirsögnin auðvitað til þeirra verkefna sem bíða okkar, þ.e. að koma á stöðugleika, viðhalda og helst efla velferðina og tryggja að við höfum vinnu í landinu. Það hefði mátt bæta þremur orðum við í fyrirsögnina því þar eru auðvitað þau verkefni sem blasa við okkur og eru gríðarlega mikilvæg á þessum tímum. Það er að bæta gengið, að ná vaxtagjöldunum niður, vaxtakostnaðinum, og það er að losa um gjaldeyrishöftin.

Þessi skýrsla kemur til viðbótar við þau gögn sem við höfum haft til að miða við í ríkisfjármálunum á undanförnum vikum og höfum á næstunni. Í fyrsta lagi höfum við byggt á fjárlögum sem samþykkt voru fyrir árið í ár, fjárlög sem gerðu ráð fyrir umtalsverðum halla vegna þess að þáverandi ríkisstjórn gerði sér grein fyrri því að við það áfall sem bankahrunið var þurftu menn að tryggja að samdrátturinn yrði ekki of snarpur og það var eðlilegt í sjálfu sér að reka ríkissjóð með halla eitt árið til að byrja með áður en gripið yrði til róttækra aðgerða.

Til viðbótar höfum við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og 100 daga áætlunina til viðmiðunar í þeirri vinnu sem við stöndum í. Nýlega samþykktum við aðgerðir í ríkisfjármálum, svokallaðan bandorm fyrir árið 2009 og 2010 og nú bætist þessi skýrsla við og kemur samhliða stöðugleikasáttmála sem aðilar vinnumarkaðarins og sveitarfélögin stóðu að, um aðgerðir og umhverfi í sambandi við það umbótastarf til að skapa stöðugleika, vinnu og velferð í samfélaginu, umgjörð sem við þurfum að byggja á.

Það er mikilvægt að við stöndum saman í þinginu að leita allra bestu leiða til að koma okkur út úr þessum vanda og það eru vissulega óvissuþættir fram undan, stór verkefni sem eiga eftir að koma inn og fylla betur inn í þá mynd sem er verið að reyna að draga upp. Það eru ábyrgðirnar á Icesave-reikningnum og þær skuldbindingar sem því munu fylgja. Það eru auðvitað ESB-umræðan sem er mikilvægt innlegg með hvaða hætti og í hvaða umhverfi endurreisn íslensks samfélags mun eiga sér stað og við höfum séð sem innlegg í viðbót við fjárlögin frá 2009, óskir um lánsfjárheimildir eins og kom fram í ræðu hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar þar sem þar sem einmitt er verið að óska eftir að fara að nýju yfir lánsfjárheimildir í fjárlögum.

Það er nú einu sinni þannig að það umhverfi sem við búum við er sífellt að taka breytingum. Þær áætlanir sem við setjum okkur varðandi fyrirtækin og heimilin breytast dag frá degi og það er okkar hlutverk að bregðast við og sjá til þess að leitað sé bestu lausna á hverjum tíma. Ég sagði frá því að fjárlögin fyrir árið 2009 voru samþykkt með rúmlega 150 milljarða halla og hallinn var þrátt fyrir að fjárlagafrumvarpið hefði verið skorið niður milli 40 og 50 milljarða og gerðar verulegar hagræðingarkröfur til ráðuneyta og stofnana ríkisins til að mæta þessari nýju stöðu. Breytingin var auðvitað sú að það var fyrirsjáanlegt verulegt tekjufall en ekki síður að áður skuldlaus ríkissjóður, að mestu, var að taka á sig verulegar vaxtagreiðslur og í fjárlögum er gert ráð fyrir milli 80 og 90 milljarða í vaxtagreiðslur. Það er umtalsverð upphæð af ekki nema 500 milljarða veltu ríkissjóðs. Það má því öllum vera ljóst að það er gríðarlega mikið í húfi í sambandi við gerð fjárlaga og í sambandi við þá áætlun sem hér er verið að leggja fram, þá skýrslu sem á að vera forsenda fjárlagagerðar næstu ára eða innlegg í þá umræðu og ramminn um þá fjárlagagerð. Það er gríðarlega mikilvægt að við náum þessum skuldum niður, það verði ekki þannig að skuldasöfnun verði vaxandi, auknar greiðslur til vaxta og þar með minni peningur til rekstrar á samfélaginu, velferðarþjónustunni, heilbrigðiskerfinu, félags- og tryggingamálunum skólamálunum o.s.frv. Það er þess vegna engin tilviljun að þegar menn settust yfir þetta á sl. hausti fljótlega eftir bankahrunið var gerð áætlun í samvinnu fjármálaráðuneytis, Seðlabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem stefnt var að því að ná þessum svokallaða frumjöfnuði sem allra fyrst, þ.e. að ná jafnvægi milli útgjalda og tekna án tillits til vaxtagreiðslna og þetta átti raunar samkvæmt þessari skýrslu og samkvæmt þeim áætlunum að nást þegar árið 2011 og síðan í beinu framhaldi af því verði náð heildarjöfnuði, árið 2013, en þá ættum við að geta farið að greiða niður skuldir að nýju.

Í skýrslunni, í töflu 9, er birt yfirlit yfir aðlögunarþörf ríkisfjármála fyrir 2009–2013 og þar birtist einmitt það umfang sem er hvað nýjast sem við þekkjum best varðandi þær kröfur sem gerðar eru til fjárlagagerðar á næstu árum. Árið 2009 þurfti að grípa til niðurskurðar umfram 20 milljarða, þ.e. mínus 20 milljarða til viðbótar við það sem áður hafði verið ákveðið til að tryggja að fjárlögin héldu. Þetta var gert í bandorminum, annars vegar með tekjum og hins vegar með niðurskurði. Á árinu 2010 er krafan um 56 milljarða frekari samdrátt og síðan 43 milljarða 2011, 36 og 24. Í heildina eru þetta 170 milljarðar og það er eins gott að menn átti sig á því, sem mér finnst stundum hafa skort upp á, að við náum ekki 710 milljarða viðsnúningi á næstu 4–5 árum án þess að koma alls staðar niður, án þess að snerta alla þætti rekstrarins, án þess að grípa bæði til aukinna tekna og niðurskurðar á sama tíma.

Ég nefndi það að í þessari vinnu og samhliða þessari skýrslugerð voru aðilar vinnumarkaðarins á fundum í Karphúsinu. Þeir lögðu gríðarlega mikilvægan þátt inn í þessa vinnu sem var stöðugleikasáttmálinn og þar var gerður sáttmáli bæði um kjarasamninga, þ.e. rammarnir fyrir kjörin í landinu, og það var gerð aðgerðaáætlunin í ríkisfjármálum þar sem menn höfðu skoðun á því hvert umfangið væri og þaðan kom einmitt hugmyndin um að við skyldum ekki skattleggja okkur umfram 45% af þeim 170 milljörðum

sem þarf að grípa til. Þar var rætt um að setja ákveðið ferli í gang, þ.e. frekari vinnu við að bæta stöðu lántakenda og skuldsettra heimila. Það var rætt um framkvæmdir til að auka og skapa aukna atvinnu, það var rætt um endurreisn bankanna og atvinnulífsins, það voru tímasettar ráðstafanir í gengismálum og vaxtamálum og rætt um málefni sveitarfélaganna. Allt þetta er til umfjöllunar í þessum stöðugleikasáttmála sem auðvitað er hluti af þeim plöggum sem hafa verið unnin til að tryggja hag ríkisins til lengri tíma.

Ég nefndi það áður að verkefni ríkisstjórnarinnar er síðan endurreisn íslensku bankanna, að leggja sitt af mörkum til að koma atvinnulífinu í gang að nýju og berjast gegn atvinnuleysinu sem er mesti ógnvaldur stöðugleikans ásamt gengi íslensku krónunnar, háum vöxtum og gjaldeyrishöftum. Þetta eru allt forsendur sem við þurfum að ná tökum á til að geta endurreist atvinnulífið og fengið hjólin til að snúast hraðar en nú er.

Þegar við skoðum skiptinguna á hvar við ætlum að grípa niður með þessa 170 milljarða þá, eins og ég sagði áður, verða menn að koma alls staðar við. Við verðum að horfa til tekjuöflunar og þar njótum við auðvitað að einhverju leyti góðs af, þó það sé hluti af vandamálinu, að sumir skattar voru lækkaðir í góðærinu. Það þýðir að jafnvel þó að við grípum aðeins til þess ráðs að færa skattana aftur í sama horf og þeir voru áður þá eiga að myndast við það umtalsverðar tekjur og getur varla verið hægt að tala um að það sé einhver skattpíning að stíga það skref til baka.

Varðandi niðurskurð í rekstri hefur ríkisstjórnin tilgreint í þessu plaggi og raunar í bandorminum ákveðinn forgang þar sem velferðarkerfið er varið og velferðarráðuneytin, bæði félags- og tryggingamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið, þ.e. rekstrarþættir þessara ráðuneyta eru aðeins skornir um 5% á næsta ári, menntamálaráðuneytið lítillega meira en síðan önnur ráðuneyti og stofnanir um 10%. Það er mikilvægt að allur þessi niðurskurður og sú hagræðing sem verður að eiga sér stað nái einnig til stofnana ríkisins á öllum stigum fjárlagagerðarinnar, þ.e. til Landsvirkjunar, Ríkisútvarpsins og annarra stofnana sem hafa tekjur í samfélaginu og verða auðvitað að taka á sig samdrátt eins og hvað annað. Til viðbótar við niðurskurð í rekstri sem er gríðarlega mikilvægur er nauðsynlegt að við stillum upp að nýju og endurhugsum ríkisreksturinn, hver verkefnin eiga að vera og hvernig við sinnum þeim best, hvernig nýtum við fjármagnið best og hvort óhjákvæmilegt er að lækka tilfærslur að einhverju leyti. Þar undir eru vaxtabæturnar, barnabæturnar, þar undir eru framlög til bænda, sjúkratryggingar o.s.frv. En þá er auðvitað eftir að skipta þessu betur niður á einstaka þætti og í skýrslunni eru engar endanlegar tillögur um það frekar en endanlegar tillögur um skattálögur því að obbinn af þeim tillögum sem hér eru birtar eru nánast sem matseðill yfir eða rammi um hvað er mögulegt varðandi skattheimtu. Í framhaldinu er hægt að fylgja því eftir með því að velja úr og ákveða hvar verður gripið niður.

Í allri þessari vinnu voru útbúin sérstök leiðarljós sem fyrirtæki eða réttara sagt ráðuneyti og stofnanir fengu varðandi hvar ætti að grípa niður í aðhaldsaðgerðunum og þar voru auðvitað jafnrétti, velferð, menntun og atvinna höfð að leiðarljósi. Þar var lögð áhersla á það að forðast að beita flötum niðurskurði heldur að reyna að forgangsraða innan stofnana og ráðuneyta og reyna að meta hvar hægt væri að færa til án þess að skerða þjónustu. Það krafðist þess auðvitað, það er tekið fram í þessu leiðarljósi, að endurmeta skuli öll verkefni og starfsemi stofnana hversu nauðsynlegar sem þær eru, hvort sem þær eru óhjákvæmileg eður ei og ég treysti á að sú vinna verði vönduð og veit að flest ráðuneyti eru þegar farin að vinna slíka vinnu.

Það er líka tekið fram í leiðarljósinu að verja skuli brýn velferðarverkefni og því treystum við að verði fylgt eftir. Það á að verja lægstu launin en aftur á móti grípa inn varðandi þá sem hafa hærri launin og það hefur verið gert m.a. með skattlagningu en jafnframt er verið að reyna að taka þau fríðindi sem voru í tísku þegar þenslan var hvað mest og mikilvægt að taka þau af að nýju. Það var sett ákveðið hámark í viðmiðunum af launum, eins undarlegt og það virðist vera að það þurfti, þá var sett viðmið við það að enginn væri með hærri laun en forsætisráðherra og snerti það ýmsa af stjórnendum opinberra stofnana.

Ég ætla ekki að fara yfir allt leiðarljósið sem birtist í skýrslunni en þar kemur líka heill kafli um endurskoðun á stofnunum og stofnanastrúktúr ríkisins þar sem verður að byrja á því að endurraða ráðuneytum, skoða hvar verkefni eiga best heima og fækka ráðuneytum en jafnframt þarf auðvitað að skoða hvað af þeim stofnunum sem við höfum nýlega stofnað til eru óhjákvæmilegar og nauðsynlegar og gæti þurft að stíga einhver skref til baka og leggja niður stofnanir sem nýlega hafa verið settar á fót og endurskoða líka með hvaða hætti þjónustu er best sinnt. Þar hef ég svo sem sagt ítrekað að það er mikilvægast að hugsa alltaf til þess, fyrir hvern þjónustan er. Það er alveg sama hvort maður er að reka skóla eða eitthvað annað. Skólinn er rekinn fyrir nemendur fyrst og fremst. Heilbrigðisþjónustan er fyrir þá sjúku. Öldrunarþjónustan er fyrir þá öldruðu. Og við eigum auðvitað alltaf að hafa það að leiðarljósi við alla okkar vinnu að þeir peningar sem lagðir eru í slíka þjónustu nýtist þessum aðilum fyrst og fremst en fari ekki í einhverja skriffinnsku eða umsýslukerfi í kringum þjónustuna.

Það er heill kafli sem hefði verið ástæða til að fjalla sérstaklega ítarlega um. Það er um bætta fjárlagagerð og áætlanagerð, aukið aðhald og eftirlit. Hv. þm. Kristján Þór Júlíusson vakti athygli á þeirri umræðu sem var m.a. í fjárlaganefnd í morgun um að það er augljóst og hefur verið augljóst raunar undanfarin ár, að mér sýnist og mér er ljóst þau tvö ár sem ég hef verið á Alþingi, að það þarf að breyta mjög vinnubrögðum hvað varðar fjárlagagerðina og síðan allt eftirlit með fjárlögunum, efla áætlunargerðina sjálfa. Það hefur ítrekað komið fram í umræðu að það er auðvitað þannig að þingið þarf að koma að því að búa til ramma, kannski svipað og verið er að leggja grunninn að með skýrslunni, leggja ramma að fjárlögum. Síðan fá ráðuneytin að fylla út í þann ramma, sem síðan kemur aftur til þingsins sem fjárlagatillögur og til umfjöllunar og afgreiðslu á haustin. Loks er það fjárlaganefndar, auðvitað ásamt stofnununum sjálfum og ráðuneytunum, að fylgjast með að menn standi við þessi fjárlög. Það er auðvitað fullkomlega óþolandi að til séu stofnanir sem komast upp með að fara fram úr fjárlögum ár eftir ár og jafnframt að skila hvorki rekstraráætlunum né þeim skýrslum sem viðkomandi stofn-

anir eru beðnar um.

Það vinnst ekki tími til að fara yfir alla þessa skýrslu. Ég held að hún sé afar gott innlegg í umræðuna og fylli aðeins inn í myndina. Það er ósk mín að allir stjórnmálaflokkar komi síðan að þessari vinnu, að skerpa ríkisfjármálin, leggja sitt af mörkum, taka þátt, komi með uppbyggilega gagnrýni og innlegg til lausna á þeim vanda sem við erum að glíma við þessa dagana.

[15:40]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það kemur fram í skýrslunni eða má lesa út úr skýrslunni að verulegar breytingar gætu orðið á stöðu opinberra starfsmanna. Einhvers staðar segir að jafnvel verði menn að horfast í augu við verulega fækkun opinberra starfsmanna. Mig langar af því tilefni til að spyrja hv. þm. Guðbjart Hannesson aðeins út í hans skoðanir á því.

Það kemur fram á blaðsíðu 39 í leiðarljósum aðhaldsaðgerðanna að til standi að fella laun forstjóra, æðstu yfirmanna fyrirtækja og stofnana og hlutafélaga sem nú eru í eigu ríkisins undir úrskurðarvald kjararáðs. Ef til stendur að fella alla þá starfsmenn sem nú eru komnir á forræði ríkisins í þeim fyrirtækjum og bönkum sem hafa verið teknir yfir er um að ræða verulega fjölgun opinberra starfsmanna og fróðlegt er að vita hvernig menn ætla að bregðast við því.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvernig hann sjái fyrir sér að hægt sé að lækka laun opinberra starfsmanna eins og boðað er að verði gert í þessari skýrslu, hvaða leiðir hann sjái færar í því. Eins þá í framhaldi af því hvort við getum átt von á því að stofnanir, opinberar stofnanir verði lagðar niður og þar með störf opinberra starfsmanna og hvernig menn í raun ætla að fara í þetta stóra verkefni vegna þess að það er kunnara en frá þurfi að segja að launakostnaður ríkisins er einn meginútgjaldaþátturinn þegar kemur að rekstri ríkisins.

[15:41]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ólöf Nordal spyr einmitt hvernig eigi að bregðast við varðandi opinbera starfsmenn. Ég held að það komi ágætlega fram í skýrslunni að ef við erum að tala um að skera niður opinberan rekstur til lengri tíma þá er óhjákvæmilegt að opinberum starfsmönnum fækki nokkuð. Það er sagt beinum orðum.

Það var jafnljóst þegar við fórum í við fjárlögin 2009 að það ætti að bíða með slíkt á meðan við færum í gegnum þessa erfiðleika, það væri ekki rétti tíminn til að segja upp fólki og færa það frá opinberum stofnunum yfir á Atvinnuleysistryggingasjóðinn.

Varðandi kjararáðið og hlutafélögin þá er þegar búið að taka ákvörðun um hvað kjararáð eigi að fjalla um. Aftur á móti er svo viðkomandi forstöðumönnum falið að endursemja við starfsmenn og í flestum tilfellum ef um er að ræða laun sem eru nálægt því að vera forsætisráðherralaun þá eru það laun utan kjarasamninga. Menn hafa talað um að verja kjarasamningana og þann grunn sem þar er en taka á viðbótarkjörum sem viðgengust hér um árabil á meðan við höfðum úr nógu að spila. Það var til dæmis afar áberandi þegar ég kom að fjárlagagerðinni árin 2007 og 2008 að þá var röksemdin fyrir framúrakstrinum til dæmis í heilbrigðiskerfinu greiðslur vegna þenslunnar, það voru yfirborganir sem þurfti að grípa til til þess að tryggja mannskap í samkeppni meðal annars við fjármálalífið. Það eru þessir hlutir sem við erum að tala um að snúa til baka. Það skilar umtalsverðum peningum og hefur þegar gerst og það hefur komið fram í umræðunni að ýmis aukakostnaður eða launatengdur kostnaði hjá starfsmannahaldinu hefur lækkað verulega bara á síðustu vikum, bæði launakjörin en ekki síður síðan greiðslur fyrir ýmis önnur störf, nefndastörf og annað sem kostar umtalsvert í þessu kerfi, aksturspeningar og dagpeningar og annað slíkt. Þetta hefur allt saman verið lækkað og verður auðvitað haldið áfram. (Forseti hringir.) En við skulum ekkert vera að fela okkur með það að það á eftir að bitna á opinberum starfsmönnum eins og öðrum sá (Forseti hringir.) samdráttur sem fyrirsjáanlegur er.

[15:44]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það felst í þessari skýrslu og það virðist vera hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar að fjölga opinberum starfsmönnum og fækka þeim á sama tíma. Það á að fjölga þeim með því að færa banka og fyrirtæki undir kjararáð, væntanlega til þess að geta einhvern veginn lækkað þessi laun. En á sama tíma á að fækka opinberum starfsmönnum með einhverjum hætti sem er óskiljanlegur. Við þessu hefur hv. þingmaður ekki getað fundið viðunandi svar. Ég veit að það kemur fram að það á að lækka aksturspeninga, risnu og alla slíka hluti. Hvernig ætla menn að fara að því á sama tíma að fjölga opinberum starfsmönnum og fækka þeim og er til eitthvert plan um það hversu mikið þeim mun fjölga með þessu leiðarljósi sem þarna er og hversu mikið stendur til síðan að fækka þeim aftur þegar búið er að fjölga þeim?

[15:45]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég skal hreinskilnislega viðurkenna að hv. þm. Ólöf Nordal setur mig í svolítil vandræði. Ef átt er við það að allar þær ríkisstofnanir sem við höfum núna tekið að okkur, allt bankakerfið, helmingurinn af atvinnulífinu teljist opinberir starfsmenn þá er það þannig og þá skulum við viðurkenna að um er að ræða verulega fjölgun. Við skulum vona að við komum hjólunum í gang þannig að þessi fyrirtæki verði ekki á vegum opinberra aðila um aldur og ævi og það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni okkar allra að koma þeim aftur til einkaaðila. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu. Það er reiknað með því að fyrirtækin verði áfram einkavædd og í fullri samkeppni. Það hefur aldrei hvarflað annað að mér.

Það þýðir ekki að ég telji að allir bankarnir (Gripið fram í.) eigi að vera einkavæddir. Ég er enn þá þeirrar skoðunar sem ég var þegar menn seldu bankana á sínum tíma að þeir hefðu betur haldið 30% af þeim eftir eða einum þeirra, og hef þá skoðun enn þá, bara til þess að vera á markaðnum til þess að hindra að það gerist svipaðir hlutir og gerðust þá í því æði sem þar greip um sig.

Þegar ég tala um opinbera starfsmenn þá er ég að tala um þá í hefðbundinni merkingu (Forseti hringir.) og þeir sem hafa tekið samninga samkvæmt kjarasamningum opin-

berra starfsmanna munu ekki verða ósnortnir í framtíðinni.

[15:46]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan eiga orðastað við hv. formann fjárlaganefndar um það hvernig og hverjar hans hugmyndir eru um aukinn aga við framkvæmd fjárlaga.

Eins og kom fram á fundi fjárlaganefndar í morgun er mikill sullukollsháttur á ýmsu sem lýtur að framkvæmd fjárlaga og flestir eru sammála um að það beri að bæta og efla. Þetta er umræða sem oft hefur verið tekin án mikils árangurs. Nú kemur fram í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir að búið er að útfæra sparnaðartillögur í ráðuneytum upp á 1.800 milljarða án þess þær séu komnar inn í fjárlaganefndina. Ég geri þá ráð fyrir því að okkur í hv. fjárlaganefnd sé ætlað að bíða fram á haustið þar til við fáum þessar tillögur og verðum þá að rúlla í gegn einhverjum fjáraukalögum. Meginatriðið er þetta: Hvernig hyggst hv. formaður fjárlaganefndar beita sér fyrir auknum aga í þessum efnum?

Rétt til að fylgja eftir þeirri umræðu sem var hér í fyrra andsvari áðan um launastrúktúr: Hvar í ósköpunum er sú viðmiðun til í löndum sem við berum okkur saman við að launastrúktúrinn í opinbera geiranum sé miðaður við laun forsætisráðherra? Ef upplýsingar liggja um það hjá meiri hluta fjárlaganefndar væri gott að heyra það því að það mundi þá væntanlega hjálpa okkur við að hafa agann og eftirlitið með þeim launastrúktúr sem settur verður upp á grundvelli þessa góða leiðarljóss sem kemur fram í því plaggi sem hér liggur fyrir.

[15:48]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni fyrir hans fyrirspurnir og leita um leið eftir liðsinni hans í fjárlaganefndinni sem annars af tveimur sem hafa tveggja ára reynslu í fjárlagagerð við að auka agann og bæta vinnuskipulagið við framkvæmd fjárlaga.

Við lukum lokafjárlögum fyrir árið 2007 með löngu nefndaráliti sem var samþykkt samhljóða af fjárlaganefnd. Það nefndarálit var samið af fyrrverandi fjárlaganefnd, meðal annars hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni, og fjallar í meginatriðum um að það þurfi að auka aga. Ég held að við séum alveg sammála um að þetta sé mjög mikilvægt atriði. Þess vegna hafði ég sett í gang vinnu á milli Ríkisendurskoðunar og milli okkar nefndasviðs og þeirra sem koma að fjárlagagerðinni, fjármálaráðuneytisins, um að endurskoða ferlið í heild og þá eftirlitshlutverk þingsins í því samhengi. Ég held að gríðarlega mikilvægt sé að við förum í gegnum þessa vinnu öll saman, fylgjum skýrslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem Árni M. Mathiesen pantaði í janúar síðastliðnum og kom núna og var lögð fram í fjárlaganefnd fyrir stuttu. Hún er í samræmi við eldri skýrslur að mér er sagt frá OECD. Allt þetta hlýtur að kalla á að við tökum þetta alvarlega til endurskoðunar, breytum þessu vinnuferli. Það gerist ekki í haust. En þessi skýrsla er mjög mikilvæg forsenda þess að horfa til lengri tíma. Menn verða að reyna að setja sér ramma og fá svo rammafjárlög til fjögurra ára en það er mjög mikilvæg forsenda fyrir því að geta horft fram á við og beitt þá auknum aga í framhaldinu.

Það sem eftir stendur er svo hvernig hvert ráðuneyti beitir sínar stofnanir aga og hvernig þeir fylgjast með. Þar hafa verið býsna öflugar fjármáladeildir sem hafa kannski ekki alltaf sinnt hlutverki sínu og það þarf auðvitað að fylgja því betur eftir.

Varðandi forsætisráðherrann þá hefði verið áhugaverðara að heyra frá hv. fyrirspyrjanda Kristjáni Þór Júlíussyni hvaða skoðun hann hafi á launakjörunum. Er eðlilegt að það séu margir í þessu samfélagi með mun hærri laun en forsætisráðherra (Forseti hringir.) við þær aðstæður sem nú eru?

[15:50]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Varðandi launakjör forsætisráðherra þá held ég, miðað við hvernig hæstv. forsætisráðherra vinnur vinnuna sína, að það sé mjög eðlilegt að mjög margt fólk sé með til muna hærri laun en hæstv. forsætisráðherra. Já, ég svara því játandi.

Ég vil nefna hér annað sem lýtur að því sem við hv. þm. Guðbjartur Hannesson eigum sameiginlegt og það er hvernig framkvæmd fjárlaganna verður því að það kemur fram í þessari skýrslu hér að ráðuneytin hafa þegar bútað niður þessar 1.800 milljónir. Í skýrslunni kemur fram að ráðuneytunum er ætlað að útfæra sparnaðartillögurnar. Ég spyr hv. þingmann sem landsbyggðarþingmann í Norðvesturkjördæmi hvort hann hafi ekki áhyggjur af þessari framkvæmd mála því að við þekkjum það (Forseti hringir.) að þegar niðurskurðarhnífnum er beitt þá er aldrei byrjað næst sér heldur er alltaf skorið fjærst til að byrja með. (Forseti hringir.) Hvernig hyggst hv. þingmaður (Forseti hringir.) bregðast við þessu?

[15:51]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það var áhugavert að heyra svar hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar um forsætisráðherrann sem augljóslega mótast þá af pólitískum skoðunum en ekki vinnuframlagi eða vinnutíma. Því (Gripið fram í.) væri áhugavert að sjá hvernig hann verðleggur þingmenn hér í salnum miðað við þetta og hvaða launakjör þeir eigi að hafa. (Gripið fram í.) Alla vega finnst mér ekki eðlilegt að við séum að tala hér um um það bil milli 900 þúsund og 1 milljón í laun á mánuði, þ.e. að fjöldi manna sem vinnur hjá hinu opinbera hafi töluvert hærri laun. Það ætla ég bara að tjá sem mína skoðun. Ég hef ekki sótt um það neina fyrirmynd til útlanda. Þess þarf ekkert. Ákveðin réttlætiskennd segir mér að þannig eigi uppbyggingin að vera.

Ég deili áhyggjum hv. þingmanns af landsbyggðinni. Það er einn af þeim punktum sem hafa komið inn í þessa umræðu að þarf að verja sérstaklega. Ég bið bara liðsinnis hans í þeirri vinnu að verja landsbyggðina fyrir þessum eilífa niðurskurði á útöngunum þegar komið er til niðurskurðar. (Forseti hringir.) Það er gríðarlega mikilvægt og skiptir miklu máli að við leitum ekki alltaf ódýru lausnanna með því að taka það (Forseti hringir.) sem er úti á landi fyrst.

[15:53]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir ágætisyfirlit hérna áðan. Hann lýsti þessu ágætlega í ræðu sinni sem matseðli og ég held að það sé réttnefni á plaggið. Það byrjar á ansi góðum grunni að því hvert vandamálið er og síðan eru listaðar hugmyndir að því hvernig eigi að hækka skatta sem eru svo margar að ég verð eiginlega að taka ofan hattinn fyrir skýrsluhöfundum og því hvað þeim dettur í hug að skatta. (**Gripið fram í:** Þú tekur ekkert fleira ofan en hattinn.)

Hæstv. fjármálaráðherra var spurður að því hérna áðan hvað hann sæi fyrir sér að tekjuskattar mundu hækka mikið. Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann hvort það sé einhver stefna hjá Samfylkingunni eða jafnvel hjá honum sjálfum hvað eigi að hækka tekjuskatta mikið.

Jafnframt vil ég fagna því alveg sérstaklega —það er ágætt að gera það við þetta tilefni — fagna því sérstaklega að það skuli vera komið á blað að hallinn á ríkissjóði verði 20 milljörðum meiri en menn hafa talað um. Nú er það komið á blað, komið í þinggögn — það er að vísu í lítilli neðanmálsgrein — þannig að hallinn á fjárlögum þetta ár verður 170 milljarðar í staðinn fyrir 153 eins og samþykkt var. Það væri athyglisvert að fá álit hv. þingmanns (Forseti hringir.) á því út af hverju þetta laumuspil hefur verið með verðbætur á láni hjá Seðlabanka Íslands (Forseti hringir.) upp á 20 milljarða og hvort það standi til að taka sérstaklega á þessu (Forseti hringir.) núna þrem dögum eftir að búið er að samþykkja bandorminn svokallaða.

[15:55]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill í mestu vinsemd minna hv. þingmann á að ávarpa forseta í upphafi máls síns.

[15:55]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það gleður mig að hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson er mér sammála um að hér sé matseðill í skattamálunum og að hér sé vel skilgreint hvert vandamálið sé og markmið sett fram um það hvernig við eigum að ná niður þeim halla sem fyrirsjáanlegur er. Þetta er það umhverfi sem við erum að reyna að kortleggja hér til næstu fimm ára og ég held að það skipti mjög miklu máli að það sé uppi á borðinu.

Hv. þingmaður spyr jafnframt hvað ég telji eðlilegt varðandi tekjuskattinn. Ég skal hafa alla fyrirvara á því hvað varðar endanlega tölu þegar nær dregur. En ég hef haft það viðmið og kom að því áðan í ræðu minni að ég teldi ekkert óeðlilegt að við færum upp í svipaða skattlagningu og var áður sérstaklega varðandi tekjuskatt á einstaklingum. Það var lækkað um 4% á sínum tíma. Við erum búin að taka 1,5% til baka núna um síðustu áramót og það gæti verið að við þyrftum að fara á næstu tveimur árum upp þá um 2,5% til viðbótar. Þetta er svona um það bil það sem ég hef haft í huga og þá með svipuðum hætti gagnvart fyrirtækjunum. Þó verður að fara mjög varlega gagnvart þeim eins og ástandið er núna. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt að þetta er skattlagning á hagnað þannig að það skilar ekki því sama. En aftur á móti skiptir dálitlu máli að þeir sem hafa verulegan afgang skili honum inn í samneysluna eins og hverjir aðrir.

Varðandi þá umræðu sem varð hér um hver raunveruleg niðurstaða er ætla ég ekki að fara í þá deilu. Ég held að hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson geti skýrt betur hvernig farið er með efnahag og hvernig farið er með greiðslugrunn, hvernig annars vegar þjóðhagstölur eru og hvernig hins vegar er byggt á greiðslugrunni. Markmiðið er að halda rekstrinum í 153 milljörðum þrátt fyrir að við séum að fá á okkur lækkun á tekjum og aukningu á atvinnuleysisbótum og fleiri breytingar í rekstrinum. Það settum við okkur sem markmið. Það er rétt og það er alls ekkert laumuspil að þarna voru 20 milljarðar sem koma inn í efnahaginn, (Forseti hringir.) sem eru færðir þarna inn í tölurnar. Það væri kannski eðlilegra að fyrrverandi fjárlaganefnd og fyrrverandi varaformaður (Forseti hringir.) fjárlaganefndar skýri það út fyrir hv. þingmanni.

[15:58]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka innilega fyrir þau svör sem hv. þm. Guðbjartur Hannesson veitti. Hann gekkst greiðlega við því að hann mundi geta sætt sig við um það bil 42% tekjuskatt. (Gripið fram í.) Þú lagðir þarna saman nokkrar tölur og það lenti upp í um það bil 42%.

Hv. þingmaður benti á að ég gæti fjallað aðeins um þessa 20 milljarða. Nú er ljóst að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vill skoða þetta allt saman á greiðslugrunni og allar áætlanir eru miðaðar við greiðslugrunn. Síðan ber svo við að hérna er einn liður sem er tekinn yfir efnahag sem eru þessir 20 milljarðar, verðbótafærsla á lán Seðlabankans, og ég get fallist á að ef (Forseti hringir.) við værum að fjalla um þetta á rekstrargrunni þá ætti að gera það. En mér finnst það hálfgerð (Forseti hringir.) þvæla að vera að rugla svona aðferðum.

[15:59]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti verður að árétta við hv. þingmenn að ávarpa hverjir aðra ekki með persónufornöfnum heldur með háttvirtur ef um hv. þingmenn er að ræða en hæstvirtur ef um hæstv. ráðherra er að ræða.

[15:59]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er svo skemmtilegt við þessar tölur þegar verið er að glíma við þær hvernig hægt er að leika sér með þær og fara með þær. Það hefði verið betra ef hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson hefði byrjað á að segja að á því tímabili sem Sjálfstæðisflokkurinn stýrði þessu landi þá voru skattarnir með ákveðnum hætti. Þeir voru lækkaðir á þenslutímanum, á kolvitlausum tíma, þegar við þurftum á því að halda að hækka skatta til að draga úr þenslu.

Ég er að tala um það núna, af því að við getum ekki notað þau úrræði sem voru notuð á þenslutímanum, að hverfa til baka til sama tíma. Það hefur einhvern veginn dottið inn í fjölmiðla eins og þeir hafi hækkað jafnvel um 42%. Þess vegna kallaði ég fram í og spurði. Það er verið að tala um

að hækka í 42%. Ég hef svo sem ekki lagt það saman. Ég held að við séum með 37 komma eitthvað og förum upp í 39. Ég veit ekki alveg hvernig hann kemst upp í 42%.

Hv. þingmaður verður að bera ábyrgð á þeirri tölu. Ég ætlaði með varúð að benda á að við teljum eðlilegt að hverfa til baka til þeirrar (Forseti hringir.) skattlagningar sem var áður en við fórum að lækka á þenslutímanum.

[16:01]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég tel rétt að hafa dálítinn formála að ræðu minni vegna þess að svolítið hefur borið á því að sérstaklega hæstv. ráðherrar fjármála og utanríkismála hafa sakað mig um að vera neikvæðan, mála hlutina allt of dökkum litum, vera nánast niðurdrepandi í málflutningi um ástandið. Áður en ég fer að fjalla um þessa ágætu skýrslu hér tel ég rétt að vitna aðeins í hæstv. fjármálaráðherra í grein sem hann skrifaði árið 2007 og gera orð hæstv. fjármálaráðherra að mínum í þessu tilviki, (Gripið fram í.) gamla Steingríms. Með leyfi forseta:

„Undirritaður hefur ítrekað orðið fyrir því að undanförnu í umræðuþáttum eða rökræðum um efnahagsmál að vera sakaður um að segja að allt sé að fara til fjandans af þeim sökum einum að hafa bent á nokkrar staðreyndir.“ — (**Fjmrh.:** Það fór til fjandans.) Og er á leiðinni enn þá. — „Ef nefndur er metviðskiptahalli upp á 20% af vergri landsframleiðslu á árinu sem leið, vissulega ískyggileg staðreynd en staðreynd engu að síður, er reynt að afgreiða málið sem kaldakolstal. Ef minnst er á ört vaxandi hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins, sem voru að nálgast 170% af vergri landsframleiðslu um mitt síðasta ár“ — töluvert hærra núna — „er viðkomandi sakaður um að halda því fram að allt sé að fara til fjandans. Augljóst er að formenn stjórnarflokkanna valda ekki því að ræða málefnalega um stöðu efnahagsmála og eigin hagstjórnarafglöp. Þeir grípa þess í stað til þess ódýra úrræðis að saka gagnrýnendur og alla þá sem mæla varnaðarorð, stjórnarandstæðinga, jafnt sem innlenda eða erlenda sérfræðinga, um misskilning eða vera með svartagallsraus, heimsendaspár, mála myndina allt of dökkum litum o.s.frv.“ (**ÁÞS:** Ætlaðirðu ekki að vera jákvæður?)

En að skýrslu hæstv. fjármálaráðherra … (**Fjmrh.:** Hvernig fór …?) Hæstv. ráðherra hafði rétt fyrir sér, (**Gripið fram í:** Jaá.) enda talaði ég sama máli og hæstv. ráðherra á þessum tíma svoleiðis að ég held að hæstv. ráðherra mætti alveg hlusta þegar ég mæli varnaðarorð. Þó að viðkomandi sé kominn í ráðuneyti og vilji þar af leiðandi hugsanlega leika sama leik og forverar hans og reyna að draga upp bjarta mynd af ástandinu er það alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði á sínum tíma. Við verðum að horfa á hlutina af raunsæi, leggja á þá kalt mat svo að við getum gripið til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru. Þrátt fyrir allt höfum við tækifæri til þess og það er rétt að taka það fram. Við höfum öll tækifæri til að gera ástandið svo miklu betra en það er og gætum haft ágætisframtíðarhorfur. (Gripið fram í.) En það kemur ekki fram í þessari skýrslu hvers vegna framtíðarhorfurnar ættu að vera miklu betri.

Hér eru birtar ýmsar tölur og flestar lúta að því að ástandið fari hratt batnandi á næstu árum en það er ekki útskýrt hvers vegna það á að gerast. Ég bendi mönnum á að fletta upp á síðu 12 í bókinni sinni. Þar er að finna línurit. Það sýnir samanburð á þróun mála á Íslandi, þessari íslensku kreppu og kreppunni sem Norðurlöndin gengu í gegnum. Þar sjáum við rauða línu og svarta sem sýna Ísland. Eins og sjá má hrynur allt með alveg ótrúlegum hraða, miklu hraðar en á Norðurlöndunum. Kreppan þar var ekkert á við það sem er að gerast hér en einhverra hluta vegna gerist það eftir að hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon tekur við að línan mun skjótast upp og fara fram úr Norðurlöndunum sem þó eru í miklu minni kreppu en við og áður en langt um líður er ástandið hér orðið betra en það var nokkurn tíma á Norðurlöndunum eftir að þau lentu í sinni kreppu. Það er hins vegar ekki útskýrt hvers vegna þetta á að gerast, hvers vegna ástandið kemur til með að batna á Íslandi, vegna þess að allar vísbendingar eru um að þróunin verði sú sama áfram.

Hér er farin af stað skriða og skriðþunginn eykst. Það er komin af stað sú hættulega keðjuverkun sem leiðir hagkerfið í glötun, leyfi ég mér að segja. Það gerist með þeim hætti að atvinnuleysi eykst og þar með dregst saman veltan í samfélaginu. Þegar veltan dregst saman lenda fleiri og fleiri fyrirtæki í vandræðum, atvinnuleysi eykst enn frekar, útgjöld ríkisins aukast, ekki hvað síst í formi atvinnuleysisbóta, en tekjur ríkisins minnka jafnt og þétt. Í þessu plaggi er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur ríkisins muni fljótt fara hækkandi en ekki sagt hvers vegna. Það er ekkert útskýrt hvers vegna og hvernig þessi viðsnúningur á að verða. (**TÞH:** Jú, það verða hækkaðir skattar …) Hækkaðir skattar, vissulega. Ég kem að þeirri hagfræði fljótlega en fyrst nokkur orð í viðbót um spána og þær forsendur sem hún byggir á. Hún virðist umfram allt byggja á því sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur upp með. Þá er einu sinni sem oftar gagnlegt að hafa í huga orð hæstv. fjármálaráðherra, áður en hann varð ráðherra, gamla Steingríms, um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn: „Ég held að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi aldrei haft rétt fyrir sér í hagspám sínum í nokkru landi en hér virðast menn telja að núna muni Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn í fyrsta skipti reynast sannspár og byggja málflutning sinn eingöngu á því enda litlu öðru til að dreifa.“

Svo er fjallað um að allir þurfi að leggjast á árarnar til að ná víðtækri sátt. Það er alveg rétt, en þessi ríkisstjórn leitar ekkert eftir ráðgjöf eða aðstoð frá þeim sem hana bjóða. Ég held að flestir Íslendingar séu tilbúnir til að leggja sitt af mörkum og hefði verið til að mynda í Icesave-málinu og raunar á það sama við um hina ýmsu útlendinga líka, helstu framámenn á sviði hagfræði og jafnvel lögfræði líka, menn eins og Nóbelsverðlaunahafann Joseph Stiglitz sem bauð Íslendingum aðstoð sína en hún hefur enn ekki verið þegin. Í staðinn er haldið fram einhverjum órökstuddum fullyrðingum um að hlutirnir muni lagast sisona og án þess að útskýra hvernig. Á sama tíma er tekin frá þjóðinni raunveruleg framtíðarsýn. Hvernig á þjóðin að geta lagst á árarnar með hæstv. ríkisstjórn og fengið trú á það að hlutirnir komi til með að lagast hér þegar við erum áminnt um það að á næstu árum falli gríðarlegar skuldir á ríkið, þ.e. ríkið þurfi að standa straum af gríðarlegum skuldbindingum? Að sjö árum liðnum fellur svo stóri víxillinn og slíkar

upphæðir að aldrei í sögu landsins hefur verið til nægur gjaldeyrir til að hægt væri að standa undir þeim. Í rauninni hefur staðan til að skapa gjaldeyri aldrei verið erfiðari.

Ég sé að hæstv. viðskiptaráðherra er kominn, sá sem hélt fram tómri vitleysu um gjaldeyristekjur þjóðarinnar í gær þegar hann fullyrti að 5 milljarðar evra af gjaldeyristekjum — sem reyndar er ekki rétt tala — væru til ráðstöfunar. Það er bara ekki rétt. Það er nánast ekkert til ráðstöfunar vegna þess að gjaldeyristekjur þjóðarinnar fara nú þegar í vaxtagreiðslur til útlanda. Þær fara í nauðsynlegan innflutning, m.a. þann innflutning sem þarf til að geta skapað gjaldeyristekjur, olíu á fiskiskipin og súrálið til að framleiða álið úr og annan nauðsynlegan innflutning. Þegar það er allt frá eigum við ekkert eftir og það hefur ekki verið sýnt fram á hvernig eigi að skapa þennan viðbótargjaldeyri. (Gripið fram í.) Það kemur, hæstv. fjármálaráðherra. Ég mun birta lausnina í lokin.

Í þessu plaggi kemur reyndar fram hvernig þessi stuðningur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er hugsaður, hvernig á að nota þá gríðarlegu skuldsetningu sem þar er verið að setja á ríkið. Í fyrsta lagi á að endurvekja traust á íslenskum efnahag og styrkja gengi krónunnar eða halda því stöðugu með þessu láni. Er með því átt við að það eigi að eyða þessum peningum, milljörðum á milljarða ofan, tugum milljarða líklega, í það að halda uppi gengi krónunnar? Ef sú er raunin er það hættulegur leikur sem margar þjóðir hafa farið afar illa á.

Í þessu felst líka afskaplega merkileg þversögn vegna þess að lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem er nú nefnt sem aðalástæðan fyrir því að við verðum að lúffa gagnvart Bretum og Hollendingum í Icesave-málinu er lægri upphæð, heildarlánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er lægri upphæð en bara vaxtagreiðslurnar af Icesave. Og Icesave-skuldbindingin mun óhjákvæmilega leiða til þess að gengi krónunnar lækkar og helst lágt árum og áratugum saman, a.m.k. í 15 ár, líklega miklu lengur svoleiðis að það að taka þetta Icesave-lán verður til þess að krónan verður ónýt áfram, gengið helst lágt og það er gert vegna þess að annars fáum við ekki lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem við ætlum svo að nota í að halda krónunni uppi. Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt.

Reyndar er líka sagt að lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eigi að nota til að endurreisa bankana og gera íslensku fjármálakerfi kleift að standa á eigin fótum. Þar væri kannski æskilegt að skoða þær hugmyndir sem kynntar hafa verið um að hafa nú bankakerfið bara hæfilega stórt fyrir Ísland, vera ekki að reisa allt of stóra og allt of áhættusama banka og setja inn í þá þessa gríðarlegu peninga. Þá þyrfti ekki að taka öll þessi háu lán. Svo segir, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og viðhalda í framhaldi af því nokkrum afgangi á fjárlögum í þeim tilgangi að ríkisreksturinn verði sjálfbær og megni að lækka skuldir ríkissjóðs í viðunandi horf.“

Þetta skil ég ekki. Á að nota lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að jafna rekstur ríkissjóðs og gera hann sjálfbæran? Það gengur eiginlega ekki upp vegna þess að ef menn nota lán til að reka ríkissjóð er hann ekki sjálfbær, þá er ekki jöfnuður.

Ef við flettum áfram eru áfram þessar bjartsýnisspár um hratt vaxandi heildartekjur ríkisins. En hvernig eiga þessar tekjur að verða til? Með sköttum, jú. En það gleymist alveg að huga að skattstofnunum, þeir eru ónýtir. Það gleymist líka að huga að því að íslensk fyrirtæki eru mörg hver með gífurlegt uppsafnað tap sem þau munu þá væntanlega nýta sér á næstu árum þannig að ég sé ekki hvernig þessar skatttekjur eiga að verða til.

Hér er birt tafla um nýja aðlögunarþörf ríkisfjármála. Þar má sjá aðlögunarþörfina á hverju ári. Þar má benda á enn og aftur að um er að ræða tölur sem eru lægri en bara vaxtagreiðslurnar af Icesave. Og þegar menn segja, eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir gerði áðan, að framsóknarmenn séu með Icesave á heilanum — er það nokkuð skrýtið miðað við allt sem við erum að fara í gegnum og þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur enn ekki sýnt fram á hvernig okkur eigi að takast. Það eru lægri upphæðir en bara vextirnir af þessu ógurlega Icesave-máli. Og fyrst ég er nú kominn út í Icesave er ekki hægt að láta hjá líða að minnast á töfluna aftast. (**Gripið fram í:** Það er búið að kjósa um …) Já, það er búið að kjósa um það, og hver varð niðurstaðan? Varð ekki niðurstaðan einmitt sú að sá flokkur sem beitti sér einna harðast gegn Icesave í kosningabaráttunni, Vinstri græn, bættu mestu fylgi við sig? Er það ekki ótvíræð niðurstaða? (Gripið fram í.) Afsakaðu, hæstv. utanríkisráðherra. (Gripið fram í.) Þakka þér fyrir, ég vona það.

Skuldir ríkissjóðs eru birtar í töflu aftast. Það hefur verið nefnt áður að þar er sleppt skuldbindingum eins og Icesave, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og lánunum frá Noregi, þeim smámunum. Hver eru rökin fyrir því? Það er vegna þess að þessi lán fara í Seðlabankann og tengjast innstæðutryggingarsjóðnum. Þetta er sem sagt gamla trikkið úr útrásinni, að fela skuldir í einhverjum undirfélögum eða hliðarfélögum og halda því svo fram að allt sé í stakasta lagi. Ég efast um að lánshæfismatsfyrirtæki sjái ekki í gegnum þetta og því miður voru að berast af því fregnir rétt áður en ég steig í ræðustól að lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's hefði fellt lánshæfi Landsvirkjunar niður í svokallað „junk bond“, þ.e. ruslbréf. Það er spurning hvaða áhrif hæstv. fjármálaráðherra telur að þetta muni hafa á þessar spár og hvernig það falli að spánum og raunar hvaða vísbendingu þetta gefi um lánshæfi ríkisins og þar af leiðandi þessar gríðarlegu skuldbindingar sem menn taka á sig með Icesave á lánshæfi ríkisins.

Það er margt sem ég næ ekki að fara yfir en geri það þá síðar. Ég lofaði að enda þetta á jákvæðu nótunum. Eins og ég nefndi strax í upphafi eru vissulega tækifæri til staðar fyrir Ísland. Ísland hefur líklega betri tækifæri en nokkurt annað ríki sem farið hefur illa út úr heimskreppunni til að vinna sig út úr henni. Ástæðan er sú að tapið sem hér hefur orðið lenti að langmestu leyti hjá erlendum lánardrottnum, erlendum áhættufjárfestum sem hingað höfðu lánað peninga. Ef okkur tekst að tryggja það eins og lagt var upp með strax í upphafi, m.a. í ráðgjöf J.P. Morgans fjárfestingarbankans við Seðlabankann, að tryggja að þetta tap færist ekki yfir á íslenska skattgreiðendur, íslenskan almenning, er framtíðin björt. Þá er tvennt sem má ekki gerast, við megum ekki stofna allt of stóra banka með allt of stórar og áhættusamar skuldbindingar gagnvart erlendu kröfuhöfunum og við megum ekki samþykkja Icesave-samningana.

[16:16]

Valgeir Skagfjörð (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og leiðrétta missagnir sem áttu sér stað þegar sá sem hér stendur var í ræðustóli í gær og las yfir tölur. Ég las þær í milljörðum en þær áttu auðvitað að vera í milljónum og leiðréttist hér með. En lokatölurnar, þ.e. útkoman, það var farið rétt með tölurnar þar en það er kannski ekki nema von að manni vefjist tunga um tönn þegar svona upphæðir eru annars vegar eða manni vefjist tunga um höfuð eins og maðurinn sagði.

Ég þakka þessa skýrslu og þær umræður sem hafa átt sér stað sem ég hef fengið að heyra. Ég hef ekki haft tíma til að fara með stækkunargler í gegnum hana enda eru slíkar skýrslur alla jafnan ekki lesefni á náttborðinu hjá mér en starfsins vegna er ég tilneyddur að lesa svona skýrslur þó að þær séu ekki skemmtilesning. Það er auðvitað gott að leggja upp með fögur fyrirheit. Það hafa margir gert í gegnum tíðina og vera annað en bjartsýnn er auðvitað algerlega tilgangslaust. Það er alveg staðreynd og það er algerlega fjarri mínu eðli að vera með svartagallsraus en það veit sá sem allt veit að ekki er hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon öfundsverður af hlutskipti sínu um þessar mundir. Ég óska honum frá innstu hjartarótum góðs gengis á þeirri vegferð sem hann er en ég vil þó nota þetta tækifæri til að gjalda varhuga við því á hvaða vegferð ríkisbúskapurinn er.

Fyrir dyrum standa lántökur upp á hundruð milljarða í því augnamiði að hefja endurreisn samfélags úr rústum bankahrunsins og flest teikn á lofti um það að hér eigi sér stað einhvers konar allsherjarríkisvæðing á öllum sviðum með tilheyrandi miðstýringu, niðurskurði á heilbrigðisþjónustu, menntakerfi og velferðarkerfi. Þessi áætlun er gerð að undirlagi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem nú um stundir er landstjóri Íslands, enda hefur hæstv. fjármálaráðherra a.m.k. einu sinni svarað því til að ráðstafanir í ríkisfjármálum, samanber bandormurinn sem á eftir að hlykkjast um samfélagið og kroppa í skófir hér og hvar, séu Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þóknanlegar.

Eitt stærsta deilumál þjóðarinnar kemur brátt til kasta Alþingis og ef Icesave-samningurinn verður samþykktur og þau lán sem ríkið hyggst taka þá verður um að ræða mestu skuldir ríkissjóðs frá lýðveldisstofnun. Í máli hæstv. fjármálaráðherra Steingríms J. Sigfússonar kom fram sú skoðun að þessi skuldasöfnun væri auðvitað óæskileg en nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að reisa landið við eftir að spilavítishagkerfið hafði sett allt á hliðina, heilt samfélag. Gríðarleg aukning erlendra lána hefur sett fjármálakerfið eða landið í efnahagslega spennitreyju og vandséð hvernig og hvort við munum nokkurn tíma losna úr þeirri spennitreyju.

Á árunum 2004–2008 nam skuldsetning annarra en banka 151,2% af vergri landsframleiðslu svo ég fari að fara með tölur enn á ný. Á fjórum árum fór skuldasöfnun úr 48% af vergri landsframleiðslu í 151,2%. Skuldir annarra en banka nema tæplega 2.300 milljörðum kr. Þessi skýrsla tekur ekki mið af skuldum ríkisins vegna Icesave og þess vegna vandséð hvernig marka má framtíðarspár þessara talnaglöggu spekinga sem hafa stundað reikningskúnstir og teiknað upp þessi fallegu línurit. Ég velti þeirri spurningu fyrir mér, frú forseti, hvort stjórnvöld með stórkostlegri ríkisvæðingu á öllum sviðum séu ekki að kalla yfir sig ábyrgð sem er hugsanlega of erfitt að axla og ég velti líka þeirri spurningu fyrir mér hvort t.d. erlendar skuldir gömlu bankanna séu íslensku hagkerfi ef til vill ofviða. Spyr sá sem ekki veit. Ég er ekki gæddur spádómsgáfu en ég óttast það mjög í ljósi þungra vaxtagreiðslna á næstu árum ásamt afborgunum af öllum þeim lánum sem á að taka og uppgreiðslu á öðrum kúlulánum sem hafa verið tekin í fortíðinni og koma til gjalda, þá muni afgangurinn í ríkissjóði varla standa undir þeim greiðslum. Og jafnvel þótt svo kynni að verða þá mundi það þýða hvernig svo sem menn reyna að fegra ástandið eða framtíðarhorfurnar þá mun það leiða til þess, frú forseti, að það þarf að skera niður í þjónustu hins opinbera og þá hugsun vil ég ekki hugsa til enda. Svo má ekki gleyma því að allar afborganir af lánum og vexti þarf að greiða í erlendri mynt.

Miðast þessi skýrsla kannski við að við séum komin inn í ESB fyrir árið 2013 og þar með verði allar skuldirnar afskrifaðar? Í gömlum dægurlagatexta segir, með leyfi forseta:

> Mig dreymdi að væri komið árið 2012
> þeir tunglið höfðu malbikað og steypt í hólf og gólf.
> Já, veröldin var skrýtin og allt var orðið breytt
> því vélar unnu störfin og enginn gerði neitt.
>
> Og ekki hafði neitt að gera útvarpsstjóri vor
> því yfirmaður hans var gamall vasastransistor,
> og þingmennirnir okkar voru „ej med fulde fem“
> því forsætisráðherrann var gamall IBM.

Undir einhverjum kringumstæðum hefði ég sungið þetta fyrir ykkur. Það má víða finna að hér hafi einhverjir spádómar ræst og ég tek það fram að ég vona heitt og innilega að spádómar bókhaldaranna í fjármálaráðuneytinu rætist. Það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir allt samfélagið að stækka heildarkökuna sem til skiptanna er og það verður auðvitað ekki gert nema með því að efla atvinnuvegina, með því að auka þátttöku almennings í sköpun og þróun nýrra atvinnugreina og auka þannig skatttekjur ríkisins og skattstofna. Hér erum við að horfa á stórtæka framlengingu á stjarnfræðilega háum víxli sem er ekki í sjónmáli að við getum greitt. Svo spurningin vaknar hvort stjórnvöld sjái það fyrir sér að þessar skuldir verði afskrifaðar þegar við göngum inn í ESB.

Íslensk heimili bera nú þegar þungar byrðar og samkvæmt óráðsíukenningunni skulda heimilin tæpa 1.900 milljarða kr. og þar af eru 16,7% í gengistryggðum lánum. Þessi lán eru að langmestu leyti húsnæðislán, námslán, bílalán o.s.frv., eitthvað sem gerir fólki kleift að tileinka sér vestræna lífsháttu. Og nú ætla stjórnvöld að bæta um betur og leggja á fleiri gjöld, meiri skatta og þyngja þar með byrðarnar enn frekar. Mér sýnist þessi skýrsla ekki taka mikið tillit til þess hve mörg gjaldþrot munu eiga sér stað á næstu mánuðum og hve margt fólk kemur til með að flytja af landi brott. Þar af leiðir að enn færri verða um að greiða til samfélagsins fyrir utan allt annað afleitt tjón sem verður

við slíkar aðstæður.

Virðulegur forseti. Það er ekki ætlun mín að vera hér með svartagallsraus og heimsendaspár. Stjórnvöld hafa algerlega séð um heimsendaspárnar enda velti ég mikið fyrir mér leið sem væri hugsanlega til þess fallin að vera innblástur inn í framtíðina, einhver leið sem gæti verið til þess fallin að styrkja tiltrú manna á því að það sé vænlegur kostur að búa áfram á þessu skeri norður í Dumbshafi, með því að leiðrétta vísitölu neysluverðs og reikna gengistryggð lán, t.d. miðað við þá vísitölu sem var í gangi þegar lánin voru tekin og breyta þeim lánum í íslenskar krónur. Slíkar aðgerðir væru til þess fallnar að bæta ástand heimila, bæta ástand fyrirtækja og auka mönnum bjartsýni og blása mönnum baráttuanda í brjóst. Ég vona og það er ósk mín að okkur takist að vinna okkur út úr þessu án þess að þurfa að stefna okkur í þessar gríðarlegu skuldir og við verðum að reyna að fara að huga að einhverjum öðrum lausnum og hugsanlega einhverjum frumlegri lausnum og hugsa eitthvað pínulítið út fyrir boxið okkar. Mér sýnist því miður allt of margir íslenskir stjórnmálamenn vera fastir inni í kassa sem þeir komst ekki út úr og ég óska eftir því að fólk fari að verða víðsýnna því þetta gamaldagskarp í þinginu gerir mig bara dapran og það verkar þröngsýnt. Ég auglýsi því eftir víðsýni og bjartsýni og einhverri leið til að blása fólki einhvern baráttuanda í brjóst.

[16:26]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir athyglisverða ræðu. Það var gott að hlusta á hann og það má í rauninni segja að hann hafi líka blásið manni byr í brjóst og ég tek heils hugar undir með honum að það er oft og tíðum sem mætti breyta um vinnubrögð hérna en það er líka margt gott sem hefur gerst á þingi í gegnum tíðina og annað sem hefði betur mátt fara.

Ég er sammála honum í því að við þurfum oft að hugsa út fyrir boxið og sennilega eru einmitt nú þeir tímar sem við þurfum að gera það sem aldrei fyrr. Þess vegna verð ég að segja að ég sakna þess almennt í umræðunni, ekki endilega frá hv. þingmanni heldur almennt í umræðunni og ekki síst í tengslum við stöðugleikasáttmálann, þess sem við sjálfstæðismenn vorum að kalla eftir að reyna að hugsa aðeins út fyrir boxið varðandi fjáröflun fyrir ríkissjóð, hvernig hægt er að hagræða í tekjum ríkissjóðs, í rekstri ríkissjóðs án þess að líta beint til þess að fara beint í að hækka skatta eða skera niður. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þingmann um áherslur okkar sjálfstæðismanna varðandi lífeyrissjóðsgreiðslurnar, þ.e. að skattleggja lífeyrissjóðsgreiðslurnar þegar þær fara inn í sjóðina. Það mundi þýða ríflega 40 milljarða til viðbótar fyrir ríkissjóð á ári sem mundi þá hafa það í för með sér að við þyrftum ekki að fara í jafnmiklar skattahækkanir og raun ber vitni því að ég trúi ekki öðru en að við séum sammála því að það er lamandi hönd á atvinnulífið og líka einstaklingana til að sýna frumkvæði, áræðni og þor til að einmitt byggja eitthvað upp þegar auknir skattar eru lagðir á fyrirtækin og atvinnulífið núna þegar allra síst má við því.

Þess vegna langar mig að spyrja: Hvað segir hann þegar við sjálfstæðismenn sem loksins hugsum aðeins út fyrir boxið, hvað segir hann um þær tillögur okkar í efnahagsmálum?

[16:28]

Valgeir Skagfjörð (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir fyrirspurnina. Mér sýnist þetta var áhugaverð hugmynd og ég heyrði ekki betur en hér í ræðustóli hafi formaður fjárlaganefndar meira að segja haft áhuga á að skoða þessa hugmynd. Hún er allrar athygli verð og ég tel að það sé vert að skoða hana nánar.

[16:28]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, ég þakka þessar ágætu undirtektir og mun þá um leið líka hvetja okkar fólk í fjárlaganefnd til að fylgja því eftir að það verði farið yfir þetta. Ég tel óásættanlegt að aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. Samtök atvinnulífsins og ASÍ, einfaldlega ýti þessari tillögu algerlega út af borðinu án þess að hún sé rædd neitt frekar, að menn móist við að skoða nýjar hugmyndir sem stuðla að og eru hvati til að ýta atvinnulífinu fyrr af stað. Við getum ekki og við höfum ekki efni á því að líta ekki á þessar tillögur. Þess vegna fagna ég sérstaklega þessari afstöðu hv. þingmanns.

[16:30]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Nú er klukkan hálffimm. Komið hefur fram í fjölmiðlum að klukkan hálffimm standi til að halda blaðamannafund í þinghúsinu þar sem ríkisstjórnin hyggst kynna öll gögn er varða Icesave-málið. Getur það verið, frú forseti, að ekki sé búið að leggja fram gögn, þingskjöl varðandi þetta mál og ætlast sé til þess að þingmenn lesi eina ferðina enn um mikilvægustu mál sem samfélagið stendur frammi fyrir í fjölmiðlum, áður en þeir eru kynntir í þinginu?

[16:30]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti mun kanna það hvort gögnin hafa verið lögð fram, hvort þau séu tilbúin úr skjaladeild.

[16:30]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Við fjöllum um skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum. Mig langar rétt í upphafi, af því að hv. þm. Valgeir Skagfjörð vitnaði í merkan dægurlagahöfund, að byrja á því líka og taka tvær setningar úr ljóði eða lagi eftir hann þar sem segir:

> Ég held við ættum stundum að hugsa aðeins betur
> um tilfinningar þeirra sem erfa munu land
> því kannski er næsta kynslóð kynslóðin sem getur
> komið fram með svörin þar sem sigldum við í strand.

Það er vert að nefna að þetta dægurlagaskáld hefur samið mjög mikið af lögum sem fá menn til að hugsa víðsýnt og hugsa djúpt og skoða hlutina út frá öðrum sjónarhornum.

Þegar íslenska fjármálakerfið hrundi seint á síðasta ári má segja að allar forsendur í íslensku efnahagslífi og einnig íslensku samfélagi hafi brostið. Fjármál ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga voru þar með í uppnámi. Þetta hefur leitt til þess að staða ríkissjóðs er nú slæm og halli ársins 2009 er áætlaður 170 milljarðar. Sé ekki brugðist við þessum halla er hætta á því að ástandið verði enn verra. Því hefur verið unnin ítarleg áætlun um það hvernig þessum halla verði náð niður. Ætli þjóðin að ná sér upp úr þeim öldudal sem hún er í er mikilvægt að allir taki höndum saman við það sem fram undan er, samstarf við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila í þjóðfélaginu er afar brýnt á þessari stundu.

Fyrsti hlutinn í þessari vegferð hefur verið samþykktur á þinginu en það er 20 milljarða aukaniðurskurður frá fjárlögum 2009 og næstu aðgerðir munu birtast í fjárlögum næsta árs. Forgangsröðun á tímum sem þessum er gríðarlega mikilvæg og í upphafi þess aðhalds- og niðurskurðartímabils sem er að hefjast er vert að skoða þá hópa sem ekki tóku þátt í því góðæri og þeirri bankaútrás sem nú er verið að skera niður vegna. Þar má nefna marga ellilífeyrisþega, öryrkja, láglaunafólk auk þess sem stór svæði á landsbyggðinni hafa mátt búa við neikvæðan hagvöxt og fólksfækkun allt góðæristímabilið.

Hvað snertir landsbyggðina þurfa þessi sömu landsvæði að taka á sig niðurskurð til jafns á við önnur svæði. Þarna má t.d. nefna að vegaframkvæmdum víða á landsbyggðinni var frestað á sínum tíma vegna þenslunnar á góðæristímabilinu. Nú þurfa þessi svæði því miður að taka á sig frestanir vegna niðurskurðar í ríkisfjármálum. Það eru einnig vonbrigði að í þeim verkefnum sem nefnd hafa verið í tengslum við mögulega fjármögnun lífeyrissjóðanna þá er stærstur hluti þeirra verkefna á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu en því miður hafa enn sem komið er ekki verið teknar inn stórar framkvæmdir á landsbyggðinni þar sem samgöngur er hvað verstar. Þetta er þó ekki endanleg niðurstaða og er mikið atriði að lögð verði áhersla á stór verkefni á landsbyggðinni þar sem samgöngur eru hvað verstar og möguleikar til að stytta vegalengdir miklar. Þarna má t.d. nefna Vaðlaheiðargöng sem reyndar hafa verið í umræðunni undanfarna daga auk tengingar milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða.

Í kaflanum Atvinnulíf og fjölgun starfa á bls. 2 í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld munu leggja áherslu á skapa atvinnulífinu þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að verja og styðja við atvinnustarfsemina í landinu.“

Þarna erum við komin að þeim punkti sem skiptir að mínu mati mestu máli varðandi möguleikana á því að ná sér upp úr þeim öldudal sem við erum í.

Skuldir ríkissjóðs á erlendri grund, afborgunarbyrði og vaxtakostnaður af þessum skuldum kallar á róttækar aðgerðir til að efla innlenda framleiðslu og draga úr gjaldeyrisútstreymi. Það verða mikil gjaldeyrisvandamál í landinu næstu árin, það er staðreynd. Sá gjaldeyrir sem þjóðarbúið aflar þarf að duga til þess að standa undir erlendum skuldum, ekki bara ríkis heldur einnig sveitarfélaga, orkufyrirtækja og fleiri aðila sem hafa verið að fjármagna sig beint erlendis frá. Það sem út af stendur þarf að duga fyrir þeim vörum og þjónustu sem Íslendingar þurfa á að halda til að reka íslenskt samfélag. Niðurstaða þessa er sú að þeim mun hraðar sem innlend framleiðsla nær sér á strik þeim mun auðveldari verður þessi vegferð. Það verða íslenskar hendur, íslenskur mannauður og íslenskar auðlindir sem munu ná okkur upp úr þeim öldudal sem við nú erum í. Nú liggja sóknarfæri þjóðarinnar í þeim atvinnugreinum sem hafa verið markvisst drepnar niður á undanförnum árum. Þar má nefna ýmsan iðnað. Þar má nefna húsgagnasmíði, húsasmíði, járnsmiðjur, bátaviðgerðir o.fl. Þar má einnig nefna landbúnað, matvælaframleiðslu, úrvinnslu sjávarafurða og fleiri atvinnugreinar. Við þurfum að tryggja þessum atvinnugreinum nauðsynleg og góð framleiðsluskilyrði með öllum mögulegum ráðum.

Þær atvinnugreinar sem hafa átt erfitt uppdráttar vegna óhagstæðrar gengisþróunar og lítils skilnings stjórnvalda gegna nú mjög mikilvægu hlutverki í uppbyggingarstarfi næstu ára. Ég bendi til að mynda á einkavæðingu Áburðarverksmiðju ríkisins á sínum tíma sem er gott dæmi um það hvernig íslensk framleiðsla hefur verið gefin og brotin niður í þágu einkavæðingar. Það væri fróðlegt að fara yfir rekstrarmöguleika hennar núna ef ríkið ætti hana enn og hversu mikinn gjaldeyri slík verksmiðja gæti sparað þjóðarbúinu auk þess sem þetta mundi efla matvælaöryggi. Ég nefni einnig Sementsverksmiðjuna sem nú hefur verið einkavædd og miklar deilur stóðu um á sínum tíma. Hversu mikinn gjaldeyri sparar hún og hversu mikla vissu höfum við fyrir því að hún verði rekin áfram? Einnig má nefna fóðurverksmiðjur víðs vegar um land sem voru einkavæddar og í framhaldinu aflagðar. Nú eru menn að ræða um að koma slíku upp aftur og ég spyr: Hversu mikinn gjaldeyri gæti það sparað? Ég nefni einnig hvaða áhrif það hefði haft ef óheftur innflutningur á hráu kjöti hefði náð fram að ganga eins og fyrrverandi ríkisstjórn lagði áherslu á. Það mundi leiða til fækkunar starfa og aukins útstreymis á gjaldeyri. Nú þarf að grípa til róttækra aðgerða til að skapa þessum grunnatvinnugreinum þjóðarinnar góð skilyrði.

Og þarna má nefna auk þess sem áður hefur verið nefnt: Að stórefla kornrækt í landinu þar sem mikilvægt er að tryggja að íslenskt korn verði að mestu notað til fóðurgerðar, t.d. fyrir svín, kjúklinga og nautgripi. Þessi aðgerð mundi leiða til mikillar fjölgunar starfa víðs vegar um land eins og nýlega hefur verið bent á í skýrslu hvað þetta varðar. Að efla innlenda garðyrkjuframleiðslu með því að bæta framleiðsluumhverfi garðyrkjunnar og leita allra mögulegra leiða til að draga úr innflutningi á grænmeti sem hægt er að framleiða á Íslandi. Að stöðva eða draga úr óheftum innflutningi á kjötmeti til landsins. Að setja tímabundna tolla á sement og aðrar þær byggingavörur sem hægt er að framleiða hér á landi. Að auka strandveiðar og tryggja fulla nýtingu á t.d. rækju sem hefur lent í kvótabraski undanfarin ár eins og komið hefur fram í fjölmiðlum síðustu daga. Að efla vinnslu sjávarafurða hér á landi með lagasetningum og miðstýrðum aðgerðum.

Þarna er bent á nokkrar aðgerðir sem gefa okkur möguleika á því að auka gjaldeyri, efla atvinnu og styrkja byggð um land allt. Ég bendi á að sumar þessara aðgerða hafa verið framkvæmdar eins og t.d. að nú liggur fyrir matvælafrumvarp án hráa kjötsins. Ég nefni aukna takmörkun í inn-

flutningi á hráu kjöti og strandveiðar sem mikil ánægja er með víðs vegar um land. Auk þess eru margar þessara aðgerða í vinnslu en sé farið yfir öll lán Íslendinga, vexti og greiðslubyrði þeirra þá er mikilvægt að ráðast í þessar aðgerðir sem fyrst. Við verðum að standa saman og verja landsbyggðina eftir mesta megni því að þar eru sóknarfærin mest.

Frú forseti. Ég vil að lokum segja að til að ná efnahagslegu sjálfstæði á nýjan leik og vinna okkur upp úr þeim erfiðleikum sem við erum í verðum við að halda fullu sjálfstæði. Trúin á að ESB muni bjarga íslensku þjóðinni er algerlega úr lausu lofti gripin og mun á engan hátt bjarga þeim gjaldeyrisvanda sem við verðum í á næstu árum. Ég hvet þingheim allan til að slá ESB endanlega út af borðinu og hefjast handa við að ráðast samhent í þær aðgerðir sem nefndar hafa verið að framan. (Gripið fram í.)

[16:39]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir athyglisverð lokaorð sérstaklega í ljósi þeirrar ríkisstjórnar sem hann situr í. En í upphafsorðum sínum vitnaði hann í texta Vilhjálms Vilhjálmssonar, og orðaði þetta einhvern veginn svona, með leyfi forseta, að kannski er þetta kynslóðin sem sigldi öllu í strand. Mig langar til að spyrja hann vegna þess að innan tíðar munum við greiða atkvæði um Icesave-samninginn. Það liggur fyrir hvernig hv. þm. Ásmundur Einar Daðason mun greiða atkvæði um ESB. Hann mun segja nei. En hvernig ætlar hann að greiða atkvæði um Icesave-samninginn vegna þess að sú ákvörðun mun einmitt gera það að verkum, ef við samþykkjum, að hér fer allt í strand? (Forseti hringir.) Þetta eru stórar ákvarðanir sem liggja fyrir og því væri ágætt að fá afstöðu hv. þingmanns til þessa atriðis.

[16:41]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, hv. þingmaður vitnar í dægurlagatexta á nýjan leik. Varðandi Icesave-málið kemur það í ljós þegar ég ýti á hnappinn hvernig það fer. En af því að þú vitnar í þennan dægurlagatexta og setur það í samhengi við Icesave vil ég setja þetta í samhengi við það þegar Framsóknarflokkurinn gaf og einkavæddi bankana, Framsóknarflokkurinn gaf og einkavæddi Landssímann, Framsóknarflokkurinn gaf og einkavæddi Áburðarverksmiðjuna, Framsóknarflokkurinn gaf og einkavæddi íslenskt samfélag og það er það sem við erum að lenda í núna og erum að vinna upp. Ég vil bara biðja hann að setja þetta dægurlag líka í samhengi við sína pólitísku fortíð.

[16:42]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er eitthvert undarlegasta svar við spurningu sem ég hef fengið. Ég vil þá kannski benda á ummæli hv. þm. Guðbjarts Hannessonar sem fullyrti rétt áðan að ríkisstjórnin ætlaði að einkavæða bankana á nýjan leik sem hv. þingmaður er væntanlega á móti. En mig langar enn á ný að spyrja hann út í afstöðu hans til Icesave. Þetta er mikil spenna, hvað hann muni gera, já eða nei, hann áttar sig kannski ekki á því sjálfur varðandi Icesave. Mig langar líka að spyrja hann út í viðhorf hans til þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave, hvort hann telji að þjóðin eigi að hafa úrslitasvarið í því máli og bendi kannski á að formaður hans var eitt sinn þeirrar skoðunar að það væri ömurlegur málflutningur að treysta ekki þjóðinni en núna einmitt treystir hann ekki þjóðinni til að taka afstöðu. Er hv. þingmaður sammála formanni sínum um annaðhvort núverandi eða þáverandi skoðun?

[16:43]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi einkavæðingu bankanna og þú vitnaðir í hv. þm. Guðbjart Hannesson, ég ætla svo sem ekki að verja hann en ég hlustaði á ræðu hans þar sem hann gagnrýndi það harðlega að ríkið skyldi ekki hafa haldið eftir eignarhlut í öllum bönkunum á sínum tíma. Þannig að sitt sýnist hverjum.

Varðandi Icesave og þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég hef alltaf verið fylgjandi því að þjóðin geti sjálf tekið ákvörðun um það hvenær hún vilji þjóðaratkvæðagreiðslur um stór mál, það sé ekki ákvörðun okkar þingmanna að taka ákvörðun um slíkt, það sé hlutverk þjóðarinnar sjálfrar að taka slíka ákvörðun. Ég hef m.a. gert grein fyrir því að í því sem frumvarpi sem er til umræðu um þjóðaratkvæðagreiðslur eigi þjóðin sjálf að geta tekið ákvörðun um slíkt en ekki einstakir alþingismenn.

[16:44]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að í ræðu hv. þingmanns var margt sem kom svolítið á óvart, ekki síst í svari hans núna en ef ég skildi hann rétt, og það verður bara að fagna því, er hann tilbúinn til að styðja það að þjóðin fái að greiða atkvæði um Icesave. En mér finnst svolítið kostulegt þegar hann stendur í þessum stól og talar um Evrópusambandið að við eigum að vera á móti Evrópusambandinu og slíkt en samt er hann í þeim flokki sem hefur gert það að verkum að Alþingi er að ræða um Evrópusambandið. Hann er í forustu fyrir því að við erum að fara að fjalla um Evrópusambandið. Þetta er mjög kostuleg staða sem vinstri grænir eru komnir í og eru búnir að setja sjálfa sig í, vil ég meina.

Mig langar að spyrja hv. þingmann af því að hann hlýtur að vita það, og ég reikna með að hann standi að baki þessari skýrslu, en hæstv. fjármálaráðherra svaraði því ekki áðan: Hvernig er þessi mikla tekjuaukning skýrð? Hvað gerir það að verkum að ríkissjóður fær allt í einu þessar miklu tekjur aðrar en frá skattahækkunum eða á að hækka skatta svona gríðarlega mikið að þeir munu skila þessu öllu?

[16:45]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Afstaða mín gagnvart aðildarumsókn að Evrópusambandinu hefur alltaf verið skýr. Ég hef sagt það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar í þessum stól að ég sé (Gripið fram í.) mótfallinn umsókn. Ég er mótfallinn umsókn að Evrópusambandinu. Ég var það fyrir kosningar. Ég var það meðan á kosningunum stóð. Ég var það eftir kosn-

ingar. Ég hef alltaf sagt það í þessum ræðustól. Ég mun fella allar tillögur sem þessu tengjast. Ég hef sagt það í mínum þingflokki. Ég hef sagt það við Samfylkinguna og ég hef margsinnis sagt það við hv. þingmann.

Varðandi tekjumöguleika ríkissjóðs þá kom ég inn á það í ræðu minni hvernig við gætum eflt innlenda framleiðslu með róttækum aðgerðum og sé ráðist í róttækar aðgerðir til að efla innlenda framleiðslu og draga úr gjaldeyrisútstreymi þá munum við ná aukinni tekjuöflun. Ég hef ekki í kollinum nákvæmlega allar tölur á bak við þessar myndir. En svona lít ég á málið.

[16:46]

Útbýting:

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 136. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 204.

[16:46]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var skemmtileg tilkynning sem kom rétt í þessu hjá þér því ég ætlaði að koma upp og ræða um fundarstjórn forseta eftir þessa ræðu mína því að hér erum við búin að bíða eftir því að gert yrði fundarhlé sem var tilkynnt að yrði út af einhverjum blaðamannafundi sem ríkisstjórnin ætlaði að halda. En það er alveg ljóst að þau hafa áttað sig á því að þau voru ekki búin að standa sína plikt gagnvart þinginu. Þess vegna hafa þau setið hér, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, og beðið eftir því að þetta kæmi úr ljósritunarvélinni til að þau gætu haldið sinn blaðamannafund. En þetta er mjög kostuleg uppákoma sem við verðum hér vitni að.

Varðandi ræðu hv. þingmanns þá hefur hann ekki svarað því í rauninni hvernig í ósköpunum standi á því fyrst hann er svona heittrúaður varðandi Evrópusambandið, að vera á móti því, að hann bakkar upp þessa ríkisstjórn algjörlega leynt og ljóst um að þetta Evrópumál fari í gegn með öllum ráðum þó hann viti að hans skoðanir verði undir. Þetta er mjög (Forseti hringir.) merkilegt.

[16:47]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að það hafi áður gerst að einstakir þingmenn hafi haft fyrirvara á ríkisstjórnarfrumvörpum og það hef ég gert allt frá upphafi þessa máls. En maður getur velt fyrir sér hvernig hv. þingmanni detti í hug að setja sjálfan sig á aðra ekkert ósvipaða tillögu sem stjórnarandstaðan stendur að.

[16:48]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Ásmund Einar Daðason að því sem stendur á blaðsíðu 23 í þessu ágæta plaggi sem hæstv. fjármálaráðherra lagði fram þar sem hann greinir frá því að hlutfall tekjuskatts af heildartekjum hefur hækkað frá 1993 fram til dagsins í dag. Það stendur þar, með leyfi forseta:

„Það er athyglisvert að þetta hlutfall hefur hækkað þrátt fyrir að skatthlutföll hafi verið lækkuð og sérstakur hátekjuskattur verið lagður af.“

Hvernig telur hv. þingmaður að þetta færi saman með því sem stendur síðan á blaðsíðu 39 þegar verið er að tala um aukna skattheimtu og jafnframt að lækka laun? Og hvernig verður aukin skattheimta að tekjum ef við lækkum launin? Og hvort heldur hv. þm. Ásmundur Einar Daðason að meiri eftirspurn sé eftir vel menntuðum læknum, verkfræðingum, lögfræðingum og hagfræðingum eða íslenskum stjórnmálamönnum?

[16:49]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla ekki að leggja mat á það hvort meiri eftirspurn sé eftir þingmönnum eða vel menntuðum læknum. Það verður hver og einn að meta fyrir sig. Hér segir, með leyfi forseta:

„Það er athyglisvert að þetta hlutfall hefur hækkað þrátt fyrir að skatthlutföll hafi verið lækkuð og sérstakur hátekjuskattur verið lagður af.“

Það er alveg ljóst að við komumst ekki í gegnum þetta öðruvísi en að hækka skatta. Það er alveg ljóst að við komumst heldur ekki gegnum þá erfiðleika sem fram undan eru án þess að ganga eitthvað inn í launin. Það er alveg ljóst. Við þurfum að fara blandaða leið og við komumst ekki hjá þeim aðgerðum að ráðast í skattahækkanir og lækka laun að einhverju leyti því verði farið af meiri hörku í niðurskurð þá mun það bitna allharkalega niður á félags-, velferðar-, mennta- og heilbrigðiskerfinu.

[16:50]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég heyri að hv. þingmaður deilir ekki áhyggjum mínum af því að með lækkun launa í ríkiskerfinu eins og verið er að tala um, þ.e. að enginn eigi að hafa hærri laun en forsætisráðherra, sé hætta á því að við missum úr landi vel menntaða lækna, verkfræðinga, hagfræðinga, lögfræðinga og fleiri og þá eru ekki til þeir skattgreiðendur sem ríkisstjórnin núverandi ætlar sér að skattleggja. Í ljósi þessa spurði ég hv. þingmann hvort hann teldi að það væri virkilega einhver eftirspurn eftir okkur stjórnmálamönnum á erlendri grund, forsætisráðherra Íslands eða fleiri ráðherrum til jafns á við það sem eftirsóknin er eftir vel menntuðum læknum, lögfræðingum og hagfræðingum frá þessu landi okkar sem eiga að standa meðal annars undir hækkun skatttekna.

Ég hef áhyggjur af því, frú forseti, að þessar auknu skatttekjur virki letjandi á fólk. Skattahækkanir virka letjandi á meðan skattalækkun virkar hvetjandi. Okkar dugmikla (Forseti hringir.) þjóð vill vinna sig út úr þessu en hún vill ekki láta skattpína sig út úr þessu.

[16:51]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Okkar dugmikla þjóð vinnur sig út úr þessu en hún vill gera það í sameiningu og hún vill gera það á félagslegum forsendum og hún verður að gera það þannig að þeir sem hafa hæstu launin í samfélaginu taki á sig aukna byrði. (**RR:** Það verða engir með há laun.) Hún verður að gera það þannig að þeir sem hafa hæstu launin í þessu samfélagi taki á sig aukna byrði. (Gripið fram í.) Hún verður að

gera þetta á félagslegum forsendum því það er ekkert svigrúm í lægst launuðu tekjuhópunum. (**Gripið fram í:** Hvað eru há laun?)

[16:52]

Valgeir Skagfjörð (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni fyrir fjörmikla ræðu áðan þar sem hann fór mikinn í upptalningu á fjölda hugmynda sem væri vert að hrinda í framkvæmd og margt hefur þegar verið gert sem er ástæða til að fagna svo sem eins og strandveiðar og þetta sem hann nefndi með kvótabraskið. Það færir okkur heim sanninn um nauðsyn þess að breyta kvótakerfi okkar.

Mig langar til að nefna hugmynd af því að hann er þarna með ríkisstjórnarflokkunum. Hér hafa ungir menn verið úti um allt samfélag að kynna rafmagnsbíla og ég sting upp á því að við förum að vinna í því að Ísland verði hugsanlega fyrsta þjóðin sem veitir þessu brautargengi, að við leggjum afl í að þróa og vinna með þessa rafmagnsbíla. Þetta er frábær hugmynd. Þetta er að sem koma skal. Getum við ekki á einhvern hátt nýtt hér orkuna og álframleiðsluna (Forseti hringir.) í tengslum við þessar rafmagnsbílapælingar? Þær eru mjög áhugaverðar.

[16:53]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni og er tilbúinn að setjast yfir það með honum og við getum flutt frumvarp um það saman annaðhvort núna eða næst þegar hann tekur sæti á þingi um þetta mál, þ.e. að hér verði sett af stað mjög umfangsmikil vinna til að nýta vistvæna orku til að mynda á bílaflota landsmanna.

[16:54]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Það er afskaplega órólegt í þingsalnum þessar mínúturnar. Það er greinilegt að stórtíðinda er að vænta af blaðamannafundi hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra um Icesave-málið sem er boðaður núna fljótlega skilst mér. En það er ekki tilefni ræðu minnar.

Mig langar aðeins að blanda mér inn í þessa umræðu um skýrslu um efnahagsmál sem hæstv. fjármálaráðherra hefur lagt fram. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa skýrslu. Hún er í sjálfu sér ágætisupplýsingarit um þá stöðu sem uppi er, ágætisgreining á því sem við stöndum frammi fyrir og þarna eru talnagögn dregin saman með ágætum hætti. Svo langt sem það nær er því þessi skýrsla ágætisinnlegg í þá umræðu sem fram undan er.

Mig langar líka á jákvæðu nótunum að taka undir það sem fram kemur í skýrslunni um áform um að auka aðkomu þingsins að framkvæmd fjárlaga, nokkuð sem hefur mikið verið rætt í hv. fjárlaganefnd um langa hríð, þ.e. að hv. fjárlaganefnd sé betur inni í því hvernig farið er með framkvæmd fjárlaga og svo framvegis. Eins get ég ekki látið hjá líða að nefna það sem stendur svart á hvítu í þessari skýrslu, að Ísland hafi skipað sér á bekk með þeim þjóðum sem leggja hvað mest upp úr félagslegri velferð árum saman og að afkomuöryggi allra þegna landsins sé með ágætum þannig að þessi ríkisstjórn (**ÞKG:** Það er nýfrjálshyggjan.) sem nú situr ætlar að standa vörð um þá velferð sem hér hefur skapast á liðnum árum undir forsæti þess flokks sem er stöðugt kennt um þetta hrun allt, Sjálfstæðisflokksins. Ég ætla bara í gamni að nefna það vegna þess að það stendur hér svart á hvítu.

Mig langar núna aðeins að víkja að þeim atriðum sem ég vil gagnrýna í skýrslunni. Ég verð að segja alveg eins og er og vitandi að mjög margt er óljóst og óvíst um hvað fram undan er og það hefur margoft komið fram hvað óvissan er mikil og við erum að horfa hérna einungis fjögur ár fram í tímann, en þá er ég engu nær eftir að hafa lesið þessa skýrslu hvaða sýn ríkisstjórnin hefur til lengri tíma á það hvernig eigi að byggja upp þetta land. Stór hluti skýrslunnar fer í að rökstyðja af hverju betra sé að fara í skattahækkanir en draga verulega úr útgjöldum. Skattahækkanir eru boðaðar. Útgjaldalækkun er líka boðuð en forgangsröð er alveg óljós. Allar ákvarðanir sem eru teknar núna munu hafa áhrif mjög langt fram í tímann og það er ekki gerð nein tilraun til að lýsa því í þessari skýrslu hvaða áhrif þessar ákvarðanir munu hafa á framtíð þjóðarinnar.

Mér finnst sú litla stefna sem hægt er að lesa út úr þessari skýrslu kristallast í þessari setningu á blaðsíðu 31. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram hefur komið setur bágborið ástand efnahagslífsins, atvinnuleysi og erfið staða heimilanna því nokkrar skorður hvað hægt verður að auka tekjuöflun ríkissjóðs mikið a.m.k. fyrst um sinn.“

Þetta er sem sagt annað orð yfir skattahækkanir. Það er grundvallarstefna þessarar ríkisstjórnar að skatta þjóðina út úr þessum vanda og þá spyr maður hverjir eigi að borga þessa skatta. Í skýrslunni er farið afar lauslega yfir það hvaða skattar komi til greina. Útfærsla þessara skattahugmynda er eftir. Ég býst við að við munum sjá betur framan í það í haust. En það liggur í orðanna hljóðan að við eigum von á verulegri hækkun tekjuskatts og ég held að óhætt sé að segja að eignarskattur muni líka verða lagður á, á stóreignafólk eins og þar segir. En við höfum verið að takast á nokkuð um það í dag hverjir hafi háar tekjur og maður getur á sama hátt spurt hverjir eigi stórar eignir eða hvaða skilyrði þessi eignarskattur eigi að uppfylla vegna þess að hinn gamli eignarskattur sem við þekkjum lagðist mjög þungt á eldri borgara og það mun þá væntanlega leggjast ofan á aðrar álögur sem á eldri borgara verða lagðar núna á næstunni.

Mestu tekjurnar sem hægt er að ná út úr þessum sköttum koma væntanlega úr tekjuskattinum. En um leið er þrengt að heimilum í landinu. Það er vitað að hátekjufólkið mun að sjálfsögðu bera meiri byrðar. Það kemur skýrt fram og þegar hafa verið stigin skref í þá átt hér með bandorminum svokallaða. En hátekjufólki hefur farið afar hratt fækkandi undanfarið og það er alveg óljóst hversu margir hafa svo háar tekjur að það muni skila verulega miklu inn í þjóðarbúið fyrir utan það að hátekjufólkið hefur líka — þó kannski megi ekki nefna það — skuldsett sig gríðarlega mikið og mér er spurn hversu mikið það fólk getur borið af því öllu sem ætlast er til að það beri í þessari skattastefnu. Þess vegna er full ástæða til að óttast þessar skattahugmyndir. Þessir skattar munu draga þrótt úr fjölskyldum og það er alveg ljóst að þeir munu draga verulegan þrótt úr

þeim fáu fyrirtækjum sem eru í sæmilegu lagi hérna, hvað þá að það auki bjartsýni manna um að ný sprotafyrirtæki verði stofnuð.

Hér hafa verið ræddar í dag ýmsar hugmyndir um hvernig hægt sé að auka og stækka kökuna af hálfu stjórnarandstöðunnar. Menn hafa bent á að við þurfum að líta til nýrra tækifæra. En til að hægt sé að stofna ný fyrirtæki um nýjar hugmyndir þá má ekki vera fyrir fram búið að gera þeim ókleift að starfa eins og er með þessum skattahugmyndum sem hér eru. Það er ekkert í þessari skýrslu um það hvernig eigi að stuðla að frekari nýsköpun og þróun. Það er ekkert talað um á hvaða grunni við ætlum að reisa þetta þjóðfélag aftur við. Það er í nokkrum setningum talað um atvinnulíf í landinu og það er skautað léttilega fram hjá því að það þarf væntanlega að líta til auðlindanýtingar, nokkurs sem hluti ríkisstjórnarinnar er mjög andsnúin en verður, því miður virðist vera að þeirra mati, óumflýjanlegt að fara í. En það er líka svo margt annað sem hægt er að gera, svo margar aðrar hugmyndir hægt að nýta. En það eru engar hugmyndir í þessari skýrslu, ekki nokkur skapaður hlutur af hálfu þessarar ríkisstjórnar um það hvernig hægt sé að auka möguleika Íslendinga til að skapa tekjur. Og á þeim tímum sem nú eru, vitandi það að skuldir ríkissjóðs hækka dag frá degi — síðast í gær var hv. efnahags- og skattanefnd að boða frekari lántöku af hálfu ríkisins, 290 milljarða kr. Það var bara í gær. Kannski kemur meira á morgun. Við vitum ekkert um það. Í *Morgunblaðinu* í dag er haft eftir Indriða H. Þorlákssyni að það verði væntanlega að endursemja um hluta þeirra lána sem voru tekin vegna þess að auka þurfti gjaldeyrisforðann vegna þess að Íslendingar geta ekki staðið undir þessum lánum, þ.e. 250 milljarðar að mig minnir. Hvernig ætla menn þá á sama tíma að auka skuldir þjóðarinnar í erlendri mynt stórkostlega, ég tala nú ekki um þessar Icesave-skuldbindingar sem nú eru væntanlega til umræðu á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar. Við vitum ekkert hvað það mun verða mikið. Það eru engar hugmyndir uppi um það hvaðan þær tekjur munu koma sem eiga að standa undir þessum skuldbindingum. Þetta er allt saman í erlendri mynt. Á sama tíma er engin tilraun gerð til þess að auka tekjur ríkisins í erlendri mynt og ekkert í þessari skýrslu fjallar um það. Mér finnst afskaplega hæpið af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma fram svona. Ég held að það geti ekki gengið að á sama tíma og ætlast er til þess af þingmönnum að þeir staðfesti gríðarlegar byrðar á komandi kynslóðir bæði vegna erlendrar skuldasöfnunar og stórkostlegra skattahækkana á okkar komandi kynslóðir og fyrirtæki í landinu, að þá bendi ekkert, ekki neitt, til þess að við munum geta aflað tekna til að standa undir þessu. Þetta hefði ég viljað sjá í þessari skýrslu. Þess vegna held ég að þó það sé gott, eins og ég sagði áðan, að fá svona stöðuskýrslu svokallaða að það verði að fara að horfa miklu lengra fram í tímann.

Það er alltaf verið að tala um þetta sjö ára skjól, að við fáum sjö ára skjól til að koma okkur út úr þessum vanda. Gott og vel. Við skulum sjá, við skulum sjá hvernig það gengur. En þær skuldir sem við höfum þegar stofnað til munu ekki hverfa á þessum sjö árum. Þær munu alls ekki gera það. Ef áfram er haldið á þessum óljósu nótum, með skattpíningarstefnu og án þess að nokkur tilraun sé gerð til að auka tekjuflæði í þjóðfélaginu þá gerist ekkert annað en að skuldirnar munu aukast og við munum lenda í enn þá meiri vanda en við stöndum frammi fyrir núna og þá mun ekki bjarga okkur að hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu þó ég haldi að sumir telji að það muni gera mikið í þessu. Það mun ekki gera það, fyrir utan að mér er til efs að það verði auðvelt að semja við Evrópusambandið undir þeim skuldaklafa sem íslenska ríkið er nú komið í. Mér er það mjög til efs að það verði mjög þægilegt samningaferli. En við skulum sjá hvað út úr því kemur.

Mig langar rétt í lokin — tíminn er afar knappur — að nefna þær framkvæmdir sem fram undan eru. Mig langar að spyrja — ég vona að við munum fá upplýsingar um það í fjárlaganefnd þangað sem þessi skýrsla mun rata — hvaða framkvæmdir séu svo mannaflsfrekar að þær skipta máli fyrir atvinnulífið í þessu landi. Eru það samgönguframkvæmdir af ýmsum toga? Eru það mannvirkjaframkvæmdir? Eru það veituframkvæmdir? Hvaða framkvæmdir eru þannig að það skiptir verulegu máli fyrir ríkið að fara í þær? Ég vonast til að það komi betur fram þegar við tökum málið fyrir (Forseti hringir.) í hv. fjárlaganefnd.

[17:05]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er bara örstutt. Ég er ekki alveg sammála hv. þm. Ólöfu Nordal um að þetta sé ágætisupplýsingarit því að það vantar svo miklar upplýsingar í það að mínu viti, hv. þingmaður. Mikilvægustu upplýsingarnar sem vantar eru þær upplýsingar sem hæstv. ráðherrar fjármála og forsætis eru líklega einhvers staðar hér í húsinu að reyna að selja þjóðinni í gegnum fjölmiðla að séu allt í lagi og það eru upplýsingar út af Icesave-samningnum. Þær upplýsingar eru ekki í þessu riti, það er ekki tekið tillit til þeirra. Þetta rit er því marklaust, algjörlega marklaust.

[17:05]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að það vantar afskaplega margt í þessa skýrslu. Ég minntist stuttlega á það í mínu máli og ekki síst þær erlendu skuldbindingar í erlendri mynt, þ.e. þær sem munu leggjast á þjóðina á komandi árum og sér í lagi þær sem munu væntanlega leggjast á áttunda árið héðan í frá eða svokallaðar Icesave-skuldbindingar.

Hins vegar er þessi skýrsla svo langt sem hún nær ágætisupplýsingarit um það að sú ríkisstjórn sem hér situr hefur bara eina hugmynd um það hvernig hægt er að koma sér út úr aðsteðjandi vanda. Hún er sú að hækka skatta, hún er sú að auka skattbyrðar og hún er sú að auka álögur á fólk sem hefur ekki þær tekjur sem ríkisstjórnin heldur að það hafi og á þau fyrirtæki sem eru þegar öll meira og minna farin á hausinn og að tryggja það að engin ný fyrirtæki komist á lappirnar vegna þess að hér er komið þvílíkt skattpíningarsamfélag að þar verður engu eirt.

[17:06]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við höfum kallað eftir því í allan dag að fá upplýsingar um svokallaðar Icesave-skuldbindingar vegna þess að við teljum að forsendurnar fyrir þessu plaggi

sem verið er að kynna hér í dag muni bresta við það. Nú höfum við fengið þessar upplýsingar, skuldbindingarnar liggja á bilinu 310 til 520 milljarðar. Þetta mun verða þannig samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins að frá 2016 þegar við byrjum að borga Icesave-skuldbindingarnar borgum við um 70 milljarða fyrsta árið bara vegna þeirra skuldbindinga, sem er eins og rúmlega allt menntakerfið á Íslandi þannig að við getum skorið það af. Þetta mun lækka fram til ársins 2023 niður í kringum 55 milljarða þannig að við erum að borga 70, 65, 60 og niður í 55 milljarða í átta ár.

Þetta eru þær forsendur sem plaggið sem hefur verið rætt hér í dag byggist á. Þetta er algjörlega marklaust. Og núna eru verstu martraðir mínar um Icesave að rætast. Hér er úttekt frá valdhöfunum þar sem sýnt er fram á svart á hvítu að það er rétt sem menn hafa talað um að þessar skuldbindingar eða réttara sagt skuldir sem þarf að borga — ekki skuldbindingar, þær eru mun hærri — eru samkvæmt þeirra mati að lágmarki 70, 60, 50 milljarðar á ári. Þetta var til að hjálpa hv. þm. Ólöfu Nordal í ræðu sinni.

[17:09]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Mér voru að berast spurnir af því að hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra séu nú þegar á blaðamannafundi. Mér finnst þetta vera mikil vanvirðing við þingið og þá umræðu sem hér fer fram, þá mikilvægu umræðu um fjárreiður ríkisins og horfur næstu árin. Ég óska eftir því að hæstv. fjármálaráðherra sérstaklega verði kallaður í salinn hið snarasta og hann fylgist með umræðunni eins og ráðherrar sem leggja einstök mál fram gera að jafnaði. Verður orðið við þeirri beiðni, hæstv. forseti?

(**Forseti** (UBK)**:** Forseti mun kanna hvar fjármálaráðherra er staddur og hvort hann hafi tök á að koma í salinn.)

Ég ítreka þessa ósk mína og verð að segja alveg eins og er að umræðu á Alþingi hefur ekki verið sýnd önnur eins vanvirðing og akkúrat núna.

[17:10]

Eygló Harðardóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar um að ég hef sjaldan upplifað annan eins dónaskap gagnvart þinginu. Við þingmenn höfum þá reglu að ekki er fundað í nefndum þingsins þegar þingfundir standa. Ég var sjálf á nefndarfundi í hádeginu sem byrjaði klukkan eitt. Við ræddum þar mjög mikilvægt mál sem varðar sparisjóðina í landinu og hefðum gjarnan viljað funda lengur og töluðum um það við formann nefndarinnar en þingfundur var að hefjast þannig að það gekk að sjálfsögðu engan veginn að við héldum áfram fundi.

Nú stendur yfir blaðamannafundur í þinghúsinu samkvæmt þeim upplýsingum sem við vorum að fá, á meðan á þingfundi stendur, á meðan við erum að tala um ríkisfjármálin, peningana sem eiga væntanlega að koma til þess að borga eitthvað af þessum blessaða Icesave-samningi. (Forseti hringir.) Ég ítreka ósk þingmannsins um að fjármálaráðherra verði kallaður hingað strax (Forseti hringir.) og ég held að það væri við hæfi að forsætisráðherra sæti líka undir þessari umræðu.

[17:12]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér skýrslu fjármálaráðherra um ríkisfjármál og hæstv. fjármálaráðherra er vant við látinn vegna þess að hann er annars staðar í húsinu að tala við fjölmiðlamenn. Ég spjallaði við hæstv. forsætisráðherra áðan og stóð í þeirri meiningu að blaðamannafundurinn yrði ekki haldinn fyrr en eftir að þessari umræðu væri lokið vegna þess að í millitíðinni ætti að dreifa skjölum sem verið er að kynna á blaðamannafundinum. Þau skjöl eru reyndar hér, þau liggja hér frammi.

Það er hreint með ólíkindum að ráðherra sem er að kynna skýrslu sitji ekki í sæti sínu og hlýði á umræðuna. Ég legg því til, virðulegur forseti, að fundi verði frestað þar til ráðherrarnir hafa lokið þessum ágæta blaðamannafundi og þá gætum við kannski líka fengið tækifæri til að kynna okkur hvað þau voru kynna fyrir landi og þjóð. (**Gripið fram í:** Við sjáum það í fréttum.) Við sjáum það reyndar í fréttum í kvöld, (Forseti hringir.) en ég legg til að þingfundi verði frestað þar til blaðamannafundinum er lokið.

[17:13]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar að ræða hér sama mál. Það er algjörlega óþolandi hvernig framkoma þessa ráðherra er gagnvart þinginu að vera ekki í sal þegar rætt er mál sem hann sjálfur er í raun talsmaður fyrir. Maður spyr sig: Hvert er þingið að fara? Þetta virðist vera orðið þannig að ráðherrarnir og framkvæmdarvaldið stjórni þingstörfunum meira og minna en ekki þingmenn sjálfir eða stjórnendur þingsins. Þetta er alveg stórmerkilegt.

Ég tek undir það sem hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir sagði áðan og ég í rauninni bara krefst þess að forseti fresti fundi þangað til þessum blaðamannafundi er lokið fyrst ráðherrarnir leggja svona mikla áherslu á það að sinna blaðamönnum og koma þannig fram við þingið að það sé algjör afgangsstærð varðandi þetta mál. Þetta er gjörsamlega óþolandi og þetta er ekki í fyrsta sinn sem við sjáum þessa framkomu og verður örugglega ekki í seinasta sinn.

Ég mæli því eindregið með því að þingfundi verði frestað þangað til ráðherrar geta komið sér í þessa stóla.

[Fundarhlé. — 17:14]

[17:33]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram áðan um fjarveru eða nærveru hæstv. fjármálaráðherra er rétt að taka það fram að vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem voru hér í dag leitaði fjármálaráðherra eftir því hvort það væri þeim sem hér stendur að meinalausu þó að hann léti ræðu hans fram hjá sér fara vegna þeirra frétta sem hann þurfti að færa af því þingmáli sem hér er lagt fram í dag og allir hafa beðið eftir, bæði innan þings og utan þings og varðar samkomulagið um Icesave og varðar auðvitað miklu um það mál sem við erum hér að fjalla um. Ég taldi bara rétt að þetta kæmi fram vegna þeirra orða sem féllu áðan án þess að hafa frekari skoðanir á því.

Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir málefnalega um-

fjöllun um þá mikilvægu skýrslu sem við erum að fjalla um í dag og beðið hefur verið með nokkurri óþreyju. Á þessu langa og stranga sumarþingi er verið að vinna að fjölmörgum stórverkefnum og stundum er eins og mörg sverð séu á lofti í senn því að á þessu sumri er auðvitað verið að leggja grunninn að endurreisn íslensk efnahagslífs og leiða til lykta gríðarlega mörg og stór og flókin verkefni. Við getum nefnt fjögur af þeim verkefnum sem liggja fyrir sumarþinginu og ríkisstjórninni á þessu sumri. Það er í fyrsta lagi að endurreisa fjármálakerfið í landinu, bankana, og endurfjármagna þá og það kemur auðvitað talsvert við það mál sem við fjöllum um hér í dag því þar er um að ræða gríðarlega mikla fjármögnunarþörf, svo að skiptir hundruðum milljarða króna. En það er tvímælalaust í nánustu framtíð það brýnasta verkefni sem unnið er að og fagnaðarefni að nú sjái fyrir endalokin á þeim leiðangri því að bankakerfið þarf að vera bakhjarl atvinnulífsins og í stakk búið til þess að styðja atvinnulífið í gegnum þá mánuði og missiri sem fram undan eru og styðja fyrirtækin við að fjárfesta á ný, að vaxa á ný, að skapa ný atvinnutækifæri í landinu. Það er auðvitað mikilvægt að við höfum það í huga um leið og hér er sannarlega erfitt atvinnuástand og mörg fyrirtæki í erfiðum rekstri.

Sem betur fer er það líka þannig að sumar atvinnugreinar búa við batnandi skilyrði og hafa verið að styrkjast og eflast og geta þá haft færi á því að skapa sér ný störf og ný tækifæri á næstu mánuðum og missirum og það er auðvitað það sem mun ráða mestu um velferð okkar á næstu árum, þ.e. að hjól verðmætasköpunarinnar verði aftur knúin í gang. Atvinnulífið á auðvitað fyrst og fremst að sjá um það verk og velja þau tækifæri sem ráðist er í. En okkar verkefni hér í þinginu er að tryggja að sá bakhjarl sem bankakerfið þarf að vera komist aftur af stað og síðan að tryggja hið almenna umhverfi, vexti, gengisstöðu og stöðugleika almennt. Sú skýrsla sem er rædd í dag er auðvitað líka mikilvægt innlegg í það að skapa atvinnulífinu þessi almennu skilyrði.

Stöðugleikasáttmálinn, sem skýrslan auðvitað tengist, við aðila vinnumarkaðarins, leggur grunn fyrir áframhaldandi vaxtalækkunarferli, sem við megum binda vonir við og væntingar. Það hefur sem betur fer tekist að lækka nokkuð vexti frá því sem var en það þarf að ganga enn betur ef duga skal, því að það er auðvitað algjörlega óviðunandi að hafa hér vaxtastig í tveggja stafa tölu og mikilvægt að hún verði undir 10% í raun og veru hið allra fyrsta til þess að skapa atvinnulífinu þau skilyrði sem það þarf til vaxtar og viðgangs og til þess að vinna á því atvinnuleysi sem er sú höfuðmeinsemd sem við er að stríða til skemmri tíma.

Í öðru lagi erum við náttúrlega undir með stórmál sem einhvern tíma hefði þótt þurfa heilt sumarþing undir eitt sér, sem er trúverðug og skýr framtíðarsýn, aðildarumsókn að Evrópusambandinu og yfirlýsing, ef af verður, af Íslands hálfu í efnahagsmálum til lengri framtíðar sem getur orðið mikilvægur þáttur í því að styrkja og efla trúverðugleika okkar, bæði í alþjóðasamfélaginu og alþjóðlegum viðskiptum en líka á íslenskan efnahag og það að hér sé fyrir hendi langtímastefnumörkun um það hvert þessi þjóð ætlar sér í efnahagsmálum og kannski ekki síst í gjaldmiðilsmálum. Við vitum auðvitað að sá leiðangur er, ólíkt endurreisn bankanna, langtímaleiðangur og mun fyrst og fremst skila okkur árangri og ávinningum til lengri tíma þó að hann geti hjálpað til við að treysta trúverðugleika okkar sömuleiðis í núinu.

Í þriðja lagi erum við náttúrlega að fást við erfiðustu milliríkjadeilur síðari ára, Icesave-samningana, sem lagðir eru fram hér í þinginu í dag og voru kynntir á blaðamannafundum fyrr. Það hver úrlausn fæst í þeim málum mun auðvitað ráða miklu um farsæld okkar og líka varða miklu þá skýrslu sem hér er fyrir um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Fjórða stóra verkefnið er að ná tökum á þeim gríðarlega mikla hallarekstri sem er á ríkissjóði Íslands sem nemur í dag 500 millj. kr. á dag. Þær 500 millj. kr. erum við sem nú lifum bara að taka að láni og leggja sem skuldir á börn okkar og barnabörn og það er þess vegna algjörlega nauðsynlegt að taka á þeim hallarekstri og leggja fram þessa trúverðugu áætlun um það með hvaða hætti það megi gerast á tiltölulega skömmum tíma en þó þannig að það verði ekki til þess að dýpka niðursveifluna á yfirstandandi ári, því að það gæti auðvitað skapað meiri vanda en það leysir.

Í tengslum við þetta og stundum áður hefur farið fram nokkur umræða um það að hér sé fyrst og fremst verið að skattleggja sig út úr vandanum. Ég held að það sé annað tveggja mikill misskilningur eða hitt að það sé afflutningur, vegna þess að sú stefna liggur fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að hlutdeild hins opinbera í þjóðarframleiðslunni eigi ekki að vaxa heldur haldast áfram óbreytt, sem þýðir það einfaldlega að hið opinbera verður að taka á sig sama samdrátt og aðrir geirar samfélagsins og draga úr umsvifum sínum með sama hætti og mun þess vegna á þessu tímabili ekki vera að auka hlut sinn í kökunni frá því sem nú er. Það leiðir auðvitað af sér umtalsverðan niðurskurð. Hins vegar að ímynda sér að það megi brúa þann mikla hallarekstur sem er á ríkissjóði einvörðungu með niðurskurði á útgjöldum, það vita auðvitað þeir sem skyggnast í tölurnar að er einfaldlega fráleitt og langt í frá að vera skynsamlegt, vegna þess að til þess þyrftum við annaðhvort að hætta að borga bætur í landinu, atvinnuleysisbætur, atvinnuleysistryggingar, almannatryggingar, niðurgreiðslur til bænda eða hvað það nú er annað sem í tilfærslunum er, leggja það af með öllu, eða þá að leggja af allan ríkisreksturinn vegna þess að hallinn sem við erum að fást við, hátt í 200 milljarðar kr., nemur einfaldlega nærfellt öllum kostnaðinum við rekstur stofnana ríkisins. Eða í þriðja lagi að menn gætu sem sagt lagt niður aðra hverja stofnun ríkisins í landinu, heilbrigðis-, skóla- og félagsþjónustu og skorið allar bætur í landinu niður um helming. Það sér það auðvitað hver maður í hendi sér að slíkar aðgerðir eru úr öllu samhengi og það mundi enginn í alvörunni tala fyrir því að ráðast í það. Þá er einfaldlega óhjákvæmilegt að mæta hluta af vandanum með aukinni tekjuöflun.

Ég held að við eigum ekki að fjalla um það af þeirri svartsýni sem hér hefur verið gert um skattpíningu eða aðra slíka hluti heldur reyna líka í þessari umræðu að horfa þó á þá jákvæðu þætti sem við höfum til þess að líta til. Einn þeirra er sá að við höfum á undanförnum árum verið að leggja af fjölmarga skatta og lækka skatta töluvert. Nú hefur einfaldlega komið í ljós að við höfðum ekki efni á því og við kunnum að þurfa að taka þá upp aftur. Lífið var samt

ágætt áður en þeir voru lækkaðir og við réðum alveg við framfærslu okkar þegar þeir voru eins og þeir voru. Það að vinda aðeins ofan (Forseti hringir.) af ákvörðunum okkar í þeim efnum, rétt eins og útgjaldahliðinni, held ég því að eigi sannarlega (Forseti hringir.) ekki að vera ofverkið okkar.

[17:43]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem mér fannst einkenna mál hv. þingmanns var að það eru í rauninni engar lausnir og stjórnvöld og ríkisstjórnin hafa í rauninni engar hugmyndir um hvernig þeir ætla að reisa atvinnulífið og heimilin við að nýju.

Þó var eitt sem hv. þingmaður minntist á og hann sagði hér og fullyrti, að bara við það eitt að sækja um aðild að ESB mundu, ef ég skildi hann rétt, hlutirnir á einhvern hátt batna. Mig langar bara til þess að spyrja hvernig, fá rökstuðning fyrir þessari fullyrðingu. Erum við að tala um einhvers konar fyrirgreiðslu frá Evrópusambandinu, munu þeir dæla inn peningum?

Mig langar líka til að spyrja hvernig við eigum að fá þetta aukna traust, þegar allar Evrópuþjóðir virðast vera á móti okkur, bara við það eitt að sækja um aðild? Ég sé þetta einhvern veginn ekki fyrir mér. Getur verið að þingmaðurinn sé að rugla þessu saman við þá aðstoð sem okkur Íslendingum býðst nú þegar, að sækja um hjá Evrópusambandinu og var einmitt bent á í skýrslu sem er nýkomin út? Þar var einmitt bent á það líka og undrast af hverju stjórnvöld hefðu ekki verið búin að sækja um þá fyrirgreiðslu. Er það það sem hv. þm. Helgi Hjörvar er að tala um? Mig langar til þess að fá nánari rökstuðning fyrir þessari fullyrðingu.

[17:45]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en áréttað það sem ég sagði að í dag og næstu mánuði og missiri skiptir það okkur mestu máli að endurreisa fjármálakerfið, að fjármagna bankana í landinu til að vera bakstuðningur við atvinnulífið og skapa störf og efla verðmætasköpunina í landinu og sömuleiðis halda áfram að ná þeim árangri sem ríkisstjórninni hefur verið að takast, þ.e. að skapa aðstæður til að lækka vexti og með stöðugleikasáttmálanum sem náðist í síðustu viku eru enn frekar að skapast skilyrði fyrir því að lækka vexti og búa atvinnulífinu þannig hinar almennu aðstæður til árangurs í verðmætasköpuninni og atvinnusköpuninni. Ég held að þar eigi fyrst og fremst áhersla stjórnvalda að vera á lausnirnar en ekki á fiskeldi eða loðdýrarækt eða einhverjar slíkar miðstýrðar ákvarðanir um fjárfestingar eins og menn hafa af misráðnum hug farið í oft áður í sögunni. Það eru þessar almennu aðgerðir sem eiga að vera lausnir stjórnvalda nú og alla jafnan.

Um Evrópusambandið er það þannig og það þekkir hv. þingmaður að þjóðir sem eru í aðildarferli, einfaldlega með því að hefja það ferli á alþjóðlegum vettvangi, auka þær trúverðugleika sinn, gera betur grein fyrir sér og hvert þær stefna, þ.e. að þær hafa í hyggju að verða hluti af viðurkenndu alþjóðlegu lagaumhverfi, verða fullur hluti af evrópska markaðnum, líka af stofnanaumhverfi hans og stefni á það til lengri tíma litið að taka upp gjaldmiðil sem menn þekkja og skilja og nota í viðskiptum. Þó að það muni taka langan tíma að ná þeim áföngum þá hefur það samt góð áhrif á trúverðugleika landsins nú þegar.

[17:48]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svarið. Eins og mig grunaði eru í rauninni engin rök fyrir fullyrðingum um að við munum njóta einhvers konar fyrirgreiðslu frá Evrópusambandinu. Það getur vel verið að bara við það eitt að austantjaldsþjóðir hafi hafið sitt umsóknarferli — og þar líka lá það nú fyrir að þær mundu fara inn í Evrópusambandið — að hagur þeirra hafi vænkast á einhvern hátt. Við Íslendingar erum í allt annarri stöðu, allt annarri stöðu. Við erum í EES. Við tökum yfir 80–90% af öllu regluverki Evrópusambandsins, (Gripið fram í.) öllu, 75% svo ég leiðrétti það. Þetta eru fullyrðingar sem eiga ekki við nein rök að styðjast og eiga engan veginn við þá aðstöðu sem Íslendingar eru komnir í, hvað þá það að Íslendingar muni auka trúverðugleika sinn sem er því miður undir forsæti Samfylkingarinnar algerlega hruninn.

[17:49]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hér erum við fyrst og fremst að ræða um brýn verkefni dagsins í dag. En það er sjálfsagt að taka þessa langtímastefnumörkunarumræðu við hv. þingmann og það er út af fyrir sig ágætt hjá hv. þingmanni að vísa til þess hvernig trúverðugleiki landa í Austur-Evrópu hefur aukist við það að hefja aðildarferlið.

Hitt er þó nærtækara að eftir að hafa orðið fyrir miklu fjárhagslegu áfalli og fjármálakerfi hrunið bæði hjá frændum okkar Svíum og frændum okkar Finnum sem eru hvorir tveggja ríki sem við sækjum jafnan samjöfnuð til, þá var það niðurstaða beggja þessara þjóða að það væri mikilvægur þáttur í endurreisnarsamstarfinu að fara inn í Evrópuferlið. Hv. þingmaður verður að muna að hluti af EES er því miður ekki að fá úrlausn mála fyrir Evrópudómstólnum og er því miður ekki evran en hvort tveggja hefði getað gagnast okkur gríðarlega mikið í stórum hagsmunamálum á allra síðustu árum. Það að taka stefnuna þangað mun þess vegna til langtíma efla trúverðugleika okkar þó að það muni ekki leysa verkefni okkar í dag.

[17:50]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef mikinn áhuga að heyra skoðun hv. formanns efnahags- og skattanefndar á því að það kemur fram ákveðin fullyrðing í þessu plaggi um að verið sé að hafa ákveðna hliðsjón af reynslu annarra þjóða sem gengið hafa í gegnum sambærilegt aðlögunarferli, til dæmis Danmörk, Finnland og Svíþjóð.

Nú benti Mats Josefsson á að staðan hér væri á engan hátt sambærileg við það sem gerðist í þessum löndum heldur mætti kannski miklu frekar líkja ástandinu hjá okkur við viss lönd í Asíukreppunni, t.d. Indónesíu frekar en til dæmis Svíþjóð eða Finnland sem við virðumst vera óskaplega

gjörn á að kíkja á. Þess vegna hef ég miklar áhyggjur af því að sjá þessar tölur þar sem verið er að miða við tekjur ríkissjóðs og hlutfall af vergri landsframleiðslu því að hvað gerist — það sem við óttumst kannski öll er að hér verði algert hrun í einkageiranum. Mér skilst að framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins hafi bent á að fjöldi gjaldþrota fyrirtækja væri í pípunum. Af því að við erum alltaf að tala um prósentutölur hérna þá höfum við áhyggjur af því að grunnforsendurnar fyrir þessari skýrslu, sem er meira að segja litprentuð, séu hreinlega ekki réttar. Síðan vil ég fá að bæta við og bið um stutt svar, já eða nei: Er það ekki rétt skilið hjá mér að til sé fyrir stórum hluta afborgana af skuldum ríkissjóðs 2011 af því að þetta hefur verið notað sem gjaldeyrisvaraforði og því sé til gjaldeyrir fyrir þessum afborgunum?

[17:52]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningarnar. Ég átti þess kost að funda með Göran Persson í vetur og inna hann aðeins eftir þeirra reynslu af samdrættinum í Svíþjóð á sínum tíma og það er rétt hjá hv. þingmanni að við erum hér að tala um talsvert stærri og erfiðari tölur en þeir voru að fást við þar.

Ég held hins vegar að við þingmenn eigum um leið og við horfumst af raunsæi í augu við þá miklu erfiðleika og bagga sem við þurfum á okkur að taka að muna það líka að Ísland bjó að og býr enn að gríðarlega miklum styrkleika. Þegar áfallið ríður yfir er ríkissjóður hér skuldlaus með hátt í 200 milljarða innstæður í Seðlabankanum. Við erum óvenjulega auðugt ríki að náttúruauðlindunum. Við njótum þeirrar gæfu að hér var safnað í söfnunarlífeyrissjóði gríðarlegum fjárhæðum sem tókst furðuvel að varðveita í gegnum hrunið. Allir þessir styrkleikar verða til að hjálpa okkur í þeirri erfiðu glímu sem við eigum fyrir höndum. Ég held að við eigum að horfast í augu við að sú landsframleiðsla sem við sjáum fram á er umtalsverð á alþjóðlegan mælikvarða eftir sem áður. Við skulum líka minnast þess að þó að skuldsetning okkar verði mikil þá er það ekki skuldsetning sem er óþekkt meðal þjóða og ýmis af fremstu viðskiptalöndum heims búa við mikla skuldsetningu. Ég held að um leið og við horfumst af raunsæi í augu við erfiðleikana þá eigum við líka að halda til haga styrkleikum okkar og rækta með okkur von og trú á framtíðina.

[17:54]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég dvaldi í Svíþjóð í þrjú og hálft ár og lærði þar. Ég veit ekki betur en það land sé mjög ríkt af náttúruauðlindum líka og býr svo vel líka að vera mun nær mörkuðum í Evrópu en við. En þeir fóru gegnum mikla erfiðleika þrátt fyrir að mun minna væri af vanskilaskuldum í sænska bankakerfinu en hér. Hér erum við jafnvel að tala um hlutfall eins og 60–70% af skuldum fyrirtækja og einstaklinga séu í vanskilum og þá mismunandi miklum vanskilum. Við erum því bara að tala um allt önnur hlutföll sem minna mun meira á stöðuna í Indónesíu. Þess vegna finnst mér áhyggjuefni að sjá í þessari skýrslu vitnað í stöðu til landa sem eru alls ekki sambærileg miðað við þá sem við erum að fást við.

Ég tók ekki eftir því hvort hv. þingmaður svaraði spurningu minni um hvort þær 1.300 millj. evra sem er áætlað að borga 2011 og var ætlað að standa bak við gjaldeyrisforða Seðlabankans, þ.e. hvort þessir fjármunir séu til sem fé.

[17:55]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég verð að játa um síðustu spurninguna að ég er ekki fær um að svara henni nákvæmlega. Já, það er rétt að þetta eru stærri tölur en menn sáu í nágrannalöndunum. En ég held líka að um leið og við fjöllum um það eins og það er sé mikilvægt fyrir okkur að horfa líka á kostina í stöðunni. Sú aðferðafræði sem notuð er við endurreisn bankakerfisins gerir það að verkum að umtalsverður hluti þeirra krafna sem við fjöllum hér um fellur á kröfuhafana í gömlu bönkunum eins og Framsóknarflokkurinn hefur raunar vakið talsvert mikla athygli á. Það skapar auðvitað nýju starfseminni allt önnur skilyrði heldur en ætla mætti af þessum tölum um vanskil á útlánum og færi til að mæta í afskriftum og niðurfærslum til einstakra viðskiptavina miklu af þeim erfiðleikum sem atvinnulíf og (Forseti hringir.) hugsanlega heimili eiga sömuleiðis í.

[17:57]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir hans ræðu áðan. Við getum verið sammála um að brýna nauðsyn ber til að auka tekjur ríkissjóðs. En við getum líka verið sammála um að vera ósammála um þær leiðir sem valdar eru. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann viti nokkuð meira en það sem stendur í þessari skýrslu því að bæði á blaðsíðu 25 og á blaðsíðu 27 eru boðaðir enn fleiri skattar en við þegar höfum séð í frumvarpi sem nýlega hefur verið afgreitt héðan frá þingi. Það er talað um endurskoðun á tekjuskattskerfinu og að það verði kynnt í byrjun janúar 2010.

Hv. þm. Helgi Hjörvar er stjórnarþingmaður og ætti því að vita aðeins meira og gæti kannski upplýst um hvort verið sé að íhuga að taka hér upp þrepaskipt skattkerfi. Einnig er talað um aðra skatta, um eignarskatt og erfðafjárskatt og það er talað um eignarskatt af stórum eignum. Hvað telst stór eign? Það hefur bæði gengið erfiðlega að fá að vita hvað séu há laun og hvað sé stórt í huga þessarar ríkisstjórnar þegar um skattlagningu er að ræða.

Að síðustu, frú forseti, langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi kynnt sér og hvernig honum hugnist þær tillögur sem lagðar hafa verið fram um að innskatta lífeyrissjóðsgreiðslur í staðinn fyrir útsköttun þegar lífeyrissjóðurinn er greiddur út og hvort þar sé ekki hægt að horfa til tekna sem koma síður við þá heimilin og fyrirtækin í landinu en þær skattbreytingar sem hér er verið að leggja til og hér er verið að boða á blaðsíðu 25 og blaðsíðu 27 í formi breytts tekjuskatts, erfðafjárskatts og eignarskatts.

[17:59]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningarnar. Ég vil fyrst fá að undirstrika að hér er ekki bara

tekjuhliðin undir. Þau eru mjög mikilvæg áformin um samdrátt í útgjöldum sem eru kynnt í áætluninni og miklar kröfur eru um niðurskurð útgjalda. Ég ætla að það sé líka gríðarlega mikilvægt að við breytum þeirri menningu og höfum forustu um það í þinginu, hv. fjárlaganefnd, að það sé jafnan farið fram úr fjárlagaheimildum. Það þarf mjög að efla allt það aðhald.

Um skattana er það að segja að í þeim atriðum sem tæpt er á í skýrslunni er í raun bara verið að nefna valkosti. Ég held að út af fyrir sig sé býsna nærtækt að horfa bæði í útgjaldahliðinni og sköttunum til þeirra ráðstafana sem við höfum verið að grípa til á allra síðustu árum í hámarki góðærisins, útgjaldaaukningu sem varð til þá og til tekna sem við féllum frá á þeim tíma og að við endurskoðum þær ákvarðanir af því að ég held, eins og ég sagði í ræðu minni, það geti ekki verið mjög sársaukafullt fyrir okkur þó að við þurfum bara að hverfa nokkur ár aftur í tímann í sköttum og í útgjöldum ríkisins. Við getum náð býsna miklum árangri í því. En ef slíkar aðgerðir duga okkur ekki þá held ég að það sé alveg vert að skoða þær hugmyndir sem hv. þingmaður nefnir og snúa að lífeyrissjóðunum. Ég held hins vegar að það sé eitthvað sem kæmi til á síðari stigum.

Ég held að þetta sé svo stórt gat að það sé óhjákvæmilegt að við skoðum allar hugmyndir hvaðan sem þær koma og förum málefnalega yfir þær og ræðum þær í þaula. Þeir hlutir sem nefndir eru í þessari skýrslu eru einfaldlega nefndir þar til að fara í umræðu og ná síðan um niðurstöðu. Ég get komið að þessum sem fjalla um stóreignaskattinn og erfðafjárskattinn og þrepaskatt hugsanlegan í síðara andsvari mínu.

[18:01]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni svör hans svo langt sem þau náðu og vænti þess að hann svari í seinna andsvari því sem spurt var um skattþrepin.

Ég get tekið undir með hv. þingmanni að það þarf að beita meiri aga í meðferð fjármuna ríkisins á fjárlögum og menn geta ekki skotið sér endalaust undan því að ekki hafi verið úthlutað nóg. Upphæðin sem stofnanir fá er upphæðin sem heimilt er að eyða, annað er brot á lögum. Menn geta talað um breytt vinnubrögð en ef menn breyta engu í vinnubrögðum stoðar lítt að ræða þau, verkin verða að fylgja orðunum. Ef menn ætla að breyta vinnubrögðum, sem ég hef margoft heyrt ríkisstjórnina segja að hún ætli að gera, þá verður hún að sýna það í verki en hún hefur lítið gert af því. Eitt er að segja og annað að gera.

Ég hlakka til að heyra seinna svar hv. þingmanns um skattþrepin.

[18:02]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég trúi því að það hafi náðst talsvert mikill árangur á yfirstandandi ári í því að auka aga og aðhald í ríkisrekstrinum og ég heyri það á fjárlaganefndarmönnum hvar í flokki sem þeir standa að þeir hafa mikinn metnað til þess að fjárlaganefndin beiti sér sérstaklega í því. Ég held að það væri mjög til bóta að sjá aðhald frá fjárlaganefnd Alþingis í þessum efnum. Ég sat í fjárlaganefnd á fyrsta kjörtímabili mínu og kynntist þá vel ríkisrekstrinum og þekki að þar er sannarlega ekki vanþörf á meira aðhaldi.

Um stóreignaskatt held ég að ekki sé mikill vilji til þess að ræða, þ.e. skattlagningu á íbúðarhúsnæði fólks eða aðra slíka skattlagningu eins og menn þekkja frá fyrri árum og kallaður var ekknaskattur þó að menn útiloki kannski ekki með öllu einhverjar hugmyndir ef um mjög miklar eignir er að ræða. Háar tekjur voru skilgreindar núna t.d. í sérstaka tekjuskattinum, að yfir 700 þúsund kr. skyldi sæta sérstakri skattlagningu og við erum þá komin með þrepaskipt (Forseti hringir.) skattkerfi í raun. Ég held að það sé ósköp eðlilegt að ræða við aðila vinnumarkaðarins og í samfélaginu um hvort við eigum að endurskoða eitthvað þetta skattkerfi sem er orðið (Forseti hringir.) 20 ára gamalt og reyna að þróa það frekar.

[18:04]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst til þess að bregðast við síðustu orðum hv. þm. Helga Hjörvars þar sem hann fullyrti að náðst hefði árangur í aga í ríkisfjármálum og inn í fjárlaganefnd væri komin ný hugsun og menn ætluðu að taka á þessu.

Það er alveg hárrétt að menn hafa rætt það, alveg eins og stendur í skýrslunni, menn eru að ræða það, en reyndin hefur bara því miður verið í þveröfuga átt og til að mynda eins og þingmaðurinn veit manna best kom inn í þingið í gær lánsfjárlagafrumvarp sem var ekki borið fram af fjármálaráðherra heldur af meiri hluta efnahags- og skattanefndar. Þetta er mál sem heyrir undir fjárlaganefnd og hæstv. fjármálaráðherra og kemur frá fjármálaráðuneytinu. Svona til þess að bjarga því sem bjargað varð vegna þess að það átti einhvern veginn að troða þessu inn í bandorminn milli 2. og 3. umr., var þessi leið valin. Ég held að áður en menn fara að ræða aga og einstök hugtök og fullyrða að það séu komin ný vinnubrögð verði menn að sýna þau í verki. Ég held að það séu lágmarkskröfur sem við þingmenn hljótum að gera.

Eitt sem ég vildi vekja athygli á er að fyrr í vor var kynnt fyrir okkur þingmönnum, og sérstaklega í fjárlaganefnd, þjóðhagsspá. Þar kom fram, einmitt eins og má segja að komi fram í þessari skýrslu fjármálaráðherra, að hagvöxtur mundi aukast eða sem sagt aukningin mundi hefjast einmitt núna um mitt ár, ætti í rauninni að vera hafin, botninum ætti að væri náð og nú mundi hagvöxtur aukast. Það vita allir að það er einfaldlega hlutur sem stenst ekki og það vissu menn líka í vor. Munurinn á þjóðhagsspánni og skýrslunni sem liggur núna fyrir er hins vegar sá að þeir sem kynntu skýrsluna fyrir okkur úr fjármálaráðuneytinu viðurkenndu það fúslega að þeir hefðu ekki aðrar forsendur en þær sem lágu fyrir framan þá og þess vegna væri þetta niðurstaðan. Icesave átti eftir að koma inn í dæmið, lánin frá Norðurlöndunum, Póllandi og Rússlandi, og að það mundi allt að sjálfsögðu skekkja myndina töluvert.

Það er nú einmitt það sem maður gagnrýnir sérstaklega við þetta frumvarp að Icesave-tölurnar eru ekki teknar inn í, sem er skuldaaukning upp á 700–1.000 milljarða, og lánin frá Norðurlöndunum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Um leið og þau eru komin inn í þá fyrst átta menn sig á því

hvað ástandið er orðið hræðilegt. Þingmenn hafa bent á þessa staðreynd.

Svo er eitt sem vekur líka athygli mína og það eru orðin í upphafi skýrslunnar: „Stöðugleiki, velferð, vinna“. Framsóknarmenn hafa í gegnum tíðina haft það að leiðarljósi og notað slagorðin „vöxtur, vinna, velferð“, það sem sagt vantar orðið „vöxtur“ inn í skýrsluna, enda er ekki gert ráð fyrir því hvernig á að ná nýjum tekjum inn í ríkissjóð. Jú, hv. þm. Helgi Hjörvar minntist á að hugsanlega gæti eitthvað lagast við það að ganga inn í Evrópusambandið. Hann gerði það reyndar án þess að rökstyðja það á nokkurn hátt og þá veltir maður fyrir sér: Ef það er það eina sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa fram að færa hvað hafa þá þingmenn Vinstri grænna fram að færa í þessu máli?

Nú kom inn í stöðugleikasáttmálann ákvæði um að það yrði haldið áfram með Helguvík og Straumsvík. Það ætti væntanlega að skila einhverjum hagvexti en það er þvert á það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haldið fram og í rauninni barist gegn allri stóriðjuuppbyggingu hér á landi. Hvernig er staðan varðandi álverið á Bakka við Húsavík? Þar hafa menn farið í gegnum allan ferilinn, velt upp öllum hugsanlegum kostum. Vinstri grænir hafa alltaf sagt: Gerið þið bara eitthvað annað. Þeir hafa aldrei komið með lausnir, aldrei nokkurn tíma. Þar mælist atvinnuleysi eitthvert það mesta á landinu og það þrátt fyrir þá staðreynd að fólk sem fær ekki vinnu flyst í burtu, það flyst á suðvesturhorn landsins. Ungt fólk sem fær ekki atvinnu fer að heiman og það snýr ekki endilega aftur, því miður. Þegar menn leggja fram svona skýrslur og áætlanir þá verður að koma fram hvernig menn ætla að fara að því að fá inn tekjur í framtíðinni, það er algert grundvallaratriði.

Eitt af þeim orðum sem ríkisstjórnin og fjármálaráðherra vilja leggja áherslu á er velferð. Ef ég man rétt, þá lofuðu stjórnarflokkarnir fyrir síðustu kosningar, og þá sérstaklega Vinstri hreyfingin – grænt framboð, að það yrði ekki snert á velferðarpakkanum. Menn vissu þá hver staðan var. Menn vissu þá að það yrði að fara í niðurskurð, það viðurkenndu allir, en það leyfðu sér ekki allir að tala með þessum hætti. Hver var niðurstaðan eða hver var reyndin með hinum svokallaða bandormi sem ríkisstjórnin lagði fram um daginn til þess að afla 20 milljarða aukatekna inn í ríkissjóð, til þess að mæta fjárlagarammanum fyrir árið 2009? Jú, það var einmitt að hækka álögur á aldraða og öryrkja, það var sem sagt byrjað á þeim sem minnst mega sín í samfélaginu. Hefði ekki verið nær að fara út í meiri niðurskurð í stjórnsýslunni? Hefði ekki verið nær að sameina ráðuneyti? Ríkisstjórnin sem talaði nú, og Vinstri grænir sérstaklega, þeir skömmuðu ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar fyrir að vera með tólf ráðuneyti en þeir eru sjálfir með tólf ráðuneyti. Það breyttist einfaldlega ekki neitt. Hefði ekki verið hægt að spara þar?

Það kemur reyndar fram í skýrslunni, sem er vel, að það standi til með einum eða öðrum hætti að sameina ráðuneyti en er ekki bara málið að hefja það ferli strax? Ég beini því að hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra sem sitja mér sitt til hvorrar handar að hefja það ferli fyrr en seinna. Ég held til að mynda vel mætti sameina viðskipta- og iðnaðarráðuneytið sem Valgerður Sverrisdóttir lék sér að að stjórna meðan hún var ráðherra.

Hér er talað um vinnu, það er talað um vinnu, en hvað var gert í bandorminum? Var ekki einmitt verið að skera niður í vegaframkvæmdum, 3,5 milljarða? Svo eru nefndar einhverjar aðrar framkvæmdir, sem eru ekkert útlistaðar neitt sérstaklega hér í bandorminum upp á 925 milljarða. Er það ekki einföld hagfræði að til þess að ná í tekjur verðum við að setja eitthvað í gang? Við verðum að auka hagvöxtinn, koma hjólum atvinnulífsins af stað. Það hefur nánast hver einasti þingmaður í þessum sal talað um að nú þurfi að koma hjólum atvinnulífsins af stað. Það er ekki minnst á það einu orði í þessari skýrslu liggur við, jú, það er rætt í einni málsgrein að það sé nauðsynlegt að kanna það að auka hagvöxt með þessum hætti og jú, að þetta muni bitna á heimilum og fyrirtækjum landsins. Það er nú einmitt málið.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki meiri tíma til þess að ræða þessa skýrslu. Að lokum vil ég segja að síðasta orðið sem á að vera einkennandi fyrir skýrsluna, „stöðugleiki“, er einmitt það sem á ekki við um hana vegna þess að með (Forseti hringir.) Icesave-skuldbindingunum munum við ekki fá neitt annað en óstöðugleika. Við vitum ekki (Forseti hringir.) hverjir vextirnir verða, við vitum ekki hver salan á eignunum verður og það eina sem ríkisstjórnin hefur fram (Forseti hringir.) að færa til þjóðarinnar er óvissa.

Skýrslan gengur til fjárln.

Umræðu frestað.

[18:14]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 85. mál, nál. meiri hluta viðskn., þskj. 205; brtt. meiri hluta viðskn., þskj. 206.

Þjóðaratkvæðagreiðslur, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (heildarlög). — Þskj. 169.

[18:15]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur. Frumvarpið er lagt fram í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Lög um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa ekki verið sett hér á landi þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir slíkri atkvæðagreiðslu í nokkrum tilvikum í stjórnarskrá okkar frá árinu 1944. Með frumvarpi þessu er því stigið afar mikilvægt skref í lýðræðisátt hér á landi og í raun verður að teljast merkilegt að það sé fyrst nú sem slík lög eru sett hér á landi. Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur ekki farið fram hér á landi á lýðveldistíma en á fyrri hluta 20. aldar var hins vegar fimm sinnum efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu eins og ég mun gera nánari grein fyrir síðar.

Ekki hefur verið deilt um að þörf sé á setningu sérstakrar löggjafar um þjóðaratkvæðagreiðslur eftir að stjórnarskráin öðlaðist gildi hér á landi. Má í því sambandi líta til þess að framkvæmd allra kosninga er lögbundin og sérstök lög gilda um framboð og kjör forseta Íslands, um kosningar til Alþingis og um kosningar til sveitarstjórnar. Eins og hv.

þingmenn þekkja hófst sumarið 2004 undirbúningur að lagasetningu um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að forseti synjaði lagafrumvarpi staðfestingar. Var sérstökum starfshópi þá falið að undirbúa frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ekki varð þó af því að það frumvarp yrði lagt fram, þar sem Alþingi felldi þá úr gildi hin umdeildu lög. Þess ber að geta þegar mælt er fyrir frumvarpi til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur nú að Alþingi hefur nú til umfjöllunar þingsályktunartillögu um að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Þar er jafnframt ráðgert að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um mögulegan aðildarsamning að loknum samningaviðræðum við Evrópusambandið.

Þar sem nauðsynlegt er að setja lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar og ekki hefur áður verið sett löggjöf um efnið er eðlilegt að þetta tilefni verði nýtt til þess að setja almenn lög um þetta efni. Með frumvarpi þessu er því lagt til að sett verði almenn lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu hvort sem um er að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu sem skylt er að halda samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar eða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem Alþingi ákveður að efna til.

Við smíði frumvarpsins var höfð hliðsjón af tillögum fyrrgreinds starfshóps um þjóðaratkvæðagreiðslur og einnig frumvarpi til laga um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar sem unnin var á vegum stjórnarskrárnefndar sem forsætisráðherra skipaði árið 2005. Var það frumvarp samið vorið 2007 samhliða frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskránni en hvorugt var þó lagt fram á Alþingi. Einnig hefur verið litið til ákvæða norskra laga um þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandsaðild og ákvæði danskra kosningalaga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli ákvæða dönsku stjórnarskrárinnar. Þá hefur verið höfð hliðsjón af leiðbeinandi reglum um Feneyjanefnd Evrópuráðsins sem gefin var út 2001, viðmiðun Feneyjanefndarinnar frá mars 2007 og ályktun ráðgjafarþings Evrópuráðsins um þjóðaratkvæðagreiðslu frá árinu 2005.

Hæstv. forseti. Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur er að finna í stjórnarskrám meiri hluta Evrópuþjóða. Í sumum ríkjum eru þjóðaratkvæðagreiðslur ekki viðhafðar, til dæmis í Þýskalandi, og í öðrum ríkjum eru þær einungis við ákveðin tilefni, sem varnagli við fulltrúalýðræðið. Í enn öðrum ríkjum er löng hefð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum og þær haldnar reglulega, jafnvel oft á ári, eins og í Sviss.

Virðulegi forseti. Á lýðveldistíma hefur aldrei farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla á Íslandi. Þó gerir stjórnarskráin ráð fyrir slíkum atkvæðagreiðslum í þremur tilvikum, í 3. mgr. 11. gr. um frávikningu forseta, í 26. gr. um synjun forseta á staðfestingu lagafrumvarps og í 2. mgr. 79. gr. um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Ljóst er að samkvæmt stjórnarskránni er niðurstaða atkvæðagreiðslu sem efnt er til á grundvelli framangreindra stjórnarskrárákvæða bindandi fyrir löggjafann og ber honum því að fara eftir þeirri niðurstöðu sem verður í atkvæðagreiðslunni. Á hinn bóginn er jafnljóst að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu sem Alþingi ákveður að efna til með samþykkt þingsályktunartillögu á grundvelli þessara laga, verði þau samþykkt, getur einungis orðið ráðgefandi að óbreyttri stjórnarskrá fyrir handhafa ríkisvaldsins samkvæmt gildandi stjórnarskrá. Minni ég á í þessu sambandi að ekki náðist samstaða um afgreiðslu frumvarps til stjórnarskipunarlaga á liðnu vorþingi sem hefði gert bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur að þessu leyti mögulegar. Ekki er þó hægt að draga í efa pólitískt skuldbindingargildi niðurstöðu ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst ef þátttaka er mikil eða niðurstaða afgerandi samanborið við reynslu annarra þjóða af slíkum atkvæðagreiðslum.

Ég vík nú nánar að efni frumvarps til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur. Meginmarkmið þessa frumvarps er að setja almenna umgjörð um tilhögun og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Í niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna á framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna er mælt með því að ríki setji almennar reglur um framkvæmd þeirra og tilhögun frekar en að sett séu sérstök lög um þau efni í hvert skipti þegar ákveðið er að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Það tryggir gagnsæi að hafa fyrir fram settar reglur um framkvæmdina og dregur úr tortryggni á því að málefnið sem slíkt hafi bein áhrif á hvernig reglur eru settar um atkvæðagreiðsluna.

Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um gildissvið laganna. Þar sem lögunum er ætla að hafa almennt gildi er ekki tekin nein efnisleg afstaða til þess hvert sé tilefni ákvörðunar um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram enda hefur Alþingi þar víðtækt svigrúm. Hefur almenni löggjafinn tæpast heimild til þess að setja þinginu beinar skorður í þeim efnum, til dæmis að banna að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um tiltekin mál að öðru leyti en því sem hægt yrði að leiða beint af stjórnarskránni. Ekki verður almenna löggjafanum heldur talið heimilt að leggja þær skyldur á Alþingi að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli ávallt fara fram um tiltekið málefni. Slíkar skyldur er á hinn bóginn hægt að mæla fyrir um í stjórnarskrá.

Í ljósi svigrúms Alþingis til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu ber að túlka hugtakið „málefni“ rúmt og gæti það átt við varðandi spurningu um hvort fella skuli tiltekin lög úr gildi eða hvort setja skuli lög um tiltekin málefni.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hefur utanríkisráðherra lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Þar er jafnframt ráðgert að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um mögulegan aðildarsamning að loknum samningaviðræðum við sambandið. Tilefni þess að Alþingi ákveður að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu getur annars verið af margvíslegum toga. Þannig gæti þingið til dæmis ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni ef sterk krafa kæmi fram um það í þjóðfélaginu og fjöldi kjósenda ritaði nafn sitt á undirskriftalista þar sem atkvæðagreiðslu yrði krafist.

Mikilvægt er þó að hafa í huga, eins og áður hefur komið fram, að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. getur aðeins orðið ráðgefandi en ekki bindandi fyrir handhafa ríkisvaldsins. Þótt niðurstaða atkvæðagreiðslu verði ekki stjórnskipulega bindandi fyrir Alþingi felst í henni mikilvæg vísbending um þjóðarvilja varðandi tiltekið málefni sem þjóðkjörnir fulltrúar yrðu í raun að taka tillit til. Þýðing niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar felst í því að hún hefur pólitískt skuldbindingargildi. Svari löggjafinn

ekki því ákalli eða vilja þjóðarinnar sem kemur fram í atkvæðagreiðslunni reynir á pólitíska ábyrgð þjóðkjörinna fulltrúa sem þar sitja.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu taki eftir því sem við á mið af því kosningakerfi sem þegar er til staðar hér á landi. Þessu ráða hagkvæmnissjónarmið en auk þess dregur það úr hættu á mistökum og hugsanlegum ágreiningi að notast við kerfi þar sem löng reynsla hefur skapast um framkvæmdina. Er hér jafnframt litið á fyrirmynd meðal annars frá Danmörku, Svíþjóð og Noregi.

Frumvarpið byggist þannig í meginatriðum á sömu reglum og gilda um forsetakosningar og kosningar til Alþingis.

Gert er ráð fyrir að tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslna fari eftir sömu reglum og gilda um kjör forseta Íslands. Þau lög gera síðan ráð fyrir að um kjörið gildi lög um þingkosningar að svo miklu leyti sem sérreglna er ekki þörf.

Þó kemur fram í ákvæðinu að kjörskrár skuli þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Væri miðað við reglu kosningalaga að þessu leyti væri tíminn fimm vikur. Gilda sömu rök hér og í forsetakosningum að ekki er þörf á að svo langur tími líði.

Í ljósi þess að viðfangsefni þau sem fjallað er um í þjóðaratkvæðagreiðslu verða alla jafna þau sömu og almennt heyra undir verksvið Alþingis þykir eðlilegt að miða kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu við þann rétt sem gildir í alþingiskosningum og þá einnig varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslur erlendis.

Í 3. gr. frumvarpsins er stefnt að því að setja skýrar reglur um spurningu á kjörseðli í þjóðaratkvæðagreiðslunni og frágang seðilsins. Mikilvægt er að vandað sé til ákvörðunar um það hvernig spurningin er orðuð svo ekki vakni tortryggni um að framsetning hennar kunni að hafa áhrif afstöðu kjósenda. Því er ráðgert að landskjörstjórn gefi umsögn sína um spurninguna sem hlutlaus aðili áður en Alþingi samþykkir endanlegt orðalag. Gert er ráð fyrir því að spurningin sé samþykkt í sömu þingsályktun og þeirri sem Alþingi ályktar að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram, en ekki er útilokað að hún verði ákveðin síðar og þá í sérstakri þingsályktun.

Í erlendum rannsóknum sem gerðar hafa verið á þjóðaratkvæðagreiðslum og ráðleggingum um fyrirkomulag þeirra er jafnan mælt með því að til þess að fá fram skýra og afdráttarlausa niðurstöðu þurfi að setja fram skýra og óskilyrta spurningu þar sem valkostir um svar eru aðeins tveir.

Þrátt fyrir þetta er ekki útilokað að Alþingi kjósi að setja spurningu fram með öðrum hætti, þannig að valkostir séu fleiri en tveir, og er svigrúm til þess í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Þar kemur jafnframt fram að unnt er að ákveða að hafa fleiri en eina spurningu í sömu atkvæðagreiðslu.

Þar sem fyrir liggur hvaða málefni eru borin fram í þjóðaratkvæðagreiðslu sem efnt er til á grundvelli ákvæða stjórnarskrárinnar er lagt til að dómsmálaráðuneytið ákveði orðalag og framsetningu spurningar á kjörseðli í þeim tilvikum samhliða þeim undirbúningi sem fer fram fyrir atkvæðagreiðsluna að öðru leyti.

Loks er lagt til að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla, þar sem fram kemur nákvæmari lýsing á uppsetningu texta á seðlinum.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um tímafresti. Ekki er ráðgert að sömu reglur gildi um tímafresti í öllum tilvikum, meðal annars vegna fyrirmæla stjórnarskrárinnar sjálfar.

Ráðgert er að þjóðaratkvæðagreiðsla samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skuli fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að Alþingi samþykkir þingsályktun um hana. Er hér lagður til ákveðinn lágmarkstími vegna þess undirbúnings sem þarf að fara fram fyrir atkvæðagreiðsluna, einkum að nægur tími gefist til að kynna málið með víðtækum hætti. Þá er ráðgert að ekki líði meira en eitt ár frá ákvörðun Alþingis þar til atkvæðagreiðslan fer fram.

Í 2. mgr. er lýst tímafrestum um það hvenær atkvæðagreiðsla skuli fara fram. Hér verður að líta til þess að í báðum þessum ákvæðum er áskilið að atkvæðagreiðslan fari fram innan ákveðins tíma. Hvað síðarnefnda tilvikið varðar má líta til þess að ákveðinn lágmarkstími þarf að líða til undirbúnings fyrir atkvæðagreiðsluna, sem áður segir, en sá tími sem líður frá því að synjun forseta er kunngerð og þar til þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram nýtist til umræðu um viðkomandi lög og til kynningar á hinu umdeilda málefni sem kjósendur verða að taka afstöðu til. Samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands er kjörskrárgerð miðuð við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Er það sami viðmiðunardagur og til skamms tíma gilti um kjörskrá í alþingiskosningum, en þetta tímamark var lengt í fimm vikur með lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, til að sömu upplýsingar gætu legið til grundvallar kjörskrárgerð og afmörkun nyrðra og syðra kjördæmis í Reykjavík, sem auglýsa ber fjórum vikum fyrir kjördag alþingiskosninga. Án breytinga á öðrum frestum samkvæmt þeim lögum eru þrjár vikur því almennt sá lágmarksfrestur sem þarf til að undirbúa almennar kosningar í landinu.

Í frumvarpinu er tekið af skarið um að þjóðaratkvæðagreiðsla geti farið fram samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis eða forsetakjöri. Eru ýmis hagkvæmnisrök fyrir því að reglulegar kosningar verði nýttar í þessu skyni og eykur það jafnframt líkur á betri þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eðli málsins samkvæmt er þó ólíklegt að þetta geti alltaf átt við og færi þjóðaratkvæðagreiðsla um frávikningu forseta augljóslega ekki fram á sama tíma og forsetakosningar.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram sú meginregla að Alþingi skuli ákveða kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu en jafnframt er mælt fyrir um sérstakar auglýsingar um atkvæðagreiðsluna. Sú undantekning er gerð varðandi ákvörðun um kjördag að þegar um er að ræða atkvæðagreiðslu samkvæmt 26. gr. skuli dómsmálaráðuneytið ákveða kjördag.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði ákvæði um kynningu á málefni sem bera á undir þjóðaratkvæði. Slík kynning, þar á meðal útgáfa og dreifing viðeigandi kynningarefnis, er vandmeðfarin og mikilvægt að þess sé gætt að kynna bæði rök með og á móti þeim málstað eða málefni sem kosið er um svo kjósandi geti tekið vel upplýsta ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Lagt er til að Alþingi standi að forminu til fyrir kynningu en forsætisnefnd þingsins er síðan ætlað að setja nánari reglur um fyrirkomulag kynningarinnar.

Í 2. mgr. 6. gr. er sérregla sett um kynningu þegar um ræðir þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar. Í ljósi þess að atkvæðagreiðsla skal fara fram eins fljótt og kostur er gefst minni tími til almennrar kynningar en mikilvægast er að kynna efni hins umdeilda frumvarps, eða öllu heldur laganna sem þá hafa tekið gildi, fyrir kjósendum.

Í 7. gr. frumvarpsins er annars vegar lagt til að undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn séu hinar sömu og við alþingiskosningar og hins vegar að mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skuli vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

Ákvæðið sækir beina fyrirmynd í lög um framboð og kjör forseta Íslands.

8. og 9. gr. frumvarpsins eru að mestu leyti samhljóða ákvæðum laga um framboð og kjör forseta Íslands og þarfnast ekki frekari skýringar.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um aðgerðir yfirkjörstjórna að lokinni talningu atkvæða. Er hér um sambærilegt ferli að ræða og á við í forsetakosningum, að því frátöldu að landskjörstjórn hefur með höndum þau störf sem Hæstiréttur hefur í forsetakosningum.

Í 3. mgr. kemur fram sérregla um birtingu niðurstöðu atkvæðagreiðslu samkvæmt 26. gr. í A-deild Stjórnartíðinda.

Í 11. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá almennu reglu að tillaga eða spurning sem borin er fram í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þegar meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni samþykkir tillöguna sem borin er fram eða svarar spurningu játandi. Er reglunni ætlað að gilda bæði um atkvæðagreiðslur sem Alþingi ákveður að efna til og þeirra þjóðaratkvæðagreiðslna sem taldar eru í stjórnarskránni.

Þar sem einskis er getið í stjórnarskrárákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslu um skilyrði um lágmarksþátttöku kjósenda eða að tiltekið hlutfall þeirra þurfi að samþykkja tillögu sem borin er fram verður byggt á þeirri almennu reglu sem tíðkast hefur.

Í 13. gr. koma fram reglur um hvernig fara beri með kærur um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu. Þó eru undanskildar kærur um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað sem lýst er í XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis, en um þær fer eins og aðrar kærur um refsiverða háttsemi eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála.

Í 2. mgr. er lagt til að Alþingi geti ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Það gæti komið til hvort heldur ef landskjörstjórn hefur tekið til meðferðar kæru og úrskurðað að atkvæðagreiðslan hafi verið ólögmæt eða ef Alþingi telur að aðrir verulegir ágallar hafi verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslitin. Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í einu eða fleiri kjördæmum getur Alþingi ákveðið að hún fari aftur fram þar í stað þess að öll atkvæðagreiðslan verði endurtekin.

Í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs við þjóðaratkvæðagreiðslu gæti orðið ámóta og við alþingiskosningar, eða um 160 millj. kr. Heimild til að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis eða forsetakjöri getur þó lækkað kostnað við þjóðaratkvæðagreiðslu verulega og gæti slíkur kostnaður numið 50 millj. kr. hverju sinni. Verður því ekki séð að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á kostnað ríkissjóðs frá því sem annars hefði orðið.

Virðulegi forseti. Ég hef þá lokið yfirferð yfir frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur og vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. allsherjarnefndar.

[18:32]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér er loks komið á dagskrá frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur og það er hið allra besta mál. Mig langar til að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvaða mál hún telur að geti einmitt verið til þess fallin að við munum setja þau í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún nefndi ESB-málið. Þingflokkar Framsóknarflokksins og þingflokkur Borgarahreyfingarinnar hafa í sameiningu lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að Icesave-skuldbindingarnar, þ.e. ríkisábyrgðin á þeim verði lögð í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt að það mál sé of snúið fyrir þjóðina svo ég vísi beint í orð hans sem birtust á visir.is. Er hæstv. forsætisráðherra sama sinnis eða telur hún kannski eins og hæstv. fjármálaráðherra taldi einu sinni, fyrir nokkrum árum, að þeir sem héldu slíku fram, þ.e. að þjóðin gæti ekki tekið svo stórar ákvarðanir, það væri einhver ömurlegasti málflutningur sem hann hefði heyrt? Getur verið, og það er ágætt að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hún telur að ESB-málið sé einfaldara en Icesave-málið.

[18:34]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki hægt að gefa einhver einföld svör við því nákvæmlega hvaða mál geta fallið undir þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég fór þó aðeins inn á það almennt í þá veru hvernig það gæti verið og víða í þjóðaratkvæðagreiðslum eru undanskildir ákveðnir málaflokkar. Ég man t.d. eftir fjárlögum og því um líkum málefnum. Hv. þingmaður spyr sérstaklega um tvö málefni og spyr um ESB. Ég held að það sé alveg ljóst og hvarfli ekki að nokkrum manni annað en ef við fáum samning sem menn telja að sé með þeim hætti að það sé rétt að bera hann undir þjóðina, þá verði hann borinn undir þjóðina. Við gerumst aldrei aðilar að Evrópusambandinu öðruvísi en að þjóðin hafi þar sitt lokaorð og ráði úrslitum um það hvort við gerumst aðilar að Evrópusambandinu eða ekki.

ESB getur auðvitað út af fyrir sig verið flókið mál en ég held að við munum hafa miklu meiri tíma til að kynna það mál fyrir þjóðinni. Það yrði að fara í ítarlega efnislega kynningu eftir að fyrir lægju drög að samkomulagi við Evrópusambandið sem þyrfti að fara í mjög ítarlega kynningu hjá þjóðinni. Varðandi Icesave-málið þá er það flókið og ég tek undir það með forsætisráðherra, og þingmenn hafa séð það á þeim skjölum sem hefur verið dreift að þetta er mjög ítarlegt frumvarp og ég held að það hafi aldrei verið lögð fram jafnmörg málsskjöl með einu máli eins og með þessu

máli. Þetta eru 90 eða 100 málsskjöl þar sem aflétt er trúnaði af ýmsum gögnum. Þetta er mjög viðamikið mál sem þarna er lagt fram að því er varðar Icesave-frumvarpið og Icesave-málið og ég held að við höfum ekki þann tíma sem þarf til að bera þetta mál undir þjóðina. En auðvitað munum við eins og kostur er reyna (Forseti hringir.) að kynna málið fyrir þjóðinni miðað við þann tíma sem við höfum í þessu máli.

[18:37]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að taka undir með fyrrverandi, þ.e. gamla hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þegar hann sagði að stundum heyrðist sú hjáróma rödd að einstök mál væru of flókin fyrir þjóðina. Þess vegna væri ekkert jafnömurlegt og að heyra að slík mál væri ekki hægt að fara með í þjóðaratkvæði. Það er einmitt það sem hæstv. forsætisráðherra sagði áðan. Hún er hins vegar reiðubúin að leggja ESB-samninginn undir þjóðina og ég get ekki betur séð en hann verði a.m.k. jafnflókinn ef ekki töluvert mikið flóknari en Icesave-samningarnir. Varðandi það að skýla sér á bak við tímaleysi, varðandi kynningu, það er ekki verið að gera neitt annað en að forðast að svara þeirri einföldu spurningu að auðvitað á Icesave-málið að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu ef menn telja að ESB-samningurinn eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[18:38]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka að ég held að það sé afar mikilvægt þegar verið er að setja svona stór mál fyrir þjóðina — bæði málin eru auðvitað mjög stór, bæði Icesave-málið og ESB-aðild ef til hennar kemur — að kynna þau mál mjög ítarlega fyrir þjóðinni þannig að hún geti tekið afstöðu til þeirra. Miðað við það tímaplan sem menn hafa lagt og séð fyrir sér, ef við náum viðunandi samningsdrögum við Evrópusambandið, þá er ég alveg sannfærð um að við munum við hafa töluvert rúman tíma til að kynna það ítarlega fyrir þjóðinni.

Ég vil bara ítreka að ég tel ekki að við höfum þann tíma þegar Icesave-samningarnir eru annars vegar. Það er ýmislegt sem hangir á þeim samningum eins og margoft hefur komið fram og ég held að þessi samningur sé þess eðlis, hann er stór, hann er mikill og þarna er mikið af skjölum sem þarf að fara í gegnum, ég held að það sé ekki rétt í þessu máli og miðað við þann tíma sem við höfum og aðstæður að leggja hann fyrir þjóðina.

[18:39]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég vil taka það fram í upphafi að ég fagna slíku frumvarpi á sama hátt og frumvarpi til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur sem kom fram hjá fulltrúum Borgarahreyfingarinnar en mig langar til að spyrja hæstv. forsætisráðherra vegna þess að mér fannst málið ekki nægilega skýrt. Það er hvergi talað um það í þeim greinum sem í frumvarpinu eru að kosning í þjóðaratkvæðagreiðslum eigi að fara fram eins og í kosningu um forseta Íslands, þar sem er eitt atkvæði, einn maður. Og ef þannig á að vera að það er eitt atkvæði, einn maður, af hverju í ósköpunum stendur það þá ekki bara í þessu frumvarpi klárt og kvitt og skýrt en ekki eins og stendur í 12. gr., með leyfi forseta:

„Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.“

Ef miða á við eitt atkvæði, einn mann, þá á það að standa í þessum lagabálki en ekki í greinargerð með frumvarpinu. Mér þykir þetta óskýrt og ég vænti skýringa frá hæstv. forsætisráðherra.

Í öðru lagi segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Alþingi getur ákveðið með þingsályktun að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram.“

Telur hæstv. forsætisráðherra að þar nægi að meiri hluti þingmanna sé samþykkur slíkri atkvæðagreiðslu eða þarf 2/3 hluta?

Í þriðja lagi segir í 11. gr., með leyfi frú forseta:

„Til þess að spurning eða tillaga sem er borin fram í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að svara játandi eða fylgja tillögunni.“

Ég spyr því: Þarf þá ekki að setja einhver ákvæði um að það þurfi lágmark kosningaþátttöku landsmanna til að þjóðaratkvæðagreiðslan geti verið annað tveggja ráðgefandi eða bindandi?

[18:41]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það kann að vera að það sé ekki nægilega skýrt sett fram í greinunum sem slíkum og að eitthvað mætti skerpa á þeim en ég held að enginn vafi sé á því og það fram kemur í greinargerðinni eins og hv. þingmaður nefndi að við erum að tala um eitt atkvæði, einn maður. Það er alveg ljóst. Sú nefnd sem fær þetta frumvarp til meðferðar mun auðvitað skoða það ef ástæða er til að skerpa á því eitthvað frekar. Það er gert ráð fyrir að kosið sé í hverju kjördæmi fyrir sig með hefðbundnum hætti eins og verið hefur en það sé eitt atkvæði, einn maður, alveg sama í hvaða kjördæmi það er. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það liggi alveg klárt fyrir og þykir miður ef eitthvað er óljóst í þessu máli.

Síðan spyr hv. þingmaður um einfaldan meiri hluta þingmanna hvort það sé hann sem ráði. Það er með þeim hætti að það er einfaldur meiri hluti þingmanna sem ræður samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Ég held að það sé mikilvægt að það sé með þeim hætti. Það er misjafnt í öðrum löndum hvernig það er, hvort það er aukinn meiri hluti en hér er lagt til að einfaldur meiri hluti þingmanna dugi í þessu efni. Að mínu viti er það alveg fullkomlega nægjanlegt að það sé með þeim hætti og að ekki þurfi aukinn meiri hluta. Það hefur lengi verið kallað eftir ákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslu hér á landi og ég held að við eigum ekki að gera málið flóknara en það þarf að vera í þessu efni.

[18:44]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir útskýringar hennar og vænti þess og beini því til nefndarinnar sem fær þetta mál til umsagnar að skoða að það standi klárt og kvitt, að í frumvarpinu sé verið að leggja til þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem er einn maður, eitt atkvæði, en ekki misvægi atkvæða. Þannig að það fari ekkert á milli mála og við séum ekki að túlka lögin heldur séu þau skýr.

Hæstv. forsætisráðherra svaraði ágætlega þeim spurningum sem ég beindi til hennar nema um 11. gr., hvort hæstv. forsætisráðherra teldi að það þyrfti að setja einhvern lágmarksfjölda þeirra sem tækju þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu ef einfaldur meiri hluti þeirra sem tekur þátt á að ráða för. Hvort það nægi að t.d. 15% þjóðarinnar taki þátt, eða 30% eða hvort það nægi bara meiri hluti þeirra sem taka þátt, óháð því hvað þeir eru margir.

[18:45]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér láðist að svara þessari spurningu hv. þingmanns. Það er ekki skilyrði fyrir neinni lágmarksþátttöku.

[18:45]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef mikinn áhuga á að heyra skoðanir hæstv. forsætisráðherra á því að leyfa minni hluta þingmanna að senda mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér skilst að þannig sé fyrirkomulagið í Danmörku. Mig langar einnig til að vita hver sé ástæðan fyrir því eða hvort hæstv. forsætisráðherra geti kannski skýrt það aðeins betur, hún ræddi það aðeins í ræðu sinni, að það var ákveðið að takmarka ekki þá málaflokka eða þau málefni sem gætu farið í þjóðaratkvæðagreiðslu en í Danmörku skilst mér að það séu fjárlögin sem ekki megi vísa í í þjóðaratkvæði og þar með sé litið svo á að viðkomandi ríkisstjórn sé að marka sér ákveðna stefnu eða stefnumörkun til framtíðar með fjárlögunum og þess vegna eigi minni hlutinn ekki að geta vísað því máli í þjóðaratkvæði. Ég hef mikinn áhuga að heyra frá hæstv. forsætisráðherra varðandi það.

Síðan væri kannski ágætt að fá svör frá henni varðandi athugasemdir núverandi hæstv. fjármálaráðherra, um þjóðaratkvæðagreiðslu í máli sem honum var mjög annt um og þar segir hann, með leyfi forseta: „Treystir ekki þjóðinni“, og talar um að það heyrist stundum, að það hljómi einstaka hjáróma rödd um að sum mál séu svo flókin að þau henti ekki í þjóðaratkvæði og hvort hæstv. forsætisráðherra telji kannski að í Icesave-málinu sé hennar rödd svolítið hjáróma.

[18:47]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og glöggt kemur fram í andsvörum hjá hv. þingmönnum þá er mikill áhugi fyrir þessu máli eðlilega vegna þess að það hefur lengi verið kallað eftir því að sett yrðu lög um þjóðaratkvæðagreiðslu og vonandi er runninn upp sá tími að við séum að festa slíkt í lög.

Eins og kom fram í máli mínu var þetta mál unnið í samráði allra stjórnmálaflokka á Alþingi þannig að allir höfðu tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að í þessu máli. Það sem hv. þingmaður nefndi varðandi það að minni hluti þingmanna hafi þennan rétt, er vissulega einn kostur í málinu og er við lýði ef ég man rétt í Danmörku. En eftir því sem ég skil málið rétt er þetta þannig að þegar slíkt er ekki fest í stjórnarskránni, að minni hluti þingmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, þá er ekki hægt að kveða á um slíkt í einföldum almennum lögum. Við höfðum vissulega tækifæri til þess á síðasta þingi þar sem við vorum að fjalla um stjórnarskrárbreytingar, að gera slíkt. Þar var mikilvægt ákvæði sem því miður náði ekki fram að ganga. Það er aðferðin við að breyta stjórnarskránni, þ.e. að hægt sé að breyta henni án þess að rjúfa þurfi þing og boða til kosninga, sem ég held að hefði verið afar mikilvægt að ná fram og þar var líka ákvæði um almennan rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu sem er ákvæði sem ég tel afar mikilvægt að sé skoðað, ekki síst ef við stofnum til stjórnlagaþings, að það sé ákvæði sem stjórnlagaþing fær til meðferðar. Ég hef flutt frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem var einmitt ákvæði um að þjóðin hefði rétt til þess að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur og ég er alveg viss um að það kemur í framhaldi af þessu.

Ég hef víst ekki tíma til að svara fleiru sem fram kom hjá hv. þingmanni.

[18:49]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka það fram að ég þakka kærlega fyrir að þetta mál skuli vera komið fram. Ég er mjög ánægð með það og studdi einmitt eindregið minnihlutastjórnina í þeim fyrirætlunum sínum fyrir kosningar að breyta stjórnarskránni hvað þetta varðar. Mér heyrist á hæstv. forsætisráðherra að hún hyggist hugsanlega leggja fram þá breytingu á stjórnarskránni að hægt verði að fara í þess háttar breytingar og jafnvel gera þjóðaratkvæðagreiðslu bindandi fyrir þingið að einhverju leyti.

Ég mundi gjarnan vilja fá svar við spurningu minni um það hvað henti í þjóðaratkvæði og eins þegar við heyrum fullyrðingar um að við treystum ekki þjóðinni til að taka ákvarðanir um svona flókin mál hvort það geti hugsanlega verið einhverjar ákveðnar efasemdir um gáfnafar þjóðarinnar. En síðan eru ýmsir sem kannski hafa velt fyrir sér hvort ekki geti vel verið að aðild að Evrópusambandinu sé tölulvert flóknara mál en einmitt það hvort við eigum að skrifa undir Icesave-samninginn og samþykkja ríkisábyrgðina.

[18:50]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég og hv. þingmaður séum ekki langt hvor frá annarri í þeirri skoðun að það sé mjög æskilegt að þjóðaratkvæðagreiðslur séu bindandi. En til þess þurfum við að breyta stjórnarskránni og sú nefnd sem hefur verið á vegum forsætisráðuneytisins og hefur unnið að þessu máli ásamt persónukjöri og stjórnlagaþingi, hún féllst á að lagt væri fyrir þingið frumvarp um stjórnlaga-

þing. Ég geri mér fulla grein fyrir að það eru skiptar skoðanir um það vegna þess að af því að okkur tókst ekki á síðasta þingi að ná því fram inn í stjórnarskrána, stjórnlagaþinginu, þá er það ekki bindandi heldur einungis ráðgefandi. Ég geri mér grein fyrir því að það er þyrnir í augum margra. En það er mjög brýnt í mínum huga og það er auðvitað skömm fyrir þingið að það skuli varla hafa tekist að breyta neinu sem máli skiptir í stjórnarskránni nema mannréttindaákvæðum frá lýðveldisstofnuninni. Það sýnir bara nauðsyn þess að það sé stjórnlagaþing sem fjalli um þessi mál og breytingar á stjórnarskránni en ekki þingið.

Varðandi spurningar hv. þingmanns um það hvað félli undir þjóðaratkvæðagreiðslu hef ég engu öðru við að bæta en því sem ég sagði áðan í fyrra andsvari mínu við hv. þm. Höskuld Þórhallsson.

[18:52]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan í andsvari mínu við hæstv. forsætisráðherra fagna ég því að þetta frumvarp hafi verið lagt fram. Það er jákvætt að loksins séu komin lög sem kveða á um að hægt sé að skjóta mikilvægum og stórum málefnum til þjóðarinnar. Það sem hryggir mig hins vegar er að bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra eru búnir að lýsa því yfir í dag að ef málin eru flókin verði þeim ekki skotið til þjóðarinnar. Þegar matið fer fram á því hvaða mál séu þess umkomin að þjóðin eigi að skera úr um þá eigum við ekki að leggja fram flókin mál. Þetta finnst mér afar sorglegt á þessum annars góða degi. Og mér finnst þetta vera mikil brotalöm á þessu frumvarpi vegna þess að eins og við vitum er hægt að flækja einföldustu mál og þingmenn eru einkar lagnir við það.

Mér fannst líka sorglegt að heyra í hæstv. forsætisráðherra þegar hún sagði að því miður gæfist ekki tími til að kynna Icesave-samningana fyrir þjóðinni. Þetta er ekkert sérstaklega flókið mál, Icesave-málið. Þetta er einfaldlega þannig að þjóðin þarf að taka ákvörðun um það hvort ríkið veitir ríkisábyrgð á risastóru láni, tæplega 1.000 milljarða sem það gæti farið í, stendur í 700 milljörðum í augnablikinu, hvort þjóðin sé reiðubúin að taka á sig skuldbindingar sem hún átti ekki undir nokkrum kringumstæðum að bera ábyrgð á. Af hverju var það? Vegna þess að bankarnir voru einkavæddir. Þetta voru einkafyrirtæki. Getur það verið, ef maður veltir því upp, að íslenska þjóðin eða bara almenningur í hvaða landi sem ber beri ábyrgð á einkafyrirtæki sem hefur starfsemi í öðru landi? Nei, það getur ekki verið. Þetta liggur í augum uppi. Þetta mál er ekki sérstaklega flókið.

Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hefur hins vegar ákveðið að hún ætli að veita þessa ríkisábyrgð. Hæstv. fjármálaráðherra segir að það sé reyndar þegar búið að samþykkja það. En hvernig sem hann reynir kemst hann aldrei fram hjá þeirri staðreynd að það er Alþingi Íslendinga sem á lokaorðið um það hvort það á að binda ríkissjóð til margra ára, 2024. Yngsta barnið mitt verður orðið 15 ára og það elsta 21 árs. Öll æska þessara barna mun mótast af því að við erum að greiða u.þ.b. 40 milljarða á ári út úr ríkissjóði, á árunum 2016–2024, (Gripið fram í.) eru það ekki 60 milljarðar? Þetta eru svo stjarnfræðilegar upphæðir að þegar maður setur þær í samhengi þá kostar menntakerfi okkar landsmanna um 40 milljarða. Allt heilbrigðiskerfið 60 milljarða, allt á einu ári, um 60 milljarða. Við höfum verið að auka framlög til vegaframkvæmda sem skiptir landið allt og landsbyggðina svo miklu máli að það er deilt um það nánast á hverjum einasta degi á Alþingi, upp í 17 milljarða. 17 milljarðar eru smámunir þegar maður er að tala um 705 milljarða skuldbindingu til handa ríkissjóði. En tíminn er ekki nægur til að kynna þetta mál fyrir þjóðinni. Það var það sem hæstv. forsætisráðherra sagði rétt áðan. Getur verið að ástæðan sé sú, að þeir vilji ekki fara með þetta í þjóðaratkvæðagreiðslu að meiri hluti landsmanna vilji þetta ekki, vilji ekki samþykkja ríkisábyrgðina á Icesave? Hafa ekki komið tvær skoðanakannanir sem sýna að 80% landsmanna eru á móti því? Ég skil vel að hv. formenn stjórnarflokkanna vilji ekki fara með slíkt í þjóðaratkvæði vegna þess að það yrði fellt. Ég skil vel að ráðherrarnir treysti sér ekki til að útskýra málið fyrir þjóðinni vegna þess að þjóðin skilur það mætavel hvað það þýðir fyrir framtíð þjóðarinnar, fyrir framtíð barnanna okkar að taka á sig þessar skuldbindingar. Ég treysti þjóðinni mætavel.

Það sem ég er hins vegar hættur að gera er að ég er hættur að treysta þessari ríkisstjórn. Ríkisstjórn sem hefur svikið nánast hvert einasta af þeim kosningaloforðum sem frambjóðendur gáfu núna fyrir kosningar, sem er örstutt síðan voru haldnar. Það er ekki þannig að þessi mál hafi skotist upp í dagsljósið á einum til tveimur mánuðum. Það lá fyrir að farið yrði í mikinn niðurskurð. Það lá fyrir. Það lá fyrir að það yrði að taka ákvörðun um Icesave. Vinstri grænir gengu hvað harðast fram í því að það ætti ekki að samþykkja Icesave-skuldbindingarnar. Þær ætluðu líka að fleygja Alþjóðagjaldeyrissjóðnum út, en það er ekki gert. Nú er komið fram eitt af stærstu kosningamálum ríkisstjórnarinnar, þ.e. þessara flokka, að stórmál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu en þá mega þau mál svo sannarlega ekki vera flókin. Það er tekið fram í frumvarpinu að ESB-samningurinn megi fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, ESB-samningurinn sem verður væntanlega einhver flóknasti samningur sem um getur í sögu þjóðarinnar. Við erum enn þá að ræða túlkunaratriði á EES-samningnum, um 15 árum eftir að hann var samþykktur. ESB-samningurinn er einfaldur í huga ríkisstjórnarinnar en ekki Icesave-ríkisábyrgðin.

Mig langar aðeins að benda á orðin á bls. 4 í greinargerðinni með þessu lagafrumvarpi, þar sem koma fram almenn sjónarmið um markmið og tilefni þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Þar segir:

„Íslensk stjórnskipun byggist á fulltrúalýðræði sem gerir ráð fyrir því að fulltrúum kjörnum af þjóðinni sé veitt umboð til þess að setja lög og taka mikilvægar ákvarðanir sem varða almannahag. Markmið þjóðaratkvæðagreiðslu er að veita hinum almenna borgara kost á að taka milliliðalaust þátt í ákvörðunartöku um lagasetningu eða eftir atvikum um tiltekin málefni í stað þess að ákvörðun sé tekin af þjóðkjörnum fulltrúum eins og almennt á við þar sem fulltrúalýðræði ríkir.“

Nú þarf bara að bæta inn í lögin: „en það á að sjálfsögðu ekki við flókin málefni“, alls ekki. Og alls ekki ef okkur gefst ekki tími til, að okkar mati, að útskýra málið fyrir

kjósendum. Hér er sagt að ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur sé að finna í stjórnarskrám meiri hluta Evrópuþjóða en það væri einmitt gaman að fá það fram hvort þar séu sömu takmarkanir sem ráðherrar, forsætis- og fjármála-, hafa einmitt gefið í umræðunni í dag.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri. Það verður gaman að sjá hvaða breytingum þetta frumvarp tekur í nefndinni. Við framsóknarmenn fögnum þessu frumvarpi um þjóðaratkvæðagreiðslu en ég ítreka orð mín að það er sorglegt og hryggilegt að þessar takmarkanir skuli hafa komið fram, bæði hjá hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, flókin mál verða ekki lögð í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[Fundarhlé. — 19:03]

[19:30]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég vil sérstaklega byrja á að fagna þessu tækifæri, að eftir nokkuð langa bið fáum við tækifæri til að ræða heildstæða löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur, nokkuð sem við sjálfstæðismenn meðal annars kölluðum eftir í umræðum okkar og þeirri löngu snerru sem við áttum í þinginu á vordögum fyrir kosningar um hugsanlegar stjórnarskrárbreytingar. Rétt er að taka fram að við sjálfstæðismenn ályktuðum sérstaklega á okkar landsfundi um mikilvægi þess að hér yrðu sett almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þess vegna vil ég sérstaklega fagna þessu tækifæri sem og þakka fyrir það samráð sem hefur verið haft við gerð þessa frumvarps. Það hefur verið töluvert. Síðan munum við að sjálfsögðu fylgja eftir ákveðnum álitamálum sem eru nokkur í nefndinni. Engu að síður eru þetta góð vinnubrögð að mínu mati og til fyrirmyndar sem ég hef jafnvel og gjarnan viljað sjá í öðrum málum talandi um ný og breytt vinnubrögð. En ég hefði gjarnan viljað sjá þessi vinnubrögð ná til stærri mála, til dæmis Icesave. Við erum reyndar að vinna að þessum málum meðal annars um ESB í utanríkismálanefnd og sjáum hvað setur með þá framvindu alla.

Hér er rætt frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég vil aðeins fara yfir nokkur atriði og nýta tækifærið til að spyrja hæstv. forsætisráðherra um þau líka. Að mínu mati er ljóst að við erum að tala um tvenns konar þjóðaratkvæðagreiðslur, þ.e. þjóðaratkvæðagreiðslur um breytingar sem snerta stjórnarskrána Við höfum ávallt lagt áherslu á að það þyrftu að vera ákveðnir þröskuldar þegar við erum að breyta ákvæðum sem tengjast stjórnarskránni. Þetta kom meðal annars fram í nefnd eða starfshópi um þjóðaratkvæðagreiðslur sem var skipaður 2004 sem átti að undirbúa lagasetningu um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. eftir að forseti hefur neitað að staðfesta lög.

Það má líka nefna breytingar á kirkjuskipaninni. Í 62. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“

Svo segir í 79. gr. að ef það eigi að breyta kirkjuskipan ríkisins þá eigi slíka breytingu að leggja fyrir þjóðina til atkvæðagreiðslu, til samþykktar eða synjunar. Við teljum að þegar kemur að þessum ákvæðum þá þurfi að ræða það að hafa ákveðna þröskulda. Það er hægt að hugsa þá með margvíslegu móti. En ég held að það þurfi að krefjast ákveðinnar lágmarksþátttöku og hugsanlega aukins meiri hluta þegar svo umsvifamikil mál eru á ferðinni eins og snerta stjórnarskrána hvað það varðar.

Síðan eru mál sem snerta oftar atkvæðagreiðslur sem liggja hér til grundvallar. Þá er ekki sama ástæðan að mínu mati fyrir þá þátttökuþröskulda sem ég gat um áðan varðandi stjórnarskrána. Í þessu frumvarpi erum við að tala um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur. Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur eru hvorki bindandi fyrir ríkisstjórn né þingið til að fara eftir. En það er rétt að draga fram að eðli málsins samkvæmt hefur alltaf verið farið eftir þeim þjóðaratkvæðagreiðslum sem hafa verið haldnar hér á landi. Einhverra þeirra er getið í þessu frumvarpi. En það er langt síðan slík var haldin, töluvert síðan.

Það má túlka ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem ákveðna pólitíska leiðsögn sem beri að fara eftir. En þá verður líka að geta þess að því minni sem þátttakan verður því óskýrari er pólitíska leiðsögnin. Það er hægt að taka sem dæmi íbúalýðræðiskosninguna um veru flugvallarins í Vatnsmýrinni þar sem var samþykkt að flytja, með mjög naumum meiri hluta, flugvöllinn. En þátttakan var líka dræm. Við sjáum það að pólitíska leiðsögnin var að forminu til að flytja flugvöllinn. En henni hefur ekki verið fylgt eftir, guði sé lof, og það er mín skoðun að flugvöllurinn eigi að vera þar sem hann er. Þetta er dæmi um atkvæðagreiðslu þar sem er sagt um ákveðinn hlut sem síðan hefur ekki verið fylgt eftir af hinu pólitíska valdi. Þeim mun minni þátttaka, því erfiðari er — eða er hægt að tala um ákveðna þröskulda.

Að sjálfsögðu gefur frumvarpið tilefni til ákveðinna spurninga eins og þeirra hvort frumvarpshöfundar eða frummælandi, hæstv. forsætisráðherra, sjái fyrir sér að þjóðaratkvæðagreiðslum muni fjölga, hvort hún telji það æskilega þróun. Eða er það kannski markmið í sjálfu sér? Er það eitt af markmiðum hæstv. forsætisráðherra? Miðað við orð forsætisráðherra í andsvari áðan má ætla að þjóðin eigi að fá í ríkari mæli að taka afstöðu í ákveðnum málum. Ég get í sjálfu sér tekið undir það að í ákveðnum stórum málum eigi þjóðin að hafa aukið vægi eða aukinn aðgang. Við eigum að færa valdið meira og með ákveðnari hætti en hefur verið til fólksins með þjóðaratkvæðagreiðslum. Við erum að tala hér um þjóðaratkvæðagreiðslur að sjálfsögðu með ESB og það er fagnaðarefni að allir flokkarnir tala um að þjóðin eigi að greiða atkvæði um samning sem snertir hugsanlega aðild að ESB.

En þá erum við komin að ákveðnu kjarnaatriði. Á slíkur samningur að vera settur fram í þjóðaratkvæðagreiðslu sem er ráðgefandi eða bindandi? Mér finnst þetta algert lykilatriði, þ.e. að í jafnviðurhlutamiklu máli og hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu þá sé hið raunverulega vald hjá þjóðinni því sú staða getur nefnilega komið upp að þegar heim er komið með samning þá verði hann samþykktur með 51% atkvæða og 49% greiða atkvæði á móti. Þá verður farið í að breyta stjórnarskránni og í þeim kosningum

sem verða þar á eftir þá bjóða sig kannski fram einstaklingar sem hafa það að markmiði að fella samninginn. Þegar slíkir einstaklingar eru komnir hingað inn á þing hugsanlega með meiri hluta þá er þeirra umboð fengið ekki í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem var ráðgefandi heldur fengið í lýðræðislegum kosningum. Þeirra umbjóðendur eru þeir sem kjósa þá. Þetta er hugsanlegt. Þetta er bara ekki einhver teoría og ekki teoretískt dæmi heldur er raunveruleg hætta á því að svona aðstæður komi upp hér af því að við sjáum það í löndunum í kringum okkur að alls staðar þar sem hafa verið þjóðaratkvæðagreiðslur þá hefur verið mjótt á munum. Þó að samningur verði samþykktur í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu þá vitum við að til eru mjög eindregnir andstæðingar Evrópusambandsins og þeir munu halda áfram baráttu sinni alveg hingað inn á þing. Ekkert er óeðlilegt við það þegar um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu er að ræða. Þess vegna teljum við mikilvægt að þegar við segjum að bera eigi slíkan samning undir þjóðina að þá hafi hún hið raunverulega vald, þá hafi þjóðin endanlegt vald til að binda þingið. Ég held að það skipti mjög miklu máli að þjóðin hafi það á tilfinningunni að þetta sé ekki bara upp á punt. Ég legg því ríka áherslu á að svo verði þegar fram í sækir. En þegar maður les frumvarpið þá gefur það að sjálfsögðu líka tilefni til að hugsa hvort það sé þá núna tækifæri til þess að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég þekki vissulega mjög skýra afstöðu forsætisráðherra í því efni. Ég held engu að síður að þetta frumvarp ekki síst bjóði upp á að sú umræða verði þyngri, að það verði farið í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Af hverju segi ég það? Jú, tvenn rök vega þar þyngst, annars vegar þau að ríkisstjórnin er ekki einhuga í málinu. Hún er má segja klofin í því máli og síðan hitt, að með því að segja já við því að fara í aðildarviðræður þá erum við í rauninni að segja að við séum reiðubúin til þess hugsanlega að afsala okkur fullveldi á ákveðnum sviðum. Það eru mjög þung rök sem hægt er að færa fyrir tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frú forseti. Ég vil hnykkja á þeirri spurningu minni frá því áðan hvort það sé markmið í sjálfu sér með þessu frumvarpi hjá hæstv. forsætisráðherra að fjölga þjóðaratkvæðagreiðslum og ef svo er, af hverju þá komi ekki til álita að beita þjóðaratkvæðagreiðslum í stóru máli sem reyndar hefur verið nefnt fyrr í dag — menn hafa nefnt Icesave. Það er sjónarmið út af fyrir sig þó menn þurfi ekki endilega að vera sammála því — og síðan ekki síst hugsanlega varðandi aðildarviðræður að Evrópusambandinu.

Ég vil fylgja þessum spurningum eftir og setja fram vangaveltur um það að þegar og ef komið er með samning um Evrópusambandið heim þá hefur verið rætt um að gefa frjálsum félagasamtökum og eins hugsanlegum nei- og jáhreyfingum tækifæri til að kynna sín sjónarmið og berjast fyrir þeim eftir atvikum. Ég greini að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að það geti verið þrír mánuðir sem slíkar hreyfingar hafi og allt upp í eitt ár. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvernig hún sjái framvindu slíkra mála. Hvað fá einstaklingar og félagasamtök langan tíma til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslur?

Ég vil ítreka það sem ég gat um í upphafi að við teljum að varðandi þær breytingar sem snerta stjórnarskrána þurfi ákveðna þröskulda, það þurfi ákveðna hugsanlega lágmarksþátttöku til að breyta því sem snertir stjórnarskrána. En varðandi önnur mál þá verða menn líka að átta sig á því að þá erum við að tala um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur og því lakari sem þátttakan er í slíkum þjóðaratkvæðagreiðslum því lakari er hin pólitíska leiðsögn fyrir viðkomandi stjórnvöld.

Að öðru leyti vil ég ítreka þakkir mínar fyrir það samráð sem hefur verið viðhaft í þessu máli sem er mikilvægt og mjög brýnt að það hafi komið fram. Nefndin mun að sjálfsögðu fara vel yfir þau álitamál sem hafa komið upp í tengslum við þetta frumvarp og ég efast ekki um að samvinna milli flokkanna sem er æskileg verði áfram góð eins og hún hefur verið í þessu máli.

[19:42]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir innlegg hennar í þessa umræðu. Hv. þingmaður kom inn á marga athyglisverða punkta. Það er alveg ljóst að menn ræða mjög um ráðgefandi og bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. En meðan þessu hefur ekki verið breytt í stjórnarskránni þá er ekki um annað að ræða en að þjóðaratkvæðagreiðslan sé ráðgefandi. Ég vil minna á að í Noregi hefur tvisvar sinnum verið farið í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Noregs að Evrópusambandinu. Það var borið undir þjóðina með ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í bæði skiptin. Líka væri hægt að nefna Svíþjóð og Finnland í því sambandi að því er varðar mikilvæg mál sem voru borin undir þjóðina. Það var þá ráðgefandi en ekki bindandi. En ég held að við hljótum að stefna að því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu bindandi. Í mínum huga kemur ekkert annað til greina varðandi það sem kemur út úr þjóðaratkvæðagreiðslu sem borin er upp um aðild að Evrópusambandinu en að hún sé bindandi. Það er bara pólitískt þannig að stjórnvöld hljóta að fara eftir þeirri niðurstöðu sem þar kemur fram.

Að því er varðar skuldbindingar eins og Icesave sem hér hefur verið nefnt þá vil ég minna á að í frumvarpi til stjórnskipunarlaga sem var flutt á síðasta þingi, af fulltrúum fjögurra stjórnmálaflokka, voru undanskilin ákveðin ákvæði sem menn töldu að væri ekki rétt að væru bindandi. Þar var nefnd þjóðaratkvæðagreiðsla um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Ég býst við að Icesave mundi falla undir það að þar væri verið að framfylgja þjóðréttarlegu skuldbindingum sem ekki væri rétt að færi undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar er um að ræða umdeilda innstæðutilskipun en það er skuldbinding sem þjóðin hefur gengist undir varðandi EES-samninginn og ég býst við að það mundi flokkast undir þjóðréttarlegar skuldbindingar.

Ég mun svara í næsta andsvari því sem ég ekki komst yfir núna.

[19:45]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi Icesave vil ég geta þess að það er einfalt að leysa það mál. Það er hægt að hafna samningnum hér á þingi og einfaldlega semja upp á nýtt. Við þurfum alla

vega að sjá betri gögn en við fengum í dag til þess að átta okkur á því að við verðum sett í einhverja sóttkví þó að við höfnum samningnum hér. Við þurfum einfaldlega að sjá betri og meiri gögn til þess. Ég er í rauninni sammála þessu prinsippi sem hæstv. forsætisráðherra kom inn á að það eru ákveðin málefni sem erfitt er að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og skattamálefni, fjárhagsmálefni er snerta ríkið og svo framvegis. Í Icesave er einfalda leiðin þá bara að segja nei við þeim samningi.

Síðan er hitt. Það er varðandi Noreg. Noregur er ekki alveg sambærilegt hvað þetta varðar því að þó að menn hefðu sagt já hefðu þeir ekki þurft að fara í kosningar eftir slíka þjóðaratkvæðagreiðslu. Við þurfum að breyta stjórnarskránni í tengslum við Evrópusambandið, fullveldisákvæðinu sérstaklega. Það er alveg ljóst að við getum ekki annað en haft þetta ráðgefandi meðan ekki er búið að breyta stjórnarskránni. Ég dró fram dæmi áðan. Að mínu mati er raunhæft að það gerist að í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu verði naumur meiri hluti fyrir aðild að Evrópusambandinu, síðan fari aftur af stað önnur herferð í kosningunum sem fylgja í kjölfarið, einfaldlega þeirra sem eru harðir ESB-andstæðingar. Það er allt eins líklegt að þeir nái þá þannig tökum á þinginu og þeir eru ekki bundnir af ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir eru bara bundnir eins og við öll — og það hefur margoft verið ítrekað — eingöngu af okkar sannfæringu.

Ég vil engu að síður leyfa mér að segja að mér fannst ég greina ákveðinn skilning hjá hæstv. forsætisráðherra varðandi bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu og ég leyfi mér að vona að sá skilningur minn sé réttur að forsætisráðherra muni beita sér fyrir því að það verði um raunverulega bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu að ræða þegar og ef þjóðin fær að greiða atkvæði um samninginn.

[19:47]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Því miður auðnaðist okkur ekki að ná saman um það á síðasta þingi að samþykkja ákvæði sem hefðu auðveldað okkur aðferðir við að breyta stjórnarskránni án þess að rjúfa þing og ganga til kosninga. Okkur auðnaðist heldur ekki — og það var allt of lítið um það fjallað, þ.e. ákvæðið í 3. gr. í þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem ég nefndi áðan. Þar var ákvæði um að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag. Ef það frumvarp hefði verið samþykkt hefðum við verið að tala um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. En við stöndum bara frammi fyrir þessum hlut núna að það er ekki bindandi og það þurfa — alveg eins og mér fannst hv. þingmaður ýja að — að fara fram tvær þjóðaratkvæðagreiðslur ef við göngum í Evrópusambandið. Fyrst er það atkvæðagreiðsla um hvort fólk vilji samþykkja þau drög sem við náum fram og síðan þarf, eins og hv. þingmaður nefndi, varðandi þetta fullveldisafsal sem við þurfum — af því að við erum ekki með aðferðir hér til að breyta stjórnarskránni. Við náðum því ekki í gegn — og þess vegna þarf í lokin að breyta stjórnarskránni og rjúfa þing.

En af því að við erum að tala um fjárskuldbindingar, þjóðréttarskuldbindingar og Icesave þá held ég að það megi alveg líkja þessu við fjárlög þar sem eru ákveðnar fjárskuldbindingar. Engum mundi detta í hug að setja fjárlögin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Við erum að tala um ákveðnar fjárskuldbindingar að því er varðar Icesave. Ég held að það megi alveg jafna þessu saman enda var þetta undanþegið í 3. gr. frumvarpsins sem við fjölluðum um á liðnu þingi.

Varðandi það hvort þjóðaratkvæðagreiðslum muni fjölga þá er ég alveg sannfærð um að þeim muni fjölga, ekki síst ef fólkið sjálft fær réttinn til þess að koma á þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta eru miklar lýðræðisumbætur fyrir fólk og mikil lýðræðisréttindi sem fólkið fengi með þessu. Ég er alveg viss um það að stjórnlagaþing (Forseti hringir.) mun örugglega leggja til slík ákvæði.

[19:49]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, það er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra að það var möguleiki í vor að samþykkja hér á þingi breytingar á 79. gr. stjórnarskrárinnar sem hefðu falið það eitt í sér hvernig ætti að breyta stjórnarskránni. Það hefði auðveldað núna þá vinnu meðal annars sem er í tengslum við ESB-málið.

Ég bind vonir við það í ljósi orða hæstv. forsætisráðherra sem talaði aftur um mikilvægi bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu — ég greindi það í hennar máli að hún hefði óskað þess að sú breyting hefði átt sér stað á 79. greininni af því að þá hefðum við talað um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrst svo er þá hlýtur forsætisráðherra að beita sér fyrir því að við fáum raunverulega bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem viljinn er hjá fólkinu. Fyrst hæstv. forsætisráðherra er ekkert sérstaklega hlynnt því að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræðurnar þá þarf ekki þjóðaratkvæðagreiðslu fyrr en það er búið að breyta stjórnarskránni. Það þarf ekkert endilega þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn fyrr en að kosningum loknum. Það er hægt að hafa ferlið þannig að það verði komið heim þá með hugsanlegan samning, þingið tekur ákvörðun um hann, það verða kosningar um stjórnarskrána, nýtt þing kemur saman og síðan verði þjóðaratkvæðagreiðsla og þá bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla. Mér finnst það vera algjört lykilatriði í þessu stóra máli að þjóðin virkilega, ekki hafi það bara á tilfinningunni, heldur viti það og gangi að því gefnu að hún hafi hið raunverulega vald þegar kemur að málefnum Evrópusambandsins og hvort við förum inn eða verðum áfram úti. Mér finnst þetta vera mjög þýðingarmikið atriði en vil um leið þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir hennar svör í þessu máli sem við báðar getum þá verið sammála um að er mikilvægt að hljóti hér mjög góða og málefnalega afgreiðslu.

[19:51]

Þráinn Bertelsson (Bhr):

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram um frumvarp til laga, stjórnarfrumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur, hefur verið svolítið úti um víðan völl af þeirri einföldu ástæðu að löggjafarvaldið hefur sýnt fádæma getuleysi varðandi það að breyta þeim stjórnarskipunarlögum sem þjóðin býr við. Ekki veit ég af hverju þetta getuleysi

stafar nema ef vera kynni af því að menn hafi verið ófúsir að breyta stjórnarskrá sem kallar á að þingkosningar fari fram. Einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að þeim sem hafa völdin hverju sinni sé mjög óljúft að raska því blíða ástandi og leita til dyntóttrar þjóðar sem gæti haft allt aðrar meiningar, kannski nokkrum vikum eftir að hafa kosið valdhafana í sína háu ráðherrastóla.

Hvað sem því líður þá liggur hér frammi ákveðið frumvarp sem í raun er eins og klæðskerasaumað utan um þarfir ríkisstjórnarinnar núna í augnablikinu. Þetta frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur ætti að heita frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna samnings um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Í þessu frumvarpi er það lagt til að eina leiðin til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram sé sú leið að þingsályktunartillaga verði samþykkt í þá veru, þ.e. með meiri hluta á Alþingi, að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram. Það vantar dálítið mikilvægan póst í þetta frumvarp að mínu viti því að hér vantar sjálfa heimildina til þjóðarinnar að efna sjálf til þjóðaratkvæðagreiðslu og það má líka færa gild rök fyrir því að hér vanti heimild fyrir minni hluta þingmanna til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem þessi minni hluti telur mikilsverð.

Mér finnst það skjóta skökku við að miðað við að við búum sameiginlega að þeirri lýðræðislegu hugmynd að vald löggjafarþingsins sé komið frá þjóðinni, að við séum fulltrúar þjóðarinnar, þá finnst mér skjóta skökku við að við skulum ekki taka með í reikninginn að þjóðin geti átt rétt á því að efna til atkvæðagreiðslu um mál sem hún sjálf eða þá fulltrúar hennar telja sérstaklega mikilsverð nema þá fulltrúar meiri hluta á þingi. Ég sé það ekki alveg í spilunum að þingmeirihluti efni til þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem þessi sami þingmeirihluti er mjög farsællega sammála um að sé hið besta mál.

Því er ekki að leyna að ég sé marga galla á þessu stutta frumvarpi og fáa kosti. Helsti ókosturinn sem mér finnst koma fram í þessu frumvarpi er fullkomin fyrirlitning á því fólki sem við erum umbjóðendur fyrir, þ.e. á þjóðinni. Meira að segja er þessi fyrirlitning áréttuð með sérstakri málsgrein hérna, sem er hluti af 1. mgr: „og er niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu ráðgefandi.“ Ef texti er einhvern tíma of langur og inniheldur óþarfa málalengingar er það í þessu tilviki því það veit hvert mannsbarn, vænti ég, að til þess að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu geti verið bindandi þarf að breyta stjórnarskránni. Það þarf ekki lögfræðinga til að segja okkur þetta. Hins vegar hygg ég að réttlætisvitund bæði þjóðarinnar og flestra annarra heldur en þá hugsanlega þess ræðumanns sem talaði hér síðast á undan mér, sé eindregið í þá veru að hafi þjóðin komist að einhverri niðurstöðu, hver svo sem hún er, að þá sé þingið bundið af því að fara eftir þeirri niðurstöðu og ekki bundið af neinu öðru eins og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir benti á, sem sagt að vera bundinn af samvisku sinni sem stæði þá ofar þjóðarvilja.

Við í Borgarahreyfingunni höfðum veður af því að þetta vonda frumvarp væri í bígerð og hefði verið lengi í smíðum svo að við rákum af okkur slyðruorðið og settum saman með góðra manna hjálp frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur sem inniheldur þá pósta sem við teljum nauðsynlega til þess að um raunverulegt frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur geti verið að ræða en ekki bara frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna samnings Íslands og Evrópusambandsins sem er á óskalista ríkisstjórnarinnar, heldur væri nothæft í öllum tilvikum þegar að því kemur að það sé hald manna að þjóðaratkvæðagreiðsla geti höggvið á erfiðan vanda.

Það sem helst skilur með þessum frumvörpum er að í frumvarpi Borgarahreyfingarinnar er gert ráð fyrir því að þjóðin sjálf geti óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, og meira en óskað eftir henni, geti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu með því að tíu prósent kosningabærra manna fari fram á slíkt með undirskrift sinni.

Sömuleiðis er Alþingi Íslendinga sýnt það traust í þessu frumvarpi okkar að þar segir, með leyfi forseta:

„Einnig getur að lágmarki 1/3 hluti þingmanna krafist þess með þingsályktun að slík þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram.“

Það vantar enn fremur í þetta lagafrumvarp sem við ræðum nú ákvæði um og fyrirmæli um með hvaða hætti skuli kynna þjóðinni það mál sem lagt er fram til þjóðaratkvæðagreiðslu. Í frumvarpi Borgarahreyfingarinnar er reiknað með að sett verði á laggirnar lítil stofnun, létt stofnun í þeim skilningi að starfsmannafjöldi gæti helgast af þeim verkefnum sem fyrir liggja, og heitir Lýðræðisstofa. Hún mundi starfa undir stjórn umboðsmanns Alþingis og hafa það verkefni að koma á hlutlausan hátt til skila til þjóðarinnar um hvaða spurningar sé að ræða í þjóðaratkvæðagreiðslu og helstu rök með og á móti.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að bera saman þessi frumvörp í smáatriðum. En það að liggja skuli fyrir þinginu tvö frumvörp um þjóðaratkvæðagreiðslur núna allt í einu er dálítið skondin uppákoma. Það frumvarp sem síðar var lagt fram, sem sagt 125. mál á þskj. 169, það mál sem er til umræðu núna, er klæðskerasaumað utan um atkvæðagreiðslu um Evrópusambandsaðild án þess að til þurfi að koma breyting á stjórnarskrá með tilheyrandi þingkosningum á milli. Hitt frumvarpið er til komið vegna þess að það hefur, eins og ég gat um í upphafi míns máls, reynst löggjafarvaldinu ofviða að breyta stjórnarskrá Íslands til nútímahorfs og til þess að hún standist nútímakröfur svo að sett er undir þann leka með því að leggja fram frumvarp sem gæti dugað varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur um hvaða mál svo sem þær snúast, hvort þær snerust um Evrópusambandsaðild eða Icesave eða eitthvað enn annað, eitthvert deilumál sem rís á morgun má einu gilda.

Það er hörmulegt úr því að löggjafarvaldið hefur verið gersamlega ófært að finna út úr því hvernig það geti sett landinu ný stjórnarskipunarlög að ekki skuli hafa verið brugðið á það ráð að kalla saman stjórnlagaþing. Við í Borgarahreyfingunni erum mjög eindregið þeirrar skoðunar að stjórnlagaþing skuli kalla saman, því fyrr því betra, til þess að smíða þá stjórnarskrá sem þjóðin á skilið að búa við í stað þessa úrelta danska plaggs sem við búum við í dag.

Ef stjórnlagaþing verður kallað saman þarf — eins og ég heyrði einhvern kalla það í umræðum hér fyrr í dag um annað mál — þá þarf þingheimur að hugsa út fyrir boxið. Þá þarf að hugsa aðeins út fyrir kassann vegna þess að þær hugmyndir sem hafa verið á sveimi og eru ættaðar héðan úr þingsölum um hvernig þetta stjórnlagaþing færi fram eru út

úr öllu korti hvað varðar bæði tímalengd sem menn ímynda sér að þetta þing þyrfti að taka, kostnað sem af því mundi hljótast og í stuttu máli sagt hljóma verstu hugmyndirnar eins og blautur draumur lögfræðistéttarinnar.

Það þarf ekki lögfræðinga til að setja okkar landi stjórnlög. Til þess þarf bara venjulegt fólk með fullu viti og það verk þarf ekki að vefjast fyrir neinum mánuðum eða jafnvel árum saman heldur er hægt að leita í smiðju þeirra þjóða sem lengra eru á veg komnar en við í þeim efnum og búa við nútímalegri stjórnarskipunarlög og læra af þeim hvernig maður setur saman stjórnarskrá sem gagnast litlu landi norður í höfum eins og Íslandi.

Það hlægir mig að við skulum núna ræða þetta frumvarpsræksni um þjóðaratkvæðagreiðslur í stað þess að vísa því ekki út í hafsauga heldur til allsherjarnefndar svo að allsherjarnefnd geti fjallað um bæði þau frumvörp sem fram eru komin um þjóðaratkvæðagreiðslur og skilað sínu áliti til þingsins sem tekur væntanlega ákvarðanir sínar í framhaldi af því.

[20:06]

Útbýting:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 82. mál, þskj. 203.

[20:06]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp um almenna framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Slík lög eru ekki til í landinu og full ástæða til að setja þau. Í stjórnarskránni eru tilgreind þrjú tilvik þar sem ber að halda þjóðaratkvæðagreiðslu. Í 11. gr. er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu ef þrír fjórðu þingmanna hafa krafist þess að forseti yrði leystur frá embætti áður en kjörtímabili hans lýkur. Í 26. gr. er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu ef forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar, eins og stendur í stjórnarskránni, og í 79. gr. er mælt fyrir um slíka atkvæðagreiðslu ef Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipun ríkisins.

Það má segja að tími sé kominn til að setja almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslu, nú 65 árum eftir að þessi stjórnarskrá tók gildi. Það er þó alveg óþarfi að víkja eitthvað frá því. Eins og við vitum öll er meginástæða þess að þetta frumvarp er flutt núna ekki sú, heldur vegna þess að í þingsályktun sem samþykkt hefur verið um að sækja um aðild að Evrópusambandinu kemur einnig fram að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um væntanlegan aðildarsamning.

Fræðimenn telja almennt óheppilegt að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslu með stuttum fyrirvara eða fyrir einstakar þjóðaratkvæðagreiðslur því að þá er talin hætta á að löggjöfin verði sniðin að viðfangsefninu eða því sem greiða á atkvæði um. Þess vegna er nauðsynlegt að til séu almenn lög um slíkar atkvæðagreiðslur. Nú eru auðvitað ekki bæði þessi skilyrði uppfyllt með þessu frumvarpi. Skilyrðið um stuttan fyrirvara er vissulega uppfyllt því að það eru ábyggilega allnokkrir mánuðir, ef ekki meira en ár, þangað til slík þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin ef við náum samningum um aðild að Evrópusambandinu. Hinu skilyrðinu, um viðfangsefnið, er ekki að fullu náð. Frumvarpið tekur hins vegar til þjóðaratkvæðagreiðslu almennt án tillits til þess hvert efni hennar er en ekki þessarar einstöku þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandið og má því ætla að síðara skilyrðið sé líka uppfyllt, a.m.k. að hluta.

Þar sem sérreglur geta átt við í nokkrum atriðum um þjóðaratkvæðagreiðslur sem eru haldnar samkvæmt stjórnarskránni, svo sem um tímafresti o.fl., koma slíkar reglur fram í frumvarpinu eftir því sem við á. Um hina almennu þjóðaratkvæðagreiðslu, sem ekki er samkvæmt stjórnarskránni, gerir frumvarpið ráð fyrir að Alþingi geti með þingsályktunartillögu ákveðið að halda slíka atkvæðagreiðslu um tiltekið mál og skal atkvæðagreiðslan fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að þingsályktunartillagan hefur verið samþykkt á Alþingi. Alþingi skal standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði og forsætisnefnd Alþingis skal setja nánari reglur um fyrirkomulag kynningar. Allt sýnast mér þetta atriði sem gætu átt við um hvaða efni sem kjósa ætti um.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að talning atkvæða fari fram eins og í forsetakosningum og að niðurstaða kosninga í hverju kjördæmi sé tilkynnt. Mér finnst umhugsunarvert hvort þetta sé hin rétta leið eða hvort e.t.v. mætti haga talningu þannig að allir kjörseðlar væru fluttir á einn stað og þannig lægi fyrir niðurstaða þjóðarinnar en ekki byggðanna til efnisins sem kosið er um. Þann sama hátt tel ég að ætti einnig að hafa uppi við forsetakjör.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið.“

Og í 48. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.“

Af þessu er alveg ljóst að til að hægt sé að setja lög um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu þarf að breyta stjórnarskránni. Eðli máls samkvæmt kveður þetta frumvarp því á um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Við getum svo haft mismunandi skoðanir á því hvernig stjórnmálamenn eiga að líta á úrslit ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrir mína parta tel ég að það sé erfitt fyrir alþingismenn að hunsa niðurstöðu ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þeir séu siðferðilega bundnir af henni. Ég er á hinn bóginn alveg klár á því að hver og einn yrði að gera það upp við sjálfan sig og ekki væri hægt að vísa til neinna annarra skuldbindinga. Ég sé heldur ekki að þetta ætti að snúa öðruvísi við alþingismönnum sem kosnir væru eftir að þjóðaratkvæðagreiðslan hefur farið fram, jafnvel þó að þeir hefðu háð kosningabaráttu í millitíðinni. Virðist mér í því dæmi að kosningabarátta þess þingmanns hlyti að hafa gengið út á að fara gegn þeim vilja sem komið hefði fram í þjóðaratkvæðagreiðslunni og þykir mér það lítil virðing fyrir skoðun þjóðarinnar. En þetta er huglægt vandamál og líklegast ekki neitt eitt rétt svar við því.

Hér á landi hefur fulltrúalýðræði verið við lýði. Ég er þeirrar skoðunar að það sé full ástæða til að endurskoða og setja í stjórnarskrá ákvæði þess efnis að við ákveðnar aðstæður sé hægt að vísa málum til þjóðarinnar. Í þeim efnum má hugsa sér þá fyrirmynd sem er í dönsku stjórnarskránni um að þriðjungur þingmanna geti innan ákveðins frests

krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem þingið hefur samþykkt. Fjárlög og ýmis lög um skatta eru þó undanskilin þessu í Danmörku. Í þeirri stjórnarskrá er einnig ákvæði um að breytingar á stjórnarskránni skuli bera undir þjóðina. Þetta finnst mér einnig gott ákvæði og mætti mjög fylgja því fordæmi. Þá eru til dæmi annars staðar um að tiltekinn fjöldi kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Það tel ég einnig að gæti verið til eftirbreytni.

Langtímamarkmiðið er að slíkar atkvæðagreiðslur verði bindandi. Þjóðin á að hafa lokaorðið. Þess vegna er ég ekki meðmælt því að setja slíkar heimildir í almenn lög um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu eins og þessi tillaga hér hlýtur eðli máls samkvæmt að vera. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að almenn löggjöf af þessu taginu er líkleg til að því verði frestað að stíga skrefið til fulls og endurskoða stjórnarskrána að þessu leyti og það þarf að endurskoða hana til að koma einmitt á ákvæðum um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu og í raun mörg önnur atriði.

[20:14]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Fyrir rúmri viku lagði Borgarahreyfingin fram fyrsta frumvarpið sitt og fjallaði það um þjóðaratkvæðagreiðslur. Kjarni Borgarahreyfingarinnar er lýðræðisumbætur og því gladdi það okkar borgarahjörtu að geta lagt fram þetta frumvarp. Það kom þó ekki til af góðu. Í vor var skipaður vinnuhópur um persónukjör, þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnlagaþing, sem sagt okkar hjartans mál, og var hv. þm. Þór Saari fulltrúi okkar í þeim hópi. Seta þar var fremur sorgleg og í stuttu máli sagt áttu hugmyndir Borgarahreyfingarinnar um lýðræðisumbætur ekki upp á pallborðið hjá þeim sem stýrðu hópnum. Því sömdum við og mæltum fyrir okkar eigin frumvarpi.

Það frumvarp sem hér er lagt fyrir er brandari og móðgun við almenning. Það er ekki fólki bjóðandi að leggja fram frumvarp þar sem hvorki þjóðin né minni hluti þingmanna getur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Stjórnarflokkarnir ætla því að ákveða fyrir okkur hin hvort og um hvað við megum kjósa. Þetta finnst mér forsjárhyggja af verstu sort.

Stjórnarflokkunum virðist mikið í mun að halda almenningi í stöðu barns, barnsins sem fær ekki að taka afstöðu til eigin framtíðar, ekki er hlustað á og ekki er mark á takandi. Nú veit ég vel að það stangast á við stjórnarskrá okkar að þjóðaratkvæðagreiðslur séu bindandi. Okkar frumvarp er því líka því marki brennt að vilji þjóðarinnar getur einungis verið ráðgefandi. Ég tel mikilvægt að farið verði í nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni við fyrsta tækifæri, og ekki aðeins breytingar. Í stefnuskrá Borgarahreyfingarinnar er lagt til að haldið sé stjórnlagaþing þar sem landsmenn semji sína eigin stjórnarskrá. Sú sem við eigum núna er í grunninn samin handa 19. aldar Dönum. Það var Kristján IX. Danakonungur, og þar með kóngur okkar Íslendinga í þá daga, sem færði landsmönnum stjórnarskrána árið 1874, á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar. Síðan eru liðin 135 ár. Stjórnarskránni hefur verið breytt nokkrum sinnum, t.d. árið 1918 þegar Ísland fékk fullveldi og 1944 þegar sjálfstæðið, sem nú virðist svo brothætt, var í höfn. Flestar breytingar hafa þó lotið að kosningalöggjöf og kjördæmabreytingum að undanskilinni breytingu á eða nýjum kafla um mannréttindamál.

Árið 1884, þegar stjórnarskráin var 10 ára, höfðu aðeins 9% Íslendinga kosningarrétt. Öll viðhorf okkar til mannréttinda hafa breyst síðan 1874 og tímabært að skapa nýja stjórnarskrá á forsendum okkar sem erum 21. aldar Íslendingar en ekki 19. aldar Danir. Það er að mínu mati hneisa ef frumvarpið verður samþykkt í þessari mynd. Það er mikilvægt að almenningur geti með ákveðnum skilyrðum farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu og eins finnst mér mikilvægt að einn þriðji hluti þingmanna geti krafist þess að mál séu lögð í dóm þjóðarinnar eins og okkar frumvarp gerði ráð fyrir.

Þjóðin á betra skilið en þetta frumvarp.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fundi slitið kl. 20:18.

---

31. FUNDUR

miðvikudaginn 1. júlí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til fjármálaráðherra:

2. Fjáraukalög, fsp. BJJ, 50. mál, þskj. 50.

Til viðskiptaráðherra:

3. Bílalán í erlendri mynt, fsp. BJJ, 60. mál, þskj. 65.

Til félags- og tryggingamálaráðherra:

4. Fjármálaráðgjöf á landsbyggðinni, fsp. SER, 71. mál, þskj. 83.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Siv Friðleifsdóttir):

Um kl. hálffjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um málefni Landhelgisgæslunnar. Málshefjandi er hv. þm. Jón Gunnarsson. Hæstv. dómsmálaráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Störf þingsins.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um ESB – peningamálastefnan – lán frá Norðurlöndum.

[13:33]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil beina máli mínu til hv. þm. Ás-

mundar Daðasonar sem hefur vakið athygli fyrir skörulega framkomu og ákveðnar skoðanir í hinum ýmsu málum. Ég fylgdist með eins og kannski hv. þingmaður þegar formenn okkar skiptust hér á skoðunum um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þar nefndi hæstv. fjármálaráðherra, formaður Vinstri grænna, að það væri lítið mál að hafa ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu ef forustumenn flokkanna lofuðu því bara að þingmenn þeirra mundu síðan greiða atkvæði eftir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Það þýðir með öðrum orðum að ef sú yrði raunin og ef við gefum okkur að meiri þjóðarinnar mundi komast að þeirri niðurstöðu í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu að við ættum að ganga í Evrópusambandið og hv. þm. Ásmundur Daðason yrði kosinn á þing aftur eftir næstu kosningar þyrfti hv. þm. Ásmundur Daðason að greiða atkvæði samkvæmt línu formannsins, með aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta nokkuð sérstakt. Það rifjaðist upp fyrir mér nokkuð sem við þingmenn erum búin að lofa að hlíta, stjórnarskráin, en þar segir, virðulegi forseti, í 48. gr.:

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.“

Hér stendur að vísu ekkert um formanninn, hæstv. fjármálaráðherra Steingrím J. Sigfússon, en ég vildi bara spyrja hv. þm. Ásmund Daðason: Mundi hann greiða atkvæði með því hér á þingi (Forseti hringir.) að Ísland færi í Evrópusambandið ef þjóðaratkvæðagreiðslan færi á þann veg?

[13:35]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór fyrir að vekja máls á Evrópusambandinu og þjóðaratkvæðagreiðslu þar um. Ég fagna því sérstaklega að hv. þingmaður og Sjálfstæðisflokkurinn í heild sinni sé orðinn svona áhugasamur um þjóðaratkvæðagreiðslur og að færa valdið til þjóðarinnar með þessum hætti. (Gripið fram í.)

Varðandi þetta með ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu veit hv. þingmaður að til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla geti verið bindandi þarf að festa það í stjórnarskrá. Varðandi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandið hygg ég að gæfulegra sé að við tökum fyrst fyrir Evrópusambandsályktunina sjálfa og fellum hana, þá þurfum við ekki að fara í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. (Gripið fram í.) Ég treysti því að hv. þingmaður muni aðstoða mig ásamt þingheimi öllum við að slá Evrópusambandsumsókn út af borðinu. (**GÞÞ:** Svaraðu spurningunni.)

[13:36]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég beini spurningu til hv. þm. Helga Hjörvars. Getur hann upplýst þingið um hvort hafin sé vinna við endurskoðun peningamálastefnu Seðlabankans? Sé svo, hvar er sú vinna stödd og hverjir eru að vinna hana? Það er gríðarlega mikilvægt að það verði tekið á þessum málum sem fyrst vegna þess að það er hornsteinn allrar efnahagsstefnu og allrar efnahagsstjórnar. Forsenda hennar hlýtur alltaf að vera peningamálastefnan og ég er þeirrar skoðunar og hef lýst því margoft að sú stefna sem hefur verið við lýði á undanförnum árum hafi verið röng. Í raun og veru var gerð tilraun til að taka lán í útlöndum til að halda gengi krónunnar sterku til að koma í veg fyrir verðbólgu. Það segir sig sjálft að það að byggja peningamálastjórnarstefnu upp á erlendri lántöku getur aldrei gengið upp.

Í vor voru til umræðu í þingsal lög um Seðlabankann. Í þeirri umræðu margítrekuðum við sjálfstæðismenn að líta þyrfti á þær greinar laganna þar sem fjallað væri um markmið peningamálastjórnarinnar, um verðbólgumarkmið og annað slíkt. Það fékkst ekki rætt og því er eðlilegt að við köllum eftir því nú og heyrum sjónarmið ríkisstjórnarflokkanna um það hvar þessi vinna er stödd, hvort hún sé í gangi og hverjir séu að vinna hana.

[13:38]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Það er eðlilegt að spurt sé í framhaldi af hruninu sem hér varð í haust, þar á meðal auðvitað þeirri gjaldmiðilskreppu sem við gengum í gegnum, hvar endurskoðun peningamálastefnunnar sé á vegi stödd. Ég get upplýst hv. þingmann um að Seðlabankinn hefur unnið að greinargerð um peningamálastefnuna og um þær úrbætur sem unnt væri að gera innan núverandi ramma um aðra valkosti. Þessi umræða og sú stefna sem tekin verður mun væntanlega taka nokkurt mið af því hverjar lyktir verða í þeirri þingsályktunartillögu sem fyrr var nefnd undir þessum dagskrárlið, þ.e. um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Langtímastefna í þeim málum mun auðvitað hafa áhrif þó að það breyti því ekki að á leiðinni þangað, ef sú stefna verður tekin, er hægt að vinna að ýmsum úrbótum og margra kosta er völ.

Það var stefnt að því að greinargerðin yrði tilbúin núna fyrir mánaðamótin en það mun dragast í nokkra daga að birta hana. Mér er kunnugt um að henni er því sem næst alveg lokið. Hún verður þá birt og okkur gefst tækifæri til að fjalla um hana, þau sjónarmið og atriði sem þar koma fram og taka hina pólitísku umræðu um þær úrbætur sem má vinna innan núverandi ramma um aðra þá valkosti sem kunna að vera uppi og um stefnuna til lengri tíma. Ég tel að það sé gríðarlega brýnt í ljósi þess háa vaxtastigs sem íslenskt atvinnulíf þarf enn að búa við og átti auðvitað sinn þátt í þeim miklu erfiðleikum sem hér sköpuðust á síðasta ári.

[13:40]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Á mbl.is las ég áðan að íslensk stjórnvöld væru búin að ganga frá samningum við Norðurlöndin um lánveitingar til handa Íslandi upp á heila 318 milljarða kr. Við framsóknarmenn áttum orðræðu við hæstv. fjármálaráðherra á mánudag og þá sérstaklega um það hvaða vaxtakjör ættu að vera á þessu gríðarlega háa láni. Hæstv. ráðherra tilkynnti okkur þingmönnum þá hér á mánudaginn að við yrðum upplýstir um það nú í dag. En á mbl.is þar sem ég las þessa frétt er sérstaklega tekið fram að vaxtakjörin eru ekki gefin upp. Það er ekkert orðið óvanalegt fyrir okkur þingmenn að lesa um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í fjölmiðlum og þar birtist nú skýr vilji ríkisstjórnarinnar til sam-

starfs við Alþingi Íslendinga sem er í raun og veru ekki í takt við það sem þessi ríkisstjórn lofaði í aðdraganda síðustu kosninga þar sem talað var um opin og lýðræðisleg vinnubrögð. Þá var leyndarhjúpurinn fordæmdur, sérstaklega af hæstv. fjármálaráðherra Steingrími J. Sigfússyni sem lofaði því á mánudaginn að við þingmenn og þjóðin mundum fá uppgefið hver kjörin á þessum gríðarlega háu lánum yrðu.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hæstv. ráðherra verður uppvís að því úr ræðustól Alþingis að segja okkur þingmönnum ekki satt og ég spyr því hv. þingmann, varaformann fjárlaganefndar, hvort hann hyggist beita sér fyrir því að opin og lýðræðisleg vinnubrögð verði viðhöfð í þessu máli og að við þingmenn fáum upplýsingar um hvaða vaxtakjör eru á þessum 318 milljörðum kr. Það skiptir miklu máli þegar við erum að tala um greiðslugetu þjóðarinnar til lengri tíma litið. Það þurfti að tosa upplýsingar um Icesave út úr ríkisstjórninni með mikilli hörku. Við þurfum greinilega líka að gera það í þessu máli og ég spyr því hv. þingmann hvort hann sé reiðubúinn að standa vörð um virðingu Alþingis með því að kalla eftir þessum upplýsingum.

[13:43]

Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mundi ráðleggja hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að hafa ekki alltaf mikla trú á því sem stendur á mbl.is, sérstaklega ef það æsir hann svona mikið upp eins og sjá mátti áðan. Það hefur ekki staðið til að leyna kjörunum á þeim lánum sem var verið að undirrita í morgun eins og réttilega hefur komið fram. Það kemur eftir augnablik.

Þetta voru lán upp á samtals 1.775 millj. evra sem var skrifað upp á úti í Stokkhólmi í morgun og ég upplýsi hér með glöðu geði, eins og alltaf stóð til að gera, um kjörin og lánstímann. Heildarlánstíminn er 12 ár, fyrstu fimm árin eru afborgunarlaus, þ.e. aðeins eru greiddir vextir af lánunum ársfjórðungslega. Vextirnir eru breytilegir og taka mið af þriggja mánaða euribor-vöxtum að viðbættu álagi upp á 2,75% sem þýðir að vextirnir af láninu eru samtals 3,85% í dag, þ.e. miðað við stöðu vaxtanna í gær. Það er þá alveg upplýst enda stóð ekki annað til en að upplýsa um það í þessum sal hver kjörin væru á láninu. Það er varasamt að trúa öllu því sem fyrir augu ber á vefmiðlum.

[13:44]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég ætlaði aðeins að blanda mér í umræðu um þjóðaratkvæðagreiðslu sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson vakti máls á. Mér virðist orðið til siðs að farið sé með fyrirspurnir eða umræður í skildagatíð, um hvað menn hyggist gera ef þetta eða hitt gerist. Um það álitamál sem þingmaðurinn tók upp um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu hafa, hygg ég, allir stjórnmálaflokkar lýst því yfir að spurningin um aðild að Evrópusambandinu verði leidd til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í samþykktum flokkanna hef ég ekki orðið var við að það sé beinlínis ákvæði um hvort þjóðaratkvæðagreiðslur skuli vera bindandi eða ráðgefandi í þessu efni, (Gripið fram í.) a.m.k. ekki við þá skoðun sem ég hef látið fara fram á þeim. Það er þó sjálfsagt álitamál og nú kemur enn ein skildagatíðarspurningin og frammíkallið frá hv. þingmanni og þá get ég bara upplýst það að þetta mál er til umfjöllunar á vettvangi utanríkismálanefndar. Þar höfum við fengið sérfræðinga í stjórnarskipunarrétti til að reifa mismunandi aðferðir sem hægt er að viðhafa. Þar hefur farið fram málefnaleg og ágæt umræða. Eins og gefur að skilja eru skiptar skoðanir en málið er þar að sjálfsögðu til málefnalegrar umræðu. Vonandi verður hægt að ná breiðri samstöðu um það hvernig því verður til lykta ráðið þar en það er ekki að mínu viti eðlilegt að menn séu alltaf með fyrir fram mótaða afstöðu strax í upphafi máls til allra þátta. Það á t.d. við um afstöðu mína til þessa álitaefnis, ég vil skoða gaumgæfilega öll þau stjórnarskipunarlegu og pólitísku rök sem eru í þessu máli og mun taka afstöðu til þess þegar þar að kemur. Það þýðir ekki endilega að ég hafi ekki einhverjar skoðanir á málinu en ég er reiðubúinn til að hlusta á önnur sjónarmið líka og það höfum við verið að gera í utanríkismálanefnd og munum gera (Forseti hringir.) þar til málið verður afgreitt af hálfu nefndarinnar.

[13:47]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að blanda mér inn í vaxtakjör norrænu lánanna. Eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson talaði um ræddum við framsóknarmenn mjög við ríkisstjórnina á mánudaginn var þar sem það var upplýst af hæstv. fjármálaráðherra að skrifað yrði undir lánið í dag og vaxtakjörin líka gerð opinber.

Ég er svo heppin að ég virðist vera á póstlista ríkisstjórnarinnar því að ég fékk fréttatilkynningu um þetta um leið og fjölmiðlarnir fyrir hádegið og þá sá ég að þar voru ekki tilgreind vaxtakjör þannig að ég las það ekki á mbl.is eins og hv. þingmaður lýsti hér áðan.

Nú hefur varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Björn Valur Gíslason, tjáð okkur að lánin eru með 3,85% vöxtum, breytilegum, þ.e. sem standa í 3,85% miðað við gengi dagsins í dag. Þetta er afar athyglisvert þar sem lánin eru tekin til 12 ára. 12 ára lán á breytilegum vöxtum eru ein stór óvissa eins og alþjóð veit þar sem við búum við mesta óöryggi á fjármálamörkuðum sem um getur í fleiri áratugi. Ég minni þingheim á uppsagnarákvæði í Icesave-samningnum sem hljóðar svo að fari einhver lán íslenska ríkisins yfir 5,55% vexti eins og Icesave-lánið gengur út á er hægt að gjaldfella samninginn eða semja upp á nýtt þannig að Bretar og Hollendingar fái þá þau kjör sem erlenda lánið er í á þeim tíma.

Að semja um 12 ára lán frá Norðurlandaþjóðunum með breytilegum vöxtum er eins og allt annað sem þessi ríkisstjórn kemur nálægt, þetta er ábyrgðarleysi. Ríkisstjórnin veit ekkert hvað hún er að gera, þetta ber vott um örvæntingu. Norska lánið fer til íslenska Seðlabankans, hin lánin til ríkisins. Það er ekki einu sinni til fjárveitingaheimild frá þinginu fyrir þessu því að frumvarpið um fjárveitingar fyrir þessum lánum var hér til umræðu á mánudaginn.

Ég bið fólk um að fara ekki fram úr sér í þessu og ég vara (Forseti hringir.) ríkisstjórnina við þeirri braut sem hún er á því að þau virðast ekkert vita hvort þau eru að fara norður, suður — eða niður eins og ágætur þingmaður sagði um daginn.

[13:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja eins og er að það er orðið frekar þreytandi að hlusta á þennan sjálfumglaða hv. þm. Árna Þór Sigurðsson sem kemur hér þjakaður af tveggja ára þingreynslu og kennir okkur öllum hvernig við eigum að haga okkur undir þessum dagskrárlið eða öðrum. Hann setur ekki aðeins ofan í við okkur heldur tók hann formanninn sinn fyrir og kenndi honum ýmislegt í leiðinni. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson verður bara að lifa með því að hér ræða menn hlutina. Hér er ekki um smámál að ræða. Hér sagði hæstv. fjármálaráðherra, formaður Vinstri grænna, að það væri ekkert mál með þessa þjóðaratkvæðagreiðslu, við þyrftum engu breyta. Við mundum bara hafa hana ráðgefandi og lofa því að þingmenn mundu greiða atkvæði í kjölfarið, alveg eins og niðurstaða þessarar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu yrði.

Fljótt á litið get ég ekki séð að það samræmist stjórnarskránni. Mér þótti eðlilegt, og lái mér hver sem vill, að spyrja einn þingmann sem er með mjög ákveðnar skoðanir sem eru svo sannarlega ekki í samræmi við það að Ísland mundi ganga í Evrópusambandið hvernig hann mundi greiða atkvæði. Ég spurði einfaldlega hv. þingmann sem hefur að vísu ekki enn þá svarað hvort hann yrði við þessu. Mundi hv. þm. Ásmundur Daðason fara þvert gegn eigin sannfæringu, þvert gegn stjórnarskránni og greiða atkvæði með aðild Íslands að Evrópusambandinu ef formaður hans væri búinn að lofa því í aðdraganda ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu?

Það má vel vera, virðulegi forseti, að þessi spurning fari gríðarlega í taugarnar á hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni (Gripið fram í.) og þá má það bara vera svo. Ég held samt að allir, sérstaklega kjósendur Vinstri grænna sem kusu þá kannski flestir út af afstöðu þeirra til Evrópusambandsins, eigi (Forseti hringir.) heimtingu á að fá að vita frá hv. þm. Ásmundi Daðasyni og öðrum hvort þeir muni haga sér með þessum hætti. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan fá svar frá hv. þm. Ásmundi Daðasyni.

(**Forseti** (SF)**:** Ég bið hv. þingmenn að virða ræðutímann.)

[13:52]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Eins og ég kom inn á áðan þarf að verða stjórnarskrárbreyting til að þjóðaratkvæðagreiðsla geti verið bindandi, en það er hægt að fara fram með ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég get upplýst hv. þingmann og þingheim allan um að ég mun ekki með nokkru móti með minni sannfæringu liðka fyrir Evrópusambandsaðild á einn eða neinn hátt.

Ég hefði talið eðlilegast að við tækjum fyrst þessa Evrópusambandsumræðu í þinginu og afgreiddum þessar þingsályktunartillögur. Þegar ég horfi yfir þennan sal ber hann greindarlegt yfirbragð, og nægilega greindarlegt til að vísa þeirri aðildarumsókn frá. [Hlátrasköll í þingsal.]

[13:52]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég get ekki skilið síðasta ræðumann öðruvísi en svo að hann ætli að segja nei jafnvel þó að þjóðin segi já í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það kemur mér ekki á óvart vegna þess að skoðanir vinstri grænna á þjóðaratkvæðagreiðslum breytast nú dag frá degi. Steingrímur J. telur þjóðina ekki hæfa til að fjalla um Icesave-samninginn, hann telur hana hins vegar geta það um væntanlegan samning um Evrópusambandið. Í sama streng tók hæstv. forsætisráðherra í gær. Ég treysti þjóðinni reyndar miklu betur en Vinstri grænir til að klára þetta mál.

Varðandi vextina á lánunum frá Norðurlöndunum man ég ekki betur en að hæstv. viðskiptaráðherra sem situr nú hér í salnum hafi fullyrt í ræðustól Alþingis á mánudaginn að við yrðum að samþykkja Icesave-skuldbindingarnar vegna þess að annars fengjum við ekki lánin frá Norðurlöndunum. (Gripið fram í.) (**GÞÞ:** Nákvæmlega.) Hvað var verið að skrifa undir í morgun annað en lánin frá Norðurlöndunum?

Síðan kemur hann í fjölmiðla í dag og heldur því fram að við munum svo sannarlega geta staðið undir þessum u.þ.b. þúsund milljörðum sem munu falla á okkur. Verður ekki líka að taka tillit til þess að hugsanlega verður eitthvert útstreymi en ekki innstreymi eins og hæstv. viðskiptaráðherra virðist gefa sér að verði? Er þetta bara þannig að hér verði blóm í haga næstu árin? Falla ekki 200 milljarðar á ríkissjóð 2011? Hvernig ætlar íslenska þjóðin að standa undir þessu?

Hvernig væri að við fengjum Icesave-málið í þjóðaratkvæðagreiðslu og létum þjóðina skera úr um þann vonda samning? Getur verið að stjórnvöld (Forseti hringir.) treysti sér ekki í það vegna þess að þjóðin mun segja nei?

[13:55]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja aðeins á að koma inn á þetta þar sem síðasti ræðumaður endaði. Sú framkoma sem sérstaklega hæstv. fjármálaráðherra sýnir þjóðinni með yfirlýsingum sínum um þetta Icesave-mál og þjóðaratkvæðagreiðslur er vitanlega með ólíkindum. Það er mjög sérstakt að hann ætli sér að ákveða um hvað þjóðinni er treystandi til að kjósa og hvað ekki.

Ég túlka það þannig að mat hans sé á þann veg að þjóðin muni hafna þessum samningi. Ég veit að þjóðin mun gera það því að þetta er afleitur samningur eins og hann lítur út. Því er ekkert óeðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra sé mjög hræddur við að fara þessa leið af því að hann veit að þjóðin mun hafna þessu. Hins vegar hafa ekki komið nein haldbær rök fyrir því að fara ekki þá leið.

Aðeins varðandi það sem hv. þm. Illugi Gunnarsson spurðist fyrir um áðan. Það er deginum ljósara að blessuð ríkisstjórnin okkar á í mjög miklum vandræðum með að endurskoða peningamálastefnuna og að ná utan um þær heildaraðgerðir sem þarf að fara í. Það er því ósköp eðlilegt að kallað sé í þingsal á einhverjar skýringar á því hvernig staðan er, hvað menn eru að fara og á hvaða vegferð ríkisstjórnin er á þeim vettvangi.

Varðandi þau lánakjör sem hv. þm. Björn Valur Gíslason upplýsti áðan þakka ég honum fyrir að hafa upplýst um þessa hluti því að svo sannarlega hefur hans ágæti formaður, hæstv. fjármálaráðherra, ekki lagt sig í líma við að upp-

lýsa þingið um lánakjör eða annað sem viðkemur lánum til þjóðarinnar, Icesave-samningum eða öðru.

Ég ítreka það sem kom fram hjá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur áðan, lánið er til langs tíma á breytilegum vöxtum og ef þeir vextir verða hærri en á lánunum frá Bretum og Hollendingum geta þeir gjaldfellt þann samning verði hann samþykktur — sem má ekki verða.

[13:57]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Aðeins til að fylgja því eftir sem hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson vék að hér áðan er það kannski ofmælt að segja að ríkisstjórnin hafi ætlað sér að endurskoða peningamálastefnu Seðlabankans. Í stjórnarsáttmálanum virðist mér koma skýrt fram að ríkisstjórnin ætli sér bara að láta Seðlabankann endurskoða peningamálastefnuna. Ríkisstjórnin ætlar ekki að fara sjálf í þetta verkefni, heldur framselja það til Seðlabankans og þar eru, eins og kunnugt er, við völd þeir menn sem telja má helstu höfunda núverandi peningamálastefnu. Það eru sem sagt þeir sem eiga að endurskoða.

Annað mál, ég ætlaði að víkja örstutt að þeirri umræðu sem hér átti sér stað um þjóðaratkvæðagreiðslu og Evrópusambandsmál. Það er rétt sem komið hefur fram að bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla verður ekki ákveðin að óbreyttri stjórnarskrá. Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla er möguleg en verði þjóðaratkvæðagreiðsla um Evrópusambandið aðeins ráðgefandi er alveg ljóst að það er þingið sem hefur síðasta orðið. Þá er það ekki þjóðin sem hefur síðasta orðið. Menn geta lagt mismunandi merkingu í það hvaða pólitísku skilaboð felast í niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu en það er alveg klárt að stjórnskipulega verður það þingið en ekki þjóðin sem hefur síðasta orðið um Evrópusambandið að óbreyttri stjórnarskrá.

Þá kem ég að því sem mér finnst kannski skipta mestu máli í þessu, því að ríkisstjórnin hefur farið fram með ýmsar tillögur sem varða þessi mál, bæði um umsókn um Evrópusambandsaðild og um þjóðaratkvæðagreiðslur og fleiri þætti líka, án þess að setja hlutina í samhengi, án þess að af hálfu ríkisstjórnarinnar hafi verið af lagður fram einhver vegvísir eða áætlun um það í hvaða skrefum eigi að taka þessi mál. Það er t.d. ljóst að stjórnarskrárbreytingar eru algjörlega nauðsynlegar jafnvel þó að menn ákveði að hafa þjóðaratkvæðagreiðsluna ráðgefandi (Forseti hringir.) vegna þess að Ísland getur ekki orðið aðili að Evrópusambandinu að óbreyttri stjórnarskrá. Það er bara ekki heimilt.

[13:59]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég held að mér sé nauðugur sá kostur að verja íslenska fjölmiðlamenn úr ræðustól Alþingis þar sem þeir geta ekki varið hendur sínar hér. Ég hef ekki þá trú að mbl.is hafi vísvitandi verið að blekkja almenning með fréttaflutningi sínum því að rétt eins og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir benti á stóð ekkert um það í tilkynningu frá ríkisstjórninni hver vaxtakjörin væru. Þegar menn tala um traust gagnvart fjölmiðli eins og mbl.is held ég að það sé meira traust á mbl.is en ríkisstjórninni sjálfri í þessu landi í dag, enda er það ekkert óeðlilegt þegar svona misvísandi skilaboð koma frá stjórninni í máli sem þessu.

Við erum að tala um 318 milljarða kr. Þetta eru fjármunir sem þjóðin mun á endanum þurfa að greiða. Þetta er ekki einkamál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eða Samfylkingarinnar. Við ætlum að búa í þessu landi eftir sjö ár þegar hv. þingmenn tala um þetta skjól, þegar Icesave-skuldirnar munu dynja á landsmönnum. Þetta er ekki einkamál þessara tveggja flokka, langstærstur hluti þjóðarinnar er algjörlega andvígur samningnum eins og hann lítur út, þessum Icesave-samningi, og ég vona að þjóðin muni ekki búa lengi við stjórnvöld sem þessi sem hlusta ekkert á ráðleggingar sérfræðinga úti í samfélaginu, hvað þá á þjóðina sjálfa, og snupra svo í þokkabót íslenska fjölmiðlamenn sem eru að reyna að koma skilaboðum til almennings í landinu þrátt fyrir oft og tíðum mjög misvísandi skilaboð frá ríkisstjórninni sem oft er erfitt að skilja.

[14:01]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég þakka þau svör sem komu frá hv. þm. Helga Hjörvar við fyrirspurn minni áðan en verð að segja eins og er að þótt ég telji til bóta að það komi eitthvert álit frá Seðlabankanum um hvaða valkostir eru fram undan, eða mögulegir, varðandi stjórn peningamála hef ég og margir aðrir orðið fyrir vonbrigðum vegna þess hvernig Seðlabankinn hefur haldið á stjórn peningamála á undanförnum árum, hvaða stefna var þar rekin. Ég tel að fleiri þurfi að koma að því verki, að endurskoðun peningamálastefnunnar, til að slík stefna verði trúverðug.

Ég minni á að þau lög sem nú eru í gildi um Seðlabankann marka og ramma alla umgerð peningamálastefnunnar, verðbólgumarkmiðið sem sett var. Umgjörð þess markmiðs er enn þá sú sama og var þegar peningamálastefnuna rak í strand á síðustu mánuðum vegna þess að það var verið að reyna hið ómögulega, með því að halda uppi miklu hærri vöxtum á Íslandi var reynt að kalla hingað til landsins erlent fjármagn — sem við í daglegu tali köllum jöklabréf — til að gera gengi krónunnar of sterkt til að halda niðri verðbólgu. Þessi sami rammi er enn í gildi þannig að ég kalla eftir því að ríkisstjórnin reki svolítið á eftir því verki að endurskoða þessa stefnu, ekki bara innan veggja Seðlabankans heldur líka með því að kalla fleiri aðila til. Ég held að menn verði að horfast í augu við það að enginn er dómari í eigin sök. Og þó að þeir sem starfa í Seðlabankanum séu allir af vilja gerðir og vilji gera allt hið besta fyrir land og þjóð er þetta svo stórt mál að mun fleiri þurfa að koma að þessu en bara Seðlabankinn.

[14:03]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég hvet hv. þm. Illuga Gunnarsson til að verða ekki fyrir vonbrigðum með skýrslu Seðlabankans áður en hún lítur dagsins ljós. (**Gripið fram í:** Það er svona auka….) Við skulum taka umræðu um hana þegar hún birtist á næstu dögum og muna að sannarlega hefur náðst árangur í því á síðustu mánuðum að lækka vexti úr 18% í 12% þó að betur megi gera. Stöðugleikasáttmálinn sem hér var kynntur á dögunum er auðvitað gríðarlega mikilvægur þáttur í því að ná enn frekar niður vaxtastiginu í

landinu og sömuleiðis áætlanir sem hér voru í ríkisfjármálum. Ég held að það sé mikilvægt í þessum sal við þær erfiðu aðstæður sem við búum við að við fögnum hverju því skrefi til framfara sem næst að taka í þeirri þröngu stöðu. Ég verð að segja að umfjöllunin um lánasamningana við Norðurlöndin hefur mér þótt nokkuð sérkennileg.

Það er auðvitað gríðarlegt ánægjuefni fyrir okkur að náðst skuli hafa saman við Norðurlöndin um þessa mikilvægu fyrirgreiðslu í okkar þröngu stöðu þar sem alþjóðlegir lánamarkaðir standa okkur einfaldlega ekki opnir. Að við höfum aðgang að þeim fjármunum sem hér um ræðir er lykilatriði í því að komast út úr þeim vanda sem við erum í — og því eigum við að fagna. Sannarlega eru þó vextirnir á þessu láni hærri en við höfum oft séð áður, 275 punkta álag. Menn geta kannski borið það saman við það 125 punkta álag sem mönnum þótti mikið í Icesave-samningnum. Þetta eru þá þau vaxtakjör sem okkur bjóðast best hjá nánustu vinaþjóðum okkar við þessar sérstöku aðstæður og við getum haft þau til hliðsjónar í umræðunni næstu daga. Það er þó nokkuð kímilegt að hér rjúki þingmenn upp og hrópi hátt yfir breytilegum vöxtum í þessum lánasamningum eftir að þeir hafa áður fjallað (Forseti hringir.) svo gagnrýnið (Gripið fram í.) um fasta vexti í Icesave-samningunum. (Gripið fram í.) Þetta er kannski spurning um að Framsóknarflokkurinn (Forseti hringir.) reyni að hafa eina skoðun í heilan dag. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

Fjáraukalög.

Fsp. BJJ, 50. mál. — Þskj. 50.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra um fjáraukalög, hvort ráðherrann hyggist leggja fram frumvarp til fjáraukalaga á sumarþingi í ljósi breytinga á forsendum tekju- og útgjaldaliða fjárlaga. Vissulega hafa forsendur fjárlaga ársins 2009 gjörbreyst og það viðurkenna allir. Síðast þegar ég vissi, og ég vona að skilningur hæstv. ráðherra sé sá sami, kom fjárveitingavaldið frá Alþingi Íslendinga.

Nú höfum við verið að störfum á sumarþingi í allmargar vikur og það hefði verið hægur vandi fyrir hæstv. ríkisstjórn að leggja fram á sumarþingi fjáraukalagafrumvarp sem gæfi raunsannari mynd af stöðu ríkisfjármála en það fjárlagafrumvarp sem nú var unnið að. Mér hefur í raun og veru einnig sýnst sem ríkisstjórninni veitti ekki af allri aðstoð á erfiðum tímum, til að mynda í ríkisfjármálum, og þess vegna er stórundarlegt að ríkisstjórnin skuli ekki hafa leitað til fjárlaganefndar, til alþingismanna, við vinnslu á fjáraukalagafrumvarpi á þessu ári. Eða er verkefnið svo auðvelt að einn fjármálaráðherra og ein ríkisstjórn eigi að hafa það umfangsmikla verk með höndum sem þessi endurreisn er eða koma þessi mál hv. Alþingi ekkert við? Það er með ólíkindum að horfa á vinnubrögð ráðherranna í máli eftir mál þar sem við þingmenn heyrum um það í fjölmiðlum hvað hæstv. ráðherrar ætla sér að gera.

Nær ekkert samráð hefur verið haft í veigamiklum málum við Alþingi Íslendinga, hvað þá stjórnarandstöðuna. Svo eru menn undrandi á því að ekki gangi betur í ríkisfjármálum og almennt að reisa okkur við í þessum erfiðleikum þegar við horfum á þá nöturlegu staðreynd að samráðið er mjög takmarkað, a.m.k. við okkur þingmenn í stjórnarandstöðunni. Margir þingmenn sem eiga sæti á Alþingi hafa ágætisþekkingu á ríkisfjármálum og ágætisþekkingu á málefnum samfélagsins í heild sinni. Það er því alveg grátlegt að fjárlaganefnd Alþingis skuli á þessum dögum og vikum ekki fara yfir grunnforsendur fjárlaga ársins 2009, gera jafnvel á þeim breytingar því að breytinga er þörf, vissulega, bæði á útgjaldahlutanum og tekjuhlutanum.

Það er eðlilegt að við spyrjum hæstv. fjármálaráðherra hvort honum sé alvara með það að leita ekki til fjárlaganefndar Alþingis, til Alþingis Íslendinga sem fer með fjárheimildir í íslensku samfélagi og ræður í raun og veru ríkissjóði, hvort ekki standi til að leggja fram fjáraukalagafrumvarp sem við getum unnið í þessa dagana og hefðum í raun og veru átt að vera byrjuð á fyrir löngu.

[14:09]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir tilboð um aðstoð og áhuga á að leggja sitt af mörkum í þessum efnum. Það er vel. Það skiptir miklu máli að löggjafar- og framkvæmdarvaldið geti unnið vel saman að þeim erfiðu úrlausnarefnum sem nú er við að fást á sviði ríkisfjármála sem og mörgum öðrum.

Alþingi hefur afgreitt og gert að lögum bandorm um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 2009. Sömuleiðis var í gær rædd hér skýrsla um aðgerðaáætlun í ríkisfjármálum og þar koma fram meginatriðin um bæði breytingar á tekju- og útgjaldahlið í ár og reyndar á næsta ári. Sú skýrsla hefur nú gengið til fjárlaganefndar þannig að ég leyfi mér að fullyrða að fjárlaganefnd Alþingis og fleiri þingnefndir, eins og efnahags- og skattanefnd, hafa núna haft með höndum meiri upplýsingar um stöðu ríkisfjármálanna á þessu ári en endranær. Það hefur auðvitað verið fundað um þá hluti í aðdraganda þess að stöðugleikasáttmáli var gerður og að bandormur um ríkisfjármál kom fram, m.a. í hv. fjárlaganefnd.

Í bandorminum eru fullnægjandi lagaheimildir, bæði til tekjuöflunar og útgjaldabreytinga innan ársins, þeirra sem sjálfstæðra lagabreytinga krefjast. Að öðru leyti er það afstillingarmál í fjáraukalögum, og svo lokafjárlögum þegar þar að kemur, að færa t.d. inn í fjárlögin þau sparnaðaráform sem nú liggja fyrir og búið er að útdeila á ráðuneyti. Málið á að liggja nokkuð skýrt fyrir og Alþingi á að hafa um það greinargóð gögn, enda er það rétt og skylt. Ekki er gert ráð fyrir að fjáraukalagafrumvarp komi fram fyrr en í haust með heföbundnum hætti, enda allar lagaheimildir til staðar sem þarf til að gera nauðsynlegar breytingar innan fjárlagaársins eins og áður hefur komið fram.

Það er komið fram í júlí og það er kannski ekki stór munur á því hvort fjáraukalagafrumvarp væri til umfjöllunar í júlímánuði eða að það birtist mönnum í byrjun október eins og venjan er.

Þetta er staða málsins og ég vona að þetta svar sé full-

nægjandi hvað varðar hv. þingmann, þ.e. að hann hafi fengið þær upplýsingar sem hann bað um, hvort sem honum líka þær eða ekki.

[14:12]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Það er ágætt að það er komið fram að hæstv. fjármálaráðherra lítur svo á að ekki þurfi að endurskoða fjárlögin fyrr en í haust þrátt fyrir allar þær hremmingar sem á okkur hafa dunið. Það er líka merkilegt í ljósi þess að miklar yfirlýsingar hafa verið hafðar uppi af hálfu ríkisstjórnarinnar um ríkisfjármálin og hvernig ætti að taka til þar, breyta hlutum og öðru slíku. Svo virðist sem menn líti svo á sem hinn svokallaði bandormur og sú skýrsla sem flutt var í vikunni varpi ljósi á alla þessa hluti. Hins vegar er ljóst að bandormurinn er fyrst og fremst einhvers konar skattahækkunarplagg og á skýrslunni sem ráðherra flutti er ekki mikið mark takandi, vil ég meina, ekki síst vegna þess að inn í hana vantar líklega stærstu skuldbindingar sem þjóðin er að taka sér á hendur. Því kemur þessi afstaða hæstv. fjármálaráðherra svolítið á óvart.

[14:13]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér fer fram og undra mig nokkuð á orðum hæstv. fjármálaráðherra áðan sem svari við fyrirspurn hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar.

Það liggur fyrir að það er miklu meira en bara afstillingarmál sem hér um ræðir. Grundvallaratriðið, eins og kom fram í ágætri skýrslu og framlagningu hæstv. ráðherra í gær um jöfnuð í ríkisfjármálum, við það verkefni sem við er að glíma er að auka aga, auka reglu og koma meiri festu á hlutina. Það gengur ekki að tala þannig til Alþingis að það sé eitthvert smámál að prjóna þetta út sem fyrir liggur. Við vitum það t.d. á grundvelli upplýsinga frá einstökum ráðuneytum að við fáum beiðni og það liggja fyrir þriggja milljarða útgjöld á einu verki, einu stykki flugvél til Landhelgisgæslunnar. Það er engin fjárveiting fyrir henni. Ég tel fyllilega tímabært að leggja fyrir þingið frumvarp frá hæstv. fjármálaráðherra til fjáraukalaga þannig að við getum setið yfir þessu, þótt ekki væri (Forseti hringir.) til annars en að auka aga og koma á meiri festu í samskiptum ríkis og framkvæmdarvalds.

[14:14]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem fer fram í sambandi við fjáraukalög og verð að segja fyrir mína parta að ég hefði talið mun skynsamlegra að menn hefðu lagt fram fjáraukalagafrumvarp áður en menn samþykktu bandorminn. Ég er nánast fullviss um að fjárlög þessa árs munu ekki standast.

Á fundi fjárlaganefndar þar sem við fórum með ráðuneytunum og stofnunum, ráðuneytunum sérstaklega, yfir fjármálin kom fram hjá mörgum þeirra að í fyrsta lagi reiknuðu þau með að færa fjárheimildir á milli ára, frá 2008 til 2009, og eins gerðu mörg ráðuneyti ráð fyrir því að koma með fjáröflun. Nú eru það skilaboð frá ríkisstjórninni að hvorugt þetta gangi þannig að það er algerlega útséð um það að mínu viti að það muni standast. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa úr skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út á dögunum. Þar stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun telur verulegar líkur á að fjárlög ársins 2009 haldi hjá 28 af þessum 50 stofnunum en ekki að óbreyttu hjá 12 þeirra. Nú í lok júní telur Ríkisendurskoðun ómögulegt að segja til um (Forseti hringir.) hvort fjárlög munu halda hjá 10 stofnunum.“

Ég tek undir með þeim sem segja að það er gríðarlega mikilvægt að fjáraukalagafrumvarp verði lagt (Forseti hringir.) fram hið fyrsta.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu. Réttilega benti hæstv. ráðherra á að venjan væri sú að taka fjáraukalagafrumvarp til afgreiðslu á haustmánuðum, það væri venjan. Staðreyndin er sú að við lifum á mjög óvenjulegum tímum, tímum þar sem álagið á ríkisstjórnina er óneitanlega gríðarlega mikið. Við komum saman hér í maímánuði og nú er kominn júlí. Það hefði verið hægt að leggja fram mun fyrr en nú í júlímánuði fjáraukalagafrumvarp og þannig hefðu kraftar hv. þingmanna, hvort sem þeir eru í meiri hluta eða minni hluta, í störfum sínum, meðal annars í fjárlaganefnd, nýst betur en ella á þessu þingi. Að sjálfsögðu á fjárlaganefndin að taka miklu meiri þátt í gerð fjárlaga og þá sérstaklega fjáraukalaga. Ég held að það hefði verið betra fyrir ríkisstjórnina að hafa stuðning fjárlaganefndarinnar núna á síðustu vikum við að taka mjög erfiðar ákvarðanir í ríkisfjármálum. Ég tala hér sem fyrrverandi fjárlaganefndarmaður. Ég tel að við þurfum að gera miklar breytingar á þessu, ekki síst í ljósi óvenjulegra aðstæðna í íslensku samfélagi. Því vil ég í fullri vinsemd hvetja hæstv. ráðherra til að nýta sér þingið betur. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn til þess að eiga betra samstarf við okkur alþingismenn því að á þessum tímum sem við lifum þurfum við að standa saman. Við þurfum að kafa sameiginlega ofan í mál. Það er alveg augljóst að hæstv. ríkisstjórn, hversu vel sem hún er nú mönnuð, ræður ekki við verkefnið eins og það er núna. Þess vegna væri hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn akkur að leita meira til Alþingis Íslendinga þaðan sem raunverulegt fjárlagavald kemur og þaðan sem ríkisstjórnin sækir sitt umboð.

[14:18]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Þetta er allt hárrétt sem hv. þingmaður fer hér með um samskipti löggjafar- og framkvæmdarvalds í þingræðisríki þar sem situr þingbundin ríkisstjórn. Ég er með þetta svona sæmilega á hreinu líka eins og hv. þingmaður.

Ég sagði ekki hér að það þyrfti ekki að endurskoða fjárlög yfirstandandi árs. Það er augljóst að þess þarf og það hefur þegar verið gert. Alþingi hefur þegar gert það og gert hér að lögum frumvarp um víðtækar ráðstafanir sem að sjálfsögðu breyta fjárlögum ársins, koma til með að hafa veruleg áhrif á niðurstöðu þeirra þannig að þær lögheimildir hafa stofnast. Að því leyti til má segja að bandormurinn

sé ígildi fjáraukalagafrumvarps þó að hann sé ekki afstemmingarfrumvarp í hefðbundnum skilningi. Það eru því þegar afgreiddar af hálfu Alþingis fullnægjandi lagaheimildir vegna þeirra breytinga sem á slíkt kalla innan ársins.

Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á að í undirbúningi er að gera umtalsverðar breytingar á bæði undirbúningi og eftirfylgni fjárlaga. Það er ætlunin að aga þar vinnubrögð til mikilla muna, að gera eftirlit miklu reglubundnara og tíðara og undirbúa fjárlagagerð með öðrum hætti, með ákvörðunum fyrr á árinu og rammafjárlögum til lengri tíma og þar fram eftir götunum.

Mér þykir vænt um að hv. þm. Kristján Þór Júlíusson minnir hér á erfðasyndir eins og þá að það er að koma eitt stykki landhelgisgæsluflugvél til landsins. Það gleymdist að gera ráð fyrir henni í fjárlögum ársins eða að menn gerðu þar á skemmri skírn, (Gripið fram í.) gerðu það mjög á skemmri skírn og það er stór reikningur — það er alveg hárrétt — sem menn af einhverju óraunsæi horfðu fram hjá við fjárlagaafgreiðsluna í algjörlega óljósri von um að hægt yrði að leysa málið með öðrum hætti og fá vélina á leigu eða kaupleigu, sem ekki gekk eftir og voru sáralitlar líkur á að gæti gengið eftir. (Gripið fram í.) Menn þurfa því að takast á við ýmsar erfðasyndir og á því verður tekið í fjáraukalagafrumvarpi haustsins.

Ég legg svo bara aftur áherslu á að það er einmitt það sem við ætlum að afleggja, þ.e. það hugarfar að menn geti (Forseti hringir.) verið áskrifendur að fjáraukalögum og treyst því að þeir megi keyra fram úr og fái það bætt í fjáraukalögum. (**Gripið fram í:** Hárrétt.) Það er nákvæmlega (Forseti hringir.) það sem hér stendur til að afleggja.

Umræðu lokið.

Bílalán í erlendri mynt.

Fsp. BJJ, 60. mál. — Þskj. 65.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég beini hér fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra um bílalán í erlendri mynt, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Hversu margir einstaklingar eru með erlend lán þar sem bifreið viðkomandi er sett að veði?

2. Hversu há eru þessi lán?

3. Hversu mikil verðmæti liggja í hinum veðsettu bifreiðum?

4. Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að aðstoða þá einstaklinga sem skulda bílalán í erlendri mynt?

Ég held að það sé ekki vanþörf á að inna hæstv. ráðherra eftir því hér hvort hann og hans ráðuneyti séu að vinna að því að koma til móts við þúsundir íslenskra fjölskyldna sem voru svo ólánssamar að fjármagna bifreiðakaup sín með því að skuldsetja sig í erlendri mynt. Flest af því fólki og nær allt væntanlega er reglufólk sem gerði sín plön samkvæmt því að hér yrði ekki algjört hrun í íslensku viðskiptalífi og að krónan mundi veikjast um eins mikið og raun ber vitni. Eins og staðan er núna hafa bílalán margfaldast hjá þúsundum fjölskyldna. Í ofanálag horfum við fram á stóraukið atvinnuleysi og tekjuskerðingu í íslensku samfélagi þannig að það er alveg ljóst að við þurfum að gera eitthvað, við þurfum að grípa til einhverra aðgerða til þess að aðstoða þessar fjölskyldur.

Við framsóknarmenn höfum talað fyrir því meðal annars að aðstoða þessar fjölskyldur með leiðréttingu húsnæðislána um 20%, en við hæstv. ráðherra erum að mér hefur sýnst innilega ósammála í þeim efnum. En ég trúi því ekki að við séum ósammála um að við þurfum að leita leiða til þess að grípa til aðgerða til þess að lækka skuldir íslenskra heimila eins og staða mála er í dag. Ég mundi vilja sjá þar sérstaklega horft á myntkörfulánin sem hafa hækkað gríðarlega síðustu missirin.

Það verður því mjög fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra sérstaklega hversu umfangsmikill þessi vandi er því að í störfum okkar hér í sumar held ég að hver einasti alþingismaður hafi fengið tölvupóst þessa efnis frá fólki sem er að sligast undan meðal annars þessum bílalánum sem ég spyr hér um. Því er mikilvægt að við notum þessa daga á Alþingi sem eftir eru til að ræða mál sem þetta. Vonandi berum við gæfu til þess að grípa til einhverra aðgerða þannig að hægt verði að aðstoða þær þúsundir fjölskyldna sem glíma við mjög erfið vandamál í dag og það er mjög dýrt að bíða í þeim efnum og við þurfum að grípa þess vegna til viðeigandi aðgerða til þess að koma til móts við erfiða stöðu þessara heimila.

[14:23]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Mér hefur borist fyrirspurn í fjórum liðum frá Birki Jóni Jónssyni hv. þingmanni um bílalán í erlendri mynt.

Í fyrsta lagi spurði þingmaðurinn um það hversu margir einstaklingar væru með erlend lán þar sem bifreið viðkomandi væri sett að veði. Því er til að svara að þessar upplýsingar lágu ekki fyrir í ráðuneytinu og var því óskað eftir þeim frá Seðlabanka Íslands. Í svari Seðlabankans kemur fram að 40.414 einstaklingar eru með fjármögnun bifreiðar í erlendri mynt. Þar er bæði um að ræða samninga eða lán sem eru að fullu í erlendum myntum og einnig samninga eða lán sem eru að hluta í íslenskum krónum og að hluta í erlendri mynt. Í flestum tilvikum eru bílasamningar í meiri hluta þar sem um er að ræða eignarleigu- eða rekstrarleigusamninga þar sem lánafyrirtækið hefur fyrsta veðrétt í bifreiðinni án þess að um þinglýst veð sé að ræða og eignarleigufyrirtækið er með eignarrétt á bifreiðinni á meðan á samningstíma stendur. Ef skuldari greiðir ekki er bifreiðin seld og skuldara ber að greiða eftirstöðvar skuldarinnar rétt eins og um veðskuld sé að ræða.

Í öðru lagi spurði þingmaðurinn um upphæð þessara lána. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust hjá Seðlabankanum er heildarupphæð umræddra lána rétt ríflega 115 miljarðar kr.

Í þriðja lagi spurði þingmaðurinn um verðmæti þeirra veðsettu bifreiða sem hér um ræðir. Því er til að svara að nánast ómögulegt er að segja til um hvert verðmæti þessara bifreiða er. Þarna spilar inn í þróun á markaði, bæði hvað varðar þróun gengis vegna lánasamninga og verð á bílum og hið alkunna lögmál um framboð og eftirspurn. Á síðustu

mánuðum hefur mjög dregið úr sölu og nýskráningum nýrra og notaðra bifreiða hefur fækkað gífurlega. Í flestum tilvikum var upphaflega gengið út frá því að bifreiðarverðið mundi standa undir áhvílandi láni en í ljósi gengisfalls undanfarna mánuði er ljóst að áhvílandi lán eru í mörgum tilvikum komin upp fyrir ætlað markaðsverð eða verðmæti bílsins.

Í fjórða lagi var spurt hvort ég sem viðskiptaráðherra hygðist grípa til aðgerða til að aðstoða þá einstaklinga sem skulda bílalán í erlendri mynt. Ég vil vegna þessa fyrst taka fram að flestar lánastofnanir bjóða nú upp á úrræði til þess að koma til móts við þá sem lent hafa í eða eru við það að lenda i greiðsluerfiðleikum. Þau úrræði sem um ræðir felast í frystingu á afborgunum bílalána í erlendri mynt og/eða frystingu á höfuðstól myntkörfulána þannig að einstaklingar greiði aðeins vextina í tiltekinn tíma. (Gripið fram í.)

Þau úrræði sem helst koma til greina til aðstoðar við skuldsett heimili felast í greiðsluaðlögun, greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna og greiðslujöfnun gengistryggðra húsnæðislána samkvæmt samkomulagi sem undirritað var í apríl síðastliðnum (Gripið fram í.) en ekkert þessara úrræða nær þó til bílalána.

Í rannsókn sem Seðlabankinn gerði nýverið kom fram að dreifing bílaskulda er nokkurn veginn í takt við tekjudreifingu heimila. Þar kom einnig fram að um 80% heimila með bílalán verja innan við 20% ráðstöfunartekna í greiðslur af slíkum lánum og er það væntanlega í flestum tilfellum viðráðanlegt en 11% heimila með bílalán þurfa að verja yfir 30% tekna sinna í greiðslu bílalána sem vitaskuld er afar þungbært í mörgum tilvikum. Rétt er þó að hafa í huga að mjög misjafnt er hve mikið er eftir af upphaflegum lánstíma þannig að í einhverjum tilvikum eru þessi vandamál að leysast af sjálfu sér með því að lánin eru greidd upp.

Þá er rétt að geta þess að nú vinnur starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis að því að kanna hvort hægt sé að grípa til einhverra aðgerða vegna bílalána í erlendri mynt. Fundaði hópurinn í gær með fyrirsvarsmönnum þeirra fyrirtækja sem veitt hafa bílalán. Þessari vinnu verður flýtt eins og kostur er og verða niðurstöður kynntar strax og þær liggja fyrir.

[14:27]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Í ljósi þessarar fyrirspurnar langar mig að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra. Svo virðist sem myntkörfulánin séu í raun hrein krónulán en með erlendu viðmiði. Því spyr ég hæstv. viðskiptaráðherra: Telur hann lögmæti slíkra lána hafið yfir allan vafa þegar höfð eru til hliðsjónar lög nr. 38/2001, um vexti og verðbætur? Þar kemur fram að ekki megi miða lán við neitt annað en það sem þar stendur. Því spyr ég hæstv. viðskiptaráðherra: Telur hann lögmæti myntkörfulána hafið yfir allan vafa?

[14:28]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Mér finnst alltaf jafnathyglisvert að heyra hæstv. ráðherra tala um skuldir heimilanna og skuldir fólksins í landinu eins og þær séu svona frekar léttvægar, vel viðráðanlegar eða að ekki þurfi að hafa stórar áhyggjur af þeim, því að þegar safnast saman eru þetta vitanlega stórmál. Miðað við þær tölur sem hæstv. ráðherra upplýsti hér er umfang þessara bílalána vitanlega gríðarlegt.

Það er þó huggun fyrir ráðherra hugsanlega og hæstv. ríkisstjórn að bílainnflutningur hefur dregist mikið saman og um leið lánveitingar í erlendri mynt til bifreiðakaupa. Hins vegar virðast menn horfa fram hjá því að þann gjaldeyri sem við settum í bílakaup áður þarf nú að nýta sem aldrei fyrr í að kaupa lyf, kaupa olíu, kaupa hráefni til framleiðslu á vörum og þess háttar en það er nákvæmlega sá sami gjaldeyrir sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn ætla að nota til að borga af Icesave-lánunum. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig það gangi upp að nota sömu peningana tvisvar í þessu tilviki.

[14:29]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Það er fagnaðarefni að fyrirspurn hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar skuli hafa orðið til þess að nú liggi fyrir í viðskiptaráðuneytinu loksins upplýsingar um þetta gríðarlega mikilvæga mál. Ég held að þessi fyrirspurn hafi líka orðið til þess vonandi að hæstv. viðskiptaráðherra geri sér grein fyrir einni af fjölmörgum villum í eigin málflutningi um Icesave-samkomulagið. Það er deginum ljósara að slík gríðarleg skuldbinding í erlendri mynt, þar sem ekkert kemur á móti, mun veikja gengið. Ein af rökum ráðherrans fyrir því að þau áhrif ættu ekki að vera svo mikil voru þau að eignir á móti væru í erlendri mynt. En hvaða eignir eru þetta? Þetta eru eignir að mestu leyti á Íslandi í erlendri mynt svoleiðis að falli gengi krónunnar verða lánin miklu, miklu hærri og erfiðara að borga. Fleiri lenda í því að geta ekki greitt. Minna skilar sér inn í Landsbankann og svo koll af kolli svoleiðis að þessi rök hæstv. ráðherra eins og svo mörg önnur í þessu máli fá ekki staðist.

[14:31]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Ég held, eftir að hafa heyrt tölur frá hæstv. viðskiptaráðherra loksins um þessi mál, að engan veginn sé hægt að gera lítið úr vandanum. Hann er greinilega mjög yfirgripsmikill. Um 40 þúsund bifreiðaeigendur í landinu skulda í erlendri mynt. Ef ég heyrði tölurnar rétt verja yfir 20% heimila yfir 20% ráðstöfunartekna í að greiða af þessum lánum. Það hefur verið bent á að forsendubrestur varð á lánamarkaði.

Nú langar mig hins vegar að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann sjái ekki rök fyrir því í ljósi þess að verið er að leggja vaxandi byrðar á almenning með skattahækkunum, að við notum tækifærið við endurskipulagningu bankakerfisins og komum til móts með almennum aðgerðum við það fólk sem hefur orðið fyrir þessum forsendubresti og leitað verði allra leiða til þess að minnka afborganir og höfuðstól lána hjá þessu fólki. Það mun hafa örvandi áhrif á hagkerfið og það er svo sannarlega það (Forseti hringir.) sem við þurfum í þessu árferði.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim

sem tóku þátt í þessari umræðu. Svörin bera það með sér að vandi heimilanna vegna bílalána er gríðarlegur.

Í þessu samhengi vil ég benda þingheimi á það sem allir vita að hrunið byrjaði ekki í gær. Við framsóknarmenn lögðum fram tillögur í efnahagsmálum í febrúarmánuði hér á Alþingi sem því miður hafa ekki hlotið mikinn hljómgrunn og í raun hefur staðan versnað dag frá degi síðan þá. Þess vegna kemur mér það á óvart að starfshópur sem á að skoða sérstaklega stöðu þessara einstaklinga sem skulda 115 milljarða kr. skuli fyrst hafa komið saman í gær. Í raun finnst mér að ríkisstjórnin þurfi að fara að slá í til þess að koma til móts við erfiða fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja.

Ég ítreka þá fyrirspurn sem fram kom hér hvort hæstv. ráðherra sjái enga þörf á því að ráðast að vandanum með almennum aðgerðum þannig að við getum farið að lækka skuldir íslenskra heimila því að eins og var bent á hér í umræðunni er verið að auka byrðarnar á heimilin. Það er verið að hækka skattana. Það er mikið atvinnuleysi og skuldirnar hafa hækkað gríðarlega. Þetta dæmi gengur einfaldlega ekki upp að mati okkar framsóknarmanna. Við höfum talað fyrir því um margra mánaða skeið að það þurfi að fara í almennar aðgerðir.

Nú er ég ekki að segja það, frú forseti, að þessir 40.414 einstaklingar sem skulda erlend lán séu allir í mjög erfiðum málum. En ég fullyrði það, frú forseti, að þúsundir einstaklinga af þessum 40.414 sem skulda erlend lán eru í mjög erfiðum málum. Það fólk kallar eftir aðgerðum. Við framsóknarmenn gerum það líka og ég bið því hæstv. viðskiptaráðherra að flýta vinnu (Forseti hringir.) þessa hóps þannig að við getum komið til móts við erfiða stöðu þeirra sem skulda erlend bílalán.

[14:34]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Ég vík fyrst að fyrirspurn Ragnheiðar Ríkharðsdóttur um lögmæti lána í erlendri mynt. Lögfræðingar bæði í viðskiptaráðuneytinu og annars staðar í stjórnsýslunni hafa vitaskuld skoðað það mál. Niðurstaða þeirra er að lánin séu lögmæt. En það er auðvitað ekki framkvæmdarvaldsins að skera úr um það. Ef það réttarágreiningur í máli sem þessu er það dómstóla þannig að ég tel að telji einhverjir að þessi lán séu ólögmæt þá liggi beinast við að dómstólar skeri úr um það. Það er alla vega hvorki á valdi viðskiptaráðuneytisins né annarra arma framkvæmdarvaldsins að gera það.

Síðan var rætt um almennar aðgerðir og þörfina á að koma til móts við fólk með almennum aðgerðum. Að ákveðnu marki get ég tekið undir það. Ég verð þó að ítreka það sem ég hef margoft sagt bæði í þessum ræðustól og annars staðar að þegar mjög er sótt að ríkinu á öllum sviðum verður það að vanda mjög vel hvar það beitir kröftum sínum. Það verður að beita kröftum sínum að þeim sem lakast standa þannig að það er ekki raunhæft að ríkið reyni með einhverjum almennum og mjög dýrum aðgerðum að lækka lán allra.

Hins vegar blasir við að meðal þeirra sem eiga í mestum vanda núna eru þau 11% sem greiða yfir 30% af sínum ráðstöfunartekjum í afborganir og vexti af bílalánum. Sá hópur fellur því vissulega vel að þeirri skilgreiningu að vera markhópur fyrir markvissar aðgerðir sem beinast þá að þeim hópi sérstaklega. Ég á ekki von á öðru en að sá starfshópur sem vikið var að, og kom auðvitað ekki saman í fyrsta sinn í gær eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson virtist telja, muni koma með tillögur að aðgerðum sem hjálpa þeim og hugsanlega þá fleirum einnig.

Umræðu lokið.

Fjármálaráðgjöf á landsbyggðinni.

Fsp. SER, 71. mál. — Þskj. 83.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Á ferðum mínum landið sem fréttamaður fyrr á tíð og frambjóðandi og nú síðast alþingismaður hefur maður oft haft það á tilfinningunni að í þessu landi búi tvær þjóðir, fólk úti á landi sem á síðustu árum hefur haft lítinn aðgang að lánsfé og síðan fólk á höfuðborgarsvæðinu sem hefur haft mun meiri aðgang að lánsfé. Þessa sér stað í sjálfu sér í umræðu í þjóðfélaginu því að á stjórnmálafundum úti á landi er ekki jafnmikið spurt um niðurskurð og skattahækkanir og hér á suðvesturhorninu.

Engu að síður má ætla að vandi fólks sé víða á landinu mjög mikill varðandi afborganir af íbúðum, bílum og öðrum fjárfestingum. Þess vegna langar mig að vita hvort landsmenn allir búi við sömu þjónustu þegar kemur að ráðgjafarþjónustu um fjármál heimila. Reyndar er það von mín að þingsályktunartillaga sem hv. þm. Eygló Harðardóttir flytur og ég hef stutt um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum nái líka fram að ganga. Mig langar að vita hjá hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra hvort landsmenn allir muni sitja hér við sama borð, hvort ráðgjafarþjónusta um fjármál heimilanna verði að mestu bundin við Reykjavík og fólk úti á landi þurfi þá að koma hingað með einhverjum leiðum til Reykjavíkur til þess að afla sér þjónustu á þessu sviði eða hvort horft verði til landsins alls í þessum efnum og komið verði á fót ráðgjafarþjónustu úti á landi og þá hve víða og hvort hún sé yfirleitt komin af stað. Þetta eru mínar spurningar til hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra.

[14:39]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa ágætu fyrirspurn um mjög brýnt mál. Þetta er mál sem við höfum allnokkuð rætt í ráðuneytinu frá því að ég kom þar inn og velt upp ýmsum kostum.

Eins og þingheimur veit hefur þjónusta Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna verið stórefld frá hruni, starfsmannafjöldinn þrefaldaður og áframhaldandi starfsemi stofnunarinnar með þeim hætti sem nú er tryggð út þetta ár. Þetta hefur náðst með ágætu samstarfi við viðskiptabankana og Íbúðalánasjóð og ber að þakka það góða samstarf.

Þjónusta Ráðgjafarstofunnar felst annars vegar í persónulegri ráðgjöf á staðnum en að stórum hluta einnig í ráð-

gjöf í gegnum síma og með rafrænum samskiptum. Sú þjónusta nýtist auðvitað jafnt á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Það hefur einnig fram til þessa verið þannig að póstsendar umsóknir til Ráðgjafarstofu hafa verið teknar fram fyrir umsóknir þeirra sem mæta í viðtöl og landsbyggðin hefur notið góðs af því verklagi þannig að umsóknir utan af landi hafa verið teknar fram fyrir, sérstaklega á þeim tíma þegar biðröð var allnokkur eftir viðtölum á höfuðborgarsvæðinu. Um leið og umsókn berst frá landsbyggðinni er strax haft samband við umsækjanda símleiðis eða með tölvupósti og það hefur verið mjög lítið um kvartanir af landsbyggðinni vegna þessa fyrirkomulags.

Við höfum hins vegar verið að horfa til þess hvernig við getum eflt þjónustu við landsbyggðina. Við höfum til dæmis velt upp þeim möguleika að nota bankaútibú í því sambandi. Það er hins vegar sá galli þar á að hlutleysi Ráðgjafarstofunnar er mikilvægt og tryggja þarf að ekki sé litið svo á að hún sé að ganga erinda lánveitenda fremur en skuldara. Þess vegna höfum við átt nokkuð erfitt með að vinna frekar þá hugmynd alla vega nú fyrst um sinn. Við höfum verið að fara yfir þetta með sveitarfélögum og þá einkanlega þremur stærstu vaxtarsvæðunum á landsbyggðinni. Það eru kannski þrjú sveitarfélög sem hægt er að segja að séu í nokkuð sérstakri stöðu ásamt höfuðborgarsvæðinu. Það er Akureyri, það er Hérað og Fjarðabyggð þar sem umsvifin hafa verið mest á undanförnum árum og þar af leiðandi skuldsetning mest. Þess vegna má segja að vandinn hjá fjölskyldum á þessum svæðum sé almennt meiri en annars staðar á landinu einfaldlega vegna þess að góðærið skilaði sér ekki til landsbyggðarinnar með sama hætti og það skilaði sér í ofþenslunni á höfuðborgarsvæðinu og kannski á þessum vaxtarsvæðum. Blessunarlega hefur fólk því ekki skuldsett sig í eins miklum mæli á svæðunum utan þessara þriggja svæða, á landsbyggðinni.

Við höfum verið í viðræðum við forsvarsmenn þessara þriggja sveitarfélaga um sérstakar lausnir þar. Bæjarstjórar tveggja þeirra hafa viðrað við mig nokkrar hugmyndir,. Ég bíð enn eftir formlegu erindi frá þeim. Þeir eru að útfæra hugmyndir sem þeim eru þóknanlegar og hafa um það samráð sín á milli. Við munum auðvitað fara vandlega yfir þær þegar þær koma fram.

Að öðru leyti hefur málafjöldinn ekki verið slíkur að við höfum talið forsvaranlegt að setja upp nýjar útstöðvar. En auðvitað þurfum við að hafa það til stöðugs endurmats og stöðugrar endurskoðunar. Því er heldur ekkert á móti mælt að við hljótum að horfa þá til þess ef á þarf að halda að bæta enn frekar í að leita samstarfs við bankana á þeim svæðum þá þar sem frekari aðgerða væri þörf. En ég ítreka að ekkert er fast í hendi í þessum efnum. Við tókum þá ákvörðun á sínum tíma að auka mjög umsvif Ráðgjafarstofunnar til þess að mæta tímabundnu álagi. Við vitum ekkert hvernig hið tímabundna álag mun þróast á næstu mánuðum og við munum einfaldlega hafa viðbúnaðinn til stöðugs endurmats og reyna að tryggja öllum landsmönnum góða og tímanlega þjónustu.

[14:44]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni fyrir þessa ágætu fyrirspurn. Ég óttast því miður að þau tímabundnu vandræði sem hæstv. ráðherra talaði hér um áðan eða þær tímabundnu lausnir verði eitthvað aðeins meira en tímabundnar en ég skildi orð hans þannig að þá yrði það bara skoðað og lengt í ef á þyrfti að halda og fagna því mjög. Ég fagna því líka að Ráðgjafarstofan skuli hafa verið efld.

Það er nú einu sinni þannig að úti á landi eru ýmsar ríkisstofnanir sem að mínu viti gætu verið vel til þess fallnar að taka að sér einhvers konar þjónustu sem þessa, jafnvel stofnanir sem heyrst hefur — nota bene, ég vil nota þau orð — heyrst hefur að standi jafnvel til að breyta. Þar á ég við skattstofur, sýslumenn og annað þar sem ríkið er nú að reka þó nokkuð stór batterí. Hugsanlega mætti nota þá sérfræðiþekkingu sem þar er eða jafnvel — hugsanlega þarf einhvers staðar að bæta við — en alla vega nota þessar stofnanir til þess að taka að sér verkefni sem þessi að einhverju leyti. Það þurfa ekki endilega að vera bankarnir.

[14:45]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel mjög mikilvægt að slík ráðgjafarþjónusta skili sér til landsbyggðarinnar. Það er brýn þörf á því alveg jafnt og á höfuðborgarsvæðinu þó að bankahrunið hafi kannski ekki komið alveg með sama hætti við landsbyggðina vegna þess að veðhæfni eigna er ekki söm þar eins og var komið inn á hjá hæstv. félagsmálaráðherra, en hann nefndi að það væri verið að skoða að setja upp útibú á Fjarðabyggð, Akureyri og Egilsstöðum. Ég vil minna hann á Ísafjarðarbæ og ég vil benda á að það mætti skoða að fara í samstarf við verkalýðsfélögin. Það væri hægt að nýta verkalýðsfélög og þjónustu sem þau bjóða upp á og kanna möguleika á þessu samstarfi. Mér finnst að ef menn eru að fara með þessa þjónustu inn í bankana að þá sé það of skylt og ég bendi hæstv. félagsmálaráðherra (Forseti hringir.) á að skoða samstarf við verkalýðsfélögin.

[14:47]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir þessa fyrirspurn. Ég tel að það sé mikilvægt að efld verði öll ráðgjafarþjónusta gagnvart þessu bankahruni og erfiðleikum heimilanna um allt land en að þjónustan sé ekki einskorðuð við höfuðborgarsvæðið. Ég vil líka taka undir sérstaklega það sem hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir sagði áðan að það er svolítið hrópandi þegar ráðherrann nefnir svæði sem hugsanlega kæmu til greina — það voru nefnd Hérað, Fjarðabyggð og Akureyri — maður spyr sig hvort ekki sé hægt að hafa einn stað kannski fyrir austan í staðinn fyrir tvo og setja þá eitthvað upp kannski líka fyrir vestan. Suðurlandið var heldur ekki nefnt hérna. Ég bendi ráðherra á að líta beri á landið í heild að þessu leyti. Ég hef ekki sterka skoðun á því hvar eigi að koma þessu fyrir. Hér hafa verið nefnd verkalýðsfélögin, sýslumenn eða hugsanlega aðrar stofnanir. Bankarnir eru skárri en ekkert. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra haldi áfram að skoða þessi mál með jákvæðum hætti.

[14:48]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Við erum eins og fyrr og síðar að ræða um þann endalausa ósið ríkisvaldsins að þegar nýrri starfsemi er komið á fót er hún sett niður umhugsunarlítið á höfuðborgarsvæðinu og síðan þarf að taka það mál sérstaklega upp þegar menn velta því fyrir sér hvort það eigi að staðsetja álíka þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins.

Það er alveg rétt sem hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra sagði að auðvitað er verið að reyna að sinna þörfum fólksins á landsbyggðinni í gegnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og það er örugglega gert með vönduðum og góðum hætti. En þetta er, eins og hæstv. ráðherra sagði, miðlæg þjónusta. Hún er rafræn. Þess vegna er þetta þjónusta af því taginu sem vel má koma fyrir á landsbyggðinni. Ég eins og aðrir þingmenn hér hvet hæstv. ráðherra til að endurskoða þessi mál með það fyrir augum að færa þessa starfsemi út á landsbyggðina. Ég vil í því sambandi sérstaklega vekja athygli á starfsemi sýsluskrifstofanna sem eru úti um allt land, sem eru umboðsmenn framkvæmdarvaldsins í héraði og eru sérstaklega vel til þess fallnar að halda utan um svona þjónustu. Á sama tíma og talað er um að veikja þjónustu sýslumannanna úti á landi eins og boðað hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) þá væri eðlilegra að styrkja hana með því að færa þessi verkefni út til sýsluskrifstofanna.

[14:49]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra fyrir ágætissvör. Ég fagna því að hann gerir sér grein fyrir stöðu mála, að það þarf líka að vera með fjármálaráðgjöf úti á landsbyggðinni og eins og hann talaði áðan þá bind ég vonir við að hann muni verða við því.

Mig langar að vekja máls á einu atriði. Það er að ég tel mjög mikilvægt að þessi ráðgjafarþjónusta úti á landsbyggðinni verði efld vegna þess að eins og við vitum liggur fyrir nýtt frumvarp um sparisjóðina og þá held ég að mikil þörf verði fyrir fjárhagsaðstoð hjá mörgum heimilum og fjölskyldum úti á landi. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hafa bent á lausnir, hvort heldur þær verða hjá verkalýðsfélögunum eða sýslumönnum. Það er hægt að styðja. En fyrst og fremst er mikilvægt að ráðherrann fylgi þessu eftir þannig að þetta verði með þeim hætti að allir sitji við sama borð.

[14:51]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn og umræðuna sem hér hefur átt sér stað einmitt um þjónustu Ráðgjafarstofu heimilanna sem er gríðarlega mikilvæg og hefur gagnast vel í þeim vandræðum sem hér hafa verið.

Ég kem upp til að taka þetta mál örlítið lengra fram í tímann vegna þess að ég held að í þeirri uppstokkun sem nú eigi sér stað sé einmitt mikilvægt að við reynum að hugsa upp á nýtt þjónustu ríkis og sveitarfélaga sameiginlega út um allt land þannig að við reynum jafnvel að fá sveitarfélögin og ríkið til að sameinast um þjónustumiðstöðvar þannig að þær verði mun víðar en jafnvel hjá sýslumönnum og búum þannig á einum stað í hverju sveitarfélagi til þjónustumiðstöðvar sem taka að sér svona verkefni hvort sem þau eru tímabundin eða til lengri tíma og sinna þeirri þjónustu sem nauðsynleg er fyrir sveitarfélög og ríki. Þetta ættu sveitarfélögin að taka upp núna í samstarfi við ríkið í sambandi við alla þessa uppstokkun til að hagræða en samtímis til að efla þjónustuna á landsbyggðinni vegna þess að við getum aldrei sætt okkur við annað en að landsbyggðin sitji við sama borð og Reykvíkingar hvað varðar almenna þjónustu.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Sigmundur Ernir Rúnarsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur verið uppbyggjandi og málefnaleg og þeim sem hér hafa staðið í pontu til fyrirmyndar.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson ræddi um þann ósið sem tíðkast í þjónustu ríkisins og hefur verið við lýði um langt árabil að mínu viti og væntanlega hans, að þjónustustigið byrjar í Reykjavík og fer síðan út um landið ef með þarf, nánar tiltekið ef fólk kvartar nógu mikið. Að mínu viti hefur ríkisvaldinu og hinu opinbera tekist að búa til tvær deildir — að vísu ekki kenndar við neitt fyrirtæki enn þá — en það eru fyrsta deild og önnur deild í þjónustu hins opinbera. Þetta á að heita ólíðandi á mannamáli vegna þess að við erum öll að borga sömu skattana og skyldurnar til hins opinbera og eigum að fá í samræmi við það sömu þjónustuna hvar svo sem við búum.

Ég met hins vegar svar hæstv. ráðherra og tek eftir því að þjónustan er eðlilega í samræmi við þarfirnar og það hefur verið skoðað vel að koma til móts við þær þarfir. Jafnframt tek ég undir það sem hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson sagði að fljótlega mun væntanlega koma á borð til okkar vandi sparisjóðsfólks víða um landið og það þarf að taka á honum.

Hér hafa komið margar góðar hugmyndir fram og ég vænti þess að hæstv. ráðherra taki þær til skoðunar, hvort heldur menn hafi rætt um aðkomu sýslumanna, skattsins, verkalýðsfélaga eða það sem nefnt var undir restina, samstarfs ríkis og sveitarfélaga sem ég held að sé af hinu góða og geti komið mjög að gagni.

[14:54]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar góðu umræður og góðu ábendingar sem fram hafa komið. Sú ábending sem hér kom fram um sýslumenn er þeim annmörkum háð að sýslumenn eru eðli málsins samkvæmt vanhæfir í að aðstoða skuldara vegna þess að þeir eru innheimtumenn ríkisins og fólk í alvarlegum greiðsluvanda er almennt í skuld við hið opinbera. Þá þurfa sýslumenn að bera tvo hatta og það er aldrei gott. Og alveg eins og við viljum ekki fórna hlutleysi Ráðgjafarstofunnar gagnvart bönkunum þá er það eins með sýslumenn að það verður þá að létta af þeim þessu hlutverki eða koma umboðshlutverkinu í héraði fyrir með öðrum hætti. Þar vil ég sérstaklega nefna að í stjórnarsáttmála er gert ráð fyrir sameiningu stofnana sem undir fé-

lagsmálaráðuneytið heyra á sviði velferðar og vinnumála. Auðvitað skapar það ákveðið tækifæri fyrir samvinnu við sveitarfélögin og félagsþjónustu sveitarfélaga á hverjum stað með það að markmiði að verja betri opinbera þjónustu á litlum stöðum þar sem hægt væri að samþætta félagsþjónustu sveitarfélaganna og erindrekstur ríkisins sem nú er í höndum Tryggingastofnunar, Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits. Þar með væri komin stofnun sem gæti verið með mjög víðfeðmt net og þjónað út um land með jákvæðum hætti. Þangað til við komumst lengra í slíkum hugleiðingum munum við auðvitað bara halda áfram að vinna þetta mál með þeim hætti sem hér hefur verið lýst. Það er mjög gott að heyra ábendingar um samninginn við verkalýðsfélög. Ég ítreka það að við byggjum þjónustuna eftir því sem þörfin verður ljósari. Við erum tilbúin til samstarfs við öll sveitarfélög sem þess óska um þá þjónustu sem sveitarfélögin telja að þurfi að gerast og við erum tilbúin að leita samstarfs við hvern aðila sem er til að veita þjónustu eftir því sem þörf er á.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 14:56.

---

32. FUNDUR

miðvikudaginn 1. júlí,
að loknum 31. fundi.

Dagskrá:

1. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 85. mál, þskj. 97, nál. 205 og 210, brtt. 206 og 211. — 2. umr.
2. Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 199. — 2. umr.
3. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 14. mál, þskj. 14, nál. 193. — 2. umr.
4. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 197, brtt. 198. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Bjarnason sjútv.- og landbrh., 2. þm. Norðvest.
Katrín Jakobsdóttir menntmrh., 2. þm. Reykv. n.
Pétur H. Blöndal, 7. þm. Reykv. n.
Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.
Svandís Svavarsdóttir umhvrh., 3. þm. Reykv. s.
Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. þm. Suðurk.

[14:58]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 85. mál, nál. minni hluta viðskn., þskj. 210; brtt. EyH, þskj. 211.

Fjármálafyrirtæki, 2. umr.

Stjfrv., 85. mál (sparisjóðir). — Þskj. 97, nál. 205 og 210, brtt. 206 og 211.

[14:59]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta hv. viðskiptanefndar um 85. mál. Nefndarálitið er að finna á þskj. 205 og breytingartillögur á þskj. 206 í fimm tölusettum liðum.

Ég vil í upphafi geta þess að nefndin fékk þetta mál til umfjöllunar 9. júní sl. og hefur fjallað um það á sjö fundum, hefur fengið upp undir tvo tugi gesta og ein 16 skrifleg álit.

Megintilgangur þessa frumvarps, yfirlýstur tilgangur, er að auðvelda sparisjóðunum að afla sér nýs stofnfjár, m.a. frá ríkissjóði á grundvelli heimilda í 2. gr. neyðarlaganna, nr. 125/2008, en nauðsynlegt er talið að veita lagaheimild til þess að lækka núverandi stofnfé til að mætt verði taprekstri síðustu ára og á þann hátt gert mögulegt að jafna varasjóð sparisjóðsins. Um þetta fjallar 7. gr. þessa frumvarps sem var eðlilega sú sem mest var um rætt í nefndinni og í þeim umsögnum sem til hennar bárust.

Það er talið ólíklegt að nýir aðilar hafi hug á því að leggja fram nýtt stofnfé við óbreyttar aðstæður, þegar sú staðreynd blasir við að víða er varasjóður sparisjóðsins uppurinn og jafnvel orðinn neikvæður, þ.e. að bókfært stofnfé er orðið hærra en annað eigið fé.

Það er ljóst að sparisjóðirnir fóru ekki varhluta af bankahruninu sl. haust og þá varð strax ljóst og reyndar mörgum fyrir þann tíma, að sparisjóðirnir voru í miklum kröggum. Neyðarlögin tóku því einnig til sparisjóðanna eins og ég nefndi áðan, í 2. gr., þar sem veitt er heimild til þess að ríkið komi inn með því að leggja allt að 20% eigið fé í sjóðina til þess að endurreisa þá. Í kjölfar neyðarlaganna hófst undirbúningur að því að ríkið endurfjármagnaði sparisjóðina á þeim grunni sem 2. gr. neyðarlaganna segir til um og tilgangurinn var, eins og núna, að endurreisa, viðhalda og treysta sparisjóðakerfið í landinu. Það voru settar reglur um þessa aðkomu ríkisins 18. desember 2008 en þær hafa ekki enn náð tilætluðum árangri. Því er talið nauðsynlegt að breyta nú lögum um sparisjóði, þ.e. VIII. kaflanum í lögunum um fjármálafyrirtæki sem fjallar um sparisjóði, eins og frumvarpið gerði ráð fyrir.

Það er rétt að geta þess hér að staða sparisjóðanna í árslok sl., 2008, reyndist jafnvel enn verri en talið hafði verið og það sem af er þessu ári hefur einn af stærstu sjóðunum, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, farið í slitameðferð.

Í upphafi máls míns vil ég nefna þá hagsmuni sem hér um ræðir fjárhagslega fyrir ríkið, ég mun koma að hinum samfélagslegu hagsmunum og hagsmunum þess að halda uppi fjölbreyttum fjármálamarkaði síðar í máli mínu. Vert

er að hafa í huga að í sparisjóðum voru um síðustu áramót 248 milljarðar kr. í innlánum og er þá ekki talið það sem var í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sem, eins og ég sagði áðan er kominn í slitameðferð, og heldur ekki það fé sem var í Sparisjóði Mýrasýslu, sem komið er inn í Nýja Kaupþing. 248 milljarðar er það fé sem ríkissjóður hefur ábyrgst að standa skil á, verja innlán samkvæmt neyðarlögunum, og því er mikið í húfi að vel takist til og að sparisjóðakerfið lifi þessar hremmingar af þannig að innlánin megi vera trygg og ávaxtast.

Eins og ég sagði áðan er nefndarálit meiri hluta viðskiptanefndar að finna á þskj. 205. Í öðrum kafla þess á bls. 2 er fjallað um félagaform sparisjóða en í 2. gr. frumvarpsins er að finna skýr skilgreiningu á því hvað sparisjóður sé. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sparisjóður er sjálfseignarstofnun sem starfar sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum þessum.“

Í þessari grein er enn fremur skýrt fram tekið að stofnfjáreigendur eigi ekki hlutdeild í öðru eigin fé sparisjóðsins en bókfærðu stofnfé og að þeir beri ekki fremur en fyrr, miðað við núgildandi lög, ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsins umfram stofnfé sitt. Í núgildandi lögum, 63. gr., er að finna samsvarandi ákvæði en þar segir reyndar að stofnfjáreigendur beri ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsins umfram eigið stofnfé. Í þessari grein er einnig tekið fram að um sparisjóði gildi lög um fjármálafyrirtæki og lög um hlutafélög þegar þeim sleppir eftir því sem við á.

Með þessu frumvarpi er tekin úr lögum heimild til þess að breyta sparisjóðum í hlutafélög. En í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sparisjóður sem starfar sem hlutafélag við gildistöku laganna, verði þetta frumvarp að lögum, geti notað heitið „sparisjóður“ í firmanafni sínu. Meiri hlutinn leggur til að þetta ákvæði verði fellt brott þannig að þeim sparisjóðum sem hefur verið breytt í hlutafélög verði það ekki heimilt. Ástæðan er sú að meiri hlutinn telur það villandi fyrir neytendur að fjármálastofnun sem hefur horfið frá þeim grunnþáttum sem lagðir eru í hugtakið sparisjóður noti samt heitið eftir sem áður í firmanafni sínu. Leggur meiri hlutinn því til að 4. mgr. 2. gr. falli brott.

Þá leggur meiri hlutinn einnig til breytingar á 1. mgr. 2. gr. í þá veru að undanskilja einnig ríkissjóð reglum um lágmarksfjölda stofnfjáreigenda, en ákvæði um að 30 stofnfjáreigendur skuli til að stofna sparisjóð er að finna í þeirri grein. Undantekningar eru sem sagt sveitarfélög, undanþegnir eru sparisjóðir sem eru í eigu annars sparisjóðs eða meirihlutaeigu eins eða fleiri sveitarfélaga og við leggjum til að það verði einnig hvað varðar ríkissjóð. En ákvæði sem fyrir voru í lögunum um sveitarfélagasparisjóði eru með frumvarpi þessu tekin úr lögunum.

Það hefur nokkuð verið rætt um að staða sparisjóðanna, félagsréttarlega, sé ekki skýr en meiri hlutinn telur að með 1. mgr. 2. gr. og því sem þar á eftir kemur sé þetta skýrt og bendir á í nefndaráliti að þegar sett voru lög um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri á 123. löggjafarþingi, 135. mál, var hugtakið sjálfseignarstofnun ekki skilgreint sérstaklega. Í því frumvarpi var í greinargerð látið nægja að vísa til sameiginlegra einkenna þeirra, svo sem að hafa tiltekið stofnfé, ráða yfir fjármagni, starfa samkvæmt sérstökum samþykktum og hafa skipaða stjórn sem starfi sjálfstætt. Er meiri hlutinn, eins og ég sagði áðan, sáttur við að hér sé tekið af skarið hvað varðar félagaformið.

Það er nýmæli í þessu frumvarpi að hér er í fyrsta sinn kveðið á um samfélagslegt hlutverk sparisjóða og áskilið að í stofnsamþykktum skuli um það fjallað og þar tekið fram hverjar eru helstu áherslur sparisjóðs varðandi samfélagslegt hlutverk hans. Meiri hlutinn gerir engar breytingartillögur við þetta, ég nefndi þetta einungis hér til þess að árétta það nýmæli sem þarna er að finna.

Í 6. gr. frumvarpsins er framsal og önnur ráðstöfun stofnfjárhlutar í sparisjóði heimil án takmarkana þannig að það má selja stofnhluti í sparisjóði. Ef þeir eru seldir umfram nafnverð ber að setja yfirverðið sem þar með fæst í sérstakan yfirverðsreikning sem telst með óráðstöfuðu eigin fé sparisjóðs. Þetta er annað nýmæli og ég get þessa aðeins hér, það er ekki þannig að gerðar séu breytingartillögur við þetta.

En það er 7. gr., eins og ég nefndi áðan, sem fékk mesta umfjöllun í nefndinni, en þar er mælt fyrir um heimild til þess að færa niður stofnfé. Þetta ákvæði er nýmæli og það er rétt að árétta að það er ekki skylt að færa niður stofnfé, í ákvæðinu felst aðeins heimild til slíkrar niðurfærslu. Það verður að telja mikilvægt að stofnfjáreigendur ráði yfir slíkri heimild til þess að geta brugðist við ef bókfært stofnfé verður hærra en eigið fé. Samkvæmt greininni er eingöngu heimilt að lækka stofnfé til að lækka tap sem verður ekki jafnað á annan hátt og er þar með óheimilt að lækka stofnfé af öðrum ástæðum svo sem að það er óheimilt að endurgreiða eða greiða stofnfé út til stofnfjáreigenda, innleysa það með þeim hætti. — En eins og ég sagði, samkvæmt 6. gr. er heimilt að selja stofnfjárhlut án takmarkana.

Sparisjóðirnir, eins og ég sagði áðan, fóru ekki varhluta af bankahruninu og í 2. gr. neyðarlaganna er mælt fyrir um heimild fjármálaráðherra til að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans miðað við árslok 2007. Hér mun vera um ríflega 21 milljarð kr. að ræða, 21,5 milljarð kr. ef ég veit rétt.

Í neyðarlögunum er reiknað með því að ríkissjóður fái stofnfjárbréf eða hlutabréf í sparisjóðnum — því þetta ákvæði tekur jafnt til bæði hlutafélagasparisjóða og stofnfjársparisjóða — að ríkissjóður fái stofnfjárbréf eða hlutabréf í sparisjóðnum sem endurgjald í samræmi við eiginfjárframlag sitt. Fjárhæð útgefinna stofnfjárhluta til ríkissjóðs skuli nema að nafnvirði sömu upphæð og það fjárframlag sem innt er af hendi og skal það stofnfé njóta sömu stöðu og aðrir stofnfjárhlutir í viðkomandi sjóði.

Ég vil vekja athygli á því sem segir í 5. málslið 2. gr. neyðarlaganna:

„Þegar um er að ræða sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki skal hið nýja hlutafé nema sama hlutfalli gagnvart öðru útgefnu hlutafé og fjárframlagið er í hlutfalli við bókfært eigið fé félagsins. Ákvæði þetta tekur jöfnum höndum til stofnfjársparisjóða og þeirra sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga þessara eftir því sem við á.“

Í neyðarlögunum er því gert ráð fyrir því að stofnfé sjóðanna verði fært að raunvirði. Með frumvarpi þessu er í

rauninni verið að útfæra texta neyðarlaganna betur og skýra hann umfram það sem gert var í reglum um framlag til sparisjóða frá 18. desember 2008 sem settar voru á grundvelli þessarar greinar.

Ég rakti það áðan að afkoma sparisjóðanna hefur síst batnað frá því að neyðarlögin voru sett. Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir sparisjóði og í nefndaráliti meiri hlutans kemur fram að a.m.k. tveir hafi sótt um framlag úr ríkissjóði á grundvelli laga nr. 125/2008 en nýrri upplýsingar sem ég hef eru að þeir muni vera í það minnsta sex talsins.

Staða sparisjóðanna er því erfið og margir hafa þörf fyrir að auka stofnfé sitt til þess að styrkja eiginfjárgrundvöll og rekstrarhæfi, hvort sem nýtt stofnfé kæmi þá frá ríkinu, sveitarfélögum eða öðrum aðilum sem vildu styrkja rekstur þeirra. Það verður ekki fram hjá því horft að margir sparisjóðir hafa á síðustu árum hækkað stofnfé sitt og greitt stofnfjáreigendum ríflegan arð og í þeim tilfellum hefur verið gengið á varasjóði sparisjóðanna. Vegna taprekstrar á síðasta ári og þessara arðgreiðslna er nú svo komið að varasjóðir margra sparisjóða eru uppurnir og jafnvel orðnir neikvæðir, og við þær aðstæður, eins og ég sagði áðan, verður að telja ólíklegt að nýir aðilar séu tilbúnir til þess að leggja fram stofnfé. Auk þess má gera ráð fyrir því að skilyrði fyrir fjárframlagi ríkisins, skv. 2. gr. neyðarlaganna, sé að varasjóður sé ekki neikvæður.

Eitt af markmiðum þeirra breytinga sem lagðar eru til í lögum um fjármálafyrirtæki með þessu frumvarpi er að auðvelda sparisjóðunum að sækja sér nýtt stofnfé. Til þess að þeir geti það er nauðsynlegt að þeir geti lækkað núverandi stofnfé til þess að mæta taprekstrinum. Með þeirri aðgerð, að lækka stofnfé, væru stofnfjáreigendur að taka á sig tap sparisjóðsins frá síðasta ári að því leyti sem það er umfram varasjóð. Miðað við gildandi löggjöf um sparisjóði er ekki talin heimild til að lækka stofnfé og því er í frumvarpinu ákvæði sem veitir stjórn sparisjóðsins heimild til þess í 7. gr.

Þess misskilnings hefur gætt að þessu ákvæði yrði beitt á þann veg að stofnfé yrði skrifað niður á einu bretti í öllum sparisjóðum á landinu, jafnvel niður úr öllu valdi, niður í núll. Alla vega höfum við heyrt þann misskilning hjá gestum sem komu fyrir nefndina, að menn töldu að það ætti að skera jafnt niður, færa stofnféð jafnt niður í öllum sjóðunum. Þetta er eins og ég nefndi misskilningur, samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin aflaði sér hjá fjármálaráðuneytinu sem fer með samningaviðræður við sparisjóðina um aðkomu að þeim á grunni neyðarlaganna.

Það er mikilvægt að stofnfjáraukning sparisjóðanna fylgi almennum jafnræðisreglum og útfærslan sem mælt er fyrir í frumvarpinu tekur, eins og ég hef margítrekað, mið af því að komi fé úr ríkissjóði inn í sparisjóðinn verði að lækka stofnfé í sjóðunum. Fyrir nefndinni kom fram að framkvæmdin yrði á þann veg í þeim tilfellum þar sem framlag ríkisins dugir til að koma eiginfjárhlutfalli sparisjóðs upp fyrir 12%, að þá ráðist vægi eldra stofnfjár og nýs stofnfjár að nafnverði eigin fjár sem fyrir er ásamt síðan niðurstöðum áreiðanleikakönnunar og nýs stofnfjár en í þeim tilvikum að framlag frá ríkissjóði dugar ekki til að koma eiginfjárhlutfalli sparisjóðs upp fyrir 12% þarf að grípa til frekari ráðstafana sem felast m.a. í því að fjölga stofnfjáraðilum þ.e. fá aðra, fá nýja stofnfjáraðila auk ríkisins inn í sjóðinn. Einnig að kröfuhafar afskrifi skuldir, þeir lengi í lánum og breyti lánum í víkjanleg lán eða stofnfé og að stofnfé sé lækkað. Í slíkum samningum koma margir að borðinu og þá yrði lækkun stofnfjár byggð á viðskiptalegum forsendum þar sem allir sem að þessum samningum koma þurfa að vera samþykkir þeim aðgerðum sem gripið er til til að bjarga viðkomandi sparisjóði.

Ég vil geta þess í þessu sambandi að ríkissjóður mun eiga kröfu upp á um 12,5 milljarða kr. á sparisjóðina vegna endurhverfra viðskipta þeirra við Seðlabanka Íslands. Fyrir nefndinni kom fram að þessar kröfur væru hluti af lausninni á vanda sparisjóðanna með þeim hætti að ýmist væri hugsanlegt að þessum kröfum gæti verið breytt í stofnfé eða þeim yrði breytt í lán á sama grunni og kröfum ríkissjóðs á VBS og Saga Capital fyrr í vetur var breytt í lán.

Það sem ég er að leggja áherslu á er að staða hvers sparisjóðs fyrir sig verði metin. Það er mikilvægt að það verði gert og að það er því misskilningur að fyrirhugað sé að skrifa stofnfé í öllum sparisjóðum í landinu niður í eitthvert tiltekið hlutfall. Það kom einnig fram fyrir nefndinni að það er ekki ætlunin að skrifa stofnfé niður í núll, afskrifa það algerlega, og ráðuneytið telur, eins og reyndar kemur síðar fram í nefndaráliti meiri hlutans, að það séu fólgin verðmæti, eiginleg verðmæti í því að núverandi stofnfjáreigendur í sparisjóðunum verði áfram viðskiptamenn og stofnfjáreigendum í sjóðunum.

Í nefndarálitinu er í þessu sambandi hvað varðar lækkun stofnfjár vísað til umsagnar Sambands íslenskra sparisjóða en þar segir, með leyfi forseta:

„Við gerum ráð fyrir að í þeirri fjárhagslegu endurskipulagningu og aðkomu ríkisins sem er fram undan hjá sparisjóðunum muni vera nauðsynlegt að lækka stofnfé.“

Meiri hlutinn leggur til breytingartillögu við umrædda 7. gr. að því er varðar reglur um fundarboðun. Þetta er smáatriði sem ég vil þó geta en við töldum rétt að reglur um fundarboðun þegar á að lækka stofnfé væru sambærilegar þeim sem eru í 6. gr. frumvarpsins um boðun funda þegar á að fækka stofnfé. Ég hygg að flestir geti verið sammála um þetta, að boðunarfresturinn verði tvær vikur.

8. gr. frumvarpsins fjallar um ráðstöfun hagnaðar. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því að 50% af hagnaði yrði læst inni í sparisjóðunum sem varasjóður til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni en síðan var gert ráð fyrir að aðeins yrði heimilt að greiða arð þegar hagnaður hefði verið á rekstri sparisjóðsins í 5 ár. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að ráðstöfun arðs verði ekki miðuð við hagnað síðustu 5 ára og enn fremur að arðgreiðslan verði ekki takmörkuð við meðaltal hæstu almennra innlánsvaxta auk 8 prósentustiga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn telur að svo þröngar heimildir til greiðslu arðs geti komið í veg fyrir að nýtt stofnfé komi inn í sparisjóðina en meiri hlutinn telur mikilvægt að svo verði. Því eru lagðar til breytingar í þessa veru á þskj. 206. En ég vil vekja athygli á því að eftir stendur óbreytt, þegar búið er að fella niður að það megi ekki greiða út arð, þ.e. búið að fella niður þessa 5 ára kröfu og almennu sparisjóðavaxtakröfuna auk álags, það nýmæli sem er í þessum lögum sem nauðsynlegt er talið að ekki geti komið til arðgreiðslna úr sparisjóði þar sem varasjóður

er neikvæður. Það er mjög mikilvægt atriði í okkar huga.

Markmið þeirra breytinga sem meiri hlutinn leggur til á 8. gr. eru að auka möguleika á því að nýtt stofnfé komi inn í sparisjóði, þ.e. að það verði talinn vænlegur fjárfestingarkostur að leggja fé inn í sparisjóði. Við teljum að með því að fella brott þær hömlur sem ég nefndi felist hvati til þess að gerast stofnfjáreigandi. Í nefndarálitinu neðst á bls. 4 er vikið að því sem ég nefndi áðan, að það sé mikilvægt að eigendur stofnfjár komi komi að endurreisn sjóðanna enda felist mikilvægir viðskiptalegir hagsmunir í því að tryggja áframhaldandi viðskipti þeirra og hlutverk þeirra í endurreisn sjóðanna.

Í 9. gr. er fjallað um samstarf sparisjóða en nokkrar deilur hafa staðið milli Samkeppniseftirlitsins og sparisjóðanna um það. Það er hefð fyrir slíku samstarfi og ljóst að sparisjóðirnir leggja mikla áherslu á að kveðið verði skýrt á um slíkar heimildir í lögum til að auðvelda sparisjóðunum þátttöku í samkeppni við stærri fyrirtæki á fjármálamarkað. En í 1. mgr. 9. gr. er áréttað að slíkt samstarf skuli fara fram á almennum viðskiptalegum forsendum.

Í nefndaráliti meiri hlutans er vakin athygli á því að sparisjóðir eru af öðru tagi en viðskiptabankar og til að geta keppt við þá er mikilvægt að þeir geti unnið saman að verkefnum sem ekki snúast beint um samskiptin við viðskiptavini. Við vísum til umsagnar Seðlabanka Íslands um að 9. gr. frumvarpsins sé til þess fallin að styrkja rekstrargrundvöll sparisjóðanna.

Við leggjum til þrenns konar breytingar á þessu ákvæði. Í fyrsta lagi er lagt til að við 1. mgr. bætist orðin „meðal annars“ í því skyni að veita svigrúm til þess að fleira falli undir greinina en orðalag hennar gefur til kynna, þ.e. að upptalning verkefna í 1. mgr. verði ekki tæmandi eins og getið er í athugasemdum með ákvæðinu. Í öðru lagi er lagt til í tillögum Sambands sparisjóða, að „greining“ bætist við upptalningu í e-lið 1. mgr. Í þriðja lagi er lagt til breytt heiti greinarinnar. Lagt er til að hún beri fyrirsögnina „Samstarf sparisjóða“ og vegna þessa eru lagðar til orðalagsbreytingar á 2. mgr.

Frú forseti. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi sparisjóðanna sem hluta af fjármálaumhverfinu hér á landi. Við teljum að verði þetta frumvarp og þær breytingar sem ég hef mælt fyrir að lögum hafi verið vörðuð leið til að nýta heimildir ríkissjóðs til endurfjármögnunar sparisjóða samkvæmt neyðarlögunum og búið í haginn fyrir það að vænlegt þyki að gerast stofnfjáreigandi sparisjóðs og vonast meiri hlutinn til að nýtt stofnfé komi inn í sparisjóðina annars staðar en úr ríkissjóði.

Við því var hreyft, frú forseti, við meðferð málsins í nefndinni að borið hefði á því að það skorti gagnsæi í sparisjóðaumhverfinu, t.d. um það hverjum gæfist kostur á að gerast stofnfjáreigendur. Meiri hlutinn bendir á þrennt í frumvarpinu sem kemur til móts við slíkar athugasemdir. Í fyrsta lagi er í 2. mgr. 4. gr. ákvæði um að færð skuli skrá yfir stofnfjáreigendur sem skal aðgengileg öllum en í núgildandi lögum er slík skrá aðeins aðgengileg stofnfjáreigendum. Í öðru lagi er í 3. mgr. 6. gr., eins og ég nefndi fyrr, mælt fyrir um heimild til að framselja stofnfjárhluti í sparisjóði án takmarkana.

Í þriðja lagi er mælt fyrir um að sparisjóðir setji sér reglur um viðskipti með stofnfé, samkvæmt 6. gr., og skal Fjármálaeftirlitið staðfesta þær. Reikna verður með að í slíkum reglum verði tryggt jafnræði þannig að allir sem þess óska geti keypt stofnfé.

Frú forseti. Auk þeirra breytingartillagna sem fjallað er um í nefndaráliti vil ég geta tveggja til viðbótar. Það er liður 1 og 2 í breytingartillögum á þskj. 206 en það láðist að setja skýringar um þær í nefndarálitið. Skýringarnar eru sem hér segir, frú forseti. Til viðbótar við þær breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar sem getið er um í áliti meiri hlutans eru lagðar til breytingar á 4. mgr. 28. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 42. gr. laganna vegna ákvæða sem falla brott samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þetta er smáhreingerning.

Frú forseti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um hér. Þegar þetta mál var lagt fyrir þingið var talið brýnt að málið yrði afgreitt fyrir 1. júlí, sem er í dag, til að fyrirgreiðsla ríkissjóðs mætti ná inn á fyrri helming ársins í árshlutauppgjöri sparisjóðanna. Það náðist því miður ekki en ég vil taka fram að engu að síður er mikilvægt að það dragist ekki mikið lengur að afgreiða þetta mál frá þinginu. Það er ekki ljóst eða víst að eiginfjárframlag frá ríkissjóði verði til að bjarga öllum sparisjóðunum en það er þó tilraunarinnar virði og eins og ég sagði áðan þá telur meiri hlutinn að með þessu frumvarpi og þeim breytingum sem við höfum gert sé vörðuð leið til þess að sparisjóðirnir geti verið öflugur hluti og þátttakandi í fjármálaumhverfi landsins um ókomna tíð og styrkt byggðir landsins. Það er alveg ljóst að sparisjóðirnir hafa gegnt þar mjög mikilvægu hlutverki. Þeir hafa gengt mjög mikilvægu hlutverki í því að veita lán og fyrirgreiðslu gegn veðum sem viðskiptabankarnir hafa hreinlega ekki litið við. Það er hlutverk sem verður að hlúa að.

[15:28]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni og formanni viðskiptanefndar fyrir framsögu hennar og við höfum tækifæri til að ræða þetta betur á eftir. Það kom margt gott og athyglisvert fram hjá hv. þingmanni og ég tel að hv. viðskiptanefnd hafi reynt að vinna þetta eins vel og hægt er á þeim skamma tíma sem gafst til þess. En ég vildi beina einni spurningu til hv. þingmanns og formanns nefndarinnar.

Formaður fór mjög vel yfir málið og fór yfir sviðið, ekki bara það sem snýr beint að þessu máli heldur málið í heild sinni sem er afskaplega mikilvægt. Ég vildi spyrja hv. þingmann hvort hún teldi ekki að það væri skynsamlegra fyrir nefndina og þingið að taka betri tíma í að fara yfir þetta mikilvæga mál en okkur hefur gefist tækifæri til á þeim fáu dögum sem við höfum haft málið til umfjöllunar.

[15:29]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan hefur nefndin haft þetta mál til umfjöllunar í þrjár vikur og það er ekki óeðlilega stuttur tími. Miðað við aðgerðir á fjármálamarkaði og

þær breytingar sem hafa verið gerðar á þeim lögum sl. vetur frá bankahruninu vil ég leyfa mér að fullyrða að þetta sé nokkuð langur tími, ekki óeðlilega langur tími en ekki óeðlilega stuttur að mínu viti.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka nefndarmönnum fyrir ötula fundarsetu og mjög líflegar umræður í nefndinni sem færa mönnum heim sanninn um að sparisjóðirnir eiga hauka í horni þar sem eru þingmenn á Alþingi Íslendinga og við skulum sameinast um að koma þessum lögum í gegn og bæta starfsskilyrði þeirra. Ég útiloka ekki að til þess komi að endurskoða eitthvað af þessum lögum í þeirri heildarendurskoðun sem fram undan er á lögum um fjármálafyrirtæki.

[15:30]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hlutirnir eru að breytast mjög hratt í hinu pólitíska litrófi. Ég hef ekki tekið það saman hversu oft hv. þingmaður í stjórnarandstöðu talaði um að það væri of skammur tími í hinum ýmsu málum. En það væri kannski athyglisvert að gera það. Ég vek athygli á því að hér er hvorki um meira né minna að ræða heldur en sparisjóðakerfið á Íslandi. Allir umsagnaraðilar — ég fullyrði, allir — voru sammála því að reglurnar hafi verið skýrar fram til þessa og sömuleiðis sammála því að það frumvarp er lá fyrir var ekki skýrt varðandi skilgreiningar og ýmislegt sem að þessu snýr. Fjármálaeftirlitið bað sérstaklega um að við tækjum lengri tíma til að fara yfir þessi mál. Hv. þingmaður, formaður nefndarinnar, segir hér að þessar þrjár vikur hafi bara verið feikinógur tími og velti því meira að segja fyrir sér hvort þær hefðu verið of langur tími. Þarna erum við hv. þingmaður algerlega ósammála. Ég tel að við höfum lært það og fer betur yfir það í ræðu minni á eftir, (Gripið fram í.) að eitt af því sem við þurfum að læra er að við þurfum að vanda betur til lagasetningar sem þessarar.

[15:32]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því að allir umsagnaraðilar hafi verið á því máli sem hv. þingmaður nefndi. Vel kann að vera að einhverjir hafi talið að skýrar reglur væru í gildi um sparisjóði á Íslandi. En þessar reglur leiddu engu að síður til þess að allt eigið fé í sparisjóðunum var sogið þaðan, blygðunarlaust segja margir. Það leiddi til hruns þeirra. Sá stærsti er fallinn. Aðrir ramba á brúninni. Hér er verið að reyna að bæta starfsskilyrðin og ég vil leyfa mér að endurtaka það sem ég sagði áðan að þetta eru nauðsynlegar breytingar. Þetta eru ígrundaðar breytingar og ég vil minna á að frumvarpið sem við erum hér með er unnið á grundvelli (Forseti hringir.) nefndastarfs. En sú nefnd hefur verið að störfum frá því strax eftir hrun ef ég man rétt.

[15:33]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hér hafa komið fram deildar meiningar um það hvort við höfum náð að vinna þetta nógu vel eða ekki. Það er skoðun minni hlutans að við hefðum þurft mun meiri tíma til að vinna þetta frumvarp og að ýmsum spurningum sé enn ósvarað. Ég hef mikinn áhuga á að heyra frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur skilning hennar á því hvert sé samfélagshlutverk sparisjóðanna. Það kemur fram í frumvarpinu að sparisjóðir eigi að skilgreina samfélagslegt hlutverk sitt.

Ég hef líka áhuga á að heyra hennar skoðun á muninum á stofnfé og hlutafé því svo virðist vera að meira að segja hæstv. ráðherrar virðast ekki alveg gera sér grein fyrir því að grundvallarmunur er á þessu tvennu. Því væri ágætt að heyra skilgreiningar hv. formanns viðskiptanefndar á þessu.

[15:34]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég endurtek það sem ég gerði áðan að ég tel ekki að við þurfum mun meiri tíma til að vinna þetta frumvarp. Ég tel að við séum komin að mjög góðri niðurstöðu í vinnslu þessa frumvarps. Við höfum tekið við fjölmörgum ábendingum og breytingartillögum sem meiri hlutinn hefur tekið til greina í sínum tillögum sem hér liggja fyrir. Við höfum reynt að fylgja því að fara þar að tilmælum stærstu hagsmunaaðila, sem eru sveitarfélögin í landinu og Samband íslenskra sparisjóða. Mér er alveg ljóst að stofnfjáreigendur sem hafa tapað fé sínu í sparisjóðunum eru ekki mjög sáttir við það.

Ég sé að tími minn er búinn. Þetta er bara mínúta sem við höfum þannig að ég mun fá að svara þessu um muninn á stofnfé og hlutafé í seinna andsvari.

[15:35]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er alveg sammála því að það hefði verið mjög gott ef við hefðum haft aðeins meiri tíma í andsvörunum. Ég held að það skipti mjög miklu máli að við þingmenn gerum okkur fyllilega grein fyrir því hvað við erum að fjalla hér um. Hv. þingmaður lét ákveðin orð falla í sinni framsögu um græðgi stofnfjáreigenda sem ég get alls ekki tekið undir að sé hægt að yfirfara á alla sparisjóði og alla stofnfjáreigendur í landinu. Ég held að margir hafi einmitt verið bara að vinna í því að tryggja að það væri almenn fjármálaþjónusta á þeirra svæði með stuðningi við sparisjóðinn. En ég tel líka að það komi fram í nefndaráliti meiri hlutans að það er alls ekki skýrt hvað eigi gera. Það er sagt, með leyfi forseta:

„Aðstæður sparisjóða eru ólíkar og því verður að meta hvert tilvik fyrir sig þegar tekin er ákvörðun um niðurfærslu.“

Þetta er mjög opið. Ég tel að með 7. gr. sé nánast verið að neyða í sumum tilvikum sparisjóði til að hafna framlaginu frá ríkinu og (Forseti hringir.) fara kannski mun erfiðari leið en ella og gera það að verkum að sparisjóðakerfið verði mun veikara fyrir vikið.

[15:37]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég nefndi ekki græðgi stofnfjáreigenda. Það eru orð hv. þm. Eyglóar Harðardóttur en ekki mín. Það sem ég sagði var að þrátt fyrir reglur sem einhverjir kannski

teldu að hefðu verið góðar og skýrar hafi eigið fé og varasjóðir sparisjóðanna verið þurrausnir. Það var það sem ég sagði. Þannig hefur þetta verið í rauninni allt frá 15. júní, held ég það hafi verið, 2002 þegar Fjármálaeftirlitið gaf veiðileyfi á stofnféð. Það er bara þannig.

Varðandi stofnfé og hlutafé vil ég vísa aftur til 63. gr. núgildandi laga þar sem segir að stofnfjáreigendur beri ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt. Hluthafar bera ekki ábyrgð í hlutafélagi umfram hlut sinn. Að þessu leytinu til er þetta fullkomlega sambærilegt. Ábyrgðin er sú sama. Hún er takmörkuð við hlutafé annars vegar og stofnfé hins vegar.

[15:38]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni viðskiptanefndar Álfheiði Ingadóttur fyrir framsöguna og þakka nefndinni fyrir að hafa unnið vel í erfiðu verkefni. Þó að ég segi að unnið hafi verið vel er ég svolítið óöruggur með niðurstöðuna hvað varðar þessa niðurfærslu á stofnfé vegna þess að við þekkjum til að í mörgum sparisjóðum — það er með mjög ólíkum hætti sem menn hafa gerst stofnaðilar í sparisjóðum, allt frá því að vera í þessu sem fjárfestingu og yfir í að reyna að bjarga fjármálastofnunum í sínu héraði.

Mig langar því að spyrja um 7. gr. og umfjöllunina um lækkun stofnfjár í framhaldinu, þ.e. hvaða hugmyndir hafi komið fram — nú er náttúrlega ein mínúta stutt til að svara slíku — og hvort menn hafi velt því fyrir sér að setja þar eitthvert lágmark, til dæmis að niðurfærslan yrði ekki nema niður í hlutinn 1, sem mundi þá hugsanlega verja að minnsta kosti suma stofnfjáreigendurna um leið og hægt væri að taka á einhverjum öðrum. Mig langar aðeins að heyra hvaða vangaveltur voru í nefndinni (Forseti hringir.) um þetta atriði.

[15:39]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég rakti áðan hugmyndir um þetta sem hafa verið kynntar í nefndinni. Eins og ég sagði er þar um að ræða aðkomu ríkissjóðs sem stofnfjáreiganda með allt að 20% eiginfjárframlagi miðað við reikningsskil í lok árs 2007. Það er möguleiki á aðkomu nýrra stofnfjáreigenda annarra, bæði sveitarfélaga eins og við höfum heyrt og jafnvel einstaklinga. En það er líka sá möguleiki að þær kröfur sem ríkissjóður á á sparisjóðina verði breytt í lán og þar með eiginfjárstaðan styrkt á svipaðan hátt og gerðist með VBS og Saga Capital.

Það kom fram fyrir nefndinni að ætlunin væri ekki að strauja stofnféð niður í núll og einnig, eins og ég sagði áðan, að ekki mundi eitt gilda um alla sparisjóðina.

[15:40]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er mjög ánægður með að heyra að menn hafa ekki hugsað sér að keyra stofnféð niður í núll. En mig langar aðeins til að heyra ítarlegar um — ég hlustaði á ræðuna vel áðan — hvað menn hafi rætt um þetta hlutfall. Er hægt að setja einhverja tölu sem vörn í þessu? Er eitthvað í lögunum sem segir eftir þessa breytingu að það sé ekki hægt að strauja þetta niður í núll? Mér finnst afar mikilvægt að þetta komi fram og að við reynum að verja, eins og ég segi, þá sem hafa þarna verið að leggja inn sparifé sitt, tryggja að menn haldi að einhverju leyti sínu og þá voninni um að með bættri aðkomu sparisjóðanna fái þeir hluta af sínu til baka ef slíkt er hægt. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er ekki auðvelt verkefni eftir það sem á undan er gengið þó að sameiginlegur vilji okkar þingmanna sé einmitt að verja sparisjóðakerfið og við höfum talið ríka ástæðu til að sparisjóðirnir lifðu þrátt fyrir allt sem sjálfstæðar stofnanir og ekki í ríkiseigu.

[15:41]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vissulega hefur mikið sparifé tapast í landinu og gerði það í bankahruninu. Það gerði það í viðskiptabönkunum og það gerði það í öðrum fjármálastofnunum og það hefur líka gert það í sparisjóðunum. Það sem þetta frumvarp er í rauninni að gera er að heimila niðurfærslu stofnfjárins þannig að það verði fært að raunvirði.

Það er enginn botn gefinn í þessum lögum. Það er ekkert slíkt öryggi, einungis þau fyrirheit sem ég nefndi áðan að menn meta það svo að mikilvægt sé að halda stofnfjáreigendum inni bæði sem viðskiptavinum og þannig að þeir byggi upp sjóðina áfram. Vegna þess sem ég sagði um að ekki væri meiningin að færa allt stofnfé niður í núll þá skal ég auðvitað ekki fortaka að til þess þurfi að koma í einstaka sjóðum. Ég hef ekki þá þekkingu að geta fullyrt það. En það er ekki meiningin að strauja þetta alls staðar niður í núll og það er ekki meiningin að fara (Forseti hringir.) niður um sömu tölu hjá öllum sjóðum. Þetta verður metið í hverju tilfelli fyrir sig.

[15:43]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að tala um vinnu nefndarinnar, tímann sem við höfum haft. „Þrjár vikur," sagði hv. nefndarformaður Álfheiður Ingadóttir og hún taldi það býsna mikið í samhengi hlutanna ef miðað var við aðra lagasetningu í tengslum við bankahrunið. Mér finnst þetta ekki kannski rétti samanburðurinn. Það ætti frekar að líta á þann tíma sem við þurfum og taka þann tíma sem við þurfum til að vanda til lagasetningar. En það hefur einmitt verið gagnrýnt.

1. júlí-fresturinn var margræddur í nefndinni og í ljós kom í dag að það var ekki Fjármálaeftirlitið heldur fjármálaráðuneytið sem veitti hann og þá fyrst og fermst út af björgunarþættinum. Því vil ég spyrja hv. þingmann Álfheiði Ingadóttur af því að hún telur að við þurfum ekki lengri tíma, hvort hún telji þetta besta frumvarpið sem mögulegt er að fá út úr þessari vinnu — hvað segir þingmaðurinn um það? — og hvort nokkurra daga (Forseti hringir.) vinna til viðbótar til að bæta þetta mundi tefja björgun einhverra sparisjóða.

[15:44]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir fær mig ekki til að lýsa því hér úr ræðustóli að aldrei verði hægt að gera betur. Það kemur ekki til. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu er alltaf hægt að gera betur. Ég sagði hins vegar að þessi niðurstaða sem við erum hér komin með er að mínu mati mjög góð. Hún er afrakstur mjög vandaðrar vinnu í nefndinni. Það er þannig. Ég tel ekki að við mundum bæta okkur neitt með því að halda fleiri fundi eða liggja meira yfir málunum.

Hvað 1. júlí varðar þá nefndi ég það áðan að því miður tókst ekki það sem var lagt upp með, meðal annars í samráði við þingflokksformenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, að reyna að flýta þessu máli þannig í gegnum þingið að það gæti orðið að lögum fyrir 1. júlí. Það tókst ekki því miður. En þar sem það tókst ekki verður málið bara að hafa sinn gang.

[15:45]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott að heyra að við getum gert betur, það var það sem ég vonaðist til að heyra frá þingmanninum og þess vegna vil ég leggja áherslu á að við gerum það einmitt.

Samráð við þingflokksformenn, mig langar aðeins að ræða það hér. Það getur vel verið að það hafi verið haft samráð við þingflokksformenn og þess farið á leit að við mundum gera allt hvað við gætum til þess að vinna þetta hratt og vel og ég tel að það höfum við gert. Við erum búin að mæta á marga fundi, sitja yfir þessu máli mjög vel og lengi og það er allt gott og blessað. En við í minni hlutanum höfum ekki setið þetta ferli til enda. Við getum gert betur og það hafa komið fram ábendingar, meira að segja frá Fjármálaeftirlitinu þar sem sagt var beinlínis og hreint út á fundi að við ættum að einbeita okkur að þeim þáttum sem snúa að björgunarleiðangri varðandi sparisjóðina og taka þessi mál svo heildstætt og vanda lagasetninguna. Það er það sem við förum fram á, að lagasetning verði vönduð þannig að við lendum ekki í vandamálum (Forseti hringir.) eins og við erum að lenda í einmitt um þessar mundir varðandi aðra lagasetningu sem (Forseti hringir.) farið var of hratt í.

[15:46]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það tókst ekki, eins og ég sagði, að ljúka þessu máli fyrir 1. júlí og ég hef ekki haft nein önnur orð um það, það tókst því miður ekki. Það var það sem lagt var upp með en tókst ekki.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel að hér sé heildstætt á málum tekið. Það er vissulega ágreiningur uppi í nefndinni um hvað það er í þrengsta skilningi sem snýr að því sem hv. þingmaður kallaði björgunaraðgerðir til sparisjóðanna. Við sem skipum meiri hluta nefndarinnar teljum að nánast allar breytingar sem gerðar eru á þessum lögum lúti beinlínis eða óbeinlínis að því að koma sparisjóðunum til bjargar, þar á meðal arðgreiðslur, þar á meðal gegnsæi og fleira og fleira. Ég tel ekki að það megi sleppa neinu hér heldur sé þetta heildstæð löggjöf sem muni (Forseti hringir.) verða til þess að styrkja grunn (Forseti hringir.) sparisjóðakerfisins í landinu.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Landhelgisgæslunnar.

[15:48]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er mikill hátíðisdagur hjá okkur í dag því að áðan tókum við á móti nýrri, glæsilegri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og er vel við hæfi að það skuli bera upp á afmælisdag Gæslunnar sem stofnuð var 1. júlí 1926. Við stöndum á tímamótum í íslensku samfélagi og breytingar eru fram undan á mörgum þáttum. Landhelgisgæslan verður þar ekki undan skilin. Landhelgisáætlun sem lögð var fram árið 2007 af þáverandi dómsmálaráðherra, Birni Bjarnasyni, sem hafði mikinn metnað fyrir hönd Gæslunnar, verður vart framkvæmd á næstu árum, því miður, og við því verður að bregðast. Rekstrarástand Landhelgisgæslunnar er með öllu óþolandi eins of staðan er í dag.

Það var vel við hæfi að Þórunn Hafstein, dóttir Hannesar Hafsteins, fyrrverandi forustumanns Slysavarnafélagsins, gaf nýju varðskipi okkar nafnið Þór fyrir stuttu. Þór var nafnið á björgunarskipi okkar sem björgunarsveitin í Vestmannaeyjum stóð fyrir kaupum á til landsins og er í raun forsaga Landhelgisgæslunnar. Mér brá satt að segja í brún þegar sögur heyrðust um að til stæði að leigja þetta nýja varðskip okkar. Þór er fyrsta endurnýjun okkar í varðskipum í 35–40 ár og hefur mikið vatn runnið til sjávar á þeim tíma, aðstæður eru allt aðrar en þegar við byggðum Ægi og Týr. Slíkt slys má ekki henda að við leigjum þetta skip frá okkur.

Það eru nokkur grundvallaratriði sem við verðum að hafa í huga þegar endurmetin verður forgangsröðun í málefnum Gæslunnar, öryggi sjómanna okkar og landsmanna verður að vera þar í forgrunni. Varðandi flugið höfum við náð þeim mikilvæga áfanga í dag að ný vél er komin til landsins. Það verður að tryggja rekstur hennar sem kostur er því að hér er um mikilvægt eftirlits- og björgunartæki að ræða. Það verður að skoða alla möguleika á samnýtingu vélarinnar fyrir aðra opinbera aðila svo sem Flugmálastjórn og einnig hvort skynsamlegt geti verið að eiga eitthvert samstarf við aðra flugrekstraraðila í landinu.

Í skiparekstri verður að leggja áherslu á að Þór komi til landsins um leið og hann er tilbúinn. Það eru mörg atriði sem mæla með því og ég vil sérstaklega nefna dráttargetu skipsins en það er hannað sem dráttarskip en ekki varðskip, það hefur um tvöfalda dráttargetu eldri skipanna. Í skipinu er nýtískubúnaður til að beita við mengunarslys, þar er búnaður til að gefa þyrlum eldsneyti á flugi og svo má lengi telja. Auk þess er öll aðstaða til stjórnunar, skipulagningar og aðgerða og búnaður og öruggi áhafnar eins og best verður á kosið. Það verður að líta til aukins samstarfs við erlenda og innlenda aðila um rekstur á þessu skipi. Vil ég þar

sérstaklega nefna skiparekstur okkar vegna hafrannsókna og þegar kemur að eftirliti og björgun sé ég fyrir mér möguleika á aukinni nýtingu Landhelgisgæslunnar og björgunarskipum Slysavarnafélagsins.

Þyrlurekstur Gæslunnar er kostnaðarsamur. Það þarf að endurskoða þær áætlanir sem fyrir liggja um kaup á þyrlum. Við verðum að horfa raunsætt á málin og sníða okkur stakk eftir vexti. Munur á rekstrarkostnaði stærri þyrlna og minni þyrlna Gæslunnar er um 130%. Vissulega hefur þyrla á stærð við Super Puma skipt sköpum við ákveðnar aðstæður svo hér verður að vanda til verka. Við verðum að líta til aukins samstarfs við nágranna- og vinaþjóðir okkar. Í dag er mjög gott samstarf milli Gæslunnar og danska sjóhersins og það getur verið gott fordæmi um mögulegt samstarf við fleiri vinaþjóðir.

Breytingar á rekstri Varnarmálastofnunar gefa tækifæri til að skoða aðkomu Vaktstöðvar siglinga, stjórnstöðvar Landhelgisgæslu, að þeim verkefnum sem sinna þarf á þeim vettvangi. Ég hef áður gagnrýnt svokallað loftrýmiseftirlit og get ekki séð sérstakan tilgang með því. Mikill kostnaður er því samfara, t.d. ber Landhelgisgæslan mikinn aukakostnað vegna sérstaks björgunarviðbragðs þegar herþotur eru í loftfimleikum sínum. Tillaga mín er að teknar verði upp viðræður við NATO og aðrar þær vinaþjóðir okkar sem hafa verið viljugar til samstarfs á þessum vettvangi um að beina kröftum sínum og búnaði sem hingað kemur frekar til þess að stuðla að auknu öryggishlutverki og björgunarviðbragði. Slíkt verður að gera í samvinnu við Landhelgisgæsluna sem er sú stofnun sem er vön að vinna með þessum aðilum. Hún er sú stofnun sem næst kemst því að hafa samstarf við heri og strandgæslur annarra ríkja og þar er öll reynsla og þekking til staðar.

Við Íslendingar höfum vissulega skyldum að gegna gagnvart stóru hafsvæði en þessar skyldur eru ekkert einkamál okkar og verða í raun ekki uppfylltar af okkur umfram það sem fjárhagsleg geta okkar leyfir. Það er því ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, að fram fari strax endurskoðun á starfsemi og uppbyggingu Landhelgisgæslunnar þannig að eytt verði þeirri óvissu sem landsmenn allir og starfsmenn búa við í dag. Við verðum að forgangsraða í þágu öryggis sjómanna, við verðum að forgangsraða í þágu landsmanna, við verðum að horfa til öryggis okkar, eigin öryggis. Við verðum að horfa til starfsmanna Landhelgisgæslunnar sem hafa margir áralanga reynslu af störfum við erfiðar aðstæður, þeir hafa það mikilvæga verkefni að sinna gæslu og björgunarstörfum á erfiðasta hafsvæði í heimi.

[15:53]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir að taka upp þetta mikilvæga mál. Það er stutt síðan rætt var sérstaklega um björgunargetu þyrlna í þessum sal og tengist þessi umræða öll starfsemi Landhelgisgæslunnar í heild sinni. Ég ætla aðeins að fara yfir stöðu rekstrar Landhelgisgæslunnar nú í byrjun.

Hallinn árið 2008 var 6% af fjárheimildum og er verið að vinna á þeim halla auk þess sem gerð var hagræðingarkrafa til Landhelgisgæslunnar líkt og annarra ríkisstofnana á þessu ári. Reksturinn nú er með þeim hætti að það horfir í það að hann verði ekki með halla áfram. Þar er mjög ábyrgur rekstur hvað fjárheimildir varðar. Þá er spurningin: Ríma fjárheimildirnar við það sem menn ætlast til að Landhelgisgæslan eigi að gera og það hlutverk sem henni er ætlað að sinna lögum samkvæmt? Það er það sem ég tel að við séum að ræða í dag.

Landhelgisgæslan starfar á geysilega víðfeðmu svæði og það verður að líta til þess hvernig rekstrinum hefur verið háttað, þ.e. hvernig forsvarsmenn Landhelgisgæslunnar hafa unnið að því að mæta þeirri stöðu sem upp er komin í rekstrinum ásamt því að geta sinnt því lögboðna hlutverki sem Gæslunni er ætlað að sinna. Það hefur verið efling viðbúnaðar Landhelgisgæslunnar undanfarin ár sem miðar að því að Landhelgisgæslan geti tekið virkan þátt í samstarfi við aðrar þjóðir á sviði leitar og björgunar.

Ef við komum nánar að því hefur töluvert starf verið unnið undanfarin ár í því skyni að efla samstarf við erlend stjórnvöld og innlenda aðila til að auka getuna til leitar og björgunar á hafinu umhverfis Ísland. Landhelgisgæslan og danski flotinn eiga náið samstarf á grundvelli samstarfssamnings sem gerður var á árinu 2007 og eru nú að vinna að gerð sameiginlegrar viðbragðsáætlunar vegna slysa á hafsvæðinu á milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja. Sú uppbygging sem hefur verið á tækjakosti Gæslunnar undanfarin ár hefur gert okkur kleift að taka mun virkari þátt í samstarfi af þessu tagi og kemur okkur til góða nú. Það munar mjög um þá nýju flugvél sem bættist við flugflota Gæslunnar í dag en hún gjörbyltir getu okkar til að taka þátt í umfangsmiklum aðgerðum á hafinu í kringum landið.

Ég vil geta þess að á árinu 2005 var gerður mikilvægur samningur milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um verkefni á sviði leitar- og björgunarmála, m.a. um rekstur björgunarbáta félagsins í þágu leitar og björgunar á sjó og starfsemi sjóbjörgunarsveita. Ég tel að huga þurfi að því með hvaða hætti þessi samningur geti nýst betur í starfsemi Landhelgisgæslunnar.

Svo við víkjum að þyrlunum sérstaklega er orðið ljóst að þau þyrlukaup sem á sínum tíma var ákveðið að ráðast í með Norðmönnum munu dragast nokkuð og er ekki fyrirsjáanlegt að nýjar þyrlur verði tilbúnar á grundvelli þess samstarfs fyrir árið 2014, fyrst og fremst vegna þess að norsk stjórnvöld telja nauðsynlegt að fara betur yfir málið áður en efnt verður til útboðs. Þessi staða kallar á sérstaka athugun á þyrlumálum Gæslunnar, a.m.k. til skamms tíma. Það verður að huga að því, eins og fram hefur komið áður í umræðum um björgunarþyrlurnar, hvort það séu nægilega hagkvæmir samningar á leigu á þyrlunum. Það kostar á ári annars vegar 114 milljónir og hins vegar 320 milljónir að leigja þær tvær þyrlur sem við leigjum nú og þarf auðvitað að skoða hvort hægt sé að finna einhverjar hagkvæmari lausnir. Nefnt hefur verið í þessum sal hvort lífeyrissjóðirnir geti með einhverjum hætti komið að þessum málum en það er eitt af því sem huga þarf að.

Þá þarf líka að athuga, nú þegar nýtt skip kemur til landsins á næsta ári, hvort við neyðumst til að leggja öðru hvoru af eldri skipunum. Hvað varðar það að leigja út skip eða flugvél liggur fyrir að við munum kanna hvort unnt sé að leigja þau til tímabundinna verkefna. Sú umleitan hefur

ekki borið árangur enn þá (Forseti hringir.) og ég býst við því að þar geti verið á brattann að sækja.

Ég tel að lokum, virðulegi forseti — ég er að ljúka máli mínu — að það sé tími til kominn að endurskoða ákveðna þætti Landhelgisgæsluáætlunarinnar og ég tel að ef vilji er fyrir hendi geti allir þingflokkar komið að þeirri endurskoðun með einhverjum hætti.

[15:59]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Þetta er þörf umræða á þessum merka degi í sögu Landhelgisgæslunnar af því að það er morgunljóst að við þurfum að beita öllum tiltækum ráðum til að efla starfsemi Landhelgisgæslunnar sem allra mest við þær erfiðu aðstæður sem núna eru þannig að hún geti sinnt sínu lögbundna mikilvæga hlutverki við eftirlit annars vegar og hins vegar við björgun og gagnvart sjófarendum og íslenskum útvegi öllum og sérstaklega þar sem umferð um Norðurhöf mun fyrirsjáanlega aukast mjög mikið vegna hlýnunar og hnattrænnar þróunar í þeim málum.

Þess vegna skiptir líka miklu máli að beina kröftunum öllum í einn farveg, að skyld starfsemi sé rekin saman til að ná margvíslegum samlegðaráhrifum, hagrænum og faglegum. Þar til grundvallar liggur að mínu mati sameining Landhelgisgæslunnar og Varnarmálastofnunar þar sem mjög öfluga umgjörð utan um þá starfsemi alla er að finna á vallarheiðinni í ákveðinni byggingu sem ríkið þarf að halda úti vegna annarra hluta. Þar er hægt að búa nýrri stofnun Landhelgisgæslunnar og Varnarmálastofnunar mjög gott umhverfi. Hins vegar er óþolandi að óvissa hangi yfir framtíð þessara stofnana og þarf að vinna hratt, taka afdráttarlausa ákvörðun um það sem allra fyrst að þessi sameining gangi eftir en stjórnvöld hafa margoft lýst vilja til þess á liðnum mánuðum. Ég held að við eigum að nota þetta tækifæri núna, þau tímamót sem nú eru, til endurskoðunar á öllum opinberum rekstri, til að taka ákvörðun um þetta með það fyrir augum að stórefla starfsemi beggja stofnananna þannig að skyld starfsemi nái saman og það má ekki stranda á togstreitu ráðuneyta um það hvar vista á nýja sameinaða stofnun. Það þarf að ganga hratt og örugglega í þetta verkefni, vinna það í sumar og ljúka því á haustþingi.

[16:01]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég vil líka óska okkur öllum til hamingju með nýja flugvél TF-Sif, sem kom til landsins núna rétt áðan. Það er sagt að hún muni valda byltingu í björgunarmálum og ég vona að það sé rétt.

Við ræddum þessi mál 16. júní í þinginu og var sú er hér stendur með fyrirspurn um þyrlukost Landhelgisgæslunnar. Þá sagði hæstv. dómsmálaráðherra, ég ætla að vitna beint í orð hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Ég tek undir áhyggjur um að þessi mál séu ekki með fullnægjandi hætti.“

Hæstv. ráðherra gerir sér því mjög vel grein fyrir því að þyrlukosturinn sem við búum við í dag er þannig að við getum ekki bjargað sjómönnum í u.þ.b. þrjá mánuði á ári eins og staðan er núna og það hefur komið fram í skriflegum svörum frá hæstv. ráðherra. Það hefur líka komið fram í skriflegum svörum að það kosti 700 millj. kr. að leigja viðbótarþyrlu. Auðvitað er það geysilega há upphæð en þegar mannslíf eru í húfi þarf maður að vega og meta hvað er réttlætanlegt.

Ég vil sérstaklega fagna því að hæstv. ráðherra hefur sagst ætla að leita leiða til að auka björgunargetu þyrlnanna og tók í ræðu sinni undir þá hugmynd sem ég lagði fram á fundi 16. júní um að skoða hvort lífeyrissjóðirnir gætu komið að þessu máli af því að það er mjög blóðugt að þurfa að nota svona háar upphæðir til að leigja þyrlu þegar gengisþróunin er eins og hún er. Það er þess vegna sem Landhelgisgæslan stendur svo illa, þ.e. vegna gengisþróunar að mestu leyti.

Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra hvort tilkoma TF-Sifjar hingað til lands breyti þessu um þann tíma sem ekki er hægt að koma sjómönnum til bjargar. Við getum ekki komið þeim til bjargar í þrjá mánuði á ári ef þeir lenda í vanda utan við 20 mílur frá landi. Breytir tilkoma TF-Sifjar því eitthvað, styttist þetta tímabil?

Svo vil ég líka spyrja hæstv. ráðherra: Hvað eru viðræður við (Forseti hringir.) lífeyrissjóðina komnar langt? Eru þær á algjöru byrjunarstigi?

[16:03]

Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegi forseti. Það er rétt að óska Landhelgisgæslunni og okkur öllum til hamingju með daginn í dag bæði á afmæli Landhelgisgæslunnar og í tilefni af því að nýja flugvélin er nú líklega lent hér á landi í fyrsta skipti, hún átti að lenda hér um klukkan þrjú.

Fjárhagsvandi Landhelgisgæslunnar er svo sem ekki nýr af nálinni eftir því sem við vitum sem höfum fylgst með rekstri hennar í gegnum árin. Hér er um margra ára vanda að ræða þó að það sé ekki sambærilegt við það sem Gæslan stendur frammi fyrir núna.

Í ágúst í fyrra var gert ráð fyrir því að flugvél sú sem lendir í dag mundi kosta ríkissjóð 2,7 milljarða kr. og nýja varðskipið sem er væntanlegt hingað til lands á næsta ári mundi kosta um 3,6 milljarða. Samtals munu þessi tvö verkefni kosta ríkissjóð um 6,3 milljarða. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég aflaði mér úr fjármálaráðuneytinu núna nýlega er það komið eitthvað á níunda milljarð kr. samtals sem þessi tvö verkefni munu kosta okkur. Það eitt og sér lýsir með skýrum hætti þeim mikla vanda sem við blasir hjá Landhelgisgæslunni í rekstri í framtíðinni.

Það kom til tals strax í haust, eins og hv. þm. Jón Gunnarsson nefndi hér áðan, að leigja varðskipið um tíma. Sú hugmynd fór aldrei í neinn áberandi og endanlegan farveg og stendur ekki til í dag að gera það en reynt var að fá frestun á afgreiðslu skipsins hingað til lands og það tókst. Reynt var að fá frestun á flugvélinni og að breyta kaupsamningnum um flugvélina yfir í að vera nokkurs konar rekstrarleiga. Það þótti ekki hagkvæmt og var reynt að hafa áhrif á samninginn að öðru leyti (Forseti hringir.) en samningsaðilinn og seljandi flugvélarinnar féllust ekki á slíkt.

Það er ljóst af því sem ég nefni hér og blasir við okkur öllum að rekstur Gæslunnar verður (Forseti hringir.) mjög erfiður á næstu árum.

[16:06]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað og óska okkur og Gæslunni til hamingju með daginn í dag og eins að fagna komu nýrrar flugvélar.

Ég vil líka taka undir með hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra að Alþingi og fjárlagavaldið verður að gera sér grein fyrir því í fjárlögum til hvers er ætlast af Landhelgisgæslunni. Ég heiti henni því að ég mun leggja mitt af mörkum til þess að hún geti sinnt sínum lögbundnu störfum.

Árið 1995 urðu þáttaskil hjá hjá þyrlusveit Landhelgisgæslunnar en þá kom ný og öflug þyrla til landsins, TF-Líf. Mig langar að taka saman, með leyfi forseta, nokkrar staðreyndir og þær eru þessar:

Á tíu ára tímabili, frá árinu 1999 til 2008, bjargaði þyrlusveit Landhelgisgæslunnar 203 sjómönnum úr sjó eða frá skipum. Hér er talað um að Landhelgisgæslan geti ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum og sé ekki til taks fyrir sjómenn ákveðið marga daga í mánuði, kannski 25–30% í hverjum mánuði, sem eru um þrír mánuðir á ári, og er það að mínu viti algjörlega óviðunandi. Á aðeins fimm dögum í mars 1997 bjargaði þyrlusveit Landhelgisgæslunnar 39 sjómönnum í þremur skipsköðum. Á fimm dögum. Það sjá því allir hversu mikilvægt er að hún sé til staðar alla daga ársins.

Síðan verðum við líka að muna að aðstæður eru oft þannig að það er eingöngu hægt að bjarga sjómönnum með þyrlum, það er ekki hægt að gera það á neinn annan hátt, ekki úr landi, þó að menn komist að strandstað er það ekki hægt.

Að lokum segi ég, frú forseti, að íslenskir sjómenn og fjölskyldur þeirra hafa þegar fært nógu miklar fórnir þannig að ég hvet Alþingi og fjárlaganefnd til þess að standa þannig að verkum að Landhelgisgæslan geti sinnt sínum lögbundnu skyldum gagnvart sjómönnum og öryggismálum þeirra.

[16:08]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil, líkt og aðrir hv. þingmenn, óska okkur öllum hjartanlega til hamingju með daginn í dag og fagna yfirlýsingu ráðherra varðandi endurskoðun á málefnum Landhelgisgæslunnar. En jafnframt vil ég tala um það sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefndi áðan, þ.e. um samlegðaráhrif tveggja stofnana, annars vegar Landhelgisgæslunnar og hins vegar Varnarmálastofnunar. Ég held að við þurfum við þessar aðstæður að íhuga og skoða mjög alvarlega sameiningu og samstarf þessara tveggja stofnana við þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi í íslensku efnahagslífi og þá þurfum við að líta til hagræðingar og alls kyns samlegðaráhrifa.

Ég vil líka í þessu samhengi, frú forseti, nálgast þessa umræðu frá svolítið öðrum sjónarhóli og nefna að ég tel að við skoðun á samstarfi og sameiningu þessara tveggja stofnana beri okkur jafnframt að líta til þeirrar starfsemi sem nú er á Reykjavíkurflugvelli. Ég held að það sé full ástæða til þess að skoða hvort ekki sé hægt að hagræða og leggja saman og fá út ákveðinn sparnað með því að flytja einfaldlega starfsemi Reykjavíkurflugvallar á Keflavíkurflugvöll og sameina ákveðna þætti í starfsemi flugvallarins, í Varnarmálastofnun og Landhelgisgæslunni. Það er mín bjargfasta skoðun og hefur verið lengi og ég held, sérstaklega við þær aðstæður sem núna eru í íslensku efnahagslífi, að íslenska þjóðin hafi tæplega efni á því að hafa tvo flugvelli í tæplega 50 km fjarlægð hvor frá öðrum. Ég legg það því inn í umræðuna, frú forseti, (Gripið fram í.) þó að það sé kannski ekki það sem verið er að ræða hér, að Varnarmálastofnun og Landhelgisgæslan verði einfaldlega sameinaðar og að byggð verði upp ein öflug stofnun og alþjóðlegur flugvöllur, innanlandsflugvöllur í Keflavík.

[16:10]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hlutverk Landhelgisgæslunnar er að standa vörð um fullveldisrétt Íslands á hafsvæðinu í kringum landið og gæta ytri landamæra. Með öflugri öryggis- og löggæslu, eftirliti, leit og björgun ber Landhelgisgæslunni að stuðla að öryggi sjófarenda, fólksins í landinu, og verndun auðlinda með sem bestum og hagkvæmustum hætti.

Í ljósi breyttra aðstæðna í umhverfinu og þá sérstaklega á norðurslóð, verðum við að eiga öfluga landhelgisgæslu. Við búum við breytta heimsmynd, nýjar ógnir í hafinu ásamt auðlindagæslu. Það verður jafnvel til þess að þessir þættir verða mikilvægasti reksturinn í Landhelgisgæslunni til framtíðar. Það er því sérstakt fagnaðarefni að TF-Sif, ný flugvél, hafi komið til landsins í dag og óska ég landsmönnum, eins og aðrir þingmenn, til hamingju með flugvélina. Það var tilkomumikil sjón að sjá hana koma í fylgd tveggja þyrlna, fljúgandi lágflug yfir Reykjavík og lenda á Reykjavíkurflugvelli sem sýnir hvað það er nauðsynlegt fyrir landsmenn alla að hafa Reykjavíkurflugvöll innan borgarmarkanna. Á slíkum óvissutímum sem við nú lifum þar sem við í stjórnarandstöðunni berjumst á móti ríkisstjórninni upp á hvern einasta dag til að halda í fullveldi okkar sem þjóðar er koma vélarinnar sérstakt ánægjuefni.

Varnir landsins eru hluti af fullveldisrétti okkar, því skulum við ekki gleyma, og koma flugvélarinnar boðar því byltingu í eftirlits-, öryggis- og björgunarmálum, svo við tölum nú ekki um þegar Þór kemur hér á næsta ári. Þó að kaup á TF-Sif og Þór kosti um 10 milljarða — og hér kveinkar varaformaður fjárlaganefndar sér undan þeim upphæðum — eru þær upphæðir í ljósi mikilvægis þessara tækja smámunir fyrir íslensku þjóðina miðað við t.d. vexti af Icesave-láninu. Ég hvet hæstv. dómsmálaráðherra til að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að Landhelgisgæslan lendi ekki í niðurskurði (Forseti hringir.) eins og þessi ríkisstjórn hefur boðað á öllum sviðum til þess að Landhelgisgæslan geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu.

[16:13]

Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegi forseti. Eitthvað hafa orð mín um kostnaðinn við þyrlukaup og skipakaup fyrir Landhelgisgæsluna farið öfugt ofan í hv. þingmann sem talaði hér áðan. Ég var einungis að velta upp þeim upphæðum sem nú er um að ræða varðandi þessi kaup. Ég var ekki að gera lítið úr að það þyrfti að styrkja Landhelgisgæsluna, ég var ekki að gera lít-

ið úr því, hv. þingmaður, að hér þurfi að vera góð landhelgisgæsla í kringum landið. Allra síst ætla ég að gera lítið úr því að hér sé ekki örugg þjónusta við sjómenn á hafi úti, örugg björgunarþjónusta og læknisþjónusta þegar á þarf að halda, þannig að ég ætla að biðja hv. þingmann um að fara varlega við að túlka orð mín hvað þetta varðar.

Ég benti á þessar tölur og sagði að kostnaðurinn væri kominn á níunda milljarð, ekki til að hneykslast á því heldur til að undirstrika þann rekstrarvanda sem blasir við hjá Landhelgisgæslunni. Það var undirstrikað strax í haust þegar reynt var að bakka út úr því að kaupa varðskipið, sem nú hefur verið sjósett og gefið nafn. Reynt var að fá afhendingu skipsins frestað og það tókst, til viðbótar við að það að skipastöðin gat ekki staðið við skuldbindingar sínar um afhendinguna. Fyrri ríkisstjórn reyndi eins og mögulegt var að breyta kaupsamningi varðandi flugvélina, setja hana á einhvers konar rekstrarleigu sem gekk ekki upp því að það var mjög óhagkvæmur kostur o.s.frv. Allt var þetta gert í sama tilgangi, þ.e. að reyna að spara fé til rekstrarins.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að forsendurnar sem uppi voru hér á haustdögum varðandi varðskipið, þ.e. að skipið kæmi sem viðbót við rekstur annarra skipa, eru brostnar. Nýja varðskipið kemur ekki inn sem viðbót til rekstrar með þeim skipum sem fyrir eru, þau þurfa einhver að víkja og er það af fjárhagslegum orsökum.

[16:15]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Til hennar var boðað af minni hálfu vegna þeirra erfiðleika í rekstri Gæslunnar sem eru fyrirséðir og að við verðum að leita allra leiða til að hagræða og koma skikki á hlutina. Ég fagna því hugmyndum sem fram komu hjá ráðherra um að skipa sérstaka nefnd sem fara mun ofan í þetta og reyna að tryggja að Gæslan geti í framtíðinni sinnt þeim lögbundnu skyldum sem henni ber að sinna.

Hægt er að hagræða með mörgum hætti, eins og ég fór í gegnum í stuttri ræðu minni áðan. Ég nefndi að samningurinn við Dani gæti verið forsmekkur að frekara samstarfi og samningum við aðrar vinaþjóðir. Samningurinn sem hæstv. dómsmálaráðherra vitnaði til, við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um aðkomu Gæslunnar að nýtingu 14 björgunarskipa hringinn i kringum landið, getur örugglega verið eitt skrefið í þessu. Við verðum að hafa það í huga að verkefni þyrlnanna eru um 75% á landi og 25% á hafi. Rekstrarkostnaður á stórri þyrlu fyrir hverja klukkustund er um 350 þús. kr. á meðan hann er um 150 þús. á Dolfi-þyrlu eins og stóru þyrlunnar okkar á sínum tíma.

Ég vil taka undir þau sjónarmið sem komið hafa fram um að við verðum að leita hagræðis og sameiningar í rekstri ríkisins á þessum þáttum og við verðum að vera viss um það og reyna að eyða þeirri togstreitu sem vart hefur orðið milli ráðuneyta þegar kemur að uppskiptingu verkefna.

Ég hafna því alfarið og lýsi mig algjörlega ósammála þeim hugmyndum að Reykjavíkurflugvelli verði lokað. Það er í raun kátlegt að fylgjast með því ósætti sem er innan Samfylkingarinnar um þessi mál þegar samgönguráðherra talar um sérstakt átak til að byggja samgöngumiðstöð.

Virðulegi forseti. Okkur hættir til að gleyma erfiðum atvikum í sögu þjóðarinnar á liðnum árum þegar við ræðum um þessi mál í dag. (Forseti hringir.) Það hefur verið farið yfir það hér hversu mikilvægt það er að starfsemi Gæslunnar sé í blóma og að hún geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Við verðum að bregðast við (Forseti hringir.) og eyða þeirri óvissu sem er um starfsemi þessarar mikilvægu stofnunar.

[16:17]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka enn og aftur fyrir þessa umræðu og þau sjónarmið sem hér hafa komið fram. Ég tel rétt að nefna það að ekki er rétt að gera of mikið úr því að það ríki mikil óvissa um starfsemi Landhelgisgæslunnar, hún hefur getað sinnt þeim útköllum sem orðið hafa og það hefur gengið blessunarlega vel fyrir sig. En það leysir okkur ekki undan þeirri ábyrgð að búa þannig í haginn fyrir framtíðina að viðunandi sé. Ég tek alveg undir það að öryggi sjófarenda og landsmanna er forgangsmál sem verður að tryggja.

Hvað varðar sameiningu stofnana hef ég áður sagt að það er ekki ljóst hvort sameining leysi fjárhagsvanda Landhelgisgæslunnar. Ég tel að það verði þó að skoða þetta með opnum huga en ég bið um að einnig verði tekið með í reikninginn að í þeim stofnunum sem nefndar hafa verið til sögunnar, í Landhelgisgæslunni og Varnarmálastofnun, starfar fólk, þetta er þeirra vinna og það er óviðunandi fyrir þetta fólk að endalaust sé verið að tala um sameiningu á óljósum nótum. Það verður þá að ráðast í þá vinnu að skoða það sem fyrst hvort það sé raunhæfur möguleiki. Í því sambandi vil ég nefna þá skoðun mína, burt séð frá einhverri togstreitu sem er um hvorum megin hryggjar þetta lendir, að starfsemi Landhelgisgæslunnar er öflug starfsemi innan lands, innan þess ríkis sem Ísland er.

Hvað varðar tilkomu hinnar nýju flugvélar hefur hún nokkur áhrif. Gert er ráð fyrir því í viðbragðsáætlunum Landhelgisgæslunnar að hún geti fylgt þyrlu á haf út og er þá treyst á björgunarbát sem hún gæti þá fleygt út, en þetta er auðvitað ekki eins afgerandi og það væri ný þyrla sem bættist við. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Viðræður við lífeyrissjóði hafa ekki enn þá hafist vegna þess að ég tel að við þurfum að safna þessum hugmyndum saman og jafnframt að gera okkur grein fyrir því hvernig þyrlurekstur við viljum hafa áður en ráðist er í slíkar viðræður.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 211. — Afbrigði samþ. með 44:2 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, ÓÞ, REÁ, RR, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SVÓ, VBj, VigH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BirgJ, ÞrB.

2 þm. (MT, VSk) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, BÁ, GLG, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓN, PHB, RM, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Tilhögun þingfundar.

[16:22]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármálið er lokið. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

[Fundarhlé. — 16:22]

[18:01]

Útbýting:

Hálaunastörf á vegum ríkisins, 95. mál, svar fjmrh., þskj. 212.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 110. mál, svar heilbrrh., þskj. 208.

Lokafjárlög 2007, 57. mál, þskj. 194.

Fjármálafyrirtæki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 85. mál (sparisjóðir). — Þskj. 97, nál. 205 og 210, brtt. 206 og 211.

[18:02]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir minnihlutanefndaráliti í tengslum við breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki eins og við erum ræða hér, lögum sem tengjast sparisjóðunum.

Það verður eiginlega að segjast, virðulegi forseti, ef maður ætlar að taka saman niðurstöðuna af þeirri vinnu sem hefur farið fram í nefndinni á undanförnum dögum — og ég tek fram að ég tel að nefndin hafi unnið vel og reynt að laga eins marga hluti og mögulegt er á þeim skamma tíma sem um var að ræða — að ég er nokkuð viss um að það verður mjög stutt í að við fjöllum um þetta mál aftur. Ástæðan er einfaldlega sú að við erum hér að ganga frá máli sem augljóslega mikill ágreiningur er um á milli meiri hluta og minni hluta og við í minni hlutanum teljum að við séum að gera þetta í miklum flýti.

Það er augljóst, ég er alveg á því og það kemur fram í nefndaráliti okkar, að breytingartillögur nefndarinnar eru til bóta. Við nefnum það líka alveg sérstaklega að það er augljóst á öllu að málið var unnið í miklum flýti og við náum ekki niðurstöðu í mál sem er mjög mikilvægt að gera þegar kemur að málefnum sparisjóðanna.

Í rauninni kom þetta afskaplega vel fram, ekki í framsöguræðu formanns nefndarinnar sem var alveg prýðileg þar sem hann fór ágætlega yfir hin ýmsu mál, heldur í andsvörum þegar stjórnarþingmaðurinn hv. þm. Guðbjartur Hannesson lýsti yfir áhyggjum sínum á niðurfærslu á stofnfé. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson er ekki eini maðurinn sem hefur haft áhyggjur af þessu, ég held að það megi segja að flestir umsagnaraðilar höfðu miklar vangaveltur í tengslum við þetta, mismunandi sjónarmið en þó miklar áhyggjur sama hvað mönnum finnst. Hér hefur komið fram það sjónarmið frá hæstv. viðskiptaráðherra í fyrirspurnatíma að það sé ekkert réttlæti — ef ég skil hæstv. viðskiptaráðherra rétt — í öðru en að taka niður stofnfé sparisjóðseigenda sökum þess að þeir hafi fjárfest bara eins og aðrir aðilar og verði að taka því tapi sem þar kemur upp. Alveg sama hvaða skoðun menn hafa á slíkum fullyrðingum er alveg ljóst að ekki liggur fyrir hvert sú vegferð leiðir okkur sem við erum að fara í núna.

Ef við tölum um þessi mál í heildarsamhengi, sama hvaða skoðun menn hafa á þeim, er ljóst að málefni sparisjóðanna hafa verið tilefni deilna og sömuleiðis átaka í þjóðfélaginu um mjög langa hríð. Þetta tengist ekki einungis bankahruninu. Í rauninni á vandi hinna ýmsu sparisjóða víðs vegar um landið sér miklu lengri sögu og deilur um hina ýmsu hluti og átök koma hruninu í rauninni ekki mikið við. Ég hef verið á þingi þegar menn hafa gripið til mjög róttækrar lagasetningar á miklum hraða til að gera nokkuð sem þeir töldu að væru til bjargar sparisjóðunum. Það er alveg ljóst að við tökum ekki á þeim miklu álitaefnum sem uppi hafa verið í tengslum við sparisjóðina núna ef einhver skyldi vera í vafa um það. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, formaður nefndarinnar, sagði að hér værum við að taka heildstætt á málum, sagði sem kom mér mjög á óvart að það væri í rauninni ekki til neins fyrir nefndina að sitja yfir málinu lengur, það mundi ekkert batna við það. Þá kom strax í ljós í andsvörum við ræðu hv. þingmanns, og ekki frá stjórnarandstöðunni heldur frá stjórnarliða, að mörg ákvæði þessa frumvarps munu, verði það að lögum sem allar líkur eru á, vekja upp spurningar en ekki svara þeim.

Ég leyfi mér nú og geri eins og held ég flestir Íslendingar, kannski sérstaklega við þingmenn, að velta því fyrir mér hvað við hefðum mátt gera betur. Það er auðvitað fjölmargt en eitt er alveg klárt, þegar kemur að málaflokki eins og fjármálaumhverfinu er alveg ljóst að við megum vanda okkur betur og gaumgæfa betur þegar við vinnum að lagasetningu. Ég hélt að formaður nefndarinnar mundi bera það fyrir sig, aðspurð um hvort þetta hefði ekki verið unnið í of miklum flýti, að það væri ekki annar valkostur við þessar aðstæður. Sjónarmið formannsins kom mér mjög á óvart, sem væntanlega er sjónarmið meiri hlutans, að alveg nóg hafi verið unnið í þessu, nægum tíma eytt í það og málið mundi ekkert batna við það að fara betur yfir það. Það er kaldhæðnislegt að við umfjöllun okkar um málið fengum við upplýsingar á fundi viðskiptanefndar fyrir nokkrum klukkutímum þar sem vorum líka að fjalla um mál sem er nokkurra vikna gamalt. Þá stóð ég hér ásamt fleirum í minni hlutanum og við héldum ekkert ósvipaðar ræður og núna, við gerðum athugasemdir við það hversu hratt væri unnið og höfðum miklar áhyggjur af því að það frumvarp, þó svo að það hafi eins og flest frumvörp góðan ásetning, mundi ekki skila tilætluðum árangri. Því miður höfðum við rétt fyrir okkur. Það liggur fyrir að við erum að fjalla núna aftur um lög sem við samþykktum fyrir nokkrum dögum

vegna þess að ásetningur þeirra laga sem voru keyrð í gegn á miklum hraða og vísað til þess að það væri gert til að greiða út launakröfur starfsmanna bankanna gekk ekki eftir. Að vísu var margt meira undir (Gripið fram í.) sem í rauninni eru enn stærri mál en þau og ég vona að okkur hafi lánast að ganga þannig frá því frumvarpi og þeim lögum að það muni ekki kalla á erfiðleika í nánustu framtíð. Það er ekki ljóst á þessu stigi.

Virðulegi forseti. Þess vegna er mörgum spurningum ósvarað eins og ég vísaði í áðan og við í minni hlutanum höfum verið alveg tilbúin til að vinna þessa hluti jafnhratt og mögulegt er. Röksemdir meiri hlutans hafa verið þær að það væri nauðsynlegt að ganga frá ákveðnum málum til að markmið neyðarlaganna um að koma sparisjóðunum til aðstoðar næðist. Það þyrfti að breyta sérstaklega reglum um niðurfærslu stofnfjár til að svo mætti verða. Við í minni hlutanum höfum alveg haft skilning á því en í þessu frumvarpi er miklu meira og formaður viðskiptanefndar taldi í ræðu sinni fyrr í dag að hér væri um að ræða heildstæða löggjöf um sparisjóðina. Það er algjörlega ljóst, virðulegi forseti, að það má vera mikið lán ef það að ganga frá heildstæðri löggjöf um sparisjóðina á þessum hraða mun ekki kalla á einhverjar spurningar svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Ég vona sannarlega að við þurfum ekki að taka þetta mál fljótt upp aftur en ég er ansi hræddur um það.

Í það minnsta liggur alveg hreint og klárt fyrir að einu helsta og kannski stærsta einstaka álitaefni sem snýr að því hvernig við sjáum sparisjóðina í nánustu framtíð er ekki svarað. Í grófum dráttum gengur þetta út á að ríkið kemur inn með fjármagn eins og í aðrar fjármálastofnanir. Það er rétt sem kom fram hjá formanni að staða sparisjóðanna er verri núna en þegar við gengum frá reglunum í desember af mörgum ástæðum. Ætli tvö stærstu áföllin séu ekki annars vegar verra ástand á fjármálamörkuðum og hins vegar fall Sparisjóðabankans sem hafði mikil áhrif á flesta sparisjóði. Það tengist ekkert, virðulegi forseti, neinu meintu braski hjá stofnfjáreigendum eða sparisjóðunum, heldur var það sá aðili sem sparisjóðirnir treystu á. Fall hans hafði áhrif á alla þessa sparisjóði, alveg sama hvernig þeir höfðu hagað sínum málum varðandi stofnfé og stofnfjáreigendur.

Í andsvörum útilokaði hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, ekki að það kæmi til þess að stofnfé yrði lækkað niður í núll. Í þessari lagasetningu gerum við ráð fyrir því og breytum lögum þannig að ríkissjóður geti verið eini eigandi sparisjóðanna.

Virðulegi forseti. Nú geta menn haft allar skoðanir á því, en hvers konar sparisjóður er það sem er að fullu í eigu ríkisins? Hugmyndin með sparisjóðunum er sú að þetta séu, ef ég hef skilið það rétt, sjálfseignarstofnanir sem eru í tengslum við viðkomandi svæði og þess vegna er þetta stofnfjáreigendafyrirkomulag væntanlega til komið. Ég er þó þeirrar skoðunar að það megi taka það til endurskoðunar og tel að við hefðum átt að eyða góðum tíma í það og gera það bæði gegnsærra og skýrara hvernig aðilar geta orðið stofnfjáreigendur í sparisjóðum. Hvað sem öðru líður getum við staðið uppi með einn eða fleiri, jafnvel kannski marga, sparisjóði sem eru hreinir ríkissparisjóðir og það eru engar áætlanir — það kom skýrt fram í nefndinni — um það hvernig ríkið ætlar að losa sig út úr því.

Nú vitum við að vandinn hefur m.a. legið í því að flestir sparisjóðirnir hafa verið litlar einingar, þess vegna hafa þeir væntanlega farið í að sameinast. Þess vegna hafa þeir kallað á það að fá að vinna saman og hefur þótt örðugt að starfa við þær aðstæður. Þegar við erum komin með þessar litlu einingar sem eru að fullu í umsjá ríkisins og þar af leiðandi í litlum tengslum við heimasvæði sín liggur alveg fyrir að við erum komin með sérstakt verkefni, leggjum það út jákvætt. Mér finnst það í rauninni sýna hvað við erum komin skammt með þessa vinnu að það kom skýrt fram að það eru engar áætlanir um það hvernig ríkið ætlar að losa sig út úr slíkri stöðu.

Virðulegi forseti. Menn komast ekkert hjá því þegar þeir fara í mál eins og þessi, ef menn hugsa málið alla leið, að við ættum að hafa lært það af undangengnum tíma að hlutirnir lagast ekkert við að fresta þeim. Það er algjörlega deginum ljósara. (**Gripið fram í:** Góður!) Það að ætla ekki að taka á hlutum eins og minni hlutinn tekur hér fram varðandi t.d. að skýra skilgreiningar í kringum sparisjóðina, taka fram, skoða og koma með lagaumgjörð varðandi rekstrarumhverfi, tengsl við heimasvæðin, upphæð stofnfjár, gagnsæi í reglum við stofnfjáreigendur, hverjir geta orðið stofnfjáreigendur, stjórnkerfi sparisjóðanna, atkvæði stofnfjárhlutar, samstarf sparisjóðanna og ýmsa slíka hluti — og ég fullyrði að þeir sem eru í nefndinni geta ekki svarað því hvernig þeir sjái þetta fyrir sér á næstunni vegna þess að það kom bara algjörlega skýrt fram að það eru engar slíkar áætlanir til.

Nú er ekki eins og bara ég sé að tala um þetta eða við sem erum í viðskiptanefnd og ekki í meiri hlutanum. Síðast í dag, fyrir nokkrum klukkutímum, ítrekaði Fjármálaeftirlitið þá ósk sína að viðskiptanefnd mundi taka betri tíma í að fara yfir málið. (**Gripið fram í:** Ha?) (**ÁI:** Úff, er þingmaðurinn enn í …?)

Virðulegi forseti. Hér er komin beiðni frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um að ég endurtaki það sem ég er búinn að segja tvisvar, þrisvar. Ég get alveg sagt það einu sinni enn, það kom síðast fram í nefndinni í dag frá Fjármálaeftirlitinu að það teldi að viðskiptanefnd ætti að taka betri tíma í að fara yfir þetta mál.

Ég ætla að fara aðeins yfir það hvað kemur fram í umsögn Fjármálaeftirlitsins. Hér hafa menn talað um að þessir hlutir séu mjög skýrir og bara hv. þm. Guðbjarti Hannessyni og flestum öðrum sem þetta mál skoða finnst það ekki. Í umsögn Fjármálaeftirlitsins segir, með leyfi forseta:

„Almennt telur Fjármálaeftirlitið nokkuð vanta upp á skýrleika nokkurra greina frumvarpsins sem geta valdið vafa í túlkun og framkvæmd.“

Síðan koma nokkurra síðna athugasemdir frá Fjármálaeftirlitinu.

Það segir kannski allt um það hversu skýrt þetta er að við kölluðum sérstaklega á Fjármálaeftirlitið í dag vegna þess að við ætluðum að fá það til að bíða með fresti til að við gætum unnið okkur ákveðinn tíma, þ.e. nefndin stóð í þeirri meiningu að Fjármálaeftirlitið kallaði á að þessu máli yrði flýtt, en í umfjöllun nefndarinnar kom skýrt fram að fjármálaráðuneytið hafði beðið um það.

Virðulegi forseti. Sjónarmið okkar er að það væri skynsamlegra fyrir okkur að skilgreina einungis þá þætti sem

snúa að bráðaaðgerðunum, reyna að klára þá á næstu dögum og taka síðan betri tíma í það sem augljóslega á eftir að gera og mun því miður koma til kasta þingsins, vonandi seinna en ég er ansi hræddur um að það verði fyrr, sem snýr að almennu umhverfi sparisjóðanna í landinu. Við því var ekki orðið eins og menn þekkja. Þó svo að ég taki skýrt fram að við teljum að þær breytingar sem hafa verið gerðar séu til bóta breytir það ekki þeirri staðreynd að við eigum enn þá mikið verk óunnið. Hér erum við að tala um ansi mikla hagsmuni og það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar bæði fyrir fjármálakerfið í heild sinni, sem við erum að endurvekja, og ég tala nú ekki um um ákveðin svæði á landinu, að við höfum ekki gefið okkur þann tíma sem þarf til að vinna í þessum málum. Enn er von, virðulegur forseti, og það er aldrei að vita nema meiri hlutinn sjái að sér og menn hinkri aðeins.

Ég sé á nefndarmönnum í meiri hlutanum að þá dreymir um að verða við óskum okkar og svo er bara spurning hvort þeir verði settir undir járnhæl ríkisstjórnarinnar og látnir keyra þetta í gegn. Það, virðulegi forseti, er nokkuð sem við munum sjá á næstu klukkustundum, en svona án þess að vera með nokkurt létt hjal í þessu alvörumáli hvet ég í fullri alvöru meiri hlutann, sérstaklega í ljósi þess að við erum að taka á máli nákvæmlega vegna þess að menn gáfu sér ekki þann tíma sem þurfti til að gaumgæfa það nógu vel. Við erum komin með erindi sem við vorum með fyrir nokkrum vikum og byrjuðum á því í morgun að fara aftur yfir mál sem við kláruðum. Meiri hlutinn taldi sig vera að klára hann til lengri tíma en nokkurra vikna. Við vorum bara að gera það í morgun.

Virðulegi forseti. Þó að menn geti haft mismunandi sjónarmið, og svo sannarlega eru mismunandi sjónarmið í minni hlutanum þegar kemur að sparisjóðunum eins og hjá flestum, held ég að við séum í grunninn sammála um það, eða um 90%, hvað þessum málum kemur. Ég hvet meiri hlutann til að hugsa einu sinni enn hvort ekki væri skynsamlegra að fara að ráðum okkar í minni hlutanum, klára bara það mál sem snýr að hreinum og klárum aðgerðum til að aðstoða sparisjóðina en að við gefum okkur betri tíma í það sem snýr að heildarumgjörð sparisjóðanna.

Ef við gerum það ekki, virðulegi forseti, er ansi mikil hætta á því að við þurfum að vinna þetta hratt aftur. Ég fullyrði að hv. þingmenn í viðskiptanefnd eru ekki verkfælnir, þvert á móti tilbúnir til að gera það. Það er hins vegar ansi dýrt, virðulegi forseti, ef okkur tekst ekki vel til með sparisjóðina af mörgum ástæðum og ekki bara fyrir þær stofnanir, heldur sömuleiðis fyrir fjármálakerfið í heild og sérstaklega ákveðin svæði á landinu.

[18:25]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ræða hv. þingmanns gaf tilefni til ýmissa athugasemda. Ég hygg að formaður hv. viðskiptanefndar muni bregðast við orðum hv. þingmanns um Fjármálaeftirlitið.

Hæstv. forseti. Ég hlustaði mjög grannt á ræðu hv. þingmanns og efnislega á það sem hann sagði en ég verð að játa að ég skildi ekki almennilega málflutning hv. þingmanns. Hann sagði í öðru orðinu: „Við höfum ekki gefið okkur þann tíma sem þarf til að vinna málið.“ Og í næstu setningu sagði hann: „Hlutirnir lagast ekki við að fresta þeim.“ Ég skrifaði þetta orðrétt eftir hv. þingmanni.

Ég verð að segja að þegar hv. þingmaður talar um að þetta mál sé unnið í flýti, að það sé flumbrugangur á því, fáir fundir hafi verið haldnir og lítið samráð þá hlýt ég að vísa því á bug. Málið hefur verið til umfjöllunar í hv. viðskiptanefnd í þrjár vikur. Það hefur verið til umfjöllunar á mörgum fundum. Við höfum fengið á annan tug gesta á fund nefndarinnar til þess að fara yfir sjónarmið og það hefur ítarlega verið komið til móts við óskir og sjónarmið stjórnarandstöðunnar um fundi, um gögn og um ítarlega yfirferð. Ég átta mig því hreinlega ekki á þessu. Þó að, frú forseti, oft megi gagnrýna þingið fyrir hraða málsmeðferð á hinum ýmsu málum þá hygg ég að í þessu tilfelli eigi það ekki við.

Ég verð að segja það hér, frú forseti, í lokin að ég vil nota þetta tækifæri sérstaklega til þess að hrósa hv. formanni viðskiptanefndar Álfheiði Ingadóttur fyrir afar góð tök á þessu máli, snöfurmannleg vinnubrögð og góða fundarstjórn í afar flóknu og erfiðu máli. Mér finnst að hv. þingmanni væri nær að þakka hv. formanni viðskiptanefndar fyrir vinnubrögðin (Forseti hringir.) og samstarfsviljann sem sýndur hefur verið í þessu máli.

[18:27]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef þakkað hv. formanni viðskiptanefndar svo oft að ég er búinn að fá mjög margar spurningar í tengslum við það. En ég get alveg þakkað hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir prýðilega stýringu í nefndinni. Ég tók það skýrt fram — ég veit ekki hversu oft ég gerði það — að ég tel að málið hafi lagast í meðförum nefndarinnar.

Það voru ekkert haldnir fáir fundir, virðulegur forseti. Það var ekki svo. Ég sagði það aldrei. Niðurstaða okkar og tillaga var einfaldlega sú að við ættum að gera það sem væri nauðsynlegt til þess að ríkið gæti framfylgt þeim hluta neyðarlaganna sem sneri að sparisjóðunum en því sem snýr að heildarumhverfi sparisjóðanna hefur ekkert verið svarað. Það kom alveg skýrt fram í nefndinni. Ég veit að hv. þingmaður var að stórum hluta erlendis meðan við fjölluðum um þessi mál. En það kom alveg skýrt fram að það er engin áætlun til um til dæmis það sem er ekki lítið mál, þ.e. hvernig ríkið ætlar að koma sér út úr rekstri sparisjóðanna aftur, engin. Það liggur alveg fyrir miðað við þær upplýsingar sem við höfum.

Hér kemur hv. formaður nefndarinnar og segir að það sé ekkert útilokað að stofnfé verði fært niður í núll og við erum að ganga frá lagasetningu sem gengur út á að þetta verði hreinir og klárir ríkissparisjóðir. Hvað ætla menn að gera við það, virðulegi forseti? Það veit enginn. Er þá óeðlileg krafa þegar við erum að ganga frá þessum málum með þessum hætti að löggjafinn sé búinn að átta sig á því hvernig umgjörð og nánasta framtíð sparisjóðanna verður? Er það óeðlilegt?

[18:30]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel þvert á móti að þetta mál hafi verið unnið vel og vandlega og það hefur ekkert með minn málflutning að gera þó að ég hafi ekki setið fundi í nefndinni í eina viku. Ég hef sett mig mjög vel inn í þetta mál eins og flest þau mál sem ég kem að í nefndum Alþingis og finnst það vægast sagt ósmekklegt af hv. þingmanni að ýja að því að vegna þess að ég hafi ekki setið einhverja tiltekna fundi sé ég ekki búin að setja mig inn í málið.

Aðalatriði þessa máls er, eins og hv. þingmaður veit, að það er lífsspursmál fyrir tiltekna sparisjóði í þessu landi að þetta mál verði unnið hratt og örugglega og það er kallað eftir því að Alþingi Íslendinga afgreiði þetta mál núna en bíði ekki með það vegna þess að sparisjóðirnir þurfa á því að halda.

[18:31]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég var ekkert að ýja að neinu varðandi hv. þingmann og störf nefndarinnar. Ég ætla bara að segja það hreint út að hv. þingmaður hlustaði ekki á ræðuna mína. Það er algjörlega augljóst og ég bara stend við það hvar og hvenær sem er. Það er bara sjálfsagt og skemmtilegur siður að fara í andsvar. En það er ágætisregla að hlusta fyrst á ræðuna sem viðkomandi flytur áður en maður fer í andsvar. (Gripið fram í.)

Ég sagði það hreint og klárt og það stendur í minnihlutaálitinu að við vorum tilbúin til þess að hjálpa til við að ganga frá þeim þáttum sem sneru að bráðaaðgerðunum. Það kemur fram í minnihlutaálitinu og ég veit ekki hversu oft ég sagði það hér í ræðunni áðan. Um það er ekki deilt.

Það sem eftir stendur er umhverfi sparisjóðanna. Enginn getur haldið því fram með neinum rökum að það sé ljóst þegar við erum búin að samþykkja þessi lög.

[18:32]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði að það verður okkur dýrt ef ekki tekst vel til með sparisjóðaumhverfið í landinu.

Það er auðvitað enginn endanlegur sannleikur í lögum og við skulum átta okkur á því að starfsumhverfi þessara fjármálafyrirtækja, meðal annars sparisjóðanna sem við erum að fást við hér, er mjög kvikt og það kann vel að vera að það muni kalla áfram á breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki eins og hefur reynst í kjölfar bankakreppunnar. Ég hygg að þetta sé í fimmta sinn sem farið er inn í lögin eftir að bankakreppan varð.

Hv. þingmaður verður að virða mér það til vorkunnar að ég tók þátt í þeim breytingum flestum og þær voru margar hverjar, sérstaklega framan af vetri, afgreiddar án þess að vera sendar út til umsagnar og jafnvel á einni nóttu svo það sé bara rifjað upp og sagt hér. Við þurfum líka að muna að Ísland er hluti af stærra lagaumhverfi þannig að það kallar líka oft á breytingar.

Erindi mitt, frú forseti, hingað í þennan stól var aðallega að minna á það að þrátt fyrir mjög ítarlega umsögn Fjármálaeftirlitsins varð það niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að taka ekki tillit til þeirra sjónarmiða sem þar voru reifuð. Það var meðal annars gert vegna þess að í umsögn ráðuneytis um þau atriði sem helst voru gerðar athugasemdir við, þ.e. umsögnin gaf ekki tilefni til þess að eftir athugasemdunum væri farið. Ég vil sérstaklega nefna hér eitt sem er stærsta ágreiningsefnið sem varðar Fjármálaeftirlitið og reyndar Samkeppniseftirlitið líka, varðar 9. gr. um útvistun verkefna. Það var farið yfir þessa umsögn á fundi nefndarinnar og ég tel ekki að fengist hefði önnur niðurstaða í því máli enda þótt það hefðu verið haldnir fleiri fundir eða þó að við hefðum geymt þetta fram á haustið.

[18:34]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir málefnalegt og gott andsvar. Hv. þingmaður staðfesti það sem ég hef verið að ræða um hér og ég átti ekkert von á neinu öðru því að við erum ekkert að deila um það.

Ég er með sömu áhyggjur og hv. þingmaður um að allar líkur séu á því að við verðum kölluð saman aftur út af þessu máli. Það liggur alveg fyrir að þegar við lentum í bankahruninu þá unnu menn hlutina af ástæðu alveg gríðarlega hratt og í rauninni eftir á að hyggja finnst mér alveg ótrúlegt hvað vel hefur tekist til miðað við undir hvaða pressu, bæði tímapressu og annarri pressu, menn voru að vinna þar.

Ég er ekki að gera hér allar athugasemdir Fjármálaeftirlitsins að mínum sjónarmiðum. En ég er algjörlega sammála Fjármálaeftirlitinu um að skynsamlegra hefði verið að fara yfir þessa þætti betur. Á sama tíma og við erum alveg sammála um það, meiri hluti og minni hluti, sem snýr hreint og klárt að því að hjálpa framkvæmdarvaldinu að framkvæma þann þátt neyðarlaganna sem snýr að endurreisn sparisjóðanna — það er nokkuð sem menn ættu að reyna að vinna eins hratt og mögulegt er — þá er, alveg eins og hv. þingmaður nefndi, dýrt ef okkur tekst ekki vel til með rekstrarumhverfi sparisjóðanna.

Hv. þm. Guðbjartur Hannesson, sem þekkir nú þessi mál betur en flestir, er hér í þinginu og hann var með mjög málefnalegar og eðlilegar spurningar eftir umfjöllun nefndarinnar alveg eins og umsagnaraðilarnir og því miður þeir aðilar sem vinna við þessi mál (Forseti hringir.) gera eftir að við erum búin að samþykkja þessi lög.

[18:36]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel rétt að ítreka hér að helstu breytingar í þessu frumvarpi, einkum þær sem snúa að 1. gr. frumvarpsins og 9. gr. frumvarpsins sem Fjármálaeftirlitið gerði vissulega athugasemdir við, voru til umfjöllunar í nefnd sem skipuð var á árinu 2007 og Fjármálaeftirlitið átti aðild að þannig að Fjármálaeftirlitið átti aðild að þeim breytingum sem hér er verið að ræða. Atriði sem varða samkeppnisumhverfið og samstarfið hafa auk þess verið sérstaklega borin undir Fjármálaeftirlitið. Þau ákvæði eru hins vegar

niðurstaða af tiltekinni málamiðlun og meiri hlutinn tók sérstaklega undir það með Sambandi sparisjóða að nauðsynlegt væri að skýra í lögum heimildir til samstarfs. (Forseti hringir.) Það mat, hygg ég, að hefði ekki breyst þótt lengri tími hefði liðið.

[18:37]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við munum aldrei komast að því hvort ákvæði sem hét útvistun við framlagningu frumvarpsins en heitir núna samvinna sparisjóða, þ.e. hvort við nefndarmenn hefðum breytt því ef við hefðum haft lengri tíma. Það komu bæði athugasemdir frá Fjármálaeftirlitinu og sömuleiðis frá Samkeppniseftirlitinu við það og við munum ekki komast að því ef við förum ekki betur yfir það hvort við komumst að annarri niðurstöðu.

Þegar við erum að tala um rekstrarumhverfi sparisjóðanna held ég til dæmis að flestir komist að þeirri niðurstöðu að það hafi verið skynsamlegt að skoða hvað menn hafa gert í öðrum löndum, til dæmis í nágrannalöndum okkar, Norðurlöndunum. En eins og hv. þm. Eygló Harðardóttir hefur bent á þá hefur það ekki verið gert. Við fórum ekki yfir það. Eru ekki flestir sammála því að það væri nú skynsamlegt að gera það í tengslum við jafnumfangsmikla (Forseti hringir.) lagabreytingu og raun ber vitni?

[18:38]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við höfum hlýtt hér á álit minni hluta viðskiptanefndar á þessu frumvarpi um sparisjóðina. Við hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson erum sammála um hversu mikilvægt þetta mál sé og hversu mikilvægt sé að varðveita sparisjóðaformið og endurreisa sparisjóðina enda tókum við báðir þátt í að samþykkja lög um það á sínum tíma — réttara sagt, já, neyðarlögin — að við skyldum gæta þessa forms.

Það sem kom mér aftur á móti verulega á óvart var að fá nefndarálit frá minni hluta nefndarinnar þar sem aðeins er sagt pass. Þar sem menn í rauninni bara segja: „Við höfum ekki hugmynd um hvað á að gera. Við óskum bara eftir betri tíma.“ Það kemur mér sérstaklega á óvart varðandi hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson sem var starfandi bankamálaráðherra vegna vanhæfis fyrrum fjármálaráðherra á sínum tíma fram til 1. febrúar þegar einmitt var unnið að málefnum sparisjóðanna. Hv. þingmanni hefði því átt að vera betur kunnugt en öllum öðrum um við hvað væri að glíma.

Ég vil líka að vekja athygli á því að hv. þingmaður kallar það svo að járnhæll ríkisstjórnarinnar reki málið áfram. Hvað er nú orðið um þá ræðu sem var flutt hér nánast í hverjum einasta andsvarstíma langtímum saman um aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, um hvað mál gengju of hægt og þetta tæki allt of langan tíma og svo framvegis? Nú er sleginn allt annar tónn. Nú höfum við allt í einu nógan tíma jafnvel þó að hér sé að hrynja yfir okkur heilt sparisjóðakerfi.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hvaða tímamörk telur minni hlutinn að við höfum? Hversu langan tíma höfum við til þess að vinna í málum sparisjóðanna og hverjar eru helstu tillögur minni hlutans um lausn, það sem þeir sjá fyrir sér að komi inn þá í framhaldinu sem tillögur?

[18:41]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðbjarti Hannessyni svíður eðli málsins samkvæmt að vera í stjórnarmeirihluta sem er vændur af ástæðu um mikið aðgerðaleysi. Það stendur. Aftur skal ég fara yfir það sem ég er búinn að fara yfir í nokkrum andsvörum, í minnihlutaálitinu og í framsöguræðu minni, að það sem snýr að björgunaraðgerðunum er nokkuð sem minni hlutinn hefur lagt áherslu á að vinna eins hratt og mögulegt er.

Síðan spyr hv. þingmaður: Hvað sjónarmið eru varðandi sparisjóðaumhverfið í heild sinni? Vísar hann þá til fyrri starfa minna. Þá var ég að vísu starfandi fjármálaráðherra í tengslum við þetta mál og útfærði reglur í desember. Ég get alveg upplýst þingheim um að það var mjög snúið mál og við kölluðum til marga sérfræðinga til þess að fara yfir það því að það var alls ekki einfalt.

Þær upplýsingar sem við fáum í nefndinni eru að þær forsendur sem stuðst var við á þeim tíma hafi breyst mjög mikið. Við fengum að vísu ekki meiri upplýsingar og ég hef ekkert verið í því hér, vegna þess að mér hefur fundist — þrátt fyrir allt hef ég verið sáttur því að almenna reglan er sú að formaður viðskiptanefndar hefur tekið vel í beiðni um upplýsingar og hefur kallað eftir þeim og við höfum fengið gesti á nefndarfundina. En ég vek athygli á því að það átti að taka út málið í gær. Á sama tíma vorum við að fá upplýsingar sem við vorum að biðja um. Við vorum að funda um þetta mál í dag þannig að þegar við komum hér — og það er alveg rétt hjá hv. þingmanni — þá segjum við: Við þurfum meiri tíma (Forseti hringir.) til þess að taka afstöðu til þess. Hv. þingmaður gerir lítið úr því og kallar það pass. Þá segi ég: Það er nú ábyrgt, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að fá upplýsingarnar og taka afstöðu í kjölfarið.

[18:43]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að við séum komin þar í þessu máli að við verðum að stíga næsta skref. Það er kannski ekki endanlegt eins og hér hefur komið fram og það kom fram hjá hv. þingmanni að skrefin sem tókum í desember voru ekki endanleg. Við verðum að höndla stundum.

Hér erum við að fjalla um rekstrarform, sem sagt sparisjóði sem eru í mjög miklum vandræðum. Við höfum verulegar áhyggjur af því fólki sem þarna hefur lagt inn stofnfé. Það sem maður verður að bera traust til og hefur komið fram hér áður í andsvörum er að sú leið sem boðuð er með frumvarpinu um niðurfærslu á stofnfé verði gerð með varfærni og það verði haft að leiðarljósi að reyna að forðast að afskrifa það niður í núll eins og hefur komið fram í kynningu meiri hluta nefndarinnar. Á það mun ég treysta að reynt verði að gæta þess og gæta þess þannig að stofnfjáreigendur geti þá unnið sig aftur og eignast hlut í sparisjóðnum sínum að nýju þrátt fyrir að það þurfi að færa niður stofnfé að einhverju leyti.

Ég spyr hv. þingmann um hvort hann sé mér ekki sam-

mála um þetta og hvort það sé ekki (Forseti hringir.) næg trygging í frumvarpinu um að þetta eigi að vera hægt.

[18:44]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kom hérna að kjarna málsins, einu af þessum álitaefnum sem uppi eru. Hv. þingmaður fór yfir sína pólitísku skoðun á því að það væri mjög mikilvægt að fara varlega í niðurfærslu, fara af varfærni í niðurfærslu á stofnfé og að stofnfjáreigendum væri gert kleift að vinna sig aftur inn með sitt fé, ef ég skildi hv. þingmann rétt, og hann spurði: Er ekki trygging fyrir því?

Ég vísaði hér í það og fór yfir það að það eru engar áætlanir. Það hefur ekkert verið kynnt fyrir nefndinni og verið hreint og klárt sagt að það eru engar áætlanir um það hvernig menn sjá þetta fyrir sér. Það eru engar áætlanir um það hvernig ríkið eigi að koma sér út úr þessu. Eina sem við vitum um niðurfærsluna er það sem kom fram í andsvörum og kemur fram hjá ýmsum gestum í nefndinni.

Þess vegna erum við með þetta minnihlutaálit (Forseti hringir.) eins og hv. þingmaður er búinn að lesa og kynna sér, þ.e. vegna þess að við erum sammála hv. þingmanni um að það þarf að svara þessum spurningum.

[18:46]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Þetta er snúið mál. Ég er t.d. sammála meiri hluta nefndarinnar um allar breytingartillögur hans, mér finnst þær allar til bóta, en ég er ekki sannfærð um að þetta sé gott frumvarp. Mér finnst það bara taka á yfirborðsvanda þegar við þyrftum að kafa dýpra og huga að undirstöðunni. Mér finnst þetta svolítið eins og að við komum að manni með opið beinbrot og setjum plástra á sárið þegar við þyrftum að kafa dýpra í málin. Þetta eru plástrar fyrir svakalega mikla peninga og ég held því miður að þetta sé bara sóun á plástrum.

Við höfum haft skamman tíma til að vinna þetta mál miðað við hvað það er umfangsmikið. Ég held að nefndin hafi gert allt sem hún gat á þessum tíma með það sem við höfðum í höndunum. Ég veit ekki hvort við hefðum getað gert neitt meira, en ég held að við höfum í rauninni ekki efni á að hafa ekki farið almennilega í þetta mál.

Í einni nefnd geta rúmast ótal skoðanir og við í minni hlutanum erum alls ekki sammála um öll atriði sem snúa að þessu frumvarpi. Ég skil vel sjónarmið margra þeirra um að við ættum að standa vörð um stofnfjáreigendurna en þetta er ekki einfalt mál og ég get ekki með nokkru móti réttlætt fyrir sjálfri mér eða öðrum að við ættum að standa einhvern frekari vörð um stofnfjáreigendur en aðra fjárfesta í landinu sem hafa tapað fullt af peningum. Því er ég algjörlega sammála meiri hluta nefndarinnar um það efni en mér finnst þetta ekki nógu gott frumvarp fyrir sparisjóðina. Ég held að þessar aðgerðir komi ekki til með að duga.

[18:48]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Rekstrarafkoma sparisjóðanna var mjög slæm árið 2008. Hjá flestum þeirra var veruleg rýrnun á eigin fé, einkum vegna lækkunar á hlutabréfaverði og gangverði eignarhluta í félögum. Þá var afkoma af kjarnastarfsemi fyrir skatt neikvæð hjá flestum þeirra. Það er því ljóst að staða sparisjóðanna er erfið um þessar mundir og margir þeirra hafa þörf fyrir að auka stofnfé til þess að styrkja eiginfjárgrundvöll og rekstrarhæfi, hvort sem nýtt stofnfé kemur frá ríki, sveitarfélögum eða öðrum aðilum sem vilja styrkja rekstur þeirra.

Margir sparisjóðir hafa á síðustu árum hækkað stofnfé sitt mjög mikið og greitt stofnfjáreigendum mikinn arð og gengið um leið á varasjóði þeirra. Vegna taprekstur á síðasta ári er nú svo komið að í mörgum þeirra er varasjóður uppurinn og jafnvel orðinn neikvæður, þ.e. útgefið stofnfé er orðið hærra en annað eigið fé. Við þær aðstæður verður að telja ólíklegt að nýir aðilar séu tilbúnir að leggja fram nýtt stofnfé og hefur ríkissjóður til að mynda sett það skilyrði fyrir fjárframlagi samkvæmt ákvæðum laga 125/2008, þ.e. neyðarlaga, að varasjóður sé ekki neikvæður.

Eitt af markmiðum þeirra breytinga sem lagðar eru til á ákvæðum VIII. kafla laganna nú er að auðvelda sparisjóðum að sækja sér nýtt stofnfé, m.a. á grundvelli þessara laga, 125/2008, með því að geta lækkað núverandi stofnfé til að mæta taprekstri síðustu ára og með þeim hætti jafnað varasjóð sparisjóðanna. Með þeirri aðgerð taka núverandi stofnfjáreigendur vissulega á sig tap sparisjóðsins á síðasta ári að því leyti sem það er og var umfram varasjóð. Miðað við núverandi löggjöf um sparisjóði er ekki talin heimild til þess að lækka stofnfé.

Með þessu frumvarpi er einnig verið að styrkja rekstrargrundvöll og samvinnu sparisjóðanna. Um langt skeið hafa þeir átt í ýmiss konar samvinnu, t.d. um tölvuvinnslu, markaðssetningu og námskeiðahald svo og ákvarðanir um vexti og gjaldskrárliði. Þessi samvinna hefur auðveldað minni sparisjóðum þátttöku í samkeppni á fjármálamarkaði. Samkeppniseftirlitið hefur haft samstarf sparisjóðanna til skoðunar og má búast við að þrengt verði að möguleikum þeirra til samstarfs nema til komi sérstök ákvæði í lögum sem heimili það samstarf. Og það erum við að gera í þessu frumvarpi.

Það er hins vegar erfitt að meta hvort þessar ráðstafanir dugi. Í reglum frá 18. september var gengið út frá því að 20% framlag ríkisins mundi duga sparisjóðunum en uppfært mat á stöðu þeirra hefur sýnt að margir þeirra eru komnir með neikvætt eigið fé, þ.e. stofnfé er orðið meira en eigið fé. Því eru sparisjóðirnir tæknilega gjaldþrota, ef svo mætti að orði komast, ef ekki kemur til aðstoð. Raunsætt mat þeirra sem skoðað hafa málið er að í tilviki þeirra sparisjóða sem verst standa þurfi meira að koma til og alls óvíst er að þeir finnist sem reiðubúnir eru til að leggja fjármuni í veikburða fjármálafyrirtæki.

Mig langar að víkja að neyðarlögunum, en ég lít svo á að það skref sem við stígum nú sé einungis útfærsla eða næsta skref.

Í neyðarlögunum, nr. 125/2008, segir, með leyfi forseta, í 2. gr.:

„Við þær sérstöku aðstæður sem greinir í 1. gr. er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans. Ríkissjóður fær stofnfjárbréf eða hlutabréf í spari-

sjóðnum sem endurgjald í samræmi við eiginfjárframlag sem lagt er til. Fjárhæð útgefinna stofnfjárhluta til ríkissjóðs skal að nafnverði nema sömu upphæð og það fjárframlag sem innt er af hendi og skal það stofnfé njóta sömu stöðu og aðrir stofnfjárhlutir í viðkomandi sjóði.“

Svo segir:

„Þegar um er að ræða sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki skal hið nýja hlutafé nema sama hlutfalli gagnvart öðru útgefnu hlutafé og fjárframlagið er í hlutfalli við bókfært eigið fé félagsins. Ákvæði þetta tekur jöfnum höndum til stofnfjársparisjóða og þeirra sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga þessara eftir því sem við á.“

Það er því mitt mat og nefndarinnar að með ákvæðum neyðarlaga samkvæmt framangreindu sé beinlínis gert ráð fyrir að stofnfé sjóðanna verði fært að raunverði. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi er hér því aðeins verið að útfæra texta neyðarlaganna og skýra betur það sem ekki var gert í reglunum frá 17. desember. Stofnfjáraukning sparisjóðanna verður að fylgja almennum jafnræðisreglum og útfærslan á niðurskrift stofnfjár í frumvarpinu er til að laga stofnfjáraukninguna að almennum jafnræðisreglum enda væri tillegg hins opinbera á öðrum forsendum afar hæpið ef ekki beinlínis andstætt stjórnarskrá.

Mig langar að víkja aðeins að 2. gr. í frumvarpinu eins og það lítur út í dag, en stofnfjárskrá er að okkar mati þannig úr garði gerð að hún á að vera aðgengileg öllum. Það er mikilvægt til þess að inntaka nýrra stofnfjáreigenda og aukning stofnfjár sé gagnsætt ferli til að skapa traust á sparisjóðum og tryggja hlutverk þeirra, m.a. með tilliti til byggðafestu og samfélagslegs hlutverks. Hér er einnig mætt þeirri gagnrýni að sparisjóðirnir séu lokaðar klíkur þar sem menn geti í krafti stöðu sinnar hlutast til um lánveitingar o.fl.

Mig langar næst að víkja að 7. gr. Ég lít svo á að útfærsla hennar í dag sé forsenda þess að einhver vilji leggja sparisjóðunum til fjármagn, þ.e. að búið sé að rétta af samspil milli eigin fjár og stofnfjár, að varasjóðir séu ekki neikvæðir. Ef svo er ekki eru nýir aðilar í raun að kaupa nýja hluti á miklu yfirverði, fá ekki hlutdeild í samræmi við framlag sitt. Hvað sem mönnum finnst um sanngirnina í þessu og söguna er ljóst að í þeim tilvikum þar sem sparisjóðirnir eru komnir með neikvætt eigið fé, þ.e. neikvæða varasjóði, eru stofnfjáreigendur nú þegar búnir að tapa því sem nemur hinum neikvæða mismun og ef ekki kemur til björgunaraðgerða eru slíkir sparisjóðir tæknilega komnir í þrot.

Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að hér er einungis verið að gefa heimild til lækkunar á stofnfé og þá eingöngu ef stofnfjáreigendur sjálfir kjósa svo. Staða sparisjóða er mjög misjöfn og því er mikilvægt við útfærslu laganna að hvert tilvik fyrir sig sé skoðað. Það er mín skoðun að gæta þurfi sérstaklega að byggðafestu, þeim hagsmunum sjóðsins að náið samband sé við nærumhverfi hans og starfsumhverfi, það sé gott því að klippi hann á það samstarf og missi það á hann sér ekki viðreisnar von sem fjármálastofnun á því svæði.

Þá tel ég einnig að gæta þurfi að því að þeir stofnfjáreigendur sem taka á sig lækkun stofnfjár nú eigi að hafa góða möguleika á að endurheimta fé sitt yfir lengri tíma. Þannig verði gætt að hagkvæmum rekstri og að arður af kjarnastarfsemi og annarri starfsemi verði til staðar svo að hægt sé að launa núverandi stofnfjáreigendum tryggð þeirra og bæta þeim með einhverjum hætti tap sitt yfir lengri tíma. Um leið ætti væntanlega að takast að gera sjóðina áhugaverða kosti fyrir nýja stofnfjáreigendur. Ég ítreka að það er mikilvægt að taka tillit til þeirrar misjöfnu stöðu sem einstaka sparisjóðir eru komnir í og þar með þeirra samfélaga sem þeir tengjast, t.d. vegna þess hvernig stofnfjáreigendahópurinn er samsettur.

Samband íslenskra sparisjóða fagnaði þessu heimildarákvæði og tekur undir það lykilatriði að hér sé eingöngu um heimild að ræða. Þar virðast menn gera sér grein fyrir því að með þessu er opnað á mögulegar björgunaraðgerðir til handa sparisjóðunum.

Í áliti þeirra segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við gerum ráð fyrir að í þeirri fjárhagslegu endurskipulagningu og aðkomu ríkisins sem er fram undan hjá sparisjóðunum muni vera nauðsynlegt að lækka stofnfé.“

Það getur vel farið svo að aðstoð ríkisins dugi ekki til að gera eigið fé jákvætt og gera sparisjóðina að rekstrarhæfri einingu. Það þarf meira að koma til, kröfuhafar verða að koma til með eftirgjöf skulda, breytingar á skuldum í stofnfé, og það sama á við um ríkið en velflestir sparisjóðanna skulda í dag ríkinu umtalsverða fjármuni í gegnum Sparisjóðabankann.

Í þeim tilvikum sem framlag ríkisins dugar til að koma hlutfalli sparisjóðs upp fyrir 12% ræðst vægi eldra stofnfjár og nýs stofnfjár af nafnvirði eigin fjár sem er fyrir ásamt niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og nýs stofnfjár. Í þeim tilvikum þar sem framlag ríkisins dugar ekki til að koma þessu CAD-hlutfalli upp fyrir 12% þarf þar af leiðandi að grípa til frekari ráðstafana eins og ég rakti áður. Í slíkum samningum koma margir að borðinu og þá er niðurskrift stofnfjár byggð á viðskiptalegum forsendum þar sem allir sem að samningunum koma þurfa að vera samþykkir þeim aðgerðum sem gripið er til til að bjarga viðkomandi sparisjóði. Niðurstaða um niðurskrift kemur í slíkum tilvikum af niðurstöðu sem fengin er með viðskiptalegum samningum allra sem koma að.

Þess má geta að Seðlabanki Íslands er sammála þessari nálgun en í bréfi til fjármálaráðuneytisins í lok apríl leggur hann á það ríka áherslu að eftirfarandi atriðum verði fylgt ef heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði verði nýtt til endurfjármögnunar sparisjóðanna.

Hefst nú tilvitnun:

1. Breytingar verða gerðar á yfirstjórn viðkomandi fjármálafyrirtækja ef þörf krefur.

2. Framtíðararðgreiðslur verða háðar takmörkunum.

3. Nýjar viðskiptaáætlanir liggja fyrir, þar með talið nákvæmar áætlanir um lækkun kostnaðar.

4. Leitað verður leiða til að fá fleiri aðila til að leggja stofnunum til nýtt fé.

5. Tryggt verður að það tap sem nú liggur fyrir verði borið af núverandi eigendum áður en ríkið leggur til nýtt eigið fé.

Svo segir einnig:

Í reglum fjármálaráðuneytis um framlag til sparisjóða kemur fram að lögbundið eiginfjárhlutfall sparisjóðanna eftir framlag ríkissjóðs verði ekki lægra en 12%. Í þessu sambandi vill Seðlabanki Íslands taka fram að mikilvægt er að eigið fé sparisjóðanna verði metið af Fjármálaeftirlitinu og endurskoðendum sparisjóðanna og niðurskrifað eins og þörf krefur áður en ríkissjóður leggur fram nýtt fé.

Mig langar næst að víkja að 8. gr. frumvarpsins, Ráðstöfun hagnaðar. Við breyttum því í meðförum nefndarinnar en við teljum að of miklar takmarkanir á útgreiðslu arðs hafi verið í eldri útgáfunni. Hér vil ég víkja sérstaklega að tveimur sjónarmiðum, að mikilvægi þess að styrkja eiginfjárstöðu sparisjóðsins og einnig því að gera aukningu og styrkingu á stofnfé í sparisjóð að eftirsóknarverðum valkosti fyrir fjármagnseigendur, þ.e. að fólk vilji setja fjármuni sína í stofnfé í sparisjóði. Þess vegna þurfum við að auka möguleika aðila á útgreiðslu arðs.

Víkjum að 9. gr. Við opnum mikið á samstarf sparisjóðanna með þeim breytingum sem við gerum á frumvarpinu. Því teljum við mikilvægt, eins og áður greindi, að auka möguleika þeirra til samstarfs og hagræðingar enda mikilvægt að treysta rekstrargrundvöll þeirra. Framlag af venjubundnum rekstri hefur verið mikið vandamál og því verða sparisjóðirnir að sameinast um ákveðna þjónustu til að geta mætt kröfu um arðsemi sem einnig er mikilvæg ef okkur á að takast að bjarga sparisjóðakerfinu. Því er hér opnað á mikið samstarf þeirra á milli.

Samkeppniseftirlitið gerði athugasemdir við þetta mikla samstarf út frá samkeppnissjónarmiðum en mat meiri hluta nefndarinnar er að slíkt séu óþarfaáhyggjur. Sparisjóðirnir eru litlir í bankakerfi okkar í dag og ekki ógn við stóru viðskiptabankana þrjá.

Það er ljóst að fram undan er mikilsverð endurskipulagning á öllu fjármálakerfinu og þar verður þá sérstaklega tekið á þeim atriðum sem Samkeppniseftirlitið ýjar að. Það er mat mitt að ímynd sparisjóðanna sé mjög sterk um þessar mundir og að í henni séu mikil verðmæti, þ.e. að í viðskiptavild sparisjóðanna í dag séu mikil verðmæti, og það þarf að taka tillit til þeirra verðmæta í endurskipulagningunni sem er fram undan. Mitt mat er að þeir geti gegnt miklu hlutverki við endurreisn bankakerfisins hér á landi og geti orðið góður valkostur við þá endurskipulagningu.

Hins vegar er ljóst að þetta eru óhagstæðar rekstrareiningar, þeir eru of litlir og of margir og það er tap af kjarnastarfsemi þeirra margra. Þess vegna þarf að leggja í breytingar á kerfinu. Ég held að sú vinna sem er fram undan af hálfu ráðuneytisins við endurskipulagningu og endurreisn sparisjóðakerfisins lúti að því.

Að lokum vil ég bara leggja áherslu á eftirfarandi:

Núverandi löggjöf hamlar aðkomu ríkisins og ríkið þarf að fá atkvæðavægi og styrk í samræmi við framlag sitt. Þetta sjónarmið kom strax fram í neyðarlögunum og hér erum við einungis að útfæra hvernig það er gert. Það er sanngirnissjónarmið að aðkoma ríkisins þarf að endurspegla raunvirði alveg eins og við viljum að ríkið nálgist aðra aðkomu sína að atvinnustarfsemi í landinu. Hvort sem okkur líkar betur eða verr eru mörg stór fyrirtæki hér á landi komin með einum eða öðrum hætti, beinum eða óbeinum, í hendur ríkisins. Aðkoma ríkisins þarf að endurspegla raunvirði og þar á það sama að gilda um sparisjóðina í landinu og önnur fyrirtæki, hvort sem það eru fjármálafyrirtæki eða rekstrarfyrirtæki. Ég held að það sé einnig ljóst að ef við bregðumst ekki við hið fyrsta getur ríkið ekki komið sparisjóðakerfinu til bjargar.

Mig langar aftur að leggja á það áherslu að niðurfærsluheimildin í 7. gr. er fyrst og fremst heimild. Við töldum ekki rétt í meðförum nefndarinnar að setja einhvers konar ramma um það hvernig þessi niðurfærsla ætti að útfærast, einhvers konar reglustiku því að það er mjög erfitt að segja að hið sama eigi að ganga yfir alla sparisjóði. Ríkið þarf að skoða sína viðskiptalegu hagsmuni og aðrir aðilar munu koma að endurskipulagningu hvers sparisjóðs fyrir sig, það er mikilvægt að hafa í huga að staða hvers sparisjóðs fyrir sig sé skoðuð. Klippi sparisjóðurinn á samband við nærumhverfi sitt er ríkið að fórna mikilvægum viðskiptalegum hagsmunum og fórna verðmætum.

Heildarendurskoðun laga um fjármálafyrirtæki er á dagskrá í haust. Hér erum við að ráðast í björgunaraðgerðir. Fulltrúar ráðuneytanna sem í þessum björgunaraðgerðum standa lögðu síðast í morgun á það áherslu að þetta mál færi fljótt í gegnum þingið vegna þess að þau eru upp fyrir haus á hverjum einasta degi að taka á þessum vanda og þurfa að fá tæki til þess, eins og það var orðað á fundi nefndarinnar í morgun: Hver dagur minnkar möguleika einstakra sjóða á áframhaldandi starfsemi. Það er bráðavandi sem við þurfum að bregðast við og það strax.

Þær breytingar sem eru gerðar á þessu frumvarpi núna, og þá meina ég allar þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til í þessu nefndaráliti, lúta að björgunaraðgerðum sparisjóðanna sem eru mikilvægar. Fram undan er svo heildarendurskoðun á sparisjóðakerfinu, á lögum um fjármálafyrirtæki og þá munum við geta sérstaklega farið í það hvernig framtíð við viljum hafa í þessu sparisjóðakerfi.

[19:04]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem við ræðum hér er gríðarlega mikilvægt og getur haft miklar afleiðingar fyrir sparisjóðakerfið í landinu. Ég held að á margan hátt sé að renna upp örlagastund í sögu sparisjóðanna en því miður svarar þetta frumvarp ekki þeirri eðlilegu kröfu sem við hljótum að hafa uppi um það að frumvarp sem hefur þann yfirlýsta tilgang að koma sparisjóðunum til hjálpar uppfylli þá meginkröfu að skýra fyrir okkur hvernig við sjáum sparisjóðakerfið líta út á næstu vikum, hvað þá mánuðum eða missirum.

Sannleikurinn er sá að eins og aðrar fjármálastofnanir í landinu hafa sparisjóðirnir átt við mikinn rekstrarvanda að glíma. Fyrir því eru mjög margar ástæður. Því miður hefur margt misjafnt verið sagt um sparisjóðina og um ástæður fyrir því að sjóðirnir glíma nú við mikinn rekstrarvanda. Því hefur t.d. verið haldið fram að meginástæðan fyrir því að sparisjóðirnir eru í þessum vanda núna sé sú að þeir hafa tekið þátt í braski sem sé óskylt þeirri starfsemi sem sjóðirnir hafa staðið fyrir. Menn hafa t.d. vísað til þess að margir þessara sjóða hafa keypt í fyrirtækjum á borð við Existu og þar fram eftir götunum. Ég held að það sé nauðsynlegt að minna á söguna í þessum efnum.

Fyrirtækið Kaupþing varð til á sínum tíma ekki síst fyrir þeirra hluta sakir að þar komu sparisjóðirnir að málum. Það hentaði hagsmunum sparisjóðanna á þeim tíma að byggja upp starfsemi, fjármögnun og fjárfestingarstarfsemi í gegnum Kaupþing og því eru sögulegar ástæður fyrir því að sparisjóðirnir áttu mikil hlutabréf í Kaupþingi. Þegar breytingar urðu á eignarhaldi í kringum það varð niðurstaðan sú að þeir eignuðust hlutabréf í Existu, ekki vegna þess að þeir væru að braska heldur vegna þeirrar forsögu sem ég er að gera grein fyrir. Það er hluti af vanda sumra sparisjóðanna núna að Exista hefur hrunið og Kaupþing er fallið. Það hefur gert það að verkum að þegar þetta hrundi allt saman, þessi mikla borg, hrundi líka umtalsverður hluti af eigin fé margra þessara sparisjóða sem hafði blásið upp í góðærinu þegar menn mátu hlutabréfin hátt, auðvitað allt of hátt. Þetta hafði þessi áhrif á marga sparisjóði í landinu. Það var ekki afleiðing af braski, það var afleiðing af þessari sögu sem ég er að gera grein fyrir í mjög stuttu máli.

Hin ástæðan sem ég vil nefna í þessu sambandi er að ýmsum sparisjóðum, sérstaklega minni sparisjóðum úti á landsbyggðinni, sem í ýmsum tilvikum höfðu losað sig við þessi bréf í Existu og Kaupþingi á þeim tíma sem það var hagstætt að selja bréfin, tókst að styrkja eigið fé á þeim tíma. Hins vegar höfðu litlir sparisjóðir ekki burði til að afla sér erlends lánsfjár. Muna menn ekki að á undanförnum árum var mikil eftirspurn eftir því að fá erlent lánsfé frá fjármálastofnunum allt í kringum landið? Muna menn t.d. ekki að sjávarútvegurinn kallaði á erlent lánsfé? Það var honum hentugra og hagstæðara og það passaði auðvitað betur við tekjur minnstu útflutningsgreinanna. Þess vegna var eðlilegt og nauðsynlegt fyrir þessa sjóði að afla sér erlends lánsfjár, og hverjum getur dottið í hug að litlir sparisjóðir úti um landið hafi haft til þess burði eða afl að afla sér erlendra lána til að endurlána til fyrirtækja? Það gátu þeir að sjálfsögðu ekki. Þess vegna reiddu sparisjóðirnir sig á sinn eigin banka, Sparisjóðabankann sem seinna varð Icebank, til að afla þessa fjár.

Þegar Sparisjóðabankinn síðan féll fyrr á þessu ári — og raunar var þá sagt að nú væri lokið þeim hremmingum að fjármálastofnanir rúlluðu — gerðist það einfaldlega að eigið fé margra þessara sjóða minnkaði snarlega eða þurrkaðist hreinlega upp. Þetta var ekki afleiðing af braski. Þetta var afleiðing af aðstæðum sem þessir sjóðir réðu ekki við. Þess vegna vil ég segja strax að mér hefur fundist umræðan, ekki endilega hér í dag, um þessi mál á margan hátt ósanngjörn í garð sparisjóðanna. Þeir unnu einfaldlega í því umhverfi sem þeir urðu að gera til að geta sinnt þörfum viðskiptavina sinna allt í kringum landið.

Það hefur örlað á þeim misskilningi í umræðunni, kom m.a. fram í umræðunni í gær, að hluti af því sem við værum að fjalla um núna væri bein afleiðing af neyðarlögunum frá því í október. Það er alveg rétt. Neyðarlögin í október tóku til hagsmuna sparisjóðanna. Af hverju skyldi það hafa verið? Það var vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir því að þegar stóru bankarnir þrír voru að falla höfðum við fyrst og fremst á að skipa einni gerð af viðskiptabönkum í landinu, sparisjóðunum. Þess vegna varð það niðurstaða þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat og raunar niðurstaða Alþingis að það yrði að reyna að slá skjaldborg um sparisjóðina og koma þeim til hjálpar með einhverjum hætti. Niðurstaða Alþingis á þeim tíma varð sú, sem var alveg hárrétt, að eina leiðin til þess væri að ríkisvaldið kæmi til skjalanna. Þess var ekki að vænta í því umhverfi sem við vorum komin í eftir fall bankanna í október að sparisjóðirnir gætu aflað sér annars fjár, t.d. með því að sækja það út á markaðinn, til stofnfjáreigenda, til sveitarfélaga eða annarra. Forsendan fyrir því að hægt væri að endurreisa og styrkja sparisjóðina að nýju í þessum mikla darraðardansi varð þess vegna sú að setja inn þessa heimild um 20 prósentin. Það var síðan útfært af þáverandi hæstv. settum fjármálaráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, að það skyldi gert með því að skoðuð yrði eiginfjárstaða sparisjóðanna í lok árs 2007 og eiginfjárframlag ríkisins yrði miðað við það. Ástæðan var auðvitað sú að með þessum hætti var verið að reyna að tryggja að sem mest fé rynni til sparisjóðanna til að styrkja þá. Þar var hins vegar ekki gert ráð fyrir því að færa niður stofnfé vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir því á þessum tíma að það væri til þess vinnandi að reyna að fara þessa leið til að efla sparisjóðina. Í raun og veru er þetta viðurkennt í nefndaráliti meiri hluta viðskiptanefndar þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Miðað við gildandi löggjöf um sparisjóði er ekki talin vera fyrir hendi heimild til þess að lækka stofnfé og því er í frumvarpinu ákvæði sem veitir stjórn sparisjóðs heimild til þess.“

Einn yfirlýstur tilgangur þessa frumvarps er að reyna að búa til lagalega umgjörð til að hægt sé að lækka stofnfé með þeim rökum sem hv. þingmenn, talsmenn stjórnarflokkanna í þessum málum, hafa flutt í ræðum sínum í dag. Það er með öðrum orðum ekki ástæðulaust, ekki tilefnislaust, sem við ræðum þessa 7. gr. Hún er bókstaflega sett inn í frumvarpið til að afla heimildar til að lækka stofnfé í sparisjóðunum. Meðal annars út á það gengur frumvarpið, og ekki síst, og það er það sem veldur núna, má segja, óróleika, óvissu, hræðslu úti um landsins byggðir. Við sem erum fulltrúar þessara byggða þar sem sparisjóðirnir eru stórir og skipta miklu máli höfum orðið áþreifanlega vör við að þetta gerir það auðvitað að verkum að margir vita hreinlega ekki sitt rjúkandi ráð. Það er alveg ljóst mál að með því að stofnfé verður fært niður skapast í fyrsta lagi óvissa og í öðru lagi, ef allt gengur eftir sem horfir, mun það valda gríðarlega miklu tjóni í þessum byggðum.

Stundum rugla menn saman stofnfénu og hlutafénu og það hefur glögglega komið fram í þessari umræðu. Á því er alveg reginmunur. Það er að vísu alveg rétt að auðvitað bera hluthafar og stofnfjáreigendur ekki altæka ábyrgð á fyrirtækjum sem þeir eru hluthafar eða stofnfjáreigendur í. Að því leytinu er þetta rétt og að því leytinu er þetta sambærilegt. Hins vegar er í 65. gr. laganna um fjármálafyrirtæki kveðið á um það með hvaða hætti eigi að skoða stofnfé. Og þar er sagt, með leyfi virðulegs forseta:

„Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár.“

Stofnfé lýtur með öðrum orðum allt öðrum lögmálum en hlutabréf. Þegar hlutabréf eru seld ræðst verðið á markaðnum og markaðurinn tekur þá auðvitað tillit til framtíðarvæntinga fyrirtækisins og eigin fjár þess. Það er ekki þegar

verið er að selja stofnféð í hinum almennu sparisjóðum. Þá er litið til þess hvert verðgildi stofnfjárins er með þeim hætti sem ég er að gera grein fyrir.

Sparisjóðirnir gegna lykilhlutverki úti um landsins byggðir. Úr fortíðinni eru mörg dæmi um það að viðskiptabankarnir hafa kært sig kollótta um að taka þátt í þeirri fjármögnun sem nauðsynleg er fyrir atvinnulíf og heimili úti á landi. Þá hafa sparisjóðirnir komið til skjalanna. Við munum öll dæmin um það hvernig bankarnir hafa sniðgengið litlu byggðirnar og ég gæti haldið langa ræðu um það hvernig þeir hafa hegðað sér í þeim efnum, bæði fyrr og síðar. Þess vegna hafa sparisjóðirnir gegnt miklu hlutverki og þess vegna hafa stofnfjáreigendur, oft af litlum efnum sínum, farið í það að reyna að efla sparisjóðina sína með því að borga inn aukið stofnfé til að takast á við verkefni sem eru nauðsynleg í byggðunum.

Ég skal taka dæmi um heimabyggðina mína þar sem ég þekki aðeins til. Þar var á sínum tíma ákveðið að auka stofnféð. Af hverju var það? Vegna þess að duglegir útgerðarmenn voru til staðar á svæðinu sem vildu efla sig, leituðu m.a. til sparisjóðsins síns, og til að hann gæti veitt þeim eðlilega lánafyrirgreiðslu svo hægt væri að byggja upp atvinnulífið þurfti að auka stofnféð. Og menn gengu í það.

Það eru líka til dæmi um að litlir sparisjóðir hafi sameinast þeim stóru. Menn hafa ýmsar skoðanir á því núna eftir á en þá var staðan auðvitað sú að menn vildu líka tryggja að staða þeirra innan þessara nýju stóru eininga væri viðunandi. Þegar þessar sameiningar fóru fram var horft til verðmætis stofnfjárins og þess vegna gripu menn til þess ráðs, t.d. í Húnaþingi í Vestur-Húnavatnssýslu, og á Vestfjörðum þegar í hlut átti Sparisjóður Vestfirðinga, að auka stofnféð til að tryggja að þeirra rödd heyrðist sterkar inni í hinni nýju sameinuðu einingu. Þess vegna fóru m.a. sveitarfélögin, bæði á Vestfjörðum og í Húnaþingi, í það að leggja aukið fé í sparisjóðinn til að tryggja að hagsmunir þeirra yrðu ekki fyrir borð bornir. Nú er hins vegar sagt sem svo: Það er heldur slæmt að þið gerðuð þetta, nú verðið þið bara að lúta því eins og hver annar hluthafi að stofnféð verði fært niður.

Ég er svo gamall að ég man vel eftir mörgum atlögum að sparisjóðakerfinu á þinginu. Menn töluðu um að nauðsynlegt væri að ná utan um þetta fé sem væri án hirðis og menn horfðu til þess að eigið fé var orðið uppblásið í ýmsum sjóðum og væri orðið langt umfram það sem stofnféð var. Þess vegna varð til sú hugmynd að opna á hlutafjárvæðingu þeirra sparisjóða sem það kusu. Ég var ekki hrifinn af þeirri hugmynd. Það var hins vegar niðurstaðan, en breytir ekki því að það tókst að verja sparisjóðakerfið í heild sinni. Sparisjóðirnir hafa starfað sem öflugar einingar æ síðan. Þrátt fyrir að ég viti að það er hvorki yfirlýstur tilgangur frumvarpsins né vilji þeirra sem að þessu standa óttast ég mjög að með þeim breytingum sem boðaðar eru í þessu frumvarpi, og breytingartillögur meiri hlutans taka því miður ekki á, sé vegið að sjálfum rótum sparisjóðakerfisins sem er stofnféð. Stofnfé er ekki hlutafé, stofnfé hefur sína sérstöðu og það er gríðarlega mikilvægt að menn átti sig á þessu.

Hvaða afleiðingar kann þetta að hafa? Þær eru margvíslegar. Ég hef þegar rakið t.d. stöðu sveitarfélaganna. Það væri fróðlegt að heyra hvort ráðherra sveitarstjórnarmála, hæstv. samgönguráðherra, hafi ekki af því áhyggjur hvaða afleiðingar það kunni að hafa fyrir sveitarfélögin ef niðurstaðan verður sú sem allt bendir til og blasir við, að stofnféð verði fært umtalsvert niður í mörgum sparisjóðum. Það þarf ekki að hafa orð um afleiðingarnar fyrir einstaklinga. Á fundi þingmanna Norðvesturkjördæmis úr Húnaþingi vestra í Vestur-Húnavatnssýslu heyrðum við dæmi um að heimili skulduðu allt að 120 millj. vegna stofnfjár í sparisjóðum sem til var komið af ástæðum sem ég hef þegar rakið.

Alvarlegast af öllu að mínu mati er hins vegar að þetta kann að hafa mjög vondar afleiðingar fyrir framtíðina. Menn segja sem svo: Þetta er heimildargrein. En hvaða möguleika hafa menn til að taka ákvarðanir í þessari stöðu þegar eigið fé sparisjóðanna er komið langt niður fyrir 12% og fer að nálgast núllið þegar menn standa frammi fyrir því að eiga kannski einn valkost sem er sá að færa niður stofnféð gegn því að geta fengið aðkomu ríkisvaldsins? Ætla menn að segja að þetta sé eitthvert frjálst val? Auðvitað er það ekki frjálst val. Menn hafa engan annan kost en að segja já og þá verða menn að lúta því að stofnféð verði fært niður.

Ég heyri á þingmönnum sem hér hafa talað að það er ríkjandi velvilji í garð sparisjóðanna. Þess vegna heiti ég á menn að fara aðeins betur yfir þessi mál. Ég trúi því að það sé einlægur vilji þingmanna sem hér hafa talað og ráðherra sem hefur um málið að segja að vilja verja sparisjóðakerfið en það verður ekki gert með því móti sem hér er lagt til. Veltum fyrir okkur einfaldri spurningu: Hverjir eru líklegir til að koma með fjármuni til að leggja í litlu sparisjóðina úti um landsins byggðir? Jú, það er ríkið. Það hefur heimildina í neyðarlögunum. Og síðan hver? Ætli það sé hinn almenni fjárfestir í landinu sem bíður nú spenntur eftir því að fá að kaupa í þessum sjóðum? Auðvitað ekki. Það er kannski von til þess að hægt verði að fá heimamenn til að hjálpa til, kannski einhverja örfáa viðskiptavini o.s.frv. En ég segi það, og segi það að gefnu tilefni og af samtölum við stofnfjáreigendur upp á síðkastið, að það er ekki líklegt að þeir aðilar muni fara í að leggja fjármuni inn í sparisjóðina eftir að hafa verið sviðnir með því að stofnféð sé fært niður.

Menn tala um að örugglega verði gengið varlega til verka í þessum efnum. Á sama tíma er hins vegar talað um að það sé ákaflega mikilvægt að sú heimild sé til staðar að færa niður stofnféð, ríkisvaldið þurfi að hafa það sem forsendu að áður en það leggi peningana inn í þessa sjóði sé stofnféð fært niður við tilteknar aðstæður. Það er talað um að færa niður stofnféð að raunvirði. Hvað þýðir það? Hvað þýðir þetta bókstaflega? Hvað þýðir þetta á mæltu máli? Þetta hlýtur að þýða að það er tekið tillit til þess hversu mikið búið er að færa niður eigið fé í sparisjóðunum. Ég rakti áðan að það hefur lækkað gríðarlega mikið, og lækkaði mikið á árinu 2008 af ástæðum sem ég rakti. Ég veit líka að það mat á sparisjóðunum sem Fjármálaeftirlitið gerir mun hafa í för með sér enn þá frekari lækkun á eigin fé þeirra vegna þess að menn eru að nálgast þessi mál af gríðarlegri varúð sem er kannski ekki að undra í þeirri stöðu sem við erum með allt efnahags- og viðskiptalífið í landinu

í þar sem eignir eru lítils metnar. Hið alvarlega í þessu máli er að við munum sjá mörg dæmi um að sparisjóðir sem höfðu kannski jákvætt eigið fé um áramótin horfi upp á það fjúka í stórum stíl. Þá vaknar óhjákvæmilega spurningin sem ég óttast að bara eitt svar sé við, spurningin um það hversu mikið þurfi að færa niður stofnféð þannig að það sé að raunvirði, eins og hér hefur verið komist að orði, og er raunar talað um í nefndaráliti meiri hlutans.

Þess vegna vil ég segja, virðulegi forseti, að þessi leið er því miður ekki líkleg til að laða nýja fjárfesta að því að byggja upp sparisjóðina þó að ég heyri að það sé yfirlýstur tilgangur og vilji þeirra sem hafa talað fyrir þessu máli. Þetta er ekki leiðin til þess. Ég er stofnfjáreigandi í einum litlum sparisjóði. Ég á þar 0,25% af heildarstofnfé sjóðsins. Kannski gerir það mig algerlega vanhæfan til að tala með þessum hætti. Mín vegna má þurrka það fé út. Ég hef ekki persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu, en ég óttast sem íbúi á dreifbýlissvæði sem hefur séð hvernig sparisjóðirnir hafa komið til bjargar á erfiðum tímum að sú leið sem við erum hér að fara muni vinna gegn yfirlýstum tilgangi. Þess vegna tala ég gegn þessu. Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að það væri t.d. til bóta ef inn í þetta frumvarp kæmi ákvæði, og yrði þar með lögfest, sem fæli það í sér að stofnféð væri ekki fært meira niður en svo að það væri alltaf sem svaraði nafnvirðinu. Þá væri varðveitt hin gamla sparisjóðshugsjón og þá væri hægt að taka á því sem ég þykist vita að menn vilji garnan taka á sem eru sparisjóðir þar sem menn hafa blásið upp eigið fé og þar sem menn hafa reynt síðan að færa það í verðmæti inn í stofnféð. Það á hins vegar ekki við um litlu sparisjóðina í landinu.

Virðulegi forseti. Hv. framsögumaður meirihlutaálitsins vék í ræðu sinni áðan að kröfum vegna svokallaðra endurhverfra viðskipta sparisjóðanna og ræddi um það sem möguleika að þessum endurhverfu lánum yrði breytt í stofnfé eða víkjandi lán. Ég tók eftir því og tel að það hafi skipt miklu máli. Hann ræddi í því sambandi sérstaklega um, ég hygg að ég hafi tekið þar rétt eftir, að fara mætti með það með svipuðum hætti og gert var með Verðbréfasjóðinn og Sögu Capital. Í þessu sambandi spyr ég þess vegna — og hefði verið gott að hafa hæstv. ráðherra hérna — hvort ekki mætti þá hugsa sér að með sama hætti yrði farið með þau lán sem núna standa á sparisjóðunum vegna falls Icesave og Sparisjóðabankans. Það er mjög mikilvægt að það sé skoðað sérstaklega vegna þess að þar með væri hægt að ná sams konar árangri. (Forseti hringir.) Þetta kom ekki fram í máli þingmannsins. Þetta hefur ekki komið fram áður, þetta gæti hins vegar skipt miklu máli og ég spyr hv. þingmann (Forseti hringir.) sem væntanlega tekur til máls síðar í umræðunni hvort þetta gæti ekki verið lausn eða a.m.k. leið til að lina sárustu þjáningarnar fyrir sparisjóðina og stofnfjáreigendurna.

[19:24]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir yfirgripsmikla og upplýsandi ræðu og einkum fyrir að lýsa því vel hvernig sparisjóðirnir unnu vissulega í umhverfi sem þeir ekki skópu og hvernig hann ítrekaði hlutverk þeirra í hinum dreifðu byggðum landsins þar sem viðskiptabankarnir stóðu sig ekki sem skyldi. Ég tek sérstaklega undir þessi orð hv. þingmanns.

Það er hins vegar mjög mikill og alvarlegur misskilningur þegar það liggur eiginlega í orðum hv. þingmanns að þetta frumvarp sé atlaga að sparisjóðunum og sparisjóðakerfinu í landinu. Það er rangt. Hér er verið að skapa grundvöll fyrir aðkomu nýrra stofnfjáreigenda og það verður ekki gert, hv. þingmaður, nema stofnféð sem fyrir er í sjóðunum verði fært að raunvirði.

Það er enn fremur mikill misskilningur og reyndar rangtúlkun á tilvitnuðum orðum í nefndarálit meiri hlutans að neyðarlögin hafi ekki gert ráð fyrir niðurfærslu stofnfjár. Það segir alveg skýrt og greinilega í 2. gr., það er ekkert hægt að misskilja það.

Ég vil bara segja að þegar menn síðan fóru að vinna á grundvelli reglnanna frá 17. eða 18. desember komust þeir að þeirri niðurstöðu að ekki væri ótvíræð heimild til niðurfærslu stofnfjár. (Gripið fram í.) Það er sú ótvíræða heimild sem menn eru að sækja hér vegna þess að menn vildu ekki fara í lagaþrætur um það.

Hver er hin leiðin, hv. þingmaður? Hún er sú að sjóðirnir fari lóðbeint á hausinn, að starfsleyfið verði tekið af þeim vegna þess að þeir uppfylla ekki kröfur í 77. gr. laganna (Forseti hringir.) um starfsleyfi vegna þess að eigið fé er uppurið eða neikvætt.

[19:27]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er auðvitað kjarni málsins. Ástæðan fyrir því að ákvæði neyðarlaganna var sett sem varðaði sparisjóðina var einfaldlega sú að það var alveg ljóst mál að ýmsir þeirra færu lóðbeint á hausinn nema ríkisvaldið kæmi til. Þess vegna var þetta ákvæði sett inn og mér er það mætavel ljóst.

Eins og hv. þingmaður rakti hins vegar er ekki hægt að lesa beint af 2. gr. neyðarlaganna að þar sé gert ráð fyrir þessari niðurfærslu, enda hefði að sjálfsögðu ekki þurft að koma með 7. gr. þessa frumvarps sem felur í sér beina heimild til að færa niður stofnfé ef heimildin hefði verið ótvíræð. Hv. þingmaður viðurkenndi raunar að þessi heimild væri óljós og kallaði á einhverja lagaþrætu og þess vegna væri verið að skera úr henni með því að setja þetta ákvæði hér inn.

Það sem við hv. þingmaður erum hins vegar algjörlega ósammála um er að niðurfærsla stofnfjárins sé forsendan fyrir því að laða að nýja fjárfesta. Ég vek einfaldlega athygli á því að raunveruleikinn er þessi: Fyrir litla sparisjóði er vonin fólgin í tvennu, annars vegar að fá aðkomandi fjármagn ríkisvaldsins og hins vegar að fá stofnfjáreigendur og fólk í héraði til að leggja sjóðnum til viðbótarstofnframlag. Ég tel mjög ólíklegt að það verði hægt ef búið er að svíða niður stofnfjáreigendurna þannig að þeir beri af því skaða.

Þess vegna hef ég varpað fram þeirri hugmynd sem reyndar kom hér til tals fyrr í dag að sett yrði einhvers konar gólf í þetta þannig að menn væru ekki í frjálsu falli með stofnféð. Ég hef líka vakið athygli á því að eins og menn hafa talað um þessi mál hér í dag blasir við að í mörgum

sparisjóðum verður stofnféð fært mjög verulega niður, kannski niður í núll, kannski niður í einhverja lága upphæð, og þá er auðvitað ljóst í hvað stefnir.

[19:29]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að segja að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson muni ekki styðja það lagafrumvarp sem hér er til umræðu og þær breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar hefur fært fram. Eins og ég sagði áðan er þetta sú leið sem Samband íslenskra sparisjóða hefur m.a. bent á að þurfi að fara til þess að unnt verði að koma þeim sparisjóðum sem unnt verður að bjarga út úr þeim vanda sem þeir eru í.

Það er alveg ljóst að það er ekkert víst að hægt verði að bjarga þeim öllum. Það er viðurkennt og það er staðreynd og við höfum fjallað um það í dag að það er mjög mikill munur á stöðu sparisjóðanna, þar með stöðu stofnfjárins og stofnfjáreigenda.

Eitt af því sem ég vildi gera athugasemdir við eða veita andsvör við hjá þingmanninum voru orð hans um hvers eðlis stofnfé er miðað við hlutafé. Það er alveg skýrt í mínum huga að í 63. gr. laganna um fjármálafyrirtæki og um sparisjóði segir skýrum orðum að stofnfjáreigendur beri ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs svo nemur stofnfé þeirra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stofnfjáreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt.“

Þeir bera sem sé ábyrgð með stofnfénu á skuldbindingum sjóðsins. Þetta er nákvæmlega það sama og gildir um hlutafé. Hluthafar, þeir sem eiga hlutafé, bera ábyrgð á skuldbindingum hlutafélagsins svo nemur hlutafénu, svo nemur hlutnum. Það er ekki hægt að lesa 2. gr. neyðarlaganna öðruvísi þar sem skýrt er tekið fram að einu gildi að þessu leyti um aðkomu ríkisins um hlutafélagasparisjóði og stofnfjársparisjóði. Þetta er mergurinn málsins.

[19:31]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér þykir verra að komið skuli vera fram í 2. umr. og hv. framsögumaður meirihlutaálitsins skuli ekki gera sér grein fyrir þeim reginmun sem er á stofnfé og hlutafé. Eins og ég rakti áðan er sá munur á að verðmæti hlutafjár ræðst af öðrum þáttum, m.a. og sérstaklega markaðsvirði þeirra fyrirtækja sem um er að ræða. Verðmæti stofnfjár er hins vegar reiknað út eins og kemur fram í 65. gr., þar er framreiknað innborgað stofnfé og það er verðmetið, algerlega án tillits til þess hvert er eiginfjárhlutfall sparisjóðanna. Þess vegna er svo mikilvægt að árétta þann mun sem þarna er á.

Það sem ég er einfaldlega að segja er þetta: Ég tel að sú leið sem hv. þingmaður er að tala fyrir, þ.e. sú leið að færa niður stofnfé til að laða að nýja fjárfesta sé dæmd til að mistakast. Hún er ekki líkleg til að ná árangri einfaldlega vegna þess að umhverfið er þannig á starfssvæðum þessara sparisjóða að það munu ekki koma nýir fjárfestar þó að stofnféð verði fært niður. Þess vegna er langlíklegast að afleiðingin af öllu þessu verði sú að veikja þá aðila sem líklegastir eru til að vilja að öðru jöfnu koma með fjármuni inn í sparisjóðina og þess vegna óttast ég að þessar björgunaraðgerðir mistakist. Og þó að hv. þingmaður og aðrir þingmenn sem hafa verið að tala fyrir þessu máli séu að reyna að róa stofnfjáreigendur með því að segja sem svo að þessi niðurskrift verði mjög væg þá er það aðeins í öðru orðinu. Í hinu orðinu er greinilega verið að segja, og búa menn undir að þessi niðurskrift verði veruleg þegar verið er að taka tillit til raunvirðis í ljósi þess sem ég var að segja, að vegna aðstæðnanna er eigið fé margra sparisjóða lítið sem ekkert.

[19:33]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir ræðu hans. Ég deili að mörgu leyti áhyggjum hans og þá sérstaklega hvað varðar stöðu einstakra sparisjóða úti um land og byggða sem þeim tengjast.

Í vinnu nefndarinnar reyndum við að sjálfsögðu að horfa til þeirra hagsmuna sem hann minntist á í ræðu sinni og reyndum svo sannarlega að finna leiðir til þess að gæta að þeim byggðum sem um er að ræða. Þess vegna deili ég áhyggjum hans og vil taka það sérstaklega fram. Við teljum að með nefndarálitinu og þeim breytingum sem þar koma fram sé verið að milda það högg sem er nú orðið eins mikið og unnt er. En við komumst ekki fram hjá þeirri staðreynd að sparisjóðirnir eru komnir með neikvætt eigið fé, þ.e. neikvæða varasjóði, stofnfjáreigendur eru því þegar búnir að tapa því sem nemur hinum neikvæða mismun á stofnfé og eigin fé og hjá því verður ekki komist. Það er alveg sama hvort við tölum um hlutafé eða stofnfé. Ef munur á stofnfé og eigin fé er neikvæður þá er sá mismunur farinn og við getum ekki breytt þeirri staðreynd.

Fyrir utan er svo jafnræðissjónarmiðið, því stofnfjáraukning sparisjóðanna verður að fylgja almennum jafnræðisreglum og útfærslan á niðurskrift stofnfjár í frumvarpinu er til að laga stofnfjáraukninguna að almennum jafnræðisreglum, enda væri tillegg hins opinbera á öðrum forsendum afar hæpið ef ekki beinlínis andstætt stjórnarskrá. Við getum ekki réttlætt, þ.e. gjöf fyrirtækisins gagnvart öðrum skattgreiðendum þessa lands. Við erum vissulega að gæta að því hvað við gerum með varúð, gæta að raunvirði og viðskiptalegum hagsmunum og þess vegna tel ég það tryggt með þeim orðum sem hafa fallið í þingsalnum í dag og í kvöld að hagsmuna stofnfjáreigenda verður gætt vegna þess að það eru viðskiptalegir hagsmunir sem liggja að baki því að þeir séu með í þeirri vinnu sem er fram undan.

[19:35]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei eitt andartak efast um að að baki þessu frumvarpi lægi góður hugur og velvilji í garð sparisjóðanna. Það hefur komið glögglega fram og ég hef aldrei dregið það í efa. Þess vegna er það út af fyrir sig góð áréttting og staðfesting hv. þingmanns á því sem ég hef talið varðandi þetta mál.

Mér fannst hins vegar og það kom raunar fram í ræðu hv. þingmanns að hann var að staðfesta illan grun minn sem er sá að í ljósi þess að í mörgum sparisjóðum hefur gengið svo á eigið fé þeirra að það er ýmist lítið eða ekkert,

þá sé óhjákvæmilegt að færa niður stofnféð sem því nemur og það er sá illi grunur minn sem hefur nú m.a. í þessum andsvörum verið staðfestur.

Ég varpaði hins vegar fram í ræðu minni áðan tveimur hugmyndum. Því miður hafði ég ekki tíma til að gera ítarlega grein fyrir þeim en ég hygg að hv. þingmönnum séu þær ljósar. Annars vegar var sú leið að setja einhvers konar gólf í þetta til þess að tryggja ákveðna stöðu, ákveðinn möguleika á því að laða stofnfjáreigendur á svæðinu til þess að koma með viðbótarframlag inn í sparisjóðina. Hins vegar vakti það athygli mína í ræðu framsögumanns nefndarinnar að hún impraði á því að e.t.v. mætti breyta hinum svokölluðu endurhverfu lánum sem vel að merkja eru fyrst og fremst á hinum stærri sparisjóðum í landinu, breyta endurhverfu lánunum í víkjandi lán eða stofnfé til að styrkja þá sjóði sem þarna áttu í hlut. Þess vegna kom upp sú hugmynd hjá mér hvort ekki væri eðlilegt að fara þá með sama hætti með þau lán sem Seðlabankinn hefur nú undir höndum eftir fall sparisjóðabankans og nýta það með sama hætti og gert var þegar á sínum tíma var gengið í það og ákveðið að koma VBS og Sögu Capital til bjargar. Það út af fyrir sig gæti verið mjög mikilvægur punktur og innlegg í þennan björgunarleiðangur og þess vegna vil ég árétta það til varaformanns nefndarinnar hvort ekki komi til greina að skoða þessa leið og koma þannig um leið til hjálpar sparisjóðunum og stofnfjáreigendunum.

[19:38]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað varðar víkjandi lán held ég að sú leið sé til skoðunar og verði til skoðunar í þeirri vinnu sem fram undan er hjá þeim aðilum sem eru núna í miðju kafi í björgunaraðgerðum til handa sparisjóðunum. Það er erfitt að útfæra þessa gólfhugmynd en ég tel að við höfum tryggt að hagsmunir stofnfjáreigenda séu tryggðir með þeim orðum sem hér hafa fallið með því nefndaráliti og ég skora á hv. þingmann að við förum saman í þá vegferð að gæta sérstaklega að því í framtíðinni að hagsmuna stofnfjáreigenda sé gætt þannig að viðskiptalegir hagsmunir sem ég hef ýjað að í ræðu minni í dag verði hafðir til hliðsjónar.

[19:38]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig gott að heyra að það er jákvæður vilji í garð sparisjóðanna og það hefur maður fundið auðvitað og það er ekki nýtt í þessari umræðu þegar við höfum verið að takast á um hagsmuni sparisjóðanna. Þegar atlaga hefur verið gerð að sparisjóðunum úr ræðustóli Alþingis og með tillöguflutningi þá hefur ævinlega verið brugðist hart við.

Ég vil hins vegar segja það og ég vona að ég vitni rétt í séra Hallgrím: Góð meining enga gerir stoð. Það er einfaldlega þannig að þó að menn hafi fullan og góðan vilja til að takast á við málin í öðru orðinu en leggi síðan forsendurnar upp með þeim hætti að niðurstaðan verður nokkuð fyrirsjáanleg, þá er það svo að það á ekki bara við um mig heldur við um þær þúsundir stofnfjáreigenda úti um allt land sem núna eru mjög uggandi um sinn hag og um hag sparisjóðs síns.

Ég sagðist samt sem áður þrátt fyrir að afleiðingarnar gætu verið vondar fyrir sveitarfélögin, afleiðingarnar gætu verið vondar fyrir einstaklingana þá hafði ég meiri áhyggjur af því að þetta hafi þær afleiðingar í för með sér að okkur muni ekki takast það sem er nauðsynlegt, þ.e. að fá viðbótarfjármagn inn í sparisjóðina, viðbót við það fé sem ríkissjóður vill leggja fram.

Það jákvæðasta sem ég get þó fundið út úr andsvari hv. þm. Magnúsar Orra Schrams er að hann sagði að hugmyndin sem ég nefndi um víkjandi lánin væri til skoðunar. Þetta er afar mikilvægt vegna þess að framsögumaður nefndarinnar talaði sérstaklega um tiltekna gerð af lánum, hin endurhverfu lán, þeim mætti breyta í víkjandi lán eða stofnfé og reisa þannig upp eigin fé sjóðanna og koma CAD-hlutfallinu upp í viðunandi horf. Ef þetta sama getur átt við um þau lán sem núna hvíla inni í Seðlabankanum og voru í eigu sparisjóðabankans og eru kröfur á litlu sparisjóðina úti um landið þá mun það geta gerbreytt stöðunni í mörgum sparisjóðum. Þess vegna höfða ég til stjórnarmeirihlutans sem lýsir jákvæðri afstöðu sinni til sparisjóðanna, að vinna að þessum málum (Forseti hringir.) með þeim hætti og það mun þá auðvitað verða mjög til að bæta ástandið í sjóðunum og hjá stofnfjáreigendunum.

[19:41]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst umræðan sem var að ljúka og ræða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar búin að vera afbragðsgóð og upplýsandi. Margt hefur komið fram og ég ætla ekki að fara að lengja þessa umræðu með því að endurtaka margt af því sem ég hafði hugsað mér að segja sem kom fram í máli hv. þm. Einars Guðfinnssonar. Ég hef hugsað mér í örfáum orðum að víkja að nokkrum öðrum atriðum.

Ég held að í þeirri umræðu sem hér fór fram kristallist einmitt það sem ég vil leggja áherslu á. Þar er að við erum ekki komin út á enda með þessa umræðu og við þurfum meiri tíma til að fara vel yfir þetta mál. Það er nokkuð sem við í nefndinni höfum lagt áherslu á og tekið undir umsagnir hjá fjölmörgum aðilum og þar á meðal frá Fjármálaeftirlitinu eins og hefur komið fram í umræðunni og kom fram líka í orðaskiptum okkar fyrr í dag undir liðnum störf þingsins.

Ég hef áhyggjur af því að við erum með tvíþætt verkefni. Við erum í rauninni að tala annars vegar um þann björgunarleiðangur sem sparisjóðirnir allir eða velflestir í landinu og sparisjóðafjölskyldan eins og hún er gjarnan kölluð er í um þessar mundir. Það skal enginn reyna að gera lítið úr því stóra verkefni. Ég tek undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni þegar ég segi að mér detti ekki í hug í eina mínútu annað en að talsmenn meiri hlutans beri hag sparisjóðanna fyrir brjósti og leggi sig alla fram um að koma þeim til aðstoðar eins og þeim best þykir.

En við höfum rætt það líka í framhaldi af ábendingu Fjármálaeftirlitsins að við þurfum að einbeita okkur að þeim atriðum sem þarf til vegna björgunar sparisjóðanna og við höfum við ekki verið alltaf sammála um hvaða atriði það séu. Í mínum huga er það í raun það sem var mest til umfjöllunar í ræðu síðasta ræðumanns, 7. gr. Ég er ekki

sammála því að þar sé að finna, eins og hv. formaður nefndarinnar hefur talað fyrir, þ.e. að í hverri grein frumvarpsins nærri því sé að finna atriði sem ekki megi bíða. Þetta snýst fyrst og síðast um það að til þess að uppfylla pólitísk markmið eða pólitíska túlkun á neyðarlögum, eins og umræðan bar með sér áðan, þá þykir nauðsynlegt að færa niður stofnfé og þá er það sú grein sem ég tel að sé sú sem við ættum að einbeita okkur að. En við þurfum að horfa á dæmið hins vegar í heild sinni og endurskoðun og framtíðarsýn sparisjóðakerfisins alls. Það kom fram í nefndinni og var viðurkennt, má segja, af fulltrúa viðskiptaráðuneytisins að ekki búið að hugsa fyrir hlutum eins og þeim hvernig ríkið ætli að koma sér út úr rekstri sparisjóðanna. Það var ekki talið mikilvægt á þessari stundu. En eins og kemur fram í áliti okkar minni hlutans erum við ekki sammála því. Mér persónulega finnst þetta vera lykilatriði vegna þess að ef við erum ekki með klára áætlun um það hvernig ríkið ætli að koma sér út úr þessum rekstri og lítinn hvata fyrir stofnfjáreigendur til að koma inn þegar búið er að skrifa niður stofnfé og þvert á það sem haldið er fram — ég vona reyndar að það sé alveg rétt sem nefndarformaðurinn hefur haldið fram að ekki sé ætlunin að skrifa stofnfé alveg niður í núll. Þó óttast ég að í einhverjum tilvikum gæti farið svo að það mundi nálgast það gólf og þá er það farið sem skortir upp á í hugmyndafræðinni á bak við sparisjóðina. Þá er farinn sá hvati fyrir stofnfjáreigendur til að koma inn og leggja fram stofnfé og þá sitjum við uppi til framtíðar með ríkisvædda sparisjóði sem ég held að sé ekki góð framtíðarsýn. En ef það er það sem við sjáum í spilunum þá held ég — og það held ég að hafi komið fram í annaðhvort álitum eða máli einhverra gesta nefndarinnar — þá er kannski hreinlegast að gera það þannig að ríkið taki þetta yfir strax í staðinn fyrir að vera í einhverjum millileikjum. En það er önnur saga.

Ég tel að bæði hvað þessi umræða sýnir og hvað vinna nefndarinnar sýnir að svo fjölmörgum spurningum sé ósvarað að mig óar við því að við gætum gert mistök í lagasetningu og að við séum að fara hér fram með lagabreytingar sem við þurfum að fara í fljótlega aftur. Formaður nefndarinnar sagði reyndar í framsögu sinni að hún útilokaði ekki að aftur yrði farið í lögin. Við erum með annað frumvarp í viðskiptanefnd um bankasýslu. Talað er um að endurskoða þurfi lög um fjármálafyrirtæki. Þau sömu lög og við erum að breyta hér. Ég ítreka það að ég hef ekki sannfæringu fyrir því að við séum búin. Þrátt fyrir að nefndin hafi unnið ágætlega á þeim skamma tíma sem hún hefur haft þá held ég að við séum ekki komin út á enda með þessa hugsun. Sá tímafrestur og sú tímapressa sem við erum að berjast við snýr kannski ekki mest að framtíðinni. Hún snýr að nútíðinni. Þess vegna hefði ég viljað leita allra leiða og við í minni hlutanum til að reyna að aðgreina þetta tvennt, til að koma í veg fyrir að við gerum mistök í lagasetningu. Mig langar að lesa aðeins upp úr nefndaráliti okkar hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar frá því 29. maí síðastliðinn þegar við vorum að breyta lögum um fjármálafyrirtæki. Þá sögðum við í álitinu, með leyfi forseta:

„Að mati minni hlutans hafa ekki komið fram sannfærandi rök fyrir því að vinna málið í jafnmiklum flýti og gert var. Helstu rökin sem nefnd hafa verið fyrir flýtimeðferðinni eru launagreiðslur til fyrrum starfsmanna tiltekinna fjármálastofnana á uppsagnarfresti. Minni hlutinn hefur skilning á því sjónarmiði. Efasemdir hafa komið um að umrædd lagabreyting muni nægja til þess að hægt verði að greiða út launakröfur og því alls óvíst að því markmiði laganna verði náð. Ef málið hefði komið fyrr inn í þingið og skipulegar hefði verið unnið að því hefði mögulega verið unnt að finna á þessu lausn. Minni hlutinn lýsti sig tilbúinn að koma að slíkri vinnu og ýmsar hugmyndir voru reifaðar sem ekki náðist að skoða.“

Þetta er, að litlum atriðum frátöldum, það sem ég vildi segja hér í hnotskurn og sé eiginlega eftir að hafa ekki komið inn í annars ágætt minnihlutaálit okkar. Við hefðum getað kóperað þetta skemmtilega á milli. Ég las þetta ekki fyrr en eftir að við vorum búin að skila af okkur minnihlutaálitinu. En það er nákvæmlega þetta sem ég er hrædd um að gerist vegna þess að hvað hefur verið að gerast núna? Í nefndinni í morgun vorum við einmitt að ræða um að það sem við sögðum hér gekk eftir. Sú lagabreyting sem lögð var til dugði ekki til að leysa það vandamál sem lagt var upp með, vandamál sem við höfðum skilning á. Nákvæmlega á sama hátt núna höfum við skilning á því að það þarf að klára þetta mál hratt og örugglega. En við erum ekki sammála um að þetta frumvarp nái þeim markmiðum.

Ég ætla ekki að endurtaka, eins og ég sagði í upphafi, það sem sagt hefur verið hér efnislega um frumvarpið. Ég tel að helstu atriðin séu komin fram. En hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sagði í framsöguræðu sinni eða andsvari að sparisjóðirnir ættu vini í þessu sal og það væri gott og við værum öll að reyna að vinna að hagsmunum þeirra. Ég vil bara segja að mér þykir eðlilegt að sparisjóðirnir eigi marga vini í þessum sal vegna þess að þeir eiga vini skilda miðað við hvernig þeir hafa sinnt hlutverki sínu og þá sérstaklega eins og hér hefur fram komið í smærri samfélögum úti á landi.

Ég kem úr Keflavík og því er nærtækast fyrir mig að taka dæmi um Sparisjóðinn í Keflavík. Ég segi það fullum fetum að ég er fullkomlega vanhæf vegna þess að tilfinningar mínar til Sparisjóðsins í Keflavík eru mun sterkari en til annarra sparisjóða. Það er af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna þess að þarna hef ég átt reikning frá því að ég var skírð. Móðir mín vann þarna í tugi ára og ég er þarna með öll mín viðskipti. Til að það komi hér fram þá er ég stofnfjáreigandi en að mjög litlum hlut sem ég er ekki að telja hér. Tilfinningalegu tengslin eru mun meiri en þau fjárhagslegu.

Ég tek undir allt sem sagt hefur verið hér um mikilvægi sparisjóðanna fyrir þessi samfélög þá er stofnfjáreignin eitt atriði og stofnfjáreigendurnir og mikilvægi þeirra vegna þess að þeir eru velflestir viðskiptamenn og hafa hag af því að sparisjóðurinn vaxi og dafni og geti sinnt sínu hlutverki. En ég er líka að tala um hluti eins og mikilvægi þessara sparisjóða, þessara litlu sparisjóða úti um land sem vinnustaðar. Sparisjóðurinn í Keflavík veitir 120 manns vinnu. Sparisjóðurinn í Keflavík er stór lánveitandi til atvinnustarfsemi á svæðinu, öllu hans starfssvæði. Reyndar er starfssvæði hans út um allt land vegna þess að viðskiptavinirnir koma alls staðar að. Sparisjóðirnir eru mikilvægir styrkveitendur til alls konar menningar-, íþrótta- og félags-

starfsemi eins og við vitum. Ástæðan fyrir því að ég endurtek þetta sem hér hefur verið sagt er að ég er svo hrædd um að ef við gerum þetta ekki rétt, ef við pössum ekki upp á að gera þetta þannig að þessar stofnanir eigi sér rekstrargrundvöll til framtíðar og nái að komast í gegnum þá erfiðleika sem við erum í núna, þ.e. ég má ekki til þess hugsa hvað verði um vonina sem er af svo skornum skammti í þessum samfélögum, til dæmis eins og í mínum aftur tilvonandi heimabæ — ég er brottflutt en er á leiðinni heim aftur — ef þessi stofnun mundi fara. Ég má ekki til þess hugsa vegna þess að þetta er hornsteinn þarna í samfélaginu og er með stóra hlutdeild á þessu svæði og það væri ömurlegt fyrir þetta samfélag sem hefur orðið fyrir miklum höggum ef þetta yrði líka til þess að draga vonina úr samfélaginu þannig að ég segi: Tökum höndum saman. Ég ítreka að þó að við í minni hlutanum höfum verið ósammála um ýmsa hluti þá teljum við, eins og fram kemur í minnihlutaáliti okkar, að flestar þær breytingartillögur sem lagðar eru hér til séu til bóta. En ég ítreka að það sem við fyrst og síðast leggjum áherslu á er að enn er fjölmörgum spurningum ósvarað. Í lokin á álitinu okkar teljum við upp nokkur atriði sem við verðum að skoða í framtíðarspekúlasjónum í þeirri vinnu sem fram þarf að fara um framtíðarhlutverk sparisjóðanna.

Ég ætla að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, en vil að lokum ítreka það að áhersla okkar fyrst og síðast er á vandaða málsmeðferð. Við berum hag sparisjóðsins fyrir brjósti eins og við öll hér og legg áherslu á að við reynum að finna leiðir til að bæta þetta frumvarp í sameiningu milli umræðna þannig að við getum öll lagst á eitt við að koma þeim aftur á lygnari sjó sem vonandi er fram undan í okkar samfélagi.

[19:55]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur fyrir ræðu hennar. En ég hlýt að koma í andsvör við hana og ítreka að þetta frumvarp og þær breytingartillögur sem við — meiri hlutinn — höfum kynnt er einmitt til þess fallið og til þess ætlað að styrkja möguleika sparisjóðanna, til dæmis Sparisjóðs Keflavíkur sem hún nefndi, til að geta reist sig við og viðhaldið þeirri grunnþjónustu sem sparisjóðurinn hefur við íbúa ekki aðeins í sveitarfélögunum hérna fyrir sunnan okkur heldur líka norðan heiða og tryggt starf þeirra hundruða sem starfa við sparisjóðina.

Ég hlýt að spyrja um afstöðu hv. þingmanns til frumvarpsins. Hyggst hv. þingmaður styðja þetta frumvarp eða ekki? Það kemur ekki fram í nefndaráliti minni hlutans hver afstaðan til málsins sé, einungis að það þurfi meiri tíma og það eigi að huga að sérstökum björgunaraðgerðum en ekki öðrum. Af því tilefni hlýt ég að spyrja hv. þingmann: Hvaða atriði eru það, hvaða greinar eru það í þessu litla frumvarpi, sem er ekki mjög langt eða mjög flókið, hvaða greinar eru það nákvæmlega sem hv. þingmaður telur að lúti ekki að björgun sparisjóðanna?

[19:57]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit að þessu frumvarpi er ætlað og það hefur það að markmiði að styðja við og reisa við og styrkja sparisjóðina. Ég er bara ekki sannfærð um að þetta sé eina leiðin. Ég get ekki svarað því hvort ég ætli að styðja þetta frumvarp fyrr en ég hef sannfæringu fyrir því að þetta sé besta frumvarpið sem ég get hugsanlega stutt í þessu samhengi og það er það sem ég er að tala um.

Ég nefndi hvaða atriði ég teldi vegna áherslna á 7. gr. út af stofnfénu og niðurfærslunni, ég nefndi þá grein sem ég tel — og ekki bara ég vegna þess að þetta hefur komið fram í máli ýmissa sem komið hafa til nefndarinnar. Ég man nú hreinlega ekki hverra — að það sé í rauninni eina greinin sem þyrfti að breyta núna. Ég svara því til. Í staðinn fyrir að fara í gegnum frumvarpið og segja hvaða greinum ætti ekki að breyta þá svara ég þingmanninum svona.

[19:58]

Útbýting:

Mat nýju bankanna á eignasafni þeirra, 115. mál, svar fjmrh., þskj. 213.

[19:58]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Við ræðum hér um svokallað sparisjóðafrumvarp sem fjallar um lög um sparisjóði, meðal annars. Ég vil þakka hv. þm. Ragnheiði Elínu fyrir ágætisræðu hennar áðan þar sem hún talaði um mikilvægi sparisjóðanna í samfélagslegu tilliti. Ég þekki þetta úr nágrannahéraði mínu og úr kjördæmi mínu og nefni til að mynda Sparisjóð Húnaþings og Stranda, Sparisjóð Mýrasýslu og fleiri sparisjóði sem til langs tíma voru mjög miklir máttarstólpar og Sparisjóður Mýrasýslu sem lengi vel var kallaður hornsteinn í héraði og við viljum svo sannarlega ekki breyta þeim hornsteini sem sparisjóðirnir hafa verið í einhvers konar legsteina, eitthvað því um líkt.

Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að sparisjóðirnir fóru illa út úr bankahruninu og þeir standa margir hverjir mjög veikt. Ég hef verið í góðu sambandi við einn stjórnarmann í Sparisjóði Keflavíkur þar sem menn halda því fram og ítreka að sé ekki gripið inn í þá með einhverjum hætti og þótt fyrr hefði verið, geti farið verr en illa. Þeir eru með mikið af erlendum útlánum en þurfa síðan að fjármagna sig hér á landi og þetta veldur því að staða þeirra versnar dag frá degi.

Í neyðarlögunum sem samþykkt voru í haust er kveðið á um að fjármálaráðherra sé heimilt að leggja sparisjóðunum til fjárhæð sem nemur 20% af bókfærðu eigin fé þeirra. Þetta er sem sagt í neyðarlögunum og þetta þarf síðan að útfæra betur og það er eitt af því sem verið er að gera, einn liðurinn í þessu frumvarpi. Jafnframt er verið að styrkja stöðu sparisjóðanna í sessi, sparisjóðirnir verða til að mynda að skilgreina samfélagslegt hlutverk sitt. Það er ítrekað í þessum lögum að þeir séu sjálfseignarstofnanir og eignarréttindi stofnfjáreigenda eru mjög afmörkuð. Það er nefnilega lykilatriði í þessu að til lengri tíma höfum við þá sýn að við séum að styrkja sparisjóðina í sessi og við séum að byggja þá upp sem það samfélagslega tákn sem þeir voru.

Nú eru erfiðir tímar og ég tek sem dæmi þann sparisjóð sem ég þekki hvað best til sem er Sparisjóður Húnaþings og Stranda, sem er reyndar kominn inn í Sparisjóð Keflavíkur. Þegar hið svokallaða bankagóðæri stóð sem hæst og var farið að stytta í því fór af stað mikið æði með stofnbréf í þeim sparisjóði og menn voru að bjóða í hverja krónu stofnfjár 250–350 krónur. Það er óhætt að segja að þarna hafi gripið um sig einhvers konar gullæði og stofnfé Sparisjóðs Húnaþings og Stranda jókst þúsundfalt á mjög skömmum tíma, fór upp í 1,9 milljarða. Þetta er ekki stórt hérað, þarna að baki stendur mikið af lántökum hjá einstaklingum, hjá fyrirtækjum, hjá bændum, hjá litlum fyrirtækjum á Hvammstanga og víðar og alveg ljóst að þarna verða erfiðleikarnir mjög miklir. Líklegt er að þessar skuldir beri u.þ.b. 150–200 aðilar og ætli heildarskuldir séu kannski ekki 15–20 milljónir á hverja kennitölu?

Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að það sem gerist er að samkvæmt neyðarlögunum er kveðið á um, eða réttara sagt þegar neyðarlögin voru túlkuð og útfærsla þeirra túlkuð var kveðið á um að það verði ekki komist hjá því að lækka stofnfé sparisjóðanna og að niðurskrifa stofnféð.

Ég vitna því til stuðnings í minnisblað frá fjármálaráðuneytinu sem dreift var í nefndinni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stofnfjáraukning sparisjóðanna verður að fylgja almennum jafnræðisreglum og útfærslan á niðurskrift stofnfjár í frumvarpinu er til að laga stofnfjáraukninguna að almennum jafnræðisreglum“.

Þetta hefur Seðlabankinn tekið undir þar sem eitt af áhersluatriðum Seðlabankans í þessu máli var að tryggt yrði að það tap sem nú liggur fyrir verði borið af núverandi eigendum áður en ríkið leggur til nýtt eigið fé. Samtök sparisjóða hafa einnig gert sér grein fyrir þessu eins og kom fram í fylgiskjali, bréfi frá þeim inn í nefndina.

Það er hins vegar eitt sem ber að hafa í huga og ber að taka fram mjög skýrt en í þessu sama minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu kemur fram undir lið 2, það var spurning sem beint var til fjármálaráðuneytisins þar sem var spurt, með leyfi forseta:

„Spurt er hvort meiningin sé að færa stofnfé alls staðar niður í núll.

Meiningin er ekki að færa stofnfé alls staðar niður í núll. Í þeim tilvikum þar sem framlag ríkisins dugar til að koma CAD-hlutfalli sjóðsins upp fyrir 12% ræðst vægi eldra stofnfjár og nýs stofnfjár að nafnverði eigin fjár sem fyrir er ásamt niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og nýs stofnfjár.“

Það er alveg ljóst að ef ekki hefði verið gengið inn í sparisjóðina og þeir studdir með einhverjum hætti hefði farið verr en illa. Það er líka alveg ljóst að sparisjóðakerfið sem slíkt hefur orðið fyrir miklu höggi og þungu höggi og ég held að það taki töluverðan tíma að koma þeim aftur á það ról að þeir verði aftur það öflugir að þeir gegni því samfélagslega hlutverki sem hugmyndafræði þeirra upphaflega stóð til.

Það er líka alveg ljóst að í því góðæri sem ríkti voru margir hverjir sem höfðu það í hyggju að rústa og skemma sparisjóðakerfið og uppbyggingu þess. Þetta frumvarp er skref í þá átt að snúa ofan af því, að byggja sparisjóðina aftur upp á þeim grunni sem hugmyndafræði þeirra upphaflega gerði ráð fyrir en sú vegferð mun taka töluvert langan tíma því að staðan í samfélaginu núna er gríðarlega slæm. Staða ríkissjóðs er ekki góð, staðan er ekki góð hjá bönkunum almennt og ég held að þetta verkefni verði að vera langtímaverkefni.

Þá vík ég aftur að því sem snýr að stofnfjáreigendunum sem margir hverjir eða allflestir lögðu peninga í sparisjóðina í mjög góðri trú. Staða þessara aðila er ekki góð og ef við skoðum til að mynda þá 150–200 aðila sem eru í þeim sporum í Vestur-Húnavatnssýslu þá eru það um 10–15% byggðarinnar sem glímir við mjög mikil vandræði út af því hvernig komið er fyrir sparisjóðunum. Ég held að það hljóti að vera lykilatriði að staða þessa hóps sé skoðuð alveg sérstaklega, sé skoðuð sérstaklega í tengslum við það — og reyndar hjá fleiri svæðum — þegar kafað verður í þessi mál. Það verður einfaldlega að grípa þarna til einhverra sértækra aðgerða, það verður að grípa til einhverra aðgerða til þess að koma til móts við þetta fólk með einhverjum hætti og þessi fyrirtæki því að það er enginn hagur í því fyrir þjóðfélagið og fyrir ríkið að þetta fari þannig að gengið verði fram af fullri hörku gagnvart þessu fólki.

Varðandi það sem verið er að gera nú, sem er niðurfærslan, þá hafa að vísu komið fram ákveðnar hugmyndir og mér heyrist svona á þeim umræðum sem ég hef heyrt hér að fullur vilji sé til þess bæði hjá meiri hluta og minni hluta að skoða þetta mál með jákvæðum hætti og leita allra mögulegra leiða í því. Við búum hins vegar við það að ekki verður hjá því komist að færa stofnféð niður að einhverjum hluta og jafnvel að öllu leyti. En ég ítreka að þetta frumvarp er skref í rétta átt til þess að byggja upp sparisjóðina til þess að þeir geti á ný orðið sá máttarstólpi sem þeir voru sannarlega um langa hríð, um langan tíma í byggðum landsins. Og ég ítreka það að þættir í frumvarpinu girða fyrir og koma í veg fyrir að það sé hægt að ganga fram með þeim hætti sem gert hefur verið.

[20:09]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem lúta að sparisjóðum. Í frumvarpinu er ákveði um félagaform staðfest svo og samfélagslegt hlutverk sparisjóðanna. Þá er þeim gert heimilt að eiga samstarf um ýmis verkefni þeim til hagræðingar sem er þeim mjög mikilvægt.

7. gr. frumvarpsins sem kveður á um heimild til lækkunar stofnfjár er umdeildust þar sem hún getur komið mjög illa við stofnfjáreigendur vítt og breitt um landið sem hafa upp á síðkastið jafnvel verið að skuldsetja sig mikið til að auka stofnfé sitt, sjálfum sér og samfélaginu til heilla. Ljóst er að sameining sparisjóða hefur tekið á sig þá mynd að krafist hefur verið mikillar aukningar stofnfjár til að jafnræði stofnfjáreigenda sé tryggt og þar eru jafnvel dæmi um hundraðfaldar aukningar.

Við gjaldfellingu þessar skuldbindinga sem menn ætluðu að greiða með arði af þeim, sem nú er að engu orðinn, geta komið upp erfið samfélagsleg mál sem allir nefndarmenn hafa mikinn skilning á og þess vegna er afar mikilvægt að í nefndaráliti meiri hlutans er sagt, með leyfi forseta:

„Aðstæður sparisjóða eru ólíkar og því verður að meta hvert tilvik fyrir sig þegar tekin er ákvörðun um niðurfærslu. Má vænta þess að stjórn sparisjóðs leggi ekki til lækkun á stofnfé nema önnur úrræði séu ekki fyrir hendi til að jafna tap af rekstri.“

Sparisjóðir eru sögulega séð fyrst og fremst fjármálastofnanir minni byggðarlaga sem áttu ekki sama aðgang að fjármagni og hin stærri. Fólkið í byggðarlaginu lagði fé sitt í sjóðinn, svokallað stofnfé, og sló tvær flugur í einu höggi, ávaxtaði fé sitt og studdi við fólk og fyrirtæki heima fyrir. Þá var sparisjóðurinn gjarnan helsti styrktaraðili æskulýðs- og menningarstarfsemi. Niðurfærsla stofnfjár stofnfjáreigenda hlýtur aftur á móti að teljast eðlileg þegar nýtt stofnfé ríkisins kemur inn í sjóðina til að mæta tapi og neikvæðu eigin fé. Ekki er verið að tala um að niðurfæra stofnféð ætíð niður í núll. Vonandi verða þessar aðgerðir til þess að hægt verði að bjarga sjóðunum og þannig hægt að taka til við hið góða starf þeirra á ný, fyrir einstaklinga og samfélagið í heild.

Í raun má segja að sparisjóður og sparisjóður sé ekki það sama og því ákveðið misvægi hvernig lög þessi koma niður en í landinu ríkja að sjálfsögðu ein lög um hvert mál. Með fyrrnefndu ákvæði er reynt að koma til móts við ólíkar aðstæður sparisjóða, við fjölbreytileikann. Gleymum ekki hvert hið eiginlega markmið laganna er, að vinna að endurreisn sparisjóðakerfisins svo vænlegt þyki að gerast stofnfjáreigandi sparisjóða og samfélagslegt og byggðalegt starf sparisjóðanna viðhaldist og varðveitist.

[20:13]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég stend að minnihlutaáliti viðskiptanefndar og er algjörlega sammála því að þær breytingartillögur sem meiri hluti viðskiptanefndar leggur fram við þetta frumvarp séu til bóta. En ég verð hins vegar að segja — og það er mjög stórt en — að ég hef mjög miklar efasemdir um framtíð sparisjóðakerfisins ef áform stjórnarmeirihlutans í þessu frumvarpi verða að veruleika.

Sparisjóðirnir hafa náttúrlega gegnt geysilega veigamiklu hlutverki í íslensku fjármálalífi og oft verið einu fjármálastofnanirnar í mörgum dreifðari byggðum landsins. Kannanir sýna að sparisjóðir njóta mikils velvilja hjá íslensku þjóðinni og hafa án undantekninga fengið hæstu einkunn hvað varðar þjónustu og ímynd. Ég tel að sparisjóðakerfið geti gegnt lykilhlutverki við að reisa heiðarlegt og gott fjármálakerfi í landinu. Til þess að það geti orðið þarf björgun þeirra og endurreisn að byggjast á þeim grunngildum sem sparisjóðirnir eru byggðir á og tryggja að þeir starfi eftir dreifðri eignaraðild þar sem jafningjarétturinn stýrir ferð.

Þetta eru ekki mín orð heldur fer ég hér í smiðju hæstv. ráðherra Jóns Bjarnasonar sem hefur að mínu mati hingað til verið einn helsti baráttumaðurinn fyrir íslenskum sparisjóðum, alla vega í orði, þó að ég verði að efast með framlagningu þessa frumvarps um að svo sé á borði.

Í 7. gr. frumvarpsins er miðað við að gefa heimild til lækkunar stofnfjár. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að þetta verði gert til að gefa möguleika á að rétta af varasjóði sem eru neikvæðir sökum slæmrar stöðu sparisjóðanna með aðkomu annarra fjárfesta og er þar sérstaklega verið að líta til að eignarhluti ríkisins endurspegli framlag þess. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við höfum í huga að þessi grein er ekki nauðsynleg heldur er um að ræða pólitíska ákvörðun að lækka stofnfé. Ekkert í núverandi lagaumhverfi eða reglum kemur í veg fyrir að ríkið leggi fram stofnfé í sparisjóðina. Það var á þeirri forsendu sem sparisjóðirnir sóttu um stofnfjárframlag frá ríkinu, þ.e. að það væri allt til staðar í núgildandi lögum.

Í viðtali við hæstv. viðskiptaráðherra Gylfa Magnússon á visir.is í dag kom fram að menn virðast ítrekað misskilja grundvallarmun á milli hlutafjár og stofnfjár. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„... það er ekki réttlætanlegt að ríkið taki þennan hóp fólks sérstaklega út fyrir sviga og niðurgreiði tap þeirra þegar ekki er hægt að niðurgreiða tap allra ...“

Þeir sem áttu hlutafé í fyrirtækjum vissu að þeir gætu tapað öllu hlutafénu. Það kemur skýrt fram í lögum um hlutafélög að þessi áhætta er til staðar. Því má reikna með að fólk taki ákvörðun út frá þeirri áhættu, vegi hana og meti og jafnvel ákveði að fjárfesta ekki í viðkomandi fyrirtækjum eða minna en ella. Hins vegar þegar núverandi stofnfjáreigendur tóku ákvörðun um að leggja fram stofnfé var ekki heimilt að skrifa niður stofnfé. Þess vegna erum við einmitt að ræða um 7. gr. hérna í frumvarpinu. Það er ekki heimilt í augnablikinu að skrifa þetta niður.

Ég hef því velt fyrir mér og rætt það á fundum viðskiptanefndar hvort hér geti verið um hreina og klára eignaupptöku að ræða sem stangist þannig á við ákvæði stjórnarskrárinnar. Því miður vannst ekki tími til þess að fá svör við þessu frá löglærðu fólki þannig að þess vegna eru þetta fyrst og fremst mínar vangaveltur.

Ég vil líka benda á umsögn Sparisjóðs Svarfdæla. Í henni segir, með leyfi forseta:

„Andi laga um stofnfé í sparisjóði var í upphafi, og er enn í hugum flestra, að stofnfé sé allt annað fyrirbæri en hlutafé og lúti öðrum lögmálum. Hlutafé á tilkall til alls eigin fjár hlutafélags en stofnfé ekki. Þannig eru hluthafar eigendur hlutafélags en stofnfjáreigendur eru ekki eigendur sparisjóðs heldur skilgreindir sem gæslumenn sparisjóðs.“

Á þessa skilgreiningu hef ég meðal annars rekist á í greinum eftir hæstv. ráðherra Jón Bjarnason og mig minnir líka hæstv. ráðherra Ögmund Jónasson.

Ég held áfram, með leyfi forseta:

„Það er fyrst og fremst ákvæði 7. gr. frumvarpsins um lækkun stofnfjár sem breytir þeim anda sem verið hefur og þá sérstaklega að þetta ákvæði er eingöngu komið inn í frumvarpið að kröfu ríkisvaldsins vegna fyrirhugaðrar aðkomu þess að endurreisn sparisjóðanna.

Á fundum sparisjóðanna hafa menn staðnæmst við skilgreiningu stofnfjár sem innláns sem hefur stöðu eigin fjár líkt og víkjandi lán.“

Ég tel að það megi sjá leifar af þessari hugmyndafræði í núverandi löggjöf þó að mínu mati hafi menn — ég skal viðurkenna það — að menn í mínum flokki hafi verið á undanförnum árum á rangri vegferð varðandi sparisjóðina og tapað sjónum á því hvað sparisjóður sé. Leifar af þessari hugmyndafræði má sjá í því að í núverandi löggjöf er ekki heimilt að skrifa niður stofnfé og greiða má út arð þrátt fyr-

ir tap. Það er litið sem sagt á arðinn sem vöxt af stofnfénu. Það sem var hins vegar gert að mér skilst í löggjöfinni var að orðinu var breytt. Í staðinn fyrir að áður var talað um vexti í lögunum þá var sem sagt orðinu breytt í arð. En hins vegar er hugmyndafræðina að finna í þessum tveimur lagaákvæðum.

Þetta virðist til dæmis vera skilgreiningin á stofnfé í norsku löggjöfinni um sparisjóði sem mér fannst á margan hátt mjög áhugaverð og heillandi. Ég hefði gjarnan viljað að við hefðum gefið okkur tíma, sem sagt þingnefndin í heild, til að skoða löggjöfina eins og hún er á hinum Norðurlöndunum, bæði þá til dæmis eins og hún er í Noregi þar sem þeir eru með sjálfstæðan lagabálk um sparisjóði. Svo er líka í Svíþjóð. Danir hins vegar eru með líkara form og við þar sem þeir eru með lögin um sparisjóðina þar undir. En það hefði verið svo gaman og áhugavert og gott að mínu mati fyrir framtíð sjóðanna ef við hefðum getað gefið okkur tíma til þess að fara í þessa vinnu. Ég vona svo sannarlega og ég bara treysti á það að orð formanns og fleiri í meiri hlutanum um að við förum í þessa heildarendurskoðun núna í haust muni standa því að ég tel það geysilega mikilvægt.

Hæstv. ráðherra Gylfi Magnússon sagði einnig í sama viðtali, með leyfi forseta:

„Það má segja að þetta sé tilboð sem ríkið gerir og stofnfjáreigendum er heimilt að hafna því ef það er óhagstætt, en þá verða þeir jafnframt að bjarga stofnununum með öðrum hætti ...“

Eins og ráðherra gerir sér væntanlega grein fyrir er ekki um jafna stöðu tveggja samningsaðila að ræða þegar við erum að tala um einstök fyrirtæki einstaklinga, sem eru sem sé stofnfjáreigendurnir, og ríkið sjálft. Kannski mætti einmitt líkja þessu þá aftur við Gróttu og Manchester United eins og ónefndur hagfræðingur gerði fyrir stuttu en ræddi þá að vísu um Icesave-samninginn.

Ég tel líka að enn á ný sé verið krefja stofnfjáreigendur um að fórna sér. Þeir urðu, að mínu mati, margir fyrir miklum samfélagslegum þrýstingi um að reyna að halda í sparisjóðina í héraði, að tryggja fjármálaþjónustu á svæðinu með því að auka stofnfé í sparisjóðunum. Nú eiga þeir enn á ný að fórna sér og það á að taka þá ákvörðun sem er í þessu heimildarákvæði um að skrifa niður stofnfé þeirra jafnvel í einhverjum tilvikum niður í núll og standa þeir þá eftir með miklar skuldbindingar.

Afleiðingin af þessu er að mínu mati að einhverjir af þeim sparisjóðum sem sóttu um þetta stofnfjárframlag frá ríkinu samkvæmt fyrri löggjöf og reglum eru núna einmitt á fullu að reyna að komast undan því að þiggja fjárframlag ríkisins og það virðist eiginlega liggja í orðum ráðherrans að það sé kannski nánast eitthvert undirmarkmið að bara koma í veg fyrir að ríkið leggi þetta inn í sparisjóðakerfið.

Það sem mun gerast að mínu mati er að hugsanlega stöndum við eftir með mjög veikt sparisjóðakerfi, kerfi sem verður ekki fært um að efla sig jafnfljótt og ella og byggja þær undirstöður undir betra og heiðarlegra fjármálakerfi sem ég nefndi fyrr í ræðu minni.

Í nefndarálitinu bendum við einnig á að það koma ekki fram neinar áætlanir um hvernig að niðurfærslunni verður staðið. Það er skilið mjög opið eftir. Mikil hætta er á að hér á landi verði nær eingöngu ríkissparisjóðir með veikan rekstrargrundvöll þar sem erfitt verður fyrir ríkið að losna út aftur enda eru engar áætlanir til um hvernig ríkið eigi að losa sig út sem stofnfjáreigandi. Því ætla menn bara hreinlega að velta fyrir sér einhvern tíma seinna.

Hv. þm. Guðbjartur Hannesson talaði í andsvörum við hv. formann viðskiptanefndar um hugmynd sína um hvort ekki væri hægt að setja eitthvert ákveðið lágmark þannig að það væri ekki skrifað niður fyrir — þ.e. eins og kom fram í hans ræðu að yrði ekki fært neðar en að nafnvirði einn. Þá væri tekið á þessum lukkuriddurum. Margir hafa náttúrlega verið mjög ósáttir við hvernig þeir hafa hegðað sér innan sparisjóðakerfisins. En þá væri þeim sem hafa alltaf keypt bréfin sín á nafnvirði ekki refsað fyrir óvarkárni og græðgi hinna.

Því flyt ég hér breytingartillögu um að 7. gr. frumvarpsins verði einfaldlega felld brott. Það er nokkuð sem ég vonast til, alla vega óska ég eftir því — ég held að það hafi komið hérna fram áður að þetta mál fari aftur inn í nefndina á milli 2. og 3. umr. — að ef menn telja þetta ekki ásættanlegt hvort þeir séu þá tilbúnir að skoða þá tillögu sem kom frá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni um að sett verði eitthvert lágmark við niðurfærsluna — fyrirgefið þið, og frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Það eru góðir þingmenn þarna í Norðvesturkjördæmi sem vita að styrkur sparisjóðanna hefur einmitt legið í góðum tengslum þeirra við sín heimasvæði. Það er erfitt að sjá fyrir sér sparisjóði án aðkomu heimamanna. Því þarf að tryggja þessa aðkomu að stjórn sjóðanna með einum eða öðrum hætti. Á þetta atriði legg ég geysilega mikla áherslu.

Ég er hins vegar ansi hrædd um að breytingartillaga mín um að 7. gr. frumvarpsins verði felld brott verði ekki samþykkt. Ég er líka ansi hrædd um að þó hv. þm. Guðbjartur Hannesson sé í stjórnarmeirihlutanum verði kannski ekki hlustað á hann og tel því mjög líklegt að ríkið verði hugsanlega eigandi að 80–100% af stofnfé sparisjóðanna á Íslandi. Með þessu þarf að tryggja á einhvern máta aðkomu heimamanna að stjórn sparisjóðanna. Í raun tel ég að það hafi á sínum tíma verið mistök að taka út aðkomu fulltrúa sveitarfélaga að stjórn sparisjóðanna og að víðtæk aðkoma hagsmunaaðila að stjórn sjóðs eigi að vera eitt megineinkenni sparisjóða enda byggðu sjóðirnir á hugsjónum samvinnuhreyfingarinnar um sjálfshjálp, sjálfsábyrgð, lýðræði, jafnrétti, sanngirni og samstöðu og svipað á að gilda um heiðarleika, opna starfshætti, félagslega ábyrgð og umhyggju fyrir öðrum.

Því flyt ég breytingartillögu um stjórn sparisjóðanna, með leyfi forseta, um að við 51. gr. laganna, um að í stjórn sparisjóðs skuli sitja að lágmarki fimm menn bætist eftirfarandi málsgreinar:

„Stofnfjáreigendur ... kjósa tvo stjórnarmenn, hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn og innstæðueigendur einn stjórnarmann samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Ef starfssvæði sparisjóðs nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir koma sér saman um tilnefningu stjórnarmanna, þannig að fulltrúi hvers sveitarfélags sitji ekki lengur en tvö ár samfleytt í stjórn sjóðsins.

Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að

kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

Í stjórn sparisjóðs sem er með fleiri en 15 starfsmenn skulu starfsmenn kjósa einn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Fulltrúa starfsmanna er ekki heimilt að vera formaður eða varaformaður sjóðsins.“

Þetta ákvæði er að mörgu leyti byggt á því sem ég kynnti mér í norsku löggjöfinni en hún er hins vegar mun ítarlegri en þetta ákvæði. Ég tel líka að þessi tillaga sé fyllilega í samræmi við að minnsta kosti ályktanir annars stjórnarflokksins, Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, miðað við það sem ég hef kynnt mér. Þeir hafa einmitt lagt mjög mikla áherslu á aðkomu starfsmanna að stjórn fyrirtækja. Margar samþykktir liggja fyrir, held ég, hjá viðkomandi flokki hvað það varðar. Ég trúi ekki öðru en að jafnaðarmönnum hugnist þetta líka því að þetta hefur verið eitt af einkennum stjórna fyrirtækja til dæmis í Svíþjóð, þ.e. aðkoma starfsmanna að stjórnum fyrirtækja.

Ég ber einnig í brjósti mér þá von að einhverjir í framtíðinni hafi áhuga á því að stofna nýjan sparisjóð og legg því til að nýir sparisjóðir njóti sömu réttinda og starfandi sparisjóðir varðandi lágmarksupphæð á stofnfé og er sú tillaga svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Hlutafé viðskiptabanka og lánafyrirtækis skal að lágmarki nema jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Stofnfé sparisjóðs með starfsemi á Íslandi skal að lágmarki nema jafnvirði 1 milljónar evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.“

Fellur þar með niður 77. gr. í núverandi löggjöf sem fjallar um undanþágu fyrir starfandi sparisjóði varðandi stofnfé. Þetta hefur bara gilt fyrir þá starfandi en ef nýir sparisjóðir hafa ætlað að fara af stað hafa þeir þurft að vera með 5 milljónir evra og tel ég að þetta hafi að einhverju leyti verið hamlandi fyrir stofnun nýrra sjóða.

Ég hefði einnig haft mjög mikinn áhuga á að sjá breytingar á aðkomu nýrra stofnfjáreigenda þannig að ekki væri hægt að handvelja stofnfjáreigendur heldur byggðist val þeirra á því hvort þeir ættu í viðskiptum við sjóðinn og áhuga þeirra á því að gerast stofnfjáreigendur. Einnig þar væri byggt á hugsjónum samvinnuhreyfingarinnar um eitt atkvæði, einn stofnfjáreiganda á stofnfjáreigendafundum líkt og ég skil norsku löggjöfina.

Í nefndaráliti minni hlutans er þetta talið upp sem hluti þess sem mikilvægt hefði verið að taka á auk margra annarra þátta.

Svo vil ég nefna atriði sem mjög mikilvægt líka, eins og kemur fram í nefndaráliti okkar, er að tekið verði á í tengslum við lagasetningu sem þessa. Þau eru: 1. skýrar skilgreiningar, 2. rekstrarumhverfi sparisjóðanna, 3. tengsl við heimasvæði og upphæð stofnfjár, 4. gagnsæi í reglum um stofnfjáreigendur, 5. hverjir geti orðið stofnfjáreigendur, 6. stjórnkerfi sparisjóðanna, 7. atkvæðavægi stofnfjárhlutar og svo áfram og áfram.

Að mínu mati og mati minni hlutans liggur fyrir að fara þarf fram mikil vinna varðandi sparisjóðina. Ég veit að það kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans að þeir hafa líka mjög mikinn áhuga á auknu gagnsæi við val á stofnfjáreigendum þannig að ekki verði handvalið hverjir geti orðið stofnfjáreigendur. Mín tilfinning er eftir viðræður innan nefndarinnar að mönnum fyndust margar að af þeim hugmyndum sem ég hef nefnt hér mjög áhugaverðar og áhugavert að skoða hvað sé að finna í löggjöf annarra landa.

Að lokum verð ég bara að segja að hugur minn er náttúrlega hjá fjölda þeirra stofnfjáreigenda sem tóku þá afdrifaríku ákvörðun að styðja við sinn sparisjóð, oft undir miklum samfélagslegum þrýstingi til að verja sjóðina gegn hinum svokölluðu lukkuriddurum sem sóttu í hið margfræga fé án hirðis. Ég veit að margir þeirra hefðu aldrei tekið þá ákvörðun ef legið hefði fyrir túlkun ráðherrans og stjórnarliðanna á því hvað stofnfé er. En þeir verða víst núna að treysta á guð og lukkuna og kannski hina frægu velferðarbrú ríkisstjórnarinnar.

[20:30]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hennar og kannski sérstaklega fyrir góða tilvitnun í hæstv. ráðherra Jón Bjarnason um það sem ég er hjartanlega sammála að sparisjóðirnir geti og eigi að gegna lykilhlutverki við enduruppbyggingu heilbrigðs fjármálakerfis á Íslandi. Til þess eru refirnir skornir, til þess er þetta frumvarp fram lagt. Til þess eru þær breytingartillögur sem meiri hlutinn hefur kynnt. Ég hlýt að ítreka enn og aftur að það er alger misskilningur að þetta frumvarp sé einhvers konar atlaga að sparisjóðakerfinu í landinu, að þetta sé atlaga að stofnfjáreigendum.

Við höfum rætt undanfarna klukkutíma nokkuð um muninn á hlutafé annars vegar og stofnfé hins vegar og mig til langar að varpa fram einni spurningu varðandi það til hv. þingmann. En ég hlýt þó að segja vegna orða hennar um að niðurfærsla stofnfjár þeirra sem fjárfestu í fjármálastofnunum undir heitinu sparisjóðir stangist á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar þá hljótum við að hafa það í huga að margir hafa tapað á bankahruninu og þegar ríkið er að koma að með skattfé þá hlýtur að verða að gæta tiltekins jafnræðis.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvernig hún túlkar 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki um ábyrgð stofnfjáreigenda á skuldbindingum sparisjóðs, hvernig túlkar hv. þingmaður þá grein sem er nær óbreytt tekin upp í það frumvarp sem við ræðum? Ég spyr vegna þess að það er ekki þannig að stofnfjáreigendur séu einungis gæslumenn, eins og hv. þingmaður vitnaði til og er að finna í áliti Sparisjóðs Svarfdæla. Stofnfjáreigendur eru líka ábyrgðarmenn sjóðsins og nægir þar að vitna í þessa grein.

[20:32]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, það er margt sem hæstv. ráðherra Jón Bjarnason hefur sagt um sparisjóðina og mjög margt sem ég er sammála. En ég ætla kannski að fá að leyfa mér í svari að vitna í skilgreiningu hans á því varðandi muninn á

stofnfjárhöfum og hluthöfum, með leyfi forseta:

„Stofnfjárhafar sem lögum samkvæmt þurfa að standa að hverjum sparisjóði eru engan veginn eigendur sjóðanna heldur trúnaðarmenn samfélagsins á starfssvæði sjóðanna. Hlutverk stofnfjárhafanna er því að tryggja að sjóðurinn starfi á þessum hugsjónagrunni en ekki að hámarka eigin persónulegar arðgreiðslur. Hins vegar ber hlutafélagsbanki engar slíkar samfélagsskyldur heldur er meginmarkmið hans að hámarka ábata og arð eigenda hlutafjárins. Á því er grundvallarmunur.“

Það er eitthvað sem ég hef verið alveg geysilega ósátt við að það hefur ítrekað komið fram í dag í orðum hæstv. viðskiptaráðherra, líka í túlkun fulltrúa viðskiptaráðuneytisins að það er alltaf verið að vísa í lög um hlutafélög en það er grundvallarmunur á bak við hugmyndafræðina að sparisjóðum og hugmyndafræðina að baki hlutafélögum. Ég get engan veginn tekið undir það að stofnfjáreigendur, sem meira að segja fengu þegar þeir tóku þátt í stofnfjáraukningum, var bent á þetta ákvæði í lögunum að það væri ekki heimilt að skrifa niður stofnfé og tóku ákvörðun þess vegna, að þetta sé að einhverju leyti sambærilegt við hvernig hlutafé er meðhöndlað. Þeir gerðu sér hins vegar fyllilega grein fyrir því að ef sparisjóðurinn færi á hausinn, yrði gjaldþrota, þá mundu þeir tapa stofnfé sínu en hérna erum við að tala um að ríkið er að nota styrk sinn til að tryggja sem best sína eigin afkomu að því að koma þarna inn, tryggja stjórn að sjóðunum og tryggja aðkomuna að arðinum. Það komu fram aðrar hugmyndir við vinnu þessa frumvarps um hvernig væri hugsanlega hægt að koma til móts við stofnfjáreigendur og að það væri engan veginn hægt að fá meiri hlutann til að taka undir þær hugmyndir.

[20:34]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála, enn og aftur, þessari skilgreiningu um muninn á því að gerast hluthafi eða stofnfjáreigandi og ábyrgðarmaður í sparisjóði. Hlutafélagaformið er auðvitað til þess ætlað að það skili tilteknum arði eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson rakti í kvöld. Það er auðvitað munur á þessum tveimur rekstrarformum. Það sem hér skiptir hins vegar máli er hver er ábyrgðin. Og á ábyrgð hluthafans annars vegar sem er bundin við hlutafé og á ábyrgð stofnfjáreigandans hins vegar sem er bundin við stofnfé er að þessu leytinu til enginn munur. Það var þess vegna sem ég spurði hv. þingmann um túlkun á 63. gr. þar sem hún segir beinum orðum, að stofnfjáreigendur beri ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs sem nemur stofnfé þeirra. Þannig er það bara.

Ég verð að segja að ég ber mikla virðingu fyrir baráttugleði hv. þm. Eyglóar Harðardóttur sem vill veg samvinnuhugsjónarinnar og sparisjóðahugsjónarinnar sem mestan en ég hlýt að segja að það verður ekki gert með lögum. Það þarf tiltekna siðvæðingu. Þetta er félagslegt erindi, hv. þingmaður. Það er ekki hægt að skikka siðbót með lögum.

[20:36]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Alla vega kannski ekki ef löggjafarvaldið ætlar að ganga fram með þeim hætti sem verið er að gera hér gagnvart stofnfjáreigendum. Menn hafa talað um að stofnfjáreigendur fái að halda eftir 5, 10–15% og það sé einmitt hugsað til að fá fólk til að halda viðskiptum áfram við sparisjóðina. Ég verð að segja að ef ég stæði eftir í þeirri aðstöðu mundi ég kannski hugsa mig tvisvar um það hvort ég gæti ekki fært mig eitthvert annað, kannski til einhvers sparisjóðs sem ég gæti hugsanlega styrkt sem mundi ekki taka á móti framlaginu frá ríkinu. Mér finnst það engan veginn hafa komið fram í vinnunni hvernig þetta mun raunverulega styrkja sparisjóðakerfið, þ.e. að ríkisvæða það. Það er algerlega ljóst að ef sparisjóður verður gjaldþrota þá tapa stofnfjáreigendur sínum peningum. En hins vegar erum við ekki að tala um að setja sparisjóðakerfið — er það málið, að við ætlum að fara að setja sparisjóðakerfið í þrot? Eigum við að fara að gera upp sparisjóðina? Nei, ríkið er að breyta lögunum, leikreglunum eftir á til að tryggja að þeir þurfi ekki að fara í þrot. Hver er ástæðan fyrir því? Það er vegna þess að ríkið vill ekki þurfa að borga 250 milljarða í þeim innstæðum sem eru inni í sparisjóðunum. Ég sé ekkert réttlæti í því sem er í 7. gr. og mér finnst það mjög leitt að menn skuli ekki hafa verið tilbúnir til að ræða að menn hafi að einhverju leyti getað einmitt fært niður stofnfé í nafnviði einn, eins og það sem fólk gekk að og skildi löggjöfina þannig. Ég verð að segja að ég fagna því að það skuli vera einhverjir stjórnarþingmenn sem eru að íhuga málin hvort þetta sé rétta leiðin.

Ég vil að lokum hins vegar þakka formanni kærlega fyrir samstarfið í nefndinni varðandi þetta mál. (Forseti hringir.) Hún hefur haldið mjög vel utan um það (Forseti hringir.) og keyrt það vel áfram þó að við séum mjög ósammála varðandi niðurstöðuna á málinu.

[20:39]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Það er liðið að lokum þessarar umræðu sem ég vil þakka. Hún hefur verið yfirgripsmikil og upplýsandi. Ég vil endurtaka það sem ég sagði fyrr í dag að það er greinilegt að sparisjóðirnir í landinu eiga hauka í horni þar sem eru þingmenn og það tel ég mjög mikilvægt og það hefur verið staðfest í umræðunni í dag. Ég hlýt því að endurtaka enn og aftur að það er markmið þessa frumvarps að styrkja sparisjóðina í landinu, að tryggja að þeir geti verið hluti af endurreistu fjármálakerfi sem verður vonandi heilbrigðara og gagnsærra en við áður bjuggum við.

Ég hef hlustað grannt eftir því sem fulltrúar minni hlutans í hv. viðskiptanefnd hafa haft fram að færa í dag. Þegar maður rýnir í nefndarálit minni hlutans sem fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Borgarahreyfingar skrifa undir þá kemur þar fram að þeir telja að breytingartillögur þær sem meiri hluti nefndarinnar hefur flutt séu til bóta. Þeir telja enn fremur að það sé nauðsynlegt að ráðast í heildarendurskoðun á lögum um sparisjóði og lög um fjármálafyrirtæki. Í nefndarálitinu er ekki lagst gegn 7. gr., þ.e. að veitt verði heimild til að mæta tapi og rétta af varasjóði með því að skrifa niður stofnfé. Hins vegar kemur fram tillaga frá hv. þm. Eygló Harðardóttur um að fella þá grein út en hún skrifar einnig undir þetta nefndarálit

Í nefndarálitinu kemur einnig fram og hefur endurspeglast í umræðum hræðsla við að sparisjóðir rati í ríkiseigu. Það er ekki markmið þessa frumvarps og það er ekki markmið neyðarlaganna að ríkið legði undir sig fjármálastofnanir í landinu. Ríkissjóður fékk þessi fjármálafyrirtæki upp í fangið við fall bankanna. Það er undarlegt að hlusta á að það sé kannski einhver mesta ógnin sem yfir fjármálakerfinu vofi um þessar mundir, að sparisjóðirnir verði ríkisvæddir. Það er ekki markmið þessara laga. Það er þvert á móti markmið laganna að hægt verði að virkja heimildina í neyðarlögunum til að ríkið geti komið sparisjóðunum til bjargar.

Það kemur fram í nefndarálitinu einnig að það skiptir máli hvernig ríkið muni fara út úr þessu eignarhaldi aftur hvað varðar sparisjóðina en auðvitað á það við um önnur fjármálafyrirtæki líka. Fulltrúar minni hlutans hafa sumir hverjir lagt á það áherslu fyrir nefndinni að það beri að bíða eftir umfjöllun um frumvarp um Bankasýslu sem fyrir hv. viðskiptanefnd liggur. Ég vil rifja upp að sú bið gæti tekið nokkurn tíma með því að Bankasýslunni, þegar henni hefur verið komið á kopp, er ætlað að starfa eftir eigendastefnu sem eftir á að leggja fyrir þingið og stjórn Bankasýslunnar er síðan ætlað með frumvarpinu að móta reglur um sölu á hlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Allt gæti þetta tekið nokkurn tíma og er með fullri virðingu fyrir þessum sjónarmiðum, þessari hræðslu við ríkisvæddar fjármálastofnanir, ekki það brýnasta á dagskrá þessarar ríkisstjórnar núna. Það er ekki eins og menn standi í biðröðum til að kaupa hluti ríkisins í fjármálafyrirtækjunum, því miður. Það liggur meira á því að skilja milli gömlu og nýju bankanna og að ríkið standi þar við sínar skuldbindingar og borgi það sem á milli ber en að fara að leggja á ráðin um það einn, tveir og þrír hvernig ríkið á að fara út úr þessu.

Það er yfirlýst að Bankasýslunni er ætlað að starfa í 5 ár að hámarki. Það segir sitt um stefnumark þessarar ríkisstjórnar að þá á að liggja fyrir, alveg klárlega, hvernig ríkið ætlar að selja hluti sína í þessum fjármálastofnunum og Bankasýslunni er ætlað að gera tillögur um hvernig það verður. Eitt er víst að þar höfum við vítin að varast. Það er ekki meiningin og kemur ekki til álita — vona ég, ég vona að allir hv. þingmenn taki undir það — að farið verði í einkavinavæðingu eins og gert var með ríkisbankana forðum, Landsbankann og Búnaðarbankann, heldur hlýtur eigendastefnan og stefnan um það hvernig ríkið fer út úr eignarhaldi sínu á fjármálafyrirtækjum sem það fékk óumbeðið upp í fangið að byggjast á öðru en því að skapa einkavinum góða aðstöðu til gróðatöku.

Mat mitt eftir að hafa farið yfir álit minni hlutans er að það sé á einhvern hátt ósk um að setja allt í biðstöðu, að bíða enn um sinn, sjá nú til. Ég get ekki fallist á það. Ég vil ítreka það sem kom fram á fundi viðskiptanefndar í dag að hver dagur í þessu efni skiptir máli.

Ég sagði fyrr í dag að það hefði ekki náðst, því miður, að ljúka þessu máli þannig að lögin gætu tekið gildi fyrir 1. júlí, sem er í dag, en ég ítreka að hver dagur skiptir máli. Því hafði ég vonast eftir því, virðulegi forseti, að það væri jafnvel hægt að greiða atkvæði um þetta mál og gera það að lögum fyrir helgi en ég heyri að það er ekki vilji til þess hjá minni hlutanum, því miður.

Eitt að lokum varðandi minnihlutaálitið. Það kemur ekki fram hvort þeir þingmenn sem rita undir það hyggjast styðja frumvarpið eða breytingartillögur minni hlutans. Það hlýtur því að koma í ljós og ég hef kallað eftir því hjá sumum þingmönnum í dag í umræðunni og ekki fengið við því svör, menn vilja skoða málið áður en þeir gera upp hug sinn.

Ég vil segja aðeins varðandi umræðuna um 7. gr. og niðurfærslu stofnfjár að menn eru að tala um að þessi 7. gr. sé í letur færð til að einhverjum pólitískum markmiðum verði náð, að það séu einhver pólitísk markmið að færa niður stofnfé. Ég sé ekki hvaða pólitík markmið það ættu að vera með fullri virðingu fyrir þessum orðum, þá sé ég ekki hvaða pólitísk markmið það ættu að vera. Ég ítreka að hér er verið að skapa möguleika til þess að nýir stofnfjáreigendur geti komið í sparisjóðina, ríkið, sannarlega á grundvelli neyðarlaganna, og aðrir stofnfjáreigendur. Til þess er nauðsynlegt að leita heimildar í lögum til að færa niður stofnfé. Það er ekki rétt sem hv. þm. Eygló Harðardóttir sagði áðan að í lögunum kæmi fram að það væri óheimilt að færa niður stofnfé. Það er ekki þannig. Það hefur ekki verið í lögunum og er ekki í lögunum. Þess vegna hefur það ekki verið rétt ef menn hafa farið milli bæja og sagt svo vera.

Það er í mínum huga alveg skýrt þegar 2. gr. neyðarlaganna er lesin að menn horfa til þess að í einhverjum tilvikum þurfi að færa stofnfé niður. Þar er enginn greinarmunur gerður á hlutafé og stofnfé og þetta eru neyðarlögin sem allir hv. þingmenn samþykktu sl. haust. Það er enginn greinarmunur gerður þar á hlutafélagasparisjóðum og stofnfjársparisjóðum, ekki nokkur. Hvað þýðir það? Það þýðir að í þessu tilliti, með aðkomu ríkisins inn í hlutafélag og sparisjóði eða inn í stofnfjársparisjóði er hlutafé og stofnfé lagt að jöfnu. Og til þess að ríkið geti komist þarna að getur þurft að færa niður stofnfé þannig að ef verið er að fylgja einhverjum pólitískum markmiðum, frú forseti, þá hljóta það að vera þau pólitísku markmið sem er að finna í neyðarlögunum sem voru sett til bjargar þeim fjármálastofnunum sem hrundu í fangið á ríkinu. Niðurfærsla stofnfjár er þess vegna ekki neitt pólitískt markmið þessarar ríkisstjórnar og þetta er ekki geðþóttaákvörðun. Það kom skýrt fram fyrir nefndinni að niðurfærsla stofnfjár yrði háð endurskoðuðum ársreikningi og niðurstaða áreiðanleikakönnunar á eignasafni viðkomandi sparisjóðs. Þess vegna er það að ekki er hægt að setja eina reglu um hámark niðurfærslu. Það er einnig og verður ákvörðun fundar stofnfjáreigenda hvort stofnfé verður fært niður eða ekki. Það er enginn sem getur tekið þá ákvörðun annar en fundur stofnfjáreigenda í samræmi við 7. gr.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spurði, og mér gafst ekki færi á því í stuttum tíma í andsvörum að svara því, hvort lán eða skuldir sparisjóðanna sem til eru komnar vegna viðskipta þeirra við sparisjóðabankann sem er farinn á hausinn, hvort til álita kæmi að þau lán sem væru þá í eigu ríkisins kæmu inn í þá mynd sem verið er að draga upp með þessu frumvarpi til þess að bjarga sparisjóðunum. Ég hlýt að segja það hér að það er ekki hægt og í rauninni ekki eðlilegt að kveða á um slíkt í ákvæðum laga sem þessara um fjármálafyrirtækin almennt en ég ítreka að þó svo að ég hafi

talað um endurhverfu lánin, viðskiptin, þá var það í ljósi þess að það var upplýst fyrir nefndinni að það væru 12,5 milljarðar sem þar væri um að tefla. Ég þekki ekki hvaða fjárhæðir er um að tefla í þeim lánum sem hv. þingmaður er að spyrja um. Það var ekkert fjallað um það sérstaklega í nefndinni en það var samt sem áður upplýst að ríkissjóður, fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið væru að líta á kröfur á sparisjóðina með heildstæðum hætti og að lán eða kröfur sem ríkið ætti á sparisjóðina mætti nota til að setja inn sem stofnfé eða til að setja inn sem lán. Það hlýtur því í mínum huga að gilda um önnur lán, aðrar kröfur sem ríkið á en þessar endurhverfu kröfur, án þess að ég geti nokkuð um það fullyrt, í mínum huga hlýtur það að vera þannig.

Það er margt sem hægt væri að segja meira um þessi mál, virðulegi forseti. Ég vil að lokum segja að þetta frumvarp er til þess ætlað að ríkið geti virkjað þá 20,5 milljarða kr. sem því er heimilt samkvæmt lögum að setja í sparisjóðakerfið til þess vissulega að vernda stærri hagsmuni sem eru ekki bara peningalegir, upp á 248 milljarða eins og hér var nefnt. En þetta frumvarp leysir líka úr mörgum ágreiningsefnum og vanköntum sem hafa verið uppi varðandi lagaumhverfi sparisjóðanna. Það er tekið mjög á skilgreiningum; hvað er sparisjóður? Hvað er stofnfé? Hvað eiga stofnfjáreigendur í sparisjóðnum, hvað eiga þeir ekki? Réttindi þeirra eru afmörkuð. Ákvæði um útgáfu og viðskipti með stofnfé eru einfölduð og þau eru opnuð að fullu um leið og þrengdar eru arðgreiðsluheimildir, m.a. þannig að ekki er hægt að greiða út arð nema varasjóður sé jákvæður. Um leið er skapaður grundvöllur fyrir aðkomu nýrra stofnfjáreigenda og samstarfsheimildir sparisjóðanna skýrðar og tryggðar með lögum. Loks er gagnsæið tryggt en þess hefur nokkuð gætt að menn hafi gert athugasemdir við lokaðan hóp stofnfjáreigenda í ýmsum sparisjóðum.

Ég vil að lokum, frú forseti, þakka aftur fyrir þessa umræðu. Það hefur verið óskað eftir því að málið gangi til nefndar og það er rétt og skylt að verða við því en að öðru leyti vona ég að hv. fulltrúar minni hlutans hugsi málið í nótt og greiði þessu þarfa og brýna máli atkvæði á morgun.

[20:54]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Umræðan í dag hefur verið, held ég að megi segja, afskaplega málefnaleg og góð og ég held að í þessu máli eins og í öðrum, höfum við sýnt stjórnarmeirihlutanum afskaplega mikla tillitssemi og það er kannski spurning um hvort það sé rétt. En þegar maður þarf síðan að sitja undir því hér að þau málefnalegu sjónarmið sem við komum með fram séu ósk um biðstöðu, þegar við í minni hlutanum í nefndinni erum svo sannarlega búin að vera að ýta á eftir störfum nefndarinnar á hinum ýmsu sviðum og það er orðið þjóðþekkt, þá er það algjörlega óþolandi, virðulegi forseti.

Hvað eftir annað, í hverri einustu ræðu, hverju einasta andsvari höfum við verið tilbúin til þess að hjálpa til og liðka, jafnvel þó að hratt væri, fyrir öllu því sem sneri að framkvæmd neyðarlaganna, öllu. En þegar kemur að því þarfa verki að skapa umgjörð fyrir sparisjóðina vildum við vanda til verksins, virðulegi forseti, og þar skilur á milli.

Hér kom nefnilega fram það nokkuð sem við höfum haft áhyggjur af, en kom frekar skýrt fram, ég veit ekki hvort hv. þingmaður hafði kannski ekki ætlað sér að segja það sem hv. þingmaður sagði. Hér kom fram að það væri nú ekki brýnasta málið hjá þessari ríkisstjórn að skapa einhverja eigendastefnu — hjá þessari ríkisstjórn.

Ef þær áhyggjur sem menn hafa haft varðandi pólitísk markmið með því að ríkisvæða sparisjóðina hafa farið fram hjá hv. þingmanni þá var hv. þingmaður að undirstrika það í þessari ræðu.

[20:56]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er bara mitt mat eftir að hafa rennt yfir nefndarálit minni hlutans að þar sé ekki að finna beinar tillögur, það er ekki að finna upplýsingar um hvort hv. þingmenn sem undir það rita ætli að styðja frumvarpið eða ekki. (Gripið fram í.) Þar eru í rauninni einungis settar fram það sem ég kallaði óskir um biðstöðu, það er bara mitt mat.

Ég verð hins vegar að segja að það er algerlega rangt að hafa það hér eftir mér að ég hafi sagt að það væri ekki brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar að búa til eigendastefnu fyrir bankana. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður, það sem ég sagði var að það væri ekki svo að brýnasta verkefnið sem ríkisstjórnin stæði frammi fyrir núna væri hvernig ríkið ætti að fara út úr þessum fjármálastofnunum sem það hefur fengið í fangið. Vegna hvers? Vegna þess sem ég sagði líka, að það er ekki eins og fjárfestar eða kaupendur standi í röðum til þess að kaupa hlut ríkisins í þessum stofnunum. Þess vegna er mikilvægara að virkja þær heimildir sem eru í lögum til þess að ríkið geti komið að björgun sparisjóðanna heldur en það að huga að því hvernig eigi að selja þá hluti. Enda ef við bíðum nógu lengi er ekki víst að þeir verði til staðar þegar yfir lýkur.

[20:58]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil bara þakka hv. þingmanni fyrir að ítreka það sem ég sagði: Það er nefnilega alveg rétt að hv. þingmaður sagði að það væri ekki brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar að móta stefnu til að fara út úr fjármálastofnununum. Virðulegi forseti, það er það sem við höfum áhyggjur af. Það liggur alveg fyrir að það er vilji hv. þingmanns að ríkið taki sparisjóðina yfir og verði þar. Þetta er bæði gömul og augljóslega ný stefna vinstri flokkanna í landinu og við þurfum ekkert að fara langt til þess að fara í smáættfræði þegar kemur að flokki Vinstri grænna því þó svo að sá flokkur hafi skipt nokkrum sinnum um kennitölu þekkjum við alveg fyrir hvað sá flokkur og fyrirrennarar hans hafa staðið á undanförnum árum og áratugum. Hér kom þetta skýrt fram, því miður, að það er ekki brýnasta málið að fara út úr þessum fjármálastofnunum, ekki brýnasta mál (Forseti hringir.) þessarar ríkisstjórnar.

[20:59]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Brýnasta verkefni þessarar ríkisstjórnar hvað varðar sparisjóðina og þingheims — hefði ég haldið eftir umræðuna í dag — er að gera það kleift að ríkið geti komið með allt að 20,5 milljörðum inn í sparisjóðina. (Gripið fram í.) Það er brýnasta verkefnið. Það er verkefni sem við höfum staðið frammi fyrir síðustu (Gripið fram í.) þrjár vikur frá því að þetta — (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Gefum hljóð.)

Frá því að þetta frumvarp var lagt hér fyrir þingið 6. júní sl. er þetta það verkefni sem við höfum staðið frammi fyrir, hv. þingmenn. Við munum greinilega hafa það í fanginu nokkra daga í viðbót.

Ég endurtek: Brýnasta verkefnið núna er að auðvelda ríkinu að setja peninga inn í sparisjóðakerfið til þess að bjarga því sem bjargað verður þar. (Gripið fram í.)

[21:00]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem skilur á milli sjónarmiða minna og hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur er það að ég tel einfaldlega að það frumvarp sem hér er til umræðu vinni gegn yfirlýstu markmiði sínu sem er að reyna að koma sparisjóðunum til bjargar. Sérstaklega á þetta við um 7. gr. Ég á hins vegar ekki von á því að mér takist það í þessu örstutta andsvari að fá hv. þingmann til að skipta um skoðun. Ég hef verið að reyna það í ræðum áðan. En ég lagði fram í umræðuna ákveðna hugmynd og það gerði ég að mjög gefnu tilefni. Tilefnið var það að hv. þingmaður setti fram útfærða hugmynd sína um það með hvaða hætti mætti nýta hin svokölluðu endurhverfu lán til tiltekinna sparisjóða til að styrkja eiginfjárstöðu þeirra og koma þeim þannig til hjálpar. Ég spurði þess vegna hv. þingmann að gefnu tilefni hvort ekki væri skynsamlegt að beita nákvæmlega sömu aðferðum varðandi önnur lán sem ríkið hefði í fórum sínum vegna falls Sparisjóðabankans og nota þau lán með sama hætti til að styrkja eiginfjárstöðu sparisjóðanna sem ættu þessar kröfur á sig.

Nú vill svo til að ég hygg að þau lán sem ég er að vísa til séu einkanlega lán sem voru veitt í gegnum Sparisjóðabankann til hinna minni sparisjóða og þess vegna er alveg ljóst að aðgerð af þessu taginu gæti styrkt mjög stoðir litlu sparisjóðanna og mögulega komið í veg fyrir að að grípa þyrfti til þess að lækka stofnféð í þessum sjóðum. Sérstaklega ef farin yrði sú leið sem hv. þingmaður útfærði svo mjög varðandi endurhverfu lánin og vísaði þá sérstaklega til þess hvernig farið var með fjárhagsstuðning ríkisins til Sögu Capital og VBS. Ég vil þess vegna ítreka að þessi mál verði tekin til meðhöndlunar alveg sérstaklega vegna 2. og 3. umr. málsins þegar málið kemur til viðskiptanefndar sem hv. þingmaður Álfheiður Ingadóttir er formaður fyrir vegna þess að hér gæti verið um að ræða mál sem gæti skipt mjög miklu máli og gæti komið til móts við þau sjónarmið sem ég hef sett fram og kannski að einhverju leyti leyst úr þeim ágreiningi (Forseti hringir.) sem er okkar á milli.

[21:02]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil aðeins segja vegna orða hv. þingmanns, um hugmyndir um endurhverfu lánin eða þær kröfur sem ríkið á vegna þeirra og sparisjóðanna, að þetta eru ekki hugmyndir þeirrar sem hér stendur. Það er mikil ofrausn að eigna mér þær. Þetta eru hugmyndir sem voru kynntar af fulltrúum fjármálaráðuneytisins, m.a. í minnisblaði sem var lesið upp í dag. Hv. þm. Ásmundur Einar Daðason las upp úr því.

Ég endurtek þess vegna aðeins það sem ég sagði. Ég var að vísa til þess að þar var um að ræða 12,5 milljarða kr. Ég þekki hins vegar ekki til þessara lána sem hv. þingmaður er að nefna vegna Sparisjóðabankans og endurtek það sem ég sagði áðan, að ég tel eðlilegt og í rauninni sjálfsagt að það eins og aðrar kröfur sem ríkið á á sparisjóðina hljóti að koma inn í þá mynd þegar menn eru að fara inn í fjárhagsstöðuna og leita leiða til að treysta hana og ég vil fullyrða með sem minnstri niðurfærslu stofnfjár. Ég tel það sjálfsagt og eðlilegt.

Ég verð hins vegar að endurtaka að ég þekki ekki til þeirra lána sem hv. þingmaður er að tala um. Þau komu ekki til umræðu á fundum nefndarinnar en miðað við þær upplýsingar sem komu fram frá fulltrúa fjármálaráðuneytis um það að öðru leyti tel ég sjálfsagt og eðlilegt að þau séu með í þessari mynd eins og allar aðrar kröfur. Ég vil einnig ítreka að það getur reynst nauðsynlegt að kröfuhafar, ef þeir eru einhverjir aðrir en ríkið, skrifi niður eitthvað af kröfum sínum á móti niðurfærslu stofnfjár til að allir leggi eitthvað af mörkum inn í þennan pott að koma sparisjóðakerfinu á fót. Þetta kom líka fram fyrir nefndinni og í því minnisblaði sem hér hefur verið lesið úr.

[21:04]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þessi hugmynd um endurhverfu lánin hefur auðvitað mikið vægi. Bæði er það þannig að formaður viðskiptanefndar hefur fært þessa hugmynd inn í umræðuna og síðan hefur það verið upplýst að þessi hugmynd hafi komið úr fjármálaráðuneytinu. Við verðum því að líta svo á að hér sé um alvöruhugmynd að ræða sem beri að skoða með þeim hætti. Þess vegna er það í alveg rökréttu framhaldi af því að það sé skoðað að farið sé með sama hætti með önnur lán sem ríkið hefur og eru sem krafa á sparisjóðina. Ég vil í þessu sambandi undirstrika það sem ég hef verið að segja.

Hugmyndin eins og hún var kynnt í umræðunni gengur út á að notuð sé svipuð aðferð eins og var gert varðandi Sögu Capital og VBS, sem leiddi til þess að hægt var að tekjufæra hlut af þessari fyrirgreiðslu sem leiddi síðan til þess að eiginhlutfall fyrirtækjanna hækkaði, CAD-hlutfallið jókst sem auðvitað verður til þess að þörfin fyrir að færa niður stofnfé verður sem því nemur minni. Þetta er að mínu mati mjög áhugaverð hugmynd sem ég tel að eigi að vinna með og reyna að hraða í ljósi þess að nú stefnir í að það frumvarp sem hér er umræðu verði fljótlega að lögum.

[21:06]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir spurði hver væri ástæðan fyrir því að það kæmi ekki fram hvað minni hlutinn ætlaði að gera. Ég get náttúrlega bara svarað fyrir mig en ástæðan til að það kemur ekki skýrt fram í nefndarálitinu sjálfu er að ég er alla vega enn þá að vona að frumvarpið fari ekki í gegn eins og það er núna og að það verði tekið tillit til þeirra skoðana, tillagna og þeirra ábendinga sem hafa komið fram í umræðunni. Þess vegna erum við að óska eftir því að málið fari aftur inn í nefnd og það verði unnið áfram í því vegna þess að við teljum það ekki vera fullskapað eins og það er núna.

Varðandi það sem hv. þingmaður talaði um í ræðu sinni, um hvort þetta væri heimilt eða ekki, að færa niður stofnfé í 7. gr. þá er það þannig að ef þetta liggur í lögunum eins og hv. þingmaður vill túlka þá sé ég ekki hver ástæðan er fyrir því að vera að leggja 7. gr. fram. Í framhaldi af því spyr ég hvort hún geti þá ekki tekið undir breytingartillögu mína um að fella 7. gr. út, því eins og hv. þingmaður vill túlka lögin þá sé þessi heimild til staðar. Og þá skil ég ekki af hverju við erum einu sinni að ræða þetta eins og þetta er núna, ég þyrfti þá kannski frekar að breyta einhverjum öðrum lögum eða hugsanlega að leggja fram breytingartillögu að einhverjum öðrum lögum.

Ég ítreka enn á ný að það kemur sterkt fram í orðum hv. þingmanns að hérna er verið að biðja stofnfjáreigendur enn á ný að fórna sér fyrir sparisjóðinn sinn, að fórna sér fyrir byggðarlagið, það eigi að setja hagsmuni sína, gefa eftir stofnféð til að tryggja hagsmuni ríkisins og þá hugsanlega, vonandi eins og ríkisstjórnin virðist túlka það, og þá hagsmuni sparisjóðsins. Ég verð að segja fyrir mína parta að mér finnst vera farið fram á mjög mikið, frá þessum einstaklingum.

[21:08]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er sjálfsagt og eðlilegt og verður auðvitað við því orðið að málið fari aftur inn til nefndar milli 2. og 3. umr. eins og venja stendur til.

Hvað varðar spurningu hv. þingmanns um það heimildarákvæði til niðurfærslu stofnfjár sem hér er lagt til að verði sett inn í lögin þá upplýsti ég um það fyrr í umræðunum í kvöld að talið er nauðsynlegt að setja það inn til þess m.a. að forðast lagaþrætur um að slíka heimild skorti sérstaklega. Ég hlýt þess vegna að endurtaka það að til að taka af allan vafa um að ákvæði 2. gr. neyðarlaganna geti gengið eftir hvað varðar aðkomu ríkissjóðs að stofnfjársparisjóðum þá er talið nauðsynlegt að setja þetta heimildarákvæði inn.

[21:09]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína þegar ég var með frammíkall áðan varðandi ræðu stjórnarþingmanns að þá greip forseti strax til bjöllunnar og gerði athugasemd við frammíkall mitt. Nú er ég búinn að vera í þinginu nokkurn tíma og núna nokkuð í sumar en ég verð að viðurkenna að ég verð ekki var við þetta þegar ég held ræður eða aðrir stjórnarþingmenn. Ég vil spyrja virðulegan forseta hvort þetta sé einhver ný regla sem snúi þá sérstaklega að stjórnarandstöðuþingmönnum, að þeir megi ekki kalla fram í meðan á ræðum stendur því svo sannarlega hefur það ekki verið þannig þegar stjórnarþingmenn kalla fram og svo sannarlega var það ekki þannig þegar þeir sem eru stjórnarþingmenn núna voru stjórnarandstöðuþingmenn. Ég hef ekki orðið var við þetta þegar ég held ræður eða félagar mínir í Sjálfstæðisflokknum í stjórnarandstöðunni þannig að ég vildi fá að vita: Er þetta einhver ný regla sem beinist þá sérstaklega að stjórnarandstöðu þingmönnum?

[21:10]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseta er ljúft að tilkynna að forseta ber að fara eftir þingsköpum og halda uppi góðum sið og reglum í þingsal og það er mat forseta hverju sinni hvenær hávaði eða frammíköll eru það mikil að það trufli ræður og það fer eftir forseta hverju sinni. Þetta er persónulegt mat og getur aldrei öðruvísi verið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–4. mál.

Fundi slitið kl. 21:12.

---

33. FUNDUR

fimmtudaginn 2. júlí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 85. mál, þskj. 97, nál. 205 og 210, brtt. 206 og 211. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, stjfrv., 136. mál, þskj. 204. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Bjarnason sjútv.- og landbrh., 2. þm. Norðvest.
Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.
Svandís Svavarsdóttir umhvrh., 3. þm. Reykv. s.
Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. þm. Suðurk.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Stýrivextir.

[10:32]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Í morgun tók peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands ákvörðun um að halda stýrivöxtum óbreyttum, 12%. Nú er það svo, frú forseti, að stýrivextir virka á svokölluð veðlán sem einu sinni hétu endurhverf lán og í þeim flokki voru 140 milljarðar um áramót en eru einungis um 8 milljarðar núna þannig að þessir stýrivextir eru hættir að virka yfirleitt. Það sem virkar í dag eru innlánsreikningar Seðlabankans sem eru með 9,5% vöxtum og þar inni eru núna yfir 100 milljarðar. Millibankavextir eru um 9% og til eins árs eru þeir meira að segja 6%. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvað það eigi að þýða að Seðlabankinn, þar sem hún skipaði alfarið bæði bankastjóra og peningastefnunefndina, haldi uppi stýrivöxtum sem í rauninni hafa ekkert að segja, sem stýra engu, hvort þetta sé bara eitthvert merki til útlanda eða hvað svona leikrit eigi eiginlega að þýða og hvers vegna menn horfist ekki í augu við veruleikann. Það er mikill sparnaður í bönkunum, gífurlegur sparnaður og hann fær ekki útrás vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki staðið við það að koma bönkunum í gang. Hún talar alltaf um hvað þetta sé erfitt og hvað þetta sé þungbært o.s.frv., hún talar um vandamál en þetta er verkefni, frú forseti, sem hæstv. ríkisstjórn á að vinna að og klára.

[10:34]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það eru mér eins og öðrum mikil vonbrigði að stýrivextirnir skuli ekki lækka hraðar en raun ber vitni. Þeir hafa þó lækkað úr 18% í 12% á tiltölulega stuttum tíma og ég hygg að skýringarnar séu m.a. þær að krónan þurfi að styrkjast meira. Það hefur verið misbrestur á því að gjaldeyririnn hafi skilað sér inn í landið eins og bera ber og á því hafa Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið verið að taka.

Ég tel að skoða þurfi miklu betur að þeir fjármunir sem eru erlendis skili sér betur inn í landið, á því hefur verið misbrestur m.a. hvað varðar álfyrirtækin. Ég veit að Seðlabankinn er að taka á því þessa dagana enda hefur krónan lítillega styrkst síðustu tvo daga. Það veldur vissulega vonbrigðum að stöðugleikasáttmálinn sem gerður var og ríkisfjármálin sem hafa verið kynnt á þinginu og skýrsla þar að lútandi hafi ekki haft þau áhrif að stýrivextir lækki en ég hef fulla trú á að þau markmið sem sett eru t.d. í stöðugleikasáttmálanum um að stýrivextir verði komnir niður í eins stafs tölu með haustinu muni standa. Ég tel allar forsendur fyrir því. Það er líka mikil óvissa uppi m.a. að því er varðar Icesave-samningana svo þeir séu nefndir, að allt þetta til samans, veik króna, gjaldeyrir sem skilar sér ekki til landsins, þetta tvennt og svo ýmsir óvissuþættir bæði varðandi bankana og Icesave-samningana séu þess valdandi að peningastefnunefnd hefur ekki treyst sér til að lækka stýrivextina á þessum degi.

[10:36]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mikil var mæðan hjá hæstv. forsætisráðherra og allt mjög erfitt og þungbært o.s.frv. En, frú forseti, þetta er verkefni sem menn eiga að vinna að, menn eiga að klára þetta. Ég spurði hæstv. forsætisráðherra að því hvort þessi stýrivaxtaákvörðun hefði eitthvað að segja þegar einungis 8 milljarðar eða 7,7 milljarðar nákvæmlega eru undir þessum stýrivöxtum en voru 140 um áramótin, 140 milljarðar niður í 8. Þessir stýrivextir eru hættir að bíta. Þetta er eitthvert leikrit sem verið er að leika. Mér finnst mjög ámælisvert að ríkisstjórnin skuli ekki skapa þær forsendur að peningastefnunefnd geti lækkað þessa sýndarstýrivexti sína og áttað sig á að það eru í rauninni innlánsvextir og millibankavextir sem stýra flæði gjaldeyris til og frá landinu. Það er fráleitt að halda stýrivöxtum uppi þegar enginn fær þá stýrivexti, sparifjáreigendur fá ekki þessa stýrivexti.

[10:37]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er alveg hægt að taka undir það með hv. þingmanni að það eru fyrst og fremst innlánsvextirnir og millibankavextirnir sem skipta máli nú um stundir. En hv. þingmaður verður að hafa í það huga að ríkisstjórnin ákveður ekki vextina, það er peningastefnunefnd. Ríkisstjórnin skapar einungis forsendur fyrir því að hægt sé að lækka vextina og það hefur verið verkefni hennar undanfarnar vikur og mánuði að skapa forsendur til þess í þeirri erfiðu stöðu sem við erum í, öll þjóðin. Það hefur ekki verið létt verk að fara í ýmis þau stóru viðfangsefni sem við núverandi ríkisstjórn blasa sem er ekki síst að kenna þeim viðskilnaði sem var hjá Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum og hvernig þeir fóru í verkefnin. (Gripið fram í.) Við skulum muna eftir því að fyrst og fremst má rekja forsöguna til þessa alls til einkavæðingarinnar á bönkunum 2004 og hvernig að henni var staðið.

Landsvirkjun.

[10:38]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Nú hafa Landsvirkjun og ríkið gert með sér viðbúnaðarsamning sem kveður á um það að hafi Landsvirkjun ekki nægilegt fjármagn til að mæta vaxtagreiðslum eða afborgunum lána muni Seðlabankinn afhenda fyrirtækinu erlendan gjaldeyri og Landsvirkjun afhenda bankanum krónur eða skuldabréf í staðinn. Landsvirkjun hefur verið metin til lánshæfis af erlendum matsfyrirtækjum síðan 1998 í því skyni að auðvelda fyrirtækinu aðgang að lánsfé en fyrirtækið hefur frá stofnun fjármagnað virkjunarframkvæmdir sínar að mestu leyti á erlendum markaði.

Matsfyrirtækin hafa frá upphafi gefið Landsvirkjun sömu lánshæfiseinkunn og íslenska ríkinu. Nú hefur matsfyrirtækið Standard & Poor´s breytt lánshæfismati sínu á Landsvirkjun úr BB-mínus í neikvæðar horfur í BB og er Landsvirkjun því komið niður í matið „Junk bonds“ eða rusl eins og það heitir á viðskiptamáli. Viðbúnaðarsamningurinn tryggir það að ef Landsvirkjun hefur ekki nægjanlegt

fjármagn til að mæta vaxtagreiðslum eða afborgunum lána mun Seðlabankinn afhenda fyrirtækinu erlendan gjaldeyri og Landsvirkjun afhenda þá bankanum krónur eða skuldabréf í staðinn. Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Ef allt fer á versta veg standa þá eignir Landsvirkjunar til fullnustu skulda hennar ef fyrirtækið getur ekki greitt af lánunum og ríkissjóður getur ekki hlaupið undir bagga, sérstaklega í ljósi þess að afborganir lána Landsvirkjunar árið 2011 og 2012 eru afar þungar og erfiðar? Er gert ráð fyrir skuldum Landsvirkjunar í reikningum ríkissjóðs til skuldahækkunar þar sem íslenska ríkið rekur Landsvirkjun tæknilega í dag og eru þessar skuldir uppgefnar í þeim reikningum sem nú liggja fyrir varðandi allar þær erlendu lántökur sem íslenska ríkið stendur nú að og fyrir?

[10:40]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það skal ekkert undan því dregið að staða Landsvirkjunar er afar erfið miðað við þær skuldir sem fram undan eru og þær afborganir sem hún þarf að standa undir. Við því hefur verið brugðist með ákveðnum hætti sem hv. þingmaður lýsti að Seðlabankinn mun koma inn í málið með baktryggingu ef nauðsyn krefur. Auðvitað er miður að lánshæfismat Landsvirkjunar skuli hafa verið lækkað tímabundið en við skulum vona að það sé bara tímabundið og að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa gripið til sem bakhjarl ef í óefni stefnir dugi. Ég held að það sé alveg óþarfi að mála skrattann á vegginn í því efni, ég hygg að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til muni duga.

[10:41]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Mig langar til að biðja hæstv. forsætisráðherra um að svara þeirri spurningu sem ég lagði fram. Ég spurði að því hvort eignir Landsvirkjunar standi til fullnustu skulda hennar ef fyrirtækið getur ekki greitt af lánunum og ríkissjóður getur ekki hlaupið undir bagga, sérstaklega í ljósi þess að afborganir lána Landsvirkjunar 2011 og 2012 eru afar þungar og erfiðar og á sama tíma á ríkissjóður í afar erfiðum greiðslum af erlendum lántökum og stendur þar frammi fyrir sama vandamáli. Er gert ráð fyrir skuldum Landsvirkjunar í reikningum ríkissjóðs eins og málin standa núna þar sem ríkissjóður rekur tæknilega Landsvirkjun?

Ég óska eftir að fá svör við þessum spurningum en ekki einhverjar útskýringar með vonum um það sem hugsanlega gæti gerst. Ég er að spyrja um það ef allt fer hér á versta veg miðað við það ástand sem við lifum við í dag og forsendur bresti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

[10:43]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Framsóknarflokkurinn dregur aldrei neitt undan í ræðustól við að mála þá mynd sem við stöndum frammi fyrir eins dökka og svarta og erfiða og nokkur kostur er. Það er þeirra siður og hefð í ræðustól og það er út af fyrir sig ekkert skrýtið vegna þess að ef hv. þingmenn framsóknarmanna hafa haft fyrir því … (**BirgJ:** Er skrattinn kominn á vegginn?) Þeir hafa verið duglegir að veita ríkisstjórninni aðhald, það er gott og vel, en þeir eiga líka að hafa svolítið fyrir því að skoða forsögu málsins, skoða forsögu síns eigin flokks, hvernig flokkur þeirra stóð að því að koma á því ástandi sem við erum í. Við erum upp fyrir haus að moka þann framsóknarflór sem skilinn var eftir og það er mikið verk. (**BirgJ:** Nú er ekki tími fyrir skotgrafir.) Ég ætla að ráða því, hv. þingmaður, hvernig ég haga orðum mínum í ræðustól. Ég tel mig hafa svarað að fullu þeim spurningum sem til mín var beint varðandi Landsvirkjun. Staðan er erfið varðandi Landsvirkjun og það hefur verið gripið til aðgerða (Forseti hringir.) sem ég tel að muni duga í þessu efni. Komi annað í ljós er það breytt staða sem við þurfum að taka á.

Tvöföldun Suðurlandsvegar.

[10:44]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra um þau áform sem nú eru uppi í vegamálum. Um árabil hefur tvöföldun Suðurlandsvegar verið forgangsverkefni með fullum rökum vegna mikils umferðarþunga, margra hættulegra staða, margra slysa og þar á meðal dauðaslysa. Komið var að því að ganga til verka. Fyrsti áfangi af þeim fjórum sem um er að ræða í tvöföldun vegarins frá Reykjavík til Selfoss var tilbúinn og þá slær í bakseglin eftir því sem skilja má hæstv. samgönguráðherra. Það er eitthvert los á málinu og því er ástæða til að biðja hæstv. ráðherra að skerpa á því hvað er í vændum, hvaða tímasetningar um er að ræða og hvaða rök fyrir eru fyrir einhverju öðru ef breyting er ætluð í þessum efnum. Það þýðir ekkert að skjóta sér á bak við vinnu embættismanna eða starfsmanna, ráðherra hefur það í hendi sér að stýra þessu eins og skipstjóri á að gera á skútunni og þess vegna verður að krefjast þess af hinum mæta samgönguráðherra og skelegga þingmanni til margra ára að svara nú hispurslaust.

[10:46]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir að taka þetta upp og fyrir ánægjulegan fund sem við áttum í gær í samgönguráðuneytinu með fulltrúum Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og þeim þingmönnum úr kjördæminu sem þar komu. Þar var farið yfir mál varðandi Suðurlandsveginn. Það er hárrétt sem hv. þingmaður sagði, fyrsti kaflinn, sem átti að vera frá eins og það heitir Draugahlíðarbrekku að Fossvöllum, átti að fara í útboð á árinu 2009, 6–7 km kafli sem er tilbúinn til útboðs eða var að verða tilbúinn til útboðs skulum við segja, þegar það kom upp að framlög til vegamála á þessu ári eru skorin niður um 3,5 milljarða vegna ástands í ríkisfjármálum sem ekki þarf að rifja upp í þessum ræðustól.

Það breytti auðvitað mjög miklu þeim útboðsáformum sem voru hjá Vegagerðinni en ekki hefur verið hætt við nokkurn skapaðan hlut heldur kemur bil núna um hásumarið þar sem ekki verða útboð. Hvenær útboð hefjast á ný getum við ekki sagt til um, það fer eftir því hvernig málum vindur fram við þau verk sem eru í gangi þannig að Vega-

gerðin eigi peninga fyrir þeim verkum sem eru í gangi núna og þær skuldbindingar sem hún hefur tekist á hendur.

Hitt atriðið varðandi þau einkaframkvæmdarverk sem mikið hefur verið rætt um þá er í minnisblaði sem fylgdi stöðugleikasáttmálanum rætt um nokkur verk sem hægt væri að fara í einkaframkvæmd með eins og það heitir þar. Þar er talað um sjúkrahús, Hvalfjarðargöng, Vaðlaheiðargöng, Suðurlandsveg, bæði fyrsta og annan áfanga, Sundabraut, fyrsta og annan áfanga, Vesturlandsveg, tvöföldun á Kjalarnesi, og ýmis fleiri verkefni.

Eins og kom fram á fundi í gær hefur hæstv. fjármálaráðherra skipað nefnd sem á að fara í gegnum þetta. Nefndin er skipuð fulltrúum ýmissa ráðuneyta og Samtökum atvinnulífsins. Ég hef sagt það, virðulegi forseti, og skal endurtaka það hér að ég vona svo innilega að lífeyrissjóðirnir komi með peninga til samgönguframkvæmda til að gefa í á móti því sem skera þarf niður af hefðbundinni (Forseti hringir.) ríkisframkvæmd og þá er Suðurlandsvegur að sjálfsögðu eitt af þeim forgangsverkum sem þar þarf að fara í út af því sem hv. þingmaður nefndi, þar er mesta umferðin (Forseti hringir.) og mesta slysatíðnin.

[10:48]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það er ekki nóg, hæstv. samgönguráðherra, að tala um Suðurlandsveg sem eitt af forgangsverkefnunum. Það var ákveðið í fyrri ríkisstjórn að tvöföldun Suðurlandsvegur yrði forgangsverkefni og yrði einkaframkvæmd. Þar opnaðist fyrst umræða um það að stórar framkvæmdir í almennum vegamálum yrðu einkaframkvæmd. Síðan leggur núverandi hæstv. samgönguráðherra það til að fyrsti áfanginn verði hefðbundin framkvæmd á vegum Vegagerðarinnar en ekki einkaframkvæmd. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt miðað við það að reyna að flýta gangi verka af því að Vegagerðin hefur ekki verið liprust allra stofnana við að flýta fyrir gangi mála nema síður sé og þess vegna er það skýr og eindregin krafa að þetta mál verði sett í eðlilegan forgang. (Forseti hringir.) Það gengur ekki þegar hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. samgönguráðherra koma allt í einu úr Norðaustur- og Norðvesturkjördæmi að þá sé tekinn nýr kúrs. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Það gengur ekki. (Gripið fram í.) Nei, það var búið að ákveða það fyrir löngu með fullum rökum og forsendum.

[10:50]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Það átti öllum að vera ljóst í mars þegar ákveðið var hvernig standa skyldi að breikkun vegarins frá Reykjavík til Selfoss að talað var um að setja fyrsta kaflann á Hólmsár – Hveragerðiskaflanum í hefðbundið ríkisframkvæmdarútboð til að vinna tíma. Við fórum yfir í gær allan þann tíma sem þarf að vinna enn í skipulagsmálum varðandi Selfoss – Hveragerði, sem hefði sannarlega verið best að komast í fyrst vegna þess að þar er meiri umferð, en tefst vegna skipulagsmála og þá var talað um það sem mjög góðan einkaframkvæmdarvalkost.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ef nú er svo að skapast að lífeyrissjóðirnir vilja koma með meiri peninga í verklegar framkvæmdir, þar með talið vegaframkvæmdir að þá sé hægt að taka allan kaflann með því þá fagna ég því mjög og ítreka það sem ég hef áður sagt, þetta er þýðingarmesti kaflinn til að fara í hvað varðar tvöföldun út af umferðarþunga og umferðaröryggismálum.

Ættleiðingar.

[10:51]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Frú forseti. Um tæplega þriggja áratuga skeið hefur félagið Íslensk ættleiðing eitt haft löggildingu og milligöngu um ættleiðingar erlendra barna til Íslands en nú varð sá gleðilegi atburður í júní að nýtt félag, Alþjóðleg ættleiðing, fékk löggildingu ráðuneytis og það er vel.

Eins og mönnum kann að vera kunnugt um eru mörg hjón, mörg pör á biðlista og hafa verið lengi. Mér skilst að u.þ.b. 120 hjón hafi beðið í u.þ.b. fjögur ár frá því að forsamþykki var veitt eftir því að geta eignast barn. Þessi tími hefur verið að dragast úr hömlu, hann var u.þ.b. tvö ár í byrjun þessa áratugar, hann er að verða 4–5 ár. Fyrir því eru auðvitað margvíslegar ástæður, bæði hérlendis og erlendis, og ekki tími til að fara ofan í þær í svona stuttri fyrirspurn. En mig langar til að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hún telji ekki þörf til þess, í ljósi þess hve biðtíminn hefur lengst og hversu margir væntanlegir foreldrar þurfa að bíða nú missirum og árum saman eftir börnunum sínum, að hnika til þeim aldurstakmörkum sem sett hafa verið og ég hygg að séu í reglugerð sem ráðherra setur, þannig að eftir þessa löngu bið lendi fólk þá ekki líka í þeirri sorg að geta ekki eignast barnið sitt vegna þess að það er komið yfir 45 ára aldurinn, kannski um einhverja mánuði eða ár, þar sem ég held þegar á allt er litið, gæfu barnanna og foreldranna, að skipti mestu máli að þau nái saman en ekki eitthvert árabil eða mánaðabil (Forseti hringir.) í aldri.

[10:53]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspurnina og tækifærið til að ræða þessi mál í sölum Alþingis. Það er svo að samkvæmt reglugerð er aldurstakmark til að sækja um ættleiðingu 45 ár. Þetta miðast í sjálfu sér við barneignaraldur eftir því sem næst verður komist þegar skoðaðar eru forsendur þess að þetta árabil er valið.

Þannig stendur á að forsamþykki til ættleiðingar getur gilt í allt að fjögur ár þannig að þeir sem sækja um ættleiðingu geta þá verið allt að 49 ára þegar ættleiðing gengur í gildi. Ég hef sagt að ég hafi verið frekar treg til að endurskoða þetta 45 ára aldurstakmark.

Hins vegar finnst mér ástæða til að skoða hvort það séu einhverjar leiðir til að athuga gildistíma forsamþykkis vegna þeirra sem sækja um ættleiðingu og eru svo óheppnir að forsamþykkið rennur út rétt eftir að þeir verða 45 ára en svo eru aðrir sem geta sótt um forsamþykki rétt áður en þeir verða 45 ára. Þetta finnst mér vera atriði sem má skoða betur, hvort hægt sé að breyta gildistíma forsamþykkis.

[10:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir skýr svör. Það gleður mig ef hún er að hugleiða að forsamþykki hafi lengri líftíma en nú er. Það mundi breyta miklu í þessari vegferð fyrir fjölda verðandi foreldra hér á landi. Ég held að í ljósi aðstæðna sé full ástæða til að gera það og full ástæða fyrir ríkisvaldið til að liðka til og sýna sveigjanleika og skilning á þeim aðstæðum sem uppi eru.

Svo má auðvitað ræða það í löngu máli hvað sé heppilegur barneignaraldur. Það er nefnilega þannig að karlar eru flestir á barneignaraldri þangað til þeir detta í gröfina (**Gripið fram í:** Nei.) en konur eru það ekki jafnlengi, þetta er reyndar misjafnt, frú forseti. Því held ég að skoða þurfi þá hluti í hinu stóra samhengi og heilsuhraustar íslenskar konur fara létt með það að annast um lítil börn þó að þær séu á fimmtugsaldri.

[10:56]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bæta hér við vegna þess að við erum að tala um börn sem eru ættleidd frá sínu heimalandi og það sem skiptir auðvitað mestu máli er hvað barninu er fyrir bestu, að því séu búnar svipaðar aðstæður og gildir um börn almennt hér á landi. Auðvitað má deila um árafjölda í þessu tilliti en ég vil benda á að á Íslandi getur fólk verið allt að 49 ára þegar það ættleiðir sem eru mun hærri aldursmörk en gerist og gengur á Norðurlöndunum.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave.

[10:57]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Eins og alþjóð veit er hæstv. heilbrigðisráðherra annálaður lýðræðissinni en nú vill svo til að bæði Framsóknarflokkurinn og Borgarahreyfingin hafa lagt fram þingsályktunartillögu sem leggur til að Icesave-skuldbindingarnar eða ríkisábyrgðin fari í þjóðaratkvæði. Bæði hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra hafa komið fram og sagt að það mál sé of snúið fyrir þjóðina.

Mig langar til að beina þeim spurningum til hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann taki undir með Framsóknarflokknum og Borgarahreyfingunni um að Icesave-málið sé það stórt í sniðum að það eigi að fara í þjóðaratkvæði og hvort það falli undir skilgreiningu í þeim lögum sem ríkisstjórnin var að leggja fram fyrir ekki svo löngu síðan.

Mig langar líka til að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann sé sammála hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra um að þjóðin geti ekki tekið þessa ákvörðun vegna þess að málið sé of snúið. Kannski mætti bæta þeirri spurningu við hvort hann telur þá ekki um leið að ESB-málið sé of snúið fyrir þjóðina.

Ég vona að við fáum skýr svör frá hæstv. heilbrigðisráðherra — hann hefur gefið sig út fyrir að vera lýðræðissinni — og að við förum ekki út í einhverja útúrsnúninga eins og við höfum heyrt hér fyrr í dag.

[10:59]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég skal svara þessu afdráttarlaust. Mér finnst engin mál of snúin fyrir þjóðina, engin mál. Það á við um þau mál sem hér voru nefnd eins og öll önnur.

[11:00]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Þetta var mjög skýrt. Reyndar var þetta bara svar við annarri af tveimur spurningum sem ég bar upp. Mig langar til að endurtaka spurningu mína varðandi Icesave, hvort hæstv. ráðherra telji að það mál eigi að fara í þjóðaratkvæði og hvort hann muni greiða því atkvæði.

Mig langar líka að benda á að nú er komin upp deila og rimma innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, flokkurinn virðist vera klofinn. En Steingrímur J. Sigfússon, hæstv. fjármálaráðherra, minnir óneitanlega á Göran Persson, þáverandi forsætisráðherra Svía, sem vildi ekki leggja stjórnarskrá Evrópusambandsins í þjóðaratkvæði einmitt á þeim forsendum að málið væri of flókið. En ég bíð eftir svari frá hæstv. heilbrigðisráðherra varðandi Icesave-samningana, hvort við eigum ekki að leggja þá í þjóðaratkvæði.

[11:01]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Varðandi Icesave fer fram umræða um það málefni í dag. Ég mun kveðja mér hljóðs og gera grein fyrir afstöðu minni, hvaða augum ég lít þetta mál eins og það stendur núna. Ég hef almennt verið fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslum og gæti mjög vel sætt mig við að þessu máli væri skotið til þjóðarinnar sem og öðrum stórmálum sem varða þjóðarhag. Ég get fullvissað hv. þingmann um að ég mun gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls við umræðuna í dag.

Um fundarstjórn.

Svör ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnatíma.

[11:02]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég vil beina því til forseta Alþingis að hlutast til um að þeir hæstv. ráðherrar sem gefa kost á sér undir dagskrárliðnum Óundirbúinn fyrirspurnatími svari þeim spurningum sem fyrir þá eru lagðar en komi ekki upp í ræðustól Alþingis og tali um veðrið eða snúi á annan hátt út úr því sem fyrir þá er lagt. Ef ekki verður breyting á þessum dagskrárlið á Alþingi nær hann ekki markmiði sínu og er algerlega gagnslaus og óþarfur. Ég beini því á ný þeim tilmælum til forseta Alþingis að þessum tilmælum verði komið til skila.

[11:03]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti ræður ekki orðum hæstv. ráðherra í ræðustól Alþingis. (**Gripið fram í:** Því miður.)

Um fundarstjórn.

Umræða um Icesave.

[11:03]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég vil gera athugasemd við þann dagskrárlið sem næstur er á dagskrá. Þó að þingsköpin segi að það skuli líða tveir sólarhringar frá því að mál er lagt fram og þar til það er rætt er þetta mál þvílíkt að vöxtum að ég efast um og fullyrði að enginn þingmaður hafi lesið öll þau fylgiskjöl sem fylgja þessu máli, hvað þá að þeir hafi skilið þau. Margt af því er á erlendum tungum og menn þurfa líka að átta sig á breskri dómaframkvæmd og breskri löggjöf varðandi þessi mál. Ég skora á hæstv. forseta að taka málið af dagskrá og fresta því fram í næstu viku.

Tilhögun þingfundar.

[11:05]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðum um dagskrármálin er lokið.

Fjármálafyrirtæki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 85. mál (sparisjóðir). — Þskj. 97, nál. 205 og 210, brtt. 206 og 211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:06]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við erum að greiða atkvæði um mjög stórt mál sem snýr að sparisjóðunum í landinu. Í örstuttu máli hefur málið lagast í meðförum nefndarinnar. Minni hlutinn hefur lagt á það áherslu að hjálpa við að ganga þannig frá málum að mögulegt sé að framkvæma þann þátt neyðarlaganna sem snýr að aðstoð við sparisjóðina sem fyrst. Minni hlutinn hefur hins vegar hafnað því að vinna á þessum gríðarlega hraða við almenna löggjöf eða heildarlöggjöf um sparisjóðina enda er sú löggjöf sem komin er fram mjög vanbúin og allar líkur á því að við fáum málið mjög fljótt aftur til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Það hefur líka komið fram og kom einnig fram í umræðum í gær hver raunveruleg stefna ríkisstjórnarflokkanna er í þessu máli. Hún er sú að ríkisvæða sparisjóðina og halda ríkinu þar inni. Ríkisvæddir sparisjóðir eru ekki sparisjóðir eins og við þekkjum þá og það kom hreint og klárt fram í umræðum í gær að það er ætlun ríkisstjórnarflokkanna. Við munum greiða atkvæði gegn 7. gr. frumvarpsins vegna þess.

[11:07]

Magnús Orri Schram (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Frú forseti. Ég lít svo á að það frumvarp sem við erum að ganga til atkvæðagreiðslu um í dag sé mikilvægur liður í því að koma sparisjóðum landsins til björgunar. Allar þær breytingar sem gerðar eru á frumvarpinu í dag eru liður í því björgunarstarfi. Það er ljóst að í þeim tilvikum þar sem sparisjóðirnir eru komnir með neikvætt eigið fé, þ.e. neikvæða varasjóði, eru stofnfjáreigendur nú þegar búnir að tapa því sem nemur hinum neikvæða mismun. Ef ekki kemur til björgunaraðgerða eru slíkir sjóðir komnir í tæknilegt þrot. En það er líka ljóst að stofnfjáraukning sparisjóðanna verður að fylgja almennum jafnræðisreglum og útfærslan á niðurskrift stofnfjár í frumvarpinu er til að laga stofnfjáraukningu að almennum jafnræðisreglum, enda væri tillegg hins opinbera á öðrum forsendum afar hæpið, ef ekki beinlínis andstætt stjórnarskrá. Þess vegna segi ég já og hafna algerlega þeim hugmyndum um að við séum að ríkisvæða sparisjóðina. Við erum að koma þeim til bjargar núna til að (Gripið fram í.) varðveita sparisjóðakerfið.

Brtt. 211,1 felld með 27:10 atkv. og sögðu

já: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, MT, SIJ, SF, VSk, VigH.

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, ÞKG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁsbÓ, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SDG, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:09]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Ástæðan fyrir því að ég legg fram þessa breytingartillögu er að í núverandi lögum eru ákvæði um að starfandi sparisjóðum sé heimilt að vera með stofnfé að lágmarki 1 millj. evra og gildir þessi undanþága aðeins fyrir þá sparisjóði sem nú eru starfandi. Ég tel að þegar við tölum um jafnræði skipti máli að við hugsum til framtíðar. Ef einhverjir mundu vilja stofna nýja sparisjóði gildir það sama um þá eins og starfandi sparisjóði og að hægt er að stofna þá miðað við jafnvirði 1 millj. evra í stofnfé.

4. liður í breytingartillögu minni tengist þessu þar sem raunverulega er verið að leggja til að undanþáguákvæðið varðandi starfandi sparisjóði falli út. Því segi ég já.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KÞJ, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SVÓ, VSk, VBj, VigH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (BirgJ, MT) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁsbÓ, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RR, RM, SDG, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

Brtt. 206,1 (tvær nýjar greinar, verða 2.–3. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 211,2 felld með 26:10 atkv. og sögðu

já: BirgJ, BJJ, EyH, GStein, GBS, MT, SIJ, SF, VSk, VigH.
nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, LRM, MSch, OH, ÓÞ, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁJ, BÁ, BjarnB, EKG, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JónG, KÞJ, LMós, ÓN, PHB, REÁ, RR, ÞKG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁsbÓ, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SDG, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:12]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Ég hef alltaf talið að styrkur sparisjóðanna hafi legið í góðum tengslum við heimasvæði þeirra og það er erfitt að sjá fyrir sér sparisjóð án aðkomu heimamanna. Með þeim aðgerðum sem verið er að leggja til og með aðkomu ríkissjóðs gætum við staðið frammi fyrri því að vera með ríkissparisjóði hringinn í kringum landið og að ríkið muni skipa alla stjórnarmenn í sparisjóðina miðað við það sem lagt er til. Því legg ég til ákveðna breytingu á því hvernig stjórn sparisjóðanna skuli skipuð, þar sitji fulltrúar stofnfjáreigenda, hlutaðeigandi sveitarstjórna eða héraðsnefnda og innstæðueigendur. Í stjórn sparisjóðs með fleiri en 15 starfsmenn skulu starfsmenn kjósa einn fulltrúa í stjórn sjóðsins, sem er nokkuð sem ég mundi halda að ætti að hugnast vinstri grænum og jafnaðarmönnum vel. Ég veit ekki betur en þetta ákvæði sé alla vega í samþykktum landsfundar Vinstri grænna og ég veit að jafnaðarmenn t.d. í Svíþjóð hafa verið mjög fylgjandi því að starfsmenn hafi fulltrúa í stjórn. Ég hvet því fulltrúa (Forseti hringir.) þessara þingflokka eindregið til að segja já.

Brtt. 206,2 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, GuðbH, GLG, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KÞJ, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SDG, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, VSk, VBj, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁsbÓ, GÞÞ, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

2. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KÞJ, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SVÓ, VSk, VBj, VigH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (BirgJ, MT) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁsbÓ, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

3.–6. gr. (verða 5.–8. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JóhS, JónG, KÞJ, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SVÓ, VSk, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, IllG, MT, ÓN, PHB, REÁ, RR, ÞKG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁsbÓ, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

Brtt. 211,3 felld með 30:22 atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SDG, SIJ, SF, VigH, ÞKG.
nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, HöskÞ, JóhS, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (VSk) greiddi ekki atkv.

10 þm. (JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:16]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Við erum að greiða atkvæði um lykilgreinina í þessu frumvarpi. Ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin leggur þetta mál fram — og það gengur út á að það sé nú heimilt að lækka stofnfé í sparisjóðum. Með þessu sé ég ekki fram á annað en verið sé að ríkisvæða sparisjóðakerfið. Ég segi því nei við þessari hugmyndafræði en ég segi já við minni eigin breytingartillögu.

[11:16]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Yfirlýstur tilgangur frumvarpsins er sá að styrkja sparisjóðina. Megingalli við frumvarpið er hins vegar sá að það vinnur gegn þeim markmiðum. Þetta á sérstaklega við um 7. gr. þessa frumvarps sem mun skaða sveitarfélögin í landinu, mun stórskaða þúsundir stofnfjáreigenda í landinu og mun vinna gegn því að fá stofnfjáreigendur, á landsbyggðinni sérstaklega, til að taka þátt í þeirri mikilvægu endurreisn sem þarf að eiga sér stað í sparisjóðakerfinu.

Því miður virðist allt benda til þess að þetta verði raunin, það kom líka fram í umræðum í gær að þessu ákvæði verður beitt af mikilli hörku og það er alveg ljóst mál að verði þetta niðurstaða þingsins þá mun það gerast að stofnfé verður fært niður í miklum mæli í mörgum sparisjóðum sem mun síðan leiða til þess að endurreisn þeirra verði erfiðari en ella. Þetta er undarlegt frumvarp sem hefur þann tilgang að styrkja sparisjóðina en vinnur gegn sínum eigin markmiðum.

[11:18]

Álfheiður Ingadóttir:

Frú forseti. Það er rangt og mjög mikill misskilningur að hér sé gerð atlaga að sparisjóðakerfinu. Þessi 7. gr. er þvert á móti nauðsynleg forsenda þess að sparisjóðirnir geti feng-

ið nýtt stofnfé sem er þeim lífsnauðsyn ef þeir eiga að geta haldið starfsemi sinni áfram. Nýtt stofnfé, segi ég, ekki aðeins frá ríkinu á forsendum 2. gr. neyðarlaganna heldur vonandi einnig frá öðrum sem vilja styðja sparisjóðakerfið eins og við sem greiðum atkvæði gegn þessari tillögu hér um. Ég segi nei.

[11:18]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni og hv. þm. Eygló Harðardóttur. Hér er um það að ræða, og það hefur komið sérstaklega vel fram í umræðum í þinginu, að þessi grein er hugsuð af þingmeirihlutanum til að ríkisvæða sparisjóðina og það hefur margoft komið fram að það eru engar áætlanir um það hvernig ríkið ætli að koma sér út úr þessum rekstri. Þvert á móti kom það skýrt fram, og ég þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir hreinskilnina, að það er ekki verkefni þessarar ríkisstjórnar að koma ríkinu út úr fjármálastofnunum, ekki verkefni þeirra. Það vita það allir sem þekkja til sparisjóðanna að ríkisvæddir sparisjóðir eru ekki sá hornsteinn í héraði eða þær styrku fjármálastofnanir sem við viljum sjá.

Brtt. 206,3 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KÞJ, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SII, SkH, SJS, SVÓ, VSk, VBj, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SER, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

7. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 29:20 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, SII, SkH, SJS, SVÓ, VSk, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, SDG, SIJ, SF, VigH.

2 þm. (HöskÞ, PHB) greiddu ekki atkv.

12 þm. (JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SER, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:21]

Guðbjartur Hannesson:

Hæstv. forseti. Hér tökum við til endanlegrar afgreiðslu 7. gr. sem réttilega hefur verið sögð ein aðalgreinin í þessum breytingum og er tilefni til þess að hér er verið að setja lög til bjargar sparisjóðunum. Ég vil um leið og ég geri grein fyrir atkvæði mínu vekja athygli á því að ég hef allt aðra túlkun bæði af umræðum í gær og tilgangi laganna en hér hefur komið fram. Hér er ekki verið að tala um að ríkisvæða sparisjóðina. Þvert á móti er ríkið að koma inn til að reyna að tryggja að sparisjóðirnir lifi áfram. Vitandi það að sparisjóðirnir búa við afar ólík skilyrði og það hefur ekki tekist að finna neina eina lausn fyrir alla sparisjóðina þá fellst ég á þessa grein og tel að það sé mikilvægt að menn fari varlega í niðurfærslu á stofnfé eða lækkun stofnfjár. Það verði gert með ólíkum hætti og ég vil vekja athygli á að við erum að samþykkja tillögu stjórnar sparisjóðs sem getur boðað til fundar stofnfjáreigenda. Það er það sem við erum að samþykkja og það er á forsendum þeirra sem eiga í sparisjóðnum. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 206,4 (ný 8. gr., verður 10. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 206,5 samþ. með 50 shlj. atkv.

9. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JóhS, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SDG, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SVÓ, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁJ, BÁ, BirgJ, BjarnB, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, MT, ÓN, PHB, REÁ, RR, VSk) greiddu ekki atkv.

12 þm. (JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SER, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Það er þyngra en tárum taki hvernig hluti sparisjóðakerfisins, stór hluti þess reyndar, er á sig kominn eftir þátttöku í hrunadansi undanfarinna ára með fáeinum virðingarverðum undantekningum þó, fyrst og fremst þeim sem kunnu fótum sínum forráð og fóru ekki út í þær vitleysur sem hafa að mestu leyti fellt fjármálakerfið á Íslandi. Það er mikilvægt að hafa það í huga að aðstoð ríkisins verður ekki neytt upp á einn eða neinn en hún mun standa til boða þeim sem óska eftir stuðningi ríkisins til að endurreisa sína sparisjóði, vonandi í samstarfi við fleiri aðila sem vilja styðja sparisjóðakerfið, endurreisa það og tryggja framtíð þess.

9. gr., sem hér er fjallað um, er sömuleiðis mjög mikilvæg til að heimila sparisjóðunum það samstarf sín í milli sem þeim mun verða nauðsynlegt ef þeir eiga að geta starfað sem sjálfstæð eining á eigin forsendum innan fjármálakerfis okkar. Málflutningur af því tagi sem uppi hefur verið á köflum, um að ríkið sé af einhverri óvild að taka völdin í sparisjóðakerfinu, er með öllu óskiljanlegur í ljósi eðlis þessa máls. Það er verið að búa til lagaumgjörð um stuðning sem sparisjóðum að uppfylltum skilyrðum mun standa til boða ef þeir sjálfir svo óska.

Brtt. 211,4 felld með 25 shlj. atkv. og sögðu

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, KÞJ, MT, ÓN, PHB, REÁ, RR, SDG, SIJ, SF, VSk, VigH) greiddu ekki atkv.

13 þm. (JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SER, SII, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:25]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Í þessari atkvæðagreiðslu hef ég tekið ákvörðun um að sitja hjá um mína eigin tillögu. Ástæðan fyrir því er sú að hún tengist fyrri breytingartillögu sem ég var með, um að allir sparisjóðir, hvort sem þeir eru nýir eða starfandi gætu verið með annað stofnfé að jafnvirði 1 millj. evra að lágmarki. Ég hef því engan áhuga á því lengur, þar sem er búið að fella þá tillögu, að taka þessa heimild frá starfandi sparisjóðum, þ.e. að vera með stofnfé að lágmarki 1 millj. evra. Þess vegna sit ég hjá varðandi mína eigin tillögu.

10. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JóhS, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SDG, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SVÓ, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, MT, ÓN, PHB, REÁ, RR, VSk, ÞKG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SER, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

11.–15. gr. (verða 13.–17. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JóhS, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, SDG, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SVÓ, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, MT, ÓN, PHB, REÁ, RR, VSk, ÞKG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, RM, SER, SSv, TÞH, UBK, ÞrB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til viðskn.

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 1. umr.

Stjfrv., 136. mál (Icesave-samningar). — Þskj. 204.

[11:29]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek til máls um fundarstjórn forseta til þess fyrst og fremst að minna á að hæstv. forseti hefur ekki svarað fyrirspurn sem kom frá hv. þm. Pétri H. Blöndal áðan. Hv. þingmaður kom með vel rökstudda og málefnalega spurningu til hæstv. forseta sem varðaði það hvort taka ætti þetta mál á dagskrá. Ég hef ekki orðið þess var að hæstv. forseti hafi svarað fyrirspurninni.

[11:29]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti hyggst standa við áður kynnta og auglýsta dagskrá.

[11:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég gat um það áðan að þingskjalið sjálft er upp á 70 síður, 69 nákvæmlega og þau fylgirit sem er að finna á island.is eru ég veit ekki hve margar síður á mismunandi tungumálum og varða enskan rétt o.s.frv. og svo eru einhver leyndarskjöl sem þingmenn hafa fengið að sjá og ég hef ekki komist í enn þá og ætla að fara á eftir og kynna mér … (**Gripið fram í:** Hvað varstu að gera í nótt?) Ég var á leiðinni frá Vilníus í nótt til þess að koma og bjarga þjóðinni í dag. [Hlátur í þingsal.] Ég skora á hæstv. forseta og ég vil spyrja hæstv. forseta: Hefur hæstv. forseti kynnt sér frumvarpið og öll þau fylgiskjöl og afleiðingar þess gagnvart breskum rétti, afleiðingar þess á íslenska hagsögu og afleiðingar þess á fullveldi Íslands út í hörgul?

[11:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti hvetur þingmenn til að kynna sér gögnin. Þetta er 1. umr. og vonast forseti til að flestir séu búnir að renna yfir þau en nú hefst umræðan.

[11:31]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðutryggingar hjá Landsbanka Íslands hf.

Forsaga þessa máls er sú, ef við byrjum þar sem tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 98/1999, þá innleiddum við tilskipun um innlánstryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta í landsrétt okkar. Á grundvelli laganna varð til nýr tryggingarsjóður, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta sem starfað hefur síðan. Þegar farið er yfir umræður um það mál á Alþingi í desembermánuði þessa árs lá það þegar fyrir og mátti öllum vera ljóst að lágmarksupphæðir sem tryggðar væru þá 1,7 millj. í íslenskum krónum skyldu greiddar hlutfallslega inn á kröfur. Þessi fjárhæð var tengd við evru 5. janúar 1999 og þannig varð til hin margfræga upphæð 20.887 evrur.

Í forsendum málsins var ljóst að ef upp kæmi sú staða að sjóðurinn réði ekki við af eigin burðum að ábyrgjast lágmarksinnstæðurnar væri honum heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum. Í framsöguræðu þáverandi viðskiptaráðherra Finns Ingólfssonar var enn frekar hnykkt á þeim skilningi að sjóðnum bæri að bæta upp tjón sparifjáreigenda að lágmarki 1,7 millj. kr. hvort sem eignir hans dygðu til þess eða ekki. Sem sagt, þessi nefnda upphæð hefur legið fyrir æ síðan, að sjóðurinn væri skuldbundinn til að tryggja

innstæður á öllum innlánsreikningum sem íslenska innlánstryggingakerfið tæki til upp að þessum upphæðum.

Það er þá næst til að taka að Landsbanki Íslands var einkavæddur árið 2002 eða endanlega einkavæddur það ár. Ef ég man rétt var söluandvirði Landsbankans 11 milljarðar króna. Honum tókst engu að síður fáeinum árum síðar að skulda yfir 3.000 milljarða. Hann fór í þrot í haust, eins og kunnugt er, með ómældu tjóni fyrir íslenskt þjóðarbú. Ómældum tjóni fyrir fjölmarga sem átt höfðu viðskipti við hann eða lánað honum fé, ómældu tjóni fyrir íslenska ríkið í þeim skilningi að nú þarf að endurreisa bankann og endurfjármagna hann og síðast en ekki síst með hrikalegu tjóni vegna þess að bankinn hafði safnað inn á reikninga í útibúum sínum í tveimur grannlöndum gríðarlegum fjárhæðum. Þetta hafði íslenskur banki gert á grundvelli íslenskra starfsleyfa og undir eftirliti íslenskra eftirlitsstofnana. Svo seint sem í maí 2008, nokkrum mánuðum fyrir hrunið, löngu eftir að áhyggjur höfðu farið vaxandi bæði innan lands og erlendis af því að íslenska bankakerfið stæði veikum fótum hóf Landsbankinn að safna inn á Icesave-reikninga í Hollandi og tókst á ótrúlega skömmum tíma að hlaða upp á þá reikninga aldeilis ótrúlegum fjárhæðum eða 1 milljarði 674 millj. 285 þús. 671 evru. Þetta voru dýrkeyptir mánuðir fyrir íslenskt þjóðarbú og bættust við þær miklu upphæðir sem áður höfðu safnast inn á sambærilega reikninga í Bretlandi en þar voru þegar mest lét 4 milljarðar 526 millj. 988 þús. 847 pund. Þetta gerir á núverandi verðlagi um 1.244 milljarða íslenskra króna sem safnast höfðu á innlánsreikninga íslensks banka í útibúum hans sem á grundvelli hins evrópska réttar og tilskipunarinnar eru nákvæmlega eins hvort sem þau eru í London eða Breiðholtinu. Þetta er upphaf þessa máls í stuttum máli rakið, eins og það var í haust þegar bankahrunið varð.

Í aðdraganda þess höfðu að sjálfsögðu átt sér stað ýmis samskipti bæði íslenskra, breskra og hollenskra yfirvalda. 2006 lentu íslensku bankarnir í talsverðum erfiðleikum og gripu til ýmissa ráðstafana sem litu út fyrir að hafa lagað stöðu þeirra og gert þeim kleift að takast betur á við framhaldið. Engu að síður er ljóst að sú aðvörun sem menn fengu þá dugði ekki, bæði bankarnir sjálfir og stjórnvöld, til að menn kynnu fótum sínum forráð í framhaldinu. Þvert á móti gripu menn til ráða til að halda rekstri sínum gangandi sem nú eru að reynast íslensku þjóðarbúi ofboðslega dýrkeypt. Þegar aðgangur bankanna að lausafé á almennum markaði gerðist æ erfiðari gripu þeir og sérstaklega í þessu tilfelli Landsbankinn til óyndisúrræðis. Þeir hófu að safna innlánum frá almenningi í stórum stíl í nágrannalöndunum í útibúum í þessu tilviki, ekki dótturfélögum, á ábyrgð innlenda innlánstryggingakerfisins. Landsbankinn átti dótturfélag í Bretlandi en kaus að nota það ekki eins og aðrir bankar gerðu, sérstaklega Kaupþing. Það eitt og sér hefði gjörbreytt þessu máli ef Landsbankinn hefði látið sér nægja að hefja slíka starfsemi ekki í útibúi heldur í dótturfélagi.

Áhyggjur í þessum löndum fóru vaxandi og það voru samskipti við íslensk stjórnvöld en skemmst er frá því að segja að bankarnir sjálfir, m.a. með auglýsingum sínum þar sem þeir kynntu vöruna fullvissuðu viðskiptavinina um að ekkert væri að óttast og íslensk stjórnvöld gerðu slíkt hið sama. Það gerðu þau með bréfaskriftum, það gerðu þau með kynningarfundum og það gerðu þau með margvíslegum hætti þar sem fullyrt var að ekkert væri að óttast. Það má örugglega fullyrða, virðulegur forseti, að milljarðarnir 11 sem fengust fyrir Landsbankann 2002 séu dýrustu milljarðar Íslandssögunnar. Sennilega hefur aldrei átt sér stað mislukkaðri sala á nokkrum hlut í eigu ríkisins en þar varð. Við getum hugleitt það ef menn hefðu borið gæfu til þess á þeim tíma að láta sér nægja að einkavæða annan bankann, Búnaðarbankann, og haldið stærsta banka landsins og elsta áfram í eigu ríkisins sem vonandi hefði nægt til þess að menn hefðu aldrei lent í ógöngum af þessu tagi.

Eftir hrun bankanna bönkuðu stjórnvöld viðkomandi ríkja upp á og spurðu hvernig Íslendingar hygðust standa við skuldbindingar sínar á grundvelli innlánstryggingakerfisins. Íslensk stjórnvöld reyndu að bera fyrir sig lagaóvissu um umfang ábyrgðarinnar eða innlánstryggingarinnar en það er skemmst frá því að segja að á það var ekki hlustað. Íslensk stjórnvöld einangruðust algerlega á örfáum dögum með það sjónarmið sitt að eitthvað annað kæmi til greina en að íslenska ríkið ábyrgðist og stæði á bak við innlánstryggingasjóðinn og tryggði lágmarksinnstæðurnar. Það bætti ekki úr skák og gerði málsástæður íslenskra stjórnvalda ekki auðveldari að setning neyðarlaganna var auðvitað mjög tortryggð og sú mismunun sem þar var meint af gagnaðilum okkar að upp væri komin milli innlendra viðskiptavina bankakerfisins og erlendra. Enda fór það svo á undraskömmum tíma og til að gera langt mál stutt tímans vegna, að allar tilraunir Íslendinga til að komast undan því að axla fulla ábyrgð á innlánstryggingunni upp að þessum upphæðum urðu árangurslausar og menn játuðu sig sigraða í áföngum í október og nóvember í þeim efnum. Tilraunir til að koma málinu fyrir dómstóla reyndust ófærar og í því eina tilviki sem einhver slíkur farvegur var í boði, sem var gerðardómur í framhaldi af ECOFIN-fundinum í byrjun nóvember, kusu íslensk stjórnvöld sjálf að draga málið út úr gerðardómnum og hlíta ekki þeirri niðurstöðu. Ég gagnrýni ekki þá ákvörðun í sjálfu sér, enda voru málsástæður eins og þær voru þar upplagðar óaðgengilegar fyrir okkur. Hitt er kannski umhugsunarefni hvort það hafi beinlínis bætt stöðuna að í þessu eina tilviki sem boðið var upp á einhvers konar gerðardómsmeðferð í málinu var það Ísland sem dró sig út úr henni. Það er rækilega farið yfir það í greinargerð með frumvarpinu hvernig tilraunir og skoðun á því að koma máli fyrir dómstóla báru ekki árangur og það má segja að síðustu sundin hafi lokast í þeim efnum 7. janúar þegar sá afmarkaði þáttur málsins sem hefði komið til skoðunar a.m.k. ef íslensk stjórnvöld hefðu ákveðið að kæra aðgerðir breskra stjórnvalda, rann út 7. janúar 2009.

Þannig er það, virðulegur forseti, að af margvíslegum ástæðum eins og gögn málsins bera með sér var það þegar orðin niðurstaðan af hálfu íslenskra stjórnvalda i nóvembermánuði sl. að aðeins samningaleið eða pólitísk lausn á þessu máli kæmi til greina, annað væri ekki í boði. Þetta geta menn sannreynt með því að lesa og bera saman gögn bæði í greinargerð frumvarpsins og þeim þykku fylgiskjalamöppum sem hér eru málinu til stuðnings. Það má velta því fyrir sér hversu litlu munaði í raun að gengið væri frá málinu endanlega í desember eða janúarmánuði eins og stefnt var að og reyndar heitið að gera í samstarfsyfirlýsingunni

við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn síðla í nóvembermánuði en þá var eins og kunnugt er bætt inn „letter of intent“ í samstarfsyfirlýsinguna, sérstöku ákvæði til að hnykkja á ábyrgð Íslands í þessum efnum eins og þar segir, með leyfi forseta, á bls. 13 í greinargerðinni:

„Ísland hefur heitið því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutryggingakerfisins gagnvart öllum tryggðum innlánshöfum. Þetta byggist á þeim skilningi að unnt verði að forfjármagna þessar kröfur fyrir tilstyrk viðkomandi erlendra ríkja og að jafnt Ísland sem þessi ríki séu staðráðin í að efna til viðræðna á næstu dögum með það að markmiði að ná samkomulagi um nánari skilmála vegna þessarar forfjármögnunar.“

Þarna er í raun og veru verið að segja og síðan undirritað af seðlabankastjóra og fjármálaráðherra, að það eina sem er eftir í málinu sé að semja um lánsskilmálana, lánsskilmálana á lánunum sem Bretar og Hollendingar höfðu boðist til að veita okkur í kjölfar þess að þeir gerðu upp innstæðurnar og eignuðust kröfu á okkur í staðinn. Áður höfðu Íslendingar undirritað minnisblað með Hollendingum þar sem lofað var að ganga frá málinu á þessa leið og fá til þess lán til 10 ára á 6,7% vöxtum, afborgunarlaust fyrstu þrjú árin, og vaxtagreiðslur hefðu þá hafist á þessu ári. Hefði verið gengið frá málinu með sambærilegum hætti við Breta sem í undirbúningi var, samanber fréttatilkynningar og yfirlýsingar m.a. forsætisráðherra á þessum tíma, held ég að menn geti velt því aðeins fyrir sér hver staðan væri, með lán til þetta skamms tíma á þetta háum vöxtum og aðeins með þriggja ára afborgunarleysi. Alþingi afgreiddi svo þingsályktunartillögu 5. desember sl. þar sem það fól framkvæmdarvaldinu að leiða málið til lykta með samningum og þar sem það er rækilega rökstutt bæði í greinargerð þingsályktunartillögunnar, í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar og í framsöguræðu þáverandi formanns utanríkismálanefndar, hv. þm. Bjarna Benediktssonar, að það séu ótvíræðir kostir við það í stöðunni að fara samningaleiðina og annað sé ekki í boði. Svona var staða málsins við stjórnarskipti í febrúarbyrjun. Þá var ný samninganefnd skipuð og þeim sem hér stendur falið að bera ábyrgð á samningagerðinni.

Sá árangur náðist frá þeirri stöðu sem þarna var uppi að í fyrsta lagi náðist lán til mun lengri tíma og á mun hagstæðari kjörum.

Í öðru lagi, með sjö ára vaxta- og afborgunarleysi hvað varðar ríkissjóð Íslands.

Í þriðja lagi þannig að eignir Landsbankans ganga jafnóðum inn á höfuðstólinn og lækka hann og íslenska ríkið er í vari fyrir útgjöldum af þessum sökum í sjö ár. Þetta skapar jafnframt tíma til þess að hámarka eignir Landsbankans og dregur úr hættunni á því að menn lendi í þeirri stöðu að þurfa að selja eignir á óhagstæðum tíma fyrir lægra verð en von er til að innheimtist af þeim síðar. Þessa þætti málsins verða menn held ég alla að hafa í huga ef þeir vilja láta þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir njóta sannmælis í ljósi aðstæðna eins og þær voru þegar ný samninganefnd tók við málinu. Ég vil fá að segja það, frú forseti, að ég er ekki að kvarta eða kveina undan einu eða neinu sem hefur verið sagt í þessu máli og snýr að mér. En ég mótmæli því og mér finnst ómaklegt að gera því góða fólki sem vann þarna að erfiðu verkefni fyrir hönd Íslands og lagði sál sína og krafta í það, það að tortryggja það, þ.e. þá krafta sem skipuðu samninganefndina og þá sérfræðinga sem með henni unnu. Ég tel að þar hafi verið unnið gott starf við ótrúlega erfiðar aðstæður og menn hafa þar sannarlega landað mun betri niðurstöðu (**BJJ:** Ömurlegur málflutningur.) en því sem næst var búið að ganga frá í október og (**Gripið fram í:** Glæsileg niðurstaða.) nóvembermánuði sl. (**Gripið fram í:** Uppgjöf.) Ég legg til að hv. þingmenn sem fá ágætan ræðutíma á eftir mér, frú forseti, reyni nú að halda aftur af sér einu sinni í þessu máli. (**Gripið fram í:** … þú hafir gert það.) Leyfum stráksskapnum nú aðeins að bíða, hv. framsóknarmenn. Leyfið mér að flytja framsöguræðu mína og svo skuluð þið taka við. (Gripið fram í.)

Það er enginn vafi á því að það er gríðarlega mikilvægt fyrir Ísland að fá fram lyktir þessa máls. Það er engu okkar neitt gleðiefni að það skuli þurfa að verða svo að á íslenskan þjóðarbúskap lenda miklar byrðar út af þessu máli. En sá valkostur að komast með einhverjum hætti undan því er ekki í boði. Það held ég að öllum hljóti að vera ljóst, því miður, að við eigum engan annan kost en að takast á við þetta sem hluta af þeim heildaráföllum sem óráðsía, hagstjórnarmistök og glæframennska í fjármálum hafa leitt yfir okkur sem þjóð. Þetta er hluti af því. Þetta er hluti af herkostnaðinum sem við sitjum uppi með vegna þess hvernig menn stóðu að málum á löngu árabili. Og það er ömurlegt til þess að vita að menn höfðu jafnmörg tækifæri og á jafnlöngum tíma og raun ber vitni til að taka í taumana, til að afstýra þessum slysum en það var ekki gert. (**Gripið fram í:** Hvenær var stofnað til …?) Og það er ekki svoleiðis að íslensk stjórnvöld og Íslendingar séu ábyrgðarlausir í þessu máli. Það er ekki frambærilegur málflutningur. Hann horfir fram hjá staðreyndum málsins, hann horfir fram hjá því að við leiddum þetta inn í íslenskan rétt með lögmætum hætti. Hann horfir líka fram hjá því að við höfðum ótal tækifæri til að taka í taumana en gerðum það ekki. Við héldum þessu gangandi og studdum við það, gáfum út yfirlýsingar og bréf um að þetta væri í lagi fram á síðustu stundu. Svo seint sem í septembermánuði skrifar Landsbankinn langt bréf til íslenska fjármálaeftirlitsins um að Hollendingar eigi ekki að vera með neitt nöldur út af starfsemi hans þar. Þeim komi það ekki við af því að Landsbankinn heyri undir innlenda fjármálaeftirlitið. Hvað gerði innlenda fjármálaeftirlitið? Það framsendi bréfið til Hollands. Þannig var þetta og er þetta, hv. þingmenn. Og það þýðir ekki að hlaupast í burtu frá því eins og það sé ekki til. Þær efnislegu staðreyndir og þær skuldbindingar sem liggja í þessu máli eru þarna, alveg sama á hvers konar bullandi flótta menn eru frá sjálfum sér og arfleifð sinni í þessu. Það er bara veruleikinn. Menn áttu að standa öðruvísi að verki árið 2002. Menn áttu að standa öðruvísi að verki árið 2006 þegar ljóst mátti verða að íslenska bankakerfið var að vaxa hagkerfinu yfir höfuð og það voru að skapast stórhættuleg hlutföll fyrir okkur í þessum efnum. (**Gripið fram í:** En 2008?) 2007 og 2008 áttu menn að standa öðruvísi að verki, hv. þingmenn.

Það skiptir miklu máli að velta því síðan fyrir sér og það er eðlilegt að hv. þingmenn spyrji bæði um kjör og um þennan samning og hvort mögulegt sé að ná þar fram einhverri betri lausn. Það er út af fyrir sig hægt að hafa uppi

tvenns konar sjónarmið í þessum efnum. Annars vegar það sem stundum heyrist að við eigum alls ekki að borga þetta, við eigum bara að neita því, setja undir okkur hausinn og segja: Þetta kemur okkur ekki við. Það stenst ekki mikla skoðun að Ísland eigi slíka leið út úr málinu.

Þá er í öðru lagi hægt að velta því fyrir sér, er þetta nógu góður samningur? Voru aðstæður í málinu til að ná þar betra fram? Borga þetta að einhverjum hluta, fá lægri vexti eða hvað menn hefðu annað kunnað að vilja?

Það er auðvelt að tína fram rökin fyrir því að það sé ósanngjarnt, óréttlátt og skítt að við Íslendingar skulum þurfa að sitja uppi með þetta. Það er fárra mínútna verk að gera það. En það verður líka að horfa á hina hlið mála. Það verður, held ég, að horfa þar alveg sérstaklega á tvenns konar rök, þau sem snúa að stöðu okkar og ábyrgð okkar í því hvernig þetta mál þróaðist, aðgerða- og andvaraleysi okkar sem leiddi þessar aðstæður sumpart yfir okkur. Þær staðreyndir málsins hverfa ekki frekar en aðrar. Og verðum við svo ekki líka, eins og jafnan, að bera saman við málið og niðurstöðuna sem hér er lögð fram þann valkost að hafna henni og velta þá fyrir okkur afleiðingum þess. Komum við málinu út úr heiminum með því? Nei. Það verður bara þarna áfram óleyst. Hvaða afleiðingar hefur það? Það strandar öllu aðgerðaplaninu sem nú er unnið eftir og snýr endurreisn íslensks efnahagslífs, það strandar því öllu. Það liggur fyrir, rækilega skjalfest, að samstarfsáætlunin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og afgreiðsla gjaldeyrislána þaðan strandar. (Gripið fram í.) Það liggur rækilega skjalfest fyrir að gjaldeyrislánafyrirgreiðsla frá hinum Norðurlöndunum strandar sömuleiðis. (Gripið fram í.) Strandar sömuleiðis. — Ef hv. þingmenn gætu nú þagað augnablik þá gæti maður kannski útskýrt eitthvað fyrir þeim, en það er erfitt þegar þeir fást ekki einu sinni til að hlusta.

Varðandi gjaldeyrislánin frá hinum Norðurlöndunum er það einfaldlega þannig að þau bíða afgreidd og undirrituð, greiðast í fjórum jöfnum afborgunum eftir því sem samstarfsáætlunin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn reiðir fram og það lá líka fyrir af hálfu Norðurlandanna að ein forsenda þeirrar fyrirgreiðslu væri að farsæl lausn fyndist á óútkljáðum málum okkar varðandi innlánstryggingar við önnur lönd. (**Gripið fram í:** Þetta er kúgun.) Ég vona að hv. þingmenn kynni sér þau gögn sem nú liggja fyrir í þessu máli, ítarlega greinargerð með frumvarpinu, fylgiskjalamöppu með 68 fylgiskjölum og öðrum með rúmlega 20 sem þingmenn sjálfir hafa til skoðunar en eru gögn þess eðlis að Íslandi er óheimilt að birta þau vegna samskipta sinna við gagnaðilann. Þar er fyrst og fremst um að ræða gögn sem ekki skipta miklum sköpum í þessum efnum, minnisblöð embættismanna eftir pólitíska fundi ráðherra og samkvæmt hefðum og venjum getur annar aðili slíks máls ekki gert slík gögn opinber. Þá held ég að ýmislegt skýrist fyrir hv. þingmönnum þegar þeir hafa farið yfir þetta og skoðað samhengi málsins og það er þetta nákvæmlega sem ég segi.

Ég tel að lánskjörin sem hér hefur samist um séu um það bil eins hagstæð og Ísland gat fengið. Menn hafa hrópað nokkuð um að 5,5% fastir nafnvextir á óverðtryggðu láni séu háir og bera það þá gjarnan saman við breytilega vexti á lánum til skamms tíma í augnablikinu. Menn sjá það líka ef þeir skoða lánskjörin frá hinum Norðurlöndunum að þar eru lægri vextir á ferð í bili. Það er vegna þess að viðmiðunin í augnablikinu eru sögulega mjög lágir vextir. En það er athyglisvert fyrir menn að velta því fyrir sér og bera það saman við lánskjörin hér og höfum í huga að vaxtaálagið á Íslandi er einhvers staðar á milli 650 og 700 punktar, 6,5–7% ofan á grunnvexti ef við fengjum einhvers staðar lán á þeim kjörum í dag. Norðurlandalánin eru með 275 punkta álagi ofan á rétt rúmlega 1% viðmiðunarvexti í dag, gerir 3,8% liðlega. Ef þessir vextir á Norðurlandalánunum eru með viðurkenndum aðferðum umreiknaðir yfir í fasta vexti á 12 ára láni eins og þarna er um að ræða með 275 punkta álagi þá gera það 6,57% vexti. (**Gripið fram í:** Þá hækkar Icesave.) Það ættu hv. þingmenn að hafa í huga.

Það er líka umhugsunarefni að vaxtaálagið á Icesavesamningunum, 125 punktar, er lægra en það vaxtaálag sem notað er þegar þjóðir sem komist hafa í greiðsluþrot fá fyrirgreiðslu í farvegi svonefnds Parísarklúbbs en þá er yfirleitt notað 150 punkta álag. Þeir föstu vextir sem festir voru á þessu vaxtaálagi á dögunum hafa nú þegar hækkað um 13 punkta þannig að það er ástæða til að ætla að vegna þess hvernig þetta stóð af sér í tíma þá hafi þar verið festir mögulega einhverjir lægstu vextir sem við eigum eftir að sjá á áratugaskeiði í þessum efnum. Þetta eru lægstu vextir langra lána til þess tíma sem sést hafa í 50 ár og gætu vel átt eftir að reynast það til frambúðar. Enn fremur er það þannig að í lánasamningnum er kostnaðarlaust uppgreiðsluákvæði. Við getum hvenær sem er greitt samninginn niður inn á höfuðstólinn eða greitt hann upp ef okkur skyldi einhvern tíma bjóðast hagstæðari fjármögnun annars staðar.

Þá er spurning um það, ræður íslenska þjóðarbúið við þessar skuldbindingar á árabilinu 2016–2024 eða árunum sem þá fara í hönd? Það er vissulega stór spurning. En það reynir á það eftir sjö ár og þau sjö ár eru okkur mjög mikilvæg. Eitt vitum við fyrir víst, hv. þingmenn, að ef við komumst aldrei með þjóðarbú okkar til 2016 þá þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því. Við þurfum fyrst að komast í gegnum þá erfiðleika sem núna standa yfir og blasa við okkur næstu missirin, koma þjóðarbúinu á kjöl, eða vilja menn gefast upp strax? Er það ekki það sem valkosturinn snýst um? Ég segi það, það er sannfæring mín eftir að hafa skoðað þessa hluti, það eru ekki þessi mál sem eru okkur alvarlegasta áhyggjuefnið í augnablikinu. Það er glíman við að komast í gegnum erfiðleikana næstu missirin og ráða við þá þungu greiðslubyrði sem við fáum á okkur núna og við þurfum að kljást við næstu árin. Fyrst þurfum við að komast í gegnum þá erfiðleika til að geta farið að hafa áhyggjur af því hvar við stöndum árið 2016. Ef við komumst í gegnum þá komum við efnahagslífi okkar á góðan rekspöl, rekum þjóðarbúið með þeim afgangi í viðskiptum við útlönd sem nú er reiknað með að verði, t.d. ef við fáum marga mánuði eins og júnímánuð þar sem afgangur af vöruskiptum við útlönd var 8,7 milljarðar kr. þá erum við á réttri leið. Ef við komum ríkisfjármálunum á réttan kjöl samkvæmt þeirri áætlun sem nú er unnið eftir þannig að hagnaður verði orðinn af rekstri ríkissjóðs árið 2013, þá erum við á réttri leið. Fyrst þurfum við að gera allt þetta, að komast í gegnum alla þessa erfiðleika og þá erum við í góðum færum til að ráða við framhaldið, annars ekki. Þess vegna er það sem við þurfum að velta því mjög vel fyrir okkur,

ætlum við að láta þetta stranda hér og nú? Hvað gerist ef Icesave fellur? Þá kemur október aftur. (Gripið fram í.) Þá kemur október aftur (**BJJ:** Hræðsluáróður.) og það hefur enginn bent á neitt sem vísar í þá átt að við værum í betri stöðu til að greiða úr okkar málum ef þetta strandar allt hér og nú. Mín spá er sú að það yrðu ekki margir mánuðir liðnir frá því að menn felldu þennan samning að menn dauðsæju eftir því og líklegasta niðurstaðan að mínu mati væri sú að íslensk stjórnvöld færu til viðsemjendanna og bæðu um gamla samninginn aftur. Það er mín spá. (**HöskÞ:** Uppgjafartónn.) Ég vona að hún rætist aldrei og ég trúi því að þetta sé leið sem gefi okkur færi á að berjast áfram við erfiðleikana. Það verður erfitt. Það er okkur öllum mjög erfitt að þurfa að sætta okkur við þessa niðurstöðu en hún er óumflýjanleg með einum eða öðrum hætti. Við komumst ekki undan þessu máli, það yfirgefur okkur ekki. Það verður þarna hvort sem niðurstaða Alþingis verður að leysa það á þennan hátt eða einhvern annan.

Ég bjó ekki þetta vandamál til. Ég fékk hins vegar það hlutskipti að reyna að greiða úr herfilegri stöðu sem málið var komið í. Ég hef lagt mig allan fram um að reyna að gera það ásamt með góðu fólki og ég hef góða samvisku gagnvart mínum þætti í þessu máli. Ég trúi því að við séum að gera rétt fyrir Ísland, að við séum að skapa okkur vígstöðu til að kljást áfram við erfiðleikana og við eigum að sigrast á þeim. Það er markmiðið. Það er það sem öllu máli skiptir að Ísland komist í gegnum þetta.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjárlaganefndar.

[12:01]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er sorglegt að hlusta á hæstv. fjármálaráðherra: Ég bjó ekki til vandann. Það eru Vinstri grænir og Samfylkingin sem ætla að samþykkja Icesave-skuldbindingarnar og hver leyfir sér að koma fram með yfirlæti, talandi niður til þingmanna sem leyfa sér að gagnrýna og mótmæla órökstuddum fullyrðingum annar en hæstv. fjármálaráðherra sem í gegnum árum hefur hoppað í ræðustól Alþingis algerlega brjálaður. Voru það ekki Vinstri grænir sem töluðu um það fyrir kosningar að þeir ætluðu ekki að samþykkja Icesave?

Ég ætla ekki að svara í þessari stuttu fyrirspurn öllum fullyrðingum. Þeim hefur þegar verið mætt, öllum fullyrðingum hefur verið mætt. En ég vil fá úr því skorið hér og nú, eru einhver gögn sem á eftir að leggja fram, álit frá erlendum lögmannsstofum sem eiga eftir að koma fram?

[12:02]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er misskilningur að ég gagnrýni það að hv. þingmenn Framsóknarflokksins séu með órökstuddar fullyrðingar eða eitthvað annað í þeim dúr. Ég vil bara að þeir geri það í sínum eigin ræðutíma, ekki mínum. Framsóknarmönnum er alveg gersamlega frjálst og meinlaust af minni hálfu að haga málflutningi sínum eins og þeir vilja en helst vil ég að þeir geri það í sínum eigin ræðutíma en ekki mínum. Það var það sem ég var að fara fram á.

Það er misskilningur að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi gengið til kosninga með það baráttumál að það ætti alls ekki að útkljá Icesave-deiluna. Það hefði ekki verið gæfulegt fyrir flokk hvers formaður bar þá ábyrgð á samningaviðræðum um málið. Það lá algerlega fyrir og er búið að vera opinbert síðan í febrúar að málið var í samningafarvegi þannig að það liggur fyrir.

Varðandi spurninguna um gögn er svarið nei. Mér er ekki kunnugt um, ég hef aldrei séð neitt skjalfest í þessu máli, eða skjallegt, sem ekki liggur í möppunum tveimur, annars vegar þeirri stóru með 68 skjölum sem er öllum aðgengileg, hins vegar þessari minni með rúmlega 20 skjölum sem þingmenn hafa aðgang að.

[12:03]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er eins gott að það séu ekki einhver gögn sem liggja óséð. Það væri í hæsta máta vandræðalegt fyrir ríkisstjórn sem hefur talað fyrir því upp á síðkastið að allt sé uppi á borðum en þó virðist sem allt sé undir borðum og leynd og blekking eru einmitt orðin sem einkenna þessa ríkisstjórn.

Mig langar til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra að því, ef hann telur að þetta séu bestu hugsanlegu kjör sem við getum fengið á erlendum lánum, getur þá ekki verið að ef okkur standa ekki til boða annað en verri kjör í framtíðinni, er það þá ekki þannig að Icesave-samningarnir kveða einmitt á um það að vextirnir á þeim samningi hækka og verða mun hærri en þessi rómuðu 5,55% vextir? Mér þætti gaman ef hann mundi svara þeirri spurningu.

[12:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi gögn þá leyfi ég mér að fullyrða að aldrei nokkurn tíma hafa verið gerð aðgengileg og opinber gögn í flóknum samningum af þessu tagi neitt í líkingu við það sem hér er gert. Þetta hefur verið opnað með alveg sögulega óvenjulegum hætti, leyfi ég mér að fullyrða. Þar á meðal hlutir sem almennt eru ekki aðgengilegir neinum fyrr en eftir 50 ár, þegar aðgangur kann að opnast að þeim í Þjóðskjalasafni Íslands, gögn sem núna liggja opin í möppum þingmanna. Persónulegir tölvupóstar og trúnaðarbréf, minnisblöð embættismanna á fundum og aðrir slíkir hlutir, mér er ekki kunnugt um að það hafi nokkurn tíma áður í málum verið gert aðgengilegt með þessum hætti og ég tel því að stjórnvöld hafi gert vel í því, eins vel og kostur er.

Varðandi lánskjörin er það einfaldlega þannig að ef við berum þau t.d. saman við kjörin á MoU-inu frá því í október, hvernig varð það til? (Gripið fram í.) Það var áætlaður lántökukostnaður Hollendinga að viðbættu 250 punkta vaxtaálagi sem var vaxtaálagið á Ísland löngu fyrir bankahrunið.

[12:06]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var mjög athyglisverð ræða hjá hæstv. fjármálaráðherra og af því sést hvernig hann gekk í skrokk á samstarfsflokknum en ég ætla ekki að hafa

áhyggjur af því.

Það vakti athygli mína í þessari yfirgripsmiklu ræðu hverju hæstv. fjármálaráðherra, sá aðili sem gætir hagsmuna okkar, sleppti. Hann ræddi ekkert um galla regluverks innlánstrygginga sem gerir ekki ráð fyrir katastrófu eins og varð. Hann talaði ekkert um samningsviðmiðin sem við náðum fram sem gerðu ráð fyrir að efnahagslegra hagsmuna Íslendinga yrði gætt og ekki talaði hann um breytingartillögu vinstri manna um innlánstryggingakerfið sem hefði kostað 400 milljarða kr. í viðbót. Látum það liggja á milli hluta.

Hér kemur hæstv. fjármálaráðherra og segir að við fáum ekki lánafyrirgreiðslu nema gengið sé frá þessum samningi. Hvað eftir annað var þessi hæstv. ráðherra spurður fyrir kosningar af hverju fengjum við ekki lánafyrirgreiðslu. Af hverju upplýsti hann það ekki þá? Og nú bið ég hæstv. ráðherra að gera nokkuð sem hann gerir sjaldan, svara spurningunni.

[12:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í greinargerð frumvarpsins er farið rækilega yfir þau atriði sem hv. þingmaður nefndi. Það er rakið hvernig Ísland reyndi að bera fyrir sig óvissu um umfang ábyrgðanna, galla regluverksins og annað í þeim dúr. Það er allt saman rækilega rakið í greinargerðinni.

Það var metið þannig, rétt eins og var í nóvember þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tók fyrir upphaflegu samstarfsáætlunina og afgreiddi fyrsta hluta lánsins, að væru samningaviðræður á útmánuðum í góðri trú og í eðlilegum framgangi þá mundi það ekki á grundvelli fyrri yfirlýsinga hindra fyrirtekt nr. 2. En samhengi málsins hefur legið ljóst fyrir. Það var þegar opinbert í nóvember og desember. Ég bendi hv. þingmanni t.d. á að lesa greinargerð þingsályktunartillögu sinnar eigin ríkisstjórnar sem þá var, í desember, eða lesa framsöguræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar, þar kom þetta allt fram. Það sem ég sagði um þetta mál í aðdraganda kosningabaráttunnar (Forseti hringir.) og á útmánuðum var nákvæmlega í samræmi við stöðu þess þá.

[12:08]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér kemur hæstv. fjármálaráðherra og reynir að tala sig út úr því að hann minntist aldrei einu einasta orði á að ástæðan fyrir því að við fengjum ekki lánafyrirgreiðslu væri sú að ekki væri búið að ganga frá Icesave. Ekki einu einasta. Og það er nákvæmlega sama hversu mörg plögg hæstv. ráðherra dreifir fyrir þingmenn. Það er kominn tími á það að hann segi satt og rétt frá. Af hverju er það svo að núna er þetta orðin helsta röksemdin fyrir Icesave-málinu? Fyrir nokkrum vikum, í aðdraganda kosninga, þegar við spurðum hæstv. ráðherra hvað eftir annað út í það af hverju við fengjum ekki þessa lánafyrirgreiðslu, þá var aldrei, ekki einu orði minnst á það, ekki einu orði. Annaðhvort hefur hæstv. ráðherra ekki verið að sinna starfi sínu þá og ekki vitað betur sem er mjög alvarlegt eða hér er hæstv. ráðherra að bera fyrir sig rök sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum.

[12:09]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Staðreyndin er sú að það var ekki óútkljáð Icesave-mál sem tafði fyrirtekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í lok mars eða apríl. Það var það ekki. Það var unnið að því máli þannig að sú fyrirtekt að öðrum skilyrðum uppfylltum gæti farið fram að því tilskildu að viðræður um Icesave-málið væru áfram í gangi og í góðri trú. Þetta er hægt að sýna hv. þingmanni ef hann hefur áhuga á staðreyndum málsins, m.a. sanna það skjallega. Og það var margfarið yfir það hér hvað leiddi til þess að endurskoðunin tafðist. Það voru að koma nýjar upplýsingar um skuldastöðu þjóðarbúsins. Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kom mun seinna en til stóð, m.a. vegna stjórnarskipta. Janúarmánuður fór allur forgörðum í að undirbúa framhaldið. Sendinefndin dvaldi hér lengur en ætlað var í upphafi og skýrði sjálf hvers vegna málinu hefði seinkað. Það var og er staðreynd málsins að á þeim tímapunkti var það ekki Icesave-málið sem tafði fyrir.

[12:11]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það kristallast í þessu máli að Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð eru einfaldlega ekki í stakk búin til að stýra þessu landi. Af hverju segi ég það? Þegar við tölum um ábyrgð í fjármálum þá hef ég aldrei vitað að fulltrúar ríkisstjórnarinnar skrifuðu undir eina þá stærstu skuldbindingu sem verið er að skuldbinda íslenska þjóð, skrifuðu undir Icesave-samkomulagið án þess að greiðsluáætlun eða greiðslumat íslensks almennings lægi fyrir. Það á bara að skoða hlutina eftir sjö ár. Hvers lags ábyrgðarleysi er það hjá hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. ríkisstjórn fyrir hönd íslensks almennings að skrifa undir slíkt án þess að greiðsluáætlun liggi fyrir? Greiðsluáætlun sem aðstoðarmaður hæstv. ráðherra sagði okkur í þingflokki framsóknarmanna að lægi ekki fyrir eftir að búið var að skrifa undir þessa samninga. Ég fordæmi þessi vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstjórn og þetta ber ekki merki um það að hér sé á ferðinni stjórn sem hefur tök á málum.

[12:12]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hlýtur að eiga að skilja orð hv. þingmanns þannig að hann telji að Framsóknarflokkurinn sé hins vegar í góðum færum til að stjórna landinu. (**BJJ:** Já.) Já. Ekki tókst það vel hjá Framsóknarflokknum á árunum 2002–2007. Ætli Framsóknarflokkurinn sé alveg saklaus í þessu máli? (**BJJ:** Hver er að segja það?) Ætli hann beri ekki líka einhverja ábyrgð og við öll? Þetta er dálítið undarlegur málflutningur hjá hv. þingmanni sem þá var þegar kominn hér á vettvang þó að sum flokkssystkini hans geti hegðað sér eins og hreinir og syndlausir englar þá á það ekki endilega við um alla sem voru sjálfir á vettvangi á þessum tíma, þar áður aðstoðarmenn ráðherra í Framsóknarflokknum, sem sváfu í viðskiptaráðuneytinu, eins og kunnugt er á árunum 2002–2007.

Varðandi greiðslubyrðina og greiðslumatið af þessu þá

er hægt að setja það í ýmislegt samhengi hvort sem við setjum það í hlutfall af vergri landsframleiðslu eða hlutfall af áætluðum þjóðartekjum. Eitt er ljóst og það er að tvennt (Forseti hringir.) þurfum við til að ráða við þetta. Umtalsverðan afgang á viðskiptum við útlönd og jákvæða afkomu ríkissjóðs.

[12:13]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er alveg viss um að hæstv. ráðherrar, Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon munu tala mikið um fortíðina í þessu máli. En það sem ég vil ræða hér er framtíðin og að þessir ráðherrar eru að skuldbinda íslenskan almenning um hundruð milljarða með kolómögulegum samningi. Ég býð ekki í það, frú forseti, eftir að hafa hlustað á hæstv. fjármálaráðherra sem sagði að ef alþingismenn mundu voga sér að fella þennan samning, þá væri samningsstaða Íslands engin og hæstv. ráðherra dró upp spádómskúlu sína og sagði að eftir nokkra mánuði mundu íslenskir ráðamenn fara á hnjánum til Breta og Hollendinga og biðja um að fá þennan samning aftur. Þvílíkt ábyrgðarleysi af hálfu ráðherrans í málflutningi hér. Hæstv. ráðherra er ekki að gæta hagsmuna íslensks almennings með því að eyðileggja samningsstöðu okkar héðan úr ræðustól Alþingis. Ég fordæmi þessi ummæli hæstv. ráðherra og ég vona að hann dragi þau til baka.

[12:14]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Samningsstaða Íslands markast af öðrum hlutum og var þegar orðin eins og raun ber vitni og því verður ekki svo léttilega breytt. (**Gripið fram í:** En ætlaðir þú ekki að breyta?) Ég er líka upptekinn af framtíðinni fyrst og fremst í þessu máli. En við þurfum auðvitað að skilja hvernig málið varð til. Það er eðlilegt og réttmætt að fara líka yfir það. Við þurfum auðvitað líka að rannsaka þá atburði, upplýsa þá og reyna að endurheimta eignir. Inni í þessum samningi er mikilsvert ákvæði um það að nú fáum við aðstoð Breta og Hollendinga í því verkefni í framhaldinu.

Hv. þingmaður talar eins og Alþingi standi frammi fyrir frjálsu vali, að við séum bara af einhverri meinbægni að leggja til hundruð milljarða skuldbindingar sem menn geti bara komist undan með því að hafna þessu máli. Stöndum við frammi fyrir einhverju frjálsu vali í þessum efnum? Svarið er nei. Málið er þarna og það hverfur ekki. (Gripið fram í.) Þess vegna þýðir ekkert að tala svona. Það er barnaskapur og óraunsæi að ræða þetta mál eins og við stöndum frammi fyrir einhverjum einföldum og góðum valkostum á aðra hönd. (**HöskÞ:** Uppgjöf.) Þeir eru ekki í boði. (Gripið fram í.)

[12:16]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir ágæta ræðu svo langt sem hún nær. Ég lít þannig á að við þurfum alltaf að ganga út frá stöðunni eins og hún er á hverjum tíma. Það er búið að skrifa undir þennan samning, því miður. Það er mjög ábyrgðarlaust en sú er staðan og ég held að allir hv. þingmenn, bæði stjórn og stjórnarandstaða ættu að reyna að vinna úr núverandi stöðu eins vel og mögulegt er. Nú byggir þessi samningur á áhættusömu mati á eignum Landsbankans og Íslendingar taka áhættuna af því mati. Það getur farið vel, að eftir 20 ár sjáum við kannski að allt greiddist. Eftir 20 ár sjáum við kannski, það greiddust aðeins 75% sem þeir reiknuðu með en það getur líka verið að það greiðist miklu minna og þá erum við í mjög slæmum málum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það kæmi til greina að við settum hámark á þessa ríkisábyrgð sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Ég er búinn að benda á þetta í allan vetur. Það er nefnilega hagur þjóðanna þriggja, Hollendinga, Breta og Íslendinga sem láta skattgreiðendur sína greiða þessar byrðar að Ísland geti borgað. Það er hagur þessara þjóða allra.

[12:17]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er alveg rétt að ein áhættan í þessu máli er að sjálfsögðu sú sem allir kröfuhafar í gamla Landsbankann taka, forgangskröfuhafarnir auðvitað fyrst og fremst, það er spurningin um endurheimtu eigna og ríkið að sínum hlut tekur auðvitað þátt í þeirri áhættu. Það er alveg ljóst. Það liggur allt fyrir og hefur verið reynt að gera grein fyrir því með eins aðgengilegum hætti og kostur er og það er farið varfærið í mat í forsendum samninganna þar sem gert er ráð fyrir þó nokkuð lægra endurheimtuhlutfalli en t.d. skilanefnd Landsbankans sjálfs eða endurskoðunarstofnanir hafa metið.

Varðandi það að skilyrða með einhverjum hætti sérstaklega greiðslur okkar inn í þetta þá er öryggisákvæði samninganna hugsað nákvæmlega þannig að reynist greiðslubyrðin af þessu þyngri og staða Íslands til mikilla muna verri en áætlað var í nóvembermánuði sl. þá opnast upp endurskoðunarákvæði. Ég held að það sé eiginlega svarið við þeirri spurningu sem hv. þingmaður bar upp.

[12:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ákvæði 15. og 16. gr. samningsins hefur ekkert gildi. Þetta er bara venjulegt ákvæði þegar skuldari getur ekki greitt. Þá verður enn og aftur reynt að semja upp á nýtt. Það er ekki hægt annað. Ef hann getur ekki greitt þá getur hann ekki greitt. Þetta þekkja allir. (**Gripið fram í:** Þá verður gjaldfellt.) Þá verður gjaldfellt og þá eru Íslendingar í mjög slæmri stöðu. Þá getur vel verið að við þurfum að samþykkja að skoskir togarar megi veiða á Íslandsmiðum. Þá getur vel verið að við þurfum að láta landhelgina upp í o.s.frv. Við erum svo gersamlega í glataðri stöðu. Þetta eigum við að semja um fyrir fram og segja: Við borgum allt sem samningurinn segir, upp að ákveðnu hlutfalli af þjóðarframleiðslu, eitthvað sem íslenska þjóðin getur greitt (Gripið fram í.) og það er hagur allra þessara þriggja þjóða að íslenska þjóðin geti greitt og sjái að hún geti greitt þannig að hún fyllist bjartsýni á því að vinna sig út úr verkefninu. Þetta finnst mér vera það mikilvægasta og ég spyr aftur: Ef við gerðum breytingartillögu á Alþingi um að

ákveðið hámark yrði sett á þessar greiðslur sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, hvað telur hæstv. ráðherra að samningsaðilar okkar mundu segja við því?

[12:19]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er auðvitað hagur allra sem lána peninga að fá þá til baka. Það gildir ekki bara um þennan lánasamning við Hollendinga og Breta. Það gildir um lánasamningana við hin Norðurlöndin. Það gildir líka um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Meira að segja hann vill fá sína peninga til baka og er bara nokkuð þekktur fyrir það að vilja rukka þá inn.

Það er ekki ætlunin með því endurreisnarprógrammi sem nú er með alþjóðlegri samvinnu í gangi gagnvart Íslandi að knésetja Ísland. Ætlunin er hin gagnstæða og þetta mál er hluti af því. Auðvitað geta menn búið sér til þá heimsmynd að allir séu vondir við aumingja litla Ísland og þetta sé allt af einhverri óvild gert eða lymskulegum áformum til að koma okkur á kné. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég held að Norðurlöndin séu t.d. ekki að lána okkur miklar fjárhæðir í einhverjum annarlegum tilgangi heldur séu þau þvert á móti að taka stöðu með Íslandi og þau leggja undir með Íslandi og þau vilja að Ísland komist í gegnum erfiðleikana og komist á lappirnar. Hvernig væri að hugsa þetta þá stundum þannig? (Forseti hringir.) Öryggisákvæðið eða endurskoðunarákvæðið er þvert á móti mjög óvenjulegt, hv. þingmaður, alls ekki venjulegt. Það segja allir sem þekkja til alþjóðlegra samninga af þessu tagi. (Forseti hringir.) Þetta er mjög óvenjulegt endurskoðunarákvæði og helgast af hinum sérstöku aðstæðum.

[12:21]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Hér er rætt um heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Án ábyrgðar ríkissjóðs fengi innstæðutryggingarsjóðurinn ekki þau erlendu lán sem hér búa að baki og gæti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar.

Stóra spurningin í þessu máli er hvers vegna ætti íslenska ríkið að ábyrgjast lán innstæðutryggingarsjóðsins? (Gripið fram í.) Það verður ekki sagt um ríkisstjórnina og kannski sérstaklega hæstv. fjármálaráðherra upp á síðkastið að hann hafi skort rökin og ástæðurnar. Þær koma nýjar nánast á hverjum degi. Með hverju viðtalinu nánast í hvert sinn sem hann tjáir sig um málið koma nýjar ástæður fyrir því að ríkissjóður Íslands eigi að gangast í ábyrgð fyrir þessum gríðarlegu lántökum. Allar þessar ástæður eru á skjön við fyrri málflutning sama manns sem allt þar til hann tók sæti í ríkisstjórn var okkar allra harðasti andstæðingur þess að yfir höfuð væri leitað pólitískrar lausnar á þessu máli. Þá vísaði hann í lögfræðiálitin sem nú hafa verið lögð til hliðar og önnur andstæð tekin upp og þeim haldið á lofti. Og þegar litið er yfir feril þessa máls undanfarna mánuði þá hefur það verið átakanlegt að fylgjast með síbreytilegum málflutningi ríkisstjórnar vinstri flokkanna, allt frá því að í stjórnarsáttmála þeirra var tekið fram að nú skyldu alþjóðlegir sérfræðingar ráðnir til að veita aðstoð við samninga vegna innstæðutrygginga, nokkuð sem að þeirra mati hafði verið látið undir höfuð leggjast fram að því.

Ríkisstjórnin byrjaði á því að lýsa vantrausti á þá embættismenn sem leitt höfðu samningaviðræðurnar fyrir hönd fyrri ríkisstjórnar. Viku þeim til hliðar, sendu þá í frí og skipaðir voru nýir í þeirra stað. Formaður var skipaður Svavar Gestsson en auk hans tók Indriði Þorláksson, núverandi aðstoðarmaður fjármálaráðherra, sæti í nefndinni. Með því að nefna þessa menn er ekki verið að lýsa því yfir að þeir hafi ekki staðið sig heldur er bara verið að vekja athygli á þeirri staðreynd að ríkisstjórnin vildi taka þetta mál sínum eigin tökum. Hæstv. fjármálaráðherra sagði í viðtali við blaðamann *Morgunblaðsins*, með leyfi forseta:

„Ég treysti Svavari Gestssyni. Ég veit að hann er að gera góða hluti og ég lofa þér því að það er í sjónmáli að hann landi — og hans fólk — glæsilegri niðurstöðu fyrir okkur.“

Hann dró í land með þessa yfirlýsingu að hluta til en það dylst engum að niðurstaðan átti að vera „þessarar ríkisstjórnar“. Þeirra menn áttu að landa góðri niðurstöðu sem þessi ríkisstjórn ætlaði að eigna sér. Nú er ríkisstjórnin á harðahlaupum frá þessu plani. Svo mikil hafa umskiptin orðið að greinargerðin með þessu frumvarpi er á löngum köflum eins og samantekt á málflutningi viðsemjenda okkar í þessu máli. Málflutningur þeirra er að stórum hluta til nú orðinn málflutningur og meginrök ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Sammála.)

Og hvernig er þeirri grundvallarspurningu sem ég bar upp áðan svarað í þingmálum? Hvers vegna ætti íslenska ríkið að fallast á að ábyrgjast lántökur innstæðutryggingarsjóðsins? (**Fjmrh.:** Þið voruð búnir að lofa því í október, nóvember …) Þið voruð búnir að lofa því, kallar hæstv. fjármálaráðherra fram í. Við skulum fara aðeins yfir rökin. (Gripið fram í.) Það er gælt við lagaleg rök í þessu frumvarpi, það er gælt við þau lagalegu rök að slík ríkisábyrgð sé lagaskylda. Það er daðrað við það að þegar lögin voru sett á sínum tíma hafi það komið fram hjá þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra. En þessi málflutningur stenst enga skoðun. Um það vitna lögfræðiálitin sem hæstv. fjármálaráðherra hefur sjálfur vísað til allt þar til hann tók sæti í ríkisstjórninni. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr grein þeirra Lárusar L. Blöndal og Stefáns Más Stefánssonar, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Í tilskipuninni segir að innstæðutryggingarkerfin skuli fjármögnuð af innlánsfyrirtækjunum – sem sagt ekki ríkinu. Þá er sagt að tryggingakerfin megi ekki leggja þá bagga á innlánsfyrirtækin að það íþyngi bankastarfseminni. Því er augljóst að miklar takmarkanir eru á því hve langt má ganga við ákvörðun um framlög innlánsfyrirtækjanna. Í þessu samhengi er rétt að spyrja hvernig íslenska löggjöfin hefði þurft að vera úr garði gerð til að tryggja lágmarksgreiðslu til allra, samkvæmt tilskipuninni miðað við þær aðstæður sem sköpuðust á tiltölulega skömmum tíma fyrir bankahrunið. Svarið er að greiða hefði þurft hátt í 50% af öllum innstæðum inn í tryggingakerfið.“

Það er augljóst og það er óumdeilt og það kemur fram í

inngangi þeirrar reglugerðar sem íslenska lagasetningin byggir á. Það hefur komið fram í skýrslum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sjálf gefið út. Það hefur komið fram í álitum frá seðlabanka Frakklands og það hefur komið fram í fjölmörgum íslenskum lögfræðiálitum í þessu máli að þetta kerfi er ekki smíðað til að taka við hruni bankakerfis. (**Gripið fram í:** … greiddu atkvæði gegn því í desember.) Lagalegu rökin eru því ekki til staðar, a.m.k. gat ég ekki heyrt það í málflutningi fjármálaráðherrans þó að hann daðraði við þetta af og til, að hans niðurstaða væri sú að hér væri lagt til að við samþykktum ríkisábyrgð á þessum forsendum, að fyrir því væru lagalegar forsendur. Þetta er hins vegar annað en að viðsemjendur okkar séu ósammála um málið. Þeir eru ósammála okkur um þetta. Það eru næstu rök. (Gripið fram í.) Allir eru ósammála okkur um þetta vegna þess að þeir vilja ekki samþykkja þetta. Hæstv. viðskiptaráðherra segir: Það er vegna þess að við verðum Kúba norðursins. Það skiptir engu máli þó að viðsemjendur okkar sem hafa allt aðra tækni en við séum okkur ósammála um niðurstöðuna í þessu máli. Þannig er það alltaf þegar menn fara með ágreining fyrir hlutlausa dómstóla. Það eru tveir aðilar sem deila og það kemur meira að segja fram í þessu frumvarpi og í greinargerðinni að það sem menn óttuðust var áframhaldandi hrun bankakerfisins í Evrópu. Það eru ekki nægileg lagaleg rök. Það eru ekki einu sinni pólitísk rök fyrir því að við samþykkjum ríkisábyrgð.

Vegna þess að þessi rök eru ekki til staðar þá hefur hæstv. fjármálaráðherra ákveðið að grípa til þess ráðs að segja: Það var búið að semja um þetta. Þannig er toppnum í rökstuðningnum náð á bls. 17 í greinargerðinni þar sem segir að heildarfjárhæð skuldbindinganna var því ekki samningsatriði heldur var verkefnið að semja um sem hagstæðasta skilmála. Sem sagt, það var búið að semja um þetta fyrir löngu síðan hvort eð er. Við höfum hlaupið frá því að eiga okkar eigin samningamenn og við höfum hlaupið frá því að reyna að ná glæsilegri niðurstöðu. Í raun vorum við bara að semja um vexti og kjör.

Í þessari umræðu er gjarnan vísað til nefndarálits og framsöguræðu minnar sem formanns utanríkismálanefndar og nefndarálits meiri hlutans og ég ætla að gera það líka. Ég ætla ekki að taka valda kafla sem þjóna málflutningi ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Ég ætla að taka þá kafla sem skipta máli í því nefndaráliti þar sem segir, með leyfi forseta:

„Frumforsenda þess að leitað væri pólitískrar lausnar á málinu var að tryggt yrði að tekið yrði tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem nú eru uppi á Íslandi. Þau umsömdu viðmið sem þingsályktunartillagan fjallar um fela í sér viðunandi forsendur fyrir lausn að áliti meiri hlutans. Ekki er fallið frá þeim lagarökum sem Ísland hefur sett fram, en fallist á að leita samninga á grundvelli sameiginlegra viðmiða. Þau eru annars vegar að tilskipunin gildi með sama hætti hér á landi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar að samningar um lausn taki mið af sérstakri og fordæmislausri stöðu Íslands. Hvorugar þessara forsendna geta talist íþyngjandi fyrir Ísland eða íslenska hagsmuni.“

Annars staðar í nefndarálitinu segir svo:

„Leiði samningar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland“ — og ég endurtek: — „Leiði samningar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland er það sjálfstætt úrlausnarefni hvernig stjórnvöld og Alþingi vinna úr þeirri stöðu.“

Þetta er það sem skiptir máli í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Það er sjálfstætt úrlausnarefni hvernig við leysum úr þeirri stöðu. Það var ekki gefinn opinn víxill. Í framsöguræðu minni með álitinu og í umræðum um málið á þinginu tók ég fram að ég taldi skynsamlegt að leita pólitískrar lausnar á þessu máli vegna þess að á það átti að reyna á grundvelli sameiginlegu viðmiðanna hvernig viðsemjendur okkar væru tilbúnir til að axla með okkur ábyrgð á því að regluverk Evrópusambandsins brást. Það var ekki smíðað fyrir það áfall sem hér hafði dunið yfir. Ég taldi það betri kost en þann að láta þvinga fram dómsniðurstöðu um lagalega stöðu okkar vegna þess að þá værum við í reynd að taka áhættuna af því að tapa málinu með húð og hári.

En hver er svo samningsniðurstaðan sem fyrir okkur er borin? Hún er sambærileg við það að við hefðum tapað málinu með öllu. Öllum okkar dómkröfum hefði verið vísað til hliðar og fallist á dómkröfur viðsemjenda okkar vegna þess að ríkið er að taka fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum innstæðutryggingarsjóðsins. Menn vísa í greiðsluhlé, menn vísa í að lánstíminn sé langur og menn vísa í að vextirnir séu ásættanlegir. En það er ekkert sem breytir því að ríkissjóður er ábyrgur fyrir allri fjárhæðinni og tölurnar sem við erum að fjalla um eru ótrúlegar. Þær eru svimandi háar og þær eru meira að segja langt umfram þær tölur sem kynntar voru utanríkismálanefnd og lesa má um í áliti meiri hluta nefndarinnar frá því fyrir áramót. Maður hlýtur því að spyrja sig, úr því að niðurstaðan varð þessi, úr því að ríkisstjórninni var ljóst að það var ekki um neitt að semja og viðsemjendur okkar ætluðu ekki að taka neitt tillit til okkar, hvort ekki væri meiri skynsemi — hvernig má það þá vera að það sé betra fyrir okkur að fallast á niðurstöðu í málinu sem er sambærileg við það að hafa tapað málið að fullu fyrir dómstólum? Jú, þeir segja við okkur að ella verðum við tekin aftur til október. Að ella verði Ísland Kúba norðursins og ella verðum við einangruð og afskekkt. Við fáum ekki lánafyrirgreiðslu á Norðurlöndunum, við fáum ekki fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég segi við þá sem eru með þennan málflutning: Það er hneisa fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ef lánsbeiðni frá okkur í þeirri aðstöðu sem við erum er tekin í gíslingu vegna óskyldra mála. Og það er meira áfall fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, tilvist hans og forsendur fyrir því sameiginlega átaki sem hann er. Forsendurnar eru allar í uppnámi ef stjórnarmenn í sjóðnum geta hagað sér með þessum hætti. Og ég segi líka að það er fullkomin hneisa fyrir Breta og Hollendinga ef þeir ætla að knýja fram með hótunum um að aftengja einstaka kafla EES-samstarfsins með því að beita okkur viðskiptaþvingunum, hryðjuverkalögum eða einangrun af þeim toga sem hæstv. viðskiptaráðherra telur að þeir munu gera eða hæstv. fjármálaráðherra segir að okkur verði stefnt í. Það er fullkomin hneisa vegna þess að málflutningur okkar byggir einfaldlega á því að við viljum standa við alþjóðlegar skuldbindingar okkar. Það er það eina sem við förum fram á, að úr því verði skorið hverjar þær eru í reynd. Er farið fram á mikið við viðsemjendur

okkar að þetta sé fengið á hreint?

Hverjar eru kröfurnar sem Bretar og Hollendingar eiga? Gleymum því ekki. Þetta eru ekki kröfur bresku þjóðarinnar á íslensku þjóðina. Nei. Krafan er að stofni til krafa innstæðueigenda á Landsbankann sem breska ríkið ákvað að taka yfir. Breska ríkið öðlast ekki betri stöðu heldur bara nákvæmlega sömu stöðu og innstæðueigandinn átti á innstæðutryggingarsjóðinn á Íslandi. Hvar er varnarþing hans? Það er á Íslandi. Rísi upp ágreiningur um það hvernig eigi að fara með þetta mál þá liggur alveg fyrir hvar varnarþingið er. Það er það sama og hefur alltaf verið, hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjármagnshafa, eða hvað það heitir, það er á Íslandi. Þangað geta menn sótt sinn rétt. Það sem við höfum hins vegar verið að gera er að við höfum verið að opna viðræður við þessa aðila um að dómsmálin verði rekin annars staðar.

Ég hef ekki tíma til að fara ofan í öll efnisatriði samningsins en það eru svo fjölmörg atriði í samningnum sjálfum sem eru fyrir utan þessa gagnrýni mína og væru tilefni til sérstakrar ræðu. Ég er t.d. með dæmigert svokallað „imunity-ákvæði“ úr svokölluðu MTN-prógrammi, sem er dæmigerður lánssamningur sem Seðlabankinn gerir. Þar er sérstaklega tilgreint að menn undanskilja eignir íslenska ríkisins, allar eignir utanríkisþjónustunnar og allar þær eignir sem eru nauðsynlegar fyrir rekstur íslenska ríkisins í þeim lánasamningi. Það var látið undir höfuð leggjast í þessu máli.

Alvarlegast af öllu er þó það að ekki skuli hafa verið tryggt að menn ættu mögulegan bótarétt innstæðueigendanna vegna þess að innstæðutryggingarkerfið brást. Það er ömurlegt að horfa á talsmenn ríkisstjórnarinnar í þessu máli koma hingað upp og verja allan málstað viðsemjenda okkar og eyðileggja þannig (Forseti hringir.) alla möguleika okkar á að halda uppi lagalegri stöðu okkar og rétti og ég ítreka: Það eina sem við erum að fara fram á í þessu máli er (Forseti hringir.) að skylda okkar til að gangast í ríkisábyrgð fyrir þessu sé skýr.

[12:36]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Er þetta sami hv. Bjarni Benediktsson og sat með mér í stjórnarmeirihluta í desembermánuði sl. og hafði m.a. forustu um það að tillaga frá hans eigin flokksmanni, Pétri H. Blöndal, um að samningurinn ætti að koma inn á Alþingi aftur til atkvæðagreiðslu, var felld og samninganefndinni og framkvæmdarvaldinu veitt það mikla umboð að ganga frá samningum um þær skuldbindingar sem hér um ræðir? Ég hlýt að spyrja hv. fyrrverandi formann utanríkismálanefndar Alþingis hvort hann finni ekki til ábyrgðar sinnar í því að hafa sett af stað þennan leiðangur með svo afgerandi hætti í eigin persónu og ætla svo hér þegar hinn vondi samningur — og auðvitað er það vondur samningur að þurfa að takast á við allar þessar fjárhæðir — kemur til kasta þingsins til að veita ábyrgð á að hlaupast þá frá þeim leiðangri sem hann sjálfur hefur sett af stað. Er það með þeim hætti (Forseti hringir.) sem Sjálfstæðisflokkurinn sér fyrir sér að pólitísk forusta í landinu eigi að haga sér?

[12:38]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég las áðan úr áliti meiri hluta utanríkismálanefndar þar sem það var alveg skýrt í fyrsta lagi að krafa af hálfu þingsins væri að ríkt tillit yrði tekið til þeirra óvenjulegu aðstæðna sem væru komnar upp á Íslandi í samningunum. Það hefur ekki verið gert og það er mitt mat. Menn geta verið ósammála því mati en það er mitt mat, það er langt frá því.

Í öðru lagi kemur skýrt fram í sama nefndaráliti að þegar kæmi til þess að afla fjárheimildanna kæmi málið til umræðu á þinginu. Tillaga hv. þm. Péturs Blöndals í þessu efni var að því leytinu til óþörf.

Þetta er líka sami þingmaðurinn — fyrst að því er spurt — og sat í þingflokki sjálfstæðismanna þar sem engin ákvörðun var tekin um eitt einasta skref í þessu máli án þess að þingflokkurinn væri um það einhuga. Það var af þeirri ástæðu og vegna þess að það voru mínir ráðherrar sem sátu í ríkisstjórninni (Forseti hringir.) sem ég treysti samninganefndinni.

[12:39]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég er nokkuð hugsi eftir þetta andsvar hv. þingmanns því að þeir ráðherrar hans flokks sem hann vísar til gáfu auðvitað út yfirlýsingar og létu undirrita skuldbindingar fyrir hönd íslensku þjóðarinnar á alþjóðavettvangi sem óhjákvæmilega hafa haft áhrif á stöðu þessa máls. Sú staða er auðvitað slæm. Þessi ákvörðun verður mjög erfið. En Sjálfstæðisflokkurinn átti með okkur öllum hinum ríkulegan þátt í því að skapa hana og ég undrast það að flokkurinn hlaupist svo frá ábyrgð sinni sem hann gerir nú, einkum og sér í lagi vegna þess að hv. þm. Bjarni Benediktsson veit að þegar hann var formaður utanríkismálanefndar Alþingis var hann ekki í neinum færum um að landa skárri samningi en hér liggur fyrir. Í desember var fjallað um að tjónið gæti orðið 2,8 milljarðar evra eins og við erum nú að horfast í augu við.

Það sem hann ekki sjálfur gat gert í desember (Forseti hringir.) álasar hann nú öðrum fyrir að ljúka og takast á hendur þá erfiðu ábyrgð að ljúka þeim málum (Forseti hringir.) sem Sjálfstæðisflokkurinn stofnaði til.

[12:40]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg ótrúlegt að hlusta á málflutning stjórnarliðanna í þessu máli. Í stað þess að fordæma þá stöðu sem okkur er hótað að komi hér upp, í stað þess að fordæma það að lánsbeiðni okkar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sé tekin í gíslingu af stjórninni, í stað þess að fordæma það að Bretar láti í það skína að við verðum einangraðir í viðskiptalegu samhengi af fjármálamiðstöð heimsins, í stað þess að fordæma það að Hollendingar neita að taka þátt í afleiðingum þess að reglugerðarverk Evrópusambandsins hrundi koma menn hér upp og reyna að skella skuldinni af þessu öllu saman á Sjálfstæðisflokkinn og einkavæðingu bankanna. Þessi málflutningur hv. þingmanns er af sama meiði og hæstv. fjármálaráðherra sem sallarólegur stendur hér upp og segir: Þar sem Sjálfstæðis-

flokkurinn ber ábyrgð á þessu öllu saman og ég hef hreina samvisku er í góðu lagi að Alþingi samþykki samninginn.

[12:41]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við höfum oft rætt um svokallað minnisblað sem var gert við Hollendinga um lánakjör á láni sem hæstv. utanríkisráðherra hefur síðan sagt að hann hafi verið á harðahlaupum frá. Það er ekki góður samningur. Þetta var samningur eða minnisblað sem þáverandi hæstv. fjármálaráðherra Árni M. Mathiesen kynnti ásamt fjármálaráðherra Hollendinga á fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 11. október.

Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra, segir í umræðum í júní, núna fyrir stuttu, að 11. október hafi okkur verið stillt upp við vegg og svo segir hv. þingmaður:

„Þá var allt að því hótað að loka á olíuflutninga og matvælaflutninga til landsins og samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var í algjöru uppnámi.“

Virðulegur forseti. Þetta eru afar alvarlegar ávirðingar sem koma frá fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn Íslands á þessum tíma, og á þessum tíma var hv. þm. Bjarni Benediktsson (Forseti hringir.) formaður utanríkismálanefndar. Mér finnst ekki að þessi yfirlýsing geti legið svona nema fá svar við spurningunni: Er þetta sami (Forseti hringir.) skilningur og hv. þm. Bjarni Benediktsson leggur í málið? Hverjir voru að hóta því að senda okkur ekki mat og ekki olíu?

[12:43]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get bara gert mér í hugarlund hvað hv. þingmaður átti við með þessum orðum. Ég get mér til um það að þarna hafi verið vísað til þess mikla gjaldeyriskorts sem var að verða í landinu. Það var vísað til þess að heildsalar um alla Evrópu höfðu sagt upp innkaupatryggingum við íslenska innflytjendur. Það var vísað til þess að íslenskir innflytjendur þurftu að sæta þeim skilmálum um alla Evrópu að staðgreiða allar sínar vörur. Gjaldeyrisskortur og viðskiptahöft af þessum toga voru farin að hafa alvarlegar afleiðingar, stefndu olíubirgðum Íslands í ákveðna hættu og ákveðið uppnám og meira að segja þurfti Seðlabankinn þar að grípa inn í vegna þess að íslensku viðskiptabankarnir voru orðnir vanhæfir til að stunda eðlilega greiðslumiðlun með gjaldeyri. Allt þetta gat leitt til þess að vöruskortur kæmi upp (Forseti hringir.) í landinu.

[12:44]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að heyra hvað þáverandi formaður utanríkismálanefndar hefur um þetta að segja. Það er alveg geysilega alvarlegt ef átt var við að eitthvert land væri að hóta okkur. Ég skil svar hv. þingmanns að svo hafi ekki verið, það hafi ekki verið neinar upplýsingar um að eitthvert land, t.d. Holland, hefði hótað að senda ekki olíu eða mat til Íslands, stoppa fyrir það eða beita sér eitthvað í því sambandi, þetta hafi verið meira þannig að ef hér yrði mikill gjaldeyrisskortur mundu einstakir aðilar sem eru í viðskiptum við Ísland ekki treysta sér til að vera í viðskiptum við okkur, þetta hafi ekki verið land sem hafi hótað heldur að þetta hafi þá verið meira einstakir innflutnings- og útflutningsaðilar sem hafi þarna átt í erfiðum samskiptum.

[12:45]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski um þetta að segja til viðbótar við það sem ég tók fram áðan að auðvitað höfðu Bretar gripið til alveg sérstaklega harkalegra aðgerða. Í reynd stöðva þeir bankaviðskipti við Ísland. Staðan var orðin sú að það þorði enginn banki í Bretlandi að eiga nokkur einustu viðskipti við Ísland af ótta við að gerast brotlegur við hryðjuverkalögin og smám saman greip jafnframt um sig sá ótti um alla Evrópu, að það væri ekki óhætt að senda neina peninga til Íslands vegna þess að þeir mundu lenda inni í þrotabúum gömlu bankanna og ekki komast til sinna réttu eigenda. Í þessu sambandi var það meira að segja sérstakt vandamál að menn notuðust við nöfn gömlu bankanna með því að bæta við fyrir framan nafn þeirra heitunum Nýi Landsbankinn, Nýi Glitnir o.s.frv., ef ég man rétt.

Er það ekki merkilegt að í stað þess að fordæma þessar aðgerðir, einangrun landsins, þá koma stjórnarliðarnir upp og fara að rifja upp einkavæðingarferli bankanna og skrifa allt það sem nú á að fara að gera á reikning fyrri stjórnvalda?

[12:46]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseta. Ræða hv. þingmanns var eitthvert aumlegasta yfirklór sem ég hef heyrt af hálfu nokkurs íslensks flokksleiðtoga. Hv. þingmaður setti örugglega Íslandsmet í hröðum flótta frá sínum eigin orðum og sinni eigin ábyrgð í þessu máli. Það var hv. þingmaður sem færði sterkust rök í ræðu sem hann flutti 5. desember fyrir því af hverju ætti að fara samningaleiðina. Hv. þingmaður getur ekki komið hingað og sproksett hæstv. fjármálaráðherra fyrir að hafa hlaupið frá sínum yfirlýsingum þegar það liggur fyrir að hv. þingmaður er að reyna að fela sína eigin slóð í málinu.

Það vill svo til að flokkur hv. þingmanns lagði fram samningastefnu. Hún var um miklu verri samning. Hún var um 10 ára lán, þriggja ára greiðslufrest, vexti upp á 6,7%. Það var hans fjármálaráðherra sem ritaði nafn sitt undir það, það var aldrei borið t.d. undir þáverandi sitjandi utanríkisráðherra enda setti starfsmaður utanríkisráðuneytisins ekki sína stafi undir þetta. (Forseti hringir.) Ég held (Gripið fram í.) að hv. þingmaður verði að horfast í augu (Forseti hringir.) við sína eigin ábyrgð í þessum málum. Það er lágmark.

[12:48]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mætti kannski reyna að endursegja ræðu hæstv. utanríkisráðherra með því að segja: Það var mín ömurlega ríkisstjórn sem ber ábyrgð á þessu klúðri og ég fékk ekkert að vita. Það voru hinir ráðherrarnir, Sjálfstæðisflokksráðherrarnir en ekki ég sem klúðruðu þessu

öllu saman þrátt fyrir að mitt ráðuneyti hafi farið með ráðuneyti fjármálaeftirlitsins allan tímann og Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki borið ábyrgð á rekstri þeirrar stofnunar frá árinu 1991, aldrei einn einasta mánuð. (**Gripið fram í:** Utanríkisráðherra auðvitað.) Ef flutt hefur verið ömurleg ræða í tengslum við þetta mál þá var það sú ræða sem síðast var lokið við að flytja. Hann vill einfaldlega ekki hlusta á þann málflutning sem ég hef fram að færa um að ég studdi það að leitað yrði pólitískrar lausnar að gefnum ákveðnum forsendum. En ég skora á hæstv. utanríkisráðherra að koma upp og skýra frá því, hvers vegna íslenska ríkið á að gangast í ábyrgð fyrir lántökum innstæðutryggingarsjóðsins. (Forseti hringir.) Eru það lagaleg rök? Eru það pólitísk rök? (Gripið fram í.) Eða hvaða rök eru það?

[12:49]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sjálfstæðismenn í salnum eru slíkar skræfur að þeir þola ekki að rifjað sé upp hver er þeirra aðkoma að þessu máli. Rökin sem hv. þingmaður bað um flutti hann sjálfur í ræðu sinni 5. desember. Varðandi það mál sem hér er um að ræða þá var það fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins sem lagði drög að samningi sem var miklu verri en sá sem gerður var og sem elti samningamennina nánast fram á síðasta dag. (**REÁ:** En þú?) Það var sömuleiðis sami fjármálaráðherra sem gaf út fréttatilkynningu um að sams konar samningur væri í burðarliðnum varðandi Breta. Það var komið í veg fyrir það. Það var jafnframt sami fjármálaráðherra sem féllst á það með samþykki þáverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, að fallast á bindandi gerðardóm án þess að bera það undir nokkurn mann í ríkisstjórninni. Þannig starfaði Sjálfstæðisflokkurinn á þessum tíma og læt ég þá liggja á milli hluta ábyrgð hans 18 árin þar á undan.

[12:50]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur er eins og einn samfelldur brandari, þessi ræða hæstv. utanríkisráðherra. Það var Árni Mathiesen sem gerði þetta, það var Geir Haarde sem gerði þetta. Ég sat í ríkisstjórn, ég vissi ekki neitt, þetta hljómar eins og þú hafir verið að æfa lögreglukórinn, eins og sagt var í laginu. (**Utanrrh.:** Eins og með gerðardóminn, …) Ég ber ekki neina ábyrgð þrátt fyrir að hafa setið í ríkisstjórninni, en hvar eru öll rökin? (Gripið fram í.) Hæstv. utanríkisráðherra getur ekki vísað í mína ræðu þó að hann reyni það til að færa fram rök fyrir því að við eigum að gangast í þessa ríkisábyrgð vegna þess að það dugar honum ekki. Hann treystir sér ekki til að koma hingað upp með ein einustu rök fyrir því að við eigum að fallast á þessa ríkisábyrgð, önnur en þau að einstakir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafi verið búnir að skuldbinda íslensku þjóðina. Ég segi: það er rangt. Ég segi: það er ástæðan fyrir því að við erum hér, ég segi það er ástæðan fyrir því að hæstv. fjármálaráðherra var að mæla fyrir frumvarpi og biðja þingið um að staðfesta ríkisábyrgðina. (Forseti hringir.) Það hefur ekkert verið gert sem ekki er afturkræft og við eigum ekki að láta kúga okkur til samninga sem við viljum ekki standa við (Forseti hringir.) og getum ekki staðið við. (**Gripið fram í:** … ekki standa við okkar eigin orð.)

[12:52]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson minntist á sinnaskipti fjármálaráðherra í ræðu sinni. Framsóknarflokkurinn hefur að einhverju leyti tekið svipaðan pól í hæðina og minnst á eldri þingræður frá fyrra þingi þar sem hæstv. fjármálaráðherra fer í gegnum skoðun sína á Icesave-málinu. Mér finnst þetta athyglisverð nálgun vegna þess að ég tel að sinnaskipti fjármálaráðherra séu einhver albestu rökin með því að þessi samningur sé sá illskásti sem við höfum. (**Gripið fram í:** Jesús minn.)

Ef einn harðasti andstæðingur samningsins á sínum tíma hefur núna algerlega skipt um skoðun og að einhverju leyti lagt sína pólitísku framtíð að veði við að verja og sýna ábyrgðartilfinningu þá eru það einhver albestu rökin með því að þetta sé illskásti samningurinn sem við höfum í hendi. (**Gripið fram í:** Ertu ekki að grínast?) Frammistaða hans í Iðnó, t.d. þegar hann stóð frammi fyrir fullum sal af reiðum andstæðingum samningsins og varði hann, sýndi svart á hvítu sinnaskipti ráðherrans, sýndi það að þetta er illskásti samningurinn sem við höfum og þess vegna skulum við sýna ábyrgðartilfinningu og ég höfða til Sjálfstæðisflokksins þar. Nú þurfum við að sýna ábyrgðartilfinningu. (**Gripið fram í:** Gakktu í Vinstri græna.)

[12:53]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vildi trúa því fyrir fram að allir þingflokkar á Alþingi væru sammála um eitt: Að við mundum aldrei samþykkja þessa ríkisábyrgð, taka á okkar þær miklu byrðar sem hér væri um að ræða nema að baki lægi skýr skylda, skýr lagaleg rök eða eftir atvikum einhverjar pólitískar ástæður sem við gætum ekki hlaupist frá. Niðurstaða samningsins sem nú er verið að biðja um ríkisábyrgð fyrir er þess eðlis að við eigum frekar að láta reyna á rétt okkar en að gangast undir það að taka á okkur allar byrðarnar og ríkið getur ekki annað en haldið uppi þeim sjálfsagða rétti sínum að láta reyna á lagalega stöðu sína þegar viðsemjendur okkar sýna okkur jafnmikla óbilgirni og gert hefur verið í þessu máli.

[12:54]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil vekja á því athygli að á umræddum fundi í Iðnó sem ég vitnaði til, var áðurnefndur hópur, Indefence, sem hefur verið harðlega gagnrýninn og mjög málefnalega á Icesave-málið í heild, á þeirri skoðun að við ættum að fara samningaleiðina í þessu máli. Þess vegna vildi ég draga það fram í þessari umræðu að fyrst fjármálaráðherra sjálfur hefur skipt um skoðun og telur að þetta sé illskásti samningurinn þá eru það meðmæli með þeim samningi sem við erum að taka afstöðu til.

[12:55]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem ég vil einfaldlega benda á í

tilefni af þessu er það að við erum öll í sama bátnum. Við höfum öll sameiginlega hagsmuni af því að fá góða niðurstöðu í þetta mál. Ég hef aldrei haldið því fram að núverandi ríkisstjórn eða hæstv. fjármálaráðherra væri í auðveldri stöðu. Við erum öll með sömu og sameiginlega hagsmuni í þessu. Það sem okkar málflutningur gengur út á og minn sérstaklega er þetta: Göngumst ekki undir afarkosti þessara tveggja ríkja. Látum ekki kúga okkur til niðurstöðu sem við erum ósátt við og þaðan af síður, látum ekki segja okkur að við eigum einir að axla allar byrðarnar af því að regluverkið brást. Um þetta getum við öll mjög vel staðið saman. Ef hæstv. fjármálaráðherra hefði ekki skipt um skoðun þá gætu einfaldlega allir flokkar staðið saman um þetta og sameiginlega borið ábyrgðina af afleiðingum þess ef þessar þjóðir kjósa að beita okkur viðskiptalegum þvingunum eða pólitískri einangrun.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:31]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég fer fram á að hæstv. forsætisráðherra verði viðstaddur þessa umræðu, enda er þetta líklega eitthvert mesta hagsmunamál í sögu þjóðarinnar og þegar hefur komið á daginn að hæstv. forsætisráðherra hvorki þekkir málið né skilur, svoleiðis að ég held að ráðherranum veiti ekki af því að vera við þessa umræðu til að setja sig þá inn í málið. Að sjálfsögðu fer ég einnig fram á að hæstv. fjármálaráðherra komi í salinn áður en umræður hefjast á ný.

[13:32]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég fer fram á það að hæstv. forseti fresti þessum fundi þangað til hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra verða komnir hér í þennan sal og sýni þessari mikilvægu umræðu þá lágmarksvirðingu að vera við hana og geti þannig svarað þeim spurningum sem við þingmenn munum leggja hér fram. Ég beini því til frú forseta að gera hlé á þessum fundi í á að giska 10 mínútur þangað til hæstv. ráðherrar komast til umræðunnar. Annars er hún að vissu leyti nokkuð tilgangslaus ef þeir sem flytja málið eru ekki viðstaddir og svara ekki þeim spurningum sem við reiðum fram í umræðunni.

[13:33]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti hefur gert ráðstafanir til að kalla umbeðna hæstv. ráðherra til þingfundar.

[13:33]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég tel afar mikilvægt og brýnt að þessar ráðstafanir verði hraðvirkar. Við erum að tala um stórt og mikið mál sem þarf að ræða til hins ýtrasta. Ég vil líka geta þess að hv. þingmaður og formaður Framsóknarflokksins hefur haft sig mikið í frammi og sett fram mjög málefnaleg rök fyrir máli sínu og það er eðlilegt að hann fái líka svör við þeim fyrirspurnum sem hann mun eflaust setja fram í ræðu sinni.

Þetta snertir virðingu þingsins í svona stóru og mikilvægu máli og ég treysti frú forseta til að taka á því þannig að við frestum þingfundi um eins og 10 mínútur til að ráðherrarnir hafi tækifæri til að koma í þinghúsið. Ekki veitir þeim af að hlusta á ræður þingmanna í þessu máli. Við munum a.m.k. ekki fá svör við þeim spurningum sem fram verða lagðar frá hæstv. heilbrigðisráðherra sem hér er í húsi, það er ljóst.

[13:34]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég er komin upp eins og aðrir hv. þingmenn sem hafa talað hér til að segja að það er ófært að halda þessum fundi áfram ef hæstv. ráðherrar koma ekki í salinn. Ég skora á forseta þingsins að fresta fundinum þar til hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra hafa gengið hér inn til að hlusta á umræður.

Hér er mælendaskrá langt fram á nótt svo að fólk átti sig á því. Það er langur dagur fram undan þannig að það er eins gott að viðkomandi ráðherrar vakni af hádegisblundi sínum og mæti hér áður en fundi er fram haldið.

[13:35]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég fagna því að hæstv. fjármálaráðherra er kominn í salinn en við bíðum eftir hæstv. forsætisráðherra. Mér finnst að frú forseti, sem er m.a. kjörin af okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar, eigi að sýna þingmönnum virðingu þegar við óskum eftir því að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir þessa umræðu, og þá kannski sérlega forustumönnum stjórnarandstöðunnar, þar á meðal hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, sem hefur haft sig mjög í frammi í þessu máli. Það að hæstv. ráðherrar séu ekki viðstaddir til að svara hv. þingmanni ber vott um algjört virðingarleysi gagnvart þingmanninum og Alþingi Íslendinga. Ég tel að frú forseti eigi í þessu máli að gæta að virðingu þingsins og ég trúi ekki öðru en að frú forseti hlýði á þá beiðni okkar að fresta þessum fundi um einar 10 mínútur þannig að formaður Framsóknarflokksins geti lagt hér fram fyrirspurnir, m.a. til hæstv. forsætisráðherra, þannig að við hlúum og hugum að virðingu Alþingis. Það veitir svo sannarlega ekki af á þessum tímum.

[13:36]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegur forseti. Ég tek undir þá ósk sem hefur komið hérna fram. Mér finnst hún málefnaleg og réttmæt og það er vegna þess að þetta mál er mjög stórt í sniðum, mikilvægt og mjög umdeilt. Hæstv. fjármálaráðherra flytur málið og er staddur hér, sem betur fer, en mér finnst ekki óeðlilegt að það sé líka beðið um að hæstv. forsætisráðherra sitji undir umræðunni, sérstaklega þegar forustumenn stjórnmálaflokkanna í landinu eru að fara með sína fyrstu ræðu. Þetta er tveggja flokka ríkisstjórn og mér finnst ekki óeðlilegt að forustumenn beggja stjórnarflokkanna sitji undir þeim ræðum sem haldnar eru þegar forustumenn annarra stjórnmálaflokka tala.

[13:38]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég er í rauninni mjög dapur yfir því að við skulum vera hér að ræða þetta mál því að ég taldi raunverulega eftir að þessir samningar, sem áttu að vera leynisamningar, voru gerðir opinberir að það þyrfti ekkert að ræða þetta, að ríkisstjórnin væri komin í þá stöðu að hún hlyti að draga þetta til baka vegna þess að hver sá sem les þá samninga sem hér um ræðir getur ekki með nokkru móti velt því fyrir sér að styðja samningagerðina. Það þarf ekki annað en einfalda útreikninga til að sjá að þetta stefnir þjóðinni í verulega hættu, getur hreinlega stefnt þjóðinni í þrot og ógnað sjálfstæði hennar.

Það hvernig þetta mál allt saman hefur verið meðhöndlað er líka með stökustu ólíkindum. Það stóð ekki til að Alþingi fengi að sjá þessa samninga sem við erum nú að ræða, en engu að síður átti Alþingi að samþykkja þá. Það er svo sem skiljanlegt eftir að þessir ætluðu leynisamningar voru birtir að ríkisstjórnin hafi ekki viljað að þingið sæi þá, en nú þegar þeir hafa verið birtir sjáum við hversu óaðgengilegir þeir eru. Engu að síður heldur stjórnin því til streitu að reyna að þvinga þetta mál hér í gegn og beitir til þess alveg ótrúlegum málflutningi, málflutningi sem ég hef ekki séð í íslenskum stjórnmálum svo lengi sem ég hef fylgst með þeim og ef maður flettir í sögunni held ég að það þurfi að fara býsna langt aftur til að finna ráðherra sem tjá sig með þeim hætti sem ráðherrar hafa gert í þessu máli. Í rauninni geng ég svo langt — frú forseti, væri hægt að hafa einn fund í salnum? [Hlátrasköll í þingsal.] (**Gripið fram í:** Bragð er að þá barnið finnur.)

(**Forseti** (ÁI)**:** Forseti tekur undir þau orð og biður þingmenn að hafa einn fund í salnum.)

Já, ég held einmitt að þeir sem hér voru á rökstólum ættu öðrum fremur að hlusta á það sem ég ætla að segja því að þessi samningur er þess eðlis að ekki er hægt að fallast á hann. Þar af leiðandi er undarleg staða að þurfa að standa hér og færa rök fyrir einhverju jafnaugljósu og því að þessir fráleitu samningar eru óásættanlegir.

Frá því að málið var fyrst kynnt hefur þessi sýndarmennska ríkisstjórnarinnar og blekkingarleikur haldið áfram. Nú þegar hefur komið í ljós að ekki eitt einasta atriði af þeim sem voru nefnd upprunalega sem rökstuðningur fyrir því að samþykkja samningana, sem þá áttu að vera leynilegir, hefur staðist, ekki lagalegt, ekki efnahagslegt, ekkert sem stjórnin kynnti í upphafi hefur staðist. Það var talað um að hugsanlega gætu um 30 milljarðar, ef sæmilega vel gengi, fallið á ríkið. Nú er komið í ljós að bara vaxtagreiðslurnar sem óumflýjanlega lenda á ríkinu verða líklega í kringum 300 milljarðar. Þetta vissi forsætisráðherra ekki fyrir nokkrum dögum þegar ráðherrann var spurður um þetta í þinginu. Svarið var: Það verður bara að koma í ljós. 300 milljarðar til eða frá, það virðist engu breyta um afstöðu ráðherra. Ekkert sem komið hefur fram um málið breytir afstöðu ráðherranna sem halda áfram að reyna að þvinga þingmenn sína til að styðja samning sem þeir vita í raun í hjarta sínu að er stórhættulegur fyrir þjóðina.

Af hverju erum við í þessari stöðu? Það er vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra er búinn að grafa sig svo langt ofan í holu að hann kemst ekki upp, heldur þess vegna áfram að grafa og hefur þar af leiðandi ekki annað fram að færa nú — eftir að vera orðinn rökþrota með allt sem hann sagði í upphafi svo ekki sé minnst á það sem hann sagði áður en hann varð ráðherra — en rökstuðning mótaðila okkar, andstæðinganna í þessu máli. Hér kemur hæstv. fjármálaráðherra Íslands og hefði allt eins getað verið fjármálaráðherra Bretlands miðað við málflutninginn. Hann hélt einfaldlega fram málflutningi andstæðinganna og reyndi ekki með nokkru móti að verja málstað Íslands.

Maður verður dapur að horfa upp á ráðherra landsins tala með þessum hætti og ég sá ekki betur en að það færðist dálítill depurðarsvipur yfir manninn á málverkinu þarna á meðan hæstv. fjármálaráðherra talaði. Þessi málflutningur er alveg ótrúlegur. Ég velti fyrir mér hvernig gengnum Íslendingum sem börðust fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, oft við mjög erfiðar aðstæður, og þraukuðu hér væri innan brjósts ef þeir hefðu fylgst einhvers staðar með ræðu hæstv. fjármálaráðherra. Ég held að þeir hljóti að vera a.m.k. jafnsvekktir og ég, mér verður hreinlega orða vant eftir að hafa upplifað þetta.

Svo kemur hér hæstv. utanríkisráðherra og fer með tómt fleipur sem er í rauninni alveg í samræmi við það hvernig þessi umræða hefur öll verið. Ég hef fylgst með málinu alveg frá upphafi og í raun má segja að það hafi verið upphaf þess að ég fór að skipta mér af stjórnmálum. Ég var í samskiptum við stjórnmálamenn alveg frá því um mánaðamótin september/október á síðasta ári. Og þó að það sé ekki hlutverk mitt að verja Sjálfstæðisflokkinn verð ég að segja að ósvífni Samfylkingarinnar í þessu máli er að ná nýjum hæðum hér í dag. Eins og ég segi fylgdist ég með gangi málsins allan tímann og það fór ekkert á milli mála að Samfylkingin var drifkrafturinn í þessu máli, vildi keyra það í gegn, vildi ekki einu sinni heyra lagaleg rök málsins. Það var ekki það að hún teldi þau ekki nógu góð, hún vildi hreinlega ekki heyra þau, það var ekki hægt að þvinga Samfylkinguna til að hlusta á lagaleg rök í málinu. Ég var ekki ánægður með frammistöðu Sjálfstæðisflokksins í málinu, en það fór ekkert á milli mála að það var Samfylkingin sem var leiðandi í þessu undir forustu utanríkisráðuneytisins og svo viðskiptaráðuneytisins. Sú ósvífni sem hér er sýnd af hálfu þessa flokks er algjörlega ólíðandi.

Eins og ég nefndi hafa efnahagsleg rök ekki staðist. Fullyrðingar sem settar voru fram í upphafi hafa reynst rangar og engir útreikningar verið settir fram til að styðja þá fullyrðingu að Ísland geti borið þessar skuldir nema ef vera skyldu tilgátur hæstv. viðskiptaráðherra í blaðagrein í Morgunblaðinu sem nánast allar voru úr lausu lofti gripnar, rangar, meira að segja reiknuð þjóðarframleiðsla út frá gengi evru eins og gengið var fyrir tveimur árum og sú þjóðarframleiðsla borin saman við stærðir nú. Þannig tókst ráðherranum að tvöfalda þjóðarframleiðslu Íslands, það var ein af mörgum reginvitleysum.

Ég ætla nú að reyna að útskýra þetta mál fyrir stjórninni með einfaldri dæmisögu. Við skulum bara ímynda okkur íslenska fjölskyldu einhvers staðar í bæ úti á landi, það má vera á Raufarhöfn. Í þessari fjölskyldu eru hjón, þau eiga nokkur börn og á heimilinu búa amman og afinn og líka einn frændi sem hefur átt erfitt uppdráttar í lífinu og þetta fólk er allt á framfæri fjölskyldunnar. Börnin vinna með

foreldrunum, faðirinn er trillusjómaður, hann veiðir fisk og selur og móðirin rekur lítið gistiheimili. Þetta er, hafi menn ekki gert sér grein fyrir því, samlíking við íslensku þjóðina.

Á þessu heimili hefur myndast sá siður að menn skiptast á greiðum fyrir gjaldmiðil og nota til þess matadorpeninga. Samlíkingin er íslenska krónan. Menn skiptast á um að gera greiða, einhverjir á heimilinu sjá um að rækta grænmeti og menn skiptast á hinum ýmsu greiðum, lesa upp úr bókum fyrir ömmu gömlu, fótanudd, hvað sem er á heimilinu er borgað með þessum matadorpeningum. Það er svona innra hagkerfi í þessari fjölskyldu.

Svo er hið ytra hagkerfi. Þessi fjölskylda þarf að afla tekna í íslenskum krónum, sem í þessu tilviki er hin erlenda mynt. Það gerir fjölskyldan með því að selja ferðamönnum gistingu og selja þann fisk sem veiðist. Það er alveg ljóst að sama hversu mikið fætur eru nuddaðir á heimilinu eða hversu mikið grænmeti þarf til þess að skiptast á innan veggja heimilisins, það breytir engu um þann fjölda íslenskra króna sem heimilið aflar. Heimilið þarf þessar íslensku krónur því að það þarf að kaupa hluti að utan.

Nú gerist það að þetta heimili er orðið verulega skuldsett. Það var keyptur nýr bátur, það var ráðist í mikið viðhald á gistiheimilinu og fjölskyldan er töluvert skuldsett en er með töluverðar tekjur af sölu fisksins og af heimilinu. Þessi skuldsetning er orðin slík að það er ekki mikið svigrúm. Jú, eitthvað af því sem er afgangs þarf að fara í að kaupa olíu á skipið svo að hægt sé að halda áfram að veiða og eitthvað af því sem er afgangs þarf að fara í þvottaefni til að þvo af rúmunum á gistiheimilinu svo að það sé hægt að fá ferðamenn. Þegar allt kemur saman er mjög lítið afgangs sem þessi fjölskylda hefur til að fara út í búð og kaupa mjólk eða aðrar nauðsynjavörur.

Hvað gerist svo ef bætist á þessa skuldsetningu vegna þess að einhver fantur kemur og segir: Borgaðu mér pening? Og spurt er: Af hverju? Ja, bara, ég er að innheimta verndargjald til að það fari ekki allt til fjandans á heimilinu þínu, ég get alveg séð til þess. Og heimilisfaðirinn tekur þann pól í hæðina að segja: Ja, verð ég ekki bara að borga, hvað annað get ég gert? Hann ákveður að borga og skuldin bætist á heimilið. Hver er þá staðan? Hvernig ætlar þetta heimili að verða sér úti um fleiri íslenskrar krónur? Það er sama hvað verður gert með matadorpeningana, þeir munu ekki duga til að bjarga fjölskyldunni úr þessu ástandi. Fjölskyldan er lent í skuldafangelsi eins og þessi ríkisstjórn er núna að setja þjóðina í.

Þess vegna skiptir þessi málflutningur ríkisstjórnarinnar um hagvöxt og hlutfall af landsframleiðslu engu máli. Fjölmörg ríki í heiminum hafa lent í þeirri stöðu að skuldsetja sig um of í erlendri mynt en samt með blússandi hagvöxt og næga landsframleiðslu. Það hefur ekkert að segja með þetta.

Afríkuríki, mörg hver, sem tónleikar eru haldnir fyrir til að hvetja stjórnvöld til að beita sér fyrir skuldaniðurfellingu fyrir, skulda kannski 20–25% af þjóðarframleiðslu en Japan skuldar 170%. Skuld Japana er hins vegar í þeirra eigin mynt, þeir geta prentað peningana sjálfir. Afríkuríkjunum, sem skulda hlutfallslega miklu minna, þó að þeirra hagkerfi séu miklu minni, eru allar bjargir bannaðar. Í þessa stöðu er nú verið að setja Ísland.

Þá held ég að mönnum væri hollt að líta til þess sem ég nefndi í upphafi, þeirrar baráttu sem Íslendingar hafa háð og rifja upp til að mynda það sem Halldór Laxness sagði í ræðu fullveldisdaginn 1. desember 1955, með leyfi forseta:

„Það er ekki óalgengt viðkvæði hér á landi nú á dögum þegar talið berst að nauðsyn þess að marka stefnu Íslands sem sjálfstæðs og fullvalda ríkis í einhverju máli að menn segja svo: Ég er þessu máli fylgjandi í hjarta mínu og ég skal reyna að styðja það svo lítið beri á, en ég vil ekki láta bendla mig við það opinberlega því að þá getur verið að ég fái ekki stöðuna sem ég er að hugsa um ellegar missi þá stöðu sem ég hef eða að mér verði synjað um lán.“

Halldór Laxness heldur áfram:

„Það eru heimildir fyrir því að barátta Jóns Sigurðssonar og samherja hans hafi ekki í fyrsta lagi verið háð við hina erlendu nýlendustjórn, heldur einkum og sér í lagi við þá menn hér heima á Íslandi sem hugsuðu og töluðu eins og þeir sem nú vitnað er til. Menn af þessu tagi eru höfuðóvinir sjálfstæðis og fullveldis þjóðar sinnar. Ekki vegna þess að þeir eigi beinan þátt í að ráða landið undir útlendinga, það gera venjulega aðrir sem standa þeim enn þá ofar í mannvirðingum, heldur af því að þeir eru hræddir við að fylgja því sem þeir vita rétt. Það er hörmulegt þegar menn fara að líta á embætti sín, stöður eða lánstraust sem díligjafir sér til handa fyrir að fylgja fram því sem þeir vita að er rangt.

Þegar einhver álitlegur hópur manna í framáliði þjóðarinnar hefur þannig misst hið innra sjálfstæði, glatað hugmyndinni um manngildi, þá er ekki góðs að vænta. Sjálfstæði þjóðar hefst ekki á fullveldi á pappírnum né í skálaræðum og húrrahrópum, heldur á því að trúnaðarmenn almennings, öngu síður en almenningur sjálfur, þori að vera menn, þori að standa uppi í hárinu á hvaða útlendum erkibiskupi sem er og staðfesta að maður sé Íslendingur eftir þeirri siðferðiskröfu sem í orðinu Íslendingur felst.“

Dugi ekki orð Halldórs Laxness, Nóbelsskáldsins, mætti kannski hæstv. fjármálaráðherra hugsa um orð forsætisráðherra höfuðandstæðinga Íslendinga í þessari deilu, Breta, hér áður fyrr, Winstons Churchills, sem stóð frammi fyrir miklu stærri ógn en Íslendingar núna. Hann hafði ekki áhyggjur af lánstrausti eða lánalínum frá öðrum löndum, hann stóð frammi fyrir þeirri hættu að ríki hans yrði eytt.

Hann sagði þá:

„Við munum standa á okkar, við munum verja okkar þjóð. Þeir hinir, þeir gera þá sitt versta, við gerum okkar besta.“

[13:52]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) ***(andsvar)*****:**

Frú forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég vil leiðrétta. Hv. þingmaður sagði að það hefði aldrei staðið til, eða það hefði staðið til öllu heldur, að alþingismenn fengju ekki að sjá þennan samning. Þessu er akkúrat og algerlega öfugt farið. (**SDG:** Þú fullyrtir það.) Því var öfugt farið. Strax eftir að niðurstaðan lá fyrir lýsti ég því í fyrsta lagi opinberlega yfir, bæði á blaðamannafundum og hér í ræðustóli Alþingis, að við værum í samskiptum við gagnaðila okkar um að fá að gera samninginn opinberan og í öllu falli tryggja

aðgengi alþingismanna að honum. Það lá fyrir löngu áður en drög að ófrágengnum samningi bárust til fjölmiðla með einhverjum hætti og til hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Þetta er til skjalfest ef menn trúa ekki yfirlýsingum um það. Að sjálfsögðu var aldrei ætlunin annað en alþingismenn hefðu öll þau gögn sem tiltæk væru til að kynna sér í þessu máli. Og sá viðamiklu skjalapakki sem hér fylgir með, ég fullyrði að hann á sér ekki hliðstæður því þó að málið sé vissulega stórt og einstætt á margan hátt í sögu okkar þá held ég þó að oft áður hafi niðurstöður flókinna samninga komið á borð alþingismanna með fátæklegri fylgigögnum en nú er þar sem hefur verið létt trúnaði af skjölum sem ekki hefur verið venjan að sýna fyrr en að áratugum liðnum þegar gögn úr ráðuneytum eru orðin aðgengileg í Þjóðskjalasafni Íslands. Ég held að hv. þingmenn hljóti að viðurkenna það þegar þeir skoða fylgigögn málsins að það hafi verið allt reynt sem hægt er til að auðvelda mönnum að kynna sér það ofan í kjölinn og taka upplýsta ákvörðun.

[13:54]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er líklega við hæfi að hæstv. fjármálaráðherra fari með rangt mál nú því þannig hófst umræða hans við mig um þetta mál á Alþingi þegar hæstv. ráðherra fullyrti að því færi fjarri að von væri á samningum í Icesave-málinu. Það væru ekki hafnar formlegar viðræður. Skömmu síðar, innan við tveimur sólarhringum síðar var samningurinn kynntur eða að til stæði að undirrita hann. Síðan hefur hæstv. ráðherra reyndar haldið því fram sem rökum nú nýlega að það væri ekki um annað að ræða en fallast á þennan samning vegna þess að það hafi farið svo mikil vinna í samninginn, svo margir samningafundir, samningaviðræður búnar að standa svo lengi. Þessir tæpu tveir sólarhringar þykir mér ekki sérstaklega langur tími, hafi ráðherrann farið með rétt mál.

En það er eins og ég segi hreinlega rangt að til hafi staðið að kynna þinginu þennan samning. Það kom fram bæði í viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd að þingið ætti ekki að fá að sjá samninginn. Það kom jafnframt fram að hugsanlega gæti Ríkisendurskoðun séð um að túlka samninginn fyrir þingmenn. Hæstv. fjármálaráðherra upplýsti það meira að segja í hv. utanríkismálanefnd að það ætti ekki einu sinni að opinbera vextina á samningnum. Það var ekki fyrr en samningurinn var kominn í fjölmiðla og ríkisstjórnin átti engra annarra kosta völ en hún ákvað að birta hann. Svoleiðis hefur þetta mál allt saman verið. Það hefur ekki eitt einasta atriði staðist og eigum við að trúa ríkisstjórninni nú þegar hún heldur því fram að þetta verði allt í lagi, þetta sé ekki svo mikið vandamál, þjóðin muni geta staðið undir þessu þrátt fyrir að málsmetandi menn um allt, bæði hér á landi og erlendis hafi sýnt fram á hið gagnstæða? Hvenær ætlar þessi ríkisstjórn að hætta að blekkja þingheim og þjóðina?

[13:56]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek það fram að ég er að koma þessum athugasemdum á framfæri fyrir þingtíðindin og aðra hv. þingmenn. Hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gerir það að sjálfsögðu upp við sig hvort hann kýs að trúa því sem fullyrt er og því sem hægt er að sanna með skjölum. Hann má auðvitað halda áfram að halda því fram að það sé rangt en veruleikinn er sá að ég tel að það hafi verið gerð nákvæmlega grein fyrir því hvernig þetta mál er vaxið frá byrjun. Það er þannig vaxið og það er það sem var upplýst í þingnefndum að samningsaðilar okkar, gagnaðilar okkar voru því andvígir að samningurinn yrði gerður opinber, sem og er hefðin í tilvikum sem þessum.

Í öðru lagi voru þeir meira að segja andvígir því í byrjun að vaxtakjörin yrðu upplýst og það upplýstum við en við fengum þá til að fallast á það strax í byrjun, enda urðu þau ljós um leið og samningurinn lá fyrir. Það var síðan unnið að því alveg frá því dagana eftir 5. júní að fá þá til að fallast á að við gætum gert samninginn aðgengilegan. Við sögðum þá strax að við vildum helst gera hann opinberan, a.m.k. óopinbera þýðingu á honum og við öfluðum síðan samþykkis í fyrsta lagi fyrir því að samningurinn fengi að ganga til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til mats á ákvæðum hans þar og í öðru lagi að hann gæti orðið alþingismönnum aðgengilegri. Þetta liggur allt saman fyrir og eru staðreyndir málsins. Svo gerir hv. þingmaður það upp við sig hvort hann telur að umræðan hér verði málefnalegri og uppbyggilegri með því að neita staðreyndum.

[13:58]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er að verða svolítið erfitt fyrir hæstv. fjármálaráðherra sem eltur er af fyrri yfirlýsingum sínum í þessu máli og öðrum, yfirlýsingum sem ganga þvert á allan málflutning hans nú en samt leyfir hann sér enn og endalaust að halda því fram að hann sé samkvæmur sjálfum sér og fari með rétt mál, þrátt fyrir að vera beinlínis staðinn að því að greina þinginu ekki rétt frá.

Ég held að það hljóti að vera að hæstv. ráðherra sé farinn að blekkja, ekki bara þingið og almenning í þessu máli heldur sjálfan sig líka. Þetta er það sem gerist þegar menn eru orðnir rökþrota en búnir að ganga of langt, búnir að grafa sig of langt ofan í holuna, þá lenda þeir í þessari stöðu, eins og pörupiltur sem gerir prakkarastrik og byrjar svo að reyna að færa í stílinn, segja ekki alveg rétt frá til að fela prakkarastrikið en smátt og smátt vindur sagan upp á sig og það verður erfiðara og erfiðara fyrir hann að halda sögunni áfram og vandræðalegra upp á að horfa. Þannig er staðan orðin hjá þessari ríkisstjórn. Hún er komin í þvílíka andstöðu við sjálfa sig og ekki hvað síst hæstv. ráðherra í þessu máli eins og öðrum að það er orðið vandræðalegt að horfa upp á það.

[13:59]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Við Íslendingar, og ekki bara þeir sem sitja í þessum sal, stöndum núna frammi fyrir afleiðingum af því sem úrskeiðis fór á undanförnum árum. Ekki þarf að orðlengja að afleiðingarnar eru um margt slæmar og einn flötur á því er þetta Icesave-mál sem við ræðum í dag. Það er auðvitað bara einn flötur af mörgum.

Það væri hægt að rekja í löngu máli það sem fór úrskeiðis í íslenska efnahagslífinu, og sérstaklega fjármálakerfinu á undanförnum árum, en ég ætla að hlífa mönnum við því nema hvað ekki verður komist hjá því að fjalla aðeins um það hvers konar glannaskapur þessir Icesave-reikningar voru, tvímælalaust mesti glannaskapur Íslandssögunnar. Þetta var íslenskur glannaskapur, þetta var íslenskur banki sem var stjórnað af Íslendingum, í eigu Íslendinga undir íslensku eftirliti sem starfaði samkvæmt íslenskum lögum. Það voru íslenskar eftirlitsstofnanir sem áttu að fylgjast með honum og hvort sem það voru eftirlitsstofnanirnar, stjórnendurnir eða stjórnmálamennirnir sem brugðust liggur alveg fyrir að þeir sem brugðust voru Íslendingar. Það komu engir aðrir við sögu við stjórn þessarar óheillaferðar Landsbankans til Bretlands og Hollands. Og nú súpum við seyðið af því.

Því hefur verið haldið fram að afleiðingarnar séu ríki og þjóð ofviða. Það er sem betur fer ekki þannig. Þetta er auðvitað ekki ánægjuefni, þetta er eiginlega eins fjarri því að vera ánægjulegt og nokkurt mál getur verið, en sem betur fer er það samt ekki óviðráðanlegt, hvorki fyrir ríkissjóð né þjóðina. Reyndar er rétt að hafa í huga í því samhengi að við stöndum ekki bara frammi fyrir afleiðingunum af þessu, heldur einnig afleiðingunum af verulegri neyslu umfram framleiðslu, þ.e. viðskiptahalla á mörgum árum sem skilað hefur sér í verulegri skuldasöfnun, fyrst og fremst reyndar einkaaðila en að einhverju leyti ríkissjóðs, sem við verðum að vinda ofan af á næstu árum, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Icesave-reikningurinn er hluti af því öllu saman en reyndar ekki nema tiltölulega lítill hluti.

Hvað þurfum við að gera til að vinda ofan af þessu? Það er í raun og veru mjög einfalt. Við verðum að hætta að eyða um efni fram og fara að reka þjóðarbúið með talsverðum afgangi. Við þurfum sem sagt að flytja meira út en við flytjum inn til að búa til gjaldeyri til að standa í skilum með allt það sem við höfum safnað upp í skuldum, jafnvel þótt við reynum ekki að greiða skuldir hinna föllnu banka sem ekki eru á ábyrgð þjóðarinnar eða ríkissjóðs. Megnið af þeim skuldum mun falla án þess að Íslendingar greiði nema lítið brot af því. Það verður einfaldlega greitt það sem kemur út úr þrotabúum hinna föllnu banka og ekki meir. Lítill hluti af þeim heildarreikningi fellur á þennan innstæðutryggingarsjóð vegna þess hlutar sem hann gegndi í að tryggja innstæður íslenskra banka í útlöndum.

Hvað þarf þá þjóðarbúið að gera og hvað hefur það til ráðstöfunar? Við getum byrjað á því að skoða útflutningstekjur landsmanna. Þær hafa vaxið örar held ég en flesta grunar á undanförnum árum. Mælt í evrum hafa útflutningstekjur landsmanna vaxið um rúm 8% á ári síðustu 15 árin, en 15 ár eru einmitt líftími Icesave-samningsins. Það gerir u.þ.b. þreföldun. Undir lok þess tímabils sem við erum að skoða, 2007 og 2008, voru tekjurnar vel rúmir 5 milljarðar evra bæði árin. Reyndar er ekki útlit fyrir annað en að þær verði einnig umfram 5 milljarða í ár. Þetta er auðvitað talsvert fé en engu að síður vorum við með viðskiptahalla flest undangengin ár, einfaldlega vegna þess að innflutningurinn var enn meiri. Því er ekki nema von að spurt sé: Er hægt að snúa þessu við þannig að þjóðarbúið afli talsvert meira en það eyðir og geti þar með staðið í skilum, ekki bara með þennan Icesave-reikning heldur alla hina reikningana sem á okkur falla og tengjast fæstir föllnu bönkunum sérstaklega? Svarið er já, og það er augljóslega já. Það sem þarf einfaldlega að gera er að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi. Það er ekkert sem bendir til annars en að það takist, þeir hafa reyndar haldið sjó ansi vel undanfarna mánuði í ljósi þess hve illa árar almennt á alþjóðamörkuðum og útflutningur Íslendinga dregist mun minna saman en t.d. iðnþjóða í Vestur-Evrópu. Ekkert af þeim mannauði og þeim náttúruauðlindum sem búa að baki þessum útflutningi hefur orðið fyrir beinu tjóni vegna samdráttarins. En sóknin er í útflutningnum, vörnin verður í innflutningnum. Við þurfum að draga innflutninginn talsvert saman. Góðu fréttirnar eru þær að við höfum þegar gert það. Það er þegar komið, og allt frá hruni bankakerfisins í fyrrahaust hefur verið þokkalegur afgangur af viðskiptajöfnuði landsmanna. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt að fall krónunnar og mikið tap manna hefur dregið úr innflutningi, það er alveg rétt, en skoðum aðeins hver væri eðlilegur innflutningur landsmanna til að standa undir góðum lífskjörum. Og höfum í huga að við höfum rétt ríflega 5 milljarða evra til ráðstöfunar. Það er það sem við búum til úr útflutningstekjunum.

Horfum þá aftur til áranna 2001–2003 áður en allt fór hér á annan endann vegna ofvaxtar í bankakerfinu og reyndar einnig vegna mikillar fjárfestingar í orkufrekum iðnaði. Á þessum ágætu árum — sem ég held að enginn minnist sem neinna sérstakra kreppuára þar sem ekki var hægt að fá erlendar vörur — fluttum við inn vörur, og reyndar hluta af því fjárfestingarvörur, fyrir milli 3 og 4 milljarða evra á ári, u.þ.b. 3,5 milljarða evra að meðaltali. Ef okkur tekst að halda útflutningnum í nokkurn veginn því horfi sem hann hefur verið í ár og undanfarin tvö ár (Gripið fram í.) og innflutningnum í nokkurn veginn því horfi sem hann var þessi ágætu ár 2001–2003 búum við til viðskiptaafgang upp á 1,5 milljarða evra á ári. (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Þetta er einfaldlega það sem við getum gert og það sem við munum gera. Reyndar þurfum við ekki að búa til alveg svona mikinn afgang en þetta væri nokkuð sem við gætum gert án þess að þrengja beltin þannig að það yrði óbærilegt. Árin 2001–2003 voru hér ágæt lífskjör, við vorum með ríkustu þjóðum í heimi. Við vorum í efstu 10 sætum á flestum listum yfir neyslu, framleiðslu og lífsgæði þannig að það er ekki verið að biðja fólk um að hverfa aftur til 19. aldarinnar.

Ef vöxtur verður á útflutningi, jafnvel þótt hann verði ekki nema helmingurinn af því sem hann hefur verið undanfarin ár, mundum við búa til á næstu 15 árum meira en 100 milljarða evra í útflutningstekjum sem væri miklu meira en nóg til að standa undir ekki bara eðlilegum innflutningi, það væri líka nóg til að greiða niður allar erlendar skuldir landsmanna, þar á meðan þennan Icesave-reikning sem er þó reyndar ekki nema lítill hluti heildarinnar. Þegar fólk kemur í ræðustól eða einhvers staðar annars staðar og heldur því fram að Ísland sé á vonarvöl, að við eigum enga von, við eigum ekki fyrir skuldum, við séum gjaldþrota þjóð eða gjaldþrota ríki og erlendir aðilar eigi að gefa okkur upp skuldir okkar vegna þess, fara menn einfaldlega með fleipur. Það er einfaldlega þannig að við erum ein ríkasta

þjóð í heimi og það er ekkert útlit fyrir annað en að við verðum það áfram ef við höldum þokkalega á spöðunum.

Ef við semjum um okkar mál, siglum út úr þessum vandamálum í þokkalegri samvinnu við nágrannaþjóðir okkar og reyndar með ágætum stuðningi þeirra getum við haft áfram einhver albestu lífskjör í heimi. Við búum enn að öllum okkar raunauði. Við búum að einhverri best menntuðu þjóð í Evrópu. Við búum að náttúruauðlindum sem nánast allar aðrar þjóðir heims geta öfundað okkur af. (**Gripið fram í:** Ekki þó velferðar….) Við búum að lagakerfi, dómskerfi, félagsauði. Það er sama hvar drepið er niður fæti. Við erum alls staðar ágætlega sett. Ég skal alveg viðurkenna að það er ýmsum að þakka. Það er kynslóðunum sem gengið hafa á undan okkur að þakka. Þær hafa skilað afskaplega góðu búi þrátt fyrir að vissulega verði að viðurkenna að þeim sem héldu um stjórnvölinn u.þ.b. frá aldamótum voru mislagðar hendur, en þegar litið er lengra aftur í tímann hefur Íslendingum tekist að búa til öfundsvert og ríkt þjóðfélag og það ríkt að það getur staðið undir áföllum eins og þeim sem við höfum orðið fyrir.

Við getum kannski rifjað upp líka hvað gekk á þegar lætin voru hvað mest, hvað það var sem bjó til þennan óskaplega viðskiptahalla, þennan svakalega innflutning sem skilaði sér í öllum þessum skuldum. Það má taka lítil dæmi sem auðvitað vega ekki þungt en eru bara táknræn, eins og um íslenska bankann sem fór með tvær — eða voru það þrjár — þotur fullar af Íslendingum til Mílanós, m.a. til að borða þar gull. Við getum rifjað upp að Íslendingar fluttu inn fleiri glæsijeppa en samtals var gert annars staðar á Norðurlöndunum. Við getum rifjað upp poppstjörnurnar sem fluttar voru inn frá útlöndum. Ekkert af þessu þurfum við að endurtaka. Við þurfum ekki að eyða gjaldeyri í þetta framar þannig að sparnaðurinn verður líklega að mestu leyti fólginn í því að við skrúfum niður ruglið, endurtökum ekki gullátið. Við hlustum á Elton John af plötum eða sleppum því alveg að hlusta á hann frekar en að flytja hann inn fyrir tugi milljóna króna og svo mætti lengi telja. En við þurfum ekki að spara við okkur matvæli, lyf eða fatnað. Við þurfum ekki að neita að standa við skuldbindingar okkar vegna þess að við eigum ekki fyrir þeim. Það er einfaldlega rangt.

Sumir hafa lagt til að við förum einhvers konar Argentínuleið, bara neitum að borga. Hversu ábyrgt er það? Hefur einhver kynnt sér sögu Argentínu sem eru mestu vonbrigði 20. aldarinnar í hagsögunni? Þetta var eitt ríkasta land í heimi framan af 20. öldinni, miklu ríkara en Ísland. Það var ríkara en fyrrverandi nýlenduþjóðin Spánn. En þeim hefur haldist svo illa á sínum málum að þeir hafa rambað á barmi gjaldþrots árum saman með lífskjör sem eru farin að nálgast lífskjör þriðja heims ríkja, orðnir miklu fátækari en löndin sem þeir báru sig saman við í upphafi 20. aldarinnar og framan af henni. Ef þetta á að verða fordæmið, ef Ísland á að verða Argentína 21. aldarinnar höfum við tekið rangar ákvarðanir. (**Gripið fram í:** Sagðirðu ekki Kúba einhvern tímann?) Ef menn vilja breyta Íslandi í Kúbu 21. aldarinnar líst mér ekkert betur á það.

Virðulegi forseti. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir snýst öðrum þræði um það hvort við ætlum að komast frá þessu hruni íslenska fjármálakerfisins með fullri reisn í samvinnu við nágrannaþjóðir okkar, fara með friði, standa við skuldbindingar okkar, virða eignarréttinn, virða lögin og halda uppi, áfram sem hingað til, lífsgæðum sem eru slík að afgangur heimsins öfundar okkur af þeim eða hvort við ætlum að svíkjast undan, standa ekki í skilum og bera við fátækt sem er einfaldlega röng. Við förum fram með röngum rökum um að við getum ekki borgað þegar við getum borgað án þess að íþyngja þegnunum eða ríkinu umfram greiðslugetu. Þetta er í raun og veru einfalt val.

[14:13]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mínúta dugar mér ekki til að leiðrétta allar rangfærslur hæstv. ráðherra. Ráðherrann byrjaði á því að halda því fram fyrir nokkrum dögum að Ísland hefði um það bil 5 milljarða evra í útflutningstekjur og þar sem 5 milljarðar evra væri miklu hærri upphæð en þyrfti að borga af Icesave væri þetta ekki vandamál. Nú gerir hæstv. ráðherra þó sér grein fyrir að eitthvað af þessu fer aftur úr landi en gleymir grundvallaratriðinu, gleymir skuldsetningunni, gleymir því að mjög stór hluti af þeim erlendu tekjum sem koma hingað inn í landið fer beint út aftur í afborganir og vexti af lánum.

Hann gleymir fjármagnsliðnum, gleymir áhrifum of mikillar lántöku á liðnum árum. Hvar höfum við séð þetta áður? Hvar höfum við séð einhverja flaska á því að gleyma áhrifunum af of mikilli skuldsetningu? Var það ekki það sem fór með íslenska bankakerfið? Er ekki kaldhæðnin sú að íslenska ríkisstjórnin er nú að gera það sama með þjóðina og varð bankakerfinu að falli?

[14:14]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var svo undarleg fullyrðing að ég átta mig ekki alveg á hvernig ég á að svara henni. Ég talaði ekki um neitt annað en skuldsetningu Íslendinga og hv. þingmaður fullyrðir að ég hafi horft fram hjá henni. Ég tók m.a. fram hvernig hægt væri, ef vilji manna stæði til, að greiða upp allar skuldir Íslendinga — náttúrlega ekki skuldir hinna föllnu banka, þær verða aldrei greiddar, en allar aðrar venjulegar skuldir, þar á meðal skuldir ríkisins — á næstu árum ef við bara sættum okkur við að innflutningurinn verði u.þ.b. eins og hann var fyrir 5–6 árum og höldum sjó í útflutningnum.

[14:15]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það sem hæstv. ráðherra virðist ekki skilja er m.a. það að sú mikla neysla sem hér var á undanförnum árum, Range Roverarnir og allt þetta sem ráðherrann nefndi, var ekki fjármögnuð með því að taka fé af einhverjum útflutningstekjum sem við áttum. Þetta var fjármagnað með lánum. Við vorum að skuldsetja okkur til viðbótar. Nú sitjum við uppi með þessi lán að miklu leyti svo að þetta er ekki kostur í stöðunni. Þetta er galli.

Þetta eltir okkur núna og hefur orðið til þess að það er ekki afgangur. Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn hafa ekki sýnt fram á að það sé til staðar eða verði þessi afgangur? Megnið af útflutningstekjunum, eins og ég nefndi áðan, fer í afborganir og vexti af lánum,

stór hluti fer í nauðsynlegar innflutningsvörur, vörur sem við þurfum til að geta haldið áfram að flytja út. Og þá er mjög lítið eftir, líklega ekki neitt.

[14:16]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi orð þingmannsins bjóða eiginlega bara upp á það að ég segi í þriðja sinn það sem ég er þegar búinn að segja tvisvar, en ég ætla að hlífa þingheimi við því.

Málið snýst einfaldlega um það að við erum raunar þegar hætt innflutningi á gulli til átu eða lúxusjeppum. (**SDG:** Sýndu útreikninga.) Það skal ég gera með glöðu geði. Þetta getur reyndar hver sem er reiknað sjálfur því að frumgögnin eru opinber, þetta er á vef Hagstofunnar, (Gripið fram í.) gengistölurnar hjá Seðlabankanum og þetta er mjög einfalt. (Gripið fram í.) Það er hægt að skoða innflutningstölurnar frá 2001 til 2003 og það er hægt að skoða útreikningstölurnar undanfarin ár. Svo er hægt að velta fyrir sér hvort eitthvað bendi til annars en að við getum haldið þessum útflutningi gangandi. (Gripið fram í.) Ég var búinn að fjalla um það sérstaklega að við gætum greitt upp öll lán með vöxtum þannig að það liggur fyrir.

[14:17]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var mjög alvarleg yfirlýsing frá hæstv. viðskiptaráðherra um að Íslendingar einir bæru ábyrgð á Icesave. Það voru nefnilega hollenska ríkisstjórnin og breska ríkisstjórnin sem ákváðu að bæta sparifjáreigendum upp það tap sem þeir höfðu orðið fyrir til að viðhalda trausti sparifjáreigenda í þessum löndum og um alla Evrópu og um allan heim á þeirri reglugerð sem Evrópusambandið hefur sett til að tryggja innstæður. Þær ríkisstjórnir tóku ákvörðun um að nota fé skattgreiðenda í stað þess að nota fé innlánsstofnana til að bæta upp eina tryggingatjónið sem upp hefur komið. Við Íslendingar getum ekki bara sisona sagt að þeir beri enga ábyrgð með því að taka þessa ákvörðun, að tryggja innstæðurnar. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort gert hafi verið 15 ára plan um hvernig þetta verður greitt, raunverulegt, með besta tilfelli, versta tilfelli o.s.frv. Það vantar alveg að gerð sé áhættugreining á eignum Landsbankans sem við erum að tryggja.

[14:18]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Sjálfsagt verður hægt að deila mjög lengi um galla og kosti hinna ýmsu tilskipana Evrópusambandsins sem tengjast þessu máli. Ég rakti það reyndar í upphafi máls míns að hvað svo sem mönnum finnst um þær tilskipanir er alveg ljóst að Landsbankinn og eftirlit með honum var í höndum og á forræði Íslendinga þannig að ábyrgðin af því og mistökin sem voru framin þar hljóta alltaf á endanum að vera fyrst og fremst íslensk. Það er kannski sárgrætilegast í þessu að þessi banki lagði af stað, lekt skip, nánast komið að því að sökkva vorið 2008 með öllum leyfum frá Íslendingum til að sópa inn milljörðum evra á reikningum í Hollandi. Ef menn telja að Hollendingar beri ábyrgð á því er rétt að rifja upp þau mótmæli sem Hollendingar höfðu uppi vegna þess og hafa nú verið gerð opinber.

[14:19]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var ákvörðun breskra og hollenskra stjórnvalda að nota fé skattgreiðenda í þeim löndum til að tryggja það sem Evrópusambandið reiknaði með að innlánsstofnanir ættu að tryggja. Það eru innlánsstofnanir sem eiga að borga inn í þetta tryggingakerfi.

En mig langar til að skerpa á þeirri hugsun sem ég spurði áðan: Hvað telur ráðherrann miklar líkur á því að eignir Landsbankans dugi ekki fyrir 30% af innstæðunum? Hvað gerist þá og hvað eru miklar líkur á því að Ísland nánast verði gjaldþrota? Mér sýnist að hæstv. ráðherra gangi út frá meðaltali, nákvæmlega eins og FL Group gerði þegar það keypti í amerísku flugfélagi og sagðist hafa gert ítarlega rannsókn á því að áhættumatið stæðist. Það eru meðaltölin sem gilda í slíkum útreikningum en það sem við sem þingmenn þurfum að skoða eru einmitt frávikin þegar eitthvað gerist sem enginn reiknaði með, eins og t.d. það að þrír bankar færu á hausinn á Íslandi, eins og t.d. það að eitthvað gangi ekki eftir, eignin sé miklu minna virði en reiknað var með.

[14:21]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er raunar að sumu leyti sammála hv. þingmanni um að það er auðvitað veruleg óvissa, ekki bara í þessu máli heldur ýmsum öðrum sem tengjast hruninu. Þó að við horfum fram hjá Landsbankanum liggur auðvitað heldur ekki nákvæmlega fyrir hvað kemur t.d. út úr búum Kaupþings og Glitnis og annarra banka sem fallið hafa, þar á meðal hversu mikils virði eignasöfnin verða sem hafa verið flutt af gömlu bönkunum til hinna nýju. Það er mikil óvissa um margt og m.a. eignasafn Landsbankans en það hefur samt verið skoðað betur en flest.

Í Icesave-samkomulaginu er gert ráð fyrir því — og það er talið mjög varfærið mat — að eignir Landsbankans dugi fyrir þremur fjórðu af forgangskröfum. Skilanefnd Landsbankans hefur gefið út mat sem er talsvert hærra, þ.e. um 82–83% þannig að í samanburði við það er þessi 75% tala tiltölulega hógvær. Ég ætla ekki að lofa því að við náum a.m.k. 75% en tel það þó mun líklegra en ekki.

[14:22]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra komst akkúrat að kjarna málsins í síðasta andsvari er hann segir að það sé alveg óskapleg óvissa um alla hluti málsins, m.a. hvað fæst upp í eignir og annað, og ræða hans byggðist m.a. á mjög mörgum ef-um. Þetta er allt ef, ef, ef, þetta er spádómur um framtíðina og þetta var ekki góður hagfræðitími sem ég sat hér í undir ræðu hæstv. viðskiptaráðherra.

Að bera saman tekjur síðustu 15 ára og væntar tekjur næstu 15 ára er tóm blekking (Gripið fram í.) miðað við það sem gerðist á haustdögum 2008. (**Gripið fram í:** Ný Kárahnjúkavirkjun.) Ég vil einnig spyrja hæstv. viðskiptaráðherra, hann kom aðeins inn á að með því að samþykkja Icesave-samkomulagið væri virtur eignarréttur. Það er þveröfugt. Með því að samþykkja Icesave-samninginn er verið að hunsa eignarrétt þjóðarinnar, það er verið að hunsa

eignarrétt á auðlindunum, það er verið að hunsa eignarrétt þess sem þjóðin á (Forseti hringir.) og síðast en ekki síst er búið að hunsa eignarrétt einstaklinga (Forseti hringir.) því að íbúðirnar eru upptækar nú þegar.

[14:23]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt, hv. þingmaður skildi það alveg rétt, að það er talsverð óvissa um marga þætti og ekki bara hversu mikið kemur út úr þrotabúi Landsbankans. Hitt get ég samt alveg fullyrt að það eru engar líkur á því að okkur takist ekki að ná slíkum tökum á okkar málum að eftir 15 ár verði staðan ekki orðin talsvert betri en hún er núna. Þess eru nánast engin dæmi úr veraldarsögunni að lýðræðisríki klúðri svo málum sínum að þau nái ekki slíkum árangri. (Gripið fram í.) Einu löndin sem ná ekki slíkum árangri eru Kúba, Argentína og önnur slík lönd (Gripið fram í.) sem missa allt niður um sig. Það munum við ekki gera og þá er hægt að lofa því að við verðum betur stödd eftir 15 ár en við erum núna. Við verðum raunar orðin betur stödd en við erum núna eftir mun skemmri tíma en 15 ár. (Gripið fram í.) Því þori ég að lofa.

[14:24]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi loforð eru ekki tekin gild þar sem nú er ríkisstjórnin að fresta vandamálinu um að borga þessar gríðarmiklu Icesave-skuldbindingar þar til eftir sjö ár. Ríkisstjórnin sjálf er að búa til sjö ára hefðbundna kreppu með því að fresta byrjun afborgana þar til eftir sjö ár.

Að standa í pontu Alþingis og lofa því að við verðum komin á lappirnar eftir 15 ár er fullkomið ábyrgðarleysi og raunverulega skil ég ekki hvað hæstv. viðskiptaráðherra er að fara, (Gripið fram í.) enda er hlutverk hans í ríkisstjórninni að verja ríkisstjórnina og tala þannig um hana að hún njóti frekar trausts í samfélaginu. Hæstv. viðskiptaráðherra sækir umboð sitt til þeirra 11 einstaklinga sem sitja í ríkisstjórninni, ég bendi á að hæstv. viðskiptaráðherra er ekki þjóðkjörinn eins og þingmenn og restin af ríkisstjórninni mínus hæstv. dómsmálaráðherra. Þetta er svo mikill ábyrgðarhluti og ég minni hæstv. viðskiptaráðherra á að hér á landi ríkir ráðherraábyrgð (Forseti hringir.) og um hana má lesa í stjórnarskrá Íslands.

[14:25]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Úr þessu deilumáli fæst bara skorið með einum hætti. Hann er sá — og ég skal bjóðast til þess núna að árið 2024, þennan dag í upphafi júlímánaðar, skal ég hitta hv. þingmann og við skulum fara yfir það (**VigH:** Ég veit ekki … … á lífi þá.) (Gripið fram í.) hvort staðan er ekki betri þá en nú — að því gefnu að við verðum bæði á lífi. Ég ætla rétt að vona það. Það er kannski takmörk fyrir því hversu svartsýnn hægt er að vera í ræðustól.

[14:26]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þá bjartsýni sem fólst í ræðu hans um möguleika okkar til að vinna okkur út úr þeirri skuldastöðu sem upp er komin. Fyrir mér skiptir þó mestu þegar ráðherrar í ríkisstjórn mæla fyrir þessu máli að þeir geri grein fyrir því hvers vegna íslenska eigi ríkið að taka á sig ábyrgð á innstæðutryggingarsjóðnum. Hæstv. ráðherra tefldi fram ákveðnum rökum. Hann nefndi það að hér hefðu komið við sögu íslenskir bankar, íslenskir eigendur þeirra og íslenskt eftirlit. En það bara dugar ekki eitt og sér og við hljótum að taka með í reikninginn þær væntingar sem reglugerð Evrópusambandsins um innstæðutryggingar gaf innstæðueigendum sem treystu útibúi Landsbankans fyrir innstæðum sínum á grundvelli þeirrar reglugerðar. Þegar hún bregst getum við ekki lengur sagt að hér hafi bara íslenskir kraftar verið að verki. Það komu fleiri að því máli.

[14:27]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér er jafn vel kunnugt og öðrum um að ýmsir ágætir íslenskir lögfræðingar hafa haldið því fram að það sé einhver lagalegur vafi á því hverjar skuldbindingar íslenska ríkisins eru vegna þessara innstæðutrygginga. Það liggur hins vegar einnig fyrir að enginn málsmetandi maður utan lands og enginn af vinaþjóðum okkar, ekki einu sinni Norðmenn sem þó hafa sýnt okkur mikið vinarþel í þessum vandræðum öllum, hefur tekið undir þann málflutning. Reynt hefur verið til hins ýtrasta að koma þessum sjónarmiðum á framfæri en enginn hefur tekið undir þau. Við getum haldið áfram að gala þangað til við erum hás en það breytir því ekki að enginn hefur tekið undir þetta og enginn virðist ætla að taka undir þetta. Sú leið er því einfaldlega ekki fær. (**VigH:** Hún er fær.)

[14:28]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Staðan er þessi: Bretar og Hollendingar eiga kröfur sem þeir leystu til sín frá innstæðueigendum. Þeir eiga kröfu á íslenska innstæðutryggingarsjóðinn, þeir geta sótt hann hérna á Íslandi. Það liggur alveg fyrir hvar þeir geta leyst úr hinum lagalega ágreiningi.

Það sem hæstv. ráðherra hefur sagt í þessu máli, kom svo sem ekki inn á í ræðu sinni núna, er að þessar þjóðir hyggist beita okkur þvingunum til að ná sinni hlið málsins fram. Það er fyrir þessum þvingunum sem ég segi að við eigum ekki að beygja okkur. Ég segi: Við eigum ekki að samþykkja samninga sem við erum ósáttir við. Við eigum ekki að taka á okkur allar byrðarnar á því að regluverk Evrópusambandsins brást jafnvel þótt hæstv. ráðherra geti komið hingað upp og fært fyrir því rök að við getum risið undir greiðslunum inn í framtíðina vegna þess að það að við getum borgað er ekki nægjanlegt sem rök. Við þurfum að finna fyrir því réttlætingu sem stenst skoðun hvers vegna (Forseti hringir.) íslenskir skattgreiðendur eigi að taka á sig hundruð milljarða.

[14:30]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég endurtek að það liggur fyrir að einhverjir hafa haldið því fram að innstæðutryggingareglukerfið hafi með einhverjum hætti verið meingallað. Það má

sjálfsagt takast á um það árum saman. En hvað gerðist? Jú, banki fór á hausinn og innstæðurnar voru tryggðar eins og til var ætlast þannig að ég fæ ekki alveg séð hvað brást. Ég get hins vegar sagt ykkur hvað brást í hinu evrópska regluverki. Það var að þegar íslenskur banki sigldi til Hollands á vormánuðum 2008 með vonlausan efnahag í miklum lausafjárvandræðum og í raun að hruni kominn þá tókst Hollendingum ekki að stöðva hann þrátt fyrir að vilji þeirra stæði til þess. Það er galli í hinu evrópska regluverki.

[14:31]

Valgeir Skagfjörð (Bhr):

Virðulegi forseti. Það eru erfiðir tímar og má vera ögurstund í íslenskum stjórnmálum, ögurstund í sögu Íslands, ögurstund.

Hér er til umræðu samningur sem er ekki aðeins umdeildur heldur samningur sem felur í sér mögulega örlög þessarar þjóðar. Það hefur margoft komið fram í ræðu og riti að það er allri þjóðinni þvert um geð að samþykkja þennan nauðasamning sem gömlu nýlenduherrarnir úti í Evrópu hafa svínbeygt okkur til að undirrita. Það er líka á allra vitorði hérlendis sem erlendis að íslenska þjóðin hefur ekkert gert af sér sem réttlætir það að skrifað sé upp á bevís um að gera Íslendinga að þrælum í eigin landi. Það er ekkert sem réttlætir það að Íslendingar séu settir í nauðungarvinnu við að þrífa upp eftir gegndarlausa óráðsíu, ævintýramennsku og viðskiptadólgsskap sem fáeinir bankamenn og bisnessmenn, blindaðir af græðgi, hafa komist upp með.

En það er víst ekkert annað í stöðunni en að semja, leysa vandann með samningum. Við verðum að standa við það sem við segjum. Við verðum að standa við þær alþjóðlegu samþykktir sem við sem þjóð erum aðilar að. En þjóðin skrifaði ekki upp á þessa ábyrgð í upphafi. Ef mig misminnir ekki sagði fyrrum iðnaðar- og viðskiptaráðherra í ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks á borgarafundi á Nasa orðrétt, með leyfi forseta: „Ég seldi bankana.“ Ég vek athygli á orðalaginu. „Ég seldi bankana.“ Bankarnir voru seldir og komust þar með í einkaeign þannig að það var banki í einkaeign sem fór á hausinn en á bak við stóð ríkisábyrgð. Ríkið ábyrgist og þegar menn tala um ríkið þá vita flestir við hvað er átt. Það erum við. Það er almenningur í þessu landi og nú skal ríkið ábyrgjast greiðslur af þeim lánum sem það neyðist nú til að taka og við borgum brúsann eins og venjulega.

Það vissu allir málsmetandi menn og konur í hvað stefndi löngu fyrir hrun en samt gekk maður undir manns hönd við að fegra ástandið og blekkja almenning og umheiminn með því að allt væri í stakasta lagi og svo fór sem fór og þá sögu ætla ég ekki að endurtaka. Hún er harmleikur sem aldrei má endurtaka sig.

Nú ber svo við að við stöndum helmingi verr að vígi en þegar lagt var af stað í einkavinavæðinguna á sínum tíma. Skuldir ríkissjóðs stefna í að verða 3.000 milljarðar og vaxtagreiðslur upp á rúmlega 130 milljarða. Þetta lítur ekki vel út. Ekki hjálpar okkur hin alþjóðlega kreppa sem er farin að gera vart við sig þessa daga og það merkilega er að við sáum sömu teikn á lofti fyrir þá kreppu sem skall á okkur, sömu teikn og voru á lofti fyrir kreppuna miklu 1930 og jafnvel blaðafyrirsagnir frá þeim tíma eru lygilega samhljóma þeim fyrirsögnum og upphrópunum sem við höfum lesið, séð og heyrt í fjölmiðlum síðustu missiri.

Höfum við þá ekkert lært? Nú hafa bæði kommúnisminn og nýfrjálshyggjan hrunið og við vitum að hið kapítalíska samfélag sem þróaðist frá iðnbyltingunni hefur ávallt leitt af sér hrun, kreppu, atvinnuleysi og att þjóðum að lokum út í styrjaldir. Það er eins og ófrávíkjanlegt lögmál, eins og lögmálin meðal dýranna, þegar of margir koma að vatnsbólinu. Þá þrengir að og þeir sem ekki komast að lindunum verða öfundsjúkir, fyllast réttlætiskennd og það sem þeir ekki fá taka þeir með valdi ef ekki vill betur og hinir verjast með kjafti og klóm. Og þá verður aftur hagvöxtur.

Miðar okkur ekkert áfram? 10% jarðarbúa eiga 90% af auði jarðar. Segir það kannski ekki alla söguna? Hvar er réttlætið? Réttlætið er sjaldnast nokkuð sem hægt er að ganga að sem gefnu. Réttlætið hefur mjög undarlega tilhneigingu til að standa ekki með þeim sem þurfa á því að halda. Hinn smái hefur alltaf þurft að berjast fyrir réttlætinu með sínu blóði, svita og tárum.

Frú forseti. Það setur að mér hroll. Það setur að mér beyg. Ég bauð mig fram til setu á hinu háa Alþingi fyrir síðustu kosningar vegna þess að mér blöskraði svo gjörsamlega hvernig komið var fyrir þjóðinni. Mér var öllum lokið yfir því misrétti og þeirri framkomu sem almenningi í þessu landi hefur verið sýndur á undanförnum árum. Mig langaði einfaldlega til að gera gagn. Mig langaði til að verða meðbræðrum mínum að gagni. Mig langaði að gera þjóðinni gagn. Er það ekki hlutverk þjóðkjörinna fulltrúa að vinna þjóðinni gagn í umboði kjósenda sinna? Ég lít svo á. Ég lít að minnsta kosti svo á að það sé mitt hlutverk hér. Ég er bundinn af sannfæringu minni þegar ég tek upplýsta ákvörðun um mál sem snerta þjóðina, sannfæringu minni. Ég reyni að hafa dómgreind sjálfs mín að leiðbeinanda en ekki flokksins. Hollusta mín og sannfæring er hjá sjálfum mér og gagnvart þjóðinni og það er sá eiðstafur sem ég kvittaði fyrir þegar ég hóf hér störf.

Þessi samningur sem kenndur er við Icesave er á góðri leið með að kljúfa þjóðina í herðar niður og sýnist sitt hverjum um hvort við eigum að láta möglunarlaust troða honum ofan um kokið á okkur eða hvort við eigum að malda í móinn og freista þess að fá nýjan samning, hugsanlega eitthvað betri þótt ekki væri nema sýnt þyki að verði hægt að standa við hann.

Ég vil leyfa mér, frú forseti, að halda því fram að þessi samningur sé innihaldslega og frá lögfræðilegum sjónarhóli ekkert ýkja frábrugðinn venjulegum samningum eins og aðilar gera í viðskiptum sín á milli. Það blandast engum hugur um að hér er um samning að ræða þar sem hallar meira á annan aðilann heldur en hinn. Fyrir kemur að þeir sem standa í slíkum samningum semji af sér. Það er mannlegt að gera slík mistök.

En þessi samningur snýst ekki bara um þær fjárskuldbindingar sem hann tekur til. Nei, hann er annað og meira. Hann er táknrænn. Hann er táknrænn í þeim skilningi að með samþykkt eða synjun mun eitthvað losna úr læðingi vegna þess að hann snertir þá framtíð sem landstjórinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, hefur mótað handa Íslendingum. Við erum föst í greip landstjórans og hann herðir að smátt og smátt þar til mátturinn þverr og þar með þrekið, baráttuviljinn, lífsþorstinn og við tekur slen og óminni sem gerir

okkur sinnulaus og sljó. Þegar þjóð er hneppt í ánauð glatar hún vilja sínum til að vinna verkin vel og hún gerir það vegna þess að hún er pískuð áfram til þess. Hún verður. Hún hefur ekki val. Okkur hefur verið tjáð að erfiðir tímar séu fram undan. Það veit hver maður. Það á að hækka skatta á almenning. Það á að hækka skatta á fyrirtæki, troða á öryrkjum og ellilífeyrisþegum og svo heldur niðurskurðarhnífurinn áfram og þetta verður kallað nauðsynlegur sparnaður í ríkisrekstrinum. Heilbrigðisþjónustan versnar. Menntakerfið laskast. Þetta eru alþekktar aðferðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og það er slóðin eftir hann. Saga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er ekki áferðarfalleg. En þeir segja að nú sé allt breytt, að Ísland sé vestrænt velferðarríki og við fáum annars konar meðferð. Hvað er að gerast í okkar ágæta landi?

Virðulegi forseti. Mögulegar skuldir ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild stefna okkur hraðbyri í átt að gjaldþroti og það er bara það sem gerist þegar skuldirnar verða of miklar til að hægt sé að greiða þær. Fyrirtækin stefna í gjaldþrot eitt af öðru. Heimilin stefna í gjaldþrot eitt af öðru og hvernig dettur mönnum í hug að það sé hægt lækna allt með þessum endalausu lántökum? Er Ísland að verða eins og fíkill sem vill bara fá fixið sitt til að geta haldið áfram á sömu braut? Að rétta fíklinum pening tryggir það að hann haldi neyslunni áfram. Eina von hans er að gefast upp vegna þess að hann er andlega, líkamlega og fjárhagslega gjaldþrota. En í því er nefnilega sigurinn fólginn. Það er engin skömm að því að gefast upp í vanmættinum. Þar liggur fyrsta skrefið í átt að lausninni og það er ekki einu sinni flótti frá vandamálinu. Gamalt enskt máltæki hljóðar svo: Sá sem flýr getur barist síðar. Það ber vott um góða hernaðarlist að í stað þess að flýja er gripið til þess sem kallað er skipulegt undanhald. Kannski er farsæl lausn fyrir Ísland að fara í skipulegt gjaldþrotaundanhald. Hver veit. Það sér hver maður að skuldirnar eru að verða okkur ofviða. Eins og ástandið er og miðað við framtíðarhorfur með Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í landstjóraembættinu, þrælapískinn frá Bretum og Hollendingum yfir okkur og flestar þjóðir innan ESB, þar með talið frændur okkar á Norðurlöndunum — þeir eru á því að það sé bara best að rétta okkur snæri til að lengja í hengingarólinni og setja okkur í þannig yfirgengilegar skuldir að við ráðum engan veginn við þær og þá kemur Evrópusambandið og bjargar okkur. Og hver verður þá díllinn? Verða þá 3.000 milljarðarnir skiptimyntin í samningaviðræðum Íslands og ESB? Ætla þeir þá að skera okkur niður úr snörunni í skiptum fyrir fjöllin og firnindin, fallvötnin, fiskinn í sjónum, réttindin til olíuborunar á Drekasvæðinu, nýtingu á siglingaleiðinni hérna norður fyrir? Heldur einhver að þeir sem hafa stjórnað heimsveldum í áranna rás og rekið nýlendur hinum megin á jarðarkringlunni séu að tjalda til einnar nætur?

> Eitt verð ég að segja þér áður en ég dey,
> enda skalt þú börnum þínum kenna fræði mín,
> sögðu mér það álfarnir í Suðurey,
> sögðu mér það dvergarnir í Norðurey,
> sögðu mér það gullinmura og gleymmérey
> og gleymdu því ei:
> að hefnist þeim er svíkur sína huldumey,
> honum verður erfiður dauðinn.

Ég veit að ég er ekki með neinar bjartsýnisspár hérna. En stundum þarf maður að standa sannleikanum reikningsskil.

Okkur hefur verið sagt að ef ekki verði gengið að afarkostum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og allra hinna þá verðum við Kúba norðursins, jafnvel Norður-Kórea norðursins. Hvílík ógn og skelfing. Það er kannski bara betra að vera Kúba norðursins og vera þá frjáls en að vera nýlenda og þurfa að éta úr lófa lénsherranna úti í Evrópu. Á meðan við erum frjáls eru enn líkur á því að við höldum auðlindunum í okkar eigu og þá getum við hafið sókn í átt til sjálfbærni og nýtt þau tækifæri sem hér eru til staðar fyrir okkur sjálf. Sjálfsagt hugsa margir að við hljómum eins og dæmigerð stjórnarandstaða, að við séum bara á móti öllu og komum ekki með neitt í staðinn.

Það skal tekið fram að við í Borgarahreyfingunni erum ekki í liði með neinum. Við erum ekkert sérstaklega einhver stjórnarandstaða. Við styðjum margt sem stjórnin gerir og það er margt gott sem hinir flokkarnir hafa lagt til. En við stöndum fyrst og síðast okkur sjálfum reikningsskil, okkur og sannfæringu okkar.

Borgarahreyfingin hyggst á næstu dögum, þegar Icesave-málið fer fyrir nefndir þingsins, róa að því öllum árum að koma með einhvers konar útlínur að plani B. Við ætlum að leggja fram ítarlegar hugmyndir um hvernig við komum okkur út úr þeim vanda sem við erum í. En til þess þurfum við að vera tilbúin til að hlusta á óvenjulegar hugmyndir, frumlegar lausnir því Ísland hefur aldrei áður staðið frammi fyrir svona aðstæðum áður, aðstæðum sem hvaða þjóð sem er yrði nánast ofviða ef erfiðleikarnir sem steðjuðu að væru í viðlíka hlutfalli við okkar. Það skal einnig tekið fram að Borgarahreyfingin er ekki á nokkurn hátt að leggja það til að við semjum ekki um skuldir okkar. En um leið viljum við leggja allt kapp á að þeir verði dregnir til ábyrgðar sem eiga sök á því hvernig fór. Við viljum láta skerpa á rannsókninni. Þess má geta í framhjáhlaupi að til er stofnun í Englandi sem heitir Serious Fraud Office sem tekur á stórum svika- og glæpamálum. Í fyrradag tilkynnti þessi stofnun að hún hefði fryst 100 milljónir bandaríkjadala á ýmsum bankareikningum sem tengdust auðmanni sem sakaður er um að hafa dregið að sér sem svarar 900 milljörðum kr. Það liðu fimm klukkustundir frá því að stofnunin fékk beiðni frá bandarískum yfirvöldum þar til hún hafði fryst þá fjármuni sem vitað var að tengdust þessum manni.

Það eru liðnir átta mánuðir frá hruninu hér og engir fjármunir hafa verið frystir. Hvernig væri að hringja eitt símtal í Serious Fraud Office í Englandi? Það er með hreinum ólíkindum hvað gunguhátturinn virðist mikill gagnvart þessari rannsókn. Ríkisstjórnin skuldar þjóðinni það að láta rannsaka allt sem viðkemur hruninu og rannsóknin þarf helst að fara fram fyrir opnum tjöldum. Þeir sem komu okkur á kaldan klaka með ábyrgðarlausu framferði sínu eiga að borga reikninginn, ekki almenningur. Það verður að vera á hreinu. Ef meiningin er að láta þetta lönd og leið, láta bara almenning blæða og vonast til að allt reddist þegar við förum inn í ESB þá eru menn á villigötum. Þjóðin þarf sannleikann upp á borð. Icesave er bara byrjunin. Nú þurfa þingmenn að sýna kjark. Nú þurfa þingmenn að leggjast undir feld á eintal við eigin samvisku.

Nöfn þeirra sem vilja selja landið og miðin munu verða meitluð í stein á meðan eitthvað dregur lífsanda í þessu landi. Þennan samning verður að fella.

[14:45]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég er að fara að halda mína ræðu sem fyrsti talsmaður míns flokks í þessari umræðu. Sama var að gera hv. þm. Valgeir Skagfjörð. Ég sakna formanns Sjálfstæðisflokksins í salnum undir ræðum okkar beggja. Hér komu fram fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks áðan með miklum lúðrablæstri og kölluðu eftir því að forustumenn ríkisstjórnarflokkanna væru staddir í þingsalnum þegar verið væri að ræða þessi mál.

Ég vil fá að bíða með að flytja ræðu mína þangað til formaður Sjálfstæðisflokksins kemur í salinn.

[14:46]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að kallað verði eftir þeim hv. þingmanni sem óskað er eftir en hvetur nú til þess að hæstv. ráðherra taki til máls þar sem að honum er komið á mælendaskrá.

Þakka ég honum fyrir að verða við því.

[14:46]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Þannig er að eitt skal yfir alla ganga og ef gerð er ósk um að hér sé rætt með þeim hætti að forustumenn flokka séu viðstaddir í salnum þegar talsmenn flokka tala þá er ágætt að menn sýni öðrum talsmönnum flokka sömu virðingu og það á jafnt við um hv. þm. Valgeir Skagfjörð og þann sem hér er að fara að tala núna.

Virðulegi forseti. Það mál sem við stöndum frammi fyrir nú er afleiðing margra vondra ákvarðana. Margt sem aflaga hefur farið leiðir til þeirrar stöðu sem við erum í núna. Um það er fjallað ágætlega í langri og ítarlegri greinargerð með því frumvarpi sem hér er til umræðu. Sú útrás sem ráðist var í með nokkuð vanhugsuðum hætti, eins og komið hefur fram í umræðunni, leiddi til þeirrar stöðu sem við stöndum nú í. Það er líka ljóst að af hálfu Fjármálaeftirlitsins var unnið að því á árinu 2008 að reyna að stemma þessa á að ósi, koma þessari starfsemi fyrir í dótturfélögum til að draga úr áhættu íslensks almennings vegna þessara skuldbindinga, vegna þess að það var á almanna vitorði að Tryggingarsjóður innstæðueigenda starfaði ekki í lagalegu tómarúmi heldur væri hluti af hinu opinbera kerfi og ætti að tryggja innstæður. Þess vegna var lögð áhersla á að koma þessum skuldbindingum fyrir í dótturfélögum. Og auðvitað verður aldrei undan því vikist að leggja höfuðábyrgð af þessu máli á hendur þeim forsvarsmönnum Landsbankans sem kusu að leggja í þessa sjóferð vitandi það — ágæt líking hæstv. viðskiptaráðherra áðan af hripleku skipi — vitandi það að efnahagur bankanna var í mjög löku standi, vitandi að af hálfu íslenskra stjórnvalda, af hálfu Fjármálaeftirlitsins var lögð gríðarleg áhersla á að þessum eignum yrði komið fyrir í dótturfélögum og það var verið að vinna að því að koma þeim almennt í dótturfélög á þessum sama tíma, á fyrri hluta ársins 2008, að þá skulu menn samt sem áður ákveða að þenja frekar út skuldbindingarnar með því að stofna til nýrra skuldbindinga í Hollandi. Það er auðvitað með ólíkindum. Það hlýtur að þurfa að ítreka enn og aftur að ábyrgð forustumanna og forsvarsmanna Landsbankans er gríðarleg í þessu máli.

Í grunninn má kannski líkja þessu máli sem við stöndum frammi fyrir núna við að hér hafi verið í förum milli Íslands og Bretlands ferja sem flutti farþega og hún hafi getað tekið þúsund farþega. Um borð hafi hins vegar þegar kom að erfiðleikum einungis verið 200 björgunarbátar. Fyrir liggur haffærisskírteini. Um það er nokkuð deilt hvort björgunarbátarnir voru um borð þegar haffærisskírteinið var gefið út eða ekki en í öllu falli ef þeir voru um borð í upphafi þá hafi útgerðin kastað þeim á land áður en lagt var til sjós. Ábyrgðin er auðvitað fyrst og fremst þess skipherra sem ákveður að leggja á hafið við þessar aðstæður. En það er þá líka alveg ljóst að það er ekki í boði fyrir íslensk stjórnvöld að senda Landhelgisgæsluna á vettvang og ætla bara að bjarga Íslendingum úr þessum skipsskaða. Það hlýtur að vera þannig að eitt þurfi yfir alla að ganga og það er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir að við getum ekki skotið okkur undan því að axla þá ábyrgð sem af því regluverki leiðir sem við höfum undirgengist, (Gripið fram í.) að tryggja skuli innstæður óháð þjóðerni þeirra sem eiga innstæður í útibúum (Gripið fram í.) eins og sama bankans.

Virðulegi forseti. Í þessu máli hafa verið settar fram margar vangaveltur um leiðir til að komast hjá því að borga. Fyrst áttum við ekki að borga bara af því að við áttum ekki að borga. Svo var því haldið fram hér að við ættum ekki að borga vegna þess að fyrir því væru engin rök, engin lögfræðileg rök. Lögfræðilegu rökin leiða auðvitað af skuldbindingu okkar að þjóðarétti um að innleiða innstæðutryggingarnar. (**Gripið fram í:** Nei.) Jú og því til viðbótar, færi svo að menn gætu fundið þeirri útúrsnúningalögfræði stað sem sett hefur verið fram af nokkrum íslenskum lögfræðingum til að koma okkur undan þeim skuldbindingum þá er afar hæpið annað en að ríkið yrði í öllu falli dæmt skaðabótaskylt (Gripið fram í.) að þjóðarétti fyrir að hafa ekki innleitt tilskipunina með fullnægjandi réttum hætti. Það er auðvitað þannig að óháð öllum lagaþrætum um þetta mál þá eru þær ekki einhlítar á einn eða neinn veg eins og gerst kemur í ljós í *Morgunblaðinu* í dag þar sem virtur erlendur Evróputéttarlögfræðingur tjáir sig í þveröfuga átt. Það er alls ekki þannig að það séu nein slík einhlít lagarök í málinu að það sé yfir höfuð verjandi að leggja það fyrir dóm eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson rakti svo ágætlega í ræðu sinni hér í desember í fyrra.

Svo er hér spurt: Af hverju er verið að semja? Af hverju er verið að samþykkja ríkisábyrgð í þessu máli? Hvers vegna? Svarið leiðir auðvitað af því að óháð öllum lögfræðirökum sem menn geta reynt að finna eftir á þá hafa íslensk stjórnvöld árum og missirum saman talað þannig að enginn vafi leiki á því að íslensk stjórnvöld beri ábyrgð á þessu máli. Ég nefni til sögunnar ágæta umfjöllun að þessu leyti fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, Jóns Sigurðssonar, í Pressunni nú nýverið og væri satt að segja mannsbragur að því ef málflutningur Framsóknarflokksins í

þingsölum í dag bæri meiri keim af þeirri yfirvegun og þeirri málefnalegu framsetningu sem þar er að finna. (**Gripið fram í:** Er það ekki ástæða þess að hann er ekki lengur formaður Framsóknarflokksins?) Er hér verið að gera lítið úr hv. fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins, Jóni Sigurðssyni? (Gripið fram í.) Eru framsóknarþingmenn komnir í það ... (Gripið fram í.) Eru framsóknarþingmenn (Forseti hringir.) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÁI)**:** Ró í salinn.)

komnir í það í frammíköllum í sal að gera lítið úr hv. fyrrverandi formanni Framsóknarflokksins, Jóni Sigurðssyni? (**SDG:** Nei, það var líka ...) Ég held að það sé full ástæða til þess að framsóknarmenn staldri aðeins við þegar þetta er farið að verða málflutningur Framsóknarflokksins á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Í þessari ágætu umfjöllun rekur hæstv. fyrrverandi viðskiptaráðherra þá ábyrgð sem íslensk stjórnvöld hafa borið í þessu máli undanfarin ár og auðvitað er það þannig að hægt er að rekja hver gögnin á fætur öðrum. Þar er hægt að rekja og auðvitað verður ekki samningsstaða Íslands til í einhverju tómarúmi sem hægt er síðan að endurskapa eftir á með lögfræðilegum loftfimleikum. Samningsstaða Íslands skapast af þeim málflutningi sem Ísland hefur fram haldið og hann er alveg skýr.

Hæstv. þáverandi forsætisráðherra Geir H. Haarde sagði skýrt að staðið yrði við innstæðutryggingarsjóðinn og tryggt að hann gæti tekið lán til að standa við skuldbindingarnar. Þetta sagði hann 8. október. Og hinn mikli efnahagsgúrú Sjálfstæðisflokksins í dag, Tryggvi Þór Herbertsson, bætti nú um betur í umboði ríkisstjórnarinnar 4. október og sagði þá skýrt að innstæðueigendur í Bretlandi sem hefðu sett peninga í (Forseti hringir.) íslenska banka ...

(**(Forseti (ÁI):** Forseti biður hæstv. ráðherra að leita leyfis forseta áður en lesnar eru tilvitnanir.)

Með leyfi forseta, ég var ekki kominn að tilvitnuninni. En með leyfi hæstv. forseta þá sagði hv. núverandi þingmaður Tryggvi Þór Herbertsson að innstæðueigendum í Bretlandi sem hefðu sett peninga sína í íslenska banka hefði verið tjáð að innstæður þeirra væru öruggar og að íslenska ríkisstjórnin mundi gangast undir þá skuldbindingu að tryggja þær ef bankarnir lentu í vanda. Það eru auðvitað þessar yfirlýsingar sem skapa samningsrúmið okkar og það eru þær sem skapa auðvitað forsendur (Gripið fram í.) þess hvernig hægt er að ganga til samninga í kjölfarið. (Gripið fram í.) Svo kemur þessi ágæti samningur. Þegar hv. þm. Bjarni Benediktsson spyr hér hvers vegna verið sé að ganga til samninga, hvers vegna verið sé að fallast á ríkisábyrgð þá er (Gripið fram í.) óhjákvæmilegt að horfa á minnisblaðið, Memorandum of Understanding, gildur samningur að þjóðarétti, hv. þingmaður, (Gripið fram í.) gildur samningur að þjóðarétti, undirritaður af þar til bærum aðila, hv. þáverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, Baldri Guðlaugssyni, innsiglisverði Sjálfstæðisflokksins með sérstöku umboði hæstv. þáverandi fjármálaráðherra, undirritaður samningur um að það verði full ríkisábyrgð bæði á vöxtum og afborgunum á því láni sem innstæðutryggingarsjóðnum verði veitt. Auðvitað er þetta ekkert annað en samningur sem bindur ríkið að þjóðarétti. (**Gripið fram í:** Nei.) Málið er að þó svo að menn geti reynt að komast undan því vegna þess að ekki hafi verið gætt réttra formreglna þá er hér undirritaður samningur af fulltrúa íslensku ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Það er við þessar aðstæður auðvitað sem búið er að skapa þann samningsramma að ríkið muni taka ábyrgð á þessu máli. Það er grunnurinn sem unnið er út frá. Svo geta menn haldið áfram að reyna að finna ný og ný rök til að komast út úr þessum málum eins og menn gera þegar þeim líður illa með stöðu sem þeir eru í og það er ekkert annað en mannlegt. Það er ekkert annað en mannlegt að reyna að komast undan og menn mega láta sér detta allt í hug og það er sjálfsagt að hugleiða allar þær lausnir. Við höfum heyrt stungið upp á mörgu undanfarna daga. Það hefur verið stungið upp á því að semja aftur. En þá spyr maður: Af hverju ættu viðsemjendur okkar að gefa okkur þá betri niðurstöðu úr þeim samningum heldur en þeim samningum sem við stöndum í núna? Hvaða ástæða er til að ætla að niðurstaðan verði með einhverjum hætti betri heldur en þeirra samninga sem þegar liggja fyrir? Þegar fyrir liggur hver grunnur málsins er, hverjar yfirlýsingar stjórnvalda voru á þessum tíma, hvernig stjórnvöld hafa hagað málflutningi sínum á mánuðunum að þeim tíma þegar hrunið verður þá fær maður ekki séð hvers vegna viðsemjendurnir ættu að gefa okkur betri samning. Það eru engin rök færð fyrir því af hverju hann ætti að verða betri. Hver eru rökin? Jú, vegna þess að það sé verið að leggja á okkur drápsklyfjar, er hér sagt. En það hafa verið færð fyrir því ítarleg rök að hér sé ekki verið að leggja drápsklyfjar á neinn, að hér sé ekki verið að leggja þannig byrðar á þjóðina að hún fái ekki risið undir þeim, þvert á móti. Það er meira að segja ágæt mynd í þessu ágæta skjali hér þar sem útlistað er hlutfall Icesave-skuldbindinganna af erlendri skuldabyrði þjóðarinnar á blaðsíðu 26 og hún sýnir það betur en flest annað að þótt þessar skuldir séu vissulega umtalsverðar og munu hafa erfiðleika í för með sér fyrir okkur þá eru þær ekki þannig að við getum ekki risið undir þeim þannig að sú grundvallarforsenda að við getum fengið einhvern samning sem sé í grundvallaratriðum öðruvísi en sá sem við höfum núna vegna þess að þessar byrðar séu svo miklar að það sé óraunsætt að leggja þær á okkur. Hún stenst einfaldlega ekki og það er enginn sem getur fært rök fyrir því að það standist. (**SDG:** Þetta er rangt hjá þér.)

Virðulegi forseti. Síðan geta menn komið með aðrar hugmyndir eins þær að við fáum að borga með íslenskum krónum og þá hlýtur maður að spyrja líka út frá líkingu hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar: Af hverju fáum við þá ekki bara að borga þetta með matadorpeningum? Það hljóta að vera takmörk fyrir því hversu ótrúlegar hugmyndir menn halda að hægt sé að leggja á borð fyrir viðsemjendur okkar og samt ná samningi í alþjóðlegum samningum. Auðvitað erum við komin á endastöð í þessu máli. Við höfum náð miklum árangri frá þeim samningi sem Sjálfstæðisflokkurinn var tilbúinn til að kvitta upp á (**Gripið fram í:** Og Samfylkingin.) í haust. Nei, Samfylkingin var ekki tilbúin til að kvitta upp á þann samning. (Gripið fram í.) Það var þess vegna sem hann er undirritaður af fulltrúa fjármálaráðherra en ekki utanríkisráðherra sem sat á sama fundi. (Gripið fram í.) Það er einfaldlega þannig að á þeim tíma (Gripið fram í.) eru menn alla vega tilbúnir til þess að kvitta upp á samning upp á 6,7% vexti og þriggja

mánaða greiðslufrest. Nú liggur fyrir sjö ára greiðslufrestur og 5,5% vextir. (**SDG:** Það er of langt.) Það er mikill munur á því.

Virðulegi forseti. Það sem skiptir máli líka er að ljúka þessu, að leggja grunn að því að hér geti hafist efnahagsleg endurreisn. Á undanförnum vikum í þessari umræðu þar sem hefur gætt mikillar reiði yfir þessu ástandi og yfir þessum erfiðu örlögum, mjög skiljanlegrar reiði, hefur mér stundum verið hugsað til Egils Skallagrímssonar. Mér hefur verið hugsað til þess í Eglu þegar hann horfist í augu við að hafa misst syni sína. Hann horfist í augu við það og eftir missi sonar síns Böðvars sem drukknar fyllist hann djúpum harmi og eiginlega algerri lömun. Hann fyllist hrikalegri reiði og reiðin er ekki síst vegna þess að hann fær ekki hefnt sonar síns. Hann fær ekki hefnt hans og hann viðurkennir að ef hann fyndi einhvern sem hann gæti látið reiði sína bitna á þá væri það betra. En það var ekki hægt vegna þess að það var sjórinn sem tók soninn. Ef það væri einhver maður sem hefði drepið soninn hefði hann getað farið í þann mann og drepið hann og þannig svalað reiðinni. Hann fyllist þessari djúpu erfiðu reiði og hann grætur og hann lokar sig af í rekkju sinni. Dóttir hans kemur og sannfærir hann um það að leiðin sé ekki að æðrast yfir erfiðleikunum heldur að snúa harminum til ljóðs, skapa eitthvað nýtt, gera eitthvað gott. Ég held að í þessu Icesave-máli séum við líka komin að endastöð hvað þetta varðar. Við höfum ólmast. Við höfum reynt allt sem við mögulega getum. Við höfum sótt fram alls staðar. Við reyndum öll þessi lögfræðirök. Við komumst ekki lengra. Nú er kominn tími til að sættast við þá niðurstöðu. Hún er ekki fullkomin. Auðvitað angrar þetta okkur. En það sem mestu skiptir núna er að fara að snúa harmi okkar til ljóðs, að skapa eitthvað nýtt, skapa verðmæti, snúa okkur að því að byggja eitthvað jákvætt upp þannig að við getum lagt þann grunn sem gerir okkur kleift að standa undir þessum skuldbindingum til lengri tíma litið.

[15:02]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta eru hreinlega að verða súrrealískar umræður þegar hér kemur upp hæstv. félagsmálaráðherra Árni Páll Árnason og vísar í þessu máli á alla aðra en sjálfan sig. Ég held að mér sé óhætt að segja að enginn hafi verið jafnötull talsmaður Evrópusambandsins í þessu máli frá upphafi og hæstv. ráðherra. Það má í rauninni segja að hann hafi verið drifkrafturinn í þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir. Að halda því fram að margumrætt minnisblað sé skuldbindandi samningur af hálfu íslenska ríkisins, hvað segir það um viðhorf hæstv. ráðherra til þingsins? Hvert álítur hæstv. ráðherra vera hlutverk Alþingis? Er það bara að ýta á takka fyrir ríkisstjórnina?

Það eru margar fráleitar fullyrðingar í málflutningi ráðherrans. Ein var sú að hann sýndi hér mynd sem átti að sýna hlutfall af útflutningi Íslendinga — þetta er hlutfall af landsframleiðslu — þessari reginfirru sem er verið að reyna að halda fram og ég útskýrði áðan hversu vitlaus væri.

[15:03]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður verður að gera greinarmun á því hvort um sé að ræða samninga sem þurfi að leggja fyrir Alþingi eða ekki. Það er einfaldlega grundvallarregla þjóðaréttar að þeir menn sem hafa stöðuumboð, og það eru þeir menn sem koma fram fyrir hönd ríkisins, hvort sem þeir eru á vegum utanríkisþjónustu eða með öðrum hætti tilnefndir í samninganefnd ríkisins, hafa umboð til að gera samninga. Ég hef sjálfur sem starfsmaður utanríkisþjónustunnar oft skrifað undir Memorandum of Understanding og það hefur aldrei gerst að það hafi ekki verið virt af Íslands hálfu.

Eru menn þá að halda því fram að ráðuneytisstjórinn Baldur Guðlaugsson hafi verið að fara út fyrir umboð sitt? Það er það sem verið er að segja. Er það þess vegna sem það á ekki að virða þennan samning? Auðvitað er það þannig og það er grundvallarregla þjóðaréttar að þeir menn sem koma fram fyrir hönd ríkis á alþjóðavettvangi og skrifa undir plögg hafa til þess heimildir að undirrita plögg. Síðan kann eftir atvikum staðfesting samninga að vera háð samþykki þinga en það er þá venjulega undirritað með stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu þess sem undirritar þannig að hann undirritar þá með fyrirvara þings.

[15:04]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. félagsmálaráðherra heldur því fram að þetta minnisblað sem honum er svo tíðrætt um sé samningur. Þetta er minnisblað. Þetta er hugmynd um það hvernig mætti leysa málið og það er fjallað um það að það eigi að koma til móts við Íslendinga sérstaklega í því umboði sem Alþingi svo veitti ríkisstjórninni. Það var ekki gert og nú liggur hér fyrir samningur. Þetta er allt annar samningur en lagt var upp með, heldur en menn sættust á að veita ríkisstjórninni umboð til. Þar af leiðandi hefur þetta margumrædda minnisblað hér ekkert að segja eins og hæstv. fjármálaráðherra hefur svo oft gert svo ítarlega og svo vel grein fyrir í málflutningi sínum þar til hann lenti í því að verða ráðherra.

[15:05]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig grunar að hv. þingmaður sé að rugla saman tvennu, að hann sé að rugla saman sameiginlegu viðmiðununum og minnisblaðinu sem ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu skrifaði undir. Ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu skrifaði undir Memorandum of Understanding sem er algengt form af milliríkjasamningum og hann skrifar undir það algjörlega án fyrirvara. Það er ekkert vikið þar að .... (Gripið fram í.) um að það eigi að taka tillit til (Gripið fram í.) aðstöðu Íslands. (Gripið fram í.) Það stendur þarna „which will be fully (Gripið fram í.) garanteed“, að það eigi að ábyrgjast þetta af íslenskum stjórnvöldum, (Gripið fram í.) bæði afborganir og vexti. Þetta stendur hér alveg kýrskýrt. (Gripið fram í.) Þetta er skuldbindingin. Undir þetta er skrifað. (Gripið fram í.)

[15:06]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar fyrst til að spyrja hæstv. ráðherra: Þegar ákvörðun var tekin um að heimila hæstv. fjármálaráðherra að rita undir samninginn var sú ákvörðun tekin í þingflokki hans að veita þetta umboð til ráðherra og síðan í ríkisstjórn og svo skrifar hæstv. fjármálaráðherra undir þessi ósköp og er þá búinn að búa til nýja stöðu fyrir íslenska þjóð. Vissi hæstv. félagsmálaráðherra um samninginn, allar afleiðingar hans og var hann búinn að kynna sér öll fylgiskjöl? Var hann búinn að kynna sér út í hörgul samninginn sjálfan? Var hann búinn að lesa samninginn og fá á honum fullan skilning? Þetta er fyrsta spurning.

Önnur spurning: Hæstv. ráðherra heldur því hérna fram að okkur beri skylda til að greiða þetta. Hefur hæstv. ráðherra ekki lesið tilskipunina? Þar stendur að komið skuli upp innlánstryggingarkerfi sem innlánsstofnanir greiði til og eigi að standa undir því ef innlán bregðast. Það er innlánsstofnanirnar sjálfar (Forseti hringir.) sem eiga að greiða en ekki skattgreiðendur.

[15:08]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst af öllu ætlaði ég að hrósa hv. þingmanni fyrir staðfestuna því að hann hefur alltaf verið andvígur því að greiða nokkuð vegna þessara skuldbindinga og að samið yrði um þær með nokkrum hætti alveg frá því í haust og er ólíku saman að jafna afstöðu hans og flautaþyrilshættinum í afganginum af Sjálfstæðisflokksins sem hleypur hér frá verkum sínum svo hratt að auga vart festir á.

Það verður að segjast alveg eins og er að sá skilningur sem hv. þingmaður leggur í innstæðutryggingarkerfið stenst ekki alfarið því að þetta er tryggingakerfi sem á að tryggja innstæður þannig að fólk geti vitað af því að það geti gengið að innstæðutryggingunni óháð inngreiðslum. Hins vegar segir í tilskipuninni að það eigi að fjármagna það með inngreiðslum úr bönkum. Þar af leiðir að ábyrgðin á því að nægilegt fé sé í tryggingarsjóðnum hlýtur alltaf að vera ríkisstjórnarinnar sem innleiðir kerfið. Ef menn samþykktu að farið yrði í þessa sjóræningjastarfsemi í öðrum löndum þá sjáum við eftir á að hyggja að auðvitað hefði þingheimur átt að kalla eftir breytingum á löggjöfinni og auðvitað hefði þá átt að auka greiðsluskylduna þannig að það væri þá greidd önnur (Forseti hringir.) hver króna sem inn kæmi úr þessum reikningum inn í innstæðutryggingarkerfið.

[15:09]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra er einmitt að lýsa því sem brást í tilskipunum Evrópusambandsins, þessa fyrirheitna lands hæstv. ráðherra. Það brást nefnilega að gera ráð fyrir því ef það yrði hrun. Það var ekkert gert ráð fyrir því þannig að innlánstryggingarsjóðurinn er bara galtómur. Hann getur borgað 3% af innlánunum. Það eru öll ósköpin. Þessi tilskipun Evrópusambandsins brást og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Ber þá ekki Evrópusambandið sem slíkt ábyrgð á því þegar svona bregst sem við tökum yfir?

Svo vil ég minna á að við vorum að sjálfsögðu neydd til þess að taka þetta yfir af vinum hans í Evrópusambandinu, hinum miklu vinum hans, sem ég kalla svokallaða vini. Meira að segja Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stóð líka að því að kúga Íslendinga, ríkisstjórnina og hv. þingmann. En það þurfti nú ekki mikið til að kúga hv. þingmann því að hann er búinn að vera innilega sammála gagnaðilum okkar í því að við áttum að borga þetta alla tíð.

[15:10]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar ég gagnrýni það hér úr ræðustól Alþingis, eins og ég hef stundum gert, að við ráðum litlu um örlög okkar þegar við erum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu vegna þess að við fáum forfabríkeraða löggjöf til landsins og verðum að innleiða hana þá gagnrýnir hv. þingmaður mig gjarnan fyrir að þetta sé ekki rétt því að Alþingi hafi vissulega réttinn til að hafna eða synja löggjöfinni. Í þessu tilviki varðandi tryggingarsjóðinn var það ákvörðun Alþingis hvernig hann var búinn út. Ef það var ekki nægt fé í tryggingarsjóðnum fyrir því sem gerðist þá var það auðvitað á ábyrgð Alþingis, sem hafði fullar heimildir til þess að leggja ríkari greiðsluskyldu á bankana. Það er nú ekki flóknara en það að tilskipunin bannar ekkert að bankar borgi almennilega inn í þennan sjóð þannig að það sé nægt fé til að bregðast við útrásargleði þeirra. Það er ekki eins og það sé neitt í tilskipuninni sem banni að hemill sé settur við útrásargleðinni. Nei, nei, þvert á móti var bara ákveðið að efna til strandhöggs. Það var ákveðið að fjármagna upp í skuldbindingarnar.

[15:11]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Okkur þarf ekkert að koma á óvart málflutningur hæstv. félagsmálaráðherra þar sem hann er líka væntanlega sérstakur talsmaður Evrópusambandsins hér á þingi.

Ég vil hins vegar benda hæstv. ráðherra á nokkuð. Ef ég man rétt þá var í þessu Memorandum of Understanding sem hann veifar hér og sem þingmenn, að mér skilst, megi nú ekki taka út af skrifstofum þingflokka sinna — en ég lít svo á, frú forseti, að það sé búið að afnema það og við megum fara með þessi gögn hérna inn í þingið fyrst ráðherrann gerir það — þá kemur fram að ef aðilar eru síðar meir ekki sáttir við það sem fram kemur í þessu minnisblaði þá sé hægt að endurskoða það ef báðir aðilar samþykkja það, eitthvað slíkt.

Það hefur komið fram og kemur fram í þeim leynigögnum sem ég skil ekki af hverju eru leynigögn en ég náði aðeins að kynna mér í morgun, að gerðar voru athugasemdir síðar við þetta minnisblað, annars vegar vegna ágreinings um lagamál og hins vegar vegna þess að efnahagshrunið varð miklu verra. Þess vegna er þetta ekki bindandi samningur.

Svo væri ágætt að fá að vita hvers vegna hann nefnir ekki að (Forseti hringir.) ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins skrifar líka upp á það. Er það vegna þess að Samfylkingin var þarna í ráðuneytinu?

[15:12]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að í þessu ágæta minnisblaði er endurskoðunarákvæði. Það endurskoðunarákvæði er nú heldur veikara satt að segja en það endurskoðunarákvæði sem flokksbræður og flokkssystur hv. þingmanns hafa gagnrýnt í þeim samningi sem hér liggur fyrir nú. Það stendur einfaldlega að þessum samningi megi breyta með samþykki beggja, með öðrum orðum að það megi bæta við samninginn. Það leiðir af sjálfu sér. Þetta er veikara endurskoðunarákvæði en það marggagnrýnda endurskoðunarákvæði sem er í þeim samningi sem hér hefur verið gerður (Gripið fram í.) nú nýverið. Það sem liggur fyrir er að auðvitað skrifa undir þetta fulltrúar íslensku samninganefndarinnar og það er bara einfaldlega þannig að við þær aðstæður eru fulltrúar Íslands við borðið búnir að skrifa undir fyrir landsins hönd og undan því verður ekkert vikist. Menn verða bara að átta sig á þessari grundvallarreglu þjóðaréttar. (Gripið fram í.)

[15:13]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega alveg óttalegt dæmalaust sérstakt rugl í hæstv. ráðherra að halda því fram að þetta minnisblað sé löggiltur samningur. Ég skil þá ekki hvers vegna menn voru yfirleitt þá að gera einhvern flóknari og stærri samning ef þetta er hið eina og sanna plagg. Það er mjög sérstakt.

Það kemur fram líka í þessum ágætu leynigögnum sem við fáum að kynna okkur nánast í dulkóðuðu herbergi að stjórnvöld — eða það var bent á það að í ljósi þessa mikla hruns sem hér varð þá getum við ekki staðið við það sem áður var sagt, þá geta Íslendingar ekki staðið við það sem sagt var í byrjun október. Það kemur fram í þessum gögnum sem við megum ekki fara með út úr þessu herbergi. Ég mótmæli því hér með að við megum ekki birta þetta. Ég skil það ekki.

Það er eitt sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra um: Finnst honum engu skipta þau orð franska seðlabankans um þessa tilskipun Evrópusambandsins að hún eigi ekki við í kerfishruni? Skiptir það engu máli?

[15:15]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er einfaldlega þannig að fulltrúar ríkisins á alþjóðavettvangi hafa heimild, almennt stöðuumboð til að skrifa undir samninga. Þeir þurfa svo eftir atvikum staðfestingu þings í sumum tilvikum. En það er ekki þannig að þetta sé plagg sem sé að engu hafandi að þjóðarétti. Það er einfaldlega grundvallaratriði þjóðaréttar að undirrituð skjöl af fulltrúum ríkja (Gripið fram í.) hafa vægi að þjóðarétti. (Gripið fram í.) Það er almenn heimild til handa utanríkisráðherra að gera samninga sem ekki þurfa samþykki þingsins við og það er almennt unnið á þeim (Gripið fram í.) grunni að af hálfu stjórnvalda eru gerðir samningar við aðrar þjóðir án þess að þeir séu sérstaklega lagðir fyrir þing í öllum tilvikum. Í ákveðnum tilvikum, sérstaklega (Gripið fram í.) þegar um fjárútlát er að ræða eða þegar 21. gr. stjórnarskrárinnar er í húfi þá þarf samþykki þingsins til. Það er rangt að (Gripið fram í.) undirritaðir (Forseti hringir.) samninga íslenskra samningamanna í viðskiptum við aðrar þjóðir séu að engu (Forseti hringir.) hafandi. Það er bara einfaldlega rangt. (**Gripið fram í:** Þetta er yfirlýsing.)

[15:16]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla ekkert að tala um þátt Samfylkingarinnar í þessu öllu saman enda veit ég að það er bannað. Hins vegar ætla ég aðeins að fá að spyrja um stöðuna í dag. Ég vona að minni hæstv. ráðherra sé aðeins betra en varðandi stjórnarþátttökuna í fyrri ríkisstjórn.

Nú kom fram í fréttum í gær að erlendar skuldir Íslands séu mun hærri en upphaflega var gert ráð fyrir í nóvember síðastliðnum og hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn staðfest það og er talað um allt að 250% af landsframleiðslu. Í skýrslu AGS frá því í nóvember kom fram að ef skuldastaðan færi upp í 240% þá væri hún augljóslega óviðráðanleg. Er þá kannski ekki orðin spurning um það að við þurfum að óska eftir að öryggisákvæði komi í gildi á samningunum og við þurfum að setjast aftur niður með Bretum og Hollendingum og semja upp á nýtt? Það er alveg augljóst, alla vega miðað við skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að staða íslenska þjóðarbúsins er mun verri en gert var ráð fyrir.

[15:17]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þarna er drepið á athyglisverðan þátt. Vissulega er í þessu endurskoðunarákvæði og í þessu viðmiði stoð. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um það. Þetta endurskoðunarákvæði í samningnum er ekki þýðingarlaust og það er mjög mikilvægt. Í frumvarpinu eru sérstaklega tekin fram tengsl þessa endurskoðunarákvæðis og viðmiðunar við gjaldþolsútreikninga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hinna pólitísku viðmiða sem samþykkt voru af hálfu Evrópusambandsins áður en lagt var af stað í þessa vegferð sem vísuðu til fordæmislausrar stöðu Íslands. Þetta samhengi allt er mjög mikilvægt og ég held að það sé einmitt ein góð ástæðan fyrir því að ganga frá þessum samningi nú og koma honum í gegn í þinginu og þeim heimildum sem hér er óskað eftir til þess að geta akkúrat farið að reiða sig á þessi samningsákvæði. (Gripið fram í.) Við þurfum þá auðvitað að hafa samninginn til að geta reitt okkur á ákvæði hans. Það er nokkuð ljóst. (Gripið fram í.) Það er auðvitað ekki þannig að við getum farið að beita samningsákvæðum sem við erum ekki búin að samþykkja sjálf.

[15:18]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get alveg skilið þessi rök hæstv. ráðherra. Það er hins vegar svolítið einkennilegt að við eigum að fara að skrifa undir samning sem liggur fyrir að við getum ekki borgað til þess að við getum gripið til öryggisákvæðisins. Væri kannski ekki ástæða til að óska strax eftir frekari við-

ræðum við þá sem ætla að veita okkur þetta lán á þessum forsendum og útskýra fyrir þeim að staðan sé svona í dag og það liggi algerlega fyrir að við getum ekki borgað það sem verið er að fara fram á að við borgum?

[15:19]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef ósköp litlu við það að bæta sem hér er búið að útskýra mjög vel. Það eru varnaglar í þessum samningi til að tryggja ákveðin tengsl við greiðsluþolið. Ef þessi greiðsluþolsútreikningur verður þannig þegar að honum kemur (**Gripið fram í:** Hann er ...) þá er það auðvitað bara þannig að þá munum við geta beitt þessu varnaglaákvæði. Því er mjög mikilvægt að hafa þetta ákvæði. Núna finnst mér þingmenn Framsóknarflokksins sem hafa gert lítið úr gildi þessa ákvæðis hingað til vera komnir í nokkurn hring. Auðvitað skiptir það mjög miklu máli að hafa ákvæði af þessum toga sem við getum vísað til til að passa að þessar skuldbindingar verði ekki þannig og að afborganirnar verði ekki þannig að við fáum ekki risið undir þeim. (Gripið fram í.) Þetta þýðir þá í sjálfu sér að allar þær röksemdir sem hér hafa verið færðar fram af hálfu framsóknarþingmanna síðustu daga um að verið sé að leggja óbærilegar klyfjar á okkur — þ.e. að nú eru menn komnir í dálítinn hring í (**VigH:** Samningurinn getur ekki tekið gildi með þessu ákvæði.) málflutningi sínum.

[15:20]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Við erum að ræða þingmál sem er harla óvenjulegt, skuldbindingar ríkisins til að gangast í ábyrgð fyrir greiðslu á risastórri upphæð sem um síðustu áramót stóð í 630 milljörðum. Núna vegna breytinga á genginu og vöxtum sem tikkað hafa frá áramótum er upphæðin komin í 720 milljarða. Hvernig því reiðir af í þinginu veltur á ýmsu, hvort þingið sannfærist um að þetta sé illskásti kosturinn í stöðunni, um að við höfum getu til að standa við þessar skuldbindingar og — þar ætla ég að tala fyrir sjálfan mig — hvernig þingið í stjórn og stjórnarandstöðu kemur að þessu máli.

Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að á þetta mál eigi að líta á annan hátt en önnur mál sem koma fyrir þingið. Það má ekki hafna í hefðbundnum hjólförum flokkastjórnmála. Þetta er mál sem við eigum öll að sameinast um að taka á sem Íslendingar óháð flokkslínum. Ég tel að við eigum að forðast persónulegt hnútukast. Það hafa verið gerð mjög mikil mistök á Íslandi á undanförnum árum og þar hafa margir komið að málum. Ég hef um árabil átt sæti í stjórn stærsta lífeyrissjóðs landsins. Ég hef verið þar stjórnarformaður. Ég hef átt þátt í að taka ákvarðanir sem hafa verið afdrifaríkar. Ég hef verið í hópi þeirra sem iðulega hafa haft efasemdir og það hafa fleiri í stjórninni en við reyndum að sannfæra hvert annað með því að leita ráða hjá besta fagfólki, hjá þeim sem við töldum búa yfir mestri þekkingu. Við spurðum út í krosseignatengslin, spurðum út í hversu traustar fjárfestingarnar væru líklegar í bönkunum, í fjármálafyrirtækjunum, í íslensku atvinnulífi sem við vildum öll gera allt sem við gætum til að styrkja. Þessi ráð dugðu skammt. Ég hef heitið því gagnvart sjálfum mér að taka ekki afdrifaríkar ákvarðanir sem skuldbinda annað fólk án þess að skilja hvað ég er að gera og án þess að þekkja alla málavöxtu. Það ætla ég að reyna að gera í þessu máli líka.

Ég ætla líka að fylgjast með því hvernig stjórnarandstaðan kemur að þessum málum sem Íslendingar, við sameiginlega, til að finna bestu lausnina fyrir okkar þjóð, eða hvort við látum pólitíska stundarhagsmuni ráða för, hvort verið geti að menn reyni að finna leiðir til þess eins að fella þá ríkisstjórn sem nú situr, ganga síðan til samninga á nákvæmlega sömu nótum og hér liggja fyrir. Gæti verið að það sé nokkuð sem vakir fyrir mönnum? (**BJJ:** Nei.) Ég mun fylgjast mjög vel með umræðunni vegna þess að það get ég alveg sagt mönnum og þingmönnum úr öllum flokkum að ég hef fyrir því mjög sterka sannfæringu að þörf sé á félagslega sinnaðri stjórn á Íslandi við þær aðstæður sem við búum við nú. En ég fylgist með málflutningi ýmissa úr stjórnarandstöðunni sem mér sýnist vilja áfram feta eftir „gömlu góðu leiðinni“, inn í heim markaðsvæðingarinnar með velferðarþjónustuna, með spítalana okkar, með skólana okkar. Þá segði ég við sjálfan mig: Það var verr af stað farið en heima setið.

Þetta er það samhengi sem ég mun horfa til þegar ég mynda mér afstöðu til þessa máls. Ég held að það sé sameiginlegur vilji okkar allra Íslendinga að standa við skuldbindingar okkar út á við og inn á við. Við skulum ekki dramatísera um of þegar við stöndum frammi fyrir því að tryggja rétt fólks sem taldi það varið að eiga allt að 3 milljónir á innstæðureikningi í íslenskum banka í útlöndum. Það eru fimm mánaða laun þingmanns. Ég græt það ekki óskaplega þó menn tapi þessum upphæðum. Ég græt það hins vegar miklu fleiri tárum ef við ætlum að láta íslenska láglaunamanninn, ef við ætlum að láta öryrkjann íslenska, ef við ætlum að láta framtíðarkynslóðir standa straum af tilkostnaði sem þær ráða ekki við. Skuldbindingarnar snúa nefnilega ekki bara út á við. Þær snúa líka inn á við. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því, þótt ég sé þeirrar skoðunar að við eigum að greiða lágmarksinnstæðutrygginguna eins og kostur er, þá held ég að sé ekkert svart/hvítt í því efni. Ég spyr: Ef innstæðutryggingarnar hefðu verið 5 milljónir talsins en ekki 300 þúsund eða þar fyrir innan hefðu þá ekki allir séð absúrdítetið — svo ég sletti á útlensku máli — að krefja 300 þúsund manna þjóð að standa skil á slíkri skuldbindingu? Það sæju allir menn. Hvar liggur þá greinarmunurinn á milli 100 þúsund innstæðureikninga og 5 milljóna slíkra reikninga? Hvar liggur munurinn á því að búa til sjóð sem á að verja eina eða tvær fjármálastofnanir og síðan heila þjóð sem liggur á hliðinni? Á þetta vildum við mörg láta reyna, og ég vil það enn, fyrir dómstólum hverjar væru í raun þjóðréttarlegar og lagalegar skuldbindingar Íslands. Þessu hafa Evrópusambandsríkin sem hýsa lánardrottna okkar neitað okkur um og fengið til liðsinnis við sig heimslögreglu kapítalismans í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem er að færa skrúfurnar upp eftir þumlinum á þjóðinni. Hvers vegna má ekki láta reyna á réttarstöðu okkar? Ég held að það sé vegna þess að minnsti vafi sem vaknar um fjármálakerfi heimsins er illur. Hann ógnar tilvist kerfisins. Hvers vegna má ekki láta á þetta reyna? Sú held ég að sé ástæðan. (**BJJ:** Nákvæmlega.) Mér finnst það dapurlegt

hlutskipti svokallaðra vinaþjóða okkar að hafa tekið þátt í þessum dansi og þar horfi ég til Norðurlandaþjóðanna að undanskildum Færeyingum. Íslendingar hafa uppgötvað hið afstæða í tilverunni. Þeir hafa uppgötvað að í smæsta ríki getur orðið til banki sem býr til þriðja stærsta gjaldþrot í bankaheiminum síðan í kreppunni 1930. Kaupþing gerði það. Það er nefnilega ekkert samhengi á milli þess hve lítill þú ert og hve heimskur þú ert eða hve lítill þú ert og hve gráðugur og ósvífinn þú ert.

Ég man eftir bankastjóra sem kom fram í íslenskum fjölmiðli og sagði okkur að sinn banki væri ekki lengur íslenskur banki, hann væri bara banki. Nú höfum við fengið að kynnast því að hann var þegar allt kom til alls íslenskur banki. Það er á þessum vanda sem við þurfum nú að taka sameiginlega. Það er ágætt að rifja upp söguna. Það er ágætt. Það sem mér stendur efst í huga er hættan sem skapast af hjarðhugsun, að ánetjast tískusveiflum í stjórnmálum. Þær eru nefnilega alveg eins og í fataheiminum. Við munum eftir támjóu skónum og þykku sólunum. (Gripið fram í.) Jafnvel tveggja metra menn sem áttu engan draum stærri en að sýnast aðeins lægri í loftinu urðu að kaupa þykkbotna skó. Það var ekkert annað í boði. Það hefur ekkert verið annað í boði í íslenskum stjórnmálum en frjálshyggjan, markaðslausnir sem þjóðin hefur enga löngun til að kaupa, hefur ekkert viljað. Menn hafa þagað yfir slíkum lausnum í aðdraganda kosninga og síðan framkvæmt eftir á. Auðvitað hafa margir andæft og verið uppi með varnaðarorð. Ég horfi hér á hv. þm. Pétur H. Blöndal svo ég nefni mann úr annarri stjórnmálafylkingu en minni. (Gripið fram í.) Ég leyfði mér einhvern tíma að efast um ágæti þess að bankarnir endursköpuðu íslenskt þjóðfélag og ef ég ætti að velja á milli þotuliðsins og íslenska jafnaðarsamfélagsins þá mundi ég senda þotuliðið úr landi. Munuð þið eftir því hvað var hlegið hátt og munið þið eftir því hvernig tillögunum var tekið í þinginu frá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um að aðskilja með lögum viðskiptabanka og fjármálastofnanir? Það var hlegið út af borðinu. Þess vegna segi ég: Nú eigum við að byrja að hugsa upp á nýtt. Við eigum að hugsa alveg upp á nýtt. Við eigum saman að reyna að komast að niðurstöðu.

Varðandi bankana vil ég segja þetta: Þeir reyndu ekki aðeins að endurskapa íslenskt þjóðfélag. Það var alveg rétt hjá bankastjóranum að í vissum skilningi var hann ekki í forsvari fyrir íslenskan banka. Eignarhaldið var fyrir löngu komið úr landi. En það sem meira er, þeir höfðu líka stolið öllum peningunum og skotið þeim undan. Ég held að við fáum aldrei niðurstöðu í þessi mál, ég held að þjóðin verði með siðferðilega timburmenn í 300 ár ef okkur tekst ekki að leiða hið sanna og rétta í ljós hvað hér gerðist í bankahruninu, að finna peninga sem skotið var undan, færa þá heim til að verja stöðu íslenska velferðarkerfisins, launamannsins, öryrkjans og borga innstæðueigandanum í Hollandi og í Bretlandi sem við viljum svo gjarnan greiða. Það er þetta sem við eigum að gera. Við eigum að fara út í heim og segja við þessar þjóðir: Íslendingar vilja standa við sínar skuldbindingar en ekki meira, (**BirgJ:** Heyr, heyr!) ekki meira. (**BJJ:** Góð ræða.) (**Gripið fram í:** Mjög góð.)

[15:34]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrigðisráðherra kærlega fyrir ræðuna. Það er á svona stundum sem maður verður stoltur af því að vera alþingismaður og raunverulega flutti hæstv. heilbrigðisráðherra þá ræðu sem við eigum öll að flytja hér í dag. Skynsemi og sannleikur í fyrirrúmi. Þakka þér kærlega fyrir. (**Gripið fram í:** Bara kjósa ...)

Eins og hæstv. ráðherra kom inn á þá snýst Icesave-málið nefnilega ekki um ríkisstjórn Íslands. Það snýst ekki um höfuð fjármálaráðherra eins og hæstv. fjármálaráðherra talar sjálfur fyrir. Icesave-deilan snýst um þjóðarheill. Hún snýst um fullveldi okkar. Hún snýst um sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Hún snýst um fjölskyldurnar og hún snýst um auðlindirnar okkar. Er ekki hæstv. heilbrigðisráðherra tilbúinn til að feta þessa braut með okkur framsóknarmönnum og ganga alla leið í þessu máli og koma fylktu liði á þing og fella þennan samning? (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[15:36]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ágætt að fá að vita þegar maður kemur upp í púlt að hæstv. heilbrigðisráðherra ætlar ekki að svara okkar spurningum í andsvörum. En ég verð líka eins og fyrirspyrjandi hér áðan að þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir þessa ræðu. En um leið undirstrikar hún það svo rækilega að ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald.

Við erum búin að hlusta á ræður ráðherra í dag, til að mynda hæstv. viðskiptaráðherra sem einmitt undirstrikaði það góða í íslensku samfélagi. Við erum með gott félagslegt kerfi. Við erum með vel menntaða þjóð eins og hann orðaði það. Við erum með gott heilbrigðiskerfi þannig að það hafa ýmsir góðir hlutir á tíma nýfrjálshyggjunnar verið gerðir og framkvæmdir. En síðan eru aðrir sem hafa farið miður og ofan af því verðum við að vinda.

Ég vil því ítreka og spyrja: Mun ekki hæstv. heilbrigðisráðherra styðja okkur í því að semja upp á nýtt?

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil svara báðum þessum andsvörum sem hér hafa verið borin fram og þakka góð orð. Ég ætla að láta mína afstöðu ráðast af framvindu málsins í þingi. Ég á mér þá ósk heitasta að okkur tækist að sameinast um lausn og niðurstöðu, okkur tækist það öllum, þinginu öllu.

[15:38]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég stend upp til að þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæta ræðu. Auðvitað get ég ekki tekið undir allt það sem þar kom fram. En ég sé mig knúinn til að bregðast við vegna þess að hann horfir mjög til stjórnarandstöðunnar. Skilaboðin til hæstv. ráðherra eru mjög skýr: Verði þessi samningur felldur, verði ekki fallist á að veita ríkisábyrgðina vegna þess samnings sem fyrir liggur þá munu menn að sjálfsögðu snúa bökum saman og taka á því máli eins og til þarf.

Verði afleiðingarnar þær sem mestu svartsýnismenn spá hér á þinginu, að Ísland verði Kúba norðursins, að við verðum beitt þvingunum og ósanngirni bæði af einstökum Evrópuríkjum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þá tökum við sameiginlega á því. En við munum alltaf halda þeirri kröfu okkar á lofti að fá skorið úr um réttarstöðu okkar áður (Forseti hringir.) en við erum látin fallast á ábyrgðir af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir.

[15:39]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég mun fylgjast með framgangi þessa máls í nefndum og í meðförum þingsins. Ég ætla að reyna að taka á þessu máli af raunsæi. Ég mun skoða málið líka á pólitískum forsendum og meta það. Það sem ég á við þar er að ég mun reyna að meta hvað vakir fyrir stjórnarandstöðunni í reynd. Við skulum ekki gleyma því að Sjálfstæðisflokkurinn, síðasta ríkisstjórn, var búin að semja eða gefa yfirlýsingu um að við ættum að ganga frá þessum málum á tíu árum, ekki á 5,5% vöxtum, á 6,7% vöxtum. Þetta er staðreyndin. Ég þarf að sannfærast um það í mínu hjarta að það sem vaki fyrir stjórnarandstöðunni og þá ekki síst Sjálfstæðisflokknum (Forseti hringir.) hvað þetta snertir, þ.e. að hann sé ekki að reyna að koma þessari ríkisstjórn frá til þess eins (Forseti hringir.) að ganga frá sambærilegu samkomulagi og halda síðan áfram á þeirri braut (Forseti hringir.) sem hann hefur fetað frá 1991 með (Forseti hringir.) skelfilegum afleiðingum (Gripið fram í.) fyrir íslenskt þjóðfélag.

[15:40]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hvað er hæstv. ráðherra hér eiginlega að segja? Í fyrsta lagi er þetta: Ef ríkisstjórnin fellur þá verður hæstv. ráðherra að gera sér grein fyrir því að það verður ekki fyrir tilstuðlan stjórnarandstöðunnar heldur vegna innanmeina ríkisstjórnarinnar og innan stjórnarliðsins sjálfs vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir tveir eru með meiri hluta. Ef hæstv. ráðherra meinar eitthvað með því sem hann er að segja í sinni framsögu um að hann vonist til þess að hér geti tekist sátt um að gera eitthvað annað en ríkisstjórnin er að leggja til og meinar eitthvað með því að það sé óásættanlegt að leggja þær klyfjar sem felast í samkomulaginu á komandi kynslóðir án þess að skýr lagalegur grundvöllur sé til staðar þá getur hann ekki á sama tíma komið hingað upp og sagt: „Kannski er það svo að vinstri stjórnin sem ég sit í núna er 600–900 milljarða virði.“

[15:41]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér þótti þetta nú ekki sérstaklega merkileg ræða, því miður. Við skulum ekki gleyma því og í fullri alvöru að ég á hér í orðaskiptum við formann stjórnmálaflokks sem gekk frá þessum skuldbindingum upp á 6,7%. (Gripið fram í.) Hann gerði það. (**Gripið fram í:** Hvað erum við þá að gera hérna núna?) Ég vil fá að vita nákvæmlega hver afstaða Sjálfstæðisflokksins er til þessa máls. Ég gruna hann því miður um græsku í því efni, að hann sé að horfa til þess eins að fella ríkisstjórnina en koma síðan að kjötkötlunum aftur. (Gripið fram í.) Ég meina síðan ekkert með þessu. Ég er bara að vísa til sögunnar, ekki til síðustu ára. Ég ætla að vona að hv. þingmaður hlusti á mig, formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Ég er að vísa til undangenginna mánaða. Það var Sjálfstæðisflokkurinn sem féll frá því (Forseti hringir.) að fara dómstólaleið. Það var hann sem gerði það. Það var Sjálfstæðisflokkurinn sem kallaði (Forseti hringir.) Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til Íslands. (**BjarnB:** Þetta er rangt.) Það er Sjálfstæðisflokkurinn (Forseti hringir.) sem var leiðsögumaður okkar út í fenið. (**Gripið fram í:** Ert þú ...) Er eitthvað (Forseti hringir.) undarlegt að menn hafi sínar efasemdir? (Gripið fram í.) Hafa menn (Forseti hringir.) einhverjar efasemdir? (Gripið fram í.)

[15:43]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti áminnir þingmenn um að hafa hljóð í salnum. Einnig vill forseti áminna hv. þingmenn og hæstv. ráðherra um að halda tímamörk.

[15:43]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra byrjaði mjög vel í ræðu sinni og hún var ágæt. En í andsvörunum fer honum aftur og ég ætla ekki að taka upp þann þráð. Ég vil nefnilega að þingmenn standi allir saman að því að vinna að þessu máli. Þetta er miklu meira mál en svo að það skipti einhverju máli hverjir séu í ríkisstjórn og séu ekki í ríkisstjórn. Það skiptir bara akkúrat engu máli. Það skiptir miklu meira máli að við náum einhverri sátt saman. Ég til dæmis tel að ríkisstjórnarskipti núna yrðu afskaplega slæm. Þau yrðu virkilega slæm til að bæta ofan á allt hitt, óóryggið. Ég skora því á hæstv. ráðherra að vinna með okkur að einhverri lausn sem er þannig að áhætta Íslands sé takmörkuð. Ég held að það sé númer eitt, tvö og þrjú að þessar þrjár þjóðir, Íslendingar, Hollendingar og Bretar komi sér saman um að leggja þær byrðar á íslenska þjóð sem hún getur staðið undir en ekkert umfram það því þá tapa þær allar þrjár. Allar þrjár þjóðirnar tapa ef Íslendingar geta ekki borgað og það er þetta sem við þingmenn eigum allir saman og öll saman að vinna að. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[15:44]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hann er samur við sig. Hann hefur alltaf verið raunsær í þessu máli og ég tel að við eigum að taka í þessa útréttu hönd og ekki gefa okkur neitt um niðurstöðuna.

[15:45]

Útbýting:

Embætti sérstaks saksóknara og rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 138. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 217.

Gjaldeyrismál, 137. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 216.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 106. mál, svar umhvrh., þskj. 209.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 109. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 214.

[15:45]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Hér hafa átt sér stað mjög athyglisverðar umræður og nú síðast í andsvörum. Ég vil sérstaklega leyfa mér að byrja á því að taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal þar sem hann undirstrikar mikilvægi þess að við verðum að ná samstöðu í þessu máli. Hér er mál þetta rekið þannig að það er annaðhvort eða, þ.e. stjórn eða stjórnarandstaða. Það er eins og menn megi ekki hafa ákveðnar skoðanir á þessu máli öllu og það er eins og menn vilji ekki kannast við söguna. Það er svolítið nöturlegt að hlusta á þingmenn Samfylkingarinnar og sérstaklega ráðherra sem hafa líklega einir talað í dag. Þeir láta eins og þeir séu í leiknum frúin í Hamborg. Í staðinn fyrir að ekki megi segja nei eða já, hvítt eða svart, þá má ekki nefna Samfylkinguna á nafn, hvað þá síðustu ríkisstjórn og þátttöku hennar í síðustu ríkisstjórn, (**Gripið fram í:** Heyr!) hvað þá að hún hafi verið í forustu fyrir utanríkisráðuneytinu eða viðskiptaráðuneytinu. Það má ekki nefna hér. Það er bannorð í dag. Samfylkingin er í frúnni í Hamborg í dag og það er hálfnöturlegt að sjá ekki meiri ábyrgð af hennar hálfu í þessu stóra og mikla máli. Ég er ekki endilega sammála hæstv. fjármálaráðherra. Ég er það ekki. Það vita það flestir sem ég þekki að það er alltaf ákveðin aðdáun sem leynist af minni hálfu í hans garð. En pólitískt erum við ekki sammála. En hann er að fara í þetta verkefni og hann er ekki að fela það að hann er búinn að skipta um skoðun. Hann er ekkert að fela það. Hann þarf að leysa þetta verkefni og við vitum það öll.

Þegar við fórum í þessa vegferð alla í haust, stóðum frammi fyrir gríðarlega miklu og erfiðu verkefni þá var staðan allt önnur en hún er bæði í samfélaginu í dag en ekki síður í umheiminum öllum. Þá þurfti að taka margar ákvarðanir, ákvarðanir sem sagan mun hugsanlega leiða í ljós að sumar hverjar voru réttar og aðrar rangar. Þannig er það. Ríkisstjórnin þá — og það vita líka samfylkingarþingmenn og þeir sem tóku þátt í ríkisstjórninni — við stóðum frammi fyrir því þá að það væru hugsanlega svo miklar gjaldeyrishömlur og fleira að við gætum ekki keypt olíu á skipin, flugvélar yrðu hugsanlega fastar á erlendum flugvöllum, við ættum erfitt með að borga fyrir matvæli og svo framvegis. Embættismaður í utanríkisráðuneytinu sagði réttilega: „Grunnforsendan hjá ríkinu núna er að halda bankarekstrinum gangandi til þess að koma gjaldeyri til og frá landinu til þess að við getum greitt fyrir okkar nauðsynjar þannig að við getum haldið uppi eðlilegum samskiptum.“ Frammi fyrir þessu stóð ríkisstjórnin. Síðan eru menn, meira að segja reyndir menn eins og hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra í utanríkisþjónustunni — hann kemur hingað upp og leyfir sér að halda því fram að MoU eða Memorandum of Understanding sé bindandi samkomulag, að þetta minnisblað sé bindandi samkomulag þegar öllum mönnum var ljóst og allir vissu að þetta var ekki bindandi. Hollendingunum var strax gerð grein fyrir þessu af okkar hálfu, af hálfu okkar forsætisráðherra fyrrverandi. Hann talaði við sinn kollega. Það vissu það allir að þetta var ekki minnisblað sem við ætluðum að byggja okkar samninga á og við gætum einfaldlega ekki staðið við. Af hverju vilja menn ekki kannast við þessa sögu? Þeir væru menn að meiri ef þeir gerðu það. Það finnst mér til að mynda hæstv. fjármálaráðherra gera.

Hvað gerist síðan? Ég skal segja eitt dæmi sem undirstrikar það að þetta var ekki bindandi. Á ECOFIN-fundinum 4. nóvember, fundi fjármálaráðherra Evrópuríkjanna kom skýrt fram — Þjóðverjar voru að beita okkur ákveðnum þvingunum og þrýstingi — en það kom líka skýrt fram í máli fjármálaráðherrans hollenska, Bos, að samræður væru í gangi á milli Hollendinga og Íslendinga og þær gengju bara vel. Það var alveg ljóst af hans hálfu — og þess vegna héldu Hollendingar áfram að tala við okkur — að það var aldrei búið að skrifa undir neitt samkomulag. Það var aldrei búið að binda alla hnúta og alla enda og það er ekki hægt að segja að þetta sé það sem við eigum að miða við því þá um leið erum við að segja að við ætlum ekki að fara að ráðum — sem meðal annars kom fram hjá hv. utanríkismálanefnd á sínum tíma — að fara eftir þeim viðmiðunum sem við settum okkur hér, þingið sjálft. Sá samningur sem við erum að tala um í dag fylgir ekki þeim viðmiðunum að okkar mati. Það er ekki flokkshagsmunamat, það er ekki hjólfarapólitík sem við erum að stunda hér heldur okkar kalda hagsmunamat að sá samningur sem við erum að ræða um sé ekki boðlegur. Við getum ekki skrifað undir af því að of miklir hagsmunir eru í húfi. Þess vegna segjum við sjálfstæðismenn: Við viljum semja aftur. Við viljum láta á það reyna. Við viljum láta á það reyna hjá okkar vinaþjóðum.

Um leið og við hugsum aftur söguna þá voru aðstæður allar aðrar. Menn voru að fara á taugum, stóru fjármálaþjóðirnar eins og Englendingar, líka okkar vinaþjóðir — það er rétt sem kom fram hjá heilbrigðisráðherra — okkar vinaþjóðir nema Færeyingar Allir vildu tryggja þetta þannig að ekkert færi úr böndum. En það fór svo sannarlega úr böndum. En í dag er alþjóðakerfið að laga sig betur. Það er vonandi að rétta úr kútnum. Þjóðverjar sem voru æfir þá vita það í dag að þeir fá allar sínar innstæður greiddar. Þeir eru mun rólegri þannig að það er að losna úr þessu öllu saman. Samningsaðstaða okkar á að vera mun betri. Ég ætla ekki að fara að fjargviðrast út í það hvort samninganefndin sé rétt skipuð eða ekki. Ég tel hana hins vegar ekki hafa náð eins góðum samningi og allar forsendur voru til að ætla að mínu mati. Þess vegna er ekki hægt að koma hingað upp og veifa þessu minnisblaði sem var gert á sínum tíma: Málin hafa þróast á allt annan veg. Við skulum hafa þau atriði á hreinu. Viðmiðin eru okkar leiðarljós. Það er ekki verið að fara eftir þeim.

Ég komst reyndar ekki að í óundirbúnum fyrirspurnum í morgun þegar ég ætlaði að ræða við forsætisráðherra um þessar þversagnir alltaf í málflutningi stjórnarliða. Við vitum að lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum dregst núna. Það átti að koma í júní. Hæstv. fjármálaráðherra sagði að það kæmi örugglega í júlí, á milli 18. og 20. júlí. Við gerðum okkur grein fyrir því að það þyrfti að ná stöðugleikasáttmálanum sem var vel. En enn og aftur dregst málið á langinn. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að það sé út af tækni-

legum forsendum. Reyndar eru það risatæknilegar forsendur því það er hvorki meira né minna en endurreisn bankanna sem hefur tafist von úr viti síðan nýja verkstjórnin tókst á við viðfangsefnin. Það þarf að koma með almennileg ríkisfjármál og það þarf að gera miklu fleira, athuga vaxtapólitíkina og fleira. Þetta allt hefur beðið frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum og við sjáum ekki fram á annað en aukið atvinnuleysi, því miður vaxandi verðbólgu á ný sem leiðir til þess að vextirnir standa algjörlega í stað. Því miður var morguninn þannig að vextirnir lækkuðu ekki eins og við vonuðumst til og bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra gáfu von um að það yrði rausnarleg vaxtalækkun í dag. Svo varð ekki. Það er meðal annars út af því að ekki er haldið nægilega vel á þessum tæknilegum hliðum sem tefja lánið. Eða getur verið að Icesave-samningurinn sé það sem tefur málið? Við erum búin að fá svör við því í dag. Bæði fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra hafa, í staðinn fyrir það sem þeir hafa gert og aðrir stjórnarliðar á undanförnum dögum og vikum, sagt það hér í dag skýrt og skorinort að við verðum að klára þennan Icesave-samning út af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að við verðum að gera það. Og það er þvert reyndar á það sem Frank Rozwadowski, talsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi, segir þannig að þetta er mjög athyglisvert og það væri gott að fá það á hreint. Stundum er haldið í Icesave-samninginn, sagt að hann sé algert lykilatriði, að við verðum að koma okkur áfram út af honum, fá lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og stundum ekki. Það fer allt eftir því hvað hentar hverju sinni hvaða málflutningur er viðhafður.

Menn hafa líka spurt sig réttilega: Allt í lagi, ef við ætlum að fella samninginn, hvað þá? Hvað ætlum við að gera ef við fellum samninginn? Ég tel allar forsendur vera til þess, eins og ég gat um áðan, í ljósi þeirrar þróunar, ekki bara varðandi vexti í heiminum heldur varðandi aðra þróun á alþjóðamörkuðum að við gætum náð betri samningi en þessum. Alla vega er ljóst að það þarf að laga hann umtalsvert og ég vonast til þess að þær nefndir sem fá hann til umfjöllunar muni leita allra leiða til að ná sem skynsamlegastri niðurstöðu fyrir land og þjóð.

Um daginn heimsóttu okkur utanríkisráðherrar Norðurlandanna, þar á meðal Carl Bildt, utanríkisráðherra Svía. Það hefur verið dregið margoft fram að það sé mikilvægt atriði að sækja um aðild og ríkisstjórnin með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í broddi fylkingar ætla sér að sækja um aðild að Evrópusambandinu vegna þess að Svíar eru í forustu. Það má skilja það svo sem. En á móti hafa Evrópusambandsþjóðir dregið fram hvað Ísland hafi fram að færa fyrir Evrópusambandið. Þá er eðlilega dregin fram okkar þekking á auðlindum lands og sjávar, orkuþekkingin okkar. Síðan er alltaf sagt að það sé svo rík lýðræðishefð á Íslandi. Það er lýðræðishefð og þekking sem er mikil á Íslandi umfram önnur lönd og þarna er starfandi elsta þjóðþing í heimi og það er alveg rétt. Því spyr ég: Hví ættu Evrópusambandsþjóðirnar og þjóðir sem alla jafna eiga að vera okkar vinaþjóðir að standa í vegi fyrir því að elsta þjóðþing í heimi nýti þennan lýðræðislega rétt sinn í þingmáli eins og snertir Icesave-samninginn og segi einfaldlega: Við getum ekki fallist á þær forsendur sem eru gefnar? Við ætlum að fella þennan samning en við viljum semja á ný. Við viljum að tekið sé aukið tillit til okkar hagsmuna, ríkara heldur en áður hefur verið og að það verði gert.

Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra að tveimur atriðum sem ég tel mikilvægt að fá svar við. Ella verður það einfaldlega gert í nefndinni. Við vitum að íslenskar lögmannsstofur og lögmenn hafa sett fram mjög gild lögfræðiálit hvað varðar rétt okkar til að fara með málið fyrir dómstóla, líka hvort ríkisábyrgð sé á innstæðunum í tryggingarsjóðunum eða ekki, hvort við ættum að tryggja ríkisábyrgð á öllu því sem umfram er í tryggingarsjóðunum. Íslenskir lögmenn hafa mjög efast um þetta og sett fram mjög gild rök fyrir því að ekki sé ríkisábyrgð á þessu. Ég spyr: Leitaði samninganefndin með Svavar Gestsson í broddi fylkingar eftir því við virtar erlendar stofur ráðgjafa, meðal annars lögfræðistofuna erlendu — ensku held ég að hún hafi verið — leitaði samninganefndin eftir því að útbúa slíkt álit, afgerandi álit um það hvort Ísland í raun þyrfti að setja fram ríkisábyrgð í þessu máli, að bak við allt þetta mál væri ríkisábyrgð? Komu erlendir sérfræðingar að því? Leitaði samninganefndin eftir þessu áliti og ef svo er, hvar er þá það álit? Og ég spyr: Ef það var ekki gert, af hverju var það þá ekki gert? Af hverju var ekki leitað eftir því hjá erlendu sérfræðingunum hvort það væri í raun og sann ríkisábyrgð á þessu því við sjáum það, og um það eru vísbendingar af hálfu til að mynda Frakka, að þeir sætta sig ekkert við að ríkisábyrgð sé á öllu heila klabbinu þegar það snertir þá. Af hverju gildir þá ekki það sama um okkur? Var leitað eftir — eins og það er oft kallað — faglegum sérfræðingum þegar kemur að þessu atriði?

Ég vil líka spyrja hæstv. fjármálaráðherra um Heritable bankann breska sem Landsbankinn tók yfir og keypti á sínum tíma. Bankinn sá var sterkur banki, Heritable bankinn, og mun endurgreiða nokkurn veginn allar sínar kröfur. Því vakti það samkvæmt mínum upplýsingum miklar spurnir meðal sérfræðinga af hverju því var ekki haldið á lofti að við mundum fara í málaferli vegna þessa, þ.e. að við höfum enn þá þrátt fyrir hryðjuverkalögin tækifæri til að fara í sterka málsókn gagnvart fjármálaeftirlitinu breska vegna yfirtöku Breta á Heritable bankanum. Hefði það ekki getað bætt okkar samningsstöðu ef Bretarnir sæju fram á að við mundum halda fast á okkar rétti þegar kemur að þeim banka, að við mundum reyna að verja hagsmuni tengda honum, því ef svo er og ef svo hefði verið þá hefðu hugsanlega þeir fjármunir og þær eignir sem eru í Heritable bankanum getað gengið mjög langt upp í Icesave-skuldina? Ég vil fá að vita hvort litið hafi verið gaumgæfilega yfir alla þætti málsins sem hefðu getað styrkt okkar stöðu í samningunum. Ég efast ekki um að fjármálaráðherra mun koma hingað upp og segja: Já, það var gert. En mér er til efs um að svo hafi verið. Ég ítreka að ég tel að miklir hagsmunir hefðu verið fólgnir í því fyrir okkur Íslendinga að ná samningum í þessu máli og gefa aldrei eftir í að leita eftir rétti okkar samkvæmt lögformlegum leiðum. Það skiptir okkur miklu máli.

Það skiptir líka máli að það verði dregið hér fram að það eru ekki hagsmunir eða kappsmál okkar sjálfstæðismanna að fella þessa ríkisstjórn þó það væri óskandi. Ég er sammála Pétri H. Blöndal. Það væri ekki óskandi eins og staðan er núna að fara enn og aftur í stjórnskipulega ringulreið.

Það mál hefur allt tafið bataferlið um hálft ár að við skiptum um ríkisstjórn. Vextirnir hafa lækkað hægar og svo framvegis. Við ætlum að taka efnislega afstöðu til þessa máls, málefnalega afstöðu. Við munum fara vel og gaumgæfilega yfir alla þætti málsins í þeim nefndum þar sem málið kemur til umfjöllunar. Við verðum ekki í þessari hjólfarapólitík sem sumir hafa verið að kalla eftir. Við munum taka efnislega afstöðu til þessa máls og eins og málið er útbúið af hálfu ríkisstjórnarinnar sem ber alla ábyrgð á því — við skulum muna að það var þessi ríkisstjórn sem skipti um samninganefnd, sem breytti verklaginu, tók verkstjórnina í sínar hendur. Hún ber ábyrgð á þessu máli eins og það liggur fyrir. Við munum fara málefnalega yfir það, efnislega í nefndum og gera hvað við getum til að koma Íslandi aftur á réttan kjöl.

[16:01]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður vakti máls á því hér áðan að svo virtist sem Samfylkingin vildi ekki kannast við verk sín í síðustu ríkisstjórn (**BJJ:** Hárrétt.) og vildi ekki kannast við stjórn sína í utanríkisráðuneytinu í þeirri ríkisstjórn. Mér er það bæði ljúft og skylt að leiðrétta þennan misskilning hv. þingmanns. Ég er fyrir mitt leyti og held að við samfylkingarmenn séum afskaplega stoltir af því hvernig haldið var á málum af hálfu utanríkisráðuneytisins í kjölfar hrunsins. Ég held að hæstv. þáverandi utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi unnið þrekvirki við þær aðstæður.

Ég held líka að ef (**REÁ:** Það þurfti nú fyrst að sannfæra ykkur.) Samfylkingarinnar hefði ekki notið við við þær aðstæður til þess að reyna að halda landinu opnu, berjast gegn þeim öflum sem hér vildu skella í lás, sem vildu ekki borga skuldir óreiðumanna, þá veit ég ekki alveg hvernig hefði farið. Ég veit alveg þá sögu og hv. þingmaður þekkir hana líka, þ.e. hvernig við var að glíma þau öfl sem ekki ætluðu sér að standa við alþjóðlegar skuldbindingar landsins, hvernig staðan var af hálfu yfirstjórnar Seðlabankans sem barðist um á hæl og hnakka gegn því að leitað yrði samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þessi saga verður skrifuð (Gripið fram í.) og það er algjörlega ljóst að ef ekki hefði verið fyrir málafylgju Samfylkingarinnar í utanríkisráðuneytinu þá hefðu mál farið hér öll á verri veg.

Það var líka rætt hér um ósamkvæmni í málflutningi. Samfylkingin hefur alltaf verið fullkomlega samkvæm sjálfri sér í málflutningi í þessu máli. Við höfum alltaf talið það óraunsætt að halda að við hefðum það sterka stöðu lagalega að við gætum farið með þetta mál fyrir dómstóla enda sáum við aldrei hvaða dómstóll það ætti að vera. Við höfum alltaf talið rétt að það yrði samið um málið. Hitt þykir mér fróðlegt að heyra hér frá hv. þingmanni að hún segir hér að forsætisráðherra hafi dregið til baka það skjal sem Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri skrifaði undir og heitir Memorandum of Understanding, með öðrum orðum segir hún að ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu hafi farið út fyrir umboð sitt þegar hann gerði skjalið. Það eru athyglisverðar upplýsingar.

[16:03]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég segi það enn og aftur að mér finnst pínulítið aumkunarvert að heyra hvernig Samfylkingin er að fría sig af öllum verkum í fyrri ríkisstjórn. Það var margt gott sem sú ríkisstjórn gerði. En henni urðu á líka mistök, bæði Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni og reynið nú að viðurkenna það. Ég nenni ekki að vera hérna í einhverri pissukeppni (**Fél.- og trmrh.:** Hvaða mistök?) því að tæknilega mun hæstv. ráðherra sigra þá pissukeppni mjög auðveldlega.

Þetta er bara einfaldlega þannig að það var hér ríkisstjórn sem gerði ákveðna hluti á undan þessari ríkisstjórn. Margir hlutir voru góðir. Margir hlutir hefðu mátt vera betur gerðir. En það er alveg ljóst að Memorandum of Understanding eða minnisblaðið sem sagt var gert undir forustu utanríkisráðuneytisins. Báðir flokkarnir vissu af þessu. Bæði forsætisráðherra og utanríkisráðherra vissu af þessu. Utanríkisráðuneytið vissi líka af samtali forsætisráðherra við hollenska forsætisráðherrann. Það þýðir ekki að vera hér að tipla á tánum og þykjast ekki kannast við neitt. Við eigum að reyna að koma okkur út úr vanda. Við erum ósammála um það hvort þessi samningur sé góður eða slæmur.

Ég tel að samningurinn sem við erum að tala um í dag sé óásættanlegur. Ég tel hæstv. ráðherra og ríkisstjórnina ekki til að mynda vera að fylgja eftir þeim viðmiðum sem meðal annars hæstv. ráðherra fylgdi úr hlaði sem varaformaður utanríkismálanefndar á sínum tíma. Ég tel ekki ríkisstjórnina vera að fara eins langt og hægt er til þess að ná fram bættum hagsmunum fyrir Íslendinga. Það er mín skoðun. Ég ætla ekki að vera að fjargviðrast um það hvort Samfylkingin hafi verið heilög af öllu. Hún er það ekki. Við vorum bæði í ríkisstjórninni síðustu og við skulum bara einfaldlega viðurkenna það.

[16:04]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður rekur hér ýmsa þætti. Það sem mestu máli skiptir er auðvitað að þetta skjal, þetta minnisblað sem var undirritað af formanni samninganefndarinnar, ráðuneytisstjóranum í fjármálaráðuneytinu, Baldri Guðlaugssyni, það er ekki minna skuldbindandi en svo að það var rekið upp í nasirnar á samninganefndarmönnum Íslands núna degi fyrir undirritun þegar þeir kölluðu eftir því að sérstaklega yrði vísað (Gripið fram í.) til sameiginlegra viðmiðana í samningnum sem nú er búið að gera. Þá var sérstaklega óskað eftir því af hálfu íslensku samninganefndarinnar að vísað yrði til sameiginlegu viðmiðananna. Þá komu viðsemjendur okkar, Hollendingar, og sögðu: „Ja, þá skulum við líka vísa til samningsins sem búið var að gera og við erum núna að vera svo rausnarlegir að víkja frá.“ (Gripið fram í.) Hann er því ekki minna skuldbindandi en svo. Það er ósanngjarnt að (Forseti hringir.) ganga gegn þeirri ríkisstjórn sem axlar ábyrgð á því að vinna út frá (Forseti hringir.) þessum forsendum sem þarna hafa verið markaðar og Sjálfstæðisflokkurinn ber sannanlega ábyrgð á, (Forseti hringir.) að ganga gegn henni og gefa þeim

skilningi undir (Forseti hringir.) fótinn að núverandi ríkisstjórn (Forseti hringir.) hafi komið að þessu máli þannig að hún hafi haft frjálst (Forseti hringir.) val um alla kosti.

[16:06]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti áminnir hv. þingmenn og hæstv. ráðherra um að halda tímamörk.

[16:06]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Af hverju er þetta þá ekki — minnisblaðið — af hverju erum við þá ekki að tala um þann samning? Af hverju var hollenski fjármálaráðherrann á fjármálaráðherrafundinum að segja að samræður væru í gangi á milli Íslendinga og Hollendinga? Af hverju? Jú, af því að það var enginn samningur kominn á. (Gripið fram í.) Menn geta ekki verið að fela sig í þessu. Það er ekki boðlegt að koma með svona málflutning hingað upp af hálfu ráðherra. Minnisblaðið er ekki skuldbindandi og menn skulu hafa það á hreinu ellegar hefðu Hollendingar ekki haldið áfram við samningaborðið til þess að ná samningi við okkur.

Málið er að við þurfum að komast í gegnum þessar Icesave-skuldbindingar. Við þurfum helst að gera það saman. Hlustið á okkur. Reynið að vinna málið með okkur. Reynum að semja málið upp á nýtt. Þetta er ekki góður samningur sem við erum að ræða hér um. (**Gripið fram í:** Ekki hlaupa frá verkum.)

[16:07]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Stór hluti af þessari umræðu snýst svolítið um hver sagði hvað, hvenær og hvers vegna og það er eiginlega sorglegt að hlusta á það. Mér finnst umræðan of mikið snúast um slíkt. Ég tók ekki þátt í þessum ákvörðunum eða gjörðum frá þessum tíma. Ég er að reyna að koma að málinu með því að safna saman upplýsingum og taka upplýsta ákvörðun.

Mig langar að velta fyrir mér þeim orðum þingmannsins sem sagði: „Ég vil láta á það reyna hvort við fáum betri samning.“ Þá langar mig að velta því fyrir mér: Hvað heldur þingmaðurinn að gerist ef við höfnum þessum samningi? Þá þætti mér vænt um ef við mundum setja okkur í spor viðsemjenda okkar. Er hagkerfi þeirra ekki í verri stöðu nú en það var í október? Hafa til dæmis ekki umræður á hollenska þinginu snúist um að það sé ósanngjarnt að Hollendingar séu að taka á sig hlut skuldanna? Má ekki … (Gripið fram í.) Fyrirgefðu. Ég er að tala. Má ekki til dæmis velta fyrir sér þeirri stöðu Breta að skuldir þeirra muni væntanlega nema 90% af vergri þjóðarframleiðslu strax á þessu ári (Gripið fram í.) og að þeir muni skulda meira en við eftir þrjú til fjögur ár? (Gripið fram í.)

Þess vegna segi ég: Lykilatriði fyrir okkur er að horfa fram á við og taka upplýsta ákvörðun um stöðu mála í dag út frá þeim upplýsingum sem við okkur og ekki velta okkur allt of mikið upp úr fortíðinni, hver sagði hvað, hvenær og hvers vegna. (**Gripið fram í:** Einmitt.) Svo skulum við taka upplýsta ákvörðun um hvað best sé fyrir okkur í stöðunni í dag.

Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þingmann: Telur hún í raun og veru ef við höfnum þessum samningi núna að við munum vera í betri samningsaðstöðu? Ég held að staða viðsemjenda okkar sé verri og ég held að við munum ekki hljóta miklar þakkir fyrir ef við setjum allt samningsferlið upp í loft aftur bæði hvað varðar okkar eigin efnahagsstöðu og svo af því að fram undan verður reiptog um kjör upp á nýtt og það kemur til með að taka langan tíma.

[16:09]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna því sérstaklega að hér er kominn þingmaður frá Samfylkingunni sem horfir til framtíðar og kemur fram hér með málefnalega fyrirspurn að mínu mati. Ég þakka sérstaklega fyrir það þó að sagan í þessu samhengi skipti miklu máli til þess að átta sig á af hverju við erum að deila um samninginn með þessum hætti eins og raun ber vitni.

Allt í lagi, setjum okkur í stöðu Hollendinga og Breta, setjum okkur í stöðu Evrópusambandslandanna sem þrýstu mikið á okkur á sínum tíma. Ég ræddi það áðan í minni ræðu. Það er allt önnur aðstaða hjá Þjóðverjum í dag en var þá. Þeir vita að þeir fá sínar innstæður greiddar. Það verður ekki eins mikill pólitískur þrýstingur í Þýskalandi og var og hefur verið annars staðar. En setjum okkur í stöðu Hollendinga og Breta. Ég held að þeir mundu segja sem viti bornar þjóðir, sem meðlimir í Evrópusambandinu, að þeir muni líta þessarar gömlu lýðræðisþjóðar og segja sem svo: „Þarna er elsta þjóðþing í heimi að taka lýðræðislega ákvörðun. Þingmenn eru að taka ákvörðun og greiða atkvæði eftir sinni bestu samvisku. Við ætlum að virða það. Þar fyrir utan viljum við ekki sökkva þessari þjóð í peningalegt glapræði og festa þjóðina í skuldir um aldur og ævi.“

[16:10]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég óttast að ef við setjum samninginn í uppnám að nýju verið hér fram undan tímabil óvissu og við munum setja alla okkar endurreisnarpólitík, okkar endurreisnarstarf í uppnám (**SDG:** Samningurinn …) sem þýðir að við munum setja atvinnulífið, endurreisnina hvað varðar heimilin og allt saman í uppnám og það kemur til með að kosta okkur miklu meiri peninga. (Gripið fram í.) Ég veit ekki betur en alveg síðan ég kom inn á þetta þing sé ég búinn að vera upp fyrir haus í einhverjum björgunaraðgerðum vegna aðgerða fyrri ríkisstjórna og þá lít ég langt aftur. (Gripið fram í.) Ég er búinn að vera upp fyrir haus og ætla ekkert þess vegna að hlusta á svona málflutning um að við séum ekki að gera neitt. Við erum á fullu allan daginn og alla nóttina. (**Gripið fram í:** Að reisa við heimilin?) Ég hlusta bara ekki á svona.

Ég er hérna í málefnalegri umræðu við hv. þingmann og vil halda henni áfram. Ég óttast að það komi til með að kosta okkur meiri pening ef við setjum málið á „hold“.

[16:11]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Af því að við vorum að tala um svart/hvítt þá held ég að

við FH-ingar getum átt í góðum samræðum og málefnalegum umræðum við KR-inga. Ég held að það sé nokkuð ljóst. Mér finnst engu að síður gæta hér ákveðinnar tortryggni. Hér hefur verið rekin svona tortryggnispólitík, óvissupólitík, hræðslupólitík sérstaklega af hálfu hæstv. fjármálaráðherra í þessu máli öllu og við þurfum að draga það fram.

Ég er sannfærð um að heimurinn muni ekki hrynja yfir okkur og það verði lok, lok og læs þó að við höfnum þessum samningi. Ég held að við eigum að fara mjög vel yfir þetta í nefndunum, skoða hvað hægt sé að gera til þess að breyta þeim samningsforsendum sem eru til staðar. Ef það er ekki hægt þá er ekkert annað eftir en að fella þennan samning því að hann er ólíðandi eins og hann er lagður fyrir.

[16:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir biður stjórnarflokkana að hlusta á Sjálfstæðisflokkinn og vinna með honum. Ég sat í ríkisstjórn Geirs H. Haarde með Sjálfstæðisflokknum í tæp tvö ár og hef nokkra reynslu af því að hlusta á Sjálfstæðisflokkinn og vinna með honum. Sú reynsla færði okkur meðal annars þá stöðu sem Íslendingar eru í núna að hluta til.

Hér hefur verið hlustað, hér hefur verið unnið með, hér hafa auðvitað, eins og hv. þingmaður benti á, ýmis mistök verið gerð í gegnum tíðina, ekki bara í þau tæpu tvö ár sem Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn stjórnuðu saman landinu heldur líka í mörg ár þar á undan og í öll þau ár var Sjálfstæðisflokkurinn í ríkisstjórn.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann um nokkuð vegna þess að hún fullyrðir hér að við getum samið aftur við Hollendinga og Breta. Vera kann að þetta sé tilfinning eða grunur um afstöðu. En mig langar til að spyrja hv. þingmann hvað hún í raun hafi fyrir sér í því að Bretar og/eða Hollendingar í fyrsta lagi mundu ganga aftur að samningaborði og hvað hún hafi þá fyrir sér í því og hverjar heimildir hennar séu um að það sé hægt og að það mundi nást betri samningur. Það er auðvitað ekkert hægt að ræða þetta hér í svona fullyrðingatóni um að ef til vill og kannski væri hægt að gera eitthvað annað seinna. Hv. þingmaður, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hlýtur þá að hafa rannsakað málið og hafa einhverjar heimildir um það.

[16:14]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Það er rétt að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið og var við stjórnvölinn í 18 ár, hlustaði oft, stundum ekki nógu mikið. Ég viðurkenni það alveg. En ég vil líka draga það fram að á fjögra ára fresti fór flokkurinn eins og allir aðrir stjórnmálaflokkar út og háði sína kosningabaráttu og sótti umboð sitt til þjóðarinnar. Á fjögra ára fresti fórum við til þjóðarinnar og við fengum stuðning, 1995, 1999. Þá unnum við stórsigur. 2003 gaf aðeins á bátinn og við unnum aftur stórsigur 2007. Það er ekki eins og við höfum farið bara út í samfélagið og tekið völdin án þess að hafa talað við kóng né prest. Við fórum til þjóðarinnar, við töluðum við hana og við fengum stuðning og fórum síðan í þá samvinnu sem í raun kosningarnar hverju sinni gáfu til kynna.

Ég tel að fullt tilefni sé til þess að átta sig á að við getum fengið betri samning og yfir það munum við fara í nefndum, til að mynda hvað það þýði að við höfum ekki skoðað nægilega okkar hagsmuni sem gætu falist í því að verja þá í tengslum við Heritable bankann. Þar liggja ríkir hagsmunir Breta. Erum við að rugga bátnum? Ef við færum af stað værum við þá að rugga bátnum að mati Breta þannig að þeir vilji hugsanlega þá koma í veg fyrir að við sækjum eða verjum okkar hugsanlegu hagsmuni á þeim vígstöðvum?

Ég vil líka gefa það til kynna að ég tel að það hafi ekki verið nægilega athugað, og það ekki bara af hálfu íslenskra lögfræðinga heldur líka erlendra lögfræðinga, hvort ríkisábyrgð væri á málinu öllu. Ég spyr: Ef Evrópusambandið og Hollendingar og Bretar segja að ríkisábyrgð sé á öllum þessum skuldbindingum, af hverju erum við þá að fjalla um það hér í þinginu, þ.e. ef þessi ríkisábyrgð er hvort sem er?

[16:16]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Það hvarflar ekki að mér að draga í efa niðurstöðu alþingiskosninga, hvorki þeirra sem fóru fram 25. apríl (Gripið fram í.) síðastliðinn né þeirra sem fram hafa farið á undanförnum árum og áratugum. En hv. þingmaður svaraði ekki spurningu minni um það hvað hún hefði fyrir sér í því að ætla að hægt sé að endursemja við Breta og Hollendinga. Það er að stórum hluta pólitísk spurning. Eins og þingmaðurinn veit mjög vel var Ísland og stjórnvöld á Íslandi beitt gríðarlegum pólitískum þrýstingi í haust vegna þessa máls (Gripið fram í.) og vegna þess alls.

Það er ábyrgðarhluti að halda því fram að það sé hægt í raun að fella samninginn, fara út og semja betur og selja þjóðinni þá afstöðu. En þá vil ég líka vita hvað hv. þingmaður hafi fyrir sér í því að það sé hægt, gerlegt (Forseti hringir.) og mögulegt.

[16:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa veifað minnisblaðinu frá því í október. Síðan batnaði það með samningagerðinni. Ég tel að hægt sé að ná betri samningum með tilliti til þess og tilvísun í það að þróun á heimsvísu er okkur hagfelld í dag. Menn hafa skilning á því hvað gerðist í haust. Það var einfaldlega panikástand ríkjandi hér heima og gagnvart okkar viðsemjendum og viðbrögðin voru eftir því, vanhugsuð viðbrögð erlendra ríkisstjórna. Ég segi einfaldlega: Það á að vera hægt að gera það og ég tel vísbendingar í þá veru að ef Evrópusambandið meinar eitthvað með því að vera lýðræðislegt þá skoðar það þá stöðu að það er þjóðþing Íslendinga sem tekur málefnalega afstöðu til þessa máls. Er þingmaðurinn einfaldlega að segja að við höfum ekkert um málið að segja, að ekki sé hægt að gera neitt annað, að við eigum bara að ýta á græna takkann hvað sem tautar og raular, að við höfum ekki okkar rétt (Forseti hringir.) lögum samkvæmt til að skoða gögnin, að við verðum bara að segja já hvað sem tautar og raular? Ég mótmæli því.

[16:19]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Þar sem ég er næstur á mælendaskrá og ætlaði að beina nokkrum fyrirspurnum forustumanns ríkisstjórnarinnar. Mér er tjáð að hún sé ekki í húsi þá óska ég eftir því að frú forseti geri hæstv. forsætisráðherra að minnsta kosti viðvart þannig að ég geti haldið mína ræðu með góðri samvisku fyrir auðum bekk því ég ætla mér að tala í minni ræðu eilítið um stjórnarfarið hér á landi og forustu hennar í ríkisstjórn Íslands.

[16:19]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill upplýsa hv. þingmann um að hæstv. forsætisráðherra er staddur á fundi utan húss og kemur í hús um leið og þeim fundi lýkur. (Gripið fram í.) Ef hv. þingmaður sættir sig við það þá getur forseti fært hann aftar á mælendaskrá og kallað eftir því að hæstv. forsætisráðherra komi hér í hús og hlýði á ræðu hv. þingmanns. (**Gripið fram í:** Nei, nei.)

[16:20]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar þakka fundarstjórn frú forseta. Það er ekki oft sem við höfum gert það hér á þessu sumarþingi. En ég þakka fyrir það hvernig hæstv. forseti vill haga þingstörfum. Í ljósi þess að hér er um 1. umr. að ræða og við eigum eftir að eiga einar þrjár umræður um þetta mikilvæga mál mun ég sætta mig við það jafnvel að síðar í minni ræðu eða kveðja mér aftur hljóðs og spyrja hæstv. ráðherra ítrekað út úr því mér finnst í raun í umræðu sem þessari nauðsynlegt að forustumaður ríkisstjórnarinnar sé viðstaddur umræðu. Mér finnst það í raun hálfdapurlegt að hæstv. forsætisráðherra skyldi ekki hafa verið talsmaður Samfylkingarinnar í þessari umræðu sem fjallar um stærstu skuldbindingar sem íslenskur almenningur mun taka ábyrgð á ef af verður og við munum vonandi koma í veg fyrir á vettvangi Alþingis.

Ég vil segja það upphaflega að ég átta mig alveg á því að staða hæstv. fjármálaráðherra er síst af öllu öfundsverð og að hans flokkur hefur ekki farið með stjórnartaumana í landinu á undangengnum árum. Hins vegar er sá gjörningur sem við ræðum mjög stór ákvörðun og hæstv. ráðherra getur með engu móti fríað sig þeirri ábyrgð hvernig við ljúkum þessu máli. Ég vil líka í upphafsorðum ræðu minnar hvetja til þess að við náum samstöðu á Alþingi um það hvernig við ætlum að vinna þessi mál áfram óháð stjórn og stjórnarandstöðu og vitna ég þar til mjög góðrar ræðu sem hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson hélt.

Frú forseti. Í morgun svaraði hæstv. forsætisráðherra fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur. Hv. þingmaður spurði hæstv. forsætisráðherra út í stöðu Landsvirkjunar og stöðu ríkissjóðs í því samhengi. Efnislega svaraði hæstv. forsætisráðherra þingmanninum ekki neinu sem er fáheyrt og sagði efnislega að Samfylkingin væri nú að moka flórinn eftir framsóknarmenn. Það var mjög efnisrýrt svar hjá hæstv. forsætisráðherra (Gripið fram í.) sem ber vitni um mjög fagleg vinnubrögð á því heimili og mjög málefnalega umræðu. En mig langar að rifja það aðeins upp hér að hæstv. forsætisráðherra varð ekki ráðherra í gær heldur fyrir rúmum tveimur árum. Þegar ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks tók við 2007 voru viðskiptavinir Icesave 80 þúsund og innlánin voru 3 milljarðar punda. Í ágúst 2008 nokkrum mánuðum fyrir bankahrunið voru viðskiptavinirnir orðnir 350 þúsund talsins og heildarupphæðin hafði áttfaldast á tímabili. Nú vil ég rifja það upp fyrir Samfylkingunni að Samfylkingin fór með ráðuneyti viðskiptamála og líka utanríkisráðuneytið. Ég spyr því hv. þingmenn Samfylkingarinnar í þessari umræðu hvort þetta sé framsóknarflórinn sem hæstv. forsætisráðherra tjáði sig um í morgun. Það varð nefnilega á vakt Samfylkingarinnar sem þessar Icesave-skuldbindingar fóru úr hömlu. Meðal annars má geta þess sérstaklega að í maí 2008, ári eftir að ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks tók við völdum hér á landi, voru Icesave-reikningar einnig opnaðir í Hollandi. Þetta var á sama tíma og íslensku og bresku fjármálaeftirlitin voru farin að funda vegna þess að eftirlitin höfðu áhyggjur af miklum vexti Icesave-reikninganna í Bretlandi og skuldbindingum þeirra vegna.

Þegar reikningunum í Hollandi var lokað voru innlánin um 1.600 milljónir evra. Þessi gríðarlegi vöxtur átti sér stað í stjórnartíð Samfylkingarinnar sem fór með ráðuneyti viðskiptamála. Það er í besta falli hlægilegt að fylgjast með hv. þingmönnum og hæstv. ráðherrum Samfylkingarinnar ætla að reyna að fría sig ábyrgð í þessu máli. Hæstv. fjármálaráðherra á alla mína samúð í þessu því að mér sýnist að Samfylkingin ætli að láta Vinstri hreyfinguna – grænt framboð sitja uppi með þetta mál. Eins og einhver nefndi hér áðan þá má ekki nefna Samfylkinguna á nafn í þessari umræðu. Hún þykist ekki bera neina ábyrgð. Ja, sei, sei. Þannig er það ekki og staðreyndirnar tala sínu máli.

Ég hef tekið harðar snerrur á vettvangi þingsins við hæstv. fjármálaráðherra. Mig langar að spyrja hann nokkurra efnislegra spurninga og fá endanlega staðfest hvort það hafi virkilega verið svo að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar eða fulltrúar þeirra hafi skrifað undir þetta Icesave-samkomulag án þess að hafa gert fullnægjandi áætlanir um það hvernig íslenskur almenningur — því íslenskur almenningur mun borga þennan reikning á endanum — hvort íslensk þjóð og almenningur gætu staðið undir því vegna þess að aðstoðarmaður hæstv. ráðherra sagði á þingflokksfundi okkar framsóknarmanna að núna væri verið að vinna að þessari greiðsluáætlun og það var eftir að búið var að skrifa undir. Ef það er rétt þá er um slíkt ábyrgðarleysi að ræða fyrir hönd íslensku þjóðarinnar að við það verður ekki unað. Við krefjumst skýringa á því hvernig standi á því að íslensk stjórnvöld skyldu ekki hafa verið búin að gera þessar áætlanir þannig að þau hefðu getað komið fram fyrir sína viðsemjendur og sagt: „Ja, þetta er það sem við getum staðið undir. Þetta er sú greiðslubyrði sem íslenskur almenningur mun geta staðið undir á næstu árum.“

Ég tel og fer ekkert í launkofa með að það hefði verið hægt að haga þessum viðræðum með allt öðrum hætti og þá hefðu menn þurft að gera sér grein fyrir því undir hverju við getum staðið til næstu ára. Af því að við erum að tala hér um skuldir almennings sem íslenska þjóðin mun þurfa að borga þá vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra að því hvort skuldir sveitarfélaga hafi verið teknar með þegar

greiðslugeta samfélagsins í heild sinni er reiknuð.

Nú eru skuldir íslenskra sveitarfélaga 500 milljarðar kr. Mörg sveitarfélög stefna í mjög alvarleg vandræði og það er alveg óljóst að að öllu óbreyttu mun ríkisvaldið þurfa að aðstoða sveitarfélögin ef fram heldur sem horfir. Það mun þýða auknar skuldbindingar fyrir íslenskan ríkissjóð. Ég hefði haldið í ljósi þess að við erum að tala um hitt stjórnsýslustigið hér, sveitarfélögin, að hæstv. ráðherra og hans ráðuneyti séu búin að gera áætlanir um það hvort við stöndum undir öllum þessum heildarskuldbindingum því hér er fjallað um skuldir ríkissjóðs upp á 1.500 milljarða. Það eru nokkur hundruð milljarðar að láni inni í Seðlabankanum. Það eru 500 milljarðar sem almenningur skuldar í gegnum íslensk sveitarfélög. Mér finnst eins og hæstv. ríkisstjórn hafi í raun enga heildarmynd af stöðu mála og hver greiðslugeta íslensks almennings, hins vinnandi Íslendings, sé í raun til lengri tíma litið.

Ég velti því líka fyrir mér í ljósi þess hversu einörð ríkisstjórnin er í því að greiða þessa himinháu vexti vegna Icesave-samkomulagsins. Reyndar heldur ríkisstjórnin því fram í hinu orðinu að þetta séu glæsileg kjör. Það eru þau glæsilegu kjör að á fyrsta ári munum við greiða 42 þúsund milljónir í vexti, bara í vexti. Og hvert var fyrsta verk velferðarstjórnar hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur á sumarþingi? Jú, það var að skera kjör lífeyrisþega niður um 3.600 milljónir og skera kjör námsmanna við háskóla landsins um 1.300 milljónir. Þetta gerir heilar 5.000 milljónir. Ef við setjum vaxtagreiðslurnar í þetta samhengi þá eru þær 42 þús. milljónir kr. bara fyrsta árið. Maður veltir því fyrir sér hver forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar sé í þessum efnum. Ekki var að heyra á hæstv. fjármálaráðherra í aðdraganda síðustu kosninga að staðan væri svo slæm og við framsóknarmenn vorum sakaðir um að mála skrattann á vegginn. En nú er bara komið á daginn að staðan er grafalvarleg og grípa þarf til margra erfiðra aðgerða.

Maður veltir því fyrir sér hvað breyttist hjá íslenskum ríkissjóði og hjá ríkisstjórninni á þessum örfáu vikum sem liðnar eru frá kosningum. Hvers vegna er málflutningurinn allur annar í dag? Var ekki sagt: „Við ætlum að standa vörð um velferðina. Við ætlum að slá skjaldborg um aldraða og öryrkja og þá sem minna mega sín“? En eitt af fyrstu verkum hér er að leggja þetta mál fram ásamt skerðingum til þeirra sem síst skyldi.

Frú forseti. Það sem ég hef áhyggjur af í íslensku samfélagi í dag er algert forustuleysi. Hvar er baráttuandinn í forustu ríkisstjórnarinnar? Ég sagði frá því áðan að hæstv. forsætisráðherra hefur ekki enn kvatt sér hljóðs í þessari umræðu. Hún var ekki einu sinni talsmaður eigin flokks þegar við erum að ræða um mestu ábyrgðir sem verið er að undirgangast í sögu lýðveldisins. Þjóðin þarf á stjórnvöldum að halda sem þora að standa vörð um efnahagslegt sjálfstæði landsins. Ég auglýsi eftir einhverjum eldmóði. Ég auglýsi eftir einhverjum baráttukrafti sem við finnum úti í salnum frá forustumönnum ríkisstjórnarinnar sem reyndar hæstv. forsætisráðherra hefur ekki enn tekið þátt í í þessari mikilvægu umræðu. Við hljótum að auglýsa eftir því.

Ég vil segja það að lokum, frú forseti, að ég tek hlutverk mitt á Alþingi Íslendinga mjög alvarlega og ég kæri mig ekki um að vera sakaður um að vera í einhverju hjólfari stjórnar eða stjórnarandstöðu. Við framsóknarmenn höfum talað mjög einarðlega í þessu máli á undangengnum vikum og það hefur ekki alltaf verið til vinsælda fallið eins og frægt er. Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra sem ég vona að hafi hlýtt með athygli á ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundar Jónassonar þar sem hann hvatti til þess að við stöndum saman á vettvangi Alþingis, sama í hvaða flokki við erum — við erum að tala um skuldbindingar til áratuga og samkvæmt þeim útreikningum sem við framsóknarmenn höfum fyrir framan okkur þá er þetta reikningsdæmi einfaldlega ekki að ganga upp. Við þurfum að horfast í augu við það frekar en skrifa blindandi undir þetta samkomulag hér og ætla síðan að fara að semja aftur að sjö árum liðnum. Hvaða tryggingu höfum við fyrir því að okkur verði eitthvað betur tekið þá? Trúlega munu menn vilja semja við okkur. En þeir samningar verða ekki í formi þess að fella niður neinar skuldir að mínu viti. Nei, það verður lengt í ólinni. Lánin verða lengd og lífskjör halda áfram að skerðast á Íslandi. Þess vegna kem ég hér upp og bið einlæglega hæstv. fjármálaráðherra að reyna að kynna sér sjónarmið þeirra sérfræðinga sem segja einfaldlega að við stöndum ekki undir þessum skuldbindingum öllum. Við eigum að fara til okkar viðsemjenda á grundvelli slíkra útreikninga sem ekki var gert í tilfelli þessarar ríkisstjórnar og segja að þetta sé það sem við getum reitt fram, í staðinn fyrir að skrifa undir einhverjar gríðarlega háar skuldbindingar og ætla að reikna sig eftir á niður á einhverjar niðurstöðu um að þetta verði bara vel framkvæmanlegt. Þess vegna ítreka ég spurningu mína til hæstv. ráðherra: Hefur hæstv. fjármálaráðherra tekið inn í reikninginn alvarlega stöðu sveitarfélaganna í landinu sem eru skuldir íslensks almennings líka með tilliti til þessara skuldbindinga sem við ræðum hér? Ég vona að við fáum að fara mjög ítarlega yfir þetta mál á vettvangi þingsins. Nú mun reyna á þingræðið. Ég á von á því að þær nefndir sem munu fjalla um þessi mál muni kalla eftir því að Alþingi láti fara fram óháða úttekt á öllum þessum skuldbindingum og hvað þær þýði fyrir íslenskt samfélag. Þá meina ég óháða úttekt. Það mun hugsanlega kosta einhverjar milljónir króna eða hundrað þúsund kalla. En við erum að tala um stærstu skuldbindingar í sögu lýðveldisins. Alþingi Íslendinga þarf að fara yfir þessi mál með mjög vel ígrunduðum hætti.

Mér er í raun nokkur léttir í því að hafa hlustað á ræðu hæstv. ráðherra Ögmundar Jónassonar í þessari umræðu því ég hélt að forustumenn þessarar ríkisstjórnar væru búnir að geirnegla sína þingmenn í þessum efnum. Ég vona heitt og innilega að við getum komist að sameiginlegri niðurstöðu á vettvangi þingsins um að samþykkja ekki það samkomulag sem liggur hér fyrir. Við skulum semja upp á nýtt og við skulum gera það saman. Við skulum gera það sem þjóð. Við skulum ekki gera það sem stjórn eða stjórnarandstaða. Við skulum koma fram og ganga út úr þessum sal sem einn maður og við skulum vera full þjóðarstolts fyrir hönd þjóðarinnar og sýna það að við getum komið okkur upp úr þeim skotgröfum sem þessi umræða hefur því niður verið í. Ég vil benda hæstv. ráðherrum á að fjölmargir af flokksmönnum þeirra eru efnislega sammála því sem hæstv. ráðherra Ögmundur Jónasson hefur sagt hér, sem ýmsir framsóknarmenn, sjálfstæðismenn eða þingmenn Borgarahreyfingar-

innar hafa sagt hér. Ef við komum okkur upp úr þeim hjólförum sem við erum í þá getum við staðið saman. Við getum náð betra samkomulagi og þannig getum við stuðlað áfram að góðum lífskjörum hér á landi fyrir komandi kynslóðir því ég tel mjög varasamt — og ég hafna því algerlega — að skrifa undir þetta samkomulag eins og það kemur mér fyrir sjónir hér.

[16:35]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir afar góða ræðu, en tel þó rétt að hnykkja á því sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefndi að hæstv. fjármálaráðherra hafi það hugfast í framgöngu sinni hér að þegar fram líða stundir verður mikil ábyrgð fólgin í þeim ákvörðunum sem nú eru teknar og hæstv. ráðherra getur ekki átt von á nokkrum einasta stuðningi frá samstarfsflokknum, Samfylkingunni, sem er ekki lengi að hlaupa frá öllum verkum sínum eins og við höfum séð í dag. Þessi flokkur virðist endurfæðast á hverjum degi sem nýr flokkur og allt sem gert hefur verið fram að því þurrkast út. Ég vona því að hæstv. fjármálaráðherra geri sér grein fyrir því að ekki sé mikils stuðnings að vænta þaðan.

Einnig af því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefndi að ekki hefði farið fram mat á greiðslugetu ríkisins áður en samningarnir eru undirritaðir þá má taka það fram í því samhengi að líklega var slíkt mat framkvæmt. Það var framkvæmt í Bretlandi, í breska fjármálaráðuneytinu og upplýst um það, eins og lesa má í þeim gögnum sem ríkisstjórnin hefur lagt hér fram, að Bretar töldu Íslendinga ekki geta staðið undir ríkisábyrgð á innstæðutryggingarsjóðnum og af þeim sökum var hryðjuverkalögum beitt meðal annars til að þeir gætu þó gripið eitthvað af eignum vegna þess að íslenska ríkið gæti ekki staðið undir þessu. Þetta voru Bretarnir búnir að meta mörgum mánuðum áður en menn fóru að spá í þetta hér enda lýsti breski forsætisráðherrann Gordon Brown því yfir í heimsfjölmiðlum að Ísland væri gjaldþrota. Hvernig stendur á því að Bretar eru að lána Íslendingum gríðarlegar upphæðir ef þeir telja ríkið í raun gjaldþrota? Getur það ekki haft eitthvað með að gera þau ákvæði samningsins sem segja að þeir geti gengið að eignum íslenska ríkisins?

[16:37]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að það hvílir mikil ábyrgð á herðum þingmanna í þessu máli. Það er stórt. En sú ábyrgð er í báðar áttir. Það er líka mikil ábyrgð sem mun hvíla á herðum þeirra sem ætla að hafna þessu samkomulagi. (**SDG:** Við öxlum hana.) Það gera að sjálfsögðu þeir sem þá afstöðu taka. En það skal enginn maður reyna að halda því fram að ábyrgðin sé bara á aðra hliðina. (Gripið fram í.)

Mat á þjóðhagslegum áhrifum í þessu máli hefur fyrst og fremst verið á hendi Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins og nú er það svo að unnið hefur verið að slíku mati í samstarfi meðal annars við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í allan vetur. Það hefur verið eitt helsta viðfangsefnið að reyna að kortleggja skuldastöðu þjóðarbúsins og þróunina í þeim efnum, greiðslugetu þjóðarbúsins og ekki síst dreifingu byrðanna. Sú vinna leiddi meðal annars til þess að lögð var mikil áhersla á það í samningaviðræðunum að fá langt lán og að fá afborgunarleysi í mörg ár. Hv. þingmenn þurfa ekki annað en skoða fylgigögn hér til að sjá af hverju. Það eru að skella á okkur í ár, árið 2011, árið 2012 og árið 2013 mjög þungar afborganir vegna þegar tekinna erlendra lána. Það er í þessu samhengi sem þetta mál er sett upp. Þetta mat hefur staðið yfir í allan vetur og gögnum um versnandi horfur um skuldastöðu þjóðarbúsins var komið inn í samningaviðræðurnar til að nota sem rök fyrir því að við þyrftum að fá svona frágang á málinu, hagstæð lánskjör og afborgunarleysi í mörg ár.

Skuldir sveitarfélaganna eru vissulega miklar. Þær eru að uppistöðu til, þær erlendu að minnsta kosti, vegna dótturfélaga og sameignarfélaga sveitarfélaganna einkum orkufyrirtækjanna og að sjálfsögðu eru þær hafðar með þegar skuldastaða hins opinbera búskapar í heild er metin eins og meðal annars er gert aftur í áætluninni með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Loks verð ég að segja að hv. þingmaður hefur verið í einhverri annarri kosningabaráttu en ég ef hann telur (Forseti hringir.) að það hafi vantað eitthvað upp á að gerð hafi verið grein fyrir erfiðleikunum sem fram undan væru. (Forseti hringir.) Varð ekki ég frægastur fyrir að tala bara um skattahækkanir og niðurskurð?

[16:39]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Málflutningur okkar framsóknarmanna í aðdraganda kosninga var sá að þessi ríkisstjórn gerði sér í raun og veru ekki grein fyrir því hversu alvarlegur vandinn var og viðkvæði ríkisstjórnarinnar sem við studdum þá vantrausti reyndar um nokkurra mánaða skeið var að þetta væri allt tómur misskilningur hjá okkur framsóknarmönnum og að við værum að mála skrattann á vegginn. Nú hefur komið í ljós að svo var ekki.

Ég vil minna á að í frægum þætti sem við hæstv. ráðherra sátum í Ríkissjónvarpinu í aðdraganda kosninga tilkynnti hæstv. samgönguráðherra þjóðinni að botninum væri náð frá og með þeim degi. Ég held að hlutirnir hafi farið eitthvað niður á við í kjölfarið þannig að sú bjartsýnisspá hæstv. ráðherra (Gripið fram í.) hefur ekki gengið eftir.

Ég átta mig ekki alveg á því af svörum hæstv. ráðherra hvort ríkisstjórnin sé búin að gera einhverja greiningu á því hver staða sveitarfélaganna sé því að að öllu óbreyttu tel ég að ríkið þurfi möguleika að koma með einhverjum hætti að gríðarlegri skuldsetningu sveitarfélaganna í landinu. Mörg sveitarfélög glíma við gríðarlega erfiðleika nú um þessar mundir. Það er alveg ljóst að eitthvað verður að gera til að koma til móts við þann mikla vanda sem við blasir. Auk þess er ljóst að í ríkisfjármálum næstu ár munu jafnvel framlög til sveitarfélaganna minnka eitthvað. Það má alla vega búast við því þannig að myndin verður ekki bjartari við það. Ef hæstv. ráðherra telur það léttvægt — af því að ég get ekki séð að tekið sé mikið tillit til skulda sveitarfélaganna í þessu plaggi sem hæstv. ráðherra er með hér og hefur dreift, sem er upp á 500 milljarða kr. — ef honum

finnst það léttvægar upphæðir þá get ég vel skilið að hann sé ánægður með þetta Icesave-samkomulag eða upphæðirnar sem við erum að greiða í vexti þar, sem hann hefur lýst að séu mjög vel ásættanlegar.

[16:41]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ekki svo að mig vanti gögn um stærðargráðu vandans þó ég þiggi auðvitað réttar og hlutlægar upplýsingar hvaðan sem þær koma. Það líður varla sá dagur að ég fái ekki einhver gögn inn á mitt borð um það sem við er að eiga í þessum efnum þannig að ég held að ég sé alveg sæmilega haldinn hvað varðar það að hafa efnivið til að átta mig á stöðu mála eftir því sem þeir hlutir eru að skýrast og það eru þeir að gera. Ég geri ráð fyrir meðal annars að hv. þingmenn hafi tekið eftir, því miður, heldur döprum fréttum um í hvað stefni með heildar erlenda skuldabyrði þjóðarbúsins.

Ríki og sveitarfélög ætla sér að stórauka sitt samstarf á sviði áætlanagerðar og efnahagsmála. Það hefði mátt betur gera í þeim efnum fyrr. En nú sjá menn að við þetta verður að glíma sem eitt stórt sameiginlegt viðfangsefni. Þessir hagsmunir skarast og liggja víða saman. Aðgerðir hjá öðru stjórnsýslustiginu hafa áhrif á hitt og svo framvegis auk þess sem það liggur í hlutarins eðli að við aðstæður eins og þær sem núna eru uppi þá verða menn að stilla saman strengina í þessum efnum. Það er heildarmyndin, það er heildarstaðan, það er það hvernig okkur vegnar sameiginlega og í heild sem öllu máli skiptir þannig að stjórnsýslustigin verða að styðja hvert annað og vinna saman. Inni í þeim stöðugleikasáttmála sem nú hefur verið gerður — að honum standa sveitarfélögin — og í honum eru meðal annars ákvæði um þetta, að ríki og sveitarfélög ætla nú að auka sitt samstarf á ýmsum sviðum sem tengjast afkomu, tekjum, skuldamálum, hagræðingaraðgerðum og öðru slíku.

[16:43]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra vilji hafa aukið samráð við sveitarfélögin. Hann orðar það þannig að það samstarf verði á milli ríkis og sveitarfélaga. Nú átta ég mig ekki á því hvað felst í orðinu ríki, hvort hann eigi einungis við um stjórnarmeirihlutann eða þá aðila sem eiga að veita stjórninni aðhald hér í þinginu því að samstarf á milli stjórnarmeirihlutans og minni hlutans á þessu sumarþingi hefur því miður verið mjög takmarkað. Ég hef þá trú miðað við stöðu mála á landinu í dag að þetta verkefni, þessi endurreisn sé einfaldlega þessum tveimur flokkum, Samfylkingunni og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ofviða. Ég hefði haldið að þeir þyrftu að fá alla þá aðstoð sem völ er á í þessu erfiða verkefni — því þeim er mjög tíðrætt um það hversu erfitt þetta er — frá stjórnmálamönnum úr öllum flokkum. Því miður verð ég að játa það hér að ég þekki ekki alveg þann hæstv. ráðherra Steingrím J. Sigfússon í dag fyrir þann hv. þm. Steingrím J. Sigfússon sem ég þekkti fyrir hálfu ári síðan eða átta mánuðum. Mér finnst vanta eldmóðinn. Mér finnst vanta kraftinn. Ef við höfum einhvern tíma þurft á ríkisstjórn að halda sem býr yfir eldmóði og býr yfir krafti þá er það á tímum sem þessum.

Ég vitnaði til þess áðan að hæstv. forsætisráðherra hefur ekki einu sinni sett sig á mælendaskrá og fór ekki í andsvar þrátt fyrir að ég beindi ýmsu í hennar átt. Því er mjög dapurlegt að ræða þessi mál hér sérstaklega við hæstv. forsætisráðherra. Hún varð uppvís að því í morgun að svara hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur engu þegar hún innti hana eftir upplýsingum um grafalvarlega stöðu Landsvirkjunar og ríkissjóðs og hvernig þau mál tengdust en fékk engin svör. Ég held að við hæstv. ráðherra séum sammála um að það sé ekki samboðið hæstv. ráðherra í ríkisstjórn Íslands að koma fram með þeim hætti því við erum að kalla hér eftir upplýsingum á hverjum degi. Ég vona að þessi ríkisstjórn fari að leita víðar eftir samstarfi (Forseti hringir.) í samfélaginu því mér sýnist að þessir tveir flokkar valdi þessu verkefni einfaldlega ekki.

[16:45]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Síðasta mánudag var haldinn opinn borgarafundur í Iðnó þar sem fjallað var um Icesave-samninginn út frá mörgum hliðum. Þar var hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon einn frummælenda. Á fundinum sagði hann, með leyfi forseta, að það yrðu ekki Icesave-samningarnir sem mundu knésetja Ísland ef svo illa færi. „Það eru aðrir nærtækari hlutir sem eru okkur hættulegri,“ sagði hæstv. ráðherra.

Ég held að það sé ýmislegt til í þessu. Í gegnum tíðina höfum við Íslendingar verið lagnir við að vera á spenanum hjá umheiminum. Við vorum fátæk nýlenda öldum saman og höfðum takmarkað vald. Svo kom hernámið, Marshall-aðstoðin og herstöðin. Við fengum álver sem átti öllu að redda og þannig koll af kolli. Íslenska útrásin, efnahagsundrið mikla, var af þessari sort. Loftbólugróði byggður á sparifé Evrópubúa og okkur ekki til góðs.

Lönd sem hafa verið nýlendur eiga ýmislegt sameiginlegt. Í byrjun 20. aldar nutu áður undirokaðar þjóðir ekki sannmælis á alþjóðlegum vettvangi þrátt fyrir fögur fyrirheit fyrrverandi nýlenduherra, til dæmis Breta og Hollendinga. Nýlendurnar höfðu verið blóðmjólkaðar og svo voru þjóðirnar skildar eftir bláfátækar og umkomulausar í eigin landi. Mér finnst óhugnanlegt að sjá þessa kenningu eftirlendufræðanna birtast á Íslendingum í byrjun 21. aldar þó með öfugum formerkjum sé. Danir voru sennilega skástu nýlenduherrar sem hægt var að hafa. Við fengum meira að segja handritin aftur.

Nú steðjar að okkur hætta frá öðrum nýlenduherrum. Hér starfar landstjóri á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem tók það sérstaklega fram í dag að hann ætlaði að halda vöxtunum háum áfram. Hverra hagur er það? Nýlenduherrarnir í Bretlandi, Hollandi og Evrópusambandinu eru ekkert betri. Icesave er ef til vill ekki það versta en Icesave er dropinn sem fyllti mælinn. Icesave-skuldirnar eru skuldirnar sem gera út af við greiðsluþol þjóðarinnar. Icesave-skuldirnar eru tilkomnar vegna þeirra sem rændu okkur ærunni, sjálfsvirðingunni og lífsgæðum komandi kynslóða Íslendinga. Þeir voru kenndir við víkingana sem fóru rænandi og ruplandi um Evrópu fyrir 1000 árum síðan. Þeir voru kallaðir útrásarvíkingar og lifðu sig svo inn í ímyndina

að þeir arðrændu Evrópubúa í stórum stíl og nú er komið að okkur að borga á meðan þeir sóla sig á Tortola.

Í Icesave-málinu kristallast hrunið. Nokkrir menn lögðu þjóðfélagið í rúst. Regluverkið var gallað því svona lagað á ekki að geta gerst. Íslensk stjórnvöld brugðust. Seðlabankinn brást og Fjármálaeftirlitið brást og við sitjum í súpunni. Málið þarf að leysa. Ég hef lesið þau skjöl sem lögð hafa verið fyrir þjóðina og leyniskjölin sem alþingismenn einir fá að lesa. Mér er ljóst að samningsstaða Íslands var og er hörmuleg en við getum ekki borgað þetta. Það er svo einfalt. Icesave mun keyra landið í þrot.

Ef mér bæri siðferðisleg skylda af einhverjum orsökum að synda til Færeyja, ætti ég þá að reyna? Ég er ágætur sundmaður og kæmist sennilega eitthvað áleiðis. Ég kæmist samt aldrei alla leið og mundi drukkna á leiðinni. Væri þá siðferðislega rangt að fara ekki í sjóinn? Kannski. En það væri óðs manns æði að reyna. Það sama á við um skuldir Íslands. Við getum ekki borgað. Við verðum að semja um heildarpakkann við lánardrottna okkar og við verðum að fara með stjórn okkar ríkisfjármála sjálf. Það gengur ekki að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stjórni ríkisfjármálum okkar Íslendinga. Það er okkar hlutverk.

Ég er hér með bréf sem ég fékk áframsent í fyrradag. Það er frá hollenskum Icesave-innstæðueiganda sem fer fyrir hópi innstæðueigenda sem átti yfir 100 þúsund evrur og tapar því peningum. Þessi hópur hefur leitað eftir fundi hjá hollenska fjármálaráðuneytinu og hollensku samninganefndinni því hollenskum innstæðueigendum finnst samningurinn ekki ásættanlegur fyrir Ísland. Með leyfi forseta, langar mig að vitna í bréfið:

„Just like you, we are wondering if the terms, that are discussed between Iceland and the Netherlands, are fair. Furthermore we think that a deal …“ (Forseti hringir.) Má þetta ekki?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann um að lesa á íslensku, þýða þetta eða snara þessu.)

Ég snara þessu þá. Hér segir sem sagt hollenskir innstæðueigendur velti fyrir sér alveg eins og við að samningarnir milli Íslands og Hollands séu ekki sanngjarnir og að leysa þurfi málið á öðrum nótum. Þeir telja að hægt sé að finna lausn á þessu sem sé ásættanleg fyrir Ísland og alla innstæðueigendur í Hollandi. Við eigum okkur bandamenn í Evrópu eftir allt saman.

Hér á Alþingi hef ég orðið vör við undarlegt hjarðeðli þar sem fólk tekur ákvarðanir um mikilvæg mál út frá flokkslínum en ekki eigin sannfæringu. Ég held jafnvel að margir treysti á félaga sína til að taka ákvörðun jafnvel í mikilvægum málum. Nú fjöllum við um eitt stærsta mál Íslandssögunnar og mig langar, frú forseti, að hvetja hv. þingmenn allra flokka til að kynna sér málin á eigin forsendum en gleypa ekki við fullyrðingum og hræðsluáróðri embættismanna, hæstv. ráðherra eða samflokksmanna sinna án þess að skoða málin ofan í kjölinn á eigin spýtur. Okkur þingmönnum ber ávallt skylda til að taka upplýsta ákvörðun á eigin forsendum.

Í vor tóku sæti á Alþingi 27 nýir hv. þingmenn. Mig langar að biðja þá að skoða hug sinn gaumgæfilega og spyrja sig að því hvort landið okkar og þjóðin eigi ekki betra skilið en þennan þrælasamning.

[16:52]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Þessa dagana byrja ræður gjarnan á því að flytjanda sé lítil gleði í þeim boðskap sem hann eða hún hefur að flytja. Mér er eins farið. Ekkert okkar hefði kosið að þurfa að taka þær ákvarðanir sem við gerum þessa dagana. Þegar við buðum okkur fram til opinberra starfa í vor vissum við hins vegar að okkar biði síður en svo létt verkefni þannig að nú er ekki um annað að ræða en að standa í lappirnar og gera það sem við teljum réttast og best í afleitri stöðu. Ég frábið mér það að þó ég taki aðra ákvörðun en aðrir hv. þingmenn í þingsalnum þá geri ég það af hjarðeðli eða einhverjum slíkum einkennilegum hvötum. Ég tek þær ákvarðanir sem ég tek hér eftir minni bestu samvisku.

Líklegast er Icesave-málið það ömurlegasta af öllum þeim ömurleika sem fylgt hefur bankahruninu. Hins vegar eigum við ekki annars úrkosta en horfast í augu við það. Staðan er einfaldlega sú að umheimurinn krefst þess að staðin verði skil á lágmarkstryggingu sparifjáreigenda. Við erum ekki að tala um áhættufé. Við erum ekki að tala um einhverja stóra fjárfesta. Við erum að tala um sparifjáreigendur. Það eru 20.887 evrur á innlánsreikning. Meira en 340 þúsund innlánsreikningar höfðu verið stofnaðir í Hollandi og Bretlandi þegar í ljós kom að þeir voru svívirðileg aðferð óprúttinna manna sem kölluðu sig bankamenn til að afla fjár. Enginn vildi lána þeim þá fjármuni sem þurfti til að halda svikamyllunni áfram og þá fundu þeir þessa leið. Það er engin spurning að allt heiðarlegt fólk hefur megnustu skömm á þessum vinnubrögðum. Við þetta bættist svo að opinberar stofnanir sem áttu að hafa eftirlit og koma í veg fyrir að svona hlutir gerðust stóðu sig ekki í stykkinu.

Virðulegi forseti. Kannski hefur viljaleysi til að horfast í augu við staðreyndir verið okkur dýrkeypt undanfarið. Í ljós hefur komið að strax snemma árs árið 2008 var ráðamönnum kunnugt um að í óefni stefndi. Þeir gerðu hins vegar ekkert róttækt til að sporna gegn því (Gripið fram í.) og trúðu því væntanlega að einhvern veginn mundi rætast úr öllum þessum vandræðum. Það gerðist ekki og bankarnir hrundu og allt efnahagskerfið með þeim. Þá neituðu menn, að minnsta kosti opinberlega, að horfast í augu við kröfurnar sem gerðar voru á hendur okkar vegna Icesave. En þær hurfu ekki frekar en vandræðin sem blöstu við í upphafi árs 2008. Vandræði hverfa nefnilega ekki þó kona geri allt sem í hennar valdi stendur til að loka augunum fyrir þeim.

Af greinargerð sem fylgir frumvarpi þessu um ríkisábyrgð er ljóst að allar leiðir hafa verið reyndar í viðræðum við umheiminn til að losa íslenska skattgreiðendur undan þessum skuldbindingum. Þessar leiðir hafa hins vegar allar reynst ófærar og við eigum ekki annars úrkosta en að horfast í augu við það. Við verðum að horfast í augu við að bankastarfsemi á að fylgja ákveðnum reglum og það er ríkisvaldsins að sjá til þess að starfað sé samkvæmt þeim reglum. Þess vegna ber ríkisvaldið hina endanlegu ábyrgð gagnvart sparifjáreigendum ef illa fer.

Í þessu sambandi breytir engu hvort starfsemin er í einkaeigu eða eigu ríkisins. Landlæknir ber ábyrgð á gæðum heilbrigðisþjónustu hvort heldur hún er rekin á einka-

stofum eða á stofnunum ríkisins. Hið sama á við um Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann. Þessar stofnanir bera ábyrgð á að bankar fari að þeim reglum sem starfseminni eru settar hvort heldur bankarnir eru í einkaeigu eða eigu ríkisins.

Þann 5. desember síðastliðinn var eftirfarandi samþykkt á Alþingi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.“

Hver voru þessi viðmið? Í fyrsta lagi þau að Íslendingar ábyrgðust lágmarkstrygginguna og í öðru lagi að í slíkum samningum yrði tekið tillit til, með leyfi forseta, „hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt“. Þetta eru hin sameiginlegu viðmið.

Það var á þessu sem samninganefndin fór og kom heim með þann samning sem við nú stöndum frammi fyrir. Það er tvennt í þeim samningi sem ég horfi fyrst og fremst til. Í fyrsta lagi er svo að það gefast grið í sjö ár til að reyna að vinna að þessu erfiða verkefni (Gripið fram í.) og í öðru lagi er ákvæði um að taka megi samninginn upp ef greiðsluþol þjóðarinnar þolir hann ekki. Ég vona svo sannarlega að ekki komi til þess, í fyrsta lagi vegna þess að það fáist svo mikið fyrir eignir Landsbankans að greiðslubyrðin verði ekki yfirþyrmandi og í öðru lagi að okkur hafi tekist á þessum sjö árum að vinna okkur þannig út úr þessum þrengingum að við getum staðið undir skuldbindingunum.

Virðulegi forseti. Í Morgunblaðinu á sunnudaginn var, 28. júní, skrifaði Vésteinn Ólason fyrrverandi forstöðumaður Árnastofnunar grein undir fyrirsögninni Íslands óhamingja. Þar orðaði hann hugsanir mínar mjög vel. Ég ætla ekki að lesa greinina alla en leyfi mér að vitna í hana, með leyfi forseta:

„Við þurfum á stuðningi og velvild að halda, samvinnu við aðrar þjóðir. … Hörmulegt er til þess að vita ef þingmenn í stjórnarandstöðu, sem hefðu hiklaust greitt atkvæði með þessum samningi ef þeir hefðu verið í stjórn, ætla nú að snúast gegn honum af pólitískum þvergirðingshætti. Rétt eins og það er hörmulegt ef einhverjir þingmenn Vinstri grænna sitja svo fastir í einangrunarhyggju sinni að þeir geti ekki greitt atkvæði með Icesave-samningunum.“

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég óska þess að rannsókn á þeim atburðum sem leiddu til þess að þessi ósköp dundu yfir okkur muni leiða til þess að þeir sem ábyrgir eru fyrir þeim fái makleg málagjöld.

[17:01]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Allt ber þetta að sama brunni hjá stjórnarliðum að reyna að koma af sér ábyrgð í málinu og eru þar ýmsir tíndir til. En ábyrgðin á þeirri ákvörðun sem hér verður tekin liggur hjá þinginu og hjá hverjum og einum þingmanni. Það þýðir ekkert að skjóta sér undan því með því að vísa stöðugt í eitthvað sem gerst hefur áður, eins og þetta margumrædda umboð þingsins til ríkisstjórnarinnar. Það umboð hefur ekki verið uppfyllt svo þingið er svo sannarlega ekki skuldbundið til að greiða atkvæði út frá því. Ég varaði mjög við veitingu þess umboðs á sínum tíma en fékk iðulega þau svör, sérstaklega hjá samfylkingarfólki, að þetta væri ekki áhyggjuefni. Það væri bara verið að veita umboð til þess að fara í samningaviðræður og ef þær skiluðu ekki ásættanlegri niðurstöðu mundi þingið einfaldlega fella samninginn og á þeim stað erum við núna, svo að vísa sýknt og heilagt í þetta umboð hefur ekkert upp á sig þegar um er að ræða algerlega óaðgengilegan samning.

Hv. þingmaður nefndi tvær ástæður öðrum fremur fyrir því að samningurinn væri ásættanlegur. Í fyrsta lagi, þessi margumræddu 7 ára grið sem búið er að gera ítarlega grein fyrir að lítið hald sé í vegna þess að sú ráðstöfun hefði strax áhrif. Mistök íslensku bankanna voru þau að telja að með því að skuldsetja sig alveg gríðarlega og þurfa ekki að borga það fyrr en eftir nokkur ár, endurfjármagna sig seinna, þá væri þetta allt í lagi, þá hefðu menn grið á meðan. Það verða ekki til grið með skuldsetningu.

Hitt er að samninginn megi endurskoða komi í ljós að við höfum ekki greiðsluþol til. Ekkert ákvæði er um það að endurskoða samningana ef við höfum ekki greiðsluþol. Það er ákvæði um það að setjast niður og ræða málið. Telur hv. þingmaður virkilega í ljósi frammistöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli nú að ef sest yrði niður og málið rætt (Forseti hringir.) að einhverjum tíma liðnum þá stæðu menn sig betur?

[17:03]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hvað varðar þingsályktunartillöguna sem samþykkt var 5. desember, held ég að það hafi verið, árið 2008 þá var það um samningsumboð, það setti engin skilyrði á þingið. Ég veit það vel. Það sem þinginu er ætlað að gera núna er að veita ríkisábyrgð á þessum samningi. Ég veit það líka vel, hv. þingmaður þarf ekki að taka mig í kennslustund um það.

Það eru 7 ár þar til fyrst þarf að greiða af þessu láni og ég leyfi mér að kalla það grið. Við gætum kannski líka kallað það frið. Mér er alveg sama hvað hv. þingmaður vill kalla það. Í mínum huga skiptir það máli að ekki þarf að greiða af þessu láni í 7 ár, það er mjög einfalt. Síðan sannast að segja man ég ekki hvert þriðja atriðið var en ég mun svara því í næsta andsvari.

[17:04]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er mjög einfalt að skuldsetji einhver sig, fyrirtæki eða ríki, svo gríðarlega að allir mega sjá að það muni leiða til töluverðra vandræða og líklega verða ríkinu eða þeim sem tekur lánið ofviða þá hefur það strax áhrif. Það hefur strax áhrif rétt eins og ég nefndi áðan að bankarnir lentu í vandræðum þrátt fyrir að þeir ættu strangt til tekið ekki að þurfa að endurfjármagna sig fyrr en síðar.

Það mætti líkja þessu við það að íslenska hagkerfið væri verksmiðja sem samanstæði af mörgum byggingum. Hefði það ekki áhrif á verðmæti verksmiðjunnar ef sú kvöð fylgdi að að 7 árum liðnum ætti að byrja að rífa hana, kannski eitt hús á ári eða svo? Hefði það ekki áhrif á verðmæti verk-

smiðjunnar? Ég tala nú ekki um þegar verksmiðjan er í þeirri stöðu að það þarf að fjárfesta í henni. Það þarf ný tæki, það þarf að koma henni aftur í gang. En af því að það eru 7 ár í að farið verði að brjóta niður verksmiðjuna þá skiptir það ekki máli. Þetta er algerlega fráleitur málflutningur en engu að síður í samræmi við alla stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, þá trú að hægt sé að fresta vandanum og með því að fresta vandanum þá verði hugsanlega allt í lagi einhvern tíma síðar því að hlutirnir muni lagast það mikið af sjálfu sér að þegar fram líða stundir verði allt svo miklu betra og þá getum við staðið undir því sem frestað var og vöxtunum af því. Þannig virkar þetta ekki. Það ættum við að hafa lært af bankahruninu. Við skulum ekki láta þjóðina fara sömu leið og bankana.

[17:06]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég mundi svo hvert var þriðja atriðið sem hv. þingmaður hafði tekið upp áðan. Ég heyrði hann ekki koma að því aftur núna en það var um það að geta tekið upp samninginn. Það er siðaðra manna háttur að standa við orð sín og tala saman. Eins og í þessum samningi er það grundvöllurinn fyrir honum, það er þetta seinna pólitíska viðmið og það gerist þannig í milliríkjaviðskiptum að það næst pólitísk niðurstaða, hún er bókuð (**SDG:** Gerðir …?) og það er unnið út frá henni. Já, við náðum ekki betri samningum. Ég tel að það sé yfirleitt ekki hægt að ná því sem við mundum kalla góðan samning í þeirri afleitu stöðu sem við erum í. (**SDG:** Og af hverju …?) Ég tel hins vegar, hv. þingmaður, og þingmaðurinn getur haft þá skoðun á því sem hann vill, það er mín niðurstaða í þessu máli að óvissan við þennan samning sé minni heldur en óvissan við að gera hann ekki. (**SDG:** Það er engin óvissa ef menn eru dauðir.) Ég hef skýrt frá minni niðurstöðu og þingmaðurinn getur haft sína.

[17:08]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Umræðan sem hefur átt sér stað í dag hefur á margan hátt verið mjög merkileg. Hér er verið að ræða, eins og hefur komið fram í máli margra hv. þingmanna, gríðarlega stóra fjárhagslega skuldbindingu sem kann að falla á þegna þessa lands, mörg hundruð milljarðar kr. og ef maður dregur umræðuna saman í eins fáum orðum og maður mögulega getur snýst hún að stærstum hluta, samkvæmt þeim sem leggja málið fram, um það að við höfum ekkert val, Íslendingar hafi ekkert val. Engu að síður held ég að í dag hafi ég hvorki heyrt einn einasta hv. þingmann né hæstv. ráðherra halda því fram að hann hefði viljað fjalla um þetta mál í dag, þ.e. vera með þetta samkomulag í höndum. Því er haldið fram að enginn vilji gera þennan samning, menn geti bara ekki annað, Ísland hafi ekkert val. Út frá þeirri hugsun minni og þessari samantekt kemst ég að þeirri niðurstöðu að ekki sé um neitt samkomulag að ræða í málinu. Ef staðan er með þeim hætti að enginn sem tekur til máls kærir sig yfir höfuð um að gera þennan samning þá getur þetta ekki verið samkomulag, þá er það ánauð, þá er verið að hneppa þjóðina í fjötra og við erum neydd til og neyðumst til að gera þetta. Ef þetta verður með þeim hætti að stjórnarmeirihlutinn eða ríkisstjórnin eða hæstv. fjármálaráðherra sem leggur þetta fram hefur það í gegnum Alþingi þá kemur það í hlut Alþingis að leggja þessa ánauð, þessa kvöð á alla Íslendinga og komandi kynslóðir að standa undir því dæmi sem hér er uppi á borðum. En það gerist þá ekki fyrr en Alþingi — það er alveg sama hvað núverandi ríkisstjórn eða fyrrverandi hefur sagt eða gert í þessu máli, ríkisábyrgðin er mál, sem þarf staðfestingar Alþingis við. Við munum þá leiða yfir hinn almenna borgara byrðar vegna ófara einhverra einstaklinga eða einkafyrirtækis á erlendri grundu, en því hefur hins vegar ekki verið svarað enn þá með nægilega sterkum rökum að mínu mati við þessa umræðu hvaða lögfræðilegu röksemdir liggi til grundvallar þeim niðurstöðum sem samninganefndin komst að og ríkisstjórnin hefur kosið að gera að sínum.

Ég er ekki með þessum orðum mínum á neinn hátt að gera lítið úr starfi samninganefndarinnar. Ég dreg ekki í efa að allir í henni hafi viljað gera og leggja allt sitt af mörkum til að þetta næði fram að ganga. Ekki hefur verið gerð viðhlítandi grein fyrir því hvers vegna málum er ekki stillt þannig upp að Bretum og Hollendingum sé gert að sækja rétt sinn til greiðslu frá Íslendingum fyrir dómstólum. Það er ekki eins og Íslendingar eigi að krefjast þess fyrir dómstólum að fá að greiða þessum þjóðum eitthvað, ef þær telja sig eiga kröfu á Íslendinga eiga þær að fara með mál sín fyrir dóm. Á meðan þessu er ósvarað eru þingmenn í jafnmikilli óvissu og aðrir landsmenn hvernig og á hverju við eigum að byggja afstöðu okkar á meðan þessar röksemdir koma ekki fram. Það er ekkert óeðlilegt við það þó að almennir launamenn hér á landi reki upp ramakvein og spyrji hvers vegna í ósköpunum þeir eigi að taka á sig byrðar af skuldum fólks, örfárra einstaklinga sem almennir launþegar hafa ekki séð nema á myndum, aldrei umgengist. Þetta fólk hefur að auki, eins og komið hefur fram í umræðum, verið svo smekklaust að það lét taka af sér myndir við að slafra í sig gullhúðað grænmeti og hænur. Er einhver furða þó að almennur launþegi í þessu landi sem stendur frammi fyrir því að þurfa að taka á sig skuldbindingar vegna þessa reki upp ramakvein? Ég tel að almenningur eigi skýra kröfu á því að vita hvers vegna í ósköpunum var ekki og er ekki látið reyna á það af fullri hörku hvort þessar svokölluðu eignir, sem sumir kalla drasl Landsbankans í Bretlandi og Hollandi, séu einhvers virði með því að láta Breta og Hollendinga hirða þetta. Nei, þess í stað er veðjað á eilífan uppgang í nánustu framtíð. Sumir hafa nefnt 15 ár í það minnsta en það er nákvæmlega sami háttur og við höfðum á sl. 6 ár og dreif áfram loftbóluna og loftbelginn sennilega. Þetta er orðið stærra heldur en bóla íslensku skuldakóngana. Í báðum tilfellunum á síðan að fara í vasa þess almennings sem hér um ræðir og stendur eftir með stór augu.

Jafnframt sú firra sem hér hefur verið nefnd, hvers vegna í ósköpunum ekki sé unnt að láta reyna á dómstólana og réttlætið í þessum heimi. Hvers vegna er það allt í einu orðið svo að vinstri menn af öllum mönnum vilja ekki láta á það reyna? Hvaðan kemur þetta háttalag? Og þegar maður ber þessi sjónarmið fram í umræðunni, þá er viðkvæðið frá stjórnarliðunum, sérstaklega tilteknum hv. þingmönnum frá Samfylkingunni, að sjálfstæðismenn séu að hlaupa frá verkum sínum. Hæstu ásakanirnar í þeim efnum hafa kom-

ið frá tveimur hæstv. ráðherrum, hæstv. utanríkisráðherra og félagsmálaráðherra, í umræðunni fyrr í dag. Þegar slíkar ásakanir eru bornar fram verðum við að hafa í huga — og það er rík ástæða til að minna á það — að ríkisábyrgð dettur ekki niður úr loftinu. Hún verður ekki til úr engu. Til að hún verði til þarf afdráttarlausa lagaheimild sem ekki er fyrir hendi í dag vegna innstæðu sjóðsins. Það er ómálefnalegt að halda því fram að alþingismenn hvar svo sem í flokki þeir standa hafi á fyrri stigum þessa máls gefið fyrirheit um stuðning sinn við ríkisábyrgð og undirgengist hana án þess að vita hvað í slíkri ábyrgð fælist.

Minnt hefur verið á samþykkt þingsályktunartillögu á Alþingi þann 5. desember í vetur og sá sem hér stendur ljáði þeirri afgreiðslu samþykki sitt. Með þeirri samþykkt — og það vil ég undirstrika mjög skýrt — heimilaði ég ekki ríkisstjórn Íslands að semja um hvað sem var. Ég áskildi mér fullan rétt til þess að taka sjálfstæða ákvörðun á hinu háa Alþingi þegar málið kæmi fyrir í samningi og mynda mér mína eigin skoðun á því og tel mig ekki á neinn hátt vera að hlaupast undan merkjum með þeim hætti að hafa ekki bundið mig á þann klafa í desemberbyrjun á síðasta ári að skuldbinda mig gagnvart afgreiðslu á máli sem kæmi fram einhvern tíma síðar á árinu.

Ég vil undirstrika það líka í þessari umræðu að ég tel Sjálfstæðisflokkinn að sjálfsögðu bera mikla ábyrgð í þessu máli og það er ekki á nokkurn hátt hægt að undanskilja hann þeirri ábyrgð í þeirri umræðu sem á sér stað um þessi mál. En flokkurinn tekur ekki af mér ábyrgð mína, skyldu eða rétt til þess að mynda mér sjálfstæða skoðun. Því miður hefur þessi umræða farið töluvert í þessar skotgrafir og eitthvert besta innleggið sem ég hef heyrt í þessari umræðu í dag kom frá hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundi Jónassyni þar sem hann varaði við því að málið færi í þann farveg, sem honum greinilega heyrðist hæstv. ráðherrar Samfylkingarinnar vera að reka það, í hefðbundinn pólitískan skotgrafarhernað. Ég tek heils hugar undir þau orð hæstv. heilbrigðisráðherra þar sem hann lagði til að menn reyndu að forðast sem mest þeir gætu persónulegt hnútukast en engu að síður vakti hann athygli á því að hér er tiltölulega knappur meiri hluti sem hefur talað með þessu máli og ég er þeirrar skoðunar að það sé ábyrgðarleysi af Alþingi Íslendinga að samþykkja mál sem þetta með einhverjum naumum þingmeirihluta. Það sitja 63 þingmenn á hinu háa Alþingi og ég teldi það firru og mikið glapræði að leggja þær byrðar á þjóðina sem til stendur að gera með samþykki 32 einstaklinga af þeim hópi sem hér er og þess vegna tek ég heils hugar undir þá áskorun sem kom fram hjá hæstv. heilbrigðisráðherra og er tilbúinn til að leggja mitt af mörkum til að skapa breiða samstöðu um afgreiðslu á málinu.

Því miður hefur umræðan lítið beinst að því hver hin raunverulega staða er. Það hefur verið talað um að mikil óvissa taki við ef samningurinn er ekki staðfestur. Eini þingmaðurinn sem hefur játað að telja það meiri óvissu að fella samninginn heldur en ekki er hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir sem talaði síðast og viðurkenndi það, en óvissan er að mínu mati meiri við það að staðfesta þennan samning heldur en fella hann, einfaldlega vegna þeirra mála sem við stöndum frammi fyrir og ef maður leggur þetta niður fyrir sér og horfir til þess með hvaða hætti efnahagsmálum er komið í dag og að fjárhagsstaða ríkisins er með þeim hætti að ekki er leggjandi á nokkurn mann að taka endanlega afstöðu til málsins öðruvísi en að fara mjög ítarlega í gegnum það.

Því til stuðnings vil ég nefna það að erlendar skuldir annarra en bankanna hér á landi, sem stundum eru kallaðar gleymdu skuldirnar, gleymdu erlendu lánin sem lítið er rætt um voru í árslok ársins 2008 tæpir 2.300 milljarðar, höfðu þá aukist frá árinu 2004 úr 443, aukist um tæpa 2.000 milljarða kr. Um þessar skuldir er sjaldan eða lítið rætt. Hvers vegna er ég að nefna þetta? Það er vegna þess að við verðum að greiða bæði vexti og afborganir af þeim skuldum og þessar skuldir eiga: Seðlabankinn sjálfur 371 milljarð, ríki og sveitarfélög 530–540 milljarða, aðrir geirar tæpa 1.140 milljarða og bein fjárfesting er nefnd tæpir 250 milljarðar. Þessar tölur eru á heimasíðu Seðlabankans. Samtals eru þetta, eins og ég sagði, rúmir 2.000 milljarðar kr. Ef við reiknum með að vextir af þessu væru svona 3,5% þá eru vextir af þessum skuldum gríðarlega háar fjárhæðir og svo háar að mann sundlar þegar maður horfir til þess, en stabbinn sem við höfum til að greiða þetta niður með eru útflutningstekjur þjóðarinnar. Á árinu 2008 voru útflutningstekjur þjóðarinnar 467 milljarðar kr. Þeir ættu að duga mjög vel fyrir vöxtum og afborgunum af þessu ef þær væru ekki nýttar í annað, en innflutningur tók til sín af þessum útflutningstekjum 472 milljarða, þ.e. innflutningurinn var 5 milljörðum hærri. Við greiddum ekki krónu hvorki í vexti né afborganir. Við höfum aukið erlendar skuldir okkar á undanförnum árum. Þessir 2.300 milljarðar kr. eru hins vegar stærð sem mun vaxa við lántökuna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem verður 650 milljarðar að lágmarki og vegna Icesave um aðra 650 milljarða, þ.e. þarna koma 1.300 milljarðar nýir inn og þá erum við komin með erlendar skuldir upp á 3.500 milljarða kr. sem við komumst ekki hjá því að greiða. Bara vextir af þeim nema um 100 milljörðum kr. Við verðum þá að bíta af þeim takmarkaða gjaldeyrisforða sem við eigum eftir þegar við höfum tekið fyrir innflutningnum við aðra sem þurfa að greiða af sínum erlendu skuldum. Svo halda menn því fram að gengið á krónunni eigi eftir að styrkjast á næstu árum. Allir eru að keppa um það litla sem eftir verður. Þetta eru stærðir sem menn verða að leggja niður fyrir sér og fara mjög ítarlega í gegnum áður en við tökum afstöðu til samningsins sem hér liggur fyrir og þetta snýst um það sem hér hefur komið fram í morgun og umræðunum í dag um að við þurfum að gera okkur grein fyrir því hver greiðslubyrði ríkissjóðs og þjóðfélagsins alls er og hver greiðslugetan er. Þetta eru stærðir sem verður að leiða fram áður en við getum gefið endanlegt svar við þessu.

Það sem ég vil segja að lokum, virðulegi forseti, er það að eins og þetta samkomulag, sem ég vil kalla ánauð, liggur fyrir og er kynnt, þá er það ígildi 7 ára kúluláns, þ.e. það er afborgunarlaust í 7 ár. Við skulum hafa það í huga að sú stofnun sem tekur í gikkinn fyrir þessa kúlu er Alþingi Íslendinga. Þeir sem mæta þessari kúlu eftir 7 ár er almenningur á Íslandi og það er lágmarkskrafa að við gerum þeim sama almenningi fullkomlega grein fyrir því, eins vel og við getum, (Forseti hringir.) frammi fyrir hverju hann stendur eftir 7 ár þegar þetta fer tikka inn.

[17:23]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er mjög líklegt að ég hafi misskilið eitthvað í orðum hv. þingmanns en mér fannst hann segja að af því að við segðum hér mörg hver, og ég gerði það sjálf, að okkur væri ekki ljúft að mæla fyrir þessum samningi og þess vegna ættum við ekki að gera það eða að vera í þessari stöðu þá á ég ekki við það. Mér er alveg ljúft að mæla fyrir þessum samningi í þeirri stöðu sem við erum í. En ég held að hv. þingmaður sé sammála mér í því að engu okkar er ljúft að vera í þeirri stöðu sem þjóðarbúið er í núna, bara svo að það sé alveg ljóst. Þetta er sú lausn sem ég sé núna besta á því hvernig við komumst út úr þeim þrautum sem þetta þjóðarbú er í.

Ég vil líka segja að ég hef heldur ekki sagt — þegar ég vitnaði til samningsumboðsins sem gefið var 5. desember þá dettur mér ekki í hug að það hafi verið að skylda neina þingmenn til að samþykkja ríkisábyrgð. Þeir voru að gefa heimild til þess að ganga til samninga. Núna er umræðan um ríkisábyrgðina og þá hljóta þingmenn að taka ákvörðun um það.

Í þriðja lagi langar mig að segja að hv. þingmaður vitnaði til þess að ég hefði viðurkennt að ég teldi óvissuna við að gera samninginn ekki meiri — það er ekkert að viðurkenna. Það er bara niðurstaða mín. Þá vil ég benda hv. þingmanni á það líka að það er óvissa eða áhætta. Í krossgátu væri hægt að nota orðin þannig. Ég segi: Áhættan við að stoppa hér öll gjaldeyrisviðskipti í marga mánuði í viðbót, þ.e. ég tel hana meiri en þá að gera samninginn sem yrði til þess vonandi að (Forseti hringir.) hleypa okkur aftur á flot.

[17:25]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta innlegg. Ég skal verða fyrstur manna til að viðurkenna það ef ég hef lagt eitthvað rangt út af orðum hennar í hennar ágætu ræðu. Það var ekki meining mín, alls ekki, langur vegur frá.

Það sem ég átti við þegar ég tala um þetta sem nauðasamninga og ánauð, þá er það bara í ljósi þeirra orða sem þeir hæstv. ráðherrar sem mæla fyrir þessu máli hér viðhafa. Það stendur út úr þeim bunan af sárindum yfir því að þurfa að leggja þetta svokallaða samkomulag fram. Ég held því fram að þegar annar samningsaðilinn kemur fram með slíka gjörð og mælir þannig fyrir henni þá sé þetta ekki samkomulag heldur sé þetta neyðaraðgerð. Það er það sem ég átti við.

Ég get alveg deilt skoðunum með hv. þingmanni í því efni að það er ekkert gamanmál að þurfa að standa í þessu eða ánægjuefni. Þetta er ekki æskilegasta viðfangsefnið í dag. En ég tek þetta ekki þannig að það þurfi að verða neitt leiðinlegra eða erfiðara viðfangs — ég er ekki þeirrar skoðunar — að staðfesta ekki samkomulagið eins og það liggur fyrir og leita samninga að nýju. Ég tel að það verði ekki jafnerfitt og viðfangsefnið verður ef við ætlum að staðfesta það og glíma við þann stabba sem kemur. Ég tel að þetta sjö ára kúlulán, í ljósi þeirra upplýsinga sem ég var að reyna að gera þingheimi grein fyrir áðan, verði af þeirri stærðargráðu að við munum ekki ráða við það. Það óttast ég. Þess vegna undrast ég að einstaka þingmenn skuli geta verið búnir að gera það upp við sig nú þegar að við séum reiðubúin og höfum fjárhagslega getu til þess að takast á við þessa skuld eftir sjö ár, vegna þess að ég hef ekki enn þá fengið þær upplýsingar í hendur. Sit ég þó í fjárlaganefnd Alþingis.

[17:28]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég er næstur á mælendaskrá. Ég vil bara vekja athygli á því að hæstv. forsætisráðherra er ekki hér í salnum. Ég óska eftir því að hún verði kölluð í salinn. Ég ætlaði að beina að henni spurningum. Ég held að það sé mjög mikilvægt í ljósi stærðargráðu þess máls sem við erum hér að fjalla um að hún sé hér.

Einnig óska ég eftir því að hæstv. utanríkisráðherra komi og verði viðstaddur umræðuna í framhaldinu. Hann fer með utanríkismálin og að honum munu þessir samningar snúa í framtíðinni.

[17:28]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti getur upplýst að rétt í þessu var hæstv. forsætisráðherra að koma í hús og í húsi er hæstv. utanríkisráðherra þó að hann sé ekki hér í sal. Gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að koma beiðni til hæstv. forsætisráðherra um að mæta í salinn.

[17:29]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka svörin og vona að hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra séu að fylgjast með. Það er gott að hæstv. forsætisráðherra sé aftur komin í þinghúsið.

Mig langar til þess að velta upp nokkrum spurningum og um leið reyna að svara þeim fjölmörgu fullyrðingum sem á okkur hafa dunið í þessari umræðu. Ég held að það sé rétt, eins og margir þingmenn hafa komið inn á hér í sínu máli, að við verðum að komast upp úr skotgröfunum. Ég skal líka vera fyrsti maður til þess að viðurkenna að óneitanlega hleypur manni kapp í kinn þegar menn svara í útúrsnúningum eða með endurteknum rökum, jafnvel þó að búið sé að sýna fram á og sanna að þau eiga ekki við í þessu máli.

Í fyrsta lagi: Getur verið að almenningur beri ábyrgð á Icesave-reikningnum? Getur það verið að í allri þessari útrás hafi það verið þannig að íslenskur almenningur beri ábyrgð á einkafyrirtækjum vegna þess og eins og hefur komið fram í umræðunni þá voru ríkisbankarnir einkavæddir? En það er ekki þannig, hvorki úti í heimi né hér á Íslandi, að almenningur beri neins konar ábyrgð ef þau fyrirtæki fara á hausinn.

Hins vegar er deilt um hvort þessi innstæðutryggingatilskipun Evrópusambandsins leiði af sér að almenningur var sem ábyrgðarmaður í þessum Icesave-pakka öllum saman. Um það er deilt. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég mun aldrei nokkurn tíma verða sammála því eða sætta mig við þá staðreynd að við fáum ekki að fara dómstólaleiðina í

þessu máli. Því hefur verið haldið fram að hinn aðilinn hafi einfaldlega hafnað því. Ég held að ef Íslendingar hefðu bara einu sinni í öllum þessum viðræðum sett hnefann í borið og sagt: „Ef þið samþykkið ekki að fara dómstólaleiðina þá munum við ekki borga.“ Þá hefði kannski hinn aðilinn séð sig knúinn til þess að fara fyrir dómstóla til þess að fá fullnustað kröfu sinni. Það er nú einmitt meginregla laga, íslenskra laga, laga allra vestrænna þjóða, að sá sem telur sig eiga kröfu á hendur öðrum aðila, að það er hann sem á að sækja þá kröfu fyrir rétti. Ég get heldur ekki sætt mig við að hér stígi íslensk stjórnvöld fram og segi: „Það var einmitt bara sett á okkur þumalskrúfan og svo var snúið upp á.“ Er það þannig og er þannig komið fyrir íslensku þjóðinni að hún sé farin að sætta sig við yfirgang annarra þjóða? Þá er gott að rifja upp hvernig staðan var hér í þorskastríðinu. Við ákváðum að færa fiskveiðilögsöguna út í 50 mílur. Það var mjög umdeilanlegt og við fengum ágjöf frá öðrum þjóðum. Við settumst hins vegar niður með Bretum og Bretar samþykktu að ef svo færi að Íslendingar mundu færa hana út í 200 mílur mundi slíkt fara beint fyrir dómstóla og við samþykktum það. Hins vegar ákváðu Íslendingar að færa fiskveiðilögsöguna út í 200 mílur og hvað gerðist svo í kjölfarið? Við höfnuðum því þvert gegn samningum að fara dómstólaleiðina og ef við lítum á söguna eru þetta einhver stærstu afrek íslenskra ráðamanna. Þetta gerði það að verkum að hér á landi hefur verið gott að búa, lífsskilyrði hafa verið með allra, allra besta móti og sambærileg ef ekki betri en hjá öðrum vestrænum þjóðum.

Af því að hæstv. heilbrigðisráðherra minntist hér á að heilbrigðiskerfið okkar væri undanþegið og það væri einmitt það sem við þyrftum að passa upp á að vernda þá vil ég einmitt benda á niðurstöðu OECD þar sem það komst að því að heilbrigðiskerfi okkar Íslendinga væri lofsvert, það væri í fyrsta flokki og við þyrftum að standa vörð um það. Það er kannski út frá þessum ástæðum sem ég get ekki sætt mig við það að við tökum á okkur skuldbindingar sem við erum ekki lagalega skuldbundin til þess að greiða. Um það snýst þetta mál.

Ég ætla ekki að fara út í umræðu um það hverjum sé um að kenna. Hæstv. fjármálaráðherra kemur hér ótt og títt fram og segir að þetta hafi verið orðinn hlutur, bendir á Sjálfstæðisflokkinn — gleymir Samfylkingunni vegna þess að þau eru nú í ríkisstjórn saman — en segir að þarna hafi verið komist að samkomulagi um að íslensk stjórnvöld yrðu að greiða þessa samninga. Það er ekki þannig. Það getur bara ekki verið ef maður hugsar um þetta bara út frá rökrænum sjónarmiðum. Einstakir ráðamenn geta ekki skuldbundið þjóðina þannig að hún beri ábyrgð á skuldbindingunum.

Í fyrsta lagi geta þessar yfirlýsingar ekki fellt úr gildi einmitt tilskipunina um innstæðutryggingakerfið. Þær trompa ekki þá tilskipun. Í öðru lagi trompa þessar yfirlýsingar heldur ekki EES-samninginn, hvað þá ákvæði í stjórnarskránni okkar sem segir að allar ákvarðanir varðandi fjárskuldbindingar þurfi að vera samþykktar af Alþingi. Það er líka þess vegna sem við erum hér í dag að ræða þetta mál. Menn sjá það bara í hendi sér að ef það hefði verið búið að samþykkja þetta og ef við værum lagalega skuldbundin þá værum við ekki hér í dag að fjalla um málið og taka ákvörðun um það hvort við eigum að samþykkja ríkisábyrgðina á skuldbindingunni.

Hæstv. félagsmálaráðherra fullyrti hér áðan að svokallað Memorandum of Understanding gerði það að verkum að við værum lagalega skuldbundin. Hann talaði um stöðuumboð og þá meginreglu í þjóðarrétti að ef ráðherrar lýstu yfir skoðun sinni þá væri það skuldbindandi fyrir þjóðina. Það er ekki meginregla í þjóðarrétti. Ég ætla bara að leiðrétta þá villu hér og nú. Hins vegar er rétt að í einstaka tilviki — ég get nefnt hið svokallaða Grænlandsmál þegar deilt var um túlkun á því hvort norskur ráðherra hefði skuldbundið þjóð sína að þá var talið að hann hefði gert svo. En svo er ekki um fjárskuldbindingar vegna þess að fjárskuldbindingar þurfa að fara fyrir Alþingi. Það er Alþingi eitt og sér sem þarf að samþykkja samninginn. Það var heldur ekki þannig þegar þingheimur ákvað að veita umboð til þess að kanna mögulega hver staðan væri 4. desember síðastliðinn að við værum þá líka að veita fullt og ótakmarkað umboð til þess að skrifa undir samninga. Það var ekki þannig. Enginn þingmaður leit þannig á. Að sjálfsögðu var eðlilegt að við mundum kanna málið og hefja viðræður við Hollendinga og Breta, reyna að ná einhverri vitrænni niðurstöðu. En Alþingi var ekki að gefa frá sér vald sitt. Um það snýst kannski málið.

Við erum fullvalda þjóð. Fullvalda þjóð á rétt á því í alþjóðasamstarfi að láta reyna á rétt sinn. Það eru bara þær þjóðir sem eru undir þeirri ánauð að vera ofurseldar valdi annars ríkis sem hafa ekki þennan rétt. Ef við gefum þennan rétt frá okkur, hvað er þá eftir? Kannski snýst þetta mál um það hvort við ætlum að vera sjálfstæð þjóð, hvort við ætlum að standa fast í lappirnar og segja: Ef við fáum ekki að láta reyna á þann stjórnarskrárbundna rétt okkar sem fullvalda ríki að fara fyrir dómstóla þá munum við ekki samþykkja þessa nauðasamninga.

Í dag spurði ég hæstv. fjármálaráðherra hvort það gæti verið að einhver gögn ætti eftir að leggja fram í málinu. Í mínum huga er það stórkostlegt vanræksluatriði ef svo er. Nú hef ég heyrt og fengið upplýsingar um það að hæstv. utanríkisráðherra hafi fengið álitsgerð frá breskri lögmannsstofu sem virðist af einhverjum ástæðum hafa verið stungið undir stól og er ekki í gögnum málsins. Ég óska eftir því og spyr hæstv. forsætisráðherra, vegna þess að hún er komin hér í salinn, eða hæstv. fjármálaráðherra hvort það geti verið að álitsgerð sem kom frá virtri breskri lögmannsstofu um réttarstöðu Íslands skuli hafa verið stungið undir stól. Ég hef nefnilega heyrt að í því áliti komi mjög skýrt fram að Íslendingar hafi ekki skuldbundið sig hér á haustmánuðum til að greiða Icesave-skuldbindingarnar.

Það er kannski líka hægt að benda á þá staðreynd að þetta samkomulag var gert við Hollendinga. Samkomulag við Hollendinga getur ekki bundið Íslendinga gagnvart Bretum. Þetta var ekki einu sinni samkomulag. Ef menn telja að svo hafi verið mun þá það aldrei skuldbinda okkur gagnvart Bretum.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni hér áðan að ef dómstólaleiðin hefði verið fær þá hafi hún ekki verið það eftir 7. janúar. Þetta er mikill misskilningur. Það rann út frestur til þess að höfða mál gegn Bretum út af hryðjuverkalögunum 7. desember. Ég hef reyndar fengið upplýs-

ingar um að þessi breska lögmannsstofa telji að fresturinn sé einmitt kannski ekki útrunninn, að hugsanlega sé enn þá hægt að höfða mál, að það sé líka hægt að höfða mál út af Heritable Bank sem var yfirtekinn og að þar liggi einhverjir 100 milljarðar. Getur verið að við séum búin í samningnum að samþykkja að fara ekki í mál? Getur verið að við höfum lagst svo lágt? Hins vegar get ég ekki séð að það að tíminn út af hryðjuverkalögunum rann út hafi nokkuð með þetta mál að gera, réttarstöðu okkar í þessu máli. Þetta er svona ein af þessum fullyrðingum sem er bara hent út til þjóðarinnar og sagt: „Svona er þetta bara, 7. janúar rann út tíminn.“ En það var varðandi hryðjuverkalögin, ekki varðandi lagalega stöðu okkar út af innstæðutryggingakerfinu eða hvað þá að við eigum að samþykkja Icesave-samningana.

Ég spurði líka hvort staðan væri þannig — af því að hæstv. fjármálaráðherra minntist á að við værum að fá bestu fáanlegu vexti — hvort það þýddi ekki að ef við þyrftum að leita nýrra lána þá værum við alltaf að fá verri vexti en þessa 5,55 og hvort það væri ekki rétt hjá mér að þá mundu þeir vextir hækka um leið. En ég fékk því miður engin svör.

Ég á lítinn tíma eftir. Ég ætla samt á þessum stutta tíma aðeins að segja að hér hefur verið haldið uppi þeim hræðsluáróðri að við munum ekki fá lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hvað þá frá hinum Norðurlöndunum ef við samþykkjum ekki þennan samning. Það hefur verið staðfest hér að Norðurlandaþjóðirnar muni lána okkur. Það er búið að skrifa undir þá samninga. (Gripið fram í.) Samt reyndi hæstv. fjármálaráðherra á einn eða annan hátt að koma með þá söguskýringu að það væru einhvers konar tengsl á milli lánsins frá Norðurlöndunum og lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og svo við Icesave, að það væru einhvers konar tengsl þar á milli og við mundum hugsanlega ekki fá lánið einhvern tíma seinna. Þetta gengur ekki upp, kannski líka í ljósi þess að fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi, Franek Rozwadowski hefur lýst því yfir að ekki séu tengsl á milli lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Icesave-skuldbindinganna. En þessu er hent fram, að þjóðir heimsins muni beita okkur einhvers konar viðskiptabanni. Það liggur ekkert fyrir um það, engar ályktanir, engar samþykktir frá þjóðþingum þessara landa. En hræðsluáróðurinn gengur yfir. Ég vona að við komumst út úr þessu og ég vona innilega að hv. þingmenn (Forseti hringir.) Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs muni standa á sannfæringu sinni og (Forseti hringir.) greiða atkvæði gegn (Forseti hringir.) þessari ríkisábyrgð.

[17:44]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Þó fannst mér gæta ákveðinnar mótsagnar í ræðunni því að hann dásamar framgöngu Íslendinga í 200 mílna deilunni og þar fórum við einmitt ekki að alþjóðalögum og vildum ekki leggja málið undir dóm. Hv. þingmaður nefndi það einmitt. Svo kvartar hann undan því núna að Bretar vilji ekki fara að alþjóðalögum og vilji ekki leggja málið undir dóm. Í því felst dálítil mótsögn. Ég ætlaði að fá svör við því.

En ég ætlaði eiginlega að benda hv. þingmanni á nokkuð og spyrja hann hvort hann hafi ekki orðið var við það í haust að hér var eiginlega stríðsástand. Það voru stöðvaðar greiðslur frá útlöndum til Íslands. Maður sem átti evrur inni á reikningi á Ítalíu, útflytjandi, hann gat ekki náð í þær evrur. Þær komust bara ekki til Íslands. Ýmist var það að menn þorðu ekki að millifæra þær af ótta við að þær yrðu gerðar upptækar á verðbréfamarkaðnum í London eða þá að þær stöðvuðust í London. Auk þess var á sama tíma þess krafist að staðgreitt yrði fyrir innflutning. Ég ætla að spyrja hv. þingmann: Vissi hann ekki af því að áhyggjur höfðu jafnvel vaknað um hvort menn gætu keypt lyf og olíu og annað slíkt sem er þó lífsnauðsynlegt, alla vega lyfin, og olían fyrir rekstur fiskiskipaflotans og svo framvegis. Þetta var því ákveðið stríð og í stríði gerist það, þ.e. þegar menn tapa stríði, eins og Íslendingar að sjálfsögðu gerðu — og ég sagði í ræðu á sínum tíma í haust að við ættum bara að lyfta út hvíta fánanum og krefjast friðarsamninga — það sem gerist í stríði er að þá hjala menn ekkert um lög eða rétt.

[17:46]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég kom inn á það að þegar þorskastríðið var stóðu Íslendingar í lappirnar gagnvart stórþjóð — það má alveg lýsa því þannig að það hafi verið visst stríðsástand.

Fyrirsögn *Morgunblaðsins* í gær var einhvern veginn á þann veg að Bretar hefðu allan tímann beitt Íslendinga harðræði í samningaferlinu. Hún hefði líka getað verið: Íslendingar sýndu allan tímann linkind í samningaviðræðunum. Það er málið. Ég átta mig vel á því að Bretar eru að gera það sama og við gerðum í þorskastríðinu, en ég hlýt þá um leið að gagnrýna mjög hvernig haldið er á þessu máli miðað við það hvernig var haldið á því máli. Þá stóðu Íslendingar í lappirnar og það var til hagsbóta fyrir íslenskan almenning.

Þingmaðurinn spurði mig líka hvort ég hefði ekki áttað mig á því í haust að hér hefði verið mjög erfitt ástand, og líkti því við stríðsástand. Ég varð fullkomlega var við það. Ég tók þátt í því ásamt öðrum þingmönnum að samþykkja hér neyðarlög. Við gerðum það á sex tímum og þá þurfti maður stundum, og ég viðurkenni það fúslega, að treysta á ráðleggingar þeirra sem höfðu farið betur ofan í það mál.

Það hefur hins vegar ekkert með það að gera að við eigum að samþykkja Icesave-skuldbindingarnar. Það er alveg rétt að hér lokuðust leiðir og við þurftum að fara út í það að setja takmarkanir á gjaldeyrisflæðið, og það er enn þá, ekki er búið að aflétta því. Við eigum ekki þrátt fyrir það (Forseti hringir.) að samþykkja nauðasamninga (Forseti hringir.) sem skuldbinda þjóðina 20 til 30 ár fram í tímann.

[17:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í þorskastríðunum höfðum við eitt vopn á hendi sem var hernaðarlegt mikilvægi Íslands. Það var mjög beitt vopn í því stríði og fyrir því gáfust Bretar upp. Það var hernaðarlegt mikilvægi Íslands á þeim tíma sem síðan hefur rýrnað mjög mikið. Í þessu stríði í haust stóðu Íslendingar frammi fyrir Bretum og Hollendingum en síðan öllu Evrópusambandinu eins og það lagði sig, vegna þess

að Evrópusambandið — þeir menn voru ekki að gera þetta að gamni sínu, þeir óttuðust að trú og traust sparifjáreigenda í bankakerfinu mundi rústast. Það var óttinn sem dreif Breta og Hollendinga í það að vera svona harðir við Íslendinga. Menn óttuðust að það kæmi í ljós — sem er komið í ljós — að það er galli í tilskipunum Evrópusambandsins, þær virka bara í rólegu umhverfi. Þegar allt er rólegt þegar einn banki fer á hausinn á sjö ára fresti af hverjum hundrað, þá gengur þetta upp, þá virkar þetta kerfi. En þegar stór hluti fjármálakerfisins í einhverju landi, hvort sem það er Holland, Ísland, Bretland eða hvaða land sem er, fer á hausinn þá virkar kerfið ekki.

Það sem menn óttuðust var að sparifjáreigendur í Hollandi og Bretlandi sæju þetta og yrðu skelfingu lostnir og rifu út peningana sína og sá ótti hefði svo dreifst eins og eldur í sinu um alla Evrópu. Meira að segja fjármálaráðherra Japans — ég efast um að hann viti hvar Ísland er — fór allt í einu að hafa áhyggjur af Íslandi. Þetta er nefnilega angi af miklu stærra máli og mér finnst að hæstv. ráðherra og samninganefndin hefðu átt að segja við þessa samningsaðila okkar úti: Við erum að taka þátt í því að byggja upp traust sparifjáreigenda um alla Evrópu á bankakerfinu þar og við eigum að fá aðstoð við það.

[17:51]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í máli þingmannsins komu fram fullyrðingar sem ég er einfaldlega ekki sammála. Ég tel mikilvægi Íslands á alþjóðamælikvarða mjög mikið núna hvað varðar þær auðlindir sem við búum yfir og stöðu okkar á hnettinum. Líta þjóðir heims ekki einmitt til norðursins varðandi vatn, varðandi hugsanlegar siglingar fyrir norðan Rússland og Síberíu? Er þetta ekki framtíðin? Eru ekki öll lönd að horfa einmitt á þjóðir sem eiga auðlindir eins og Ísland?

Þingmaðurinn hélt því fram að öll Evrópusambandsríki hefðu verið á móti okkur. Það er einfaldlega rangt. Það sem gerðist hins vegar var það að Bretar fóru — (Gripið fram í.) ég skal svara því, Bretar fóru og héldu uppi áróðri fyrir málstað sínum. Það gerðu Íslendingar ekki, það gerði Sjálfstæðisflokkurinn ekki og ekki Samfylkingin. Utanríkisráðherra Slóvakíu kom hér um daginn og sagði einmitt að það gæti meira en vel verið að Slóvakar hefðu aðra mynd af stöðunni á Íslandi og aðra skoðun á því en haldið hefði verið fram, þeir stæðu kannski bara með Íslendingum.

Hvað hafa Frakkar gert í þessu máli? Þeir hafa lýst því yfir að ekki sé ríkisábyrgð á bak við innstæðutryggingakerfið sitt. Þeir eru með öðrum orðum sammála túlkun Íslendinga, svo ekki sé minnst á túlkun sérfræðinga í sænska seðlabankanum sem segir ósanngjarnt að Íslendingar taki einir á sig gloppur í innstæðutryggingakerfinu.

Svo er það ekki rétt, sem hæstv. þingmaður kom inn á, að það hefði verið gert áhlaup á banka í Evrópu. Var gert áhlaup á franska banka þegar hann lýsti því yfir að það væri ekki ríkisábyrgð, varð áhlaup á franska seðlabankann, banka í Frakklandi.? (Forseti hringir.) Nei. Þessu hefur verið haldið fram af hv. þingmanni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. (Forseti hringir.) Ég hef því miður ekki tíma til að svara betur en bendi á grein á heimasíðu minni þar sem ég kem nánar inn á þennan punkt.

[17:53]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Af því að hv. þingmaður nefndi frestinn sem rann út 7. janúar og taldi ekki skýrt að hverju hann sneri þá er það einfaldlega þannig að bresk stjórnvöld gripu til aðgerða 8. október. Þær voru tvíþættar, það var annars vegar frysting allra eigna Landsbankans og tengdra eigna íslenska ríkisins á grundvelli hryðjuverkalaga og hins vegar tóku þeir yfir með valdi dótturfélag Kaupþings, breska bankann Singer & Friedlander, og samkvæmt breskum rétti er það þannig að menn hafa þrjá mánuði til að kæra slíkar stjórnvaldsaðgerðir til breskra dómstóla. Í tilviki Landsbankans rann sá frestur út án þess að mál væri höfðað. Hvorki íslenska ríkið né Landsbankinn gamli, sem hvor um sig hefði getað höfðað mál, gerði það.

Í þriðja tilvikinu höfðaði hins vegar gamla Kaupþing, eða þrotabú Kaupþings, mál sem nú er fyrir dómstólum með stuðningi íslenska ríkisins hvað varðar yfirtöku bankans Singer & Friedlander. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir þessu tengdar, eins og yfirtakan á Heritable Bank, eru sama marki brenndar hvað þetta varðar, að menn hafa tiltekinn frest til þess að kæra stjórnvaldsákvarðanir af þessu tagi, þá eru það þær sem eru kærðar en um leið koma auðvitað efnisatriði málsins til dómstóla.

Varðandi það sem hv. þingmaður heldur hér enn fram, að ekki sé samhengi milli lausnar þessa máls og samstarfsáætlunar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða gjaldeyrislánanna frá Norðurlöndunum — þá þrýtur mig bara alveg úrræði til þess að sannfæra hv. þingmann, ef ítrekuð skjalfest gögn duga ekki til, t.d. það sem stendur hér í greinargerð frumvarpsins um breytingarnar sem gerðar voru á „Letter of intent“ í nóvember þar sem það er algerlega í gadda slegið að lausn Icesave-deilunnar sé hluti af því að samstarfið haldi áfram, eða fréttatilkynningu frá því í gær þar sem talað er um niðurstöðuna í samningaviðræðum um norrænu lánin (Forseti hringir.) og það sérstaklega tengt við lausn Icesave-deilunnar.

[17:55]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem ég get ekki sætt mig við í þessu máli er það að íslensk stjórnvöld geti ekki látið reyna á það hvort innstæðutryggingakerfi Evrópu standist og hvort túlka eigi það þannig, eins og Stefán Már og Lárus Blöndal, lögmenn og prófessorar — já, hæstaréttarlögmenn, hafa haldið fram. Ég get ekki sætt mig við það.

Ég get heldur ekki fallist á það — eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði hér í dag og ég gat ekki skilið hann öðruvísi en að frestur til þess að höfða mál á þessum forsendum hefði runnið út. Það er alveg hárrétt að þessi þriggja mánaða frestur varðandi beitingu hryðjuverkalaganna rann út 7. janúar. Um það snýst málið ekki. En fresturinn til þess að láta reyna á hitt er ekki runninn út í mínum huga. Það sem ég er að reyna í þessu er að reyna að fá niðurstöðu og rök fyrir því að við eigum að borga þetta. Ég hef ekki fengið þau rök.

Hæstv. ráðherra veifar hér einhvers konar skjali um að samþykkt hafi verið einhvers konar tenging við lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og við lánin frá Norðurlöndum. Nú hafa einstakir ráðherrar Norðurlandanna stigið fram og fullyrt að það sé engin tenging. Hverju á maður að trúa? Eigum við þá ekki í besta falli að samþykkja að óvissa sé um þetta atriði? Við getum ekki hengt okkur á það ef það er óvissa um þetta atriði, við getum ekki bara sagt: Við eigum að borga það af því að við vorum búin að segja það og það er tenging þarna á milli.

Hvernig getur þá verið að við séum nú þegar búin að skrifa undir lán við Norðurlöndin en ekki undir Icesave, ef tenging er þar á milli? Ég get ekki séð þetta og bendi enn á ný á (Forseti hringir.) fullyrðingar talsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að það séu (Forseti hringir.) ekki tengingar þar á milli.

[17:58]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að við séum öll sammála um að okkur hefði fundist rétt og skylt og eðlilegt að við hefðum fengið einhvern réttarfarslegan dómstólafarveg til úrlausnar óvissu í þessu máli. Um það var engin deila hér á Íslandi. Það vildu bæði fyrrverandi og núverandi stjórnvöld en sú leið lokaðist. Menn sættu sig við það og kyngdu því svo snemma sem í nóvember að dómstólaleiðin væri ekki fær, að engin tæk úrræði væru til þess að knýja fram dómsúrskurð nema gagnaðilarnir féllust á að veita einhverjum dómstóli lögsögu, þetta er vandinn í hnotskurn.

Þegar Íslendingar sjálfir drógu málið út úr þeirri gerð sem til stóð að reyna á vettvangi Evrópusambandsins í nóvember og eftir ECOFIN-fundinn þá varð það ekki til að styrkja okkar málsástæður.

Síðan hvet ég hv. þingmann til að kynna sér fylgiskjölin, t.d. fskj. 17, 18, 19 og 20. Strax í nóvembermánuði voru unnar ýmsar lögfræðilegar álitsgerðir um stöðu Íslands í þessum efnum, þar á meðal fskj. 19 þar sem Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmaður vann álit fyrir þáverandi ríkisstjórn og hver er meginniðurstaða hans? Jú, hana er hér að finna.

Sagt er, með leyfi forseta:

„Það er því skoðun mín að ef tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta eiga ekki fé til að greiða samanlögð innlán hvers innstæðueiganda Icesave-reikninganna í Bretlandi og Hollandi upp að lágmarkinu í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar, þ.e. rúmar 20 þúsund evrur, og til hvers og eins, sé íslenska ríkið skaðabótaskylt gagnvart hverjum og einum þeirra þannig að íslenska ríkið þurfi að standa skil á því sem upp á vantar að lágmarkinu verði náð.“

Þetta lögfræðiálit var fyrrverandi ríkisstjórn með í höndunum strax í nóvember og mörg önnur. Það verður því að segja það eins og er, án þess að ég vilji með tilvitnunum veikja þó það sem eftir kann að standa af einhverri mögulegri málsástæðu okkar að lögum í þessu, að það eru líka gögn hér sem styrkja ekki stöðu okkur. (Forseti hringir.) Að líkindum er það svo að eina leiðin sem mögulega er eftir opin er málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu.

[18:00]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka málefnaleg svör frá hæstv. fjármálaráðherra. Hann telur að dómstólaleiðin hafi lokast. Ef ég man rétt fullyrti hæstv. fjármálaráðherra hér fyrr í dag að við hefðum þegar verið búin að skrifa undir samningana í haust. Ég er búinn að fara yfir það með rökum að það standist ekki, það stenst einfaldlega ekki hvernig sem við reynum að snúa málinu við.

Ég er líka ósammála því að dómstólaleiðin sé ekki fær. Ég er ósammála því. Að sjálfsögðu hljótum við enn þá að eiga þann rétt fullvalda ríkis að láta reyna á. Lögfræðingar eru ósammála um hvernig eigi að túlka tilskipunina um innstæðureikningana. Gott og vel, en er þá einmitt ekki tilefni til þess að fá úr því skorið hver staðan er? Þegar maður semur við einhvern aðila sem krefst þess að maður borgi, bara venjulegur kröfuréttur sem er mjög sambærilegur í öllum vestrænum ríkjum, er það aðilans sem vill fá kröfuna, vill að maður greiði, að fara dómstólaleiðina. Ég hafna því algjörlega að við getum ekki farið dómstólaleiðina af því að Bretar hafa sagt nei. Ef Bretar vilja ekki fara dómstólaleiðina segjum við bara á móti: Þá viljum við ekki borga þar sem við teljum okkur ekki bera að borga. Þannig er staðan. Ég hef kynnt mér öll fylgiskjölin i þessu lokaða herbergi og mér finnst það grafalvarlegt mál ef ríkisstjórnin heldur leyndum einhverjum gögnum sem koma þeim illa í þessari umræðu, (Forseti hringir.) hvað þá áliti frá breskri lögmannsstofu (Forseti hringir.) sem fjallar um að hún hefði átt að fara allt aðra leið en hún fór.

[18:03]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Sá vandi sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir vegna hinna svokölluðu Icesave-reikninga er ákveðin birtingarmynd af þeim vanda sem vestræn fjármálakerfi standa frammi fyrir, sá vandi að sökum þess hversu óstöðug fjármálakerfi hafa reynst í sögunni, þ.e. sú hætta að bankastofnanir verði fyrir lausafjárvanda þrátt fyrir að viðkomandi stofnanir séu með traustan og öruggan rekstur, að tímabundinn lausafjárvandi valdi því að bankastofnun fari á hausinn, með skelfilegum afleiðingum auðvitað fyrir stofnunina sjálfa en þó ekki síður þá sem lagt höfðu þar inn fé eða reiddu sig með öðrum hætti á áframhaldandi starfsemi.

Til að mæta þessu hefur verið farin sú leið að ríkið rekur seðlabanka og hefur þá grunnhugsun að hægt sé að mæta með prentun seðla eða lánum slíkum vanda sem kæmi upp vegna lausafjárskorts. Þessi hugsun hefur síðan í raun gengið lengra og ríkisvaldið hefur með einum eða öðrum hætti gengist í ábyrgðir fyrir fjármálastofnanir. Það veldur auðvitað eitt og sér heilmiklum vanda, þeim vanda að gróðinn liggur þá hjá þeim sem eru hluthafarnir en það er búið að koma málum þannig fyrir að fari illa er það hið opinbera sem kemur á móti. Innstæðukerfin eru í eðli sínu einmitt komin til vegna þessa, að ríkisvaldið telur það mikla hagsmuni undir að fá fólk til þess að leggja peninga inn í banka að það sé nauðsynlegt að það sé einhvers konar trygging þar að baki.

Það verður þó að segjast eins og er að hvað varðar hið

evrópska tryggingakerfi finnst mér blasa við að það eru gallar á því kerfi. Og hver er gallinn? Jú, augljóslega að úr því að gert er ráð fyrir því að það sé ríkisvald að baki innstæðunum er náttúrlega þar með verið að segja að bankarnir séu að nokkrum hluta ríkisreknir, með ríkisábyrgð. Það eitt og sér gengur gegn þeirri meginhugsun sem er um frjálsa samkeppni á markaði, að það sé óeðlilegt að ríkið komi með þessum hætti að en hitt er kannski enn þá meira gegn allri þeirri hugsun sem er um Evrópska efnahagssvæðið, innri markað Evrópu, að ef það er virkilega svo að bankarnir njóti ríkisábyrgðar á innstæðum felur það auðvitað í sér þá staðreynd að bankar frá litlum löndum, smáum ríkjum, fámennum ríkjum eins og okkar, geta ekkert starfað á þeim markaði með sama hætti og bankar frá stærri löndum. Það er bara ómöguleiki fólginn í því vegna þess að stóru bankarnir geta þá starfað í skjóli þeirrar ríkistryggingar sem fylgir stórum ríkjum, rekið útibú í öllum löndum, safnað innstæðum og styrkt sig með þeim hætti en bankar frá minni ríkjum geta þá væntanlega ekki gert það.

Þetta er auðvitað eitt af þessum grundvallaratriðum sem segir manni að það er eitthvað meiri háttar að þessu kerfi, svona hafa menn auðvitað ekki hugsað þetta. Á sama tíma er alveg ljóst að það eru gríðarlegir hagsmunir undir hjá helstu þjóðum Evrópu að ekki sé verið að draga í efa það innstæðukerfi og þær tryggingar sem eru að baki innstæðunum í evrópskum bönkum. Gott og vel, og við Íslendingar erum fórnarlömb þeirrar stöðu.

Það er allt rétt sem hér hefur verið sagt, að gáleysislega hafi verið farið með, að þannig hafi verið haldið á málum hvað varðar Icesave-reikningana að ámælisvert er. Það breytir ekki því að kerfið er gallað. Mér finnst, og ég held að allir hljóti að geta verið sammála um það, óréttlátt að við Íslendingar einir berum af því hallann. Það hefur komið fram, m.a. hjá sérfræðingum í sænska seðlabankanum, í bréfum sem hafa verið send þar til yfirmanna bankans, að það sé óeðlilegt að Ísland beri allan þungann af þessu máli, það sé eðlilegt að gistiríkin deili því með okkur Íslendingum að það falli ekki með öllu allt saman á okkur.

Það sem ég hef kannski einna helst við þennan samning að athuga sem hér hefur verið lagður fram er að með engum hætti er tekið tillit til þessara sjónarmiða, með öðrum orðum er ekki komið til móts við okkur Íslendinga með að dreifa áhættunni af málinu. Við sitjum alfarið uppi með hana. Í raun má segja að niðurstaða þessa samnings sé nokkurn veginn sú sama og hefði fengist ef Ísland hefði fengið þetta mál inn í dómstóla, niðurstaða dómstólsins hefði verið sú að Íslandi bæri að bera þetta allt og síðan í kjölfar þess, á grundvelli þeirrar niðurstöðu, hefðu menn sest niður og búið til samning svipaðan þessum af því að í grunninn — og það er aðalatriðið — segir þessi samningur: Ísland ber ábyrgð á þessu öllu óskipt. Það er það sem ég held að sitji í mörgum hvað varðar þetta samkomulag.

Það er ekki þar með sagt að við Íslendingar þurfum ekki að borga, en ég kem að því aðeins síðar. Ég vil rétt nefna meðan ég hef tíma til að mér finnst hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í þessu máli ekki stórmannlegt eða glæsilegt. Það er eiginlega óþolandi að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skuli setja sig í þá stöðu að vera einhvers konar innheimtumenn fyrir Breta og Hollendinga. Það er eiginlega allt að því óskiljanlegt og ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa sagt hér í dag að það væri hneisa fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hann á auðvitað að nálgast okkar mál á grundvelli þess að við erum aðilar að sjóðnum og höfum verið það allt frá stofnun, ef ég man rétt, og með engum hætti ætti að tengja okkar mál við Breta og Hollendinga, við það prógramm sem stillt hefur verið upp með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Jafnframt verð ég að segja að aðgerðir bresku ríkisstjórnarinnar gegn okkur Íslendingum, beiting hryðjuverkalaga gegn okkur, eru auðvitað einkar ógeðfelldar. Það mætti segja að það væri eðlilegt í ljósi þess að til slíks var gripið að þess ætti að sjá nokkurn stað í því samkomulagi sem skrifað var undir. Það er svo augljóst að beiting hryðjuverkalaganna olli okkur Íslendingum alveg gríðarlegum búsifjum. Það ættu þess vegna að hafa átt að vera sérstök rök fyrir því í málinu, bæði gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og gagnvart samningsaðilum okkar, að sökum þess hvernig fram var komið ætti að reyna að finna leiðir til að dreifa áhættunni á milli landanna.

Það sem ég á við með að dreifa áhættu er að nálgast málið þannig að segja: Það sem eftir stendur eftir sjö ár og er ógreitt erum við tilbúin til að greiða á sjö árum en þó þannig að við greiðum ekki á hverju ári meira en nemur ákveðinni upphæð sem hlutfalli af þjóðarframleiðslu.

Hvað varðar síðan lögmætið veltir maður því auðvitað fyrir sér hvort við höfum staðið nægjanlega fast í ístaðinu þegar kemur að því hvernig við bárum okkur að. Á fyrstu mánuðunum eftir hrunið vorum við Íslendingar ekki í nokkurri stöðu. Það var erfitt að koma peningum til og frá landinu og það má segja að menn hafi verið í sannkallaðri kastþröng og átt völ fárra úrkosta. En það er merkileg frétt sem ég rakst á í *Viðskiptablaðinu* , frétt sem var tekin upp úr Lundúnablaðinu *Times* , þar sem segir frá því að Evrópudómstóllinn hafi hnekkt fyrr í þessum mánuði ákvörðun breskra stjórnvalda um að frysta eignir manns sem heitir Abu Qatada en sá maður er múslimskur harðlínuklerkur sem lýst hefur verið sem andlegum sendiherra Osama bin Ladens í Evrópu. Með öðrum orðum, Evrópudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að meira að segja gegn þessum Abu Qatada, sem er sérstakur andlegur sendiherra bin Ladens, stóðst ekki að beita þessum hryðjuverkalögum gegn honum.

Þá getur maður auðvitað velt fyrir sér hversu góð rök það voru sem stóðu að baki því að beita slíkum lögum gegn okkur Íslendingum. Reyndar er annað slíkt mál sem er rakið í þessari frétt sem snýr að ágætum manni sem kallaður er Yasin Kahdi, sádí-arabískum athafnamanni sem er á lista Sameinuðu þjóðanna yfir menn með tengsl við al Kaída og er talinn einn af hættulegri mönnum veraldarinnar, meira að segja hann vann málið þegar sambærilegum lögum var beitt gegn honum. Það skilur eftir óbragð í munninum þó að ég svo sem skilji vanda sem ríkisstjórnir hafa staðið frammi fyrir í þessu máli vegna þeirrar þröngu stöðu sem við vorum komin í, en það er einhvern veginn alveg ömurlegt að vinaþjóð okkar, Bretar, skuli hafa komist upp með það að beita okkur þessu harðræði með þessum ósanngjarna hætti og að á sama tíma skuli málið eiga að enda í því að við berum alla ábyrgð á upphæðinni. Það er hvergi komið til móts

við það að þetta er ekki bara vandi Íslands, þetta er vandi hins evrópska innstæðutryggingakerfis og þess vegna á auðvitað að bregðast við því með þeim hættinum.

Fram undan er að við tökum þetta mál fyrir í fjárlaganefnd. Það er von mín að þar skýrist öll þessi mál. Það eru þættir sem ég hef ásamt mörgum öðrum rekið augun í, t.d. hvað varðar ákvæði sem byggja á því að hægt sé að endurskoða samninginn komi til þess að greiðslugeta Íslands sé skert. Þá skiptir máli orðalag og skilningur, hvað sé átt við með skuldaþoli og um leið hversu mikið frávik frá því skuldaþoli sem talað er um í samningnum er áður en menn geta sagt: Hér er nóg komið, lengra verður ekki gengið.

Eins er talað um það í greinargerð með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Íslensk stjórnvöld líta svo á að verði endurskoðunarákvæði samninganna virkt vegna verulegrar breytingar á skuldaþoli Íslands séu Bretar og Hollendingar, á grundvelli umsömdu viðmiðanna sem samþykkt voru í Brussel í nóvember 2008, skuldbundnir til þess að taka fullt tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í …“

Þetta er okkar skoðun og maður veltir því fyrir sér, og væntanlega kemur það fram í meðförum hv. fjárlaganefndar, hvort það sé alveg örugglega líka skilningur viðsemjenda okkar að það sé alveg á hreinu hvað þarna sé átt við, hvernig verði með málið farið komi þessi staða upp, og hvað átt er við nákvæmlega með því að það hafi orðið verulegt frávik frá skuldaþolinu.

Þá má ekki gleyma því að við erum þrátt fyrir hrunið ein af ríkustu þjóðum Evrópu. Það kann vel að vera að þeir sem við erum að semja við og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem hefur séð margt erfitt í þessum heimi, segi sem svo: Þið Íslendingar eruð ekki of góðir til að halda áfram að borga. Þið eruð þrátt fyrir þessar greiðslur enn í hópi ríkustu þjóða Evrópu. Þeir gætu t.d. haldið því fram að það væri allt í lagi þó að þjóðarframleiðsla á mann hér dytti niður eða það sem væri afrakstur hagkerfisins að Icesave-reikningunum greiddum væri svipað og þjóðarframleiðslan á mann í Portúgal og segðu: Ykkur er ekki að vanbúnaði að búa við sömu kjör og eru t.d. í Suður-Evrópu. Svo bara vinnið þið ykkur út úr þessu seinna meir.

Ég átta mig á því að í textanum er talað um frávik frá því skuldaþoli sem var metið hér á síðasta ári en ég hef áhuga á því að skilja og vonast til að það komi fram við næstu umræðu hvað átt er við með því, hvort það sé sameiginlegur skilningur á því nákvæmlega hvað gerist ef til þeirrar ógæfu kemur að það mundi reyna á slíkt, að Ísland væri svo illa statt að það mundi kalla fram það mat.

Að öðru leyti verð ég að segja að það er fullur skilningur á því af hálfu okkar sjálfstæðismanna hversu erfitt málið er. Við tókum þátt í því að veita ríkisstjórn heimild til að ganga til samninga. Það að veita heimild til að ganga til samninga er ekki hið sama og að þingið hafi skuldbundið sig til þess að skrifa undir hvaða samninga sem er. Það má ekki leggja það að jöfnu að með því að menn hafi verið reiðubúnir til að hefja þetta ferðalag væru menn tilbúnir til að segja já við hverju sem er. Það er eðlilegt að Alþingi taki á svona máli, það er einmitt eðlilegt að löggjafarvaldið, vegna þessa mikilvæga fjárveitingavalds sem hér er inni, hafi skoðun á þessum samningi, að við leggjum á það sjálfstætt mat, einmitt í ljósi þess umboðs sem við veittum, hvort þessi samningur sé þannig úr garði gerður að það sé hægt fyrir Alþingi að samþykkja hann.

[18:18]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega ræðu, ég ætla nú ekki að segja óvenjulega málefnalega, en hún er a.m.k. með þeim bestu sem ég hef heyrt hér í dag. Ég tek undir með hv. þingmanni um hugleiðingar hans um hráskinnaleikinn, sem ég leyfi mér að kalla svo. Bakábyrgð ríkissjóða á einkareknu bankakerfi er auðvitað mikið umhugsunarefni. Við sjáum að einstakar Evrópuþjóðir hafa farið mismunandi leiðir í þessum efnum, allt frá því að gera eins og Írar, að lofa bara fullri ábyrgð á öllu saman, í paník að vísu eins og hún var uppi í haust, og síðan þær hræringar sem orðið hafa í framhaldinu, m.a. af því sem varð með því að Ísland var þvingað með þeim hætti sem raun ber vitni til að fallast á sína ábyrgð. Þetta er auðvitað pilsfaldakapítalismi, þetta er ekkert annað, og hann er illa útfærður, hann er óskýr og falinn og þetta er ekki gott fyrirkomulag.

Í öðru lagi tek ég undir það að hér er um að ræða meingallað regluverk og í raun og veru einhverja hugmyndafræði um að búa til einn risastóran sameiginlegan markað þjóðríkja þar sem þeir litlu eru settir undir sömu reglur og þeir stóru. Úr því verður auðvitað vitleysa sem ekki gengur upp. Reyndar er þetta ekki óþekkt fyrirbæri, samanber t.d. hið gríðarlega stóra bankakerfi í Sviss sem almennt hefur verið viðurkennt að væri á óbeina bakábyrgð alþjóðafjármálakerfisins, Bandaríkjamanna og fleiri, því að ella gengi það ekki upp.

Í sambandi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, já, við Íslendingar höfum auðvitað alltaf mótmælt því, eðlilega, að hann léti taka eðlilega samstarfsáætlun við eitt aðildarríki í gíslingu vegna óskyldra deilumála. Og það ber okkur að gera. Ég ætla ekki að fara að bera í bætifláka fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, auðvitað viðurkenna þeir ekki sjálfir að þannig sé það en tengsl þessara mála eru öllum ljós.

Beiting hryðjuverkalaganna var dapurlegur atburður sem á örugglega eftir að draga dilk á eftir sér í mannréttindasamhengi í Evrópu. Þar er þróunin farin að snúast við, eins og hv. þingmaður réttilega nefndi, þegar svartlistaðir menn sem beittir voru hryðjuverkalögum og hverra eignir voru kyrrsettar hafa nú loksins náð rétti sínum fyrir dómstólum. Hvers konar einstaklingar sem það svo eru sem þar eiga í hlut er annað mál. (Forseti hringir.) En við viljum að mannréttindi séu virt, líka gagnvart lögum af þessu tagi.

[18:20]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir athugasemdirnar og vil taka aðeins áfram þessa umræðu um stöðu smáþjóða í þessu kerfi. Mér þykir alveg einsýnt að hafi hugsunin allan tímann verið sú að það væri ríkisábyrgð á bak við ábyrgðarsjóðina innihéldi það fullkomna og algjöra samkeppnishindrun fyrir fjármálastofnanir sem eru í

smáríkjum. Það er bara eðli málsins samkvæmt. Það eitt og sér ætti að vera mönnum til umhugsunar og hitt líka hvernig í ósköpunum það mætti vera. Ég held að það hafi verið hæstv. heilbrigðisráðherra sem benti á það hér í ræðu hvernig það mætti vera ef þetta hefði gerst nokkrum árum síðar og þessir reikningar hefðu verið komnir inn í hvert einasta Evrópuland. Eða var það þannig að það var ekki möguleiki fyrir — við skulum segja að það hafi verið heilbrigður og góður rekstur að baki bankanum en síðan bara kemur eitthvað hræðilegt fyrir nokkrum árum seinna, allt saman hrynur og það væru komnar þannig skuldbindingar vegna þessara innstæðureikninga að það væri algjörlega og fullkomlega útilokað að Íslendingar, þ.e. smáþjóð, gætu staðið undir slíkum skuldbindingum.

Það er sama hvernig maður horfir á þetta mál, maður sér alltaf að það er greinilegt að þetta kerfi er gallað, það hefur ekki verið hugsað til þess að mæta kerfishruni. Það verður kerfishrun á Íslandi og það er alveg ferlegt að Bretar og Hollendingar, sem voru gistiríki þessara Icesave-reikninga og útibúa frá Landsbankanum, hafi ekki verið tilbúnir til að viðurkenna þetta og horfast í augu við þetta og verja þá saman og sameiginlega með okkur Íslendingum og öðrum hið evrópska fjármálakerfi, en ekki bara segja: Við getum beitt ykkur Íslendinga ofbeldi, af því að þið eruð svo lítil og fá og þurfið á okkur að halda ætlum við bara að láta ykkur sitja uppi með þetta allt saman. Það er óréttlátt og það er rangt og það býr til skelfilegar aðstæður fyrir þjóðfélag okkar sem gerir það að verkum að okkur finnst það öllum, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, hvar sem við erum (Forseti hringir.) í landinu. Það er óbragð í munninum og það er vont fyrir eina þjóð að þurfa að ganga áfram inn í þá erfiðleika sem við erum að fara með slíkt óbragð og að við höfum verið beitt óréttlæti.

[18:23]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hér erum við, ég og hv. þingmaður, enn sammála. Það er óréttlátt og ósanngjarnt að þetta skuli þurfa að fara svona. Við skulum heldur ekki nálgast þetta eins og að við berum enga ábyrgð á því. Veruleikinn er nefnilega sá að gallað regluverk fríar ekki stjórnvöld og eftirlitsaðila ábyrgð. Menn áttu að geta séð að það var að skapast mjög hættuleg staða og menn höfðu ærinn tíma til að bregðast þar við en gerðu það ekki, því miður. Þar hvílir mikil ábyrgð á okkur sjálfum, stjórnvöldum okkar og eftirlitsstofnunum.

Hv. þingmaður nefndi í fyrra máli sínu Evrópudómstólinn og ég hef sagt það fyrr hér í dag að kannski sé það eini réttarfarslegi farvegurinn sem að einhverju leyti standi enn eftir opinn í þessu máli. Það mun væntanlega fela í sér mjög takmarkaða möguleika á því að sækja bætur eða ná rétti okkar í efnahagslegum skilningi, en það gæti auðvitað orðið liður í því að endurreisa orðstír okkar og fá viðurkenningu á því hversu harkalega var farið með okkur. Eini staðurinn þar sem mál Íslands hefur enn komist af stað í skoðun er á vettvangi Evrópuráðsþingsins fyrir tilstyrk Íslandsdeildarinnar þar á haustmánuðum. Það verður sama marki brennt, við fáum þar skýrslu, mögulega í framhaldinu einhverja ályktun sem verður eingöngu gagnleg í þeim skilningi að við fáum að einhverju leyti rétt hlut okkar hvað orðstír og málstað snertir.

Að lokum nefndi hv. þingmaður endurskoðunarákvæði samningsins. Það er mikilvægt, það er hárrétt, að rýna í samhengi þess og gott að hv. fjárlaganefnd fari rækilega ofan í það. Það er skilningur okkar eins og fram kemur að það sé í beinum tengslum við hin sameiginlegu viðmið, bæði þau sem tala um hið mikla áfall Íslands og að taka skuli tillit til þess og það sem segir einnig þar, að markmið þessara aðgerða sé að endurreisa Ísland og koma því á kjöl í efnahagslegu tilliti á nýjan leik. Ekki gleyma því ákvæði heldur. (Forseti hringir.) Markmiðið með þessu er ekki að knésetja Ísland, heldur að hjálpa því aftur á fæturna.

[18:25]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé eitthvert það stærsta mál sem hefur komið inn til þingsins um árabil. Þó að ég sé ekki búinn að vera lengi á þingi hefur maður fylgst með og þekkir svolítið söguna, og þetta er væntanlega eitt það stærsta mál sem hefur komið inn á okkar borð og þá tel ég með samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég vil í upphafi máls míns ítreka það sem formaður Framsóknarflokksins sagði í fjölmiðlum í gær, það er ekki markmið Framsóknarflokksins að koma þessari ríkisstjórn frá vegna þessa máls, þ.e. það er ekki markmið okkar að beita þessu máli til að hrekja ríkisstjórnina frá eða búa til sundrungu í liði hennar. Þetta mál er einfaldlega allt of stórt og allt of viðamikið til að menn geti leyft sér slíkt. Það er hægt að fara í alls konar slíka leiki með önnur mál og minna afgerandi eða sem hafa minni áhrif til framtíðar þannig að ég vil bara ítreka að það er ekki markmiðið, heldur þvert á móti. Ef við náum samstöðu um að skoða þetta mál betur veit ég að þingflokkur Framsóknarflokksins mun styðja við ríkisstjórnina í því verkefni.

Ég segi alveg hreint út að mér finnst mjög sérstakt að fjármálaráðherra skuli nánast einn bera hitann og þungann af þessu stóra máli þegar öllum er ljóst að samstarfsflokkurinn í núverandi ríkisstjórn ber gríðarlega ábyrgð á þeim tíma sem hann var í ríkisstjórn. Aðrir flokkar, þar á meðal Framsóknarflokkurinn, bera vitanlega ábyrgð líka á því umhverfi sem var hér áður. Ég undrast þess vegna að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki fá meiri stuðning frá samstjórnarflokki sínum í þessu máli en það eru kannski ákveðnar skýringar á því. Þær skýringar koma að miklu leyti fram þegar við þingmenn rýnum í þau gögn sem hafa nú verið gerð opinber, ekki síst þau leynigögn sem ég leyfi mér að kalla, að á mörgum þeim blöðum kemur fram og kemur í ljós að það er undir forustu Samfylkingarinnar sem þetta mál var leitt, af hálfu utanríkis- og viðskiptaráðherra. Vitanlega á samstarfsflokkurinn á þeim tíma, Sjálfstæðisflokkurinn, líka hlut að máli, en ég fæ ekki betur séð eftir að hafa kynnt mér þessi gögn en að utanríkisráðuneytið hafi verið í forustu varðandi þetta mál.

Það kemur líka fram í þessum gögnum sem við höfum nú fengið aðgang að að pólitíkin hefur ekki skipt minna máli en viðskiptaleg sjónarmið því að beinlínis má lesa út úr þessum gögnum að breski Verkamannaflokkurinn hafi

lagt mjög hart að systurflokki sínum á Íslandi að klára þetta mál með ákveðnum hætti. Það má beinlínis lesa það út úr þessum gögnum.

Mér finnst samt enn þá að það vanti gögn til þess að við getum fjallað um þetta mál í fullri sátt. Það eru upplýsingar er varða greiðsluáætlun út af þessum skuldum sem við þurfum að taka á okkur og eins varðandi eignasafn eða lánasafn Landsbankans eða hvað menn kjósa að kalla það, eignasafn Landsbankans. Ég hef kynnt mér þau gögn sem liggja fyrir, ég viðurkenni að ég hef ekki náð að kynna mér þau alveg ofan í kjölinn en ég hef náð að fara yfir bæði þessi svokölluðu trúnaðargögn eða leynigögn og þau gögn sem eru opinber, og það er ekkert í þeim sem breytir þeirri skoðun minni að þessi samningur sé afar vondur. Hins vegar varpa þau ákveðnu ljósi á söguna, þau varpa ljósi á það hvað gekk á hér, við hvað stjórnvöld voru að fást, bæði þá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna og svo núverandi ríkisstjórn.

Það er ekkert í þessum gögnum að mínu viti, ekki a.m.k. sem ég hef enn þá séð, sem breytir þeirri skoðun minni að þessi samningur sé afar vondur. Tilkoma hans er mjög ógeðfelld. Hún er í rauninni þannig, eins og kom fram held ég hjá hæstv. fjármálaráðherra, að við erum þvinguð eða nánast kúguð til að gera þennan samning, af þjóðum sem á einhverjum tíma voru kallaðar frændþjóðir okkar og vinaþjóðir. Það er mjög ógeðfellt að fara í gegnum þetta og átta sig á því hvernig þessar þjóðir hafa komið fram við okkur og ég vil að það komi hér fram að ég tel þeim til háborinnar skammar hvernig þær hafa komið fram við okkur. Það kom fram hjá einum ræðumanni hér í dag, hv. þm. Valgerði Bjarnadóttur, að ráðamenn hafi brugðist í upphafi árs 2008. Mér þótti vænt um að hún skyldi segja þetta því að þetta er líklega í fyrsta sinn sem ég man eftir að samfylkingarþingmaður hafi viðurkennt hinn stóra þátt þess flokks í þessari atburðarás allri.

Hv. þingmaður minntist einnig á hin sameiginlegu viðmið og að mínu viti — ekkert bara að mínu viti, það kemur fram m.a. í þessum göngum, þessum trúnaðargögnum, leynigögnum — var sú túlkun uppi að þetta samkomulag eða það sem var verið að bjóða okkur og það sem við erum með hér stangast á við hin sameiginlegu viðmið.

Með leyfi forseta stendur hér:

„Þessar samningaviðræður skulu fara fram með samhæfðum og samræmdum hætti og skal þar“ — og nú skulu menn hlusta — „tekið tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.“

Ég tek undir það sem kemur fram í þessum gögnum, þessum skilyrðum er ekki fullnægt, langt frá því.

Mikið hefur verið rætt um bréf sem er að finna í þessum gögnum, bréf sem kallast

Letter of Understanding eða eitthvað slíkt, (**Gripið fram í:** Memorandum of Understanding.) Memorandum of Understanding, já, sem hæstv. félagsmálaráðherra veifaði hér í dag. Mig langar þá aftur að ítreka það sem ég sagði í andsvari við ræðu hans, að ég lít svo á að við þingmenn getum tekið þessi gögn hér í salinn fyrst að hann getur það, að það sé sameiginlegur skilningur að búið hafi verið að semja við Hollendinga um að við ætluðum að borga ákveðna vexti og til ákveðið langs tíma.

Þegar þetta bréf er lesið er eitt ákvæði í þessu minnisblaði sem kveður á um að aðilar geti óskað eftir því að endurskoða þetta og slíkt, sem er vitanlega mjög mikilvægt. Síðan kemur fram í öðrum gögnum að í desember 2008 hafi Íslendingar bent á að þetta gæti ekki átt við lengur og rökstutt það með tvennu móti. Í fyrsta lagi að mikill ágreiningur væri uppi um lagaleg atriði og í öðru lagi að efnahagshrunið sem varð væri miklu stærra en menn óraði fyrir í byrjun október þegar minnisblaðið var gert. Ég ítreka orðið „minnisblað“ því að þetta er ekki bindandi samningur. Til rökstuðnings því má líka segja að Hollendingar hafa væntanlega ekki gefið það eftir ef þeir hafa haft tök á að fá þessa vexti greidda og annað. En fyrst og fremst var það klárlega sameiginlegur skilningur að menn ætluðu að horfa á það á þessum nótum, en síðan bara gerast hlutirnir miklu stærri og miklu alvarlegri þannig að upp kemur sú staða að það þarf að horfa á málið með öðrum hætti.

Það kemur líka fram í þessum gögnum og það kemur fram þarna í minnisblaði og undirstrikar það sem ég sagði áðan varðandi hin sameiginlegu viðmið sem samþykkt voru 2008, að þau voru ekki innantóm orð heldur skilyrði af hálfu Íslands. Ef þessar þjóðir sem við vorum að semja við hafa samþykkt þessi sameiginlegu viðmið hljótum við að geta látið reyna á þessi skilyrði en ég fæ ekki séð að þau séu virt í þessum samningsdrögum.

Í desember 2008 kemur fram að Íslendingar óskuðu eftir því við þessa ágætu aðila, þessar ágætu þjóðir, að okkur yrði veitt lán til 25 ára með 3% vöxtum og greiðslufresti í sjö ár. Þessu var hafnað af hálfu viðsemjenda okkar eftir stutta skoðun. Ég upplýsi þetta hér vegna þess að þetta er eftir að þetta svokallaða Letter of Understanding var ritað og því er alveg ljóst að menn voru enn þá að ræða kjör og útfærslu á samningi og öllu slíku þannig að þetta undirstrikar að mínu viti það að ekki ber að gera of mikið úr þessu Letter of Understanding eða hvað þetta heitir. (**Gripið fram í:** Memorandum.) Memorandum, já, ég man ekkert hvað þetta heitir.

Frú forseti. Það sem ég vil kannski segja hér, tíminn fer að styttast, er að sagan skiptir máli en hún skiptir kannski ekki alveg meginmáli varðandi þennan samning því að hún gerir hann hvorki betri né verri en hann er. Staðreyndin er einfaldlega sú að þessi samningur er óásættanlegur fyrir okkur sem þjóð. Hann er óásættanlegur að mörgu leyti. Í fyrsta lagi er að sjálfsögðu óásættanlegt að við séum þvinguð til að fara í þessa vegferð sem við erum í og það er óásættanlegt að við skulum hafa gefið eftir — ég vil ekki meina endanlega — a.m.k. tímabundið, rétt okkar til þess að láta á þetta reyna fyrir dómi. Löglærðir aðilar hafa bent á og núna síðast prófessor, held ég að hún sé, við Háskóla Íslands sem talaði á borgarafundi í Iðnó fyrir skömmu.

Hún segir beinlínis í áliti sínu, Elvira Méndez Pinedo, með leyfi forseta:

„Evrópudómstóllinn ætti í krafti valdheimilda sinna að skera úr um hvernig túlka eigi tilskipun Evrópusambandsins um innlánatryggingakerfi nr. 94/19/EB.“

Evrópudómstóllinn er samkvæmt þessu sá dómstóll sem

á að fjalla um þetta. Og ég var mjög ánægður með að heyra að hæstv. fjármálaráðherra útilokaði ekki að með einhverjum hætti yrði það skoðað hvort þessi dómstóll færi í málið.

Flestir málsmetandi hagfræðingar sem hafa tjáð sig um þetta óttast að þessi samningur muni reynast okkur mjög dýr og að við munum varla ráða við hann. Nú síðast í dag var frétt í Ríkisútvarpinu þar sem rætt var við hagfræðimenntaðan þingmann þar sem hún lýsir því yfir að hún óttist að við munum ekki þola þessar skuldir.

Hv. þm. Illugi Gunnarsson kom hér inn á athyglisvert bréf sem var sagt frá í Morgunblaðinu 26. júní og það er í raun staðfesting á því að aðilar innan Evrópusambandsins voru búnir að átta sig á því að þetta kerfi var komið að fótum fram og hrunið. Kannski áttu menn, og þar á meðal hefur hæstv. fjármálaráðherra réttilega bent á það, að átta sig á þessu fyrir löngu. Maður veltir fyrir sér hvort enginn hafi tekið eftir því á sínum tíma þegar franski seðlabankinn sendi frá sér í skýrslu að hann teldi að hið evrópska innstæðutryggingakerfi ætti ekki við í kerfishruni.

Allar þessar upplýsingar og öll þessi gögn sem við lesum núna og sjáum benda í sömu átt. Það er verið að kúga okkur til þess að borga, til þess að verja kerfi Evrópusambandsins, og það er vitanlega óásættanlegt að við séum sett í þá stöðu.

Að mínu viti eigum við leið út úr þessu og ég held að sú leið væri mjög farsæl fyrir ríkisstjórnina, fyrir Alþingi og ekki síst fyrir þjóðina, að þessi samningur fengi ekki brautargengi á Alþingi. Það þarf að óska eftir því að honum verði breytt í ljósi breytinga sem orðið hafa í Evrópu, á Íslandi. Þá tel ég persónulega mikilvægast að breyta hlutum til tryggingar þessum samningi, varðandi lánakjör, lánstíma og fleira slíkt. Samninginn má ekki samþykkja óbreyttan, það er alveg kristaltært að þessi samningur eins og hann lítur út er allt of dýru verði keyptur fyrir Ísland. Og hvað ef eitthvað annað hangir á spýtunni sem þessar stóru og miklu þjóðir hafa látið í veðri vaka við okkur eða sett okkur upp við vegg með? Þá megum við ekki láta það kúga okkur (Forseti hringir.) til þess að samþykkja þennan samning.

Gleymum því ekki — fyrirgefðu, frú forseti — að þeir vilja þessa peninga.

[18:40]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg rétt að að sjálfsögðu reyndu íslensk stjórnvöld fljótlega að bakka frá minnisblaði sem undirritað var 11. október, það kemur fram í þessum gögnum og er enginn dulur dreginn á það. En tilvist þess var æ síðan staðreynd og hún var rifjuð upp og dregin fram og létti ekki íslenskum samninganefndarmönnum lífið alveg fram á síðustu stundu. Það er líka fróðlegt að rifja það upp, þó að það skipti kannski ekki miklu máli úr því sem komið er, hvernig íslensk stjórnvöld sjálf litu á það minnisblað.

Í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu 11. október er þessu samkomulagi fagnað. Þar er orðrétt sagt, með leyfi forseta:

„Ráðherrarnir fagna því að lausn hafi fundist á málinu. Wouter J. Bos kvaðst einkum ánægður með að staða hollenskra innstæðueigenda væri nú skýr. Árni M. Mathiesen bætti við að aðalatriðið væri að málið væri nú leyst.“

Þarna litu menn svo á að niðurstaða væri fengin og lausn komin í málið. Síðan sáu menn, sem betur fer, að þetta var óaðgengilegt fyrir okkur, aðstæður breyttust, versnuðu, og málið komst smátt og smátt upp úr þessum farvegi en engu að síður var það svo allan tímann, eins og gögn sýna líka, að allt fram á síðustu daga samskipta ríkjanna gekk þessi draugur aftur og létti mönnum ekki lífið.

Það er hvorki ætlan mín né er það hugsunin með því hvernig mál eru hér fram reidd, á hlutlægan hátt að ég tel í öllum tilvikum, að gera þessu blaði hærra eða lægra undir höfði en bara söguleg staða þess er í þessu samhengi. Hún er svona. Þegar menn fara í gegnum það kemur auðvitað í ljós að það var okkur ekki til framdráttar að búið var að setja stafi á blað með þessu óhagstæða innihaldi.

[18:43]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að biðjast afsökunar á því að vera bindislaus í ræðustól, mér finnst þetta algjör óhæfa, ég bara gleymdi því.

Það er rétt sem hæstv. fjármálaráðherra segir, tilvist þessa bréfs hefur örugglega verið mjög erfið og mjög vond, og ég er sammála honum með að það hefur verið mjög óheppilegt að hafa þetta bréf hangandi yfir sér. Bréfið er hins vegar vitanlega ekki aðalmálið og ég lít svo á að það hafi ekki bundið hendur okkar til að gera þennan samning frekar en einhvern annan samning.

Það er eitt sem við verðum líka að hafa í huga. Við höfum gjarnan rætt hér um erfiða samningsstöðu okkar vegna þess að okkur vanti fjármuni, sem er alveg rétt, en hverjir vilja fá þessa peninga okkar? Samningsstaða okkar er mjög sterk líka vegna þess að Hollendingar og Bretar vilja vitanlega fá þessi hundruð milljarða. Við erum búnir að lýsa því yfir og búnir að tala hér, margir þingmenn, um að reynist það vera þannig að við eigum að borga þetta borgum við þetta að sjálfsögðu, en við eigum ekki að borga það með einhverjum afarkjörum. Samningsstaða okkar í þessu máli er þar af leiðandi mjög sterk því að þó að þetta séu stórar þjóðir munar þær um 600–700 milljarða. Við eigum ekki að vera í þeirri stöðu að þurfa að sætta okkur við þann samning sem hér er og þau kjör sem á honum eru og þá afarkosti sem í honum eru vegna þess að við höfum alltaf þetta tromp að þeir vilja fjármuni okkar, þeir vilja peningana okkar. Okkur hér á Alþingi ber núna skylda til þess að reyna að koma því í þann farveg að við getum gert þennan samning betri en hann er — því að ég tel hann óásættanlegan.

[18:45]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Auðvitað getum við alltaf óskað okkur að veruleikinn væri einhvern veginn öðruvísi en hann er. En staðreyndin er sú að því hefur margoft verið lýst yfir — bréflega, munnlega, í fréttatilkynningum, á fundum — að Ísland fallist á að borga lágmarksinnstæðutrygginguna, það er bara þannig, það liggur fyrir ítrekað og aftur og er skjalfest.

Það er sömuleiðis búið að viðurkenna þetta sem staðreynd inni í samskiptum við aðra aðila undir hverjum við eigum mikið. Þetta er allt veruleikinn. Þá er kannski eftir þessi spurning — já, og mér heyrist reyndar líka að umræðan hafi almennt þroskast að því leyti að við eigum ekki undankomu undan málinu — um það hversu hagstæð kjör og skilmála við getum þá vænst að fá út úr þeirri þröngu stöðu sem við erum í. Þá verð ég að segja það sem mitt mat að ég sé fátt sem bendir til þess að við ættum von á betri kjörum eða hagstæðari frágangi á málinu en þrátt fyrir allt tókst að landa með þessum samningi, sem er til langs tíma, sem er með löngu afborgunarleysi, sem er með lágum vöxtum.

Hv. þingmaður ætti að skoða hvað mörg önnur lönd þurfa að taka á sig í vaxtakjörum núna, sem er til muna óhagstæðara en það sem Ísland er að fá. Vaxtaálagið á lánum frændþjóða okkar á hinum Norðurlöndunum eru 275 punktar. Hollendingar eru með lántökukostnað sem gerir það að verkum að þegar upp er staðið mega þeir kallast góðir, að þeir telja sjálfir, að sleppa frá málinu án þess að tapa á því, þannig er nú það. Ungverjar eru að fá á sig upp undir 10% vexti, Írar 6,7%. Norðurlandalánin og lánskjörin þar, umreiknuð yfir í fasta vexti til tólf ára, eru meira en heilu prósentustigi hærri en þetta.

Þegar upp er staðið held ég að því verði ekki á móti mælt að að þessu leyti a.m.k. er niðurstaðan hagstæð (Forseti hringir.) enda segja viðsemjendur okkar: Með þessu erum við að taka tillit (Forseti hringir.) til stöðu Íslands, samanber hin sameiginlegu viðmið.

[18:47]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við erum ósammála um a.m.k. tvennt, ég og hæstv. fjármálaráðherra, og það er að það sé endilega fullreynt að við eigum að borga þetta. Ef það er hins vegar þannig að við þurfum að borga þetta þá eru þessi kjör að mínu viti — í ljósi efnahagsmála þjóðarinnar, í ljósi þeirra tekna sem við höfum, í ljósi annarra skulda sem við höfum — slæm kjör og við getum ekki greitt þetta.

Ef ég hef tekið rétt eftir eru lánveitendur okkar að taka vaxtamun á þessum lánum, þá eru þeir að taka eitt komma eitthvað prósent í einhvers konar þóknun eða til sín af þessum kjörum. Mér finnst það mjög óeðlilegt. Ég er enginn sérfræðingur í milliríkjaviðskiptum eða einhverju slíku en það er mjög óeðlilegt þegar ríki er að lána ríki, innan einhvers sviga sem telst björgunarpakki eða hjálparpakki, að mögulega sé verið að græða á því. Ég veit ekki betur en vinir okkar Færeyingar hafi lánað okkur að vísu miklu lægri upphæð með engum vöxtum þannig að ég fæ ekki séð og ég get ekki skilið hvernig menn geta talið að þetta séu svona góð kjör í ljósi þess sem við sjáum líka annars staðar þó svo að hæstv. ráðherra bendi á þetta.

Sé það þannig að við þurfum að borga þetta, sem ég tel ekki fullreynt, ber okkur að semja betur. Ég ítreka að þetta eru 600 til 700 milljarðar — menn deila um hvað það er nákvæmlega sem við þurfum að borga — jafnvel um þúsund milljarðar með vöxtum, þessir aðilar vilja fá þessa fjármuni okkar og þeir eru tilbúnir til þess að gera ýmislegt til þess að fá að komast í þá.

[18:49]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér stórmál á alla mælikvarða stórmála. Umræðan hér í dag hefur verið ágæt, hún hefur verið upplýsandi og hún hefur farið um víðan völl. Þetta er stórt mál og hægt er að líta til fortíðar og til framtíðar og það þurfum við að gera til þess að geta tekið afstöðu til þessa máls. Við verðum að skoða það frá öllum hliðum þess.

Eins og hér hefur komið fram, og ég endurtek það, er hæstv. fjármálaráðherra ekki öfundsverður af þessu verkefni, við getum öll verið sammála um það. Það væri eflaust best ef við gætum öll verið sammála um hvernig við eigum að lenda málinu en það er ekki þannig. Við erum heldur ekki sammála um hver lagalegu rökin eru og hv. þm. Bjarni Benediktsson fór vel yfir það hér í ræðu sinni hvaða spurninga við eigum að spyrja. Við eigum að spyrja: Af hverju eigum við að veita þessa ríkisábyrgð? Hver er lagalega skuldbindingin? Er hún fullreynd? Það er það sem við erum hér í ágreiningi um, hvort þetta sé besta niðurstaðan sem við mögulega getum fengið.

Ég ætla svo sem ekkert að endurtaka þau rök en vil segja, og að því leytinu endurtaka það sem hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði — að við stjórnarskiptin í febrúar var gömlu samninganefndinni skipt út fyrir nýja samninganefnd, nýjar leiðir voru tilkynntar. Hæstv. fjármálaráðherra talaði um glæsilega niðurstöðu, sem hann dró svo til baka. Glæsilega niðurstaðan varð þá bærileg og svo varð hún, held ég, eina mögulega niðurstaðan og nú er þetta: Þessi niðurstaða er eina mögulega niðurstaðan vegna þess að þið sjálfstæðismenn voruð búnir að lofa þessu. Og ég segi „þið sjálfstæðismenn“ vegna þess að það er hreint með ólíkindum hvernig Samfylkingin hefur talað hér í umræðunni og mér þykir svolítið vont að það er enginn samfylkingarmaður hérna, ég treysti því að þeir sitji og hlusti á þessa umræðu úti á skrifstofum hjá sér. Ég vil taka undir með hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, ósvífni Samfylkingarinnar í þessu máli er hreint með ólíkindum.

Ég er þá að vísa til hins margrædda minnisblaðs sem hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson talaði um hér áðan. Hann átti orðaskipti við hæstv. fjármálaráðherra og ég get tekið undir það sem fram kom hjá þingmanninum — rökin þar sem hann rakti að það væri ekki rétt að þetta væri ígildi samnings, og hann fór vel yfir það af hverju ekki hefði verið hægt að halda því til streitu.

Ég tek líka undir með hæstv. fjármálaráðherra og dreg enga dul á það að þetta minnisblað hefur eflaust ekki hjálpað til í þessum samningaviðræðum og þetta minnisblað, sem gert var 11. október, undir óbærilegum þrýstingi, eins og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fór vel yfir í ræðu sinni, hefur ekki hjálpað samninganefndinni mikið í samningunum. En það sem mig langar að gera hér að umtalsefni, sem ég vísaði til hér áðan, er að þetta væri niðurstaða sem við sjálfstæðismenn höfum komið okkur í eins og samfylkingarmenn hafa haldið hér fram.

Hæstv. utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefur ítrekað haldið því fram hér í ræðustól að þetta margumrædda minnisblað, MOU, við Hollendinga frá því 11. október sé minnisblað um samningsstefnu sem Sjálfstæðisflokk-

urinn stóð fyrir gagnvart Hollendingum. Hann kallaði það ólukkuminnisblað og tók það sérstaklega fram að hann, sem þá var starfandi utanríkisráðherra, hafi ekki vitað neitt um málið. Hann kom hérna aftur í dag í andsvari og hann var eins og ég veit ekki hvað. Hann sagði: Ég veit ekki neitt, ég vissi ekki neitt, ég gat ekki neitt, ég sá ekki neitt, enginn sagði mér neitt um þetta ágæta minnisblað. Ég veit ekki, virðulegur forseti, af hverju manninum var ekki sagt neitt. Það er eitthvert innanbúðarvandamál í Samfylkingunni sem ég get ekki leyst hér, en ég veit að báðir flokkar vissu af þessu minnisblaði, báðir flokkarnir í ríkisstjórn, og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði það einmitt hér í dag. Ég skil ekki af hverju Samfylkingin hefur ekki manndóm í sér til að gangast við því vegna þess að mér finnst það hreint með ólíkindum.

Hæstv. utanríkisráðherra talaði um Íslandsmet, að Sjálfstæðisflokkurinn ætti Íslandsmet í því að hlaupast undan ábyrgð. Ég segi bara: Hann hlýtur að þekkja það met svakalega vel og örugglega vera Evrópumethafi í þeim keppnisflokki vegna þess að hraðara hlaup hef ég ekki séð. Hæstv. félagsmálaráðherra hélt þessu sama fram hérna í dag. En eins og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir benti hér á voru tveir flokkar í ríkisstjórn á þessum tíma og hún sagði að bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra hefðu vitað af þessu máli og þá geri ég ráð fyrir að hún hafi verið að vísa til þess að utanríkisráðherrann, ekki starfandi utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hafi vitað af því að til stæði að skrifa undir þetta minnisblað. Ég leyfi mér að fullyrða, þó að ég hafi ekki spurt Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur eða aðra þá sem komu að þessu máli, að svo sé. Ég leyfi mér að fullyrða það að í mestu milliríkjakrísu sem upp hefur komið í Íslandssögunni — það stóð til að skrifa undir minnisblað sem hefði afdrifaríkar afleiðingar í för með sér hugsanlega, að annar flokkurinn í ríkisstjórn gerði það og tæki einn ábyrgð á því, það er óhugsandi að slík ríkisstjórn hefði þar að auki starfað áfram. Auðvitað vissu báðir flokkarnir af þessu.

Ég hvet hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttir, sem nú er horfin af vettvangi stjórnmálanna, til að koma fram í dagsljósið og skera úr um þetta. Ég veit t.d. að fundurinn í Fjármálaeftirlitinu, undirstofnun viðskiptaráðuneytisins — viðskiptaráðuneytið, ef fólk er búið að gleyma því, var á forræði Samfylkingarinnar. Ég veit að á þeim fundi, kvöldið fyrir undirritun, þetta var áritað þarna um nóttina, var fulltrúi utanríkisráðuneytisins og eftir að hafa unnið í stjórnsýslunni í mörg ár sem aðstoðarmaður ráðherra fullyrði ég það að embættismaður í utanríkisráðuneytinu hafi látið sinn ráðherra vita og jafnvel fengið umboð — alla vega að hann hafi látið ráðherra sinn vita og hafi haft samráð við hann vegna þessa máls. Mér finnst þetta ótrúverðugt og raunar til skammar fyrir hæstv. ráðherra, Össur Skarphéðinsson, að halda þessu fram hér og ætlast til þess að við trúum því, það er hreint til skammar.

Ég leyfi mér líka að halda því fram að hæstv. fyrrverandi viðskiptaráðherra hafi í það minnsta átt að vita af þessari undirritun. Fundurinn var haldinn, eins og ég sagði, í Fjármálaeftirlitinu, undirstofnun ráðuneytisins. Samningurinn er áritaður af formanni stjórnar tryggingarsjóðsins og sá einstaklingur er reyndar líka starfsmaður viðskiptaráðuneytisins. Ráðherrann fyrrverandi hafði að sjálfsögðu, í krafti síns embættis, verið innblandaður í þessi mál og hafði m.a. farið til Bretlands í septembermánuði og hitt fjármálaráðherrann út af áhyggjum út af þessu.

Við sjáum í greinargerðinni með frumvarpinu á bls. 5 að í ágúst hafði hann staðið í bréfaskriftum við breska fjármálaráðherrann út af þessu máli þar sem hann róar bresk stjórnvöld og fullvissar þau um að íslenska ríkisstjórnin muni bregðast við eins og allar aðrar ríkisstjórnir mundu gera, eins og segir. Aftur í október, fimm dögum fyrir þennan örlagaríka dag, 11. október, er hann að skrifast á við breska fjármálaráðuneytið. Ég spurði hv. þingmann, hæstv. fyrrverandi ráðherra, að þessu hér í þingsal um daginn en hann kaus að svara mér ekki en gerði það reyndar á mjög ósmekklegan hátt síðar í gegnum vefsíðu úti í bæ sem hafði tekið eftir þessari fyrirspurn minni og tekið eftir því að henni var ekki svarað. Hann svarar þar, á vefsíðunni amx.is, að honum finnist kærkomið að fá þarna tækifæri til að svara mér. Það hljómar frekar undarlega í mínum eyrum, ég hefði frekar viljað heyra það í þingsal.

Hann segir á vefsíðunni, með leyfi forseta:

„Tilefni til að svara Ragnheiði er hins vegar kærkomið og það nota ég hér. Nei, ég vissi ekki um að það ætti að undirrita þetta samkomulag. Formaður stjórnarinnar segir mér að hún hafi látið stjórn tryggingarsjóðsins vita af því fyrir fram en henni bar ekki með neinum hætti að tilkynna mér um það enda gerði hún það ekki þar sem það var undirritað um miðja nótt. Síðan var samkomulagið kynnt daginn eftir og undirritað af fjármálaráðherrum landanna tveggja. Vona ég að svarið upplýsi bæði Ragnheiði og AMX um málið.“

Hann segir sem sagt í þessu svari á vefsíðunni að þrátt fyrir að hann hafi verið að vinna í þessu sem ráðherra bankamála, þrátt fyrir að hann hafi farið ítrekað til Bretlands út af þessu máli, þrátt fyrir að hann hafi verið að skrifa breskum stjórnvöldum sex dögum fyrir þetta, hafi ekki þótt ástæða til þess að vekja ráðherrann um miðja nótt til að segja honum frá því að það stæði kannski til að lenda þessu máli. Hver ætlast til þess að við trúum því? Ég vil sérstaklega taka það hér fram að með þessu er ég á engan hátt að kasta rýrð á þá embættismenn sem ég er að vitna til og ég er ekki að áfellast þá fyrir eða saka þá um að gera eitt eða neitt. Ég er þvert á móti að halda því fram að Samfylkingin — að hæstv. núverandi utanríkisráðherra, hæstv. fyrrverandi bankamálaráðherra, viðskiptaráðherra, séu með frekar lúalegum hætti að skýla sér á bak við dygga og trausta embættismenn í stað þess að standa hér og taka pólitíska ábyrgð. Mér finnst hreint út sagt ömurlegt að verða vitni að því.

Ég leyfi mér líka að segja það að ég sakna þess að sjá ekki hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hér við umræðuna í dag. Hann er ekki viðstaddur umræðuna og það sem meira er, hann er ekki á mælendaskrá. Ég hefði talið það ósköp eðlilegt að maðurinn sem er beinn þátttakandi í þessari atburðarás og hefur þannig tækifæri til að skýra ýmsa þætti málsins af eigin reynslu — að hann kjósi að vera ekki viðstaddur umræðuna eða að vera ekki á mælendaskrá, hann er alla vega ekki kominn á þá mælendaskrá enn þá, þó ekki væri nema til að skýra og fara yfir sinn þátt og skýra sína

sýn á atburðarásinni. Ég hefði haldið að hann mundi fagna því tækifæri.

Fyrst við erum að minnast á mælendaskrána, virðulegur forseti, er hún mjög athyglisverð og ég hef verið að fylgjast með henni hérna í dag. Hún vakti athygli mína fyrir það að í fyrsta lagi eru mjög fáir stjórnarliðar á henni. Gott og vel. Hæstv. félagsmálaráðherra kynnti sig hér sem talsmann síns flokks í þessu máli, sem mér finnst mjög skrýtið. Þetta er stórt mál á alla mælikvarða og fimm stjórnarliðar hafa verið hér á mælendaskrá og það er enginn eftir miðað við það sem ég sé á mælendaskrá sem ég prentaði út klukkan rúmlega sex.

Við tökum líka eftir því að það hafa tveir talað frá Vinstri grænum, hæstv. fjármálaráðherra, sem mælir með þessu og mælir fyrir frumvarpinu, og hæstv. heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, sem ætlar að skoða málið og flutti reyndar hér mjög fína ræðu. Hann hefur verið gagnrýninn á þetta og engin vissa um hvar hann er í þessu.

Ég tók líka eftir því að rétt fyrir klukkan tólf prentaði ég út mælendaskrá og sá þá að hv. þm. Lilja Mósesdóttir, sem hefur kannski haft sig mest í frammi og mest gagnrýnt þennan samning, var á mælendaskrá og skömmu síðar er hún farin og hún hefur ekki sést hérna síðan. Hvar er þingmaðurinn sem hefur haft miklar skoðanir og menn halda að muni ekki greiða atkvæði með samningnum? Hvar er þingflokksformaður, hv. þm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, sem ætlar ekki að skila auðu í þessu máli? Hvar er hún? Af hverju koma þessir stjórnarliðar ekki og gera grein fyrir afstöðu sinni, afstöðu sem fram hefur komið í fjölmiðlum að er ekki eftir flokkslínunni, svo að ég leyfi mér að alhæfa það? Ég held að þetta sé út af því að nú er ríkisstjórnin — sem ég hef leyft mér að kalla „með og á móti“–ríkisstjórnina — orðin hrædd. Hún er orðin hrædd um það að við stjórnarandstæðingar munum öll sem eitt greiða atkvæði gegn þessum samningi, og mér sýnist ekkert annað vera í boði miðað við þau gögn sem ég hef séð. „Með og á móti“–ríkisstjórnin er hrædd við þetta. Hún er hrædd við það að hún ein þurfi að bera ábyrgð á þessu, hún er hrædd við það vegna þess að hingað til hefur hún komist upp með að gera það ekki. Hún gat verið með og á móti Helguvík, hún getur verið með og á móti ESB væntanlega. En í þessu máli krefjumst við þess að hún sýni ábyrgð eða a.m.k. að þessi ríkisstjórn tryggi það að sjónarmið þeirra allra komi hér fram.

Mér finnst þetta með ólíkindum og ég ætla að spá, ég ætla að setja hérna fram spádóm. Ég spái því að ríkisstjórnin muni staðfesta þessa ríkisábyrgð. Þeim mun ekki líka það en þau munu gera með einu atkvæði. Einhverjir þrír hv. þingmenn eða hæstv. ráðherrar fá að vera á móti og það er aðallega til að friða þá vinstri græna sem eru (Forseti hringir.) óánægðir. Það sem meira er, ríkisstjórnin mun þá sitja áfram, og það er fínt, ég er ekkert að (Forseti hringir.) þessu hér til þess að reyna að koma henni frá. En treystið þið mér, þetta verður (Forseti hringir.) sú atburðarás sem við verðum vitni að hér.

[Fundarhlé. — 19:05]

[19:32]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Umræðurnar í dag hafa um margt verið athyglisverðar, bæði fyrir það sem hér hefur verið sagt sem og fyrir það sem ekki hefur verið sagt. Þær hafa verið athyglisverðar fyrir þær sakir hverjir hafa tekið til máls og hverjir ekki. Þær hafa þó enn ekki orðið til að breyta afstöðu minni í þessu máli. Ég er enn þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að samþykkja frumvarpið sem hæstv. fjármálaráðherra hefur talað fyrir. Þau gögn sem við höfum fengið að sjá í málinu hafa ekki gert það heldur að því leyti sem ég hef náð að kynna mér þau né heldur þeir fundir sem ég hef setið með embættismönnum og nú síðast fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna málsins. Ég er þeirrar skoðunar að enn eigi eftir að láta reyna á það til fulls hvort okkur beri að veita tryggingarsjóði ríkisábyrgð. Sé það svo að við höfum ekki annan kost ber okkur skylda til að tryggja að við getum staðið við þær skuldbindingar sem við göngumst undir.

Ef ég skil málið rétt telja stjórnarliðar að ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hafi í raun gefið spilið fyrir hrun í fyrra. Hæstv. viðskiptaráðherra sagði áðan að aðgerðaleysi forvera hans í starfi, hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, vorið 2008, þegar fjárplógsstarfsemi Landsbankans reis sem hæst, eigi stóran þátt í þeim vanda sem við erum í. Hann talaði meira að segja um mesta glannaskap Íslandssögunnar. Undir það tekur hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra, Árni Páll Árnason, sem vitnaði í ekki ómerkari mann en Jón Sigurðsson, fyrrverandi formann Framsóknarflokksins, máli sínu til stuðnings. Hann óskaði þess áðan að þingmenn Framsóknarflokksins tileinkuðu sér málflutning Jóns Sigurðssonar og tilgreindi sérstaklega nýleg skrif hans á *Pressunni* . Þar sem hæstv. ráðherra var greinilega umhugað að rifja upp orð Jóns Sigurðssonar tel ég rétt að gera það hér. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Aðalatriði Icesave-málsins er að skuldbindingar þrefölduðust á árinu 2008. Fjármálaeftirlitið fylgdist með og tók þátt í kynningarbæklingi Icesave vorið 2008. Tilhögun málsins kom fyrst til kasta viðskiptaráðuneytisins í desember 2006 Þá barst erindi frá Landsbankanum um breytingar á reglum um greiðslur til innstæðutrygginga en sumir innstæðueigendur áttu ekki rétt á tryggingum. Niðurstaðan varð að þetta gæti ekki orðið án lagabreytingar. Samþykkt var að nefnd tæki málið til skoðunar og kom þetta í hlut nýs ráðherra að loknum kosningum 2007.

Athugun viðskiptaráðuneytisins um áramót 2006–2007 leiddi í ljós að allt var innan hæfilegra marka þá. Sagt var að starfsreglur Landsbankans gerðu alls ekki ráð fyrir að fé yrði flutt frá Bretlandi. Ljóst þótti að Fjármálaeftirlitið hefði alla burði, ráðrúm og tækifæri til aðgerða ef ofvöxtur hlypi í þetta miðað við hugsanlegar kröfur varðandi innstæðutryggingar.“

Það er athyglisvert að ráðherra Samfylkingarinnar skuli þannig, í gegnum fyrrverandi formann Framsóknarflokksins, varpa ábyrgð á Icesave-málinu af svo miklum þunga á samflokksmann sinn og formann þingflokksins, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Það hefur verið upplýst að títtnefndur fyrrverandi viðskiptaráðherra ritaði a.m.k. tvö bréf til breska fjármálaráðuneytisins þar sem hann lofaði því að

íslenska ríkið stæði við bakið á bönkunum. Þau bréf voru þannig þau fyrstu sem grófu undan stöðu okkar í samningunum við Breta og Hollendinga eftir hrun. Á grundvelli þeirra og minnisblaðs embættismanna í kjölfarið er því svo haldið fram að lagaleg staða okkar sé engin þó að á það hafi ekki verið látið reyna til fullnustu. Það vekur reyndar athygli að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson skuli ekki hafa kvatt sér hljóðs í þessari umræðu því að vafalítið gæti hann varpað ljósi á atburðarás síðustu 14 mánaða fyrir hrun þegar hann sat sem ráðherra bankamála og Fjármálaeftirlits. Það er þó ágætt að við skulum hafa svo greitt aðgengi að sjálfskipuðum erindreka Evrópusambandsins á Alþingi, hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra, því að í orðum hans í andsvörum áðan kristallaðist einmitt það ofríki Evrópusambandsins sem skín í gegn í þessu máli öllu.

Ég benti ráðherranum á að staða okkar væri nú þegar sú að Ísland getur ekki staðið undir þeim skuldbindingum sem reyna á að leggja á þjóðina með þessum samningi. Í áætlunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í fyrrahaust kom fram að færu heildarskuldir okkar upp fyrir 240% réðum við ekki við að greiða þær. Sjóðurinn virðist að vísu hafa hækkað þau viðmið nú, svo að það passi kannski betur inn í módelið, eftir að í ljós hefur komið að skuldir okkar eru umtalsvert hærri eða einhvers staðar á bilinu 200–300% af landsframleiðslu. Það er því alveg ljóst að forsendur Icesave-samkomulagsins eru brostnar jafnvel áður en samningurinn er undirritaður. Ef marka má orð hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra, um að Bretum og Hollendingum sé umhugað um að við getum greitt skuldir okkar, ætti því að vera hægðarleikur að fá þá aftur að samningaborðinu með fulltingi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nei, hæstv. félagsmálaráðherra segir að til þess þurfi að samþykkja samninginn fyrst og hæstv. fjármálaráðherra bætir um betur og segir að ekki verði við okkur rætt yfir höfuð.

Ef raunverulegur vilji er til að standa við eitthvert endurskoðunarákvæði í samningnum ætti að vera vilji til að setjast að samningaborðinu þegar nú er ljóst að forsendubrestur er orðinn. Orð hæstvirtra ráðherra gefa því miður ekki mikla von um að svo sé. Það er reyndar svo að þegar horft er til þess hversu gríðarlegt kapp þingmenn Samfylkingarinnar leggja á að samþykkja þetta frumvarp læðist að manni sá grunur að þeir geri sér alveg grein fyrir hvert stefni. Þeir sjá fram á að þar með opnist leið til að þröngva Evrópusambandsaðild upp á þjóðina hvað sem tautar og raular því að þá höfum við engan annan kost.

Skuldastaða ríkissjóðs er reyndar mun alvarlegri en svo að Icesave-samningurinn einn sé undir og skil ég vel áhyggjur hæstv. fjármálaráðherra hvað það varðar. Hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafa lýst því yfir að staðan væri hins vegar ekki svo slæm. Þannig eru skuldir japanska ríkisins einnig mjög háar, og jafnvel töluvert hærri en okkar í augnablikinu, og enginn efast um getu þeirra til að borga. Það gleymist hins vegar alltaf í þeirri umræðu og þeim ábendingum að þær skuldir eru reyndar að mestu leyti í innlendri mynt og Japanir vel þekktir um allan heim fyrir það hversu duglegir þeir eru að spara pening og lána síðan öðrum sem eru minna duglegir að spara. Þar liggur einmitt hundurinn grafinn. Væri skuldin í íslenskum krónum eins og heimild er fyrir í lögum um innstæðutryggingarsjóð, 9. gr., ef einhver hérna skyldi ekki hafa kynnt sér hana, væri staðan strax betri. Almennt er talið að smá og minna þróuð hagkerfi standi ekki undir meiri erlendum skuldum en á bilinu um 40–60% af vergri landsframleiðslu. Það er innan við fjórðungur af skuldum okkar. Samt hafa hæstv. fjármála- og viðskiptaráðherra litlar áhyggjur af því að skrifa upp á 600–900 milljarða vegna Icesave og hafa talað um að við framsóknarmenn, sem höfum andmælt þessu, séum allt of svartsýn í ábendingum okkar.

Ég vil líka benda á það að ég sakna þess mjög að með greinargerð frumvarpsins skuli ekki fylgja greiðsluáætlun, eða greiðsluprófíll, sem er annað orð yfir þetta, yfir það hvernig við hyggjumst borga árlega afborganir og vexti fram til ársins 2023, eða jafnvel bara næstu 7 árin ef það er of erfitt að reikna okkur fram næstu 15 árin vegna mikillar óvissu. Með því mundum við gera okkur betur grein fyrir hvað við erum að leggja á þjóðina að 7 árum liðnum. Það eina sem kemur fram, í þeim gögnum sem ég hef kynnt mér um greiðsluáætlun, eru setningar eins og, með leyfi forseta, á bls. 23: „Engu að síður má reikna með að óhjákvæmilegt verði að endurfjármagna þessi lán að hluta“ — og þar er greinilega átt við erlend lán á gjalddaga og þar á meðal mjög stór lán sem eru á gjalddaga 2011. Einnig er bætt við að ekki sé reiknað með að greiða þurfi niður innlendar skuldir. Ekki er gert ráð fyrir því að greiða niður innlendar skuldir enda skilst mér, og það var útskýrt fyrir mér í dag, að enska hugtakið sustainability of debt, eða það að ráða við skuldir sínar, er að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ekkert endilega að borga niður skuldir sínar, aðeins að þær hækki ekki. Því mundi ég gjarnan vilja heyra frá hæstv. fjármálaráðherra, sem situr hér í hliðarsal, hvort almennt sé reiknað með að greiða niður skuldir eða höfuðstól þeirra lána sem við erum að tala um. Er gert ráð fyrir að greiða niður höfuðstól þeirra lána sem við höfum þegar tekið og þeirra lána sem við erum að fjalla hér um eða gerum við líka ráð fyrir því að endurfjármagna þetta.

The Economist bendir reyndar á að sú leið sem flestar þjóðir séu að fara í kreppunni sé að prenta peninga til að dæla inn í hagkerfið en ekki að skera velferðarkerfið niður við trog og hækka skatta ofan á allar aðrar byrðar almennings eins og íslensk stjórnvöld ætla að gera. Þá hafa vextir verið keyrðir niður í nágrannalöndum okkar til að reyna að koma hjólum atvinnulífsins aftur á hreyfingu. Í stað þess hafa komið lagasetningar hér á landi og áætlanir um að draga saman seglin einhvern tíma seinna.

Hvernig hyggst hæstv. ráðherra byggja upp hagvöxt hér á landi eða bara efla útflutning þannig að við fáum eitthvað af þessum gjaldeyristekjum sem við þurfum á að halda til að borga þessar skuldir? Það má því í raun segja að ríkisstjórn Íslands sé að gera allt öfugt við það sem önnur vestræn ríki eru að gera og þar með talið að skrifa upp á skuldbindingar sem óvíst er að við berum ábyrgð á og getum í öllu falli ekki staðið við. Í dag hafa þegar, að mig minnir, tveir þingmenn Vinstri grænna lýst áhyggjum sínum yfir að þjóðin sé á leið í greiðsluþrot með samþykki þessara samninga. Annar lýsti áhyggjum sínum í ræðustól og hinn í morgunútvarpi á Bylgjunni í morgun. Hæstv. heilbrigðisráðherra lýsti yfir, að ég held, þessum áhyggjum þó að hann

mætti gjarnan orða þær yfirlýsingar sínar skýrar. Ég náði því einfaldlega ekki hvort hann var að biðla til stjórnarandstöðunnar um gott veður fyrir stjórnina felli hann samninginn, eða hreinlega bjóða henni til samstarfs í nýrri velferðar- og félagshyggjustjórn. En ég vil alla vega segja fyrir mína parta að hvort tveggja gæti hugnast mér svo framarlega sem hann fellir þetta frumvarp.

[19:44]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum sennilega eitt stærsta mál sem þetta þing og mörg önnur hafa rætt og mér þykir nokkuð miður að mælendalistinn er dálítið einsleitur. Það er mikið af stjórnarandstæðingum en lítið af stjórnarliðum og ég sakna sérstaklega, eins og fleiri, hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar sem var hæstv. viðskiptaráðherra þegar þeir atburðir gerðust sem við fjöllum um. Hann hefði getað upplýst ansi margt í þessari umræðu sem hefði komið þingmönnum að gagni. Svo hefði verið áhugavert að heyra í fleiri stjórnarliðum, sérstaklega Vinstri grænna vegna þess að þeir eru ekki alveg eins flokkshollir og stjórnarliðar hjá Samfylkingunni sem þurfa ekkert annað en trúarjátninguna til að lesa yfir. Ég hefði viljað heyra í mótmælendum hjá Vinstri grænum. Við erum búin að heyra í hæstv. ráðherra heilbrigðismála, Ögmundi Jónassyni. Það var mjög góð ræða og væri betra að fleiri tjáðu hug sinn um þetta mál. Mér finnst þetta vera svo stórt mál að hver einasti þingmaður ætti að tjá sig því að hann þarf að taka ákvörðun í samræmi við sína samvisku.

Hvað gerðist, frú forseti? Ef ég fer rétt aðeins í gegnum það þá dældust inn peningar til Íslands vegna þess að bæði voru peningar um allan heim á lágu verði, lágir vextir, mikið framboð, og á sama tíma mættu þessum peningastraumi ákaflega áhættuglaðir einstaklingar og bankar og fyrirtæki sem vildu fjárfesta út um allt og höfðu ekki lært mikið í líkindareikningi. Hér dældust inn svo miklir peningar að það er með ólíkindum. Það voru 40 milljónir á hvern Íslending. Hver fjögurra manna fjölskylda skuldaði 160 millj. þannig séð. Maður spyr sig: Hvað voru lánveitendur þessara peninga að hugsa? Hvað voru bankaráðin í þessum bönkum að spekúlera? Hvað voru stjórnir útrásarfyrirtækjanna að hugsa þegar þau keyptu fyrirtæki út og suður um alla Evrópu? Menn voru svo uppteknir af eigin snilld að þeir sáu ekki að þeir tóku gífurlegar áhættur. Ég minntist nokkru sinni á það þegar FL-Group keypti í amerísku flugfélagi var það óskaplega mikil áhætta fyrir íslenskt atvinnulíf, svo maður tali ekki um þegar þeir keyptu í þýskum banka sem heitir Commerzbank, einn stærsti banki Þýskalands. Þeir keyptu hvorki meira né minna en 3% í þeim banka og í tilkynningu til Kauphallar var tekið fram að ákvörðun um kaupin hafi verið tekin eftir ítarlega greiningu, frú forseti. Það segir að búið var að gefa jafnítarlega greiningu og á eignum Landsbankans núna sem við tölum um að veita ríkisábyrgð á. Ég kem að því seinna.

Svo hækkuðu vextirnir, áhættufælnin jókst og eignir lækkuðu í verði um allan heim. Þá varð stórtap og það er rangt sem margir halda fram að hægt sé að ná í þessa peninga. Það getur vel verið að einn og einn útrásaraðili hafi bjargað sínu fyrir horn en flestir eru þeir væntanlega gjaldþrota. Það er enga peninga að ná í vegna þess að peningarnir hurfu þar sem eignirnar lækkuðu í verði en lánin hækkuðu. Draumurinn um að ná í einhverja peninga til að borga þessara reikninga er bara draumur, held ég.

Þegar þetta gerðist datt mönnum snjallræði í hug og má segja að þessir menn séu ekki alslæmir, þeir duttu niður á Icesave. Fyrst þeir fengu ekki lán um allan heim með ótrúlegum kjörum náðu þeir í innlán, reyndar með háum vöxtum en það var betra en ekki neitt því að allt er hey í harðindum og það bætti lausfjárstöðuna. Þetta þótti mikil snilld og hækkuðu matsfyrirtæki meira að segja matið á þeim sem þetta gerðu vegna þess að þetta var svo mikil snilld. Velgengni þessara reikninga varð alveg yfirgengileg í Bretlandi og alveg sérstaklega í Hollandi. Ég veit ekki hvort menn hafa áttað sig á því að hollenskir reikningar voru ekki opnir nema í þrjá mánuði og þeir náðu yfir 100 þúsund aðilum til að leggja inn. Þeir voru reyndar með yfir 7% vexti á evrur sem þykir óskaplega gott, ég veit ekki hvort það var hærra en útlánsvextir í Hollandi en nálægt því. Þeir höluðu inn óhemjufé á örstuttum tíma og löguðu hjá sér lausafjárstöðuna þótt það dygði kannski skammt.

Eftirlitsstofnanir, Alþingi, fjölmiðlar, Fjármálaeftirlitið og matsfyrirtæki sváfu yfir þessari ógn og voru full aðdáunar á þessari miklu snilld og spurðu einskis. Matsfyrirtækin mátu bankana sífellt betur og betur. Innlánskerfi Evrópusambandsins er þess eðlis að þar er meiningin — ég hef lesið tilskipunina — að innlánsfyrirtækin sjálf, bankarnir sjálfir, borgi innlánstrygginguna. Það er grundvallarhugsunin og átti að mynda innlánstryggingasjóð og það gerðu Íslendingar sem betur fer með „bravör“, algerlega eftir reglunum. Bretarnir voru víst ekki alveg búnir að gera það en það voru Íslendingar og var borgað inn 0,15% af innlánum. Hafði myndast sjóður upp á 18 milljarða en hann var til að tryggja miklu stærri upphæðir. Bara þessir Icesave-reikningar eru upp á 1.100 milljarða eða jafnvel meira þannig að Innlánstryggingasjóður getur dugað fyrir 3% af tjóninu.

Áður en ég held lengra ætla ég að leggja til að við Íslendingar lærum af þessu. Við þurfum að læra af þessu, t.d. það að þegar maður kastar upp tening kemur sexan alltaf öðru hverju upp. Það er bara þannig og menn þurfa að læra að taka ekki áhættu, hætta að segja: Þetta reddast. Það þarf að útrýma því orðasambandi úr íslensku: Þetta reddast. Það reddast nefnilega ekki nema einstaka sinnum ef maður getur bætt við sig meiri vinnu eða eitthvað slíkt og tekjurnar aukast og allt svoleiðis. En yfirleitt þegar menn segja „þetta reddast“ er það vegna þess að þeir eru komnir í ómögulega stöðu. Mér sýnist að útrásarfyrirtæki, bankarnir, fjármálafyrirtæki, Fjármálaeftirlitið og allir hafi haft þetta að leiðarljósi, „þetta reddast“, og mér sýnist að samningurinn sem við ræðum í dag hafi það líka að leiðarljósi, því miður.

Svo hrynur kerfið á Íslandi. Þá gerist það um leið að bresk og hollensk stjórnvöld bregðast strax við. Það má segja gott um þau að þau brugðust strax við og sögðu: Þetta má ekki fréttast vegna þess að þetta er galli í regluverki Evrópusambandsins. Þegar heilt kerfi hrynur getur innlánstryggingakerfið ekki greitt það hvort sem það mundi gerast í Hollandi, Bretlandi, á Íslandi eða annars staðar. Innlánstryggingakerfið gæti ekki borgað það, alls ekki í Hollandi og síst af öllu í Bretlandi þannig að til þess að hinn venju-

legi sparigreiðandi um alla Evrópu frétti þetta ekki ákváðu stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi að láta skattgreiðendur greiða þetta og takið eftir: Það var tekin ákvörðun um það af breskum og hollenskum yfirvöldum að láta skattgreiðendur greiða þetta í staðinn fyrir innlánsstofnanirnar. Það er stefnubreyting sem hefði átt að valda því að félög skattgreiðenda um alla Evrópu rísa upp á afturlappirnar. Ég talaði meira að segja við formann Félags þýskra skattgreiðenda en hann kveikti aldeilis ekki á þessu. Þarna var gerð stefnubreyting og það er ákvörðun sem við glímum við í dag.

Ótti ráðamanna í Hollandi og Bretlandi um „run“ á bankana veldur hörku þeirra gagnvart Íslandi. Þetta er engin mannvonska. Þetta er ótti þeirra og skelfing. Þeir verða að sýna að Ísland borgi eins og þeir. Það eru fjórir flokkar af innlánseigendum: Í fyrsta lagi þeir sem eru undir 20.778 evrum. Þá tryggir íslenski innlánstryggingasjóðurinn með sínum 18 milljörðum. Svo eru það þeir sem eru yfir þessum mörkum í Hollandi með allt að 90 þúsund evrur. Það tryggja hollenskir skattgreiðendur með ákvörðun hollensku ríkisstjórnarinnar. Allt í Bretlandi er tryggt nema þar sem fagfjárfestar eru, sveitarfélög og aðrir slíkir. Breskir skattgreiðendur tryggja þá sem ekki eru fagfjárfestar og eru yfir mörkunum, 20.778 evrum. Þeir sem eru yfir mörkunum í Hollandi og fagfjárfestar í Bretlandi sækja sinn rétt sjálfir, þeir eru ekki tryggðir nema að því er varðar 20.778 evrurnar sem Íslendingar tryggja. Þetta eru þeir fjórir hópar sem hafa greitt fyrir þetta og um það stendur deilan.

Sá samningur sem við ræðum hér er í fyrsta lagi svokölluð Landsbankaleið. Menn héldu að það væri sniðugt að láta Landsbankann taka lán og síðan eftir 7 ár kæmi ríkisábyrgðin til. Auðvitað er ríkisábyrgð á þessu öllu saman alveg frá byrjun vegna þess að ef einhver greiðsla klikkar núna hækka skuldirnar bara sem því nemur í lok sjö ára tímabilsins ásamt vöxtum. Það er þá ríkisábyrgð á því eins og á öllum heila pakkanum. Svo er talað fjálglega um einhverja Landsbankaleið — ég vil ekki kalla það heimsku en allt að því.

Svo eru notaðir Cirr-vextir. Cirr-vextir eru vextir til útflutningsfyrirtækja í viðkomandi löndum sem er eðlilegt ef Landsbankinn skuldar einhverjum að veita einkafyrirtæki svona vexti en það er fráleitt að ríkið borgi svoleiðis vexti. Ef þeir eru notaðir ættu breska og hollenska ríkið að borga íslenska ríkinu ríkisábyrgðargjald fyrir að veita ríkisábyrgð á allan pakkann. Þá ætti í rauninni hollenska og breska ríkisstjórnin að borga Íslendingum ríkisábyrgðargjald upp á 2–3%. Ég veit ekki til að það hafi verið rætt því að íslenska ríkið — við erum að taka ákvörðun um að veita ábyrgð á allan pakkann.

Svo er þetta kúlulán. Það er talað um sjö ára tímabil. Þar er sama hugsunin: Þetta reddast. Ef ég kaupi bíl með láni sem ég borga eftir tíu ár breytir það engu. Ég þarf að borga það hvort sem er. Þetta er svo furðuleg hugsun að ég næ henni ekki. Svo vil ég geta um eitt: Í fylgiskjali með þessu er dálítið merkilegt frá hollenska ríkinu, við eigum að borga 7 millj. evra fyrir kostnað þeirra af þessu tagi. Niðurlægingin er þvílík að þeir láta okkur borga 7 millj. evra fyrir að standa í þessu bixi og veseni. Hvað skyldu þeir borga okkur fyrir að standa í okkar bixi og veseni sem er miklu meira? Ekki krónu. Þetta sýnir afstöðu og skilninginn. Það eru þeir sem tóku ákvörðun um að láta skattgreiðendur greiða þetta.

Svo er það spurningin um mat á eignum Landsbankans og það er aðalmálið. Því miður er tími minn að verða búinn, frú forseti, þannig að ég verð að setja mig aftur á mælendaskrá til að ræða um matið á eignum Landsbankans. Það er aðalmálið. Hér talar hæstv. viðskiptaráðherra eins og meðaltalið sé sú greiðsla sem hann fær. Það er ekki aldeilis svo. Meðaltalið af því þegar maður hendir upp tening er 3,5. Prófið það. Gerið það nógu oft. Þið munuð enda á því meðaltali, 3,5. Stærðfræðin segir það, líkindafræðin segir það en stundum kemur upp 6 og stundum kemur upp 1 og hér er verið að kasta upp á það. Kannski fáum við einn og kannski fáum við 6 og allt er greitt. Auðvitað verða þingmenn sem taka ákvörðun um svona peningaspil að vita hvað miklar líkur eru á því að ekki greiðist nema 30%. Það ætla ég að koma inn á í seinni ræðu minni. En svo þarf líka að vita: Hefur þetta áhrif á lánshæfismatið. Menn hafa fullyrt að samningurinn hafi engin áhrif á lánshæfismatið af því að menn hafi vitað að það ætti eftir að semja. Bíðum nú við, skiptir það engu máli hvernig menn sömdu? Ef menn hefðu samið um hámark á greiðsluna ætli lánsfjárfyrirtækin hefðu ekki verið kátari en þegar samið er um nánast fullar kröfur Hollendinga og Breta? Þannig var samningurinn. Við hefðu getað skrifað undir þennan samning strax í haust. Vextirnir hafa reyndar lækkað en það hafa þeir líka gert á heimsmarkaði. Auðvitað skiptir máli fyrir matsfyrirtæki hvernig samið var og hámark á greiðslunum mundu aldeilis gleðja þau og gefa Íslendingum hærra mat en því miður er tími minn búinn.

[20:00]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir mjög góða ræðu eins og þær hafa margar verið hér í þessari mikilvægu umræðu í dag og ég tek undir með hv. þingmanni að ég sakna þess að hv. þingmenn stjórnarliðsins taki ekki þátt hér í þessari umræðu. Fjórir stjórnarliðar hafa haldið ræður í þessu máli sem fjallar um mikilvægustu skuldbindingar og ábyrgðir sem verið er að hella yfir íslenskt samfélag — fjórir.

Ef við tökum lið stjórnarandstöðunnar hafa um 34 stjórnarandstæðingar, að meðtöldum þeim sem eiga eftir að tala hér í kvöld, tekið til máls en aðeins fjórir stjórnarliðar. Þetta mál er borið fram af stjórnarflokkunum og ég hefði haldið að það væri lágmarksvirðing að stjórnarliðar og kannski ekki síst hinir nýju og fersku þingmenn stjórnarflokkanna blönduðu sér í umræðuna. Það er alveg fáheyrt að nær enginn fjárlaganefndarmaður er staddur hér við þessa umræðu fyrir utan einn, hv. þm. Árna Þór Sigurðsson, en fjárlaganefnd á eftir að fjalla um þetta mál.

Við erum greinilega að taka mikla áhættu. Stjórnarflokkarnir vita greinilega mjög takmarkað því að þeir treysta sér ekki í umræðuna um efnisákvæði þessa samnings. Ég vil því spyrja hv. þingmann, sem er reyndur sem formaður í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, hvort honum finnist það við hæfi að við afgreiðum þessar skuldbindingar héðan án þess að vita hver heildarskuldastaða íslensks þjóðarbús er í erlendri mynt. Það hefur komið fram í

umfjöllun í fjölmiðlum að Seðlabankinn vill ekki gefa upplýsingar um hverjar erlendar skuldir þjóðarbúsins eru. Við erum að tala um auka þær ábyrgðir og skuldbindingar til verulegra muna. Er ekki nauðsynlegt að það liggi fyrir áður en við tökum efnislega afstöðu til þessa máls?

[20:02]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það er mjög mikilvægt að menn viti efnahagslegar afleiðingar þessarar ríkisábyrgðar því að hún er gífurleg. Í þessu frumvarpi, á síðu 25 í greinargerðinni, er gert ráð fyrir því að hagvöxtur muni vaxa svo og svo mikið næsta ár. Gert er ráð fyrir því neðst á síðu 25 að við eigum að borga svona 150 milljarða á ári í erlendum gjaldeyri. Vita menn yfirleitt hvað það er mikið? Það er allur sjávarútvegur Íslands, allur útflutningur af sjávarútvegi, og þá á eftir að kaupa olíu og net. Sjómennirnir fá náttúrlega ekki neitt. Það er allur sjávarútvegurinn, allur nettóútflutningur af sjávarafurðum sem þessi samningur tekur í 13 ár. Á hverju á þjóðin að lifa?

[20:03]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er eðlilegt að spurt sé: Á hverju á þjóðin að lifa? Sérstaklega þegar ég fæ mjög takmörkuð svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fram í þessari umræðu. Að stjórnarliðar láti þessa umræðu næstum fram hjá sér fara — þeir sitja ekki hér í þingsal nema annað slagið — er algjörlega til skammar í ljósi umfangs þessa máls, í ljósi þeirrar kröfu sem er úti í samfélaginu um að Alþingi vandi hér til verka.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi það hér að íslenska sendinefndin eða hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon hefði samþykkt að við ættum að borga kostnað Hollendinga vegna þessara viðræðna, ef ég skildi hv. þingmann rétt. Nú hljómar það ekki sem há upphæð, sjö milljónir evra, sem litla Ísland þarf þá að borga fyrir tilkostnað Hollendinganna en miðað við núverandi gengi erum við að ræða þar um 1.300–1.400 milljónir króna, 1,3–1,4 milljarða. Maður veltir því fyrir sér þegar við tölum um sams konar upphæð og verið er að skerða íslenska námsmenn um á þessu sumarþingi, um 1.300 milljónir, hvar harka íslenskra stjórnvalda er. Hvar er sjálfsvirðingin? Með hvað var lagt af stað í þessar viðræður?

Það er ósköp eðlilegt að spurt sé og að sumir hverjir verði jafnvel lúpulegir undir þessari umræðu. Mér finnst það algjörlega ótækt, um leið og ég ítreka þessa spurningu hvort ég hafi skilið hv. þingmann rétt, að stjórnarliðar skuli ekki sitja hér í salnum undir þessari umræðu, kveðja sér hljóðs og reyna að rökstyðja af hverju þeir vilja að við skrifum undir þetta samkomulag. Það er algjörlega ótækt í ljósi þess að ríkisstjórnin ætlar sér að láta Íslendinga, íslenskan almenning, greiða þennan Icesave-samning, þessa óhæfu sem búið er að skrifa undir, sem við munum vonandi fella hér á vettvangi þingsins. En það verður ekki mörgum stjórnarliðum að þakka í ljósi umræðunnar hér, (Forseti hringir.) alla vega í þeirri fyrstu, því að þátttakan hefur verið smánarlega lítil af þeirra hálfu.

[20:05]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta fann ég á island.is í skjölum sem fylgja þar með á ensku og er bréf „from the State of The Netherlands“, þ.e. frá hollenska ríkinu.

Þar stendur í lið 3b að borga eigi 7 milljónir evra fyrir kostnaði. Það bætast við 1.322 milljónir, þ.e. þessi gífurlega tala hefur ekki áhrif nema á fjórða aukastaf. Það segir okkur hvað skuldbindingin er ofboðslega stór, að þetta skuli ekki hafa áhrif fyrr en á fjórða aukastaf, einn og hálfur milljarður. Ég hugsa að Hollendingum finnist þetta ekki sérstaklega merkileg eða stór upphæð en fyrir Íslendinga er þetta náttúrlega mjög stór tala. Og það sem er kannski verst í þessari tölu, þessum 7 milljónum sem við munum borga fyrir þennan kostnað, er niðurlægingin sem felst í því að íslensk sendinefnd fellst á það að borga Hollendingum fyrir ómakið, að leggja á okkur þessar kvaðir.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði einhvern tíma í haust að hann þyrfti að kyssa á vöndinn hjá kvalaranum eða einhvern veginn þannig. Hér kyssa menn virkilega á vöndinn, það er bara þannig. Það er virkilega verið að niðurlægja okkur Íslendinga með því að láta okkur borga 7 milljónir evra, þó að það sé á þriðja aukastaf, fyrir umstangið sem Hollendingar verða fyrir. Þeir velta ekkert fyrir sér hvílíku óskapaumstangi það veldur á Íslandi og hvað þetta á eftir að kosta íslenska þjóð um alla framtíð í fátækt og armæðu og barlómi.

Hver skyldi kostnaður Íslendinga vera? Það er ekki horft á það. Nei, Íslendingar eiga að borga 7 milljónir evra fyrir þá ákvörðun hollenskra yfirvalda að viðhalda trausti manna á hollenska banka.

[20:07]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir góða ræðu og það er rétt sem hann segir, það stefnir hér í fullkomna niðurlægingu ef stjórnin fær sitt fram. Það er líka rétt sem hv. þingmaður bendir á að illu heilli virðist þessi stjórn vera farin að apa eftir margt af því sem varð til þess að við lentum í þessum vandræðum upphaflega. Það skortir skilning á ýmsum grundvallaratriðum, til að mynda á áhrifum umframlánsfjár og eins skilning á gjaldmiðilsáhættu.

Það er rétt sem þingmaðurinn benti á áðan, þetta er allur sjávarútvegurinn, bara vextirnir af Icesave eru eins og allur þorskútflutningur okkar en vel að merkja jafngildir það því að þorskurinn hyrfi en menn væru samt með fólk í vinnu og sigldu skipunum út og köstuðu netunum í sjóinn og hefðu allan kostnaðinn en það kæmi ekkert á móti. Þetta eru áhrifin af þessum samningum.

Það er nú margt skrýtið í þessu en í samhengi við gengið er eitt alveg sérstaklega galið, þetta er rökstutt með þeim hætti að við verðum að taka á okkur þessar skuldbindingar vegna þess að ella eigum við á hættu að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn láni okkur ekki pening. Hvað ætlum við að gera við þessa peninga frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Jú, það á að nota þá til þess að halda uppi gengi íslensku krónunnar, verja gengi krónunnar. Á meðan er deginum ljósara að þessar gríðarlegu skuldbindingar umfram það sem við ráðum við með Icesave-láninu mun fella gengi krónunnar og

halda því veiku í 15 eða 20 ár. Það væri fróðlegt að heyra hv. þingmann útskýra, ef hann treystir sér til, hvernig þessi rökstuðningur stjórnarinnar birtist honum og hver hann telur að áhrifin af þessu öllu saman verði til lengri tíma litið á gengi gjaldmiðilsins sem skiptir svo miklum máli fyrir íslensk fyrirtæki og íslensk heimili og að sjálfsögðu íslenska ríkið.

[20:09]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Menn hafa verið að bera saman skuldsetningu Íslands og annarra þjóða, Japans og Bretlands o.s.frv. en gleyma í því sambandi að þær þjóðir skulda yfirleitt sínum eigin þegnum og geta prentað peninga og geta hreint út sagt búið þannig til verðbólgu í sínu landi. Við erum hins vegar með þessum samningi að taka á okkur erlenda mynt sem þýðir að við ráðstöfum þar með hluta af útflutningi okkar til mikils fjölda ára.

Ég nefndi hérna áðan að með öðrum skuldum ríkissjóðs fari hver einasti fiskur í það að borga næstu 13 árin þó að við séum með ál og þó að við séum með ferðamannaiðnað til viðbótar. Fjármálamarkaðurinn er hruninn, við getum ekki lifað bara á því tvennu.

Mér finnst að efnahagslega séð þurfi menn að stíga mjög létt og varlega til jarðar og ég skil ekki að menn skuli ekki hafa sagt Hollendingum og Bretum að þessar þrjár þjóðir hafi lent í sama pyttinum hvað varðar það að innlánstryggingakerfi Evrópusambandsins hafi brugðist. Nú skulum við öll saman, allar þessar þrjár þjóðir, taka höndum saman um að leiðrétta þetta og halda uppi trausti erlendra sparifjáreigenda á bönkum í þeim löndum en þó þannig að Íslendingar geti borgað. Það er nefnilega ekki hagur Hollendinga eða Breta að Íslendingar geti ekki borgað. Það er alveg furðulegt að þeir skuli setja okkur í þessa stöðu. Ég hugsa að hollenska sendinefndin sem fjallaði um þetta hafi ekki áttað sig á því hvað Íslendingar eru fáir, hvað efnahagslífið er lítið í samanburði við efnahagslíf Hollands og Bretlands. Hún hefur bara ekkert áttað sig á þessu.

[20:11]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Jú, ég get tekið undir það sem hv. þingmaður sagði en eitt mundi ég vilja spyrja hann nánar út í og það tengist því sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur átt í dálitlu basli með síðustu daga. Ég hef margsinnis reynt að útskýra fyrir hæstv. viðskiptaráðherra að allar þær tekjur sem við höfum af útflutningi séu ekki til ráðstöfunar vegna þess að við þurfum jú að kaupa ýmsar afurðir frá útlöndum og margt af því er nauðsynlegt bara til að halda þjóðfélaginu gangandi og til þess að skapa þessar útflutningstekjur. Jafnframt erum við búin að skuldsetja okkur svo gríðarlega, sveitarfélög, ríkið og fyrirtæki, og að miklu leyti í erlendri mynt. Mikið af þessum útflutningstekjum rennur strax til baka í vaxtagreiðslur og afborganir af erlendum lánum. Svigrúmið er því mjög lítið, kannski er það ekki neitt, ég hugsa reyndar því miður að það sé neikvætt. En gefum okkur að svigrúmið sé lítið, þá má ekkert út af bera og þegar við ráðstöfum svona gríðarlega miklum gjaldeyri og fáum ekkert í staðinn tel ég það óhjákvæmilegt að það veiki gengið.

Ég spyr því hv. þm. Pétur H. Blöndal: Treystir þingmaðurinn sér til þess að aðstoða mig við það það sem mér hefur ekki tekist síðustu daga, að útskýra fyrir hæstv. viðskiptaráðherra og ríkisstjórninni hvers vegna áhrifin eru þessi, hvers vegna það þýðir ekki að líta bara á útflutningstekjurnar?

[20:13]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Það er hárrétt, frú forseti, og ég ætlaði að nefna það í seinni ræðu minni, það er alls konar áhætta sem tengist þessu. Það er áhætta á því að pundið falli gagnvart evru, evran falli gagnvart pundinu o.s.frv., verð á fiski og áli. Hvernig þróast það í framtíðinni? Það er líka áhætta.

Það sem ég var að kalla eftir og hef verið að kalla eftir er áhættugreining á öllum pakkanum. Hvað eru miklar líkur á því að allt greiðist fyrir eignir Landsbankans? Í júlí árið 2029 munum við vita það, þá er búið að kasta teningnum, þá vitum við hvað greiddist. Fram að þeim tíma vitum við það ekki. Núna vitum við það ekki, nú er ákveðin áhættudreifing á þessu. Það eru ákveðnar líkur á því að allt greiðist, það eru ákveðnar líkur á því að 75% greiðist, það eru ákveðnar líkur á því að minna en 30% greiðist og þá eru Íslendingar í vondum málum. Það er það sem ég vil útiloka með því að Alþingi skoði að flytja breytingartillögu um að sett sé hámark á lánveitingarnar, á ríkisábyrgðina þannig að við lendum ekki í þeirri stöðu, sem eru kannski ekki miklar líkur á — kannski eru bara 6% líkur á því eða eitthvað slíkt — en sú staða má ekki koma upp. Ég vil ekki þurfa að beita neyðarákvæði samningsins um að þjóðirnar eigi að tala við okkur því að það er ekki einu sinni sagt í því ákvæði að þeir eigi að semja. Þeir eiga bara að spjalla við okkur um hvort þeir vilji semja. Þegar það spjall hefst byrjar það svona: Heyrðu, skoska togarasjómenn langar mikið til að fiska á Íslandi. Eða: Þetta enska orkufyrirtæki langar til að kaupa hlut í Landsvirkjun o.s.frv. Menn geta þá ímyndað sér hvernig framhaldið verður.

[20:15]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Þau minnisblöð sem vitnað er til frá liðnu hausti og eru af sumum túlkuð sem forveri þess samkomulags sem ríkisstjórnin hefur gert og er til umræðu á hv. Alþingi voru minnisblöð. Þau voru engin skuldbinding. Það er rangt að túlka það svo. Þau voru minnisblöð þar sem aðalatriðið var það að Ísland réði við það sem þyrfti að semja um. Það var varnaglinn sem öll viðmiðunin var. Þessi minnisblöð voru gerð undir því álagi þegar verið var að stöðva innflutning á matvælum til Íslands, olíu til Íslands og ýmsum öðrum nauðsynjum. Því veikara var minnisblaðið sem aðstæðurnar voru erfiðari. Og minnisblað er eitt. Samningar eru annað.

Við ræðum, virðulegi forseti, um samning sem er óbrúklegur. Hann ögrar sjálfstæði Íslands. Hann ögrar eðlilegu lífi á Íslandi inn í framtíðina og þess vegna verður að sporna við fótum.

Árið 1262 töpuðu Íslendingar sjálfstæði sínu þegar þeir gengust undir skattáþján erlendra konunga. Það tók okkur Íslendinga tæp 700 ár að vinna aftur til sjálfstæðis. Síðan

eru aðeins liðin 65 ár og það ótrúlega er, virðulegi forseti, að það eru menn, það eru þingmenn á hv. Alþingi sem eru að tapa buxunum í þessari baráttu, tapa strengnum, tapa áttum, tapa metnaði, tapa vakt og vörn fyrir íslenskt sjálfstæði, fyrir íslenskt fólk.

Íslendingar ætla aldrei að verða kotþorp í Evrópu. Til þess hefur ekki verið barist í 1000 ár og gott betur. Margir Íslendingar munu heldur vilja standa á jöklinum einir eftir heldur en lúta þeim lögum, þeim samningum sem hér er verið að ræða, að ég tali ekki um inngöngu í Evrópubandalagið. En allt virðist þetta, virðulegi forseti, því miður fléttast hryllilega saman. Það lyktar af sumu. Það lyktar af gróandanum á vorin og hann er góður. En það lyktar af undirlægjuhætti í þessum samningum, undirlægjuhætti sem Íslendingar eiga ekkert að láta bjóða sér og eiga ekki skilið.

Íslendingar hafa ekki mikla vigt í Evrópu og hafa aldrei haft. En Íslendingar hafa haft sjálfstæða hugsun, þor og þrek, tekið áhættu enda byggt á veiðimannasamfélagi við erfiðar aðstæður, við öflun auðlinda í hafi, ræktun lands og á dugmiklu fólki. Það er rétt sem margir lærðustu menn landsins hafa sagt, til að mynda úr Háskóla Íslands, að það eru engin orð til um þá skuldbindingu sem reynt er að troða upp á Íslendinga í þessum samningum. Það eru engin orð til um það í Evrópubandalagsreglum að svo langt eigi að ganga (Gripið fram í.) Það eru engin orð til um það. Og af hverju eiga Íslendingar að láta það yfir sig ganga? Það er ótrúlegt þegar maður hefur reynslu af því að vera í mörgum löndum, fylgjast með stíl, stefnum, andblæ, að verða vitni að því að þegar brimar á allan garðinn, allan heiminn þá skuli dekurþjóðfélögin í Evrópu draga sig saman og nota stærstu sleggju sem hægt er að finna til að brjóta eitt lítið egg, Ísland. Það er skelfilegt að upplifa það, það er skelfilegt fyrir Íslendinga, fyrir okkur sem þjóð sem þekkjum fjölskyldusamfélagið, sem þekkjum nálægðina, viljum sýna tillitssemina, þó við séum að mörgu leyti frek og yfirgangssöm þá er það samt í eðli okkar að sýna nærgætni við náungann þó að við mættum ugglaust kunna betur með það að fara. En það er alveg klárt mál að Evrópuþjóðirnar kunna það ekki. Við erum langt á undan þeim í þeirri framkomu og gott er að vitna til Færeyinga sem bera af öllum þjóðum sem við höfum samskipti við í því að kunna að koma fram við fólk, maður við mann, maður við mann án þess að brjóta og bramla allar reglur, alla möguleika, allt sem um er að ræða og skiptir máli.

Það lyktar af því að sá undirlægjuháttur sem hér er fjallað um sé eins konar farseðill Íslands inn í Evrópubandalagið. Það er dýr farseðill ef hann kostar sjálfstæði þjóðarinnar. Það er örugglega rétt sem hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt að þetta mál er feykilega erfitt. En það samkomulag sem búið er að leggja á borðið gengur … (**Gripið fram í:** Gengur ekki upp.) Það bara gengur ekki upp. Þess vegna verður að stöðva þetta samkomulag og knýja á um betra samkomulag sem Íslendingar ráða við án þess að vera á hnjánum næstu áratugina, án þess að vera á hnjánum, undirmálsfólk í Evrópu. Það hafa margir bilað í þessum leik, bæði embættismenn og stjórnmálamenn. Heilu löndin hafa bilað. Svo þarf að finna blóraböggulinn. Ísland getur ekki verið blóraböggull í þessu. Það er ekki hægt. Það er nú ekki flóknara en svo. Ættu þessir stórbrotnu jaxlar í Evrópu ekki að sýna einhvern manndóm til þess að bjóða hluti sem þeir gætu verið stoltir af í stað þess að nota sleggjurnar og hoppa á íslenskri þjóð eins og kengúrur? Eins og kengúrur hafa þeir hoppað á maríuerlunni Íslandi í öllu þessu máli.

Brotalamirnar í reglum Evrópubandalagsins, í flæði banka um allt Evrópubandalagið eru náttúrlega slíkar að Íslendingar geta ekki borið ábyrgð á þeim. Það er engin tilviljun þegar upp er staðið frá hausti að Evrópubandalagið vilji breyta þessum reglum. En það á að hengja þann minnsta í snöruna svo þeir geti glaðst yfir því að það ruggast ekki báturinn hjá þeim. Um þetta verðum við að hugsa og við þessu verðum við að bregðast.

Að hafa ekkert þak á greiðslum í þessum samningi gengur ekki. Óútfyllt ávísun öll á ábyrgð Íslands gengur ekki. Vextirnir eru of háir. Það er engin spurning og þegar talað er um að 75–95% af eignum Landsbankans eigi að borga Icesave-skuldirnar, af hverju buðu þá ekki þessir háu herrar, virðulegi forseti, að það yrði samið um einhverja ákveðna tölu, farin millileið sem var dýrkeyptari fyrir Ísland í áhættu heldur en Evrópuþjóðirnar, farin einhver 85% leið, samningaleið um ákveðna tölu. Nei, nei, það stóð bara ekkert til. Þeir halda áfram í hlutverki kengúrunnar.

Við getum ekki samþykkt nauðgun á Íslandi. Það komu glaðbeittar stúlkur á þjóðhátíðina í Eyjum fyrir nokkrum árum, hressar og galvaskar með kaldhæðinn húmor eins og Íslendingum er lagið. Þær voru í bolum með prentaða áletrun: „Berjumst á móti nauðgunum. Segjum bara já.“ Auðvitað meintu þær ekki það sem þær settu á bolina. Við getum ekki sagt bara já við Evrópuþjóðirnar þegar þær eru að keyra yfir íslenska þjóð, íslenska framtíð, íslenskt sjálfstæði sem skiptir öllu máli, íslenskt fullveldi og íslenskt sjálfstæði. Það er engin spurning að þegar búið verður að fella þennan samning sem við erum nú að ræða þá munu menn auðvitað halda áfram viðræðum. Það eru engin fordæmi fyrir öðru í alþjóðlegum samskiptum. Það er algerlega út úr kortinu að hóta því að málið sé búið og dautt. Þetta er bara ekki svo einfalt mál eins og það er vaxið. Við þurfum harðskeytta og þjálfaða samningamenn, erlenda samningamenn. Það væri til að mynda hægt að nefna mörg nöfn harðskeyttra breskra sérfræðinga í alþjóðasamningum sem gætu tekið þetta hlutverk að sér fyrir okkur. Við sveitamennirnir brugðumst í þessum samningum. Við vorum of saklausir, allt hið mætasta fólk með góðan vilja en það vantaði harðsvíraða afstöðu, óprúttna afstöðu eins og kaupin ganga fyrir sig á eyrinni í alþjóðlegum samningum.

Virðulegi forseti. Við erum að véla um fjöregg Íslands í þessari umræðu. Við erum að véla um það að íslensk æska, íslenskt fólk sem þarf að horfa til framtíðar með von og gleði hafi vilja til að rísa undir því. Það er ekkert sjálfsagt. Það hefur reyndar aldrei verið sjálfsagt að við héldum sjálfstæði okkar. En nú reynir á það í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins. Við stöndum í hörðustu sjálfstæðisbaráttu í sögu íslenska lýðveldisins. Hún stendur núna yfir, tvíþætt, Icesave-samningarnir og Evrópubandalagið, ljónið sjálft. Valdbeiting Evrópubandalagsríkjanna gagnvart Íslandi eru höfuðskömm. Hún er einstæð í hinum vestræna heimi. Það eru engin dæmi til um slíkan yfirgang. Gamla setningin, virðulegi forseti, „kære venner og brødre“ um Norðurlöndin er farin til fjandans. Hún er dauð og ómerk. Yfirlýsing í gær

frá Norðurlöndunum ásamt Íslandi um að fallast á þann vilja Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Evrópubandalagsins að taka Ísland í gíslingu er meira en skömm. Hún er svo skítug að það er með ólíkindum. Við eigum ekkert að láta bjóða okkur þetta. Þá er nú betra að deyja standandi en liggjandi á hnjánum í þeirri stöðu og auðvitað spjörum við okkur í því. Öll Norðurlöndin brugðust okkur í þessari stöðu, með dýrum lánum, með drætti á hlutum, með hótunum þar sem þeir eru undirlægjur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Evrópubandalagsins, herranna í Evrópu sem hafa aldrei hugsað um neitt nema rassinn á sjálfum sér, aldrei neitt annað og stendur ekki annað til. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁI)**:** Forseti hvetur hv. ræðumann til að gæta hófs í orðavali.)

Virðulegi forseti. Ég hef lagt áherslu á það að gæta einstaklega mikils hófs í orðalagi mínu og vil ljúka máli mínu með því að segja að við Íslendingar eigum ekki að líða afskiptasemi (Forseti hringir.) nema það sé gert í ljósi þess að um jafningja sé að ræða.

[20:31]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti hvetur hv. ræðumenn til þess að hafa slökkt á farsímum þegar þeir ganga til ræðustóls.

[20:31]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Árna Johnsens þar sem hann vék að sjálfstæði þjóðarinnar og þeirri trú sem við höfum öll, að íslenskt samfélag sé eitt það besta í heimi og að við viljum byggja það áfram.

Mig langar líka að koma inn á frétt sem er nú á visir.is og var að mér skilst á Stöð 2 í kvöld. Hún lýsir í rauninni hvers konar hræðsla hefur gripið um sig hjá Samfylkingunni.

Hér stendur, með leyfi forseta:

„Líf ríkisstjórnarinnar ræðst af Icesave.“

Sérstakur hirðfréttaritari Samfylkingarinnar, Heimir Már Pétursson, skrifar svo:

„Ríkisstjórnin er sprungin og stjórnarkreppa blasir við verði Icesave-frumvarpið fellt á Alþingi.“

Spunavélin er byrjuð, frú forseti. Nú á að setja þrýsting á Vinstri græna til að þeir samþykki þetta frumvarp svo stjórnin falli ekki. Það vill nú svo skemmtilega til að a.m.k. Framsóknarflokkurinn og ef ekki fleiri flokkar í stjórnarandstöðu hafa lýst því yfir að þeir hafi engan áhuga á að fella ríkisstjórnina út af þessu máli, það snýst ekki um það. Samfylkingin verður að eiga það við sjálfa sig ef hún vill slíta þessu stjórnarsamstarfi, (**Gripið fram í:** Heyr.) þá á hún bara að gera það en ekki að reyna að klína því upp á Vinstri græna eða stjórnarandstöðuna.

Svo skrifar þessi sérstaki hirðfréttaritari Samfylkingarinnar, Heimir Már Pétursson:

„Áhrifamaður innan Vinstri grænna segir að ef þingmenn flokksins verði til þess að fella Icesave-samkomulagið sé ríkisstjórnin sprungin og spurning hvort flokkurinn sé búinn að vera pólitískt.“

Hugsið ykkur, og það er samfylkingarfréttamaður sem skrifar þetta og reynir að stilla samstarfsstjórnarflokknum upp við vegg með þessum hætti. Ég treysti því að virðulegir þingmenn og hv. þingmenn Vinstri grænna láti ekki fara svona með sig.

[20:33]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hvort er betra að Ísland springi í loft upp eða ríkisstjórnin? Ríkisstjórnir koma og fara en Ísland á að vera og Ísland verður. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það.

Það er alveg klárt, virðulegi forseti, að þó að þessi samningur verði felldur er ekki þar með sagt að ríkisstjórn Íslands sé fallin, það er bara ekki svo klárt eða í gadda slegið. (Gripið fram í.) Hún hefur stöðu til þess að taka málið upp vegna þess að íslenska löggjafarsamkundan tók sjálfstæða afstöðu og líkaði ekki við það samkomulag sem lá á borðinu. Það er alltaf að gerast í öllum samningum, alþjóðasamningum og öðrum samningum um allan heim.

Það er erfitt fyrir okkur sem erum byltingarmenn að upplagi og höfum oft dáðst að Vinstri grænum fyrir þjóðerniskennd þeirra, sjálfstæði og metnað, hugsun til landsins, hugsun til fólksins — stundum er erfitt að greina hvort þeir elska meira landið eða fólkið. Þarna þarf að taka af skarið. (Gripið fram í.) Við verðum að verja íslenskt sjálfstæði með kostum og göllum og það gerum við ekki með því að láta berja okkur ofan í svaðið.

Við eigum ekki að rugla saman óskyldum málum eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Norðurlöndin, öll nema Færeyingar, og Evrópulöndin öll sameinast um að keyra á okkur (Forseti hringir.) með offorsi, valdbeitingu og nauðgun.

[20:35]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Árni Johnsen nefndi hér Færeyinga. Færeyingar lánuðu okkur peninga. Hverjir voru vextirnir á því láni, voru þeir ekki núll prósent? Svo leyfir ríkisstjórnin sér að halda því fram að 5,6% vextir á nauðungarláninu frá Bretum og Hollendingum séu eðlilegir vextir vegna þess að á markaði væri erfitt að fá hagstæðari vexti á þessa tegund láns á meðan Færeyingar lána okkur á 0% vöxtum. Hvað finnst þingmanninum um þann samanburð ríkisstjórnarinnar að telja einhverja markaðsvexti forsvaranlega á þessum nauðungarsamningum?

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir, ég held að Evrópusambandsáhugi Samfylkingarinnar hafi mikið með afstöðu þeirra að gera í þessu máli. En það er rétt að geta þess að margir mjög harðir Evrópusinnar eru eindregnir andstæðingar Icesave-samkomulagsins vegna þess að þeir hafa reiknað dæmið til enda og sjá að það er ekkert betra fyrir okkur að ætla að reyna að komast inn í Evrópusambandið sem gjaldþrota þjóð. Það er ekkert betra að fara þar inn í þeirri stöðu að geta ekki í rauninni verið virkir þátttakendur þar, að geta ekki einu sinni tekið upp evruna, eins og virðast vera helstu rök flestra sem tala fyrir því að það liggi á Evrópusambandsaðild. Mjög margir hafa því áttað sig á því, meðal annarra talsmaður sammala.is, Eiríkur Bergmann Einarsson, einn helsti Evrópusambandsfræðingur

þjóðarinnar, Herdís Þorgeirsdóttir. Mjög margir af þeim Íslendingum sem hvað fróðastir eru um Evrópusambandið hafa einmitt bent á hættuna við að samþykkja Icesave-samkomulagið þannig að bæði andstæðingar og fylgjendur Evrópusambandsins ættu að hafna þessu.

[20:37]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þau atriði sem hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson leggur áherslu á eru öll kórrétt. Það er einmitt út frá þeim þáttum sem við verðum að vinna þetta mál áfram. Það er alveg klárt, virðulegi forseti, að fjármálaráðherra er ekki öfundsverður í því hlutverki sem hann er. Hann nýtur mikillar reynslu af baráttu, sækinni baráttugleði. En það fer heldur ekki fram hjá manni þegar maður hefur unnið með hæstv. fjármálaráðherra áratugum saman að það er ekki glampi í augum hans, það er enginn glampi í augum hans. Hann er að vinna óþurftarverk og auðvitað skilur hann það. Hann hefur sagt það þó að hann reyni að standa í þeim sporum sem hann er. Hann hefur samúð mína.

Það réttlætir ekki að sigla í strand. Það skiptir öllu máli þegar um er að ræða að skútan er í brimgarði og komin út að láta hana ekki hrekjast upp í klettana. Það er hluti af því að rækta þjóðernisþáttinn, metnaðinn fyrir hönd Íslands en að vera ekki núll og nix í Evrópu.

Hvað Evrópusambandið varðar, af því að það hefur komist til tals í þessari umræðu og þessi atriði eru samtvinnuð, vill það kokgleypa íslenskt sjálfstæði og þeir munu ekki einu sinni skyrpa beininu, þeir kokgleypa það ef þeir fá tækifæri til þess. Þeir munu láta beinið gossa líka og hafa engar áhyggjur af einhverjum smámunum eins og að slátra einni þjóð. Svo erum við að gagnrýna gamaldags þjóðir í Afríku sem sigla niður heilu þjóðirnar. Hvað er verið að gera hér á norðurhveli? Það er verið að (Forseti hringir.) sigla nákvæmlega sama streng að íslensku sjálfstæði.

[20:40]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í ljósi þess sem hv. þm. Árni Johnsen segir um Evrópusambandið þætti mér mjög fróðlegt að heyra hvað hv. þingmanni þótti um málflutning sendiherra Evrópusambandsins hér á þingi, hæstv. félagsmálaráðherra, fyrr í dag þar sem hæstv. félagsmálaráðherra hélt nánast eingöngu fram rökum Hollendinga og Breta, þeirra sem hafa verið að beita okkur svo miklu ofbeldi hér í dag. Meira að segja gekk hæstv. sendiherra Evrópusambandsins, sem ég tel reyndar að ætti að vera á launum hjá Evrópusambandinu mun frekar en íslenska ríkinu, svo langt að segja að rök okkar Íslendinga í málinu væru afskaplega veik lagaleg rök. Hann gerði lítið úr þeim fræðimönnum, íslenskum og erlendum, sem hafa haldið þeim fram á meðan hann lofaði í hástert einhvern starfsmann Evrópusambandsins í Brussel sem hafði hallmælt þessum rökum og haft eitthvað annað fram að færa.

Hvað finnst hv. þingmanni um svona málflutning á Alþingi Íslendinga? Er þetta eitthvað sem við eigum bara að sætta okkur við, að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands komi fram með þessum hætti, tali máli þeirra sem hafa verið að kúga okkur Íslendinga og geri lítið úr stöðu íslensku þjóðarinnar og Íslendingum?

[20:41]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Yfirlýsingar nokkurra íslenskra hæstv. ráðherra í þessum efnum eru með ólíkindum af því að þeir eru ekki málsvarar Íslands þar eins og hv. þingmaður vék að í andsvari sínu. Þeir eru ekki málsvarar Íslendinga, þeir eru málsvarar hagsmuna sem eru sprottnir frá stórveldunum Frakklandi, Hollandi, Bretlandi, Þýskalandi og fleiri Evrópuríkjum sem hafa alla tíð fyrst og fremst hugsað um sjálfa sig.

Að mörgu leyti mundi ég treysta Rússum betur í samningum en þessum þjóðum. Maður veit þó hvar maður hefur þá en það er ekki í þessum efnum. Það er skelfilegt og til skammar fyrir Íslendinga að þurfa að hlusta á annars ágæta hæstv. ráðherra falla svona á hnén og lúta í mold. Íslendingar eru vanastir því að vera huggulegir diplómatar — kurteisir og huggulegir, eins og Danirnir orða það — penir. Það á bara ekki við þegar það snýr að sjálfstæði Íslands. Það eru mörg mál á alþjóðavettvangi sem eru meira og minna tengd við hégóma og sýndarmennsku. Þetta er dauðans alvörumál sem skiptir öllu máli fyrir íslenska þjóð. Það er munurinn. Menn geta farið í partý og úr partýi og svo er það búið. Það skilur svo sem ekkert eftir en þetta er ekki partý, þetta er sláturhús og þar þurfum við að stoppa.

[20:43]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta — í ljósi þess að annar stjórnarflokkurinn, Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ágæta viðveru í þessum sal — að hún hlutist til um að fulltrúar Samfylkingarinnar verði hér við þessa umræðu og boði a.m.k. formann fjárlaganefndar hingað eða hæstv. forsætisráðherra sem er oddviti þessarar ríkisstjórnar í máli sem er ein stærsta skuldbinding á hendur íslenskum almenningi í sögu lýðveldisins. — Að Samfylkingin skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera viðstödd þessa umræðu í kvöld. Ég hvet þig, frú forseti, til þess að gera öllum þingmönnum Samfylkingarinnar grein fyrir því að hér fari fram umræða um mál sem ríkisstjórn undir þeirra forustu hefur lagt fram og það er lágmarksvirðing af hálfu Samfylkingarinnar að hún sé viðstödd þessa umræðu. Annað er skömm fyrir viðkomandi flokk.

[20:44]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti treystir því að hv. þingmenn, þeir sem ekki eru hér í sal, séu að fylgjast með þessari umræðu og þar með hvatningu hv. þingmanns.

[20:45]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. Slæleg viðvera þingmanna Samfylkingarinnar vekur furðu og þá sérstaklega hv. þingflokksformanns sem var viðskiptaráðherra í stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar þegar þau ósköp dundu yfir sem við ræðum nú afleiðingu af.

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Við ræðum um mál sem verður sjálfsagt íslenskri þjóð eitt það erfiðasta um langan tíma ef ekki um ókomna tíð. Það byggir á tilskipun frá EES sem leidd var í lög frá 1999, það byggir á því að árið 2002 voru tveir ríkisbankar einkavæddir og það byggir á því að íslenskar eftirlitsstofnanir sinntu ekki hlutverki sínu. Menn geta verið vitrir í dag og sagt að standa hefði átt að einkavæðingu bankanna með öðrum hætti. Menn hefðu átt að standa við dreifða eignaraðild en ekki svokallaða kjölfestufjárfesta. Menn gerðu það ekki og sitja nú uppi með Icesave-samninginn vegna þess að í bönkunum voru áhættusæknir einstaklingar sem fóru langt fram úr sér og sínum. Þeir fóru langt fram úr íslenskri þjóð og drógu hana með í það fen sem við erum núna stödd í.

Eftirlitsstofnanirnar brugðust líka. Fjármálaeftirlitið á að veita starfsleyfi og hefur almennt eftirlit með því að bankastofnanir uppfylli þau skilyrði sem eru fyrir rekstri. Seðlabankinn hefur vald til að setja reglur um lausafjárstöðu lánastofnana, bindiskyldu og reglur um umfangsmikla lántöku í erlendri mynt. Var það gert, frú forseti? Stóðu þessar stofnanir sig í því eftirlitshlutverki sem þeim bar, í því umhverfi sem hér ríkti frá 2003–2007/2008? Mér er til efs að svo hafi verið. En það voru ekki eingöngu eftirlitsstofnanir á Íslandi sem brugðust á þessum tímum: Eftirlitsstofnanir og eftirlitsverkið, regluverk Evrópusambandsins og Evrópu allrar brugðust. Alþingi Íslendinga situr nú með þessa samninga í fanginu vegna þess að reglugerðarverk Evrópu allrar brást. Stóru sterku þjóðirnar í Evrópu eða litlu þjóðirnar í Evrópu ætla að láta íslenska þjóð gjalda þess til fullnustu. Það er óásættanlegt.

Það er ekki við íslenska samninganefnd eina og sér að sakast, heldur við hinar stóru þjóðir í Evrópu sem ætla að knésetja Ísland í þeim ólgusjó sem hér varð þegar bankarnir hrundu í október og menn í Evrópu allri óttuðust að fjármálakerfi þar riðaði til falls. Þeir knésettu íslenska ríkisstjórn til að gangast við tryggingarskuldbindingum sínum — vegna hvers? Jú, vegna þess að hinar stóru og sterku þjóðir í Evrópu óttuðust að vantrú skapaðist á það bankakerfi sem þar væri, áhlaup yrði gert á bankana með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þess vegna þótti þessum ágætu þjóðum réttlætanlegt að knésetja íslenska þjóð. En það er ekki, verður ekki og mun aldrei verða fólgið réttlæti í því að íslensk þjóð þurfi að una þeim nauðungarsamningum sem nú blasa við vegna þess að Evrópuþjóðir voru ekki tilbúnar til að horfast í augu við þann vanda sem við blasti og axla ábyrgð á því sem þeim ber.

Hér hefur verið rætt um hvort lagaleg rök séu fyrir ríkisábyrgð. Mér vitanlega hefur ekkert komið fram í þessu máli hvort t.d. erlend lögfræðiálit liggi fyrir um að ríkisábyrgð eigi að vera til staðar. Íslenskar lögfræðistofur hafa hins vegar gefið álit sem segja að engin slík lagaleg rök séu fyrir ríkisábyrgð. Það hefur líka heyrst að þekkt lögfræðistofa í Bretlandi hafi boðið að koma fram með sérfræðiálit sem styddi þá skoðun að lögfræðileg rök lægju ekki fyrir ríkisábyrgð. Ef eitthvað af þessu er rétt og satt veltir maður fyrir sér hver stóð og hver stendur í vegi fyrir að slíkt álit verði fengið? Við Íslendingar, við alþingismenn á Alþingi Íslendinga hljótum að krefjast þess að lagalegur réttur okkar sé staðfestur númer eitt, tvö og þrjú. Ber okkur skylda til að bera þá ábyrgð sem á okkur er sett? Ber þessari þjóð skylda til þess einni og sér? Frú forseti, ég tel að svo sé ekki.

Þegar breska fjármálaeftirlitið yfirtók Heritable Bank gerði það sjálfu sér líklega stóran og mikinn grikk vegna þess að í ljós kemur nú að bankinn mun líklegast endurgreiða með þeim allar þær kröfur sem að honum steðja. Við það hafa vaknað margar sértækar spurningar sérfræðinga í Bretlandi. Ef það reynist rétt, hvað ætlar íslensk ríkisstjórn þá að gera? Íslenska ríkið er eigandi Landsbankans í dag. Ætlar íslenska ríkið að stefna breska fjármálaeftirlitinu? Hvaða áhrif hefði það í Bretlandi ef slíkt kæmi upp á yfirborðið? Hvaða áhrif hefði það í Bretlandi ef í ljós kæmi að breska fjármálaráðuneytið skerti möguleika Breta sjálfra á því að eiga upp í kröfur með yfirtöku þessa ákveðna banka? Það væri fróðlegt að verða vitni að því sem þá kæmi í ljós.

Tilskipun Evrópusambandsins kann að ná til innstæðusjóða þegar flest leikur í lyndi. Hún getur vart náð yfir það hamfaratímabil sem íslensk þjóð gengur nú í gegnum og stendur frammi fyrir. Ég verð að láta í ljós aðdáun mína á hæstv. fjármálaráðherra fyrir af hve mikilli festu og trúmennsku hann sinnir því starfi sem honum hefur verið falið í þessu verki þótt ég sé honum algerlega ósammála. Framganga hans í því verki er engu að síður honum til sóma en ég ítreka að ég er honum ekki sammála. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Veit hann til þess að í tilfelli Frakka hafi þeir við sambærilega löggjöf sérstaklega tekið fram að ríkisábyrgð væri ekki fyrir hendi undir kringumstæðum eins sem og Ísland stendur frammi fyrir í dag?

Virðulegur forseti. Forustumenn ríkisstjórnarinnar ræða um samninginn sem hér liggur fyrir og kalla á forgangskröfu upp að 700 milljörðum, að við eigum forgangskröfu, en það er ekki rétt. Það eru margir aðrir aðilar sem eiga forgangskröfu og Icesave-reikningarnir og skuldbinding vegna þeirra ganga ekki fyrir. Hverjar eru eignir Landsbankans í Bretlandi? Hverjar verða eignir Landsbankans í Bretlandi þegar kemur að því að við þurfum að borga? Það veit enginn. Þetta er eins og hv. þingmenn hafa sagt: Við erum með óútfylltan tékka í erlendum gjaldeyri sem við höfum ekki undir nokkrum kringumstæðum möguleika á að greiða og við getum ekki samvisku okkar vegna lagt það á þjóðina, sem við alþingismenn tilheyrum, að hún axli þá ábyrgð.

Ég ítreka hér að ég ætla ekki undir nokkrum kringumstæðum að afsaka ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar eða þann flokk sem ég sit fyrir á þingi fyrir það umhverfi sem hann skóp sem er orsök þess sem við stöndum nú frammi fyrir. Ég ætla ekki að axla ábyrgð á gjörðum þeirra manna sem fengu bankana í hendur og fóru með þá eins og þeir gerðu. En ég ber pólitíska ábyrgð á því sem átt hefur sér stað frá því að ég kom á þing 12. maí 2007. Ég hefði eins og margur annar þingmaður getað verið betur vakandi yfir því sem var að gerast og hvernig Alþingi sem ein af eftirlitsstofnunum hefði átt að bregðast við og skoða frekar lög sem voru í gildi og virðast ekki hafa dugað. Ég ber pólitíska ábyrgð á því og ég axla hana. En ég axla ekki ábyrgð á eigendum Kaupþings, Landsbankans og Glitnis og þeirri óreiðu og óráðsíu sem þar átti sér stað og ég frábið mér að sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins skuli ég borin þeim sökum að bera ábyrgð á því. En á umhverfinu sem

flokkur minn skóp tek ég fulla ábyrgð, ekki aðgerðum annarra.

Ríkisstjórnin skuldbatt sig til á sínum tíma að ganga til viðræðna um Icesave. Við það hefur verið staðið en samningurinn sem fyrir liggur er óásættanlegur. Við munum ekki hafa nægan gjaldeyri til að greiða þá skuldbindingu sem fellur á ríkið vegna Icesave. Við gætum hugsanlega staðið við hana ef hún væri í íslenskum krónum en við munum ekki geta greitt þá skuldbindingu sem fellur á ríkið vegna Icesave í erlendum gjaldeyri. Við, hin íslenska þjóð, eigum ekki ein að axla þessa ábyrgð. Bretar og Hollendingar þurfa að axla sína ábyrgð. Það geta þær þjóðir gert þegar þær standa frammi fyrir því að Alþingi Íslendinga mun líklegast ekki samþykkja ríkisábyrgð á Icesave-reikningum. Þá geta þessar þjóðir staðið keikar, verið stórar í eiginlegri og óeiginlegri merkingu þess orðs og fallist á að endurgreiðslur okkar verði hlutfall af þjóðarframleiðslu. Við það getum við Íslendingar staðið. Við erum ekki að koma okkur undan því að axla ábyrgð en við ætlum ekki og við getum ekki staðið við þann samning sem hér liggur fyrir. Ég treysti því að fjárlaganefndarmenn fari þeim höndum um þennan samning að honum verði breytt í þá veru að við getum við unað. Samninga er alltaf hægt að taka upp vegna þess að ef sagt verður nei verður ekki pattstaða, (Forseti hringir.) við getum hafið samningagjörð að nýju.

[21:00]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Hv. þingmaður á sæti í forsætisnefnd Alþingis og að lokinni þessari umræðu er málið komið í þinglega meðferð. Það er þá komið úr höndum hæstv. fjármálaráðherra og munu 63 þingmenn ákvarða um lyktir þessa máls sem betur fer.

Nú er ljóst að trúlega mun minni hluti nefndarinnar í fjárlaganefnd óska eftir því að við fáum álit sérfræðinga á sviði fjármála, sérfræðinga á sviði lögfræði á þessum gjörningi, hvort hún muni í störfum sínum innan forsætisnefndar reyna að leggja á það áherslu að Alþingi fái fjárhagslegt svigrúm til að leita til okkar færustu sérfræðinga til að meta þennan samning. Eins og ég sagði áðan, nú er málið komið til þingsins. Við höfum mjög litaða greinargerð frá hæstv. ríkisstjórn um þennan „glæsta“ samning og þann „glæsta“ árangur sem ríkisstjórnin náði.

Nú er málið komið í hendur Alþingis Íslendinga og ég spyr hv. þingmann sem á sæti í forsætisnefndinni hvort hún muni beita sér sem einn nefndarmaður í forsætisnefnd fyrir því að forsætisnefnd leggi til fjármuni við fjárlaganefnd að við getum farið í mjög ítarlega vinnu við skoðun á þessum samningi. Hér er um stærstu skuldbindingar í lýðveldissögunni að ræða og okkur þingmönnum ber skylda til að fara ítarlega yfir samninginn. Því er sjálfsagt að nefndir þingsins, fjárlaganefnd í þessu tilviki, fái mjög mikið svigrúm til að skoða málið frá öllum hliðum. Því spyr ég hv. þingmann að þessu.

[21:02]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mín persónulega skoðun er sú að fjárlaganefndin verði að hafa alla þá kosti sem um getur til að fara yfir þennan samning. Ef það kallar á útgjöld af hálfu fjárlaganefndar sem leita þarf til forsætisnefndar eða einhverra annarra nefnda tel ég sjálfsagt, hv. þingmaður, að við því verði orðið. Þetta er mál af þeirri stærðargráðu að milljón til eða frá getur ekki staðið í vegi fyrir því að þingmenn geti óskað eftir að færustu sérfræðingar fari yfir og meti þennan samning innan fjárlaganefndar.

[21:03]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna þeirri skoðun sem hv. þingmaður hefur á þessu máli því að 1 milljón til eða frá skiptir ekki miklu máli þegar við setjum hlutina í það niðurlægjandi samhengi að við Íslendingar höfum skuldbundið okkur til að greiða 7 millj. evra vegna þess kostnaðar sem hlaust gagnvart Hollendingum við það að reka mál sitt. Það er litla Ísland sem mun borga 1,4 eða 1,5 milljarða kr. við útgjöld hollenska ríkisins vegna málarekstrarins gagnvart okkur. Niðurlægingin er algjör, frú forseti, og ég bendi enn og aftur á að þó að frú forseti sé meðlimur í Samfylkingunni getur hún ekki beitt sér í þessari umræðu og enn bólar ekkert á fulltrúum Samfylkingarinnar í þessa umræðu. (Gripið fram í.) Ég kalla eftir því að þeir komi til þessarar umræðu í ræðustól, haldi ræðu og geri frekari grein fyrir (Forseti hringir.) stefnu sinni í þessum málum.

[21:05]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það kom ýmislegt fróðlegt fram í ræðu hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur. Til að mynda voru vangaveltur þingmannsins um Heritable-bankann og áhrifin af því sem þar er að koma í ljós mjög áhugaverð. Þess vegna er synd að hæstv. fjármálaráðherra skuli hafa ákveðið að hverfa frá því að svara því sem spurt var um, til að mynda varðandi beitingu hryðjuverkalaganna og hvers vegna ekki var tekið tillit til þess gríðarlega skaða sem Íslendingar urðu fyrir af þeirra völdum. Það hefði verið fróðlegt að heyra hæstv. fjármálaráðherra velta aðeins fyrir sér þeirri spurningu.

Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir nefndi dugnað hæstv. fjármálaráðherra. Ég hef því áhuga á að spyrja hv. þingmann hvort hún gæti ekki tekið undir það með mér, ekki hvað síst í framhaldi af þeim ótrúlega spuna sem hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson upplýsti okkur um áðan að hefði farið fram í fréttum í kvöld, að verði Icesave-samkomulaginu hafnað falli ríkisstjórnin þar með og boðað verði til kosninga og ég veit ekki hvað og hvað. Getur hv. þingmaður geti ekki tekið undir það með mér að falli Icesave-samkomulagið muni stjórnarandstaðan veita þessum duglega hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórninni stuðning í því sem í hönd fer? Að hún muni aðstoða þessa ríkisstjórn miklu frekar en hitt við að taka á þeirri stöðu sem þá verður upp komin, halda áfram viðræðum, kynna málstað Íslendinga o.s.frv., að áhyggjur og áróður eins og sá sem birtist í fréttum Stöðvar 2 í kvöld sé fullkomlega ástæðulaus?

[21:07]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ekki mitt keppikefli að ríkis-

stjórnin falli á þessu máli. Það er mitt keppikefli, hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, að ríkisstjórnin haldi velli en að Icesave-samningurinn verði felldur og annað komi í staðinn sem íslensk þjóð getur unað við. Lýðræðislegar kosningar 25. apríl fóru með þeim hætti að þessir tveir flokkar mynda ríkisstjórn og þeir gera það þar til þeir ákveða sjálfir að slíta. Við sem erum í stjórnarandstöðu höfum sagt og munum vonandi áfram segja að við erum tilbúin í því ástandi sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir að veita henni brautargengi og styðja við þau mál sem teljast til heilla fyrir þjóðina. En við áskiljum okkur rétt til að hafa skoðanir á því sem okkur líkar miður. Í pólitík geta menn verið sammála um markmið en menn greinir á um leiðir. Mínar skoðanir fara sjaldnast saman við skoðanir Vinstri grænna en ég afsegi ekki á einu augabragði að þaðan geti ekkert gott komið þannig að ég geti stutt það.

Ég hældi hæstv. fjármálaráðherra og hv. þingmaður talaði um dugnað. Ég held að ég kalli það frekar einurð í því starfi sem hann sinnir og hvernig hann stendur að baki því máli sem hann flytur. Hann er ekki í óskastöðu, ég honum gersamlega ósammála en hann er einarður í því verkefni sem hann er að vinna.

[21:09]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir kom inn á lykilatriði í málflutningi sínum áðan, þ.e. hvort gert hafi verið ráð fyrir að tryggingarsjóðurinn og tryggingalöggjöfin gerðu ráð fyrir slíku hruni og varð. Ég held að það sé orðið býsna ljóst að þeir sem færastir eru í því að meta þessa hluti telja að svo hafi ekki verið. Það kemur heim og saman við það sem ég vitnaði í í málflutningi mínum fyrr í kvöld að í skýrslu sem mig minnir að hafi komið frá franska Seðlabankanum sé fyrirvari um að verði slíkt hrun sem hér varð gildi þetta ekki. Það er lykilatriði. Álit Elviru Méndez Pinedo, doktors í Evrópurétti sem ég vitnaði líka í og talaði á borgarafundi um daginn, er sú að löggjöf Evrópusambandsins mæli ekki fyrir um tilvik sem þessi um slíkt hrun. Það er því alveg ljóst að þarna er brotalöm í kerfinu og við gjöldum fyrir það, við eigum að gjalda fyrir lélega löggjöf hjá Evrópusambandinu.

Ég vona hins vegar að við getum treyst því að mál þetta verði ekki keyrt í gegnum þingið af neinu offorsi. Því er mjög mikilvægt að við fáum að vita að þingið fái þann tíma og þá fjármuni, eins og fram kom í spurningu frá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, sem þarf til að mynda sér skoðun og rannsaka þetta mál því að það mun kosta fullt af peningum, það er alveg ljóst.

Að endingu vil ég koma því á framfæri að það hlýtur að skipta máli í stóru myndinni ef það er rétt sem fram kom fyrr í kvöld að heildarskuldir (Forseti hringir.) þjóðarbúsins séu komin yfir 200%.

[21:11]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni þessar athugasemdir. Ég held að það hljóti að hafa við tilgangur þeirrar tilskipunar sem hér var innleidd 1999 og þess regluverks Evrópusambandsins að þess væri gætt á venjulegum tímum að það væri ekki hægt að beita henni með þessum þætti þegar um slíkar hamfarir er að ræða. Það er algerlega ljóst í mínum huga og þeirri umræðu sem á sér stað innan Evrópusambandsins og í Evrópu allri að menn eru einmitt að íhuga þessa tilskipun sem við innleiddum 1999, hvert og hvernig eigi að haga henni, hvort gistiríki eigi að bera ábyrgð eða heimaríki eða hvort þessi tryggingarsjóður innstæðu eigi að vera til staðar og þá hvernig. Það er þess vegna algerlega óásættanlegt að íslensk þjóð eigi að ganga til þessara samninga og samþykkja ýtrustu kröfur í þessa veru og axla þá ábyrgð ein. Í ljósi þess, frú forseti, skora ég enn og aftur á hv. fjárlaganefnd að fara vel yfir þessa samninga með tilliti til þess sem á sér stað í Evrópu varðandi þessa tryggingarsjóði til að það verði ekki ein þjóð sem fari út úr hruninu eins og blasir við okkar íslensku þjóð.

[21:13]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir þessi orð hv. þingmanns og með leyfi forseta vil ég vitna í grein sem var í *Morgunblaðinu* 30. júní þar sem Jón Daníelsson skrifar:

„En ábyrgðin er ekki einvörðungu okkar. Veruleg brotalöm var á eftirlitskerfi Evrópusambandsins og fjármálaeftirlit Bretlands og hollenski seðlabankinn sinntu eftirlitshlutverki sínu ekki sem skyldi. Virðast raunar hafa þagað gegn betri vitund. Bretar og Hollendingar hafa beitt gífurlegri hörku við að knýja fram fyllstu ábyrgð Íslendinga á Icesave-skuldbindingunum. Framan af nutu þeir til þess óskoraðs stuðnings annarra Evrópuríkja, sem stafaði af einkar vályndri stöðu evrópskra fjármálamarkaða sl. haust, en þær aðstæður hafa nú breyst.“

Þegar íslensku bankarnir hrundu í október var mikil óvissa um fjármálastöðugleika í Evrópu. Stórir bankar riðuðu til falls og annað var óhugsandi fyrir Evrópuþjóðir en að láta Íslendinga gangast við tryggingarskuldbindingum sínum, ella hefði almenn vantrú getað skapast á tryggingarleik evrópskra bankainnstæðna og bankaáhlaup siglt í kjölfarið. (Forseti hringir.) Þetta er stóra myndin sem Jón Daníelsson dregur hér upp.

[21:14]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem komið hefur fram á hv. þingmenn og hæstv. ráðherra Samfylkingarinnar. Það er alveg með ólíkindum hvað þeir sýna þinginu enn og aftur mikla vanvirðingu með fjarveru sinni úr þingsal og vil ég af því tilefni rifja upp ummæli hæstv. félagsmálaráðherra sem hann viðhafði í ræðustóli í dag. Honum dugði ekkert minna, þeim ágæta manni, en að hér væru mættir allir forustumenn stjórnmálaflokkanna. Við hin, aumir, óbreyttir þingmenn látum okkur duga að það mæti einhverjir hv. þingmenn Samfylkingarinnar til að taka þátt í þessari umræðu og gera grein fyrir afstöðu flokksins á þessum vettvangi.

Það er alveg ljóst að við erum að fjalla um mál sem er til komið fyrst og fremst vegna meingallaðs regluverks Evrópusambandsins sem við innleiddum 1999 og kemur í ljós núna að það stenst ekki skoðun. Það getur ekki verið á ábyrgð einnar þjóðar að taka á sig slík áföll sem hér hafa

orðið vegna slíkra galla. Hafa verið fluttar margar ágætar ræður og mörg rök fyrir því í dag að það kerfi sem innleitt var tekur ekki á því kerfishruni sem hér varð heldur var það ætlað til að taka á slæmri stöðu einstakra bankastofnana.

Við ræðum síðan þann samning sem verið er að leggja fyrir þingið, niðurstöðu samningaviðræðna sem staðið hafa undanfarna mánuði. Það er kannski fyrst og fremst samningaferlið og allt samráðið sem vekur það vantraust sem umræðan endurspeglar hér í dag. Það hefur ekkert samráð verið, það hafa engar upplýsingar komið og er eðlilegt við slíkar aðstæður að margar spurningar vakni þegar svo mikið og mikilvægt málefni er til umræðu og skoðunar. Upplýsingar frá samninganefndinni komu alls ekki til okkar hv. alþingismanna í samningaferlinu og þegar við sjálfstæðismenn fengum kynningu á samningnum frá aðalmanni samninganefndarinnar, Svavari Gestssyni, var okkur sagt að hann hefði um það bil 20 mínútur til að funda með okkur. Og þegar hann var spurður tæknilegra spurninga varðandi þennan samning voru svörin þau að hann hefði ekki svör við þeim, það væru aðrir sem væru sérfræðingar á því sviði. Svo var þessum upplýsingum dreift í gær og í dag, nú fáum við upplýsingar um viðræðurnar, um allt sem fram hefur komið. Fram undan hlýtur þá að vera miklu tímafrekari skoðun þingsins.

Það veit ekki á gott þegar við ræðum þennan samning og heyrum síðan málflutning sérstaklega hæstv. ráðherra Samfylkingarinnar sem talar eins og hæstv. félagsmálaráðherra gerði í dag, að það skín í gegn svo ríkur vilji til að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið að það yfirtekur allt annað í þessu ferli. Það skín svo í gegn að ástæðan og viljinn til að ganga að þessum samningi eigi rætur sínar að rekja í áhuga þess flokks og kannski sérstaklega þess hæstv. ráðherra á að komast í aðildarviðræður og undir sæng Evrópusambandsins. Ég trúi því ekki þegar upp verður staðið að hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar Vinstri grænna muni beygja svo frá í stefnu sinni í þeim málum að þeir láti teyma sig alla leið eins og virðist vera að gerast í þessum viðræðum.

Vitnað er til minnisblaðs, Memorandum of Understanding, sem hafi verið þungt í skauti í þessum samningaviðræðum. Það er síðan ítrekað hrakið og bent á fullyrðingar og yfirlýsingar þar að lútandi sem hrekja hreinlega þá staðreynd og það kemur alveg klárlega fram í ákveðinni yfirlýsingu í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar frá því seint á síðasta ári. Komið hefur fram að þá væri nær að reyna að fara dómstólaleiðina, fara þá leið sem eðlileg er þegar svo djúpstæður ágreiningur er á milli samningsaðila að fá dómstóla til að fjalla um hver raunveruleg staða okkar er, fá fullvissu um stöðu okkar í slíkum viðræðum. Það er mjög sérstakt þegar viðbrögð samningaþjóða okkar eru á þann veg að slík leið komi ekki til greina. Það gefur því auðvitað byr undir báða vængi, virðulegi forseti, að það sé óhreint mjöl í pokahorninu, að þar sé eitthvað sem menn vilji ekki draga upp og einnig hræðslan við kerfiskarlana, að þetta muni leiða til enn frekari vandræða í bankastarfsemi Evrópu og jafnvel víða um heim og þess vegna séum við ein látin bera ábyrgð.

Niðurstaða samningsins er eins og við hefðum algerlega tapað öllum málflutningi gagnvart dómstólum og þurfum ein að bera ábyrgðina. Við hefðum ekki getað fengið verri niðurstöðu úr dómstólaleiðinni. Áhættan er öll okkar. (Gripið fram í.) Nei, við hefðum ekki getað fengið það, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Áhættan er öll okkar og hæstv. fjármálaráðherra sagði í dag að hafi þjóðin efni á þessu geti hún staðið við skuldbindingar sínar, það komi í ljós eftir 7 ár. Hver er það sem borgar brúsann ef illa fer? Það er auðvitað þjóðin sem borgar brúsann og hæstv. heilbrigðisráðherra kom í ágætri ræðu sinni í dag inn á sáttaleiðir. Hann sagði að hann vildi ekki láta öryrkjana og láglaunafólkið í landinu borga brúsann. En hvaða vegferð erum við að hefja með þeim málum sem komið hafa frá hæstv. ríkisstjórn þegar kemur að niðurskurði? Er ekki einmitt verið að beita hnífnum gagnvart öldruðum og öryrkjum? (**Gripið fram í:** Jú.) Er ekki einmitt verið að láta þann hóp súpa seyðið af þessu fyrstan? Við getum ekki farið þessa leið, virðulegi forseti, við getum ekki sætt okkur við þá stöðu sem við erum sett í með þessum samningi. Við getum ekki sætt okkur við þær leiðir sem ríkisstjórnin velur okkur út úr þessum vanda. Þær eru algerlega óásættanlegar, einkum í ljósi þess að á borðinu liggja mjög vandaðar og yfirvegaðar tillögur í skattamálum frá okkur sjálfstæðismönnum sem eru miklu manneskjulegri og koma miklu minna við heimilin og fyrirtækin í landinu, svo ég tali ekki um hóp aldraðra og öryrkja.

Það verður hneisa fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ef það kæmi í ljós að þessar Evrópusambandsþjóðir gætu beitt þeim þrýstingi innan stjórnar hans að það drægi eitthvað úr aðstoð við okkur í þessum hremmingum. Ég hef enga trú á að það verði. Við verðum að fá á borðið samning sem þjóðin getur staðið við. Það er mikill munur á okkur og t.d. Bretum í þessu sambandi í þeim hremmingum sem við förum í gegnum. Þeir geta gert upp skuldir sínar í sínum gjaldmiðlum. Þeir geta sett prentvélarnar í gang í sínu heimalandi og prentað sinn gjaldmiðil með þeim einu afleiðingum að það verður tímabundin verðbólga á þeim bæ. Hjá okkur er seðlaprentun framleiðsla. Hjá okkur er seðlaprentunin fólgin í því að við veiðum meiri fisk, að við veiðum meiri hval, að við stundum meiri stóriðju og ferðaþjónustu, með öðrum orðum að við nýtum náttúruauðlindir okkar. Þar komum við að mergi málsins í þessu sem setur okkur í mikinn vanda þegar kemur að hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. viðskiptaráðherra sagði í dag að það væru auðlindir okkar sem mundu vinna okkur út úr þessum vandamálum. Hann tekur þar undir með sérfræðingum OECD frá því í síðustu viku þegar þeir sögðu að það væri stóriðja sem mundi hjálpa þessu landi á lappirnar aftur. Það væri bjart yfir þessu landi vegna þess hversu ríkt það væri af náttúruauðlindum. En sérfræðingum OECD og hæstv. viðskiptaráðherra er greinilega ekki kunnugt um þá stefnu sem núverandi ríkisstjórn rekur í þeim málum eða það stefnuleysi. Við horfum fram á glötuð tækifæri á þessum vettvangi. Hæstv. fjármálaráðherra reyndi í umræðu fyrr í vikunni að gera lítið úr málflutningi mínum á þessum vettvangi og fór að tala um álverssinnana eins og andstæðingar öflugs iðnaðar grípa gjarnan til þegar stóriðju ber á góma. En við horfum fram á glötuð tækifæri sem eru á miklu fleiri sviðum en í álversiðnaði, eins ágætur og hann er og það hefur verið rakið áður. Við horfum fram á að þessi ríkisstjórn

hefur hreinlega þá stefnu að gera öllum þessum atvinnurekstri erfiðara undir fæti. Hún ætlar að gefa eftir þann árangur sem við náðum í Kyoto-viðræðunum varðandi loftslagsmál, hún ætlar að boða aukið auðlindagjald á þau fyrirtæki sem nýta náttúruauðlindir í landinu upp á milljarða á ári. Hvaða skilaboð eru fólgin í því til þeirra fyrirtækja sem okkur er nú lífsnauðsyn að horfi til þessa lands. Við ættum að gera öflugan hóp sölumanna út af örkinni til að laða þau til okkar með skattaívilnunum og boðum um náttúruvæna orku til þeirrar starfsemi.

Hæstv. ráðherra sagði í dag að ef við fengjum marga mánuði eins og júní værum við á réttri leið. Það er alveg rétt. En hvernig ætlum við að ná þessum mörgu mánuðum eins og júní nema með því að auka útflutningsverðmæti þjóðarinnar? Hvernig í ósköpunum? Með rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þau spretta af þeim stærri og þjónustu við þau. (**Fjmrh.:** Þetta er rugl.) Nei, þetta er ekki rugl, hæstv. ráðherra. Þetta er grundvallaratriði og það eru allir sérfræðingar í kringum þig sammála um að það er á þeim grunni sem þessi þjóð getur byggt sig upp aftur. Við getum ekki miðað við júní eins og hann er í dag þegar nánast enginn innflutningur nema bráðnauðsynlegur er til landsins. Við getum ekki búið við það. Samt er jöfnuðurinn ekki hagstæðari en raun ber vitni. (Gripið fram í.) Fjármálaráðherra sagðist hafa lagt sig allan fram og ég efast ekkert um það. En við verðum að gera betur og hann verður þá að kalla fleiri að borðinu með sér. Við verðum að fá á borðið samninga sem við getum staðið við. Grundvallaratriðið er auðvitað fólgið í því að þak verði sett á þær greiðslur sem við innum af hendi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu okkar. Það verður að vera skilyrði. Ef auðlindanýting í framtíðinni gefur okkur meira, ef hér koma til aðrir flokkar í stjórn eða ef skynsemin nær til hæstv. fjármálaráðherra og þeirra stjórnarflokka sem hér eru um að nýta auðlindirnar betur með auknum og góðum afrakstri fyrir þessa þjóð, ef Hatton-Rockall eða Drekasvæðið fara að skila okkur greiðum við þetta hratt upp. Ef ekki, ef þetta verður erfiðari og brattari brekka greiðum við þetta hægar upp. Það getur ekki verið samningsþjóðum okkar keppikefli að setja þjóð á vonarvöl.

Sá hræðsluáróður sem talað var um og stundaður var í fjölmiðlunum í kvöld er ekki sá áróður sem þessi þjóð þarf á að halda núna. Hún þarf á miklu uppbyggilegri umræðu að halda. Ég vil taka undir með hæstv. heilbrigðisráðherra þegar hann talaði í dag, til að byrja með varðandi ræðu hans þar sem hann sagðist vilja skoða hvort við sjálfstæðismenn værum mögulega að nota þessa umræðu og þetta mál til að fella ríkisstjórnina. Nei, virðulegi forseti. Sjálfstæðismenn hafa það ekki að markmiði að fella ríkisstjórnina í þessu máli. Sjálfstæðismenn hafa það ekki að markmiði að nota sömu meðul og hæstv. ríkisstjórn notaði til að komast til valda, nefnilega að selja þjóðinni eitthvert lýðskrum sem hún hefur alls ekki ætlað sér að standa við og getur ekki staðið við. Við ætlum ekki að gera það en við erum tilbúin til samvinnu. Við erum tilbúin til að taka nú til hendinni, vinna út frá þessum drögum, en það er alveg ljóst að hæstv. fjármálaráðherra verður að gera samningsaðilum grein fyrir því að þingið þarf langan tíma til að setja sig inn í þetta mál. Það verður ekki afgreitt á örfáum dögum eða vikum. Við þurfum langan tíma og við þurfum að fara fram á endurupptöku þeirra viðræðna sem átt hafa sér stað til að ná ásættanlegri niðurstöðu í þær viðræður og fyrir þessa þjóð.

[21:29]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hefði verið ágætt að geta átt andsvar við einhvern samfylkingarmann á þessu kvöldi en það er því miður ekki hægt vegna þess að sá stóri flokkur hefur ekki haft fyrir því að mæta í umræðuna upp úr kvöldmat. (Gripið fram í.)

Hæstv. forsætisráðherra sagði að í þessu máli væri hún að moka framsóknarflórinn. Hæstv. forsætisráðherra, þáverandi hæstv. félagsmálaráðherra, hafði verið í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum í tvö ár. Staðreyndin er sú að á þessum tveimur árum, þ.e. frá miðju ári 2007, áttfaldaðist heildarupphæð Icesave í Bretlandi plús að í maí árið 2008, á meðan íslenska fjármálaeftirlitið og breska fjármálaeftirlitið voru að tala um hversu óhugnanlega Icesavereikningarnir stækkuðu í Bretlandi, fékk Landsbankinn heimild til þess að fara í útrás til Hollands. Gríðarlegar upphæðir söfnuðust þar á meðan ráðherrar í þeirri ríkisstjórn voru að ræða sín á milli, og þar á meðal hæstv. núverandi forsætisráðherra, um hvað þetta væri allt saman ógnvænlegt.

Þá velti ég því fyrir mér: Hver ber ábyrgð á þessari hækkun? Hefði Fjármálaeftirlitið átt að sinna þessu eftirliti betur? Hver fór með þann málaflokk? Mér hefur fundist í umræðunni hér að Samfylkingin beri í raun og veru enga ábyrgð á stöðu mála og það sé verið að hreinsa upp eftir langa valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Það hefur ekki mátt minnast á ábyrgð Samfylkingarinnar í þessari umræðu enda er Samfylkingin ekki í salnum. Hún er ekki til andsvara enda hefur hún að eigin sögn ekki komið neitt nálægt hlutunum. (Gripið fram í.)

Nú væri því ágætt að fá það fram hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni hvort hann telji að Samfylkingin, þ.e. stjórnmálaflokkurinn, beri einhverja ábyrgð í þessu máli.

[21:31]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær ábendingar sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson kemur fram með. Það er alveg ömurlegt að fylgjast með flótta samfylkingarmanna undan þessu máli og undan ábyrgð sinni í því. Við sjálfstæðismenn höfum sagt að við öxlum okkar ábyrgð. Það bera margir ábyrgð í þessu ferli og það er alls ekki við einhvern einn flokk að sakast, það er alls ekki við einhverja einstaka að sakast. Það eru margir hér sem hefðu viljað gera hlutina betur og við hefðum viljað sjá fara öðruvísi.

Grundvöllurinn er meingallað regluverk en vinnubrögð Samfylkingarinnar munu dæma sig sjálf. Ég held að þjóðin sjái orðið vel í gegnum hvaða vinnubrögð eru stunduð. Sinnuleysi þeirra og virðingarleysi hæstv. ráðherra Samfylkingarinnar, hv. þingmanna þeirra, kemur berlega í ljós við þessa umræðu þegar enginn þeirra er á svæðinu og þeir sem talað hafa í dag hafa verið í Evrópusambandshjali. Það læðist að mér mjög sterkur grunur um að Samfylkingin hafi það eitt að markmiði í þessu að ná einhvers konar samning-

um, að Samfylkingunni sé almennt alveg sama um hvernig þessi samningur er vegna þess að hún og þingmenn hennar hafi það eitt að markmiði í þessu að greiða fyrir aðild okkar og aðildarviðræðum okkar við Evrópusambandið. Það sé það eitt sem hangir á spýtunni hjá þeim. Það er ekki hægt að lesa neitt annað í þau skilaboð sem þeir hafa sent frá sér við þessa umræðu.

[21:33]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil lýsa yfir verulegum áhyggjum af því viðveruleysi stjórnmálaflokksins Samfylkingarinnar. Ég trúi ekki öðru en að hér hljóti að fara að birtast einhver kunnugleg andlit úr þeim flokki til þess að mæta til þessarar umræðu. Það var alveg sama hversu oft ég innti hæstv. forsætisráðherra í dag eftir svörum varðandi 3.600 millj. kr. niðurskurð hjá eldri borgurum og öryrkjum, sem var eitt fyrsta verkefni þessarar stjórnar, 1.300 millj. kr. niðurskurður til nema við Háskóla Íslands. — Bíddu, voru þetta ekki hóparnir sem Samfylkingin ætlaði að standa vörð um í aðdraganda síðustu kosninga? Hvað breyttist á örfáum vikum?

Ég verð að segja það, frú forseti, að ég hef áhyggjur af því að það er enginn baráttuandi sem einkennir forustu þessarar ríkisstjórnar. Hvar er sá eldmóður, hvar er sá baráttuandi sem ætti að einkenna forustumenn ríkisstjórnarinnar á tímum sem þessum? Og horfi ég nú hér á hæstv. fjármálaráðherra sem ég veit að á eftir að halda eina snjalla ræðu hér í lokin til þess að reyna að verja þann ósóma sem við höfum verið að ræða hér. Ég hef áhyggjur af því. Við þurfum núna á stjórnmálamönnum að halda sem þora í umræðuna.

Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki kvatt sér hljóðs í þessari umræðu þegar verið er að leggja einar stærstu byrðar á hendur íslenskri þjóð sem nokkurn tímann hafa verið lagðar. Hvar er nú leiðtogi ríkisstjórnarinnar? Hvar er sú sem ætlaði að láta verkin tala? (**Gripið fram í:** Verkstjórinn.) Verkstjórinn sjálfur, sem hefur verið hvött ítrekað til þess að koma með a.m.k. nokkur orð inn í þessa umræðu. (Gripið fram í.) Það er með ólíkindum það virðingarleysi sem Samfylkingin hefur sýnt þessari umræðu og íslenskum almenningi og mér finnst miður að flokksmenn hennar skuli ekki láta sjá sig í þessum sal (Forseti hringir.) sem eru einir aðalgerendurnir í þessu máli.

[21:36]

Útbýting:

Eiturefni og hættuleg efni, 3. mál, nál. umhvn., þskj. 218; brtt. umhvn., þskj. 219.

Erfðabreyttar lífverur, 2. mál, nál. umhvn., þskj. 231; brtt. umhvn., þskj. 232.

Framkvæmd samgönguáætlunar, 139. mál, fsp. EKG, þskj. 223.

Krónubréf, 40. mál, svar forsrh., þskj. 160.

Meðhöndlun úrgangs, 4. mál, nál. umhvn., þskj. 220; brtt. umhvn., þskj. 221.

[21:36]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Rétt áðan áttu sér stað athyglisverð orðaskipti milli hv. þm. Jóns Gunnarssonar og Birkis Jóns Jónssonar sem vörðuðu fjarvist þingmanna Samfylkingarinnar frá þessari umræðu. Það er rétt að geta þess að hæstv. núverandi forseti er úr Samfylkingunni en er hér í hlutverki forseta og getur því ekki verið til svara fyrir sinn flokk. Ég er að velta fyrir mér hvort hæstv. forseti getur upplýst um hvort almennt hafi verið einhver misbrestur á því að þingmönnum og ráðherrum Samfylkingarinnar væri kunnugt um að þessi umræða færi fram í kvöld, að hér yrði rætt fram eftir kvöldi um þetta risastóra mál sem jafnvel er fullyrt í fjölmiðlum að geti haft áhrif á stöðu ríkisstjórnarinnar. Getur verið að skilaboðum hafi ekki verið komið með nægilega skýrum hætti til ráðherra og þingmanna Samfylkingarinnar um að þessi umræða fari nú fram?

[21:38]

Birkir Jón Jónsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Mig langar að spyrja hæstv. forseta út í fundarstjórn, hvort skilaboðum hafi verið komið til þingmanna og hæstv. ráðherra Samfylkingarinnar. Mér er nær að halda að það sé einhver árshátíð hjá Samfylkingunni í kvöld og þá votta ég hæstv. forseta samúð mína fyrir að geta ekki verið með félögum sínum því að hingað hefur enginn komið í allt kvöld, eða er eitthvert ógnarástand innan Samfylkingarinnar? Hvernig stendur á því að enginn þingmaður Samfylkingarinnar eða hæstv. ráðherra er viðstaddur þessa umræðu sem við í stjórnarandstöðunni höfum reynt að ná samningum við stjórnarliða um að ljúka fyrir tiltekinn tíma? Þá skyldi maður ætla að Samfylkingin ætti að sýna okkur þá virðingu að vera í það minnsta viðstödd þessa umræðu. Ég spyr því hæstv. forseta hvort einhverjir á skrifstofu þingsins hafi lyft tóli og reynt að ná símasambandi við einhverja af þingmönnum eða hæstv. ráðherrum Samfylkingarinnar.

[21:39]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég vil taka undir með þeim þingmönnum sem talað hafa hér á undan mér. Það skýtur skökku við að Samfylkingin skuli ekki taka þátt í þessum umræðum og raunar hefur það verið þannig alveg frá upphafi, frá því að þessir samningar voru kynntir hefur samfylkingarfólk látið lítið fyrir sér fara. Maður sér þau stöku sinnum gægjast fyrir horn þegar verið er að ræða Icesave en þátttaka í umræðu og röksemdafærsla, ég tala ekki um útskýringar á því sem gekk á í fyrstu stjórninni sem Samfylkingin átti sæti í — það hefur farið lítið fyrir því.

Ég tel því rétt að þessum fundi verði frestað a.m.k. þar til hæstv. forsætisráðherra getur verið með í umræðunni því að eins og ég nefndi hér fyrr í dag held ég að hæstv. forsætisráðherra veiti ekkert af því að hlusta á þessa umræðu. Það er mjög ósanngjarnt gagnvart Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að Samfylkingin skuli skilja þann flokk einan eftir með þetta mál.

[21:40]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill upplýsa hv. þingmenn um það að í umræðu á

Alþingi Íslendinga í dag hafa fulltrúar allra flokka tekið til máls. Á fundi forseta með formönnum þingflokka fyrr í dag var gert samkomulag um fyrirkomulag umræðna, að umræða færi hér fram til klukkan tíu í kvöld og héldi síðan áfram í fyrramálið.

[21:40]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Á Alþingi starfa menn sem einstakir þingmenn en ekki sem flokkar. Hver þingmaður hlýðir bara sinni sannfæringu, frú forseti, ég ætla bara að benda á það. Mér virtist af ummælum hæstv. forseta að það sé nóg að einn maður tali fyrir sannfæringu fjölda hv. þingmanna. Það er bara ekki nóg. Það er ekki nóg að hv. samfylkingarþingmenn geti skýlt sér á bak við einn fulltrúa Evrópusambandsins á hinu háa Alþingi. Þeir hljóta að hafa sína sannfæringu og meiningu hver um sig, sjálfstæðan vilja og sjálfstæðan heila til að hugsa með.

Ég ætla að biðja hæstv. forseta að endurskoða þá afstöðu sína að það sé nóg að einstakir flokkar og fulltrúar þeirra tali hérna og síðan þurfi engin umræða að eiga sér stað. Er þá ekki bara best að senda allt þingið heim og láta (Forseti hringir.) þingflokksformennina tala hérna eingöngu?

[21:41]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Hér hafa verið ýmsar kenningar um hvað hafi orðið um Samfylkinguna, það hafa ekki fengist svör við því enn þá. Ég velti því fyrir mér hvort þingflokkur Samfylkingarinnar sé e.t.v. upptekinn við það sem þykir yfirleitt einkenna þann flokk, í spunaverinu ýmist að blogga eða að leka einhverju í fréttamenn sína eins og ótrúleg frétt Stöðvar 2 í kvöld bar vitni um.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Áhrifamaður innan Vinstri grænna segir að ef þingmenn flokksins verði til þess að fella Icesave-samkomulagið sé ríkisstjórnin sprungin og spurning hvort flokkurinn sé búinn að vera pólitískt.“

Hvers lags endemis vitleysa er þetta, hæstv. forseti? Ég mundi miklu frekar telja að flokkurinn væri búinn að vera pólitískt ef hann staðfesti Icesave-samkomulagið þannig að sá spuni sem Samfylkingin virðist einbeita sér að í kvöld og þá væntanlega líka næstu daga er algjörlega ólíðandi. Ég held að þeir ættu frekar að láta sjá sig hér í þingsal og ræða málið.

[21:43]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að undir liðnum Um fundarstjórn er ætlast til þess að menn ræði fundarstjórn forseta en ekki allt önnur atriði sem eru efnislega óskyld því.

[21:43]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég var alveg kominn að því að kveðja mér hljóðs undir fundarstjórn forseta til þess að komast hér að og halda síðan ræðuna því að ég skil ekki hvað framsóknarmennirnir sakna Samfylkingarinnar mikið. En þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur. Ég verð að segja það alveg eins og er. Að öllu gamni slepptu þá tek ég heils hugar undir það að það er alveg með ólíkindum að þingmenn hennar skuli ekki vera viðstaddir hér og hæstv. ráðherrar þessa umræðu.

Frú forseti. Ég sagði í jómfrúrræðu minni þegar þingið var sett í vor að nú værum við í öldudal og við erum það svo sannarlega. Ég tel mjög mikilvægt að við allir alþingismenn Íslendinga og íslenska þjóðin í heild sinni standi saman. Það þarf svo sem ekki að rekja þessa sögu sem varð þess valdandi að við erum jafnilla stödd sem nú. Eins og hefur komið hér fram bæði hjá hæstv. fjármálaráðherra og hv. þm. Pétri Blöndal þá er skaðinn skeður. Hann er skeður vegna þess að misvitrir útrásarvíkingar fengu að leika lausum hala. Í þessum sporum stöndum við í dag og erum að reyna að þrífa upp eftir þá. Það eru staðreyndir málsins.

Við getum hins vegar deilt lengi um það og munum gera það eflaust hvernig við hefðum átt að gera hlutina öðruvísi. Eins og komið hefur fram þá er alltaf gott að vera vitur eftir á og ætla ég engum manni það að hafa ekki gripið til úrræða eða ykkur hér á hinu hv. Alþingi að haft grun um í hvert stefndi en grípa ekki inn í þá atburðarás.

Frú forseti. Allir stjórnmálaflokkar bera hér ábyrgð á þessu ástandi, mismikið reyndar, en allir gera það. Hins vegar hefur margoft komið fram hjá þingmönnum að ákveðinn stjórnmálaflokkur virðist vera hlaupinn hér á brott eða alla vega fer mjög lítið fyrir og vill nú ekki kannast við sinn hlut í þessu bankahruni. Því vil ég segja, frú forseti, að hæstv. viðskiptaráðherra gaf ekki hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrrverandi bankamálaráðherra háa einkunn í ræðu sinni hér í dag og langar mig því að lesa upp úr grein sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson skrifaði aðeins tveimur mánuðum áður en bankarnir hrundu, með leyfi forseta. Þá skrifar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson um útrás og árangur bankanna. Ég vek athygli á því að þetta er einungis tveimur mánuðum áður en bankarnir hrundu til grunna, með leyfi forseta:

„Þegar KB banki opnaði útibú í Lúxemborg fyrir nokkrum árum óraði líklega engan fyrir því hve vel íslensku fjármálafyrirtækjunum ætti eftir að ganga við að hasla sér völl á erlendri grundu. Ævintýralega vel er kannski rétta orðið yfir það.

Kjarkur, þor og góð þekking íslensku útrásarmannanna skilaði meiri árangri hraðar við fjárfestingar erlendis en hægt var að sjá fyrir og víkingurinn hefur vakið athygli á alþjóðavísu. Ekki síst þegar lagt er saman við aðra útrás Íslendinga erlendis í verslun, iðnaði og þjónustu ýmiss konar.

Auðvitað skortir ekki úrtölur eða þá sem telja sig knúna til að tala útrás og fjárfestingarævintýri Íslendinga erlendis niður. Þannig eru nú hlutirnir einu sinni og því er það mikilvægt nú þegar hægir tímabundið á útrásinni vegna þrenginga á erlendum mörkuðum að halda frábærum árangri þessara flaggskipa atvinnulífsins okkar ríkulega til haga.“

Ég ætla að lesa þetta aftur, frú forseti:

„að halda frábærum árangri þessara flaggskipa atvinnulífsins okkar ríkulega til haga. Þetta eru okkar voldugustu fyrirtæki og nokkrar af helstu undirstöðum efnahagskerfis

okkar til lengri tíma.

Athygli vekur þó að háværasta gagnrýnin kemur frá samkeppnisaðilum bankanna á erlendum vettvangi. Löngum hafa sérfræðingar Danske bank haft horni síðu íslensku bankanna en fyrir skemmstu bættust finnskir bankamenn í „grátkórinn“.

Aðstoðarmaður Nordea í Finnlandi, Markku Pohojla, gefur til dæmis opinberlega í skyn að íslensku bankarnir munu fljótlega lenda í miklum vandræðum. Hann gengur jafnvel svo langt að gera því skóna að íslensku bankarnir verði ekki til staðar eftir nokkra mánuði. Þessi stóru orð finnska bankamannsins byggja ekki á neinni greiningu á íslensku bönkunum.“

Áfram held ég, með leyfi forseta:

„Ásakanir þessar eru alvarlegar þar sem þær beinast einnig að íslenskum eftirlitsaðilum, sérstaklega Fjármálaeftirlitinu en einnig að hluta Seðlabankanum. Ítarleg greining þessara tveggja lykilstofnana gefa ekkert annað til kynna en að íslenska bankakerfið sé mjög stöndugt.

Í ofanálag eru innlán Finna í íslenskum bönkum tryggð með innstæðutryggingum. Að því leyti til sem finnskar reglur þar að lútandi veita betri réttindi en íslenskar mundu bankar bæta tjón sparifjáreigenda ef svo ólíklega vildi til að einhverjir bankar kæmust í lausafjárskort.

Því er rétt að halda því til haga sem rétt er þegar reynt er að kasta rýrð á fjármálastofnanir okkar þegar kreppir að.“

Frú forseti. Er það kannski vegna þessa sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson er ekki hér og hefur ekki tekið þátt í umræðunni því að hann býr yfir mikilli vitneskju um þetta sem fyrrverandi bankamálaráðherra þjóðarinnar?

Frú forseti. Mig langar til að fara aðeins yfir hvernig þetta mál bara að hér í þinginu, hvernig málið var kynnt fyrir þingmönnum. Það var gert með þeim hætti að það var boðaður fundur hér á föstudegi með hálftíma fyrirvara þar sem formaður samninganefndarinnar, Svavar Gestsson, mætti og fór yfir stöðu mála með þingflokkunum. Hann stoppaði í þingflokki Sjálfstæðisflokksins í um það bil 20 mínútur og það sjá allir að ekki gat átt sér stað nein umræða þar af neinu viti. Ég velti því fyrir mér hvort sú kynning hafi verið eins hjá öllum þingflokkunum líka hjá stjórnarflokkunum. Mér býður svo í grun að það hafi verið með þeim hætti. Því velti ég fyrir mér þegar hæstv. forsætisráðherra segir hér fullum fetum, margoft í fjölmiðlum, að hún sé að sjálfsögðu ekki með neitt plan B ef þessi samningur yrði hugsanlega ekki samþykktur hér á hinu háa Alþingi. Hún er ekki með neitt plan B. Hversu skynsamlegt er það yfir höfuð að vera ekki með það, því að það er líka skítastaða ef hann verður felldur? Þá velti ég því fyrir mér, þ.e. ef kynningin sem þingflokkur Samfylkingarinnar fékk er eitthvað í líkingu við þá sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fékk, hvernig hæstv. ráðherra hafi getað skrifað undir þennan samning án þess að hafa fulla vitneskju fyrir því að hann fengi hér afgreiðslu í þinginu.

Frú forseti. Ég hef hins vegar orðið var við það hér á undanförnum dögum og það hefur komið fram í fréttum að einn helsti spunameistari Samfylkingarinnar er kominn í forsætisráðuneytið. Skyldi það vera tilviljun? Það held ég ekki því að nú á að kokka þetta ofan í þjóðina hvort sem henni líkar það betur eða verr.

Grundvallaratriði þessa máls, frú forseti, er að við skerum úr um það á lögfræðilegan og þjóðréttarlegan hátt hverjar skyldur þjóðarinnar séu vegna Icesave-skuldbindinganna. Það er mjög mikilvægt vegna þess að þjóðin stofnaði ekki til þessara skuldbindinga. Það voru útrásarvíkingarnir sem stofnuðu til þeirra. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að menn geri það og fullvissi sig um það hvernig og hver í raun skylda þjóðarinnar sé. Það hafa komið fram mörg sjónarmið um það, frú forseti, og margar efasemdir um það hjá hálærðum lögfróðum mönnum að við berum ekki þessar skuldbindingar, eigum ekki að bera þær og eigum að leita betur okkar lögfræðilegu og þjóðréttarlegu stöðu.

Það hefur líka komið fram í umræðunum í dag að frönsk stjórnvöld hafa ekki ábyrgst innstæður hjá sér, hjá frönskum innstæðueigendum og eins hefur það komið fram í fjölmiðlum að sænskum sérfræðingi finnst íslensk þjóð vera beitt miklu óréttlæti. Ég hef það á tilfinningunni, frú forseti, að við séum kúguð þjóð. Það er aumkunarvert að hlusta hér á hæstv. ráðherra færa rök fyrir því að þeir séu bundnir af minnisblaði. Ég velti því fyrir mér hvort það sé skynsamlegt fyrir okkur að láta semja um slíkar skuldbindingar sem þessar Icesave-skuldbindingar eru af aðilum sem gera ekki greinarmun á minnisblaði og samningi. Ég tel ekki skynsamlegt, frú forseti, að gera það með þeim hætti.

Síðan komum við kannski að kjarna málsins og hann er þessi: Getum við yfir höfuð borgað þær skuldbindingar sem Icesave-samningurinn felur í sér? Ég stórefast um það, frú forseti. Ég bara stórefast um það. Í dag berast fréttir af því að heildarskuldir þjóðarbúsins séu um 200–240% af landsframleiðslu. Ef mig misminnir ekki þá hefur komið fram hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að 160% skuldir af landsframleiðslu séu ákveðin þolmörk þjóðarinnar.

Það er líka mikilvægt að það komi hér fram, frú forseti, að svokallaður InDefence-hópur hefur bent á að eftir þessi sjö ár sem við erum í frystingu, þurfum ekki að greiða af láninu, (Gripið fram í.) þá þurfum við að greiða 64 milljarða á ári á árunum 2016 og þaðan í frá, 64 milljarða á ári sem er 3,2% af vergri landsframleiðslu. Það er óraunhæft að mínu viti að við getum staðið undir því. Þeir ágætu menn sem þar starfa hafa líka bent á að viðskiptajöfnuður áranna 1945–2008 var að meðaltali neikvæður um mínus 2,2%, neikvæður um 2,2%, halli upp á 2,2%. Síðan eru menn hissa á því hér eins og hæstv. viðskiptaráðherra að menn hafi efasemdir um að þjóðarbúið geti staðið undir þessum skuldbindingum. Ég vísa því bara alfarið á bug og ekki bara það því svo virðist vera að margir hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar geri sér ekki grein fyrir því að þetta eru skuldir í erlendum gjaldeyri. Þetta eru ekki íslenskar krónur. Á því er reginmunur. Ég velti því fyrir mér hvort við getum nokkurn tíma unnið fyrir þessum gjaldeyri. Ég stórefast um það.

Síðan vil ég líka benda á það þegar menn meta stöðuna eins og hún er núna að þá hafði eignasafn Landsbankans þegar það var metið síðast fallið um 100 milljarða á milli mata. Hvað erum við í raun að gera? (**SDG:** Á nokkrum vikum.) Á nokkrum vikum. Ég held að besta lýsingin á þessu sé sú sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur bent á, þ.e. að við erum að kasta upp teningi. Það er bara þannig.

Síðan langar mig að vekja athygli hér á einu, frú forseti. Á fundi með fulltrúum InDefence-hópsins sem ég sat um daginn kom fram að þeir hefðu fengið meiri tíma hjá enskum stjórnvöldum en íslenskum til þess að kynna sjónarmið sín. Er þetta eðlilegt? Er þetta boðlegt? Nei.

Frú forseti. Ég vil fyrir hönd íslensku þjóðarinnar þakka þeim einstaklingum sem standa að InDefence-hópnum fyrir þær varnir sem hann hefur haldið uppi fyrir þjóðina og það er ekki hægt að segja um alla.

Frú forseti. Ég velti fyrir mér hvert sé hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi? Er hann hér til að hjálpa okkur út úr þessu efnahagshruni eða er hann hér til þess að kúga okkur? (Gripið fram í.) Er hann að því? Er hann að kúga okkur? Er hann hér í umboði Breta og Hollendinga til þess að ná af okkur auðlindunum? Er hann til þess? Ég bara velti því fyrir mér. Það getur ekki verið að það sé með þeim hætti og ég trúi því varla. En það bendir hins vegar allt til þess að það sé með þeim hætti.

Síðan vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. fjármálaráðherra hvort íslensk stjórnvöld hafi einhvern tíma verið — eða hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi kvartað yfir því við íslensk stjórnvöld hvernig Bretar og Hollendingar hafi misnotað aðstöðu sína í sjóðnum. Mér hefur borist til eyrna að þeir hafi gert það og það er mikilvægt að það komi fram hvort þeir séu að beita þar óeðlilegum þrýstingi sem þeir eiga ekki að gera því að þeir eru jú hér til að hjálpa okkur til þess að endurreisa efnahagskerfið en ekki til þess að kúga okkur fyrir hönd Breta og Hollendinga.

Frú forseti. Það hefur komið fram hér í umræðunum í kvöld að líf ríkisstjórnarinnar velti á þessu máli. Ég lít ekki svo á. Ég verð að segja það, frú forseti, að ég tek undir með þeim þingmönnum sem finnst mjög óheppilegt ef svo yrði. Þó ég vilji losna við hana sem fyrst þá á þetta mál ekki að fella ríkisstjórnina.

Frú forseti. Við getum ekki látið gallaða löggjöf Evrópusambandsins kljúfa þjóðina í herðar niður með því að samþykkja þennan samning. Allra síst sættir þjóðin sig við að leggja á sig auknar byrðar (Forseti hringir.) á meðan ræningjarnir ganga lausir.

Frú forseti. Við eigum að treysta þjóðinni og bera samninginn undir hana því að (Forseti hringir.) annars verður hún aldrei sátt.

[21:58]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var ýmislegt áhugavert í ræðu hv. þingmanns. Sérstaklega vil ég nefna athugasemdir varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég get ekki annað en tekið undir áhyggjur hv. þingmanns af því hvernig aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi virðist vera að þróast. Þar tek ég í rauninni líka undir með hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundi Jónassyni, sem hefur lýst töluverðum áhyggjum af aðkomu sjóðsins. Það er líka, ef menn skoða sögu þessarar stofnunar, full ástæða til þess að hafa áhyggjur. Að ýmsu leyti virðumst við vera að sigla inn í nákvæmlega sama ferli og svo mörg ríki hafa gert nánast undir stjórn sjóðsins og eitt af því sem einkennir það er óhófleg bjartsýni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á möguleika ríkja til þess að standa undir skuldum, þ.e. aðkoma þessarar stofnunar hefur oftar en ekki leitt til þess að ríki hafa tekið á sig skuldir sem þau standa svo ekki undir og leiðir það til langvarandi hnignunar.

Ég hef áhuga á því að heyra hv. þingmann lýsa fyrir mér — af því að nú veit ég að þingmaðurinn þekkir vel til í rekstri bæði fyrirtækja og sveitarstjórna — hvernig hann hefði brugðist við hefði hann fengið til umsagnar í öðru starfi, í fyrirtæki eða í sveitarstjórn til dæmis, mál sem væri unnið með svipuðum hætti og það sem hér er verið að bera fyrir þingið, þar sem eru ekki til staðar neinir útreikningar sem eiga að sýna fram á hvernig eigi að standa undir þessari gríðarlegu skuldbindingu. Látum vera ef þetta væri einhver smávægileg lántaka. En þetta er lántaka sem getur í rauninni sett íslenska ríkið í þrot svoleiðis að það væri áhugavert að heyra hv. þingmann velta því fyrir sér hvernig menn í atvinnulífinu mundu bregðast við ef þeir fengju mál sem væri reifað með þessum hætti.

[22:00]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef sagt það á fundum fjárlaganefndar að ég er mjög hugsi yfir því hvernig við vinnum þessi mál. Ég hef líka sagt að ég teldi í raun og veru ekki eitt einasta smáfyrirtæki vera rekið með þeim hætti eins og við vinnum hér. Það eru engin greiðsluplön, það er engin heildarsýn yfir það sem við erum að gera sem er annars gríðarlega mikilvægt í þessum málum í dag.

Þú spyrð hvað ég hefði gert ef þetta hefði komið fyrir í sveitarstjórninni. Því er fljótsvarað: Ég hefði rekið bæjarstjórann vegna þess að þessi vinnubrögð eru ekki í lagi.

Hv. þingmaður velti fyrir sér aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég er mjög hugsi yfir því af því að ég stóð í þeirri meiningu að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri kominn til að hjálpa íslenskri þjóð upp úr efnahagshruninu, þessari litlu fámennu þjóð. Ég velti því hins vegar alvarlega fyrir mér hvort reyndin sé önnur, hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé hér á vegum Breta og Hollendinga til að komast yfir auðlindir okkar. Ég er mjög hugsi yfir því. Eins og þetta lítur út fyrir mér er þetta þvílíkt fen sem við erum að fara út í að ég held að við komumst ekki upp úr því. Það hræðist ég mjög. Hins vegar ítreka ég að ég vona svo sannarlega, ef sú hörmulega niðurstaða yrði á Alþingi að samningurinn yrði samþykktur, að ég hafi rangt fyrir mér um þetta.

Svo velti ég fyrir mér hugsunarleysi Samfylkingarinnar. Er þetta það sem er í kaupunum? Er þetta aðgöngumiði inn í Evrópusambandið? Ég er líka mjög hugsi yfir því. Á að sætta sig við allt til að við komumst þangað inn? Ég er mjög hugsi yfir því líka.

[22:02]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill áminna hv. þingmenn um að ávarpa hver annan í 3. persónu.

[22:03]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir góða ræðu. Ég get tekið undir nánast allt í ræðu hans og sérstaklega áhyggjur hans varðandi upplýsingar um heildarskuldir

þjóðarbúsins. Ég vitnaði í fyrstu ræðu minni í kvöld í frétt í Ríkisútvarpinu þar sem vitnað er í einn hagfræðing sem setið hefur á þingi fyrir annan stjórnarflokkinn. Þar kemur fram að þessi ágæti hagfræðingur telur að ef heildarskuldir þjóðarbúsins séu um 150–170% séum við komin að hættumörkum. Svo segir þessi ágæti hagfræðingur, með leyfi forseta:

„Þjóðir sem hafa svona hátt skuldahlutfall eru mjög líklegar til að lenda í greiðslufalli eða greiðsluþroti.“

Þar er verið að tala um 150–170%. Ef það er rétt eins og allt bendir til að þessar skuldir séu komnar yfir 200%, hvar erum við stödd þá? Þá fer maður að velta fyrir sér framhaldinu: Hvar er sú mikla hjálp sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á að veita okkur? Hvar er sú mikla ráðgjöf sem hann veitir hér? Hefur það engin áhrif?

Ég hélt í upphafi þegar fréttir komu af því að þessi ágæti sjóður ætlaði að aðstoða okkur að hann væri til að hjálpa okkur og ég hafði fulla trú á því. Ég rökstuddi það við að til þess væri hann. En því miður virðist margt benda til þess að hann sé hér á einhverjum öðrum forsendum. Í þessum leyniplöggum eða plöggum sem ekki má birta opinberlega koma undarlega oft fram tengsl samningaviðræðnanna, erlendu samningaaðilanna við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég hvet þingmenn til að lúslesa (Forseti hringir.) möppuna með 20 málunum.

[22:05]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg rétt sem kemur fram hjá hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni, maður veltir fyrir sér og er mjög hugsi yfir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég er líka mjög hugsi yfir því að í raun og veru eru einu vinir okkar í þessum darraðardansi Færeyingar. Þeir eru þeir einu sem komu sannarlega til hjálpar og ég er líka hugsi yfir því hvort það geti verið að stórríkin vilji eingöngu ásælast auðlindir okkar. Eins og allir vita gengur mjög hratt á auðlindir heimsins en við Íslendingar eigum sem betur fer mikið af auðlindum. Þær eru það sem mun hjálpa okkur í gegnum þetta.

Það er rétt sem kemur hér fram um áhyggjur manna af skuldastöðu ríkisins. Ég hef gríðarlega miklar áhyggjur af því að við séum að keyra ofan í mikið skuldafen og ekki bara það, við erum með allar þessar skuldir í erlendum gjaldeyri og við vitum hvað krónan er kvik. Ef hún fellur um lítilræði hækka skuldirnar mjög hratt. Það er því gríðarleg óvissa í sambandi við þetta og jafnframt gríðarleg óvissa um þær eignir sem eiga að ganga upp í þessar skuldbindingar. Mörgu er því ósvarað í sambandi við þetta mál, það er nánast eins og ágiskun. Síðan segja margir að menn geti reiknað með þessu eða hinu. Ég tel, frú forseti, eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur bent á, að við þyrftum að vera með einhvern líkindareikning: Hvað ef við fáum miklu minna en við reiknuðum með, (Forseti hringir.) hvaða afleiðingar mundi það hafa?

[22:07]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill taka fram vegna umræðu um fundarstjórn forseta fyrr í kvöld að gert er ráð fyrir að fundi ljúki kl. 11 en ekki kl. 10.

[22:07]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. forseta um einmitt þetta atriði en samkvæmt upplýsingum sem ég fékk fyrr í kvöld frá þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins hafði verið gengið frá því að hætt yrði um kl. 10. Þær upplýsingar sem hæstv. forseti tilkynnir koma mér því verulega á óvart. Ég verð að játa að þó að vissulega sé hægt að halda þessum umræðum áfram held ég að það færi betur á því að halda umræðunni áfram á morgun og nýta tækifærið í millitíðinni til að gefa ráðherrum og hv. þingmönnum, einkum úr Samfylkingunni, tækifæri til að koma hingað og vera viðstaddir og taka þátt í þessari umræðu því að þeir eru greinilega forfallaðir í kvöld.

[22:08]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Búið var að tilkynna þingflokki Framsóknarflokksins að ákveðið hefði verið að umræðum lyki kl. 10 í kvöld og menn hafa gert ráðstafanir í samræmi við það. Það er því að mínu mati ekki um það að ræða að breyta þessari ákvörðun aftur og lengja fundinn til kl. 11. Það eru engar forsendur til þess. Ég vildi benda hæstv. forseta á að ljúka fundi núna eins og samið hefur verið um.

[22:09]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill benda hv. þingmönnum á að forseta urðu á mistök fyrr í kvöld þegar forseti gat þess að samkomulag hefði orðið um að ljúka fundi kl. 10. Samkomulagið var um að ljúka fundi kl. 11 enda var sendur út tölvupóstur um það þar að lútandi fyrr í kvöld til formanna allra þingflokka og starfsmanna þingsins.

[22:10]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar ítreka það sem ég sagði áður að mér finnst eðlilegt að þegar þessi umræða fer fram komi til salarins þeir hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar sem málin varða með ýmsum hætti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur setið hér í dag og tekið þátt í umræðum af og til og er ástæða til að geta þess vegna þess að hann hefur verið sá eini frá ríkisstjórnarborðinu sem það hefur gert. Aðrir ráðherrar, hæstv. heilbrigðisráðherra, hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, komu örstutt í upphafi umræðunnar og komu með innlegg í umræðuna en hurfu síðan á braut vegna þess að þeir voru greinilega komnir til að tala en ekki til að hlusta. En störf okkar þingmanna felast ekki bara í að tala heldur líka í að hlusta og ef umræður í þinginu eiga að þjóna einhverjum tilgangi er auðvitað nauðsynlegt að við getum átt skoðanaskipti. Ég vil gjarnan eiga ákveðin orðaskipti við hæstv. fjármálaráðherra og fagna því auðvitað að hann er hér til svara. En ég sakna þess hins vegar að hvorki hæstv. forsætisráðherra né hæstv. utanríkisráðherra — en þessi mál tengjast vissulega þeirra verksviðum og ekki síst hlutverki þeirra sem forustumanna í ríkisstjórn — séu staddir við þessa umræðu þannig að hægt sé að eiga við þá orðaskipti og eftir atvikum að spyrja

þá spurninga. Mér er illa við að spyrja spurninga út í loftið ef þeir sem spurningarnar eiga erindi til eru ekki til svara. Það er hálftilgangslaus iðja að varpa fram spurningum í einhverjum „retorískum“ tilgangi ef maður væntir ekki svara. Þess vegna var athugasemd mín áðan til þess ætluð að kalla eftir því að þessi umræða færðist fram á morgundaginn þannig að hæstv. ráðherrar og þeir hv. þingmenn sem vissulega eiga erindi í þessa umræðu fengju færi á að koma ef þeir geta ekki verið viðstaddir umræðuna hér í kvöld.

Þetta er ekki út í bláinn að nefna þessa hæstv. ráðherra. Hæstv. forsætisráðherra er auðvitað ráðherra efnahagsmála. Þetta er gríðarlega mikilvægt efnahagsmál, sennilega eitthvert stærsta ef ekki stærsta efnahagsmál sem við höfum tekið til umræðu í þinginu.

Hæstv. utanríkisráðherra ber ábyrgð á samningum Íslands við erlend ríki. Hvað erum við með í höndunum? Erum við ekki að fjalla um ríkisábyrgð vegna samninga við erlend ríki? Hæstv. utanríkisráðherra hefur líka gefið í skyn í umræðunum að hann hafi haft einhver afskipti af þessum málum á fyrri stigum sem ekki hafi verið opinberuð og ekki koma fram í gögnum. Það er mikilvægt að spyrja hæstv. utanríkisráðherra út í hver þau afskipti voru, hvort hann hafi gefið embættismönnum utanríkisráðuneytisins einhver fyrirmæli um að undirrita ekki minnisblöð eða eitthvað þess háttar, bara svo dæmi sé tekið. Hann hefur gefið það í skyn. Hann er ekki hér til að svara því en hann verður spurður um það síðar, það er alveg ljóst.

Það er frekar ómerkilegur leikur að koma fram og varpa einhverjum hálfkveðnum vísum í umræðuna af því tagi og vera síðan ekki til svara þegar menn hyggjast ganga eftir því. Eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu er líka staðreynd að í einhverju stærsta máli sem varðar fjárhag og afkomu Íslendinga til næstu ára skuli annar stjórnarflokkurinn nánast ekkert sýna sig. Hæstv. ráðherrar komu vissulega í upphafi umræðunnar. Utanríkisráðherra tjáði sig í andsvari, hæstv. félagsmálaráðherra talaði og jafnframt hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir. En frá kl. 4 í dag, hygg ég, hefur varla þingmaður Samfylkingarinnar sést í salnum og hefur þó umræðan farið fram allan þann tíma að hálftíma undanskildum sem var gefinn fyrir kvöldmatarhlé. Ég undanskil auðvitað hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem gegna störfum forseta vegna þess að þeir eru ekki til svara fyrir sinn flokk þegar þeir eru í því hlutverki heldur í hlutverki forseta. Allt er þetta sérstakt og einkennilegt.

Ég nefndi að það væru nokkur atriði sem kölluðu á sérstaka umfjöllun á þessu stigi málsins. Staða málsins sú að málið er til 1. umr. og á eftir að fá meðferð í nefndum þingsins og þar á eftir að kalla eftir nánari upplýsingum um ýmsa þætti. Ég vil nefna nokkur atriði sem er sérstaklega mikilvægt að kallað verði eftir með vönduðum hætti í nefndarstörfum:

Í fyrsta lagi er mikilvægt að það komi fram í þeim nefndum þingsins sem um þetta mál fjalla að þær kalli eftir upplýsingum og gögnum sem þegar virðast ekki hafa verið lögð fram. Ég tel víst að fjárlaganefnd muni fjalla um þetta og hugsanlega aðrar nefndir eins og efnahags- og skattanefnd og utanríkismálanefnd, það er eðlilegt að þær fái þetta líka til umfjöllunar a.m.k. að hluta til. Ég velti fyrir mér þeirri spurningu, og hæstv. fjármálaráðherra getur hugsanlega svarað því á eftir ef hann kýs að koma í andsvar, hvort öll skjalleg gögn sem varða þetta mál hafi verið lögð fram. Við höfum allmörg gögn sem við getum nálgast á netinu á slóðinni island.is. Vísað er í 68 skjöl þar, ef ég man rétt, ég þori ekki að fullyrða það. Í möppu sem geymd er í læstum skáp á nefndasviði Alþingis geta þingmenn nálgast 24 skjöl eða pappíra sem varða þetta mál. En ég velti fyrir mér og væri þakklátur hæstv. fjármálaráðherra ef hann gæti svarað mér, hvort allt sé nú fram komið, öll skjalleg gögn sem skipta máli í þessu sambandi og varða málið.

Ég veiti því t.d. athygli að það er eins og embættismenn og samningamenn Íslands hafi hætt að gera minnisblöð þegar ný samninganefnd tók við í febrúar. Ég ætla ekki að ljóstra upp um innihald minnisblaða samningamanna og embættismanna Íslendinga sem hægt er að nálgast í 24 skýrslna-möppunni en þar eru minnisblöð um samningaviðræður og um fundi sem þeir hafa átt við fulltrúa erlendra stjórnvalda. Það er eins og engin slík minnisblöð hafi verið gerð eftir að ný ríkisstjórn og ný samninganefnd tóku við í febrúar. Ég velti fyrir mér hvort það séu einhver ný vinnubrögð að festa ekki neitt slíkt á pappír eða hvort þau gögn eigi enn eftir að koma fram. Ég er ekki að ásaka einn eða neinn um neitt, ég vildi bara gjarnan að hæstv. fjármálaráðherra upplýsti og eyddi þeim hugsanlega vafa sem kann að leika á því hvort öll gögn hafi komið fram í málinu, þ.e. öll skjalleg gögn, allt sem til er á pappír um þetta, ef við orðum það þannig. Ef ekki er allt komið fram tel ég mjög mikilvægt að viðkomandi nefndir fái þá þau gögn í hendur þegar málið fer til nefndar.

Annað atriði sem er mjög mikilvægt að farið verði gaumgæfilega yfir í störfum nefndar eru hinar fjárhagslegu forsendur. Það er mikilvægt að lagst sé yfir þær forsendur sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu og að fengið sé á það gagnrýnið mat hvernig það lítur út, að aflað sé sérfræðiálita á því hvort þær forsendur sem þar er gengið út frá standist. Eins held ég að það sé mjög mikilvægt, eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi í þessari umræðu, að reynt sé að teikna upp bestu og verstu atburðarásina eða ferlið, hvernig hlutirnir líta út miðað við jákvæðar forsendur og hvernig þeir líta út miðað við neikvæðar forsendur. Að betur sé reynt að leggja mat en gert hefur verið á áhættuna sem fylgir samningnum á þeim forsendum sem hann er gerður.

Í þriðja lagi vil ég nefna að mér finnst afar mikilvægt að farið sé vandlega og gaumgæfilega yfir lagalegu forsendurnar og skuldbindingarnar sem gengið er út frá í þessu frumvarpi. Að farið sé með gagnrýnum hætti á vettvangi nefndar yfir hvort þar séu fullyrðingar um lagalega skyldu Íslands til að taka á sig þær byrðar sem þarna er talað um, hvort þær séu raunverulegar. Við vitum að uppi er ágreiningur meðal lögfræðinga og fræðimanna á sviði lögfræði um þessi atriði og það er auðvitað mjög mikilvægt að farið sé gaumgæfilega yfir það í nefndunum. Síðan er líka nauðsynlegt að við leggjum mat á það með öðrum hætti en bara að fullyrða eins og gert er í greinargerð með frumvarpinu, það sé farið yfir það með einhverjum vitrænum hætti hvaða stöðu við gætum átt von á ef Alþingi hafnar þessu samkomulagi eða ef Alþingi leggur fram tillögu að nýju sam-

komulagi eða eitthvað þess háttar. Það er svo mikið fullyrt í þessum málum. Fullyrt er um lagalegar skuldbindingar. Fullyrt er um að minnisblað frá því í október hafi gert það að verkum að við höfum ekki haft neina samningsstöðu. Fullyrt er að við einangrumst í samfélagi þjóðanna ef við samþykkjum ekki þennan samning nákvæmlega eins og hann er. Það er svo margt fullyrt í þessu og það er nauðsynlegt í nefndarstarfinu að farið sé ofan í þetta til að átta sig á því hvort allar þessar fullyrðingar standist. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir þessa umræðu að við veltum við hverjum steini af því að ekki er um að ræða neinn venjulegan samning. Það er ekki um að ræða einhverja venjulega lántöku af hálfu ríkisins. Þetta eru, eins og hv. þm. Atli Gíslason nefndi í þingræðum í desember sl., nauðungarsamningar sem er verið að neyða upp á okkur og þær aðstæður sem við erum í gera það að verkum að við þurfum að fara yfir þessi mál öll með allt öðrum, betri og gaumgæfilegri hætti en við gerum yfirleitt. Það á ekki síst rætur að rekja til þess um hve mikla fjárhagslega hagsmuni okkar er að ræða, og ekki bara okkar heldur líka komandi kynslóða, því að hættan er sú að verði skuldastaðan óviðráðanleg, m.a. sem afleiðing af þessum samningi, verði það fleiri en ein kynslóð og fleiri en tvær sem þurfa að glíma við þann vanda.

[22:24]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að svara spurningu hv. þingmanns um gögnin. Hér eru þær möppur sem hv. þingmanni er kunnugt um. Hér er mappa með 68 fylgiskjölum og hér er mappa með 24. Þetta er þannig unnið að þeir sem að þessu hafa komið, embættismenn í ráðuneytum og stofnunum, hafa farið í gegnum skjalabunkana og reynt að taka út úr þeim allt sem þeir telja að máli skipti og sé upplýsandi eða hafi gildi fyrir þessa umræðu. Meðferð skjalanna hefur verið unnin þannig að í samráði við rannsóknarnefnd Alþingis og reyndar forseta Alþingis hefur verið útbúið þetta fyrirkomulag, að greina á milli þeirra gagna sem íslensk stjórnvöld hafa ekki heimildir til að birta af eigin frumkvæði, þeir þurfa til þess samþykki gagnaðilanna. Það eru fyrst og fremst minnisblöð frá pólitískum fundum sem ekki er venja í milliríkjasamskiptum að gera opinber. Það er af ástæðum sem ég þykist vita að hv. þingmaður þekki til sem eru m.a. þær að menn telja að fundir verði með öðrum hætti ef slíkt er venjan. Ég held að verkið hafi verið unnið af mikilli samviskusemi og reynt að tryggja að menn hefðu aðgang að öllum þeim gögnum sem málið varða og máli skipta. En auðvitað er skjalabunkinn í heild sinni gríðarstór sem getur haft einhverja skírskotun í þessu máli. Hér er t.d. ekki valið að vera með þykk bréf sem mér er kunnugt um af því að þau komu til mín frá breska fjármálaráðuneytinu og vörðuðu eingöngu frystinguna og málefni hennar. Utanríkismálanefnd hefur hins vegar verið upplýst um þau bréf og fengið afrit af þeim, að ég held. Auðvitað má lengi ræða hversu þykkur bunkinn hefði átt að vera en þetta er besta svarið sem ég get gefið, að þeir sem að málinu komu hafi af samviskusemi reynt að tína til þessi gögn þannig að þingmenn fengju sem haldbestar upplýsingar.

[22:27]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að rengja það að þeir sem að þessu koma hafi unnið sitt starf eftir bestu vitund. Ég hef ekki forsendur til að halda einhverju öðru fram, alls ekki. Ég velti því bara fyrir mér hvort það sé fullnægjandi fyrir þingið og fyrir þær nefndir þingsins sem eiga eftir að fjalla um þessi mál að embættismenn í ráðuneytunum skammti ofan í þau gögn sem eiga að skipta máli. En það er nákvæmlega það sem mér heyrðist hæstv. fjármálaráðherra segja, að valin hefðu verið þau gögn sem þeir sem að málinu komu, sem eru væntanlega þeir embættismenn sem sátu í samninganefndinni eða komu að þessu með öðrum hætti, ákváðu að sýna þinginu og þjóðinni.

Ég velti fyrir mér hvort það sé ekki heppilegra, þó að ég viðurkenni og virði að það kann að vera þörf á trúnaði varðandi ákveðin gögn, að það sé þá látið í hendur þingmanna eða eftir atvikum viðkomandi þingnefndar að meta hvort slík gögn eigi að vera bundin trúnaði eða ekki. Það sé ekki frjálst mat þeirra embættismanna sem að málinu koma hvaða mál koma fyrir þingið.

Ég velti því fyrir mér, svo ég hugsi upphátt, hvort það sé almennt þannig að það samræmist eftirlitsskyldu þingsins að taka þegjandi og hljóðalaust við þeim upplýsingum sem embættismennirnir, sem á að hafa eftirlit með, ákveða að sýna þinginu. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að í ákveðnum (Forseti hringir.) þáttum milliríkjasamninga þarf að virða trúnað en það þarf þá að rökstyðja í hvert skipti fyrir sig og menn verða þá að þekkja þann rökstuðning sem því tengist.

[22:29]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ekki öðrum til að dreifa til að reiða fram upplýsingarnar en þeim sem hafa þær undir höndum, þ.e. þeim trúnaðarmönnum ríkisvaldsins sem unnið hafa viðkomandi vinnu og hafa bókað gögnin. Eitt get ég t.d. fullvissað hv. þingmann um að hvert einasta snifsi sem farið hefur um fjármálaráðuneytið í þessu máli síðan ég kom þangað hefur verið bókað inn í skjalakerfi ráðuneytisins.

Í öðru lagi held ég að hv. þingmaður geti verið óvenjuólegur í þessum efnum að þessu sinni vegna þess að frá sama tíma, og reyndar aftur í tímann eins og við höfðum gögn til, hefur allt verið sent til rannsóknarnefndar Alþingis. Þar er það í skoðun. Þar af leiðandi hefur líka þurft að gæta þess í samskiptunum að engir rannsóknarhagsmunir spilltust, að rannsóknarnefnd Alþingis hefði aðgang að öllum þessum gögnum og gæti haft hönd í bagga með því hvenær þau kæmu fyrir almenningssjónir. Flokkunin á efninu, sú meðferð gagna sem hér hefur verið valin, er þar af leiðandi byggð á samstarfi við rannsóknarnefndina og samþykkt af henni. Ég leyfi mér því að treysta því og vona að hv. þingmaður geti treyst því að hér hafi verið reynt að vanda vinnubrögðin mjög vel. Eitt er alveg ljóst, það eru fá ef ekki nokkur dæmi til í sögunni um að jafnmikil gögn af þessu tagi hafi verið gerð opinber í þingmeðferð máls. Stærstur hluti þessara gagna væri samkvæmt venjum geymdur í skjalagögnum viðkomandi ráðuneyta og kæmi

ekki fyrir almenningssjónir fyrr en eftir 50 ár þegar þau eru aðgengileg á Þjóðskjalasafni Íslands. Hér er því brotið í blað í þeim efnum að opna þetta með algerlega sögulegum hætti og það tel ég alveg sjálfsagt og eðlilegt vegna stærðar málsins og þess hvernig það er allt saman vaxið.

[22:31]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti þarf ekki að óttast að ég ætli að fara að ræða við hæstv. fjármálaráðherra um efnisatriði málsins. En ég vildi beina því til hæstv. forseta að viðkomandi þingmenn fái afrit eða aðkomu að þeim skjalalistum sem hæstv. fjármálaráðherra vísaði til sem eiga að sýna tilvist þeirra gagna sem skráð hafa verið um viðkomandi mál þannig að þingmenn geti þá alla vega kallað eftir upplýsingum eftir þeim forsendum til viðbótar þeim sem þegar hafa verið lögð fram.

[22:32]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég náði ekki að klára öll atriði ræðu minnar áðan og ætla að halda áfram. Ég legg til að hv. fjárlaganefnd sem fær þetta mál til afgreiðslu vísi því til annarrar nefndar þingsins, efnahags- og skattanefndar, þar sem ég á sæti þannig að ég geti fjallað þar um efnahagsleg áhrif þessa frumvarps (**Gripið fram í:** Og utanríkismálanefndar.) — og utanríkismálanefndar, já. Ég á ekki sæti þar en ég reikna með því að sem flestar nefndir þingsins fái þetta mál til umfjöllunar þannig að þingmenn geti fjallað um það beint og spurt um það í nefndum sínum. En ég verð að fara hratt yfir sögu því að tíminn styttist.

Ég legg mikla áherslu á að menn læri af hruninu, að rannsóknarnefndin starfi hratt og vel og fái upplýsingar eins og mögulegt er. Eins legg ég áherslu á að við getum refsað þeim sem brutu lög fyrir hrun og jafnvel eftir hrun, ekki vegna einhverrar refsigleði heldur vegna þess að það er svo mikilvægt að búa til nýtt traust og nýjan aga í þessu kerfi okkar.

Ljóst var að það var ákveðin valdbeiting í haust. Fyrstu tvo mánuði eftir hrun var greinilega valdbeiting á sviði gjaldeyrismála og ég hef hugleitt hvernig hægt er að fá upp á yfirborðið hvað hafi gerst þegar útflytjendur áttu innstæður á Ítalíu og um alla Evrópu en fengu ekki gjaldeyrinn heim. Svo var beðið um staðgreiðslu á útflutningi þannig að Seðlabankinn lenti í þeirri skelfilegri stöðu að eiga varla fyrir lyfjum, olíu og öðrum lífsnauðsynjum fyrir þjóðina. Menn trúa því ekki erlendis.

Svo hefur verið rætt um lagalegar skyldur. Ég fór í gegnum það að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins voru það innlánsstofnanir sem eiga að borga þetta en Bretar og Hollendingar ákváðu að víkja frá því vegna þess að þeir vildu halda uppi trausti manna á innlánsreikninga.

Ef ég kaupi hús og fer í greiðslumat gengur það ágætlega upp. Greiðslumatið segir að ég geti keypt húsið. Síðan kaupi ég jeppa og mér er sagt að það sé allt í lagi að kaupa jeppa miðað við tekjur og annað sem ég hef. Svo kaupi ég annan jeppa. Aftur er mér sagt að það sé allt í lagi. Svo kaupi ég sumarbústað, fer í utanlandsferð og aftur er mér sagt að þetta gangi ágætlega. En samanlagt gengur þetta alls ekki upp og það er það sem mér finnst menn vera að gera aftur og aftur. Þeir gera nákvæmlega sömu mistökin og einstaklingar gerðu en gagnvart miklu stærri hagsmunum. Menn eiga að taka allt dæmið eins og það leggur sig og boða til friðarráðstefnu, tala við kröfuhafana, bankana. Bankarnir gera sér líka væntingar um að fá peninga, tala við Icesave, tala við einhverja út af jöklabréfunum og taka allt í einn pakka. Við megum ekki kaupa hús, síðan jeppa, svo annan jeppa og svo sumarbústað o.s.frv.

Ég ætlaði að koma inn á mat á eignum Landsbankans. Það er hægt að meta einstaka eignarpósta. Þarna eru innstæður. Þær eru nokkuð öruggar. Þarna eru skuldabréf, þau eru óöruggari, þarna eru hlutabréf, þarna er krafa á nýja Landsbankann. Það er líka heilmikil áhætta fólgin í því. Þarna er mat á gengisáhættu íslensku krónunnar og pundið á móti evrunni o.s.frv. Við þurfum líka að meta hvernig útflutningsverð þróast, hver er verðbólga í myntunum, pundum og evrum. Ef það væri verðhjöðnun í þessum löndum bið ég guð að hjálpa okkur. En ef það væri myndarleg verðbólga í pundi væri það fínt, þá hækkar verðið á fiskinum í pundum og þá eigum við auðveldara með að borga. Þetta er áhættan sem við erum að taka.

Og neyðarlögin, halda þau, frú forseti? Það er líka gífurleg áhætta sem við þurfum líka að meta. Ég legg til að við Íslendingar og allir þingmenn vinnum öll saman að þessu máli, að hreinlega hver og einn þingmaður vinni að því. Þess vegna sakna ég svo mikið þeirra þingmanna stjórnarliða sem ekki hafa mætt í dag, ekki einu sinni til að að hlusta á umræðuna. Ég sakna þess mikið að fá ekki að heyra sjónarmið þeirra í þessu máli þannig að við getum unnið saman að því að finna á þessu lausn. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þingmenn ræði saman um þetta því að við erum að taka ákvörðun um ríkisábyrgð og hún er annars eðlis en venjulegar ríkisábyrgðir. Venjulega eru veittar ábyrgðir fyrir 10 milljónir og svo er það búið. Þá veit maður hver ríkisábyrgðin er. En hér er verið að veita ríkisábyrgð fyrir einhverju sveiflukenndu með ákveðnum líkum. Þar vinnum við allt öðruvísi.

Svo vil ég taka fram varðandi stjórnarskipti að ég teldi það, eins og ég sagði fyrr í dag, vera mjög slæmt ef við skiptum um stjórn núna. Þótt ég sé ekki hlynntur þessari ríkisstjórn held ég að það væri mjög slæmt fyrir íslenska þjóð að fara að skipta um ríkisstjórn núna. (Forseti hringir.) Ég mundi greiða atkvæði gegn því og verja ríkisstjórnina falli.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 22:38.

34. FUNDUR

föstudaginn 3. júlí,
kl. 11.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Gjaldeyrismál, stjfrv., 137. mál, þskj. 216. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Embætti sérstaks saksóknara og rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, stjfrv., 138. mál, þskj. 217. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

3. Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, stjfrv., 136. mál, þskj. 204. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Norðaust.
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 6. þm. Norðvest.
Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.
Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. þm. Suðurk.

[11:32]

Útbýting:

Brottflutningur af landinu, 146. mál, fsp. SF, þskj. 230.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 102. mál, svar utanrrh., þskj. 207.

Niðurfærsla skulda, 142. mál, fsp. SIJ, þskj. 226.

Stuðningur vegna fráveituframkvæmda, 144. mál, fsp. SIJ, þskj. 228.

Suðurlandsvegur og gangagerð, 140. mál, fsp. SIJ, þskj. 224.

Synjun á staðfestingu aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps, 145. mál, fsp. SIJ, þskj. 229.

Uppbygging fjarskipta á landsbyggðinni, 141. mál, fsp. SIJ, þskj. 225.

Vaxtarsamningar á landsbyggðinni, 143. mál, fsp. SIJ, þskj. 227.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. og 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Gjaldeyrismál, 1. umr.

Stjfrv., 137. mál (viðurlög og stjórnvaldsheimildir). — Þskj. 216.

[11:35]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum, 137. mál á þskj. 216.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lögum um gjaldeyrismál. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 15. gr. a og 16. gr. laganna er varða viðurlög við brotum gegn 8. gr. laganna en í greininni er fjallað um hvaða aðilar hafi heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með gjaldeyri. Ástæðan fyrir breytingu á 15. gr. a og 16. gr. er að við breytingu á viðurlagaákvæðum laganna í nóvember 2008 fórst fyrir að kveða á um að brot gegn 8. gr. laganna væru refsiverð. Í greininni segir að öðrum en þeim sem hafi heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða með leyfi frá Seðlabankanum sé óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi. Mjög mikilvægt er að heimilt sé að refsa fyrir brot gegn þessu ákvæði þar sem þeir aðilar sem brjóta gegn ákvæðinu gera öðrum mögulegt að brjóta gegn lögum og reglum um gjaldeyrismál og hvetja jafnvel til slíkra brota. Er því lagt til að fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn ákvæðinu. Jafnframt er lagt til að sektir eða fangelsi allt að tveimur árum geti legið við broti gegn 8. gr. ef brotið er alvarlegt. Það er Fjármálaeftirlitið sem hefur heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögum um gjaldeyrismál en ef brot eru meiri háttar vísar Fjármálaeftirlitið þeim til lögreglu.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að rannsóknarheimildir Fjármálaeftirlitsins verði styrktar og tekinn af allur vafi um að þau úrræði sem fram koma í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gildi einnig við rannsókn brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál. Þannig er lagt til að nýrri grein, 15. gr. e, verði bætt við lögin. Þar eru dregnar fram tilteknar heimildir Fjármálaeftirlitsins. Til dæmis er kveðið á um að stofnunin hafi heimild til að krefja einstaklinga og lögaðila um upplýsingar og gögn, geti kallað aðila til skýrslugjafar, krafist þess að starfsemi sem stunduð er án tilskilinna leyfa verði hætt auk þess sem lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að krefjast kyrrsetningar eigna þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi fari í bága við lögin.

Ég legg til, virðulegi forseti, að máli þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. viðskiptanefndar.

[11:37]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég fagna þessu frumvarpi. Það er tímabært að veita Fjármálaeftirlitinu auknar heimildir til þess að hafa eftirlit með og beita viðurlögum vegna brota á lögum um gjaldeyrismál. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við erum að auka við heimildir eftirlitsstofnana í kjölfar bankahrunsins.

Erindi mitt í ræðustól er kannski nokkuð þröngt. Mitt litla hjarta gladdist yfir því að sjá í þessu lagafrumvarpi eitt orð: Kyrrsetning eigna. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra, því ég gerði leit í gagnagrunni í gegnum lagasafnið að kyrrsetningu, hvar það er að finna og það er hvergi að finna í lögum um Fjármálaeftirlitið eða fjármálastofnanir, ekki hjá hinum sérstaka saksóknara, heldur gilda um þetta sérstök lög.

Hér er gerð tillaga um að setja inn ákvæði þar sem Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um hátt-

semi hans fari í bága við ákvæði laga um gjaldeyrismál og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi velt því fyrir sér hvort Fjármálaeftirlitið ætti kannski að fá víðtækari heimildir til að beita kyrrsetningu, ekki aðeins óska eftir henni heldur beita kyrrsetningu og þar er ég að vísa í frumvarp til laga sem var reyndar við breytingu á neyðarlögunum sem ég og fleiri þingmenn Vinstri grænna fluttum á síðasta þingi þar sem var reiknað með því að Fjármálaeftirlitið gæti krafist þess að eignir fyrrverandi stjórnenda, eigenda og tengdra aðila þeirra fjármálastofnana sem íslenska ríkið hefur yfirtekið á grundvelli neyðarlaganna skuli kyrrsettar þar til opinber rannsókn leiði í ljós hvort viðkomandi njóti réttarstöðu sakbornings vegna gruns um refsiverða háttsemi í aðdraganda eða í tengslum við setningu laganna.

Ég tel það auðvitað miður að þetta frumvarp komst aldrei á dagskrá og það fékkst aldrei rætt og ég tel að betur hefði farið ef það hefði verið gert að lögum á sínum tíma. Það er eflaust of seint að tala um það en ég velti því fyrir mér og vil endurtaka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Hefur ráðherrann velt því fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi heimildir sem þessar?

[11:40]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég kynnti mér ekki í þaula það lagafrumvarp sem hv. þm. Álfheiður vísaði til og treysti mér því ekki til að taka afstöðu til þess hér og nú en almennt vil ég þó segja um heimildir stjórnvalda og þar á meðal FME til kyrrsetningar eigna, að það hlýtur að koma alvarlega til skoðunar að auka við þær heimildir í ljósi reynslunnar undanfarna mánuði. Það hefur ekki farið fram hjá mér frekar en öðrum að háværar kröfur eru um það úti í þjóðfélaginu að þessu úrræði sé beitt í ríkari mæli. Nú eru auðvitað ákveðnar heimildir til í lögum um kyrrsetningu eigna en það hlýtur að koma til alvarlegrar skoðunar hvort það eigi annaðhvort að beita þeim í ríkari mæli en hingað til eða jafnvel auka við þær heimildir. En ráðuneytið hefur ekki verið með neina vinnu í þá veru að undirbúa slíka lagasetningu.

[11:41]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna þessum orðum ráðherrans og ég tel að í þessu lagafrumvarpi megi sjá ákveðna breytingu á afstöðu framkvæmdarvaldsins með því að hér er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til kyrrsetningar. Ég fagna sérstaklega þeim orðum hæstv. ráðherra að það komi til álita að veita Fjármálaeftirlitinu víðtækari heimildir á borð við þessa.

[11:42]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég kem aðallega upp til að lýsa yfir stuðningi við að þetta mál fái framgöngu og fari til nefndar. Ég held að það sé eðlilegt í ljósi þeirra aðstæðna sem við búum við og ekki síst í ljósi efnahagslegra aðstæðna, að eftirlitsstofnunum og framkvæmdarvaldinu séu veittar rýmri heimildir til að hafa kontról, ef má orða það þannig, á gjaldeyrisviðskiptum eða öðru slíku.

Ég kem hingað fyrst og fremst upp til að lýsa því yfir að við munum styðja það að þetta fari áfram til nefndar, eins og hæstv. ráðherra lagði til.

[11:43]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Við erum enn á ný að ræða lagafrumvarp sem lýtur að viðskiptum með gjaldeyri og það endurspeglar auðvitað erfiða og sorglega stöðu sem uppi er í þjóðarbúskap okkar Íslendinga. Það má ljóst vera að það er fullkomin neyðarstaða að þurfa að búa við þau gjaldeyrishöft sem nú eru við lýði. Það er keppikefli og markmið að komast út úr því kerfi, út úr þeim höftum sem allra fyrst. Það er mjög mikilvægt að það sjónarmið sé ráðandi vegna þess að hvert skref sem við stígum í átt til aukinna hafta er auðvelt en hvert skref sem við stígum frá höftum er erfitt og tekur í og eftir því sem skrefin verða fleiri í átt til hafta því erfiðari verður ferðin til baka. Það tjón sem verður í samfélaginu vegna þess að við búum við gjaldeyrishöft mun vaxa og vaxa, verða meira og meira. Það sýnir sagan okkur og það sýnir og segir okkur heilbrigð skynsemi. En á þessari vegferð erum við og við höfum tekið þessa ákvörðun og Alþingi hefur heimilað að í þessi höft væri farið og það skiptir þá miklu máli að framkvæmd slíkra laga gangi eftir og að á þeim verði tekið sem reyna að smeygja sér undan lögunum. Því um þessi lög eins og öll önnur gildir að það er öllum uppálagt að fara eftir þeim. Mönnum geta fundist öll gjaldeyrishöft bæði ósanngjörn og jafnvel heimskuleg. Það má rökstyðja slíka skoðun en það breytir ekki því að eftir þeim lögum sem Alþingi setur á að fara. Ég skil það svo að tilgangurinn með þessum lögum sé að tryggja að farið sé eftir lögum sem Alþingi setur og það séu til úrræði hjá til þess bærum aðilum að bregðast við því ef ekki er gert.

En ég ítreka og árétta mikilvægi þess að það líði sem skemmstur tími fram að því að við getum byrjað að taka marktæk skref frá höftunum á gjaldeyrisviðskiptum og í átt að eðlilegu umhverfi þessara mála. Hvenær það tekst eða hvaða aðgerðir þarf að ráðast í eða hvaða aðstæður það eru sem munu gera að verkum að við treystum okkur til að fara þá leiðina er ekki umræðuefnið í dag eða um þetta frumvarp. En ég verð að segja að áhyggjur mínar fara vaxandi þegar kemur að þeirri spurningu hvenær okkur takist að vinna okkur út úr þessum höftum. Ég hef vaxandi áhyggjur af því. Ég vona að í nefndinni muni verða farið ítarlega og vel yfir þetta en það er verið að fjalla þarna um viðkvæma hluti vegna þess að hinum megin verður þetta að vera þannig að markaðurinn virki þó eins vel og hann getur virkað við þessar aðstæður. Það er líka mikilvægt að allir þeir aðilar séu kallaðir til sem geti veitt nefndinni góð ráð til að tryggja að eftir lögunum verði farið og þau virki sem best.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og viðskn.

Embætti sérstaks saksóknara og rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 1. umr.

Stjfrv., 138. mál (efling embættisins). — Þskj. 217.

[11:48]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um rannsókna á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Embætti sérstaks saksóknara gegnir afar þýðingarmiklu hlutverki í því uppgjöri sem nú er hafið vegna bankahrunsins. Rannsókn á því hvort refsiverð háttsemi hafi átt sér stað í tengslum við hrun íslensku bankanna er nauðsynlegur liður í endurreisn íslensks efnahagslífs. Markmið þessa frumvarps er að efla embætti hins sérstaka saksóknara svo það verði betur í stakk búið til að sinna lögmætu hlutverki sínu við slíka rannsókn og eftir atvikum saksókn.

Ég tel rétt að rifja upp að embættið hefur þegar verið eflt. Það var gert með ákvörðun ríkisstjórnarinnar 27. mars sl. um að stórauka fjárveitingar til embættisins úr 76 millj. kr. í 206 millj. kr. á ársgrundvelli. Var þetta gert í kjölfar ábendinga frá Evu Joly sem er ráðgjafi hins sérstaka saksóknara sem taldi að um 20 manns þyrftu að starfa hjá hinu nýja embætti svo það gæti starfrækt hlutverk sitt. Enn hafa komið ábendingar frá fyrrnefndum ráðgjafa hins sérstaka saksóknara um að efla þurfi rannsóknina enn frekar og tel ég afar brýnt að hlýða vel á þær ábendingar. Því er í frumvarpinu lagt til að ráðherra skipi til viðbótar við hinn sérstaka saksóknara þrjá saksóknara við embættið.

Lagt er til að saksóknararnir hafi sjálfstætt ákæruvald og taki þannig sjálfir ákvörðun um hvort ákært skuli í þeim málum sem þeim hefur verið falið að rannsaka en lúti ekki fyrirmælum hins sérstaka saksóknara í þeim efnum. Jafnframt hafi þeir lögregluvald eins og aðrir starfsmenn hins sérstaka saksóknara. Hinn sérstaki saksóknari skal hins vegar skipta með saksóknurum verkum og fela þeim rannsókn, stjórn og flutning mála. Er þetta skipulag á embættinu sem hér er gert ráð fyrir með nokkrum sjálfstæðum saksóknurum nýmæli hér á landi. Skipulagið er að norskri fyrirmynd því að mjög hefur verið litið til norska embættisins Økokrim. Økokrim hefur með höndum rannsóknir á efnahagsbrotum ásamt saksókn. Þó fer því fjarri að þessi hugmynd sé að öllu leyti ný hérlendis því að fyrrverandi ríkissaksóknari, Bogi Nilsson, setti á sínum tíma fram hugmyndir um áþekkt fyrirkomulag þegar rætt var um nýtt embætti héraðssaksóknara í tengslum við endurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála. Því má segja að hugmyndir fyrrverandi ríkissaksóknara hafi hér fengið endurnýjun lífdaga.

Þá er í frumvarpinu lagt til að ráðherra skipi sérstakan ríkissaksóknara sem skal sinna því hlutverki sem ríkissaksóknari hefur sem æðsti handhafi ákæruvalds gagnvart embætti sérstaks saksóknara. Sú staða er nú uppi að ríkissaksóknari hefur tilkynnt ráðuneytinu um að hann telji rétt að víkja sæti tímabundið í öllum málum sem varða hinn sérstaka saksóknara. Jafnframt hefur hann óskað eftir að settur verði sérstakur ríkissaksóknari til að sinna lögbundnum skyldum ríkissaksóknara gagnvart hinum sérstaka saksóknara. Ástæða þessarar ákvörðunar ríkissaksóknara er að sonur hans er annar af forstjórum Exista hf. sem var stærstur hluthafi í Kaupþingi. Ljóst sé að komi málefni Exista til skoðunar hjá embætti sérstaks saksóknara sé ríkissaksóknari vanhæfur til að gegna hlutverki sínu í þeim málum sem þar verði til meðferðar. Þetta kemur fram í bréfi ríkissaksóknara.

Virðulegi forseti. Landslög gera ekki ráð fyrir því að embættismaður segi sig frá heilum málaflokki. Embættismaður og aðrir opinberir starfsmenn geta einungis sagt sig frá ákveðnum málum. Dóms- og kirkjumálaráðherra getur því ekki brugðist við þessum aðstæðum að óbreyttum lögum og er því lagt til að í lögin komi heimild til að skipa sérstakan ríkissaksóknara til að sinna verkefnum ríkissaksóknara til að sinna verkefnum ríkissaksóknara gagnvart embættum sérstaks saksóknara. Skal hlutverk hans vera það sama og hlutverk ríkissaksóknara svo sem kveðið er á um um meðferð sakamála og lögum um embætti sérstaks saksóknara. Hann skal sinna eftirliti með embættinu, skera úr um embættistakmörk hins sérstaka saksóknara gagnvart öðrum ákærendum og því hver skuli fara með mál ef í ljós kemur að háttsemi feli í sér önnur brot en þau sem sérstakur saksóknari fer með. Hann skal einnig hafa það hlutverk að taka ákvörðun um hvort sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sæta ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs í stað þess að slíkt sé í höndum ríkissaksóknara. Er það í samræmi við að ríkissaksóknari komi ekki að þeim málum sem til rannsóknar verði hjá embætti hins sérstaka saksóknara.

Af þeim sökum er einnig nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um rannsókn, aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna. Er lagt til að tilkynningar rannsóknarnefndarinnar um grun um refsiverða háttsemi eða hvort ekki eigi að ákæra þann sem býður nefndinni upplýsingar berist til embættis sérstaks ríkissaksóknara í stað hins reglulega ríkissaksóknara.

Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að í kostnaðarumsögn kemur fram að kostnaðarauki vegna breytinga þeirra sem lagðar eru til í frumvarpinu, 73 millj. kr., er einungis vegna þessara lagabreytinga. Ótalinn er annar kostnaður sem talið hefur verið að þurfi til að auka enn frekar getu saksóknaraembættisins til rannsóknarinnar. Ráðgjafi sérstaks saksóknara, Eva Joly, hefur sagt að það þurfi a.m.k. 500 millj. á ársgrundvelli til að unnt sé að starfrækja saksóknina og rannsóknina en um það hefur ekki enn verið tekin ákvörðun í ríkisstjórn. Ástæðan er sú að verið er að huga að breyttu skipulagi á embættinu og sjá hvernig þetta kemur út í kjölfar þeirra breytinga sem Alþingi mun ákveða.

[11:54]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmálaráðherra Rögnu Árnadóttur fyrir framsögu um þetta gríðarlega mikilvæga mál sem við ræðum nú. Ég tel að í þessu frumvarpi felist mjög mikilvæg skilaboð frá þingi til þjóðar um að við ætlum að taka þessi mál er snerta rann-

sóknina á bankahruninu mjög föstum tökum. Það má rifja það upp í þessu samhengi að ég hygg að það sé um mánuður síðan sú sem hér stendur spurði hæstv. forsætisráðherra út í ummæli Evu Joly í Kastljósi þar sem hún gagnrýndi m.a. rannsóknina og taldi að bæta þyrfti bæði í mannafla og fé. Hæstv. forsætisráðherra tók mjög vel í málaleitan mína í þingsal þegar spurt var um þetta og hæstv. dómsmálaráðherra hefur einnig gert það.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mikilvæga mál enda er hér um 1. umr. að ræða. Málið fer nú til hv. allsherjarnefndar og við munum væntanlega fjalla um það þar. Ég vil líka segja í þessu samhengi að það eru gríðarlega mikilvæg skilaboð sem þingið sendir hér varðandi styrkingu á embætti saksóknara og sérstaks saksóknara. Auðvitað hangir þessi vinna saman við þá vinnu sem rannsóknarnefnd Alþingis er að vinna núna á orsökum og afleiðingum bankahrunsins og ég hygg að með haustinu — ef ég man rétt á sú nefnd að skila af sér 1. nóvember — eigi myndin af því sem gerðist að vera farin að skýrast bæði fyrir þingi og þjóð, af hverju það gerðist og hvaða lærdóm getum við dregið af því sem gerðist í aðdraganda bankahrunsins.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri að þessu sinni en þakka hæstv. ráðherra fyrir að leggja fram þetta gríðarlega mikilvæga mál. Ég vonast til að það fái efnislega vandaða umfjöllun í nefndinni og við náum að hraða meðferð þess þar. Það er mjög mikilvægt að þetta mál verði afgreitt í sumar þannig að Eva Joly og hennar fólk geti hafist handa með allan þann mannafla og allt það fé sem hún telur sig þurfa við að sinna þessari rannsókn svo sómi sé að.

[11:57]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Framsóknarflokkurinn hefur stutt að embætti sérstaks saksóknara fái víðtækari heimildir eða meira fjárhagssvigrúm frá því að það var sett á fót. Við munum því styðja það fyllilega að þetta frumvarp fari til nefndar, enda geri ég ráð fyrir að það sé vel rökstutt að þessa fjármuni þurfi. Það er væntanlega gert samkvæmt mati ráðuneytisins en ekki eingöngu að kröfu hins erlenda ráðgjafa. Það er mjög mikilvægt að við höfum aðgang að slíkum sérfræðingum sem þessi erlendi ráðgjafi er. Mig langar hins vegar aðeins að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra örstutt, af því að hún nefndi áðan að hinn erlendi ráðgjafi teldi þurfa 500 millj. á ársgrundvelli í rannsókn sem þessa. 500 millj. eru gríðarlega miklir peningar. Þeir eru kannski ekki miklir miðað við bankahrunið og allt sem þar hefur gengið á.

Mig langar aðeins að velta fyrir mér hvort til sé einhvers konar áætlun eða útlistun á því hvað felst í þessum kostnaði því að ég held að það sé mjög mikilvægt að þingið fái það. Ég er ekki að gera lítið úr því að þessa peninga þurfi. Ég velti bara fyrir mér hvort við fáum þá að vita í hvað þeir eiga að fara því að það er sama hversu góður og mikilvægur ráðgjafinn er, við þurfum vitanlega að taka þessar ákvarðanir á þeim forsendum og samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum.

[11:59]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara. Þetta er mjög tímabært og þarft frumvarp og brýnt er að það nái fram að ganga á þingi sem allra fyrst. Ég mun leggja mitt af mörkum í allsherjarnefnd til að svo geti orðið og frumvarpið verði að lögum áður en þingið fer heim í þinghlé, hvenær sem það svo verður.

Framsaga hæstv. dómsmálaráðherra var greinargóð og skilmerkileg og ég get tekið undir hana. Það er öllum ljóst nú að embættið, eins og það er mannað í dag, ræður ekki við þau risavöxnu verkefni sem þegar eru komin upp á borð hjá því og eiga svo sannarlega eftir að koma upp á borð hjá hinum sérstaka ríkissaksóknara. Það er risavaxið verkefni að fletta ofan af því sem ég kalla glæpastarfsemi íslensku útrásarvíkinganna og láta þá svara til saka og láta þá svara fyrir verk sín með þeim eignum sem þeir hafa komið undan sannanlega í formi arðgreiðslna, kaupréttarsamninga og annarra myrkraverka í skjóli loftbólu- og froðustarfsemi þeirra undanfarin ár. Því miður hafa jafnvel mál dregist á langinn og mál sem að baki liggur afar sterkur rökstuddur grunur hafa ekki komist af stað. Því er afar brýnt að efla embættið með öllum ráðum og ég hvet þingheim til að leggja því lið að þetta mál fái sem hraðastan framgang.

Tvennt vil ég að nefndin skoði sérstaklega og hæstv. dómsmálaráðherra vék að því. Það er skipulag embættisins. Það er verið að skipa þrjá nýja saksóknara og hver þeirra er sjálfstæður. Hingað til höfum við byggt á píramídaskipan í slíkum embættum og nú erum við að búa til fjóra sjálfstæða saksóknara nánast eins og ég skil uppleggið og nefndin þarf auðvitað að skoða hvort það kunni að leiða til núnings innan embættisins eða ekki. Að því þarf nefndin að huga sérstaklega. Fyrirmyndin er norsk og virðist hafa reynst ágæta vel þar.

Ég set líka spurningarmerki við það að skipa sérstakan ríkissaksóknara. Ég vil skoða það sérstaklega. Ég velti því fyrir mér hvort hægt sé hægt að fara leiðir sem séu hugsanlega hagkvæmari og skilvirkari í þeim efnum. Þar koma tvær aðrar leiðir til greina. Önnur er sú að hinn sérstaki saksóknari fái hlutverk ríkissaksóknara í sínum málum. Það kann að verða í því máli skörun við þann ríkissaksóknara sem fyrir er. En ég hygg að það kunni að verða í afar fáum tilvikum og ég hygg að það sé umhugsunarefni hvort dómsmálaráðherra geti þá ekki skorið úr því ef um skörun verður að ræða. Auðvitað á Hæstiréttur svo síðasta orðið ef rannsakendum eða framkvæmdarvaldinu verður á í þeim efnum.

Önnur leið er til skoðunar í þessum efnum. Það var leitað þeirrar leiðar að skipa ríkissaksóknara ad hoc í öllum þessum málum og í ljós kom að til þess skorti lagaheimild. Var því horfið frá því. En það er alveg í stöðunni líka að breyta 25. gr. sakamálalaganna þannig að sú heimild verði til staðar og sú braut verði fetuð sem var fyrst hugsuð í þessu máli. Þetta þarf allsherjarnefnd að skoða og getur gert það vonandi hratt og örugglega og ég mun leggja mitt af mörkum við það.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar til hæstv. dómsmálaráðherra fyrir að koma með þetta frumvarp fram í dag.

[12:04]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að segja að ég held að það sé afar brýnt að á þeirri rannsókn sem í gangi er vegna þess hruns sem varð í haust sé haldið af mikilli festu og að menn leggi sig fram um það að vinna hana eins hratt og kostur er þótt það sé alveg ljóst að þegar um svo flókin mál er að ræða sé óumflýjanlegt að hlutirnir taki lengri tíma en menn kannski vilja. Þjóðfélagið er órólegt yfir því hvað hlutirnir geta gengið hægt en þannig er það með rannsókn af þessum toga, flókin málsatvik, flókna hluti. Þetta tekur ákveðinn tíma. En það sem við verðum að gera er að leggja okkar af mörkum til þess að hún geti þó orðið eins hröð og hægt er. Það gerum við að sjálfsögðu með því að veita þeim embættum sem með þessi mál fara þær heimildir sem þau þurfa á að halda. Í haust þegar það skref var tekið að stofna til embættis sérstaks saksóknara kom það fram í vinnu hv. allsherjarnefndar að ekki væri ótrúlegt að embættið þyrfti meiri styrkingu, þyrfti meira fé en veitt var til þess í upphafinu, menn væru að stíga fyrstu skrefin í þessu og það hefði komið í ljós að styrkja þyrfti þetta embætti. Sjálfstæðisflokkurinn mun auðvitað styðja það að svo verði gert og það frumvarp sem hér er á ferðinni er til þess fallið að styrkja embætti sérstaks saksóknara. En á sama tíma er ástæða til að stoppa aðeins við þau atriði sem hv. þingmaður Atli Gíslason vék að í sínu máli, þ.e. hvernig valdmörk milli stofnana geta orðið þegar um er að ræða embætti af þessum toga. Um leið og ég legg áherslu á að við munum styðja þetta mál í hv. allsherjarnefnd, framgang þess og að það gangi sæmilega hratt fyrir sig þá held ég að ástæða sé til þess að skoða það rækilega hvernig þetta skarast við önnur embætti, aðrar rannsóknir. Það kom fram í haust þegar við fjölluðum um rannsóknarnefnd þingsins og ýmis atvik þar að fletir voru á því máli sem geta skarast eða valdið misskilningi á milli þeirrar nefndar og embættis sérstaks saksóknara. Þetta þarf að vera í eins miklu lagi og hægt er til að þessi rannsókn verði hafin yfir allan vafa.

Stærsti vandinn í þessu landi er sá nú um þessar mundir hversu fá við erum og hversu tengd mörg okkar eru og raunar öll út um allt þjóðfélag. Maður þekkir mann sem þekkir mann. Því var ekki auðvelt í verki í haust að finna og ráða sérstakan saksóknara. Það var töluvert erfitt að finna mann sem var ekki vanhæfur með einhverjum hætti. Nú er ríkissaksóknari eins og við þekkjum vanhæfur á ákveðnum sviðum og hefur sagt sig frá máli sem varða bankahrunið vegna stöðu sonar hans. Í þessum efnum mun væntanlega verða áframhald á því að það verður ekki auðvelt verk fyrir hæstv. dómsmálaráðherra að ráða þá saksóknara sem til viðbótar þurfi að vera og finna menn sem eru hafnir yfir þann vafa sem er uppi í þessu þjóðfélagi vegna þess að ég held ekki að nokkurn tíma hafi verið jafnmikil tortryggni á Íslandi um þau verk sem unnin eru og það er afar auðvelt að kasta rýrð á það sem gert er ef minnsti grunur eða ótti er um óeðlileg tengsl. Ég held að þetta sé kannski það vandasamasta og ég held að það sé kannski þess vegna sem margir hafa verið á þeirri skoðun að það hefði verið ástæða til að leita meira erlendis til ráðgjafar um ýmsa þætti. Glöggt er gests augað eins og við þekkjum og einnig erum við þá náttúrlega ekki með nein tengsl inn í íslenskt samfélag. En í þessum verkefnum verða íslenskir lögfræðingar að sinna þessu máli. Það er nú þannig í þessu réttarríki hér.

Ég vil bara fyrir hönd okkar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd ítreka að við erum jákvæð gagnvart þessu máli og munum vinna því framgang í nefndinni ásamt öðrum nefndarmönnum en þó þannig að farið verði vandlega yfir þau álitamál sem uppi eru og þá fleti sem hugsanlega geta orðið til þess að valda vandræðum milli þeirra stofnana sem við höfum þegar sett af stað hvort sem þær eru tímabundnar eða hugsaðar til lengri tíma.

[12:09]

Valgeir Skagfjörð (Bhr):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmálaráðherra Rögnu Árnadóttur fyrir þetta frumvarp. Málið er mjög mikilvægt og það var eitt plássfrekasta málið í stefnuskrá Borgarahreyfingarinnar að trúverðug rannsókn færi fram á bankahruninu og við feitletruðum trúverðug rannsókn.

Nú er það svo eins og hv. þm. Ólöf Nordal benti á að frændsemisnetið er afskaplega þétt riðið í þessu landi og það mun koma að því þegar líður á þessa rannsókn að fólk verður spurt og fólk verður innt eftir upplýsingum sem tengjast því fólki sem að þessu máli koma. Það er óhjákvæmilegt. Það er bara þannig.

En mig langar að nota tækifærið og þakka fyrir þetta. Það er afskaplega mikilvægt að héðan komi skýr skilaboð frá hinu háa Alþingi út í samfélagið um að verið sé að setja kraft í þessa rannsókn. Auðvitað væri æskilegt að fá fleira fólk inn í þetta og við eigum ekki að sjá á eftir einni einustu krónu sem þetta kemur til með að kosta því þetta er mjög mikilvægt fyrir þjóðina. Þá er ég ekki að tala um í peningalegu tilliti. Ég er ekki að tala um það.

Mig langar hins vegar að beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra Rögnu Árnadóttur hvort hún telji það kost að hægt verði að leita til stofnana eins og Serious Fraud Office í Englandi sem hefur aðstoðað aðra. Ef þeir geta aðstoðað Bandaríkjamenn við að rannsaka mál ætti þá nokkuð að vera því til fyrirstöðu að þeir aðstoðuðu okkur við okkar mál einmitt í ljósi þess hve tengslin eru náin í okkar landi?

[12:11]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir undirtektirnar við þetta frumvarp. Ég ætla að svara nokkrum spurningum sem að mér var beint. Hvað varðar rekstraráætlun fyrir embættið og skipulag þess þá kom hinn erlendi ráðgjafi með ákveðnar hugmyndir og hinn sérstaki saksóknari tók undir þær þannig að það er samvinna milli ráðuneytisins og embættisins í því að útfæra hugmyndir um styrkingu embættisins. Sú tala sem ég nefndi byggir í raun á því að auk hins sérstaka saksóknara verða þrír sjálfstæðir saksóknarar, fjórtán lögfræðingar, tólf lögreglumenn og sérfræðingar, fjórir löggiltir endurskoðendur og tveir aðrir starfsmenn. Síðan þarf líka að kaupa ráðgjafarþjónustu þannig að við endum í drögum í tæpum 490 milljónum. En eins og ég segi þá er það ekki fyrr en Alþingi hefur sagt sitt álit á þessu að raunverulega

verður hægt að koma með ákveðið skipulag og nýtt skipurit fyrir embættið. En við erum tilbúin með ákveðnar hugmyndir í því sambandi.

Síðan voru nefndir þessir möguleikar á því hvort skipa ætti sérstakan ríkissaksóknara eða hvort leita ætti annarra leiða. Það kemur fram í athugasemdum við frumvarpið að ráðuneytið óskaði eftir því við réttarfarsnefnd að hún gerði tillögu til breytinga á lögunum sem miðaði að því að finna lausn á þessum vanda að ríkissaksóknari hefði sagt sig frá málaflokknum í heild. Réttarfarsnefnd taldi það vera bestu leiðina að hinn sérstaki saksóknari lyti ekki eftirlitsvaldi ríkissaksóknara heldur væri algerlega sjálfstæður og færi þá eða eins og nefnt var hér áðan að fundnar yrðu ákveðnar leiðir við að skera úr um valdmörk þegar til þess kæmi.

Ég taldi að það væri ankannalegt að þetta málefnasvið, þessi málaflokkur lyti ekki eftirlitsvaldi ríkissaksóknara einn málaflokka og mér finnst það ekki ríma við mikilvægi þessara mála og þann forgang sem þessi rannsókn er sett í. Hins vegar er þetta álitamál og ég treysti að sjálfsögðu allsherjarnefnd til að ræða þetta og komast að skynsamlegri niðurstöðu hver svo sem mín skoðun er á þessu máli. Þetta eru ákveðnar kostir í stöðunni, einnig sá kostur sem nefndur var áðan. Hv. þm. Atli Gíslason nefndi að hægt væri að breyta sakamálalögunum sem yrði þá almenn breyting og það fer kannski betur á því. En þetta allt þyrfti nefndin að ræða.

Það eru vitaskuld gallar á því að hafa tvo ríkissaksóknara í þessu landi og gallinn á þeirri tillögu sem ég flyt er að þar eru tveir ríkissaksóknarar. En ég hef hins vegar sagt að það undirstriki einmitt sérstöðu þessa málaflokks að hafa þetta með þessum hætti. En eins og ég segi þá er þetta nokkuð sem þarf að ræða.

Hvað varðar valdmörk á milli stofnana — hér kom fram sá ágætis punktur áðan að rannsókn vegna bankahrunsins fer fram á mörgum stöðum. Hún fer fram hjá rannsóknarnefnd Alþingis. Svo er hinn sérstaki saksóknari, það er Fjármálaeftirlitið, skattrannsóknarstjóri. Þessi rannsókn fer fram á mörgum stöðum. Auk þess höfum við sérfræðinga í efnahagsbrotum í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Ég hef velt því fyrir mér hvort ekki væri ráð að ef ekki bara sameina þessar deildir, sérstakan saksóknara og efnahagsbrotadeildir, að þá gætu þær að minnsta kosti starfað hlið við hlið í sama húsnæði jafnvel þannig að menn gætu nýtt þarna ákveðna sérþekkingu. Það er kannski málefni sem allsherjarnefnd gæti rætt eða við gætum rætt í framtíðinni en tíminn hefur verið of knappur til að fjalla um það núna.

Hvað varðar það að finna saksóknara þá finnst mér það vera samfélagsleg ábyrgð lögfræðinga að skoða hvort þeir ættu ekki að sækja um að starfa hjá embætti sérstaks saksóknara, ég tala nú ekki um ef þeir hafa reynslu af saksókn. Þá eiga þeir að athuga það með sjálfum sér hvort þeir séu ekki akkúrat mennirnir eða konurnar til að sækja um þessi störf. Hér með skora ég á lögfræðinga landsins að athuga þetta mjög vandlega því ég veit að margir hér á landi eru mjög hæfir í lögfræði og hafa margt til málanna að leggja. Nú er tækifærið.

Síðan hvað varðar það sem hv. þm. Valgeir Skagfjörð nefndi um að hægt sé að leita til erlendra stofnana þá tel ég alþjóðlega samvinnu brýna á þessu sviði og að auka hana. Á norrænum dómsmálaráðherrafundi sem haldinn var núna í byrjun þessarar viku fólum við efnahagsbrotadeildunum hinum norrænu sem funda nú í ágúst einmitt að ræða þetta mál sín á milli á norrænum vettvangi, hvort ekki sé unnt að auka þarna samvinnuna og samstarf á milli. Þetta á að sjálfsögðu við líka um aðrar eftirlits- og rannsóknastofnanir sem ekki eru á Norðurlöndum heldur líka annars staðar í Evrópu og ég tala nú ekki um í þeim löndum þar sem íslensk starfsemi hefur verið hvað mest áberandi.

[12:18]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra fyrir framsögu um mjög brýnt frumvarp. Ég ætla aðeins að tengja það spurningu hv. þm. Valgeirs Skagfjörðs. Í mínum huga tengist þetta mál óbeint Icesave-málinu sem nú er til umræðu í þinginu. Þó að við undirgöngumst alþjóðlegar skuldbindingar sem við þurfum að standa við til að geta verið hluti af hinu Evrópska efnahagssvæði og til að geta átt almenn samskipti við erlendar þjóðir eins og varðandi utanríkisverslun og fjármögnun, eru það mjög brýn skilaboð fyrir okkur þingmenn að taka eigi af festu á rannsókn þessa máls. Við ætlum fyrir hönd þjóðarinnar að skuldbinda hana til langs tíma vegna ýmissa fjárhagslegra skuldbindinga sem liggja nú á þjóðinni eftir þetta hrun. Fagna ég þess vegna þessu frumvarpi en vil þó koma inn á spurningu hv. þm. Valgeirs Skagfjörðs: Í greinargerð með frumvarpinu um heimild handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda segir að í viðræðum Hollendinga og Breta við íslensku samninganefndina hafi verið minnst á, með leyfi forseta:

„… mögulega aðkomu stofnana þeirra á sviði efnahagsbrota að rannsókn efnahagsbrota er áttu sér stað í aðdraganda bankahrunsins. Af hálfu þeirra var lýst yfir áhuga á að veita slíka aðstoð en það yrði til að efla verulega rannsókn sérstaks saksóknara, rannsóknarnefndar Alþingis, efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og skattrannsóknarstjóra.“

Ég vil því spyrja hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra hvort þessar (Forseti hringir.) hugmyndir séu að einhverju leyti komnar til framkvæmda í dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

[12:21]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel að þessar yfirlýsingar hafi gildi gagnvart rannsóknaraðilum, að rannsóknaraðilar taki þetta til sín, svo sem sérstakur saksóknari en ekki síst Fjármálaeftirlitið, og þessi yfirlýsing hafi þá það gildi gagnvart þeim. Rannsóknin er ekki stjórnað úr ráðuneytinu og á ekki að vera stjórnað úr ráðuneytinu en það hefur það hlutverk að brýna þetta fyrir rannsóknaraðilum.

[12:21]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör en velti þó fyrir mér hvort tryggt sé að setning í greinargerð frumvarps hafi áhrif á þessi embætti eða hvort ríkis-

valdið þurfi ef til vill að koma þeim skilaboðum til skila með afgerandi hætti. Það er ekki nóg að senda þau skilaboð eingöngu með ræðu úr þingsal að slík samvinna sé í boði, að því gefnu að samningarnir taki gildi.

[12:22]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel reyndar að ríkisvaldið, hið opinbera, geti í raun gætt hagsmuna sinna með því að beina erindum til sérstaks saksóknara eða eftirlitsstofnana eða jafnvel kærum ef ríkið telur að brotið hafi verið á hagsmunum þess.

[12:23]

Valgeir Skagfjörð (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Enn og aftur prísa ég frumvarpið. Það er gríðarlegur mannafli sem þarf í þetta verkefni eins og hæstv. dómsmálaráðherra nefndi og hún tíndi til fjölda starfsfólks. Fjöldinn allur af fólki sem starfaði innan fjármálafyrirtækjanna er núna atvinnulaus og eftir því sem ég kemst næst hafa 40% af þeim hópi fengið vinnu sem þýðir að enn eru 60% atvinnulaus. Innan þessa hóps finnast alls konar sérfræðingar og fólk með þekkingu og upplýsingar sem eru hugsanlega nýtilegar í þessari rannsókn. Ég veit ekki hvernig rannsóknin stendur. Það hefur ekki verið mikill fréttaflutningur af rannsóknninni sem slíkri nema ein og ein yfirlýsing þannig að ég spyr: Er hægt að nýta þá þekkingu og þær upplýsingar sem liggja hjá þessu fólki til að aðstoða þá sem vinna í rannsóknarnefndinni?

[12:24]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Sérstakur saksóknari ræður sjálfur til sín starfsfólk og það er þá í hans höndum og annarra eftirlitsaðila að velja til sín starfsfólk. Það er alveg ljóst að þessi vinna krefst mikillar sérþekkingar. Það mun vera ein af ástæðunum fyrir því að ekki er enn þá búið að fylla upp í þann kvóta sem fjárveitingin hefur sett hinum sérstaka saksóknara á þessari stundu. En allt hefst þetta þó að lokum þannig að ég tek spurningu hv. þingmanns sem ábendingu til hins sérstaka saksóknara.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 136. mál (Icesave-samningar). — Þskj. 204.

[12:25]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Ég er ánægð að sjá að hæstv. fjármálaráðherra er kominn í salinn. Ég vonast til að hæstv. forsætisráðherra sé einhvers staðar og fer fram á það við virðulegan forseta …

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill geta þess að hæstv. forsætisráðherra er komin.)

Ég sé að hæstv. forsætisráðherra er komin í hliðarherbergi.

Virðulegi forseti. Ég á ekki von á því á mínum þingferli eða margra okkar sem sitjum á Alþingi að við munum takast á við erfiðara mál en það sem er fyrir framan okkur núna. Ég held líka að mörg önnur mál sem tengjast hruni bankanna í haust og þeirri alþjóðlegu kreppu sem geisar nú muni verða okkur þungbær, þung í skauti. Ég vonast til þess að okkur auðnist í þessum sal að taka réttar ákvarðanir, ákvarðanir til framfara fyrir þjóðina þannig að við getum komist úr þessum vanda eins fljótt og kostur er.

Hæstv. heilbrigðisráðherra er mælskur Húnvetningur og hélt snjalla ræðu í gær. Mér fannst margt gott koma fram í hans máli. Mér fannst margt ekki gott sem þar kom fram einnig. Hæstv. heilbrigðisráðherra er á þeirri skoðun að það muni ráðast af því hvernig stjórnarandstaðan hagar sér og þá sér í lagi Sjálfstæðisflokkurinn, að það muni hafa áhrif á það hvernig hann snýr sér í þessu mikilvæga máli. Vegna þess vil ég segja það sem mína skoðun að ég held að það sé ljóst að ríkisstjórn sem leggur fram mál af þessum toga sé að sjálfsögðu nokkuð viss um að málið fari í gegn með stuðningi þeirra sem ríkisstjórnina styðja þannig að örlög þessa máls í heild sinni eru náttúrlega ekki í höndum stjórnarandstöðunnar þótt það skipti hins vegar mjög miklu máli hvernig stjórnarandstaðan talar og hvaða afstöðu menn taka til málsins bæði í bráð og lengd.

Það hefur komið fram hér að málið sé af þeirri stærðargráðu að það eigi ekki endilega að fylgja flokkslínum heldur eigi menn núna sem aldrei fyrr að fylgja sinni sannfæringu. Þetta heyrist gjarnan hjá efasemdarmönnum innan ríkisstjórnarflokkanna. Þá finnst mér líka skína í gegn að menn óttist að ef málið fari ekki í gegn sé ríkisstjórnin komin að fótum fram. Ég vil segja það sem ég hef margoft sagt í þessum stól og ég ætla að segja það aftur að það óskar þess enginn hér, og það geri ég alls ekki, að ríkisstjórninni mistakist við það verk sem hún stendur frammi fyrir. Þess óskar enginn að stjórnarkreppa verði í þessu landi. Ég var á þeirri skoðun í vetur að þau umrót sem urðu á sviði stjórnmálanna gerðu það að verkum að þau verkefni sem fram undan voru tefðust og það hefur komið á daginn. Þau töfðust og enn hafa orðið tafir á. Við erum ekki enn þá komin á beinu brautina eftir þær miklu tafir. Það er ekki til heilla fyrir þjóðina að valda frekari óvissu en orðin er. Þetta mál snýst ekki um það hvort ríkisstjórnin standi eða falli. Þetta mál er nefnilega stærra en nokkur ríkisstjórn. Það skiptir meira máli hvernig hag þjóðarinnar verður til lengri tíma háttað.

Skuldir íslenska ríkisins eru orðnar gígantískt miklar, 1.800 milljarðar kemur fram í skýrslu hæstv. fjármálaráðherra. Þá eru ótaldar ýmsar aðrar skuldir svo sem skuldir Seðlabanka, skuldir vegna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, skuldir vegna Noregs, ég tala ekki um þær skuldir og skuldbindingar sem ég óttast að við munum núna leggja á herðar þjóðarinnar með Icesave-samkomulaginu. Fyrir 1.800 milljarða má reka Háskóla Íslands í 163 ár. Það eru allar tölur komnar á haus. Óvissan í Icesave-málinu hleypur ekki á örfáum milljörðum. Hún hleypur á hundruðum milljarða.

Þær tölur sem við nú tölum um að þurfi að bæta við, þær lánalínur, lánsloforð sem nú eru fyrir þinginu á vegum efnahags- og skattanefndar eru upp á tæpa 300 milljarða. Við erum alveg hætt að tala um einn og tvo milljarða. Við tölum bara um hundruð milljarða. (**Gripið fram í:** Ekki milljónir?) Það er langt síðan við hættum að tala um milljónir. Þetta gerir það að verkum að maður verður dálítið ónæmur fyrir því hverjar skuldirnar eru og þá líka ónæmur fyrir því hversu miklar tekjur þurfi að vera hér til þess að hægt sé að standa undir þeim. Ég mun taka mína afstöðu á grundvelli þess hvort við getum borgað þessar skuldir sem er verið að leggja á þjóðina. Þessi samningur gerir ráð fyrir sjö ára hléi, að við fáum sjö ára hlé til að takast á við þann vanda sem nú er og það er rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að næstu ár verða gríðarlega erfið og það er rétt að það er sá vandi sem menn kannski standa frammi fyrir akkúrat í dag. En hinn vandinn, hinar skuldirnar hlaupa ekki í burtu. Bretar og Hollendingar munu ekki gefa neitt eftir. Bretland hefur aldrei verið þekkt fyrir það að gefa þumlung eftir í neinu máli. Þeir eru ekki farnir að skila gersemunum frá Egyptalandi sem eru á British Museum. Ég á ekki von á að þeir munu gera það. Þeir munu ekki sýna Íslendingum neina linkind og þeir hafa ekki gert það í þessu samkomulagi.

Það kom fram hjá fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í útvarpinu í gær að ástæðan fyrir því að vaxtakjörin væru betri nú en í haust væri sú að vandi þjóðarinnar væri miklu stærri núna en menn héldu að hann væri í haust. Ég hugsa að það sé líka vegna þess að það hefur bara svo margt breyst í heiminum frá því í október. Menn hafa séð betur og betur hversu mikill vandinn er. Mér finnst að þessi ríkisstjórn verði að segja okkur frá því hvernig hún ætli sér að safna peningum til að borga allar þessar skuldir.

Í gær kom fram hjá einum hv. þingmanni að það væru ekki bara Íslendingar sem skulduðu mikla peninga. Það gerðu Bretar líka. Já, en þeir gera það í sterlingspundum. Þeir skulda peninga í sinni eigin mynt. Það skiptir engu máli hversu mikla peninga við prentum uppi á Íslandi. Við borgum ekki þessar skuldir með þeim. Eina leiðin fyrir Íslendinga til að borga sínar skuldir er sú að afla meiri gjaldeyristekna. Öðruvísi verður það ekki gert. Það eru nefnilega bara tvær leiðir alveg sama hvernig þetta Icesave-samkomulag fer. Þær skuldir sem hvíla nú á þjóðinni verða einungis greiddar annaðhvort með því að leggja slíkar byrðar á þjóðina að lífskjörin hér stórversna eða hitt að menn fari strax í það að skapa hér grundvöll til að auka tekjur þjóðarinnar. Ég gagnrýndi það í skýrslu hæstv. fjármálaráðherra á dögunum að mér þótti ekki nóg þar fjallað um það hvernig menn ættu að snúa sér í þessu.

Við tölum mikið um það hversu vel menntaðir við erum Íslendingar og að við séum ung þjóð og kraftmikil, að við eigum miklar auðlindir og að í raun blási um margt byrlega hér og það er rétt. En það er hægt að drepa niður kjark í þjóð. Það er hægt að gera hana vonlausa og dapra ef hún sér ekki fram á að geta lifað mannsæmandi lífi í sínu landi. Núna þarf ríkisstjórnin og núna þurfa þeir sem með völdin fara á Íslandi að telja kjark í þessa þjóð og koma með leiðarljós um það hvernig við ætlum að borga þær skuldir sem á þjóðina hafa verið lagðar. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að mörg mistök voru gerð í aðdraganda þessa hruns sem hafa orðið til þess að því miður eru skuldir þjóðarinnar óþarflega miklar svo ekki sé meira sagt.

Þetta Icesave-samkomulag finnst mér vera vont. Mér finnst það vont vegna þess að ég finn ekki þetta endurskoðunarákvæði sem á að veita okkur þetta mikla skjól sem alltaf er verið að tala um í þessum sal. Ég er búin að lesa þetta ákvæði fram og aftur. Það er ekkert sérstaklega sterkt. Það er ekkert sérstaklega mikið endurskoðunarákvæði í þessu. Ég get ekki fallist á það sem talsmaður Samfylkingarinnar sagði í gær, hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra, að það væri upplagt fyrir okkur að samþykkja þennan samning strax svo við gætum farið að nýta okkur endurskoðunarákvæðin. Svona er þetta ekki. Þeir sem hafa sannfæringu fyrir því að þessi samningur sé það besta sem hægt sé að gera í þessari stöðu munu væntanlega samþykkja þennan samning og þeir væntanlega trúa því að við séum borgunarmenn fyrir þeim peningum sem á að reiða þarna af hendi. Við þeirri spurningu vil ég fá svar og í hv. fjárlaganefnd verður þeirrar spurningar spurt og það þarf að koma fram af hálfu stjórnvalda hverjar skuldir þessarar þjóðar séu í heild sinni, ekki bara skuldir ríkisins vegna þessa hruns heldur líka skuldir fyrirtækja beint við útlönd. Allt er þetta í erlendri mynt. Allt er þetta á þessum örfáu krónum sem við núna höfum í útflutningstekjur. Þessu þurfa menn að svara. Ég hefði líka viljað sjá í þessu samkomulagi að að þessu sjö ára tímabili liðnu yrði ákveðið endurskoðunarákvæði um að þá skyldu menn setjast niður og kanna hversu mikið hafi fengist upp í þessar eignir, hversu miklu þessar eignir hafi skilað. Það er full ástæða til að vera mjög áhyggjufullur yfir því hverju þær muni skila. Það er full ástæða til að vera mjög varfærin í því hvað út úr þessu geti komið. Þessi óvissa upp á hundruð milljarða er náttúrlega það alversta við þennan samning og það samkomulag og það er nokkuð sem er erfitt að komast út úr. Málið er þannig vaxið í grunninn að það er erfitt að komast út úr þessari miklu óvissu, alveg sama hvernig samið hefði verið. Vegna þess að eignir standa þarna á móti þá er ákveðin flækja þarna og þess vegna er svo brýnt að endurskoðunarákvæðið sé skýrt, að eftir sjö ár eigi menn að setjast niður og kanna það hvort íslenska þjóðin geti borgað þessar skuldir.

Það er rétt sem fram hefur komið að margt mun gerast á þessum sjö árum og væntanlega vitum við sjálf eftir fimm ár hvort við getum gert þetta, hvernig okkur hefur lukkast fram að þeim tíma. Þess vegna verðum við strax að fara að hugsa um þann tíma. Við verðum strax að fara að hugsa um hvernig við ætlum að hafa íslenskt þjóðfélag að sjö árum liðnum, hvaða tekjur eigi að standa undir þessum skuldum. Gengur í salinn hæstv. viðskiptaráðherra sem hefur ekki áhyggjur af því að við getum safnað nógu miklum gjaldeyristekjum. Ég er í sjálfu sér líka vongóð um að það verði hægt ef menn ætla sér að fara í þau verkefni eða hlutast til um það að búa til tækifæri fyrir ný fyrirtæki, fyrir nýjar útflutningsgreinar og fyrir þær útflutningsgreinar sem fyrir eru. Ég hef því miður ekki séð svo margt sem bendir til þess að svo sé um þessar mundir. Það er þetta sem ég vil sjá.

Ég vil að ríkisstjórnin og hæstv. fjármálaráðherra einbeiti sér að því núna að skapa efnahag þjóðarinnar til lengri

tíma byggðan á grundvelli trausts útflutnings. Ég spyr hann að því hvernig hann ætli að fara að því að borga þessar skuldir óðruvísi. Það er alveg sama hversu mikið yrði skattlagt hér. Það væri hægt að skattleggja íslensku þjóðina upp í rjáfur. Það mundi ekki borga þessar skuldir. Það skiptir bara engu máli.

Ég fór í morgun af stað hingað niður eftir, kvaddi fjögurra ára gamla dóttur mína, hugsandi um þetta Icesave-samkomulag. Það er svo einkennilegt með þetta mál að þetta er líka dálítið tilfinningalegt mál vegna þess að stórkostleg skuldsetning þjóðarinnar stefnir öryggi hennar í ákveðna hættu. Ég vil ekki hugsa það til enda að þetta litla barn hafi ekki tök á því menntakerfi og þeim möguleikum sem við höfðum. Ég trúi því að það sé ekki svo. Ég er viss um að hægt sé að byggja Ísland aftur upp og gera það aftur að því góða samfélagi sem það hefur alltaf verið

Við höfum oft staðið frammi fyrir erfiðum ákvörðunum gegnum kynslóðirnar. Ég er viss um að þeir menn sem hér eru á veggjunum mundu ekki víla það fyrir sér að taka þungbærar ákvarðanir núna til heilla fyrir þjóðina í framtíðinni. Það munum við ekki heldur gera en í því efni skiptir öllu máli að menn hugsi það langt fram í tímann að þeir sjái fram á að hægt verði að greiða þessar skuldir en ekki bara þetta sjö ára hvíldartímabil sem fram undan er vegna þess að það verður ekki það skjól sem menn halda að það verði.

[12:40]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góða ræðu og einlæga ræðu. Það er spurt hvort við getum borgað þetta og þingmenn segja að þeir ætli að láta það ráða afstöðu sinni. Ég tel að við getum borgað þetta og ég tel að umræðan eigi auðvitað ekki síður að vera um það hvernig við borgum þetta (**ÓN:** Já.) því við ætlum væntanlega að gera það. (**KÞJ:** Með ríkisábyrgðinni.) Við ætlum væntanlega að minnsta kosti að reyna. Vegamótin sem við stöndum á dálítið núna finnst mér vera ætlum við ekki að reyna það. Skuldin er til fallin. Skaðinn er skeður. Innlánstryggingarsjóðurinn íslenski er búinn að viðurkenna greiðsluskyldu sína, búinn að tilkynna að honum sé ljóst að Landsbankinn ráði ekki við að borga út innstæðurnar og ábyrgðin færist þar með yfir á hann. Í októbermánuði næstkomandi liggur skuldin öll á íslenska innlánstryggingarsjóðnum eins og hún leggur sig ef ekki er í höfn samkomulag um að ganga óðruvísi frá málinu. Þetta bið ég hv. þingmenn að hafa í huga (Gripið fram í.) sem telja sig geta fundið aðrar leiðir í þessum efnum.

Það er hárrétt. Það mun þurfa mikið til að ráða við allar skuldir, bæði innlendar og erlendar skuldir þjóðarbúsins. Ríkið sjálft er ekki það viðkvæmasta í þeirri stöðu þrátt fyrir allt. Það eru heildarskuldir þjóðarbúsins og einkum hinar erlendu skuldir í heild sem eru mesta áhyggjuefnið og ríkið ber auðvitað stóran hluta af þeim. Kennitölur ríkissjóðs sem slíks, þrátt fyrir allt, eru þó ekki verri en lítur út fyrir að verða jafnvel að meðaltali innan OECD á nokkrum næstu árum. Við þurfum miklar útflutningstekjur. Við þurfum minni innflutning og sumt af því mátti kannski missa sig sem hér var flutt inn á undanförnum árum og þarf ekki að þýða miklar (**Gripið fram í:** Hárrétt.) hörmungar þó eitthvað færri lúxusjeppar og flatskjáir komi inn í landið. Og við þurfum afgang af ríkissjóði. Þetta allt þarf að takast. Ég er sammála hv. þingmanni að mikilvægt verkefni nú er að teikna sviðsmyndirnar inn í framtíðina, hvernig við ætlum að stilla þessum hlutum af og leggja niður fyrir okkur okkar áætlanir um það hvernig við förum í gegnum þetta vegna þess að það ætlum við að gera. Hv. þingmaður segir: „Það má ekki draga kjark úr þjóðinni.“ Ég er sammála því. Samt stend ég hér — mér liggur við að segja nætur og daga — og svara spurningum bæði þingmanna og fréttamanna sem spyrja endalaust: „Er Ísland orðið gjaldþrota?“ Ég segi nei.

[12:43]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held nefnilega að ríkisstjórnin muni koma þessu máli gegnum þetta Alþingi eins og það liggur fyrir. Ég er næstum örugg um að það verði þannig. Þess vegna vil ég fá að vita hvernig ríkisstjórnin hugsar sér þá að borga þessa hluti. Hæstv. fjármálaráðherra er sammála því og veit það náttúrlega mætavel að það verður ekki gert óðruvísi heldur en með auknum gjaldeyristekjum. Ég vil að menn setji fram þetta plan strax. Ég vil að menn geri það strax. Þetta mál er nú í umfjöllun í þinginu. Það er verið að leggja frekari skuldir á þjóðina. Mörg mikilvægustu fyrirtæki landsins eru komin í þannig vanda að óvíst er um það hvernig þeim muni ganga að fá lánafyrirgreiðslur. Ég get nefnt orkufyrirtækin sem dæmi og ég geri ráð fyrir því að það verði líka á sviði orkunýtingar sem við þurfum að afla gjaldeyristekna. Þetta eru mjög vond tíðindi. Þetta eru alveg skelfileg tíðindi ofan í það sem þegar er, að auðlindanýtingin og þessi staða í heiminum hafi þau áhrif að það verði bara ansi erfitt að nýta þessar auðlindir núna á næstu árum vegna þess hvernig ástandið er. Við vitum því ekki á hvað við eigum að stóla núna. Þess vegna verður hæstv. fjármálaráðherra að koma fram með það hvernig menn hugsi sér að teikna þetta plan. Tíminn hefur verið nokkur til að gera það. Það verður ekkert lengur með það beðið. Þetta er það brýnasta verkefni sem fram undan er núna. Það er akkúrat þetta að velta fyrir sér hvernig við ætlum að afla þessara tekna.

Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra til að einhenda sér í það en vil að lokum segja að við fulltrúar í fjárlaganefnd munum auðvitað spyrja allra þessara spurninga sem ég hef lagt fram hér og við munum fara fram á að fá við því skjalfest svör svo við getum tekið afstöðu í þessu mikilvæga máli á einhvern skynsamlegan hátt.

[12:45]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að gera áætlanir og reyna að horfa fram í tímann. Það hefur ríkið gert núna hvað varðar sín eigin fjármál fram til ársins 2013 og það þarf að gera almennt á öllum sviðum þjóðarbúsins. En um leið er alveg ljóst að mjög margt er mikilli óvissu undirorpið, ekki bara hjá okkur heldur í heiminum almennt. Hvernig til tekst á Íslandi næstu árum, hvernig efnahagsumhverfið í heiminum þróast er allt hluti af þessari mynd.

Að lokum held ég að þetta snúist fyrst og fremst um þetta: Þorum við að trúa á framtíðina? Ætlum við ekki að gera það? Ætlum við ekki að veðja á framtíðina og gera allt sem við getum til að eiga góðan hlut í henni. Það er mikil óvissa í öllum heiminum, ekki bara á Íslandi, og þar kemur öryggisákvæðið við sögu. Við höfum þó þá viðmiðun sem er afar óvenjuleg að endurskoðunarákvæði séu í lánasamningi af þessu tagi lántakandanum í hag miðað við skilgreindar forsendur hans. Ég hvet hv. þingmann til að skoða gögnin í möppunni þar sem m.a. er farið yfir það af sérfróðum aðilum sem þekkja þess fá dæmi að um málin sé gengið með þeim hætti. Þrátt fyrir allt er þar inni sú trygging fyrir okkur.

Mér finnst þetta augljóslega vera þannig að við verðum að sýna kjark og þor til að trúa á framtíðina. Við ætlum okkur í gegnum þetta. Við eigum að treysta á þær verðmætu undirstöður sem Ísland á í sjálfu sér, í auðlindum sínum og mannauði, í tækifærum og möguleikum sem eru þrátt fyrir allt þannig að flestar þjóðir í heiminum geta litið okkur öfundaraugum gagnvart þeim. (**ÓN:** Nýta þær.) Ekki skortir okkur landrými, ekki fiskimið, ekki gróðurmold, ekki orku, ekki mannauð, ekki fallegt og stórt land sem er eftirsótt af ferðamönnum o.s.frv. Við erum ríkt og þróað land og þegar menn bera okkur saman við lönd sem hafa orðið að játa sig sigruð í þriðja heiminum þar sem ólæsi er 70%, þar sem barnadauði er hundraðfaldur á við Ísland, verð ég að segja alveg eins og er að ég veit ekki hvert fólk er komið. (Forseti hringir.) Við erum þó þrátt fyrir allt norrænt velmegunarríki, ríkt af auðlindum og eigum ekki heldur að tala okkur niður í eitthvert svartnætti.

[12:47]

Ólöf Nordal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg rétt og það hefur margoft komið fram að það eru öll tækifæri á Íslandi til að komast upp úr þessum vanda. En allar ákvarðanir sem teknar eru núna munu hafa áhrif á hvernig það er gert. Ég lýsti því í ræðu minni að mér fyndist þetta samkomulag ekki gott. Mér finnst þetta endurskoðunarákvæði veikt. Ég hefði viljað sjá að eftir sjö ár mundu menn setjast aftur niður og velta fyrir sér hver niðurstaðan er orðin þá. En við munum fara rækilega yfir það samkomulag sem liggur fyrir núna í fjárlaganefnd. En það er alveg ljóst að við getum ekki lagt neinar umframbyrðar á þessa þjóð frekar en orðið er. Ég held að það sé enginn hér sem trúir ekki á framtíð íslensku þjóðarinnar. Guð minn almáttugur, segi ég, auðvitað gerum við það. En á sama tíma verðum við að horfa raunsætt á þær skuldbindingar sem á þjóðina hafa verið lagðar og hvernig við ætlum að standa undir þeim. Ef stefnan verður sú að horfa eingöngu á skattahækkanir en ekki tekjuaukningu fyrir ríkissjóð dregur það kjarkinn úr þjóðinni. Það dregur úr möguleikum hennar og hugviti til að gera nýja hluti. Það viljum við ekki sjá. Við viljum þvert á móti sjá að strax verði skapaður sá grunnur sem þarf til að þjóðin geti aukið tekjur sínar á alla lund til að standa undir þeim skuldbindingum sem á þjóðina hafa verið lagðar. Við Íslendingar höfum alltaf verið borgunarmenn fyrir skuldum okkar. Íslenska ríkið hefur verið það í gegnum tíðina og það hefur einkennt þessa þjóð að vera stolt og vilja standa við skuldbindingar sínar. Við spyrjum allra þessara spurninga vegna þess að við viljum ekki að íslenska þjóðin verði orðin ölmusuþjóð meðal þjóða. Það viljum við ekki sjá.

[12:49]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Að mínu mati er árið 2009 örlagaríkasta ár í sögu Íslands. Við heyjum stríð án vopna. Það er misskilningur að Icesave-málið snúist um hæstv. fjármálaráðherra, hæstv. ríkisstjórn sem nú er við völd eða aðra flokkadrætti. Þetta mál snýst um sjálfstæði þjóðarinnar, fullveldi hennar. Þetta mál snýst um fjölskyldurnar og heimilin í landinu. Þetta mál snýst um varnir auðlinda okkar, hæstv. fjármálaráðherra. Við vitum öll að Ísland á gnótt auðlinda og það eru þær auðlindir sem nágrannaþjóðir okkar ásælast. Ég kem nánar inn á auðlindirnar og auðlindastríðið sem við heyjum síðar í ræðunni.

Þetta mál snýst líka um hvernig við ætlum að búa Íslendingum þau skilyrði sem til þarf til að hér þróist samfélag þjóðar í vestrænu umhverfi. Það var sorglegt að lesa fréttir í morgun þess efnis að Ísland sé í fyrsta og efsta sæti af þeim 10 þjóðum sem taldar eru í mestri hættu á að lenda í gjaldþroti. Það kom fram á nýbirtum lista CMA, markaðsfyrirtækis í London sem heldur utan um skuldatryggingaviðskipti heimsins. Samkvæmt upplýsingum þessa markaðsfyrirtækis eru taldar tæplega 37% líkur á því að Ísland komist í þrot. Það eru ekki jákvæðar upplýsingar, frú forseti.

Í umræðunni í gær kom fram hjá stjórnarliðum að þingmenn Framsóknarflokksins væru svartsýnir. Já, frú forseti. Við framsóknarmenn erum talin svartsýn fram úr hófi. Við bendum á sannleikann í þessu máli. Við tölum íslensku í þessu máli, við drögum fram staðreyndirnar. Við erum hætt í blekkingarleiknum, leiktjöldin eru fallin. Við verðum að horfast í augu við raunveruleikann eins og hann blasir við okkur. Við stöndum dag eftir dag til að reyna að fá hæstv. fjármálaráðherra til að segja okkur hverjar raunverulegar skuldir ríkissjóðs eru, hvað skuldirnar eru samanlagt miklar, hvað þær eru mörg prósent af landsframleiðslu, hvað íslenska þjóðin skuldar háar upphæðir. Það eru engin svör. Ef til vill veit hæstv. ríkisstjórn ekki hvað við skuldum. Það er slæmt og það sýnir að ríkisstjórnin hefur ekki yfirsýn yfir það verkefni sem hún er að fást við.

Með Icesave er verið að skuldbinda þjóðina til áratuga auk annarra lána sem stendur til að samþykkja nú í vor. Hagvöxtur byggist ekki á skuldum og jákvæður viðskiptahalli byggist ekki á því að þeir aðilar sem komu þjóðinni í þrot séu hættir að leggja sér gull til munns og hættir að flytja inn rándýra skemmtikrafta, eins og hæstv. viðskiptaráðherra sagði í umræðunum í gær. Ég er meira undrandi á ummælum hæstv. viðskiptaráðherra í dag en ég var í gær. Þetta er óábyrgt tal. Það sýnir rökþrot.

Jákvæður viðskiptahalli stafar fyrst og fremst af því að nú eru Íslendingar jafnvel hættir að geta eytt í nauðsynjar því að nú snýst lífið á Íslandi um að hafa ofan í sig og á og standa undir íbúðarskuldum sem hlotist hafa og breyttust í kjölfar hrunsins.

Ég ætla aðeins að kíkja á þennan samning. Mikið hefur verið rætt um lagagildi hans, hvort við eigum að leita til er-

lendra dómstóla og þá hverra og ég ætla ekki að eyða tíma mínum í það hér. Ég ætla að benda á í byrjun hvað samningurinn er vondur og hvernig hægt er fyrir stjórnvöld og aðra sem standa að samningum að komast frá honum. Það er ákvæði í öllum samningalögum allra ríkja um að hægt sé að víkja til hliðar eða í heild samningi ef talið er ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samninginn fyrir sig.

Í 36. gr. íslensku samningalaganna í 2. mgr. segir:

„Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.“

Riftunarákvæði í samningi eru alveg skýr. Það er búið að gera samning núna, hann er undirritaður af fjármálaráðuneytinu. Samningur er kominn á, því er ekki að neita, en Alþingi á eftir að staðfesta ríkisábyrgðina. Þar liggur málið, hjá Alþingi. Ábyrgð okkar er mikil.

Í breska samningnum sem ég ætla að styðjast við nú — sá hollenski er mjög sambærilegur — eru gjaldfellingarákvæði í 11 liðum. Þau eru ákaflega íþyngjandi og er að finna í XII. kafla laganna. Þessi ákvæði eru öll mjög íþyngjandi fyrir íslenska ríkið og ætla ég fyrst að tala um gr. 12.1.5, vanefnd á öðrum lánum íslenska ríkisins. Málið er þannig vaxið að ef íslenska ríkið stendur ekki við hvers konar greiðslur á erlendum lánaskuldbindingum sínum á gjalddaga, gjaldfellur Icesave-samningurinn. Hér er verið að tala um sjö ára skjól. Við erum ekki í neinu sjö ára skjóli. Þó að eigum við að hefja afborganir af samningnum eftir sjö ár tekur hann gildi um leið og ríkisábyrgðin tekur gildi á Íslandi þannig að gjaldfellingarákvæðið er strax orðið virkt. Hér er verið að skuldsetja ríkið fram úr hófi og talað er um að við séum í sjö ára skjóli. Það er rangt, það er villandi og það er til þess fallið að skapa falskt öryggi. Hér er verið að taka lán á lán ofan og stöndum við ekki í skilum á gjalddaga gjaldfellur Icesave-samningurinn. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp gr. 12.1.11, Breytingar á íslenskum lögum:

„Hvers konar breyting sem verður á íslenskum lögum og hefur eða myndi hafa veruleg neikvæð áhrif á getu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda eða íslenska ríkisins til að inna greiðslur sínar […] af hendi …“ — þá gjaldfellur samningurinn.

Þetta þýðir að verið er að taka stjórnskipunarvald landsins af okkur. Dytti Alþingi í hug að breyta stjórnarskrá á þann hátt t.d. að setja auðlindir þjóðarinnar í stjórnarskrá og verja þær þar með fyrir erlendum aðilum þá mundi Icesave-samningurinn vera gjaldfelldur og við þyrftum að standa í skilum með hann í heilu lagi. Það er ekki eðlileg samningagerð.

Það sem gerist ef vanefndir verða virkar, eins og ég kom inn á áðan, á að segja upp láninu og uppsögnin tekur gildi. Í b-lið gr. 12.3 er því lýst yfir að allur heildarhöfuðstóllinn eða hluti hans ásamt áföllnum vöxtum og allar aðrar uppsafnaðar útistandandi fjárhæðir samkvæmt fjármálaskjölum falla í gjalddaga. Hér er verið að skapa falskt skjól. Það kom fram í gr. 12.3., b-lið. Þetta var það sem ég ætlaði að tala um í grein 18 í samningnum sem er raunverulega alvarlegasti hlutinn í þessu. Þar eru stjórnvöld búin að skuldbinda okkur til að falla frá friðhelgisréttinum. Það er alvarlegasti hlutinn og í raun og veru er verið að afsala okkur sem þjóð öllum réttindum hér á landi og erlendis. Ég skil ekki hvað vakti fyrir samninganefndinni með því að samþykkja þetta ákvæði en þar stendur, með leyfi forseta:

„Ef Tryggingarsjóður innstæðueigenda, íslenska ríkið eða eignir þeirra eru friðhelgar eða eiga rétt á friðhelgi í hvaða lögsögu sem er gagnvart birtingu stefnu eða annarra gagna sem varða hvers konar ágreining, eða eru friðhelgar eða eiga rétt á friðhelgi gagnvart lögsögu, málshöfðun, dómi, fullnustu, fjárnámi […] eða öðrum lögfræðilegum úrræðum, er hér með fallið frá þeim rétti með óafturkræfum hætti …“

Frú forseti. Þetta jaðrar við að sé landráð samkvæmt íslenskum lögum. Það er verið að veita heimild á að allar eigur okkar … (**Fjmrh.:** Vill ekki þingmaðurinn bara segja þetta hreint út …?) Fjármálaráðherra grípur hér fram í og biður mig um að tala hreint út en ekki í hálfkveðnum vísum. Alveg sjálfsagt, ég skal gera það héðan í frá í ræðu minni ef þessi grein um friðhelgisréttinn hefur farið svona fyrir brjóstið (Gripið fram í.) á hæstv. fjármálaráðherra. Hún er vissulega alvarlegasti hlutinn í samningnum, ég viðurkenni það. Þá ætla ég að grípa niður í hvað þetta þýðir raunverulega, hæstv. fjármálaráðherra:

Með afsali á friðhelgisréttinum er átt við að hægt sé að kyrrsetja flugvélar og skip í eigu íslenska ríkisins hvar sem er í heiminum. Hægt er að yfirtaka banka og allar eigur þeirra sem íslenska ríkið á hvar sem er í heiminum og tel ég að undir þetta ákvæði falli einnig allar eigur íslenskra aðila erlendis hafi íslenska ríkið gert í það kröfur eða geti sannað á sig eignarhald þetta. Þetta er grafalvarlegt mál. Við eigum hvergi griðland. Við eigum ekki griðland á Íslandi, við eigum ekki griðland í útlöndum og það vita Bretar og Hollendingar. Þeir hafa tekið allsherjarveð í eigum Íslendinga í lofti, láði og á legi. Auðlindirnar eru það sem verið er að sækjast eftir.

Jón Daníelsson hagfræðingur talar í sjónvarpsfréttum 7. júní um hina hliðina á málinu, ef Ísland mundi lýsa sig gjaldþrota. Hæstv. fjármálaráðherra vill ekki ræða það mál. Samt er samþingsmaður hans, hv. þm. Atli Gíslason, búinn að viðra þessi mál ásamt hv. þm. Lilju Mósesdóttur. Það verður að horfast í augu við vandamálin. Það þýðir ekki að fresta þessu. Við verðum að taka á vandamálunum og skoða hvernig þau eru. Haft er eftir Jóni Daníelssyni að ef íslenska þjóðin yrði gjaldþrota og lýsti því yfir að við mundum ekki standa við skuldbindingar á erlendum vettvangi mundu erlendir aðilar strax gera kröfu til þess að allar eigur íslenska ríkisins erlendis verði teknar upp í skuldirnar. Þetta er algerlega sambærilegt og gerist ef eitthvert ákvæði í eldri samningum veldur því að hann gjaldfellur. Icesave-samningurinn er raunverulega yfirlýsing um að ef við stöndum ekki í skilum, ef það verður greiðslufall, hafa þeir náð sér í þann rétt að taka allsherjarveð í okkur innan lands sem utan. Þetta er algerlega samkynja mál og því þurfum við að átta okkur á og lesa þennan samning með þeim augum.

Varðandi gildistöku samningsins sem hér um ræðir, hvort Alþingi þurfi að samþykkja hann, þarf meiri hluta þingmanna til að samþykkja hann til að ríkisábyrgðin taki gildi. Mig langar til að benda þingmönnum og landsmönn-

um á ákvæði III í breska samningnum sem varðar gildistöku og fyrirvara.

Samningur þessi öðlast gildi og það er talið upp í a-lið, b-lið og c-lið. Bretar og Hollendingar eru búnir að gefa okkur frest. Í grein 3.2 segir:

„Ef ekki hefur verið gengið frá þeim aðgerðum sem um getur í mgr. 3.1 fyrir lok sumarþings 2009“ — takið eftir, fyrir lok sumarþings 2009 — „er lánveitanda heimilt að rifta þessum samningi með því að senda Tryggingarsjóði innstæðueigenda tilkynningu um það og afrit til íslenska ríkisins.“

Þetta þýðir með öðrum orðum að íslenska þjóðþingið þarf ekki sjálfkrafa að samþykkja þennan samning eða að synja. Riftunin tekur gildi um leið og þingið fer heim í sumarfrí. Við erum að tala um að íslenska þingið veiti ríkisábyrgð. Ríkisábyrgðin er það sem þessir aðilar vilja vegna þess að þá eru þeir komnir með veð fyrir skuldum sínum. Við skulum átta okkur á því að það er ákvæði í samningnum, hæstv. fjármálaráðherra, sem gerir þeim raunverulega heimilt að rifta honum áður en hann tekur gildi.

Frú forseti. Við höfum íslensku þjóðina á bak við okkur í þessu máli. Þetta eru óheyrilegar skuldbindingar sem verið er að leggja á íslensku þjóðina. Það verður að fara fram raunhæft mat á því hvort íslenska þjóðin hafi gjaldþol til að standa við Icesave-skuldbindingarnar. Hér koma frumvörp inn í þingið um enn meiri skuldsetningu íslenska ríkisins. Alþingi þarf sem betur fer að leggja blessun sína yfir það eða hafna því. Við stöndum á gríðarlegum tímamótum. Við verðum að skoða þetta mál frá öllum hliðum. Erlendir sérfræðingar gefa út mat sitt á því að gjaldþol Íslands sé orðið afar erfitt. Þeir eru farnir að gefast um greiðslugetu okkar. Ég vil efla íslensku þjóðina, hún hefur eldmóð. Hún kann að berjast fyrir réttindum sínum. Við skulum standa saman í þessu máli. Þetta snýst ekki um núverandi ríkisstjórn. Þetta snýst ekki um hvort hún heldur velli, þetta snýst um að við tökum höndum saman, höfnum þessum samningi og byrjum upp á nýtt og semjum upp á nýtt við Breta og Hollendinga.

[13:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er aðferð út af fyrir sig til að stappa stálinu í þjóðina að hampa upplýsingum um að 37% líkur, eða hvað það nú er, séu á því að landið komist í þrot, líkur byggðar á einni spá utan úr heimi sem, það ég best veit, byggir á því að taka áhættuálagið á Ísland eins og það er reiknað einhvers staðar í dag, fullkomlega óvirkt og ómarktækt þar sem Ísland er alls ekki á lánamarkaði, er ekki að taka lán og flestir viðurkenna að er nánast út í loftið, og nota inn í líkindareikning af þessu tagi.

Ég held að við eigum aðeins að halda ró okkar og byggja umræður hér og mat á stöðunni á staðreyndum og bestu fáanlegum upplýsingum og því hvernig myndin um heildarstöðu bæði ríkissjóðs og þjóðarbúsins er smátt og smátt að skýrast. Það er alveg hárrétt að á því er mikil þörf að við reynum að kortleggja það eins vel og við getum og draga upp sviðsmyndina til framtíðar hvernig þessar skuldir verði viðráðanlegar og hvað þurfi til. Hvaða aðstæður þurfum við að skapa til að þetta verði allt saman viðráðanlegt á komandi árum? Það er mikilvægt verkefni. En það gerir engum greiða að elta einhverjar lausafréttir af þessu tagi þar sem slegið er upp hlutum um Ísland sem ég tel að sem betur fer séu ekki innstæður fyrir. Ég tel ekki ástæðu til að hafa uppi málflutning um það hér og nú að Ísland sé að komast í þrot.

Síðan ættu þá hv. þingmenn og þeir sem vilja ræða málin á þeim nótum, hvort sem það er til að stappa stálinu í þjóðina eða af einhverjum öðrum ástæðum, líka að hugleiða söguna. Hefur það verið venjan að þjóðir sem hafa komist í vandræði með að ráða við greiðslur af sínum erlendum lánum hafi verið gerðar upp? Þekkja menn einhver dæmi slíks úr sögunni að almennt hafi verið farið í aðför að eignum ríkja eða auðlindir þeirra gerðar upptækar? Svarið er nei. Í Parísarklúbbnum og allri sögu hans þekki ég tæpast nokkurt dæmi um slíkt. Þess eru örfá dæmi að gengið hafi verið erlendis að einhverjum afmörkuðum eignum eða reynt að fara í aðför að þeim, en það hefur ekki verið farið inn í sjálfstæð þjóðríki (Forseti hringir.) þótt þau hafi komist í greiðsluvandræði og gengið að eignum þeirra innan lands eða auðlindum. Það er ekki þannig.

[13:07]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þennan málflutning könnumst við við. Við könnumst við þann málflutning frá árinu 2007 og 2008 að hér væri alltaf allt í lagi. Ef það var gagnrýnt var það bara bull og vitleysa, það væri svartsýnisraus, það væri hinsegin. Það er allt í himnalagi, að mati hæstv. fjármálaráðherra. (**Fjmrh.:** Hvenær hef ég sagt það? Ofboðsleg þvæla er þetta!) Þegar gagnrýni er tekið með þessum hætti.

Það var meginstef fjármagnseigenda og spunameistara þeirra árin 2007 og 2008 að hér væri allt í himnalagi. Stjórnin tók undir það og þar ber Samfylkingin mjög mikla ábyrgð. Þó að hæstv. fjármálaráðherra sé vorkunn að þurfa að verja gerðir Samfylkingarinnar á þessum árum er staðan sú að hér á leikritið að halda áfram, hér á að halda áfram að leyna upplýsingum og hér er allt í góðu lagi. Ég skil ekki hvernig hæstv. fjármálaráðherra getur komið fram með þessum hætti einu sinni enn, horft framan í íslensku þjóðina og talað með þessum hætti.

Ég minni hæstv. ráðherra á 19. júní. Hann virðist ekki taka lengur mark á erlendum matsfyrirtækjum. Þau eru líklega bara öll að bulla og þrugla og hann hefur greinilega réttast fyrir sér því að þeir erlendu aðilar sem bentu á að staða ríkisins og Íslands og Landsvirkjunar, allt sem heitir, væri neikvæð fara líklega með þvætting og lygi — og illgirni líklega — í augum fjármálaráðherra. En 19. júní mat lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ísland BBB- með neikvæðar horfur. Það fór ekki niður í ruslflokk þann daginn af því að það virtist ætla að standa við erlendar skuldbindingar sínar. Hvernig getur hæstv. fjármálaráðherra sagt að erlend matsfyrirtæki séu að segja ósatt eða hafi annarlegar ástæður fyrir því að meta Ísland með þessum hætti? Á ekki að taka mark á þessu, hæstv. fjármálaráðherra? Á bara að loka augunum áfram og á leikurinn að halda áfram?

[13:09]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég nenni ekki að elta ólar við það þótt hv. þingmaður reyni að leggja mér orð í munn. Ég kannast ekki við það og man ekki til þess að ég hafi, hvorki á síðustu dögum, vikum, mánuðum né undanfarin ár, sagt að hér væri allt í lagi. Ætli margir þingmenn eigi á prenti fleiri varnaðarorð frá umliðnum árum?

Formaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, las upp eina grein eftir mig frá því fyrir 2–3 árum þar sem ég hafði áhyggjur af vaxandi skuldastöðu þjóðarbúsins. Alveg frá 2004–2005 hef ég úr þessum ræðustóli varað við því hvert stefndi, með flutningi þingmála og með því að skrifa blaðagreinar. Ég hef ekki dregið undan varðandi vandann sem við er að glíma, hvorki nú á þessum dögum né að undanförnu. Hefði ég flutt frumvarp um þær harkalegu aðgerðir í ríkisfjármálum sem raun ber vitni og lagt byrðar á ýmsa sem mann tekur sárt ef ég teldi hér allt í lagi? Ég bið hv. þingmann að reyna ekki endalaust að fara með umræðuna út í mýri með fleipri af þessu tagi.

Hitt er annað mál að það að horfast í augu við erfiðleikana og viðurkenna þá á ekki að þurfa að þýða að maður missi kjarkinn og trúna á framtíðina á Íslandi. Og það ætla ég ekki að gera. Það er gott að hv. þingmaður er farin að lofsyngja matsfyrirtækin. Það kann þá að hafa áhrif á afstöðu hv. þingmanns til þessa máls því að hér lýsa tvö af þremur stóru matsfyrirtækjunum því yfir hversu mikilvægt það sé fyrir Ísland upp á framtíðarhorfurnar að ganga frá þessu Icesave-máli, að niðurstaðan í því sé jákvæð, auki á stöðugleika og dragi úr óvissu. (**SDG:** … jákvæður.)

[13:10]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi ríkisstjórn hefur hingað til dregið fram öll jákvæðu skjölin í þessu máli, litið fram hjá neikvæðu skjölunum. Fyrst kemur hæstv. fjármálaráðherra upp og segir að ekkert mark sé takandi á matsfyrirtækjum. Ég gagnrýni það og bendi honum á að matsfyrirtækin hafi verið með neikvætt mat á íslenska ríkinu og hann segir að það sé rugl og bull. Svo kemur hann sjálfur með tvö yfirstrikuð möt sem sýna jákvæða stöðu þjóðarbúsins. Þetta er náttúrlega málflutningur sem ekki er hægt að láta bjóða sér, að taka bara skjölin og gögnin sem eru jákvæð fyrir Icesave-málið, enda kom fram í umræðunni í gær að hæstv. fjármálaráðherra viðurkenndi að ákveðnir aðilar innan ráðuneytisins hefðu sorterað í þessar möppur sem liggja fyrir þingmönnum til að lesa og kynna sér málið. Það er svolítið skrýtið að umræðunni skuli vera beint í þessa átt, í eina átt, enda ber þetta allan keim af því að sannfæra þingmenn um að Icesave-málið sé gott eins og maður sér þegar frumvarpið er lesið.

Þar sem hæstv. fjármálaráðherra rifjar upp sína fyrri þingmannstíð og hvað hann hafi barist á móti þessu sem óbreyttur þingmaður langar mig til að spyrja hann nokkurs. Ég veit að hann getur ekki svarað hér og nú, hann getur þá bara svarað því annars staðar. Hvað breyttist í kollinum á ráðherranum? Hér stóð hann og varaði við eins og við framsóknarmenn erum að gera. Hér stóð hann ræðu eftir ræðu og talaði um að hér væri allt saman að fara til fjandans og þá hét það jákvæð neikvæðni af því að hæstv. fjármálaráðherra talaði þannig sjálfur þegar hann var óbreyttur þingmaður. Ég er farin að halda að þetta sé dýrasti ráðherrastóll sem við Íslendingar höfum þurft að borga fyrir. Um leið og hann er orðinn aðili að þessari ríkisstjórn er veröldin breytt og hér á allt að vera í fínu lagi og hann er farinn að tala á móti sannfæringu sinni í máli eftir mál og þá sérstaklega í Icesave-málinu sem hann fór gjörsamlega (Forseti hringir.) á límingunum yfir þegar hann var óbreyttur þingmaður. (Gripið fram í.)

[13:13]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Skrattinn er á veggnum. Það þarf ekki að mála hann á hann eða ímynda sér hann. Skrattinn er á veggnum og hann er ofinn úr vanhæfni, spillingu, siðrofi og órjúfanlegum tengslum viðskiptaheims og þingheims. Skrattinn er á veggnum og hann er óttinn við framtíðina, hann er óvissan og þrælslundin. Skrattinn er á veggnum og hann nærist á hræðsluáróðri, vanþekkingu og ósætti.

Frú forseti. Við megum ekki láta óttann stjórna okkur þegar við skoðum Icesave-samninginn og afleiðingar hans með eða móti. Við megum ekki halda að skrattinn sé neitt annað en mynd á vegg en ekki raunveruleikinn. Horfumst í augu við veruleikann, frú forseti, þessi er samningur en nauðasamningur nýlenduherra við þjóð sem þeir bera litla sem enga virðingu fyrir, nauðasamningur sem allir bera jafnmikla ábyrgð á hvaða flokki sem þeir koma frá. Það hafa nefnilega allir ráðamenn fyrr eða síðar tekið þátt í að skapa þá vegferð sem við erum á núna en ég vil vekja athygli á því, frú forseti, að það skiptir engu máli. Það eina sem skiptir máli núna er eftirfarandi: Er hægt að skrifa undir þennan samning án þess að eiga það á hættu að steypa komandi kynslóðum í slíkt skuldafen að úr því verði aldrei komist, sama hve dugleg, hæfileikarík, frábær, vel menntuð og gáfuð við erum.

Það eru alveg til dæmi þess að þrælar séu ákaflega geðþekkt og vel gefið fólk. Mér er nóg boðið að hæstv. ráðherrar bjóði þjóðinni upp á hræðsluáróður sem hér hefur verið málaður á vegginn sem raunveruleiki, raunverulegur skratti á veggnum.

Það er mikilvægt að spyrja sig nokkurra spurninga, t.d.: Hvað gerist ef við skrifum ekki undir og förum í nýtt samningaferli? Ekki neitt, nákvæmlega ekki neitt nema við semjum upp á nýtt. Ég hef ekki séð neitt annað en innantómar hótanir sem ólíklegt er að efndar verði í öllum þeim gögnum og leynigögnum og aukagögnum sem ég hef lesið varðandi þetta mál. Ég sé ekki neitt sem réttlæti þann hræðsluáróður sem ríkisstjórnin og hennar leiguliðar halda fram. Ég fann ekkert sem rennir stoðum undir þá skemmtilegu kenningu að við getum orðið Kúba norðursins. Gleymum því ekki að við göngum nú þegar undir heitinu Nígería norðursins. Mannorð okkar á alþjóðavísu er ekkert sérstaklega gott. Ég held að það mundi ekki auka traust á okkur ef við skrifum upp á samning sem er deginum ljósara að við getum ekki staðið undir. Það sem flækist e.t.v. fyrir þeim ágætu embættismönnum og ráðamönnum sem kynnt hafa sér

samninginn er fyrst og fremst það sem hangir á spýtunni alræmdu.

Ég hef fyrir því traustar heimildir að það sem hangi á spýtunni sé eftirfarandi: Bretar hótuðu því að ef ekki yrði skrifað undir mundi það standa í vegi fyrir aðildarumsókn okkar að ESB og ef ekki er skrifað undir mun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sitja á öðrum hluta lánsins til okkar. Það er reyndar alveg furðulegt því að þessi skuldbinding stangast beinlínis á við 16. lið samningsins og kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hve mikið við megum skulda til að geta yfir höfuð fengið aðstoð frá þeim og til að geta yfir höfuð skrifað undir þennan samning.

Ef ég má, með leyfi forseta, ætla ég vitna í bréf sem ég las frá Gunnari Tómassyni um þessi mál:

„Erlendar skuldir Íslands eru mun hærri en upphaflega var gert ráð fyrir þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom hingað til lands í nóvember síðastliðnum.“

Franek Rozwadowski, sendifulltrúi sjóðsins hér á landi, staðfesti það í fréttum Stöðvar 2.

„Samkvæmt útreikningum fréttastofu eru erlendar skuldir Íslands nú um 250% af landsframleiðslu, en þetta hlutfall er það sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn horfir hvað mest til. Þess ber að geta að útreikningarnir eru byggðir á tölum um erlendar skuldir frá því í lok mars á þessu ári. Staðan hefur ekki verið birt opinberlega, hvorki af stjórnvöldum né Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.“

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að birta þessi gögn. Ég skora jafnframt á hæstv. ríkisstjórn að fá óháðan aðila, ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ekki Seðlabanka Íslands, til að taka saman nákvæmlega hver skuldastaða þjóðarinnar er og birta þjóðinni. Þetta var útúrdúr hjá mér. Nú hefst tilvitnun aftur:

„Aðgerðaáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því í október 2008 var samin á grundvelli mikillar óvissu um lykilstærðir, þar á meðal erlendrar skuldastöðu þjóðarbúsins á komandi tíð. Í greinargerð starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um lánaumsókn Íslands sl. nóvember segir m.a. um horfur varðandi skuldastöðu þjóðarbúsins á komandi tíð: Gert er ráð fyrir því að hlutfall erlendra skulda verði um 160% af vergri landsframleiðslu árið 2009 […]. Á meðan gert er ráð fyrir að þetta hlutfall lækki töluvert mikið í spám okkar mun það samt sem áður vera áfram afar hátt eða um 101% af vergri landsframleiðslu fram til ársins 2013.“

Þá má gera ráð fyrir því að þeir hafi ekki verið búnir að reikna inn í Icesave-skuldbindingarnar.

„Hlutfall erlendra skulda mun halda áfram að vera afar viðkvæmt fyrir áföllum sér í lagi út af gengisþróun.“

Og Gunnar heldur áfram:

„Aðgerðaáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins byggði á því að hlutfall erlendra skulda þjóðarbúsins væri um 160% af landsframleiðslu við árslok 2009. […] Eins var það mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að hlutfall af stærðargráðunni 240% „væri augljóslega óviðráðanlegt“.

Í Icesave-samningum stjórnvalda við Breta og Hollendinga er sérstaklega vísað til umsóknar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sl. nóvember um skuldastöðu þjóðarbúsins næstu árin og kveðið á um frekari viðræður ef hún reynist lakari en ráð var fyrir gert.

Staðfesting Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á því að skuldastaðan sé af ofangreindri stærðargráðu mundi gera frekari viðræður við Breta og Hollendinga nauðsynlegar nú þegar þar sem forsendur fyrirliggjandi Icesave-samnings eiga ekki við lengur.“

Það er alveg sjálfgefið að við verðum að endursemja við Breta og Hollendinga og hæstv. fjármálaráðherra ætti að hlusta á þetta. (Gripið fram í.) Það er sjálfgefið, það er búið að klippa hæstv. forsætisráðherra úr snörunni. Við verðum að semja upp á nýtt því að það eru ákvæði um það í samningnum sjálfum að ef skuldastaða okkar er svo mikil samkvæmt því sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur stöndum við ekki undir þessu. Það verður að semja upp á nýtt út frá þeirra eigin skilmálum.

Frú forseti. Nú er ekki tími fyrir skotgrafarhernað. Borgarahreyfingin heitir því að gera ekki atlögu að stjórninni þó að Icesave-samningurinn verði felldur. Það á að vera réttur sérhvers þingmanns að fá að kjósa eftir sinni bestu vitund varðandi svona stórmál. Ég skora því á fjármálaráðherra og formann Vinstri grænna að hætta því glapræði og því andlega ofbeldi að setja sjálfan sig og stjórnina að veði til að þvinga þennan samning í gegnum þingið með góðu eða illu. Ég þoli ekki lengur að hlusta á þetta pex. Er það virkilega svo, frú forseti, að hér sé virkilega svo illa komið fyrir okkur þingmönnum á svo sögulegum tímum að flokkshollusta vegi þyngra en hollusta gagnvart hagsmunum þjóðarinnar? (Gripið fram í.)

Þann 7. febrúar hlustaði ég á frábæran fyrirlestur sem Gunnar Tómasson flutti í Reykjavíkurakademíunni um kollsteypu íslenska hagkerfisins. Þar lýsti hann m.a. þeirri skoðun sinni að fram undan væri greiðsluþrot þjóðarbúsins. Í þessu sambandi spurði einn áheyrenda lykilspurningar: Ef greiðsluþrot verður ekki umflúið er betra að horfast í augu við vandann strax eða eftir nokkur ár? Og svar Gunnars var: Strax.

Ég skal taka það fram að Gunnar starfaði um langa hríð fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og er heimsþekktur og virtur hagfræðingur sem hefði að mínu mati átt að sitja í þessari samninganefnd. Hæstv. ríkisstjórn. Er ekki kominn tími til að athuga hvað núllleiðin þýðir fyrir okkur? Það er beinlínis vítavert gáleysi að athuga ekki opinberlega hvort sú leið sé ekki skynsamlegasta leiðin til að fara núna áður en það verður of seint því að auðlindir okkar eru að veði. Landsvirkjun, krúnudjásn þjóðarinnar, gæti auðveldlega fallið í hendurnar á erlendum stórfyrirtækjum. Það er afar skuldsett og stendur enn verr núna út af sívaxandi skuldsetningu þjóðarinnar út af erlendum skuldum og núna er lánshæfni þess komin í „junk bond.“ Ætli það verði ekki þannig hjá okkur næst? Þjóðin á ekki neitt eftir til að borga. Hún á ekkert eftir nema að auka skuldir sínar. Er það virkilega eina lausnin sem þessi stjórn hefur í boði, að skuldsetja þjóðina enn frekar? Það er einfaldlega engin skömm að því að horfast í augu við vandamálið, við vanmáttinn, til að leysa þetta vandamál áður en það verður of seint. Þetta er spurning um nokkur erfið ár eða erfið ár um aldir alda.

Að lokum vil ég lýsa þeirri einlægu skoðun minni að samninganefndin var hreinlega vanhæf vegna þess að í henni var ekki nokkur maður til þess fær að semja samkvæmt ævafornum samningsaðferðum Breta og Hollend-

inga (Gripið fram í.) sem eru sérfræðingar í að semja við þriðjaheimslönd um afarkosti. Í þessari nefnd átti að skipa faglega en ekki pólitískt.

Þá vil ég lýsa því yfir að hæstv. umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, er algerlega vanhæf til að fjalla um þetta mál eða greiða því atkvæði því að faðir hennar, Svavar Gestsson, var skipaður formaður samninganefndarinnar. Ég skora því á hæstv. ráðherra að sitja hjá í komandi atkvæðagreiðslu.

[13:24]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir mjög góða ræðu. Ég get tekið undir mjög margt af því sem þar kom fram en þótti sérstaklega áhugaverð tilvitnun í Gunnar Tómasson hagfræðing. Ég hef lesið greinargerð Gunnars að efni og það er að sjálfsögðu algerlega galið að ætla sér að samþykkja samning eða yfir höfuð að velta því fyrir sér að samþykkja samning sem þegar er orðinn ógildur. Það kemur fram í samningnum sjálfum að forsendubrestur sé orðinn miðað við fyrirliggjandi gögn. Getur ekki hv. þingmaður tekið undir það með mér að það er í rauninni hálffáránleg staða sem Alþingi er sett í að þurfa yfir höfuð að ræða þennan samning og hvort við eigum að staðfesta hann.

Ég get jafnframt tekið undir það mat hv. þingmanns að hugsanlegri Evrópusambandsumsókn Íslands hafi verið blandað í þetta mál því að ég upplifði það sjálfur á fundi í breska þinginu þar sem þessum málum var blandað mjög náið saman. Hins vegar held ég að þeir sem vilja að Ísland gangi í Evrópusambandið á næstu árum ættu ekki að velta því fyrir sér að styðja þennan samning því að verið er að draga okkur á asnaeyrunum með þessu. Það gerðist strax í upphafi þegar okkur var talin trú um það eða þeim sem þá töluðu fyrir Ísland að ef við gæfum eftir samningsstöðuna, lagalegu stöðuna, yrði komið til móts við okkur efnahagslega. Það hefur ekki gerst. Svo telja sömu menn núna að ef við skrifum undir verði einhvern tíma í framtíðinni komið til móts við okkur og þá væntanlega gegnum Evrópusambandið. En þannig mun það ekki gerast því að þegar við erum búin að undirrita þennan samning, staðfesta hann, er öll samningsstaða okkar farin og það á ekki hvað síst við um Evrópusambandið svo að Evrópusinnar ættu jafnvel öðrum fremur að leggjast gegn samþykkt þessa samnings. Getur hv. þingmaður tekið undir þetta með mér?

[13:27]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir. Ég get tekið undir með honum í báðum þessum atriðum og mér finnst í raun og veru stórfurðulegt að standa hérna og ræða um þetta þegar ég veit að það er forsendubrestur fyrir samningnum. Ég held að við ættum að fara að einbeita okkur að því að endurreisa íslenska bankakerfið. Ég átti fund með fulltrúum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, með Mark Flanagan og lénsherranum sem býr hér núna, og þeim fannst alveg stórfurðulegt að öll stjórnsýslan á Íslandi væri að fara í sumarfrí. Það þýðir einfaldlega að það mun taka tvo mánuði í viðbót að endurreisa bankakerfið og það þýðir að stýrivextirnir munu áfram haldast svona háir.

[13:27]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Ég þakka hv. þingmanni greinargott svar. Eitt mundi ég þó vilja spyrja hana nánar út í og það varðar atriði sem fram kom í ræðu hv. þingmanns þar sem gagnrýnd voru vinnubrögð Íslendinga í þessu máli. Ég hefði áhuga á því að heyra mat hv. þingmanns á því hvort hún telur rétt að fjármálaráðherra upplýsi um kostnað við alla þessa samningsgerð og atburðarás undangenginna mánaða. Hversu mikill kostnaður hefur farið í þessa vinnu sem skilar þessari niðurstöðu? Hleypur hann á milljónum eða tugum milljóna króna? Mundi hv. þm. Birgitta Jónsdóttir taka undir það með mér að skora á fjármálaráðherra að veita svör við því?

[13:28]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Að sjálfsögðu tek ég undir þetta. Það er mjög mikilvægt að við vitum í hvað verið er að eyða peningunum okkar. Það er jafnframt eitt sem mig langar að vekja athygli á vegna þess að það heyrðust köll úr salnum að ég væri að vega ranglega að samninganefndinni. En ég spurði nefndarmenn að því hvort einhver þeirra hefði verið búsettur í Bretlandi og þekkti til breskrar samningahefðar. Að sjálfsögðu var fátt um svör því að enginn þeirra hefur reynslu af því.

[13:29]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti beinir þeim tilmælum til hv. þingmanna að ávarpa forseta.

[13:29]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir ágætisræðu og get tekið undir margt af því sem kom fram í máli hennar. Hún nefnir að stundaður sé hræðsluáróður á hinu háa Alþingi til að koma samningnum í gegn, þegar hæstv. forsætisráðherra hefur verið spurð að því í fjölmiðlum hvort hún hafi eitthvert plan B verði samningurinn ekki samþykktur á Alþingi, telur hv. þingmaður að það sé þá hluti af þessum hræðsluáróðri sem stundaður er á Alþingi Íslendinga?

Eins varðandi það sem kemur fram í máli hv. þingmanns, að Bretar hafi hótað að standa í vegi fyrir aðildarumsókn að Evrópusambandinu, vil ég spyrja hv. þingmann hvort hún telji að Samfylkingin sé hugsanlega tilbúin að kokgleypa allt án þess að mögla nokkuð.

Hv. þingmaður kom líka inn á forsendubrest samningsins sem ég tek undir. Það er mjög sérkennilegt, eins og hefur komið fram í máli hv. þingmanna, að við skulum samþykkja samning sem þegar eru brostnar forsendur fyrir. En það kom mjög skýrt fram í máli hæstv. félagsmálaráðherra í gær að það væri mjög mikilvægt að skrifa undir samninginn vegna þess að hann væri brostinn, þá gætum við tekið hann upp aftur. Þannig er öll samningatæknin. Það kom fram í gær, það er mjög sérkennilegt.

Hv. þingmaður kom jafnframt inn á aðild Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Mig langar því að velta því upp hvort hv. þingmaður taki undir áhyggjur mínar varðandi það að Al-

þjóðagjaldeyrissjóðurinn sé hugsanlega ekki hér til að hjálpa okkur upp úr þessum erfiðleikum heldur eingöngu til að komast yfir auðlindir Íslendinga. Það sé í raun og veru ætlunarverk hans.

Síðan tek ég undir áhyggjur hv. þingmanns af miklum skuldum þjóðarbúsins. Telur hv. þingmaður að við komumst einhvern tíma út úr þessu ef við samþykkjum þennan samning og velferðarkerfið verður skorið niður við trog?

[13:32]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var dálítið mikið af spurningum. Ég vona að mér takist að svara þeim öllum og ég þakka kærlega fyrir þær. Ég hreinlega veit ekki af hverju það er ekki plan B. Ég hefði talið það mjög eðlilegt að það væri plan B ef þessi samningur fellur úr gildi hvort sem það væri að skipa nýja samninganefnd eða fá einhverjar upplýsingar um hvað gerist, hvernig við ætlum að bregðast við því, hvernig við ætlum að halda áfram þessari vegferð. Ég óska bara eftir því frá hæstv. forsætisráðherra. Það er jafnvel mögulegt að þetta sé hluti af þessum hræðsluáróðri. Það er erfitt að geta sér til um það. En ég held að ástæðan fyrir því að það er keyrt svona hart á þennan samning sé einfaldlega að þetta eigi að vera aðgöngumiði inn í þessar aðildarviðræður við Evrópusambandið og mér finnst þessi aðgöngumiði orðinn okkur ansi dýr og get ekki stutt hann.

Samkvæmt því sem ég hef kynnt mér varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hv. þm. Þór Saari er í leyfi og hefur verið í Suður-Afríku að ræða við aðila frá OECD sem hafa verið að hjálpa Afríkulöndum upp úr svona krísu sem við erum að sigla inn í og öll þeirra, það er svolítið merkilegt að hver einasti aðili sem hann ræddi við sagði: „Ekki þiggja lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Segið því upp. Ekki skrifa undir þennan samning.“ En það er kannski ekkert mark takandi á einhverjum erlendum aðilum sem hafa reynslu af svona málum.

Auðvitað vantreysti ég Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég hef kynnt mér mjög vel hans starfsemi og ég er mjög hissa á því að hæstv. fjármálaráðherra skuli tala þeirra máli. Þetta er nánast eins og að vera í skrýtnum draumi.

[13:34]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin. Ég hef kannski beint til hennar of mörgum spurningum þannig að ég kem með þær þá að hluta aftur.

Mig langar líka að velta því upp við hv. þingmann hvað henni finnist um þá kynningu sem átti sér stað þegar formaður samninganefndar Íslendinga kom hér og hélt fundi með þingflokkum á þessum afdrifaríka föstudegi. Þá var það gert hjá okkur þannig að hann kom inn í stuttan tíma. Ég hef grun um að hann hafi gert það líka hjá stjórnarflokkunum með þeim hætti. Síðan er skrifað undir samninginn um kvöldið eða nóttina. Hvað finnst henni um þau vinnubrögð að kynningin fari fram með þessum hætti fyrir hv. þingmenn sem standa að stjórnarflokkunum? Deilir hún ekki þeim áhyggjum með mér að þeir hafi ekki fengið þær upplýsingar og eins þá góðu kynningu sem þeir þyrftu að fá áður en þetta verði gert, áður en þeir skrifa undir?

[13:35]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Kynningin sem við fengum var vægast sagt þunn og í raun vissi ég meira um málið en sá sem var að kynna mér það. (**Gripið fram í:** Ha, ha, ha! Góð!) Það var frekar pínlegt. Ég er reyndar í svo heppilegri stöðu að vera í utanríkismálanefnd. En mér fannst þetta frekar pínlegt og ég vona og ég óska þess að stjórnarliðar fari núna allir sem einn og lesi síðasta bréfið í trúnaðargögnunum, lesi síðustu tíu bréfin í það minnsta, en síðasta bréfið er okkur mjög mikilvægt að vera meðvituð um.

Mér finnst það vera heilög skylda allra hvort sem þeir hafa áhuga á þessu máli eða ekki að kynna sér þetta mál í þaula. Ég veit til þess að í gær var a.m.k. enginn stjórnarliði búinn að kynna sér möppuna þegar við vorum búin að kynna okkur hana þannig að ég bara skora á þá að gera það, gefa sér tíma í það.

[13:36]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Í fyrsta lagi hef ég, frú forseti, engum stillt upp við vegg í þessu máli og ætla ekki að gera. Ég hef neitað því að fara út í getgátur um óorðna hluti eins og möguleg óvænt afdrif þessa frumvarps.

Í öðru lagi var samninganefnd Íslands mjög vel skipuð og bak við hana stóðu stofnanir og ráðuneyti og hún hafði alla þá aðstoð bæði innlenda og erlenda sem þörf var á og mætti satt best að segja vel nestuð til leiks. Það var ekki þannig að einhverjir þrautreyndir harðsvíraðir samningamenn sætu við borðið hinum megin heldur embættismenn í viðkomandi ráðuneytum landanna og það ekkert mjög hátt settir. (Gripið fram í.)

Ég verð að segja það við hv. þingmann og aðra að ég er hér. Ég ber ábyrgð á þessu máli. Ég er til svara fyrir það. Látið það vera að veitast að fjarstöddu fólki sem ekki getur hér borið hönd fyrir höfuð sér. (Gripið fram í.) Það er ég sem tek á mig ábyrgðina, pólitíska ábyrgð af því að hafa farið með þetta verk. (Gripið fram í.) Það má skamma mig en látið það vera að veitast að fjarstöddu fólki sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sér hér. (**Gripið fram í:** Þetta er bara ritskoðun.) Gerið það í eitt skipti fyrir öll. Það er lítilmannlegt. Hin pólitíska ábyrgð er hér í salnum og hún fer ekki í felur og kveinkar sér ekki. (**SDG:** Kostnaðurinn.)

Varðandi tal um greiðsluþrot og að það sé betra að játa sig sigruð strax, hver er þá valkosturinn? Eru menn að mæla með því að við sækjum um aðild að Parísarklúbbnum? Erum við laus þá undan Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Erum við í betri stöðu? Er það eitthvað sem einhver þjóð í heiminum óskar sér? Svarið er nei. Það er mikill munur á því að vera þó enn sjálf að glíma við þessa erfiðleika, geta meðal annars borgað upp lánin frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og losnað út úr því prógrammi og hinu að festast varanlega á þeim klafa sem engin sjálfstæð þjóð í heiminum óskar sér að vera á. Menn skulu fara að gæta orða sinna og velta því fyrir sér hvað þeir eru að tala um. Er það virkilega þannig, frú forseti, að hér inni í salnum sé einhver hluti

þingmanna búinn að gefast upp í sálu sinni, vilji að við Íslendingar gefumst upp? Var það til þess sem menn létu kjósa sig á þing (Forseti hringir.) í alþingiskosningunum í vor? (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Sumir þeirra.) (**Gripið fram í:** Hvers lags málflutningur er þetta?)

[13:38]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Skil ég það ekki rétt að við getum enn þá skilað láninu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Það er allt til enn þá, er það ekki? (Gripið fram í.) þannig að þá hljótum við að vera laus úr klónum á þeim þó að við förum í þennan svokallaða Parísarklúbb. Ég er ekki endilega að mæla með því að fara í Parísarklúbbinn. Ég er bara að mæla með því að við skoðum nákvæmlega hver staða okkar sé og hvort við séum borgunarmenn fyrir öllum þeim skuldbindingum og í hvaða hættu við erum að leggja okkar auðlindir. Mér finnst það bara alveg sjálfsagt mál.

Hæstv. forsætisráðherra ætti kannski að minnast þess hvernig hann sjálfur talaði um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (**Gripið fram í:** Fjármálaráðherra.) fjármálaráðherra, áður en hann settist í þann stól sem hann situr í núna. Ég veit ekki betur en skilmálar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gagnvart okkur séu mjög áþekkir því eins og við hefðum farið í Parísarklúbbinn nema það að við þurfum (**Gripið fram í:** Sammála.) að greiða allt upp í topp. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Sammála.)

Varðandi það að vega að fólki sem ekki er hér — ég auðvitað óska þess að öll ríkisstjórnin sæti hérna og ræddi saman um þetta mikilvæga mál. (**Gripið fram í:** Nákvæmlega.) (**ÁI:** ... samninganefndinni. Það er enginn í samninganefndinni í ríkisstjórninni.) Ég get alveg og hef sagt fyrir utan þennan sal hvað mér finnst um þessa samninganefnd þannig að ég er ekkert að vega að henni meira hér en annars staðar. (**ÁI:** Friðhelg í stólnum.) Já, ég hef, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, ritað um þetta opinberlega áður en ég tjáði mig um það hér í stólnum þannig (Gripið fram í.) að ef þeir vilja kæra mig eða bera hönd fyrir höfuð sér þá geta þeir gert það. (**Gripið fram í:** Ekki hér.)

[13:40]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er lagt upp til tveggja ára og ég hef margsagt það hér að í mínum huga er það keppikefli að halda því þannig. Við erum hins vegar þar sem við erum. Hann var kallaður til sögunnar hér í haust og ég hef ekki séð menn útfæra hugmyndir um hvernig við ættum að takast á við okkar erfiðleika öðruvísi en í samstarfi við alþjóðasamfélagið og nágrannaþjóðir. Ef menn hafa einhverjar aðrar útfærðar hugmyndir þá væri gjarnan gott að fá þær upp á borðið. (Gripið fram í.)

Svo verð ég að segja að mér finnst það undarlegt að sá andi öðrum þræði svífi hér enn yfir vötnunum að með því bara að hafna þessum samningi þá sé Icesave-vandinn úr sögunni. Málið er þarna. (Gripið fram í.) Málið er þarna og (Gripið fram í.) ég bendi mönnum á að lesa í greinargerð með frumvarpinu hvað gerist ef ekki er komin lausn í málið fyrir lok október þessa árs. Það er búið að viðurkenna greiðsluskylduna. Þá fellur hún öll eins og hún leggur sig í einu lagi á íslenska innlánstryggingasjóðinn. (Gripið fram í.) Það er veruleikinn. (**ÁI:** 27. október.)

[13:41]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sagði hæstv. fjármálaráðherra ekki fyrir kosningar að hann vildi skila láninu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Mikið væri nú gott ef hæstv. fjármálaráðherra gæti upplýst okkur sem fyrst hvað hann ætlaði sjálfur að gera þegar hann ræddi um þetta fyrir kosningar. (**Fjmrh.:** Ég ætla að koma Íslandi á lappirnar.) Án Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? (**Gripið fram í:** Á lappirnar.) (**Gripið fram í:** Ekki gefast upp.)

[13:42]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Mér þykir það ansi hart sitjandi á Alþingi Íslendinga þar sem mér er ætlað það hlutverk að gæta hagsmuna almennings að hæstv. fjármálaráðherra skuli beina því til okkar í stjórnarandstöðunni að við höfum gefist upp og við eigum bara að samþykkja þennan samning því eins og málatilbúnaður hæstv. ráðherra var í gær þá sagði hann efnislega: „Ef hv. þingmenn samþykkja ekki þennan samning þá munum við í haust skríða á hnjánum til Hollendinga og Breta og grátbiðja þá um að taka þennan samning og fá þessi skilyrði samþykkt hér, grátbiðja á hnjánum.“ Það er nú virðingin sem hæstv. fjármálaráðherra hefur í þessu máli og það er metnaðurinn. Ég ætla að segja það við hæstv. fjármálaráðherra að ég hef ekki gefist upp fyrir hönd íslensku þjóðarinnar í þessu máli. Ef einhver hefur sýnt ábyrgðarleysi í þessu máli þá er það hæstv. ríkisstjórn sem skrifaði undir Icesave-samkomulagið án þess að hafa fyrir framan sig greiðsluáætlun, greiðslugetu íslensku þjóðarinnar. Það lá ekki fyrir. Ef það er ekki ábyrgðarleysi þá veit ég ekki hvað ábyrgðarleysi er. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

Ég spyr líka hæstv. forsætisráðherra sem hefur nú ekki séð ástæðu til þess að tjá sig neitt í þessari umræðu sem er forkastanlegt, hvort hún sem ráðherra efnahagsmála viti hverjar heildarskuldir hins opinbera eru í erlendri mynt. Við höfum heyrt það úr fjölmiðlum — af því að við erum vön því þingmenn hér að heyra allt fyrst úr fjölmiðlum — að Seðlabanki Íslands vilji ekki gefa upp hverjar heildar erlendar skuldir hins opinbera eru. Eigum við bara að samþykkja þetta samkomulag hér án þess að vita það? Hverslags ábyrgðarleysi er það hjá hæstv. ríkisstjórn sem veit greinilega ekki hverjar heildarskuldir hins opinbera eru, hjá ríkisstjórn sem gerði ekki einu sinni greiðsluáætlun áður en skrifað var undir Icesave-samkomulagið?

Nei, við höfum ekki gefist upp og við höfum talað fyrir því í stjórnarandstöðunni að við eigum að standa saman sem einn maður, þingmenn hér, og reyna að fá betri samning. Ég held að ef við stöndum sameinuð í þessu máli en ekki sundruð eins og hæstv. ráðherra talar fyrir þá verðum við sterkari, (**Gripið fram í:** Rétt.) sterkari sem þjóð. (**Gripið fram í:** Já.) Við skulum fara til nýrra viðræðna bein í baki, ekki bogin eins og hæstv. ríkisstjórn er í þessari umræðu í salnum. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

Frú forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. forsætisráðherra

sem sagði á Alþingi í gær að hún væri að moka framsóknarflórinn hvort það sé virkilega svo að hæstv. ráðherra beri enga ábyrgð á stöðu efnahagsmála í landinu í dag. Ég ætla að minna hæstv. ráðherra á að það var í ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks sem Icesave-reikningarnir voru opnaðir í Hollandi. Ég ætla að minna hæstv. forsætisráðherra á að það var í tíð Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins sem Icesave-reikningarnir áttfölduðust í Bretlandi. (Gripið fram í.) Hæstv. forsætisráðherra sat þá í ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Hæstv. forsætisráðherra er ekki heilög í þessari umræðu og það er móðgandi beinlínis að forustumaður í ríkisstjórninni skuli ekki taka til máls í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Hver var viðskiptaráðherra?) Og hver var viðskiptaráðherra í tíð Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar 2007–2009? Var það ekki Samfylkingin? Síðan koma hv. þingmenn Samfylkingarinnar, þ.e. þeir örfáu sem hafa haft geð í sér til að tala hér, meðal annars kom hv. þm. Árni Páll Árnason hvítþveginn í umræðuna og spurði í gær hvaða mistök voru gerð á þessu tveggja ára tímabili. Það voru mörg mistök gerð og ég krefst þess að yfirmaður efnahagsmála í landinu, hæstv. ráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, komi í þessa umræðu og geri grein fyrir sínu máli því hæstv. ráðherra getur ekki skotið sér undan ábyrgð á vettvangi þingsins því það er móðgun gagnvart okkur þingmönnum sem höfum krafist þess að hæstv. ráðherra geri svo lítið að koma í ræðustól Alþingis til að gera grein fyrir afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli. Hér er um að ræða stærstu skuldbindingu í sögu lýðveldisins og þeir aðilar sem meðal annars höfðu ekki eftirlit með því hvernig þessir Icesave-samningar tútnuðu út á þeim tíma sem þeir réðu í landinu koma ekki að umræðunni. Þar á ég við hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég sé að hæstv. forsætisráðherra hefur ekki (Forseti hringir.) enn beðið um að fara á mælendaskrá í þessari umræðu. Ég mun þá óska eftir því undir liðnum um fundarstjórn forseta að forseti beini því til (Forseti hringir.) hæstv. forsætisráðherra að hún sinni sínum þinglegu skyldum hér og svari þeim spurningum sem við höfum beint til hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (RR)**:** Forseti minnir hv. þingmenn á að virða ræðutíma.)

[13:48]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þingmaður sagði en ég vil minna hann á að hæstv. utanríkisráðherra viðurkenndi að hafa verið í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum fyrir nokkru síðan þegar ég gekk á hann þannig að þetta er skjalfest á Alþingi. Samfylkingin var í ríkisstjórn og hæstv. fyrrverandi viðskiptaráðherra heitir Björgvin G. Sigurðsson og er samfylkingarmaður. En mér finnst vanta nokkuð hjá hv. þingmanni í ræðu hans. Hann gat um skuldbindingar ríkissjóðs o.s.frv. og þær skuldir sem búið er að taka við. Hann gat ekki um áhættuna sem fylgir þessum samningi sem við erum að ræða hér og þessu frumvarpi, áhættuna sem felst í því meðaltali sem menn ganga út frá, þ.e. að eignir séu 75% af skuldum. Það er meðaltal. Frávikin vantar. Það vantar staðalfrávikið sem menn þurfa að vita. Það vantar hversu miklar líkur eru á því að einungis 30% greiðist með eignum Landsbankans og það eru ákveðnar líkur á því líka nákvæmlega eins og það eru líka líkur á því að 100% greiðist. Þetta vantar algerlega inn í dæmið. Það vantar alla áhættugreiningu í þetta þannig að ríkisábyrgðin er með ákveðnum líkum ótrúlega mikil. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann hafi velt þessu fyrir sér og hvort það væri ekki eðlilegt eins og ég stakk upp á í umræðum í gær í tvígang að sett yrði á þetta þak, að Alþingi sem veitir ríkisábyrgð mundi setja þak sem hlutfall af þjóðarframleiðslu sem geri það að verkum að það yrðu hagsmunir okkar viðsemjenda, Hollendinga og Breta að þjóðarframleiðslan verði sem mest.

[13:50]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni um að stór hluti af þessu máli er sú áhætta sem verið er að láta íslenska þjóð undirgangast, 300 þúsund manna samfélag sem væri örlítið hverfi í Lundúnaborg. Ég er mjög ósáttur við að við skulum ekki geta dregið úr þeirri gríðarlegu áhættu sem verið er að skella yfir þjóðina verði þetta að óbreyttu samþykkt. Það er þess vegna sem við höfum talað í þessari umræðu fyrir því að við skyldum í sameiningu, stjórn og stjórnarandstaða, setjast yfir þetta mál og leita nýrra samninga því það er ekki spurning að ef við komum sameinuð til slíkra viðræðna þá erum við sterkari. Því miður er mörgum spurningum ósvarað í þessari umræðu sem við höfum þráfaldlega spurt um meðal annars í gærkvöldi þar sem ekki einn einasti þingmaður Samfylkingarinnar tók þátt í umræðunni þrátt fyrir að við kæmum hér upp ítrekað og óskuðum eftir því að frú forseti gerði þingflokki Samfylkingarinnar grein fyrir því að við óskuðum eftir því að þau væru við þessa umræðu vegna þess að Samfylkingin er ekki eins hvítþvegin í þessu máli og hún vill vera láta.

Ég vil enda á því að segja að mér finnst það nöturlegt ef hæstv. forsætisráðherra ætlar ekki að taka þátt í þessari umræðu og skýra sín sjónarmið. Mér finnst vanta í rauninni allan kraft í forustumenn þessarar ríkisstjórnar. Ég hef sagt það hér áður og ég hef fundið fyrir því í þessari umræðu að íslensk þjóð hefur engan raunverulegan leiðtoga í dag. Höfum við einhvern tíma þurft á öflugri ríkisstjórn að halda sem hefur skýra framtíðarsýn þá er það á tímum sem þessum. Höfum við einhvern tíma þurft á að halda stoltum forustumönnum þjóðarinnar sem þora að takast á við þá aðila sem við þurfum að semja við þá er það núna. Þess vegna legg ég til (Forseti hringir.) að þessi ríkisstjórn leiti til okkar í stjórnarandstöðunni og að við komum sameinuð fram í þessu máli.

[13:52]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er í sjálfu sér ánægður með þessi svör frá hv. þingmanni. Það er líka rétt að það skortir á að stjórnarþingmenn séu viðstaddir umræðuna. En það skortir sérstaklega á að þeir taki þátt í henni. Ég hefði nefnilega viljað spyrja suma þeirra að því hvort þeir hafi lesið samninginn áður en þeir samþykktu að veita ríkisstjórninni heimild til að undirrita hann. Ég hef grun um að svo hafi ekki verið. Ég hef meira að segja grun um að hæstv. forsætisráðherra

hafi ekki verið búin að lesa samninginn þegar hún veitti hæstv. fjármálaráðherra heimild til að skrifa undir hann. Hann er á ensku og ég veit ekki til að hann hafi verið þýddur á þeim tíma. Það var skrifað undir hann um morguninn. Þetta var mjög stuttur tími. Mig langar til að vita hvort hv. þingmaður hafi velt þessu fyrir sér.

Svo er það hitt sem ég hef reyndar líka bent á að auðvitað eiga allir þingmenn á Alþingi Íslendinga að vinna að þessu máli. Þetta er það stórt. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!) Mig langar til að spyrja hv. þingmann, af því að ég stakk upp á þessu í gær, hvort hann telji að þingflokkur hans gæti verið til í að vinna með ríkisstjórninni að því að finna á þessu lausn sem íslensk þjóð gæti lifað við.

[13:53]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við höfum heyrt að hæstv. ráðherrar gefa það í skyn, og þá sérstaklega gagnvart eigin liðsmönnum, að samþykki þeir ekki þennan samning sé veruleg hætta á því að þessi ríkisstjórn sé fyrir bí. Nú kom hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, fram í fjölmiðlum nú fyrir nokkrum dögum og lýsti því fyrir hönd okkar framsóknarmanna að verði þessi samningur felldur á þingi munum við vinna með ríkisstjórninni að því að leita nýrra samninga. Því er alveg tómt mál um að tala fyrir hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni að halda því fram að ríkisstjórnin sé í einhverri sérstakri hættu í þessu máli. Það væri mikið fagnaðarefni ef við gætum náð samstöðu um það á vettvangi Alþingis að breyta þessu máli og lagfæra það og ganga sameinuð til nýrra viðræðna því það eru miklir hagsmunir sem þessar þjóðir, Hollendingar og Bretar og í raun öll Evrópa, hafa af því að við lendum þessu máli í einhverju samkomulagi, gríðarlegir hagsmunir eins og við höfum bent hér á. Samningsstaða okkar er að því leytinu til nokkuð sterk og svo ég ljúki ræðu minni á því þá furða ég mig á því að við skulum vera að ræða þetta mál sem búið er að skrifa undir og Alþingi á eftir að staðfesta án þess að hæstv. ríkisstjórn hafi áður en skrifað var undir verið búin að láta fara fram eitthvert mat á því hver greiðslugeta þjóðarinnar verður til framtíðar litið og án þess að margir ráðherrar í ríkisstjórninni hafi kynnt sér þetta í hörgul. Hér hefði þurft að standa allt öðruvísi að málum. Hér hefði ríkisstjórnin líka átt að leita til stjórnarandstöðunnar áður en gengið var frá þessu máli. En þetta sýnir í raun þau gamaldags vinnubrögð sem hæstv. ráðherrar Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon viðhafa enn enda eru þau vön þeim vinnubrögðum á þeim áratugum sem þau hafa gegnt störfum á vettvangi Alþingis.

[13:56]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Málatilbúnaður allur í þessu gífurlega stóra máli, líklega stærsta efnahagsmáli sem komið hefur fyrir Alþingi Íslendinga er búinn að vera með ólíkindum. Alveg frá upphafi hefur stjórnin hrakist úr horni í horn og stöðugt verið staðin að því að greina annaðhvort hreinlega rangt frá eða með ófullnægjandi hætti. Seint í gærkvöldi kom í ljós að Alþingi hefur ekki fengið í hendur öll gögn er varða þetta mál. Það kom sem sagt á daginn að embættismenn höfðu fengið það verkefni að handvelja hvaða gögn þingmenn fengju að skoða varðandi þetta mál.

Ég vil taka undir áskorun hv. þm. Birgis Ármannssonar frá því í gærkvöldi um að alþingismenn geti að minnsta kosti fengið kost á því að skoða hvaða gögn sé um að ræða og geti þá ákveðið sjálfir hvort þeir kynni sér þau nánar. Einnig hafa komið fram nýjar upplýsingar um þá fjárhagsstöðu ríkisins og þjóðarinnar sem lögð var til grundvallar í þessum samningum og raunar hefur komið í ljós nú þegar að forsendur samningsins eru brostnar áður en Alþingi er búið að staðfesta hann svo að þetta mál allt saman verður fáránlegra með hverjum deginum og ég vona að þingmenn láti sér ekki til hugar koma að staðfesta samning sem er þess eðlis að forsendur fyrir honum eru þegar brostnar miðað við það sem kemur fram í samningnum sjálfum. Þetta er svo fáránlegt að það er erfitt að koma orðum yfir þetta.

Reyndar hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reynt að réttlæta þessar breyttu forsendur með þeim hætti að greiðsluþol Íslands hafi aukist frá því sem áður var sagt. Gjaldeyrissjóðurinn hafi áður sagt að landið mundi ekki þola skuldsetningu upp á 240% af landsframleiðslu. Nú virðist hann ætla að breyta um stefnu í þessu efni og segir að ja, þetta hafi nú færst til. Og hverjar eru ástæðurnar sem gefnar eru upp? Þær eru að hér hafi allt versnað svo mikið að við getum frekar staðið við skuldbindingar okkar. Hvernig má þetta vera? Jú, bent er á að vegna þess að skuldir eru miklu meiri heldur en gert var ráð fyrir þá þurfi meiri niðurskurð, þá þurfi gjaldeyrishöftin að vera við lýði lengur, þá verði minni neysla í samfélaginu, við höfum síður efni á því að flytja inn vörur og þar af leiði að við getum frekar staðið við meiri skuldir en ella. Þessi röksemdafærsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skýrir kannski þau vandræði sem sjóðurinn hefur komið svo mörgum ríkjum í með ofskuldsetningu, skuldsetningu sem ríki sem hafa þegið aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa jafnvel setið uppi með áratugum saman og sitja mörg hver uppi með enn þá og eru lent í fátæktargildru vegna þess að hinar óhóflegu erlendu skuldir halda gjaldmiðli landanna í lágmarki. Og það er ekki hægt að deila um að Icesave-samkomulagið muni halda gengi krónunnar lágu í að minnsta kosti 15 ár, líklega miklu lengur. Þetta leiðir til þess að efnahagur þessara ríkja helst veikur, fólk flyst úr landi, fólk sem getur starfað annars staðar. Læknar, verkfræðingar, slíkt fólk það fer og smátt og smátt heldur hnignunin áfram. Þetta er sú braut sem þessi ríkisstjórn er að setja þjóðina inn á með þessum Icesave-samningi og rökin eru þau ein að eitthvert minnisblað hafi verið undirritað um að menn hygðust reyna að ná samkomulagi og þar með hafi allt saman verið tapað. Raunar er þeim rökum bætt við líka að aðaltjónið komi ekki til fyrr en eftir nokkur ár og þar af leiðandi getum við leyft okkur að horfa fram hjá því.

Nei, við getum ekki leyft okkur að horfa fram hjá því að verið sé að leggja slíkan skuldaklafa á þjóðina að hún geti ekki með nokkru móti staðið undir honum. Hæstv. viðskiptaráðherra sem hefur reynt að færa rök fyrir því að þetta sé ekki svo mikið vandamál hefur ekki enn þá sýnt fram á hvernig sá gjaldeyrisafgangur, ekki bara gjaldeyristekjur, eigi að vera til svo hægt sé að standa undir þessum samningum. Þvert á móti hefur verið sýnt fram á það, meðal

annars í nýlegri úttekt Sigurðar Hannessonar doktors í stærðfræði, að ekki verður hægt að skapa nægan gjaldeyri til að standa undir þessum samningi. Jafnvel þótt við fyndum olíu væri ekki hægt að skapa nógan gjaldeyri. Hvernig stendur á því? Það er vegna þess að til að fjárfesta í útflutningsgreinum eins og olíuvinnslu þarf gríðarlegan erlendan kostnað. Norðmenn held ég að hafi þurft að bíða í 20 ár áður en þeir fóru að koma út í plús af olíuvinnslu sinni svo að þessi samningur er algjört glapræði sem þingið má ekki einu sinni leyfa sér að hugleiða að staðfesta. Ég held að menn ættu að líta aðeins til fyrri kynslóða Íslendinga og þeirrar baráttu sem þær háðu fyrir að verja sjálfstæði þjóðarinnar oft við gífurlega erfiðar aðstæður og reyna að telja í sjálfa sig smákjark út frá því í stað þess að gefast upp. (Forseti hringir.)

Hæstv. forsætisráðherra ætlar að taka til máls svo ég mun víkja og leyfa hæstv. forsætisráðherra loksins að tjá sig. (Gripið fram í.)

[14:01]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sat lungann úr deginum í gær og hlýddi á þessar umræður. Ég verð alltaf meira og meira undrandi eftir því sem fleiri framsóknarmenn koma í ræðustól. Hér eru notuð mjög sérstök orð yfir glapræði, að við séum að steypa þjóðinni í algera glötun með því að gangast undir þessar skuldbindingar. Mér finnst að menn hafi hreinlega ekki kynnt sér þetta mál, farið ofan í þær töflur og annað sem fylgir með þessu máli. Það er kemur fram í greinargerð með frumvarpinu varðandi þessar greiðslur, hvernig þær eru núna, að þær eru vissulega háar fram til ársins 2016 meðan við erum þó í skjóli af því að greiða Icesave-skuldirnar. Talað er um að þetta séu 11–16% af vergri landsframleiðslu, skuldabyrðin, afborganir og vextir af skuld ríkissjóðs sem er gífurlega mikil á árunum 2011–2016. En eftir að við förum að standa undir þessum skuldbindingum vegna Icesave fer hlutfallið upp í 12% en fer síðan lækkandi niður í 8% árið 2021. Viðskiptaráðherra hefur sannarlega sýnt fram á það, ef notað er annað viðmið í þessu eins og hvað við þyrftum að greiða mikið af útflutningstekjum okkar á næstu árum til að standa undir þessu, að þetta er vel viðráðanlegt. Ég skil ekki hvað vakir fyrir hv. þingmönnum Framsóknarflokksins þegar þeir mála skrattann á vegginn (Gripið fram í.) í þessu máli vegna þess að auðvitað er skuldabyrðin mjög erfið í öllu þessu máli en hún er ekki óviðráðanleg. Við höfum margfarið yfir það og sýnt fram á það í greinargerð og í ræðum og riti að þjóðin getur vel staðið undir þessum skuldum. Þegar því er síðan bætt við að Íslendingar séu að afsala sér eignum sínum af því að ganga á eignir og auðlindir er mér algerlega ofboðið.

[14:03]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er fagnaðarefni að hæstv. forsætisráðherra skuli loksins hafa treyst sér til að taka þátt í þessari umræðu þó að ráðherrann hafi því miður ekki haft annað fram að færa en endurvinnslu á rökum hæstv. viðskiptaráðherra sem mönnum hefur þótt tiltölulega lítið til koma, enda hefur ráðherrann ekki sýnt fram á það hvernig gjaldeyrisafgangurinn á að verða til. Og hæstv. forsætisráðherra ber enn á ný skuldirnar saman við þjóðarframleiðslu.

Ég og fleiri höfum reynt að útskýra það að landsframleiðsla hefur lítið með það að gera hvort við getum átt afgangsgjaldeyri. Það er ekki upp á neitt að hlaupa. Megnið af gjaldeyristekjum okkar fer sem stendur annaðhvort í nauðsynlegar innflutningsvörur, vörur sem jafnvel þarf til að standa undir útflutningi eða í það að borga af erlendum skuldum sem hrannast hafa upp. Það hefur því ekki verið sýnt fram á þennan afgang. Mér sýnist ríkisstjórnin stöðugt falla dýpra í sömu gryfju og bankarnir gerðu í örvæntingu sinni á lokasprettinum þegar þeir litu fram hjá stóru myndinni og hugsuðu sem svo að það mætti skuldsetja sig hér og þar vegna þess að í framtíðinni yrði allt svo miklu betra, verðmæti eigna mundi aukast svo mikið, það færi allt á blússandi siglingu aftur og þegar fram liðu stundir mundu menn geta staðið undir öllum þessum lánum sem verið væri að taka hér og þar. Ef samningurinn verður samþykktur mun þessi ríkisstjórn aldrei aftur geta leyft sér að gagnrýna framferði bankamannanna á Íslandi vegna þess að hún er búin að gera nákvæmlega það sama nema bara á miklu stærri skala þar sem þjóðin öll er undir.

[14:05]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér finnst eins og hv. þingmaður tali hér eins og það verði engin framþróun á næstu árum, það verði enginn hagvöxtur, engar auknar gjaldeyristekjur (**SDG:** Hvernig á það að gerast?) og að hér standi allt í stað. Auðvitað mun hér verða hagvöxtur aftur þegar við munum koma efnahags- og atvinnulífi okkar í gang og að því erum við að vinna af fullum krafti, m.a. með því að endurreisa bankana. Við gerum auðvitað ráð fyrir hagvexti, auknum útflutningstekjum og auknum gjaldeyristekjum. Fyrr má nú vera svartsýnin að halda að hér standi allt í stað á næstu árum. (Gripið fram í.) Ég á aðra og betri ósk fyrir þjóðina en að svo verði.

Varðandi þá samninga sem gerðir hafa verið — menn horfa á þau kjör sem þó hafa náðst fram — spyr ég: Telja menn yfirleitt að hægt sé að ná fram hagstæðari kjörum en við höfum náð fram? Hvaða áhættu taka menn með því að samþykkja þessa samninga og fara í endurskoðun á því? Vextirnir hafa verið að hækka meira að segja eftir að við náðum þessum samningi. Við erum að tala um skuldaálag upp á 125 punkta og hvað eru þeir hér á landi núna? Ætli þeir séu ekki 670 punktar eða eitthvað slíkt? (Gripið fram í.) Það er því ekki hægt að tala um óhagstæða samninga miðað við þá stöðu sem uppi er núna. Við erum í skjóli á meðan við erum að ná okkur upp úr þessum miklu erfiðleikum sem við erum í, við þurfa ekki að borga af þessum lánum fyrr en eftir sjö ár og við skulum vona að við getum rifið upp hagvöxtinn og atvinnulífið. Að því erum við auðvitað að vinna. En guð minn góður, svartsýnistalið í hv. þingmanni um að hér muni ekkert gerast og það muni verða stöðnun næstu árin — það er ekki þannig. Við getum rifið okkur upp úr þessu og við eigum að tala kjark í þjóðina en ekki rífa hana niður með svona svartagallsrausi eins og

maður heyrir aftur og aftur úr þessum ræðustól.

[14:07]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef við höfum lært eitthvað af bankahruninu hlýtur aðalatriðið að vera það að líta á hlutina eins og þeir eru og reyna ekki að blekkja almenning. Einungis þannig er hægt að taka á vandanum. Ríkisstjórnin er aftur fallin í sömu gryfju og bankarnir gerðu í örvæntingu sinni þegar þeir reyndu að kveða niður alla neikvæða umræðu og fela vandann. Hver mann ekki eftir á síðustu vikunum fyrir hrunið þegar haldnar voru ráðstefnur eins og „Ísland — öfundsverðar framtíðarhorfur“? Þannig virðist hæstv. forsætisráðherra ætla að leysa málið núna, með því að lýsa því yfir að ástandið verði svo miklu betra, en hún getur ekki nefnt eina einustu ástæðu fyrir að það eigi að gerast. Forsætisráðherrann gerir líka þá sígildu skyssu sem nefnd var sem ein helsta ástæða alheimsfjármálakrísunnar og hafa verið skrifaðar heilu bækurnar um það. Það er sú skyssa að meta framtíðina út frá tölfræði fortíðar. Hæstv. forsætisráðherra og raunar hæstv. viðskiptaráðherra líka gera ráð fyrir því að hér verði áframhaldandi vöxtur útflutningstekna á næstu árum vegna þess að á síðustu árum hafi útflutningstekjur aukist svo mikið.

En hvað gerðist á síðustu árum? Það var byggt eitt risaálver, það var byggð risastór virkjun til að halda því álveri gangandi og risavaxið og allt of stórt íslenskt bankakerfi fór í útrás. Hvernig ætlar hæstv. forsætisráðherra að skapa útflutningstekjur í framtíðinni, útflutningstekjur sem verða viðvarandi, verða sjálfbærar í ljósi þess að oft í gegnum tíðina hefur ríkt stöðnun í útflutningstekjum? Það er ekkert sem segir að þær fari stöðugt vaxandi. Það var undantekningartilvik með byggingu risaálvers. Ætlar hæstv. forsætisráðherra að beita sér fyrir byggingu nýs risaálvers? Gleymir þá kannski hæstv. forsætisráðherra því að til þess að byggja risaálver þarf að taka gríðarlega há lán og svo þarf að borga af þeim lánum? Þetta er ekki svo einfalt.

[14:09]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu sína. Ég ætla að kanna hvort hann sé ef til vill sammála mér um að við fáum öll þessi gögn sem við eigum enn eftir að fá og hvort jafnvel sé ástæða til að gera eitthvað af þessum gögnum opinber. Það var ákaflega fátt í þessum gögnum nema ef til vill nöfn sem mér þykja persónulega vera eitthvað sem ætti að vera leyndó.

Þá langaði mig jafnframt að spyrja hv. þingmann hvort honum þyki ekki ástæða til að hæstv. ríkisstjórn veiti okkur aðgang að eignasafninu góða.

[14:10]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka góða fyrirspurn. Ég tek vissulega undir það með hv. þingmanni að þessi gögn á að birta. Það er í rauninni hjákátlegt að ríkisstjórn sem komst til valda ekki síst vegna gríðarlegrar áherslu sinnar á að allt ætti að vera uppi á borðum í samfélaginu, ekki mætti fela neitt — það var stefið í kosningabaráttu beggja stjórnarflokkanna — hefur gengið lengra en líklega flestir aðrir í því að reyna að leyna upplýsingum. Það þarf að kría út hvert einasta skjal. Það átti að fela sjálfan samninginn fyrir Alþingi sem átti að taka afstöðu til hans þangað til hann birtist í fréttum. Þá sögðu stjórnarliðar sem svo að það væri þá ekki um annað að gera en birta þetta fyrst byrjað væri að sýna samninginn í fréttunum.

Núna fáum við heilu möppurnar af einhverjum gögnum sem hafa verið handvalin af embættismönnum í ráðuneytunum sem ákveða hvað þingmenn eiga að fá að sjá og hvað ekki. (**Fjmrh.:** Viltu fá heilt bretti eða hvað?) Ég vil, hæstv. … (**Fjmrh.:** Þetta er óboðlegur málflutningur. Hann er meira að segja þér til skammar og er þá mikið sagt.)

(**Forseti** (ÁI)**:** Forseti áminnir þingmenn um að gæta orða sinna í salnum.) (**BJJ:** Þú átt að ávíta hann.)

Nú þykir mér hæstv. fjármálaráðherra vera farinn að missa það sem kallað er „kúlið“. Hann hefur náð að halda sæmilega vel á málflutningi sínum hér þrátt fyrir gríðarlega erfiða stöðu. En nú sýnist mér flest benda til þess að hann sé að játa sig sigraðan, orðinn fullkomlega rökþrota, kominn í mótsögn við sjálfan sig, orðinn allt annar maður en hann var hér áður fyrr, fyrir kosningar. Búinn að hrekja til baka öll sín rök fyrir þessum samningi og fer nú í skæting því að annað virðist hann ekki eiga eftir í þessari umræðu. Svona er nú komið fyrir þessari ríkisstjórn og svona er nú komið fyrir þessum samningi. Ég legg til að Alþingi hafni Icesave-samkomulaginu.

[14:12]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með umræðu um þetta stóra mál. Hann er mikið skammaður hæstv. fjármálaráðherra og ætla ég að vísu ekki að byrja á því — synd að hann skyldi hlaupa úr salnum um leið og ég fór í ræðustól — heldur frekar þó hrósa hæstv. fjármálaráðherra fyrir að taka umræðuna. Ég held að það hljóti að vera einhvers konar einsdæmi, ekki bara á Íslandi heldur í þeim löndum sem við berum okkur saman við, að í jafnstóru máli og hér er á ferðinni hafi hæstv. forsætisráðherra ekki sett sig á mælendaskrá. Hér verið að tala um mál sem er svo stórt að það verður ávallt fjallað um þetta mál í íslenskri sögu í framtíðinni. Það verður alltaf minnst á þetta mál, sama hvernig það fer. Forsætisráðherra þjóðarinnar hefur ekki séð ástæðu til þess að halda hér ræðu. Forsætisráðherra þjóðarinnar var nú á öðrum degi umræðunnar að fara í andsvar sem er auðvitað virðingarvert. En þetta er, virðulegi forseti, örugglega einsdæmi.

Það virðist vera þannig að Samfylkingin sé búin að ákveða að þetta sé nú ekki vinsælt mál og þar af leiðandi er Samfylkingin ekki á svæðinu. Það er tvennt sem einkennir þann flokk, Samfylkinguna. Sá flokkur á tvo guði. Það er ESB og það er Capacent Gallup. Allar gerðir þess flokks, allar flokkssamþykktir miðast annaðhvort við að koma Íslandi til fyrirheitna ríkjabandalagsins og þar er öllu fórnað eða að gera eitthvað sem verður hugsanlega til þess að komast þokkalega frá viðhorfskönnunum eða næstu skoðanakönnun. Virðulegi forseti. Ég tala af reynslu. Ég þekki störf þessa flokks mjög vel.

Það er samt sem áður þannig að hér hafa, virðulegi for-

seti, ráðherrar í ríkisstjórninni vegið mjög hart að Samfylkingunni án þess að nefna þann flokk á nafn. Ég held að sá ráðherra sem hafi gengið lengst hafi verið hæstv. viðskiptaráðherra sem ég er ánægður með að sé í salnum vegna þess að ég mun gagnrýna hann mjög harðlega og hann hefur þá tækifæri til að svara fyrir sig. Það verður að segjast eins og er að þegar ég hlustaði á hæstv. viðskiptaráðherra í gær þá hugsaði ég: Í hvaða liði er þessi maður? Í hvaða liði er þessi maður? Er þetta maður sem á að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar í þessu langerfiðasta deilumáli sem við höfum lent í í íslenskri samtímasögu. Þessi maður kom hér upp, hæstv. viðskiptaráðherra, og sagði: „Við berum alla ábyrgð. Þetta var allt Íslendingum að kenna, allt.“ Er það skrýtið, virðulegur forseti, að við sitjum uppi samning sem þennan þegar þessir aðilar gæta okkar hagsmuna? Einhver hefði getað komist að þeirri niðurstöðu að sú tilskipun sem við þurftum að taka upp frá ESB væri svo meingölluð að þar væri hugsanlega einhver ábyrgð. Nei, ekki hæstv. viðskiptaráðherra. Það er væntanlega okkur að kenna líka. Ég veit ekki hvaða Íslendingur skrifaði hana. Ég veit ekki hvaða Íslendingur samþykkti það á vettvangi Evrópusambandsins. Kannski hæstv. viðskiptaráðherra upplýsi okkur um það (**Gripið fram í:** Er Landsbankinn ...) því þetta var allt okkur að kenna. (**Gripið fram í:** Er Landsbankinn þá kannski saklaus bara?) Virðulegi forseti. Nú fór eitthvað um hæstv. fjármálaráðherra. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Þetta er athyglisverð ræða.) Hæstv. fjármálaráðherra hefur tækifæri til — ég vek athygli á því að hann hefur farið hér mikinn og beðið um frið til að vera í ræðustól og sagt hinum ýmsu þingmönnum að það komi að þeim seinna. Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra til að fara í andsvar ef hann hefur einhverjar athugasemdir við ræðu mína. Það verður mér mikil gleði og ánægja að svara hæstv. fjármálaráðherra.

Við erum í þessari stöðu, virðulegi forseti, og það er alveg sama hvernig við lítum á þetta mál. Sleppum bara Íslandi, sleppum Icesave. En það er algerlega ljóst að þessi tilskipun er meingölluð. Hún var samþykkt fyrir nokkuð mörgum árum síðan, ekkert ýkjamörgum, kannski tveimur áratugum eitthvað slíkt. En mikið hefur breyst á þeim tíma. Sömuleiðis hefði mönnum kannski átt að vera ljóst að ef þeir eru að hugsa um tilskipun fyrir sameiginlegan markað og innstæðutryggingar fyrir þá aðila sem þar eru, alveg sama í hvaða landi þeir eru, þá hefði verið mun skynsamlegra að hafa þá einn sjóð yfir allt svæðið. Þess í stað er hvert land með sjóð og það er algerlega ljóst miðað við þær fjárhæðir sem eru greiddar inn í þennan sjóð að það er ekki gert ráð fyrir bankahruni og hefur það komið fram á vettvangi Evrópusambandsins. Það er ekki gert ráð fyrir því.

Það sem gerist, virðulegi forseti, er að þegar þessi staða kom upp sem ég ætla ekki að rifja hér upp þá verða þær þjóðir sem við alla jafnan lítum á sem okkar vinaþjóðir, þ.e. þá segja þær sem svo að hér sé gríðarleg hætta á ferð ef einhver veikleiki kemur inn í þetta kerfi vegna þess að það muni þýða að innstæðueigendur í öllum bönkum á Evrópska efnahagssvæðinu, jafnvel víðar, muni taka inneignir sínar út og þar af leiðandi muni bankakerfið hrynja. Það var málflutningur þessara aðila. Þeir vita það og það vita allir að ekki var gert ráð fyrir þessum aðstæðum, að þetta kerfi mundi halda uppi heilu bankahruni.

Virðulegi forseti. Það sem hefur verið lítið í umræðunni hér er að við erum að skuldbinda okkur til að gera fleiri hluti. Þessi samningur gerir ráð fyrir því að til að hafa upp í þessar innstæðutryggingar, þ.e. 20 þúsund evrurnar á hvern reikning, að við erum í rauninni ekki bara að taka á því heldur er gert ráð fyrir því að þær eignir sem menn eru að véla um hér, þ.e. að 52% af þeim fari í að borga upp sérstakar ákvarðanir breskra og hollenskra stjórnvalda. Mér hefur fundist fara lítið fyrir þeirri umræðu hér inni og ekki mikið um það í greinargerð með frumvarpinu. En ég tel væntanlega að menn muni fara betur yfir það á vettvangi nefndarinnar.

Hæstv. viðskiptaráðherra talaði um að þetta hefði allt saman verið íslenskt og nefndi meðal annars að íslenskt eftirlit hefði brugðist og ég er ekkert frá því að það hafi gerst. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson benti á að Icesave skuldbindingarnar eða eignirnar í þeim sjóðum hefðu verið í tíð Samfylkingarinnar í bankamálaráðuneytinu. Ég held að menn komist þá ekkert hjá því að líta svo á að hæstv. viðskiptaráðherra hafi verið að gagnrýna fyrirrennara sinn mjög hressilega í þessari ræðu og gengið alveg gríðarlega langt í því.

Við sitjum uppi með það núna, virðulegi forseti, að búið er að skrifa undir þennan samning. Ég lít svo á að okkar verkefni sé að vinna úr þeirri stöðu eins vel og hægt er. Það er mjög snúið. Það verður að segjast að sú gagnrýni sem hér hefur komið fram á vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru mjög réttmæt. Ég ætla ekki að fara yfir orð og ummæli hæstv. fjármálaráðherra hvort sem þau féllu áður en hæstv. fjármálaráðherra varð hæstv. fjármálaráðherra eða fara yfir það sem hæstv. ráðherra sagði fyrir kosningar. Hér kom félagi hans í ríkisstjórnarflokkunum og benti sérstaklega á hæstv. fjármálaráðherra og hrósaði honum í hástert fyrir öll sinnaskiptin, hrósaði honum í hástert fyrir að taka allar U-beygjurnar. Það var nokkuð athyglisvert þannig að ég bara vísa í orð hv. þingmanna Samfylkingarinnar um að ekki þurfi að fara yfir U-beygjur hæstv. fjármálaráðherra, þær eru öllum ljósar í nokkurn veginn öllum málum.

En ef við förum aðeins yfir aðdragandann að þessu máli og þessu stóra máli þá liggur það alveg fyrir að hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórnin núverandi tók málið algjörlega í sínar hendur á sínum forsendum. Það liggur alveg fyrir að með því að gera Svavar Gestsson að formanni samninganefndar þá var það endanlega staðfest ef mönnum var það ekki ljóst. Hæstv. fjármálaráðherra sagði að á leiðinni væri glæsileg niðurstaða, bakkaði að vísu með það réttilega en sagði svo úr þessum stól sem aldrei hefur fengist skýring á þegar hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson spurði hann um stöðu þessa máls að það væri ekki byrjað. Tveim dögum síðar heyrum við í fréttunum í hæstv. forsætisráðherra að vísu sem kom ansi lukkuleg með þessa góðu niðurstöðu. Okkur þingmönnum var ekki kynnt neitt. Við fengum svo mjög sérkennilega kynningu á þingflokksfundum. Nokkrum klukkutímum síðar er búið að skrifa undir samning. Hér hafa menn verið að þræta fyrir það að það átti að halda samningnum leyndum. Ég sat í þingnefnd. Ég spurði sendinefnd undir forustu aðstoðarmanns hæstv. fjármálaráðherra sem útskýrði fyrir okkur að ekki stæði til að

láta þingmenn fá þessi gögn. Hann kom með þá hugmynd að það væri kannski kjörið að láta Ríkisendurskoðun túlka þetta ofan í þingmenn, kannski kjörið að gera það. Það þýðir því ekkert fyrir þessa fulltrúa núna að koma og segja að það hafi aldrei staðið til. Ef svo er þá voru trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar, væntanlega þá bara af einhverjum stráksskap á sérkennilegri stundu, að skrökva að þingmönnum í þingnefnd.

(**Forseti** (ÁI)**:** Forseti biður hv. þingmann að gæta hófs í orðræðu um fjarstadda menn sem ekki eiga sæti í þessum sal.)

Virðulegi forseti. Það eru komnir ýmsir nýir fletir á fundarstjórn forseta. Ég bara vona að virðulegi forseti gæti jafnræðis og samræmis þegar virðulegur forseti situr þarna uppi. En við fáum að sjá það núna í þessari taugaveiklun ríkisstjórnarinnar að virðulegir forsetar eru að fara að beita að því er virðist einungis athugasemdum gagnvart stjórnarandstöðunni. En við skulum vona að það muni nú róast og lagast þegar fram líða stundir.

Hvað sem því líður, virðulegi forseti, þá held ég að í þeirri erfiðu og snúnu stöðu sem við erum í þá séu sterkustu vopn okkar Íslendinga — og ég tek það fram að það er lykilatriði fyrir okkur að vinna saman í þessu og líta svo á, eins og það er, að þetta eru hagsmunir okkar Íslendinga. Þessum orðum beini ég sérstaklega til hæstv. viðskiptaráðherra — það sterkasta sem við höfum í þessu eru hin sameiginlegu viðmið sem samningsaðilar sættust á áður en sest var niður. Tvær greinar, tvö atriði eru sérstaklega sterk í því, þ.e. annars vegar að vísa til þess að það er verið að gæta efnahagslegra hagsmuna okkar Íslendinga við þessar krefjandi og einstöku aðstæður. Það er annars vegar það og síðan er hitt að það er verið að vísa til þess að stofnanir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins geti verið milligönguaðili í þessu erfiða deilumáli. Þarna, í þessu, lít ég svo á að við Íslendingar höfum náð árangri í þessari þröngu stöðu varðandi sameiginlegu viðmiðin. Þetta er það sem við eigum að leggja til grundvallar þegar við skoðum þennan samning. Er það svo, virðulegi forseti, að hér séum við að gera samning sem gerir okkur kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi okkar. Hér hafa komið mjög sterk málefnaleg rök fyrir því að svo sé ekki. En mótaðilar okkar hafa samþykkt að það verði gert. Á rökum munum við vinna þetta mál og þarna erum við með okkar sterkustu rök.

[14:28]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var skrýtin ræða og ég verð að segja afar ómakleg. Ég veit ekki til þess að nokkur maður, hvorki í ríkisstjórn né á þingi né í ráðuneytum eða samninganefndum hafi ekki borið hagsmuni Íslands fyrir brjósti í þessu máli öllu saman. Það er afar ómaklegt að vera með einhverjar dylgjur um annað. En við skulum hafa í huga að það er ekki bara mikilvægt að styðja málstað Íslands og Íslendinga. Það er líka mikilvægt að berjast fyrir því að málstaður Íslendinga sé góður og að við komum heiðarlega fram við viðsemjendur okkar í þessu máli sem öðrum.

Að halda því fram að hér hafi allt verið í himnalagi, að Landsbankinn hafi verið í góðum rekstri, útrásin verið að mala gull (**SDG:** Hver er að gera það?) og síðan hafi (**Gripið fram í:** Hver ...) bara allt hrunið vegna þess að einhver tilskipun frá Evrópusambandinu (Gripið fram í.) brást. Hér vorum við búin að byggja upp bankakerfi sem var með tífalda landsframleiðslu undir, var með mörg hundruð milljarða kr. í innstæðum á ábyrgð annarra. Að halda því fram að við getum bara hoppað frá þessu án þess að bera neina ábyrgð á því er svo fráleitt að það er ekki einu sinni svara vert. (Gripið fram í.)

[14:29]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég var ekki að gagnrýna einhverja menn úti í bæ. Ég var að gagnrýna hæstv. viðskiptaráðherra. Það er ekki merkilegt að mæta hér og bera aðra fyrir sig. Það hefur enginn í þessum sal sagt að hér hafi allt verið í himnalagi, ekki nokkur maður. Það sem menn hafa hins vegar sagt sem hafa viljað hugsa um það hvernig við getum náð sem bestri stöðu úr þessu er það að nota þau vopn sem við höfum í þessu erfiða máli. Heldur hæstv. viðskiptaráðherra að enginn sé að fylgjast með þessari umræðu hér? Heldur hæstv. viðskiptaráðherra að orð ráðherra í ríkisstjórninni skipti ekki máli? Hæstv. viðskiptaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra viku nær engu að þessu máli sem er þó þrátt fyrir allt ef ekki grunnurinn þá mjög stór þáttur í þessu deilumáli. (**Fjmrh.:** Það er rækilega tíundað í greinargerðinni.) Rækilega tíundað í greinargerðinni. Hér kom hæstv. ráðherra fjármála og kynnti þetta mál og vék nær engu orði að þessu. (**Fjmrh.:** Víst.) Hæstv. fjármálaráðherra mun væntanlega vera sjálfum sér samkvæmur og ekki bara kalla úti í sal heldur fara í andsvar. Ég hef ekki trú á öðru.

Virðulegur forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra tók hér undir allt það sem mótaðilar okkar eru að segja, allt, og var ekki að gæta hagsmuna Íslendinga og benda á hið augljósa, þ.e. að þessi tilskipun er stórgölluð. Reyndar er það svo, virðulegi forseti, að við höfum verið órétti beitt í þessu máli og ég hélt, virðulegi forseti, að þingmenn væru sammála um það. Er einhver á því að það hafi verið réttmætt að beita hryðjuverkalöggjöfinni? (Gripið fram í.) Er einhver á því — jafnmikið og við séum ósátt við margt sem gerðist hjá okkur og viðurkennum okkar mistök — er einhver (Forseti hringir.) inni á því að þessi tilskipun sé ekki gölluð?

[14:32]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það leikur enginn vafi á því að það er margt gallað í umgjörð fjármála í heiminum og sérstaklega í Evrópu og hinu evrópska fjármálakerfi. Einn galli birtist á þann veg að þegar Landsbankinn sigldi til Hollands á vormánuðum 2008 nánast gjaldþrota með handónýtt eignasafn í miklum vandræðum með sitt lausafé þá gátu Hollendingar ekki þrátt fyrir hávær mótmæli með nokkru komið í veg fyrir það. Það er einn galli á hinu samevrópska regluverki.

Það má vissulega deila um það hvort þessi tilskipun sem oft er vísað til sé gölluð. En við skulum hafa í huga hvað gerðist. Það fór banki á hausinn og tryggingar voru greiddar eins og til var ætlast. Við getum haldið upp öllum vörnum og höfum haldið uppi öllum vörnum vegna þess. En það

stendur samt sem áður eftir að tilskipunin átti að tryggja að menn fengju greitt ef banki færi á hausinn og það gerðist þannig að halda því fram að þessi tilskipun hafi verið svo meingölluð að hún hafi gert eitthvað annað heldur en að var stefnt, ja, menn þurfa að færa betri rök fyrir því heldur en fram hafa komið. Það breytir því ekki að samningamenn Íslands hafa haldið fram öllum rökum meðal annars þeim að þessi tilskipun sé gölluð.

Síðan skulum við hafa í huga fyrst talað er um ábyrgð og að það sem hér er sagt berist út fyrir landsteinana. Þeir þingmenn sem hér tala eins og Ísland eigi að fara einhverja Argentínuleið eru kerfisbundið og markvisst að grafa undan lánstrausti Íslands, því að á hverju byggir lánstraust? Það byggir ekki bara á getu til að greiða heldur líka vilja til að greiða þannig að þeir sem lýsa því yfir að Íslendingar eigi ekki að greiða eru kerfisbundið að grafa undan hagsmunum Íslands.

[14:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit ekki um hvaða hv. þingmenn hæstv. ráðherra er að ræða. En ástandið er miklu alvarlegra heldur en ég ætlaði. Hæstv. viðskiptaráðherra segir að það sé mjög gallað, fjármálakerfi heimsins, sem öllum er ljóst, en þessi tilskipun, það má nú deila um það hvort hún sé eitthvað gölluð, hún náði alveg fram markmiðum sínum, það má svona deila um það. Með öðrum orðum, við erum að horfa upp á það að fjármálakerfi heimsins sem allir vita var meingallað, við erum að taka skellinn eins og svo margir aðrir en hæstv. viðskiptaráðherra finnst það bara sjálfsagt að við ein gerum það. Honum finnst það bara sjálfsagt og er ekki alveg viss um það hvort það var nú eitthvað að þessari tilskipun sem gerði það að verkum að bankar í einkaeigu gátu sett upp reikninga víðs vegar um álfuna með ábyrgð íslenskra skattgreiðenda. (Forseti hringir.) Það er sú túlkun sem liggur fyrir. Og hæstv. viðskiptaráðherra er ekki alveg viss um hvort þetta sé gölluð tilskipun.

[14:35]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir afar athyglisverða ræðu. Sérstaklega vil ég taka undir orð hans er snúa að hæstv. forsætisráðherra og það hversu þögul hún er í þessum umræðum. Raunverulega talar hún ekki nema hún sé til þess neydd og í raun dýrkuð upp í ræðustólinn. Þetta er mjög einkennilegt að hæstv. forsætisráðherra skuli haga sér með þessum hætti þar sem raunverulega fullveldi þjóðarinnar liggur undir í þessu máli.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson úr því að hann kom hér upp og ræddi þetta mál: Hver er ástæðan fyrir því að hæstv. forsætisráðherra blandar sér ekki meira í umræðuna en orðið er? Hvers vegna hefur þessi ríkisstjórn sem nú situr valið hæstv. fjármálaráðherra til að fara út með ruslið fyrir sig? Liggur þarna eitthvað að baki eða hefur Samfylkingin eitthvað að fela í þessu máli? (**Gripið fram í:** Hvers á Guðlaugur Þór að gjalda að svara fyrir ...?)

[14:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er kannski ekki alveg utanaðkomandi þegar ég á að meta það af hverju vinstri flokkarnir sem voru kallaðir A-flokkarnir í gamla daga skipta með sér verkum með þessum hætti. Þó er ég alveg sannfærður um að það tengist þeim tveim guðum sem Samfylkingin á. Þeir eru annars vegar Capacent Gallup og hins vegar Evrópusambandið. Ég er alveg viss um það að samkvæmt Capacent Gallup er ekki vinsælt að vera í forustu í þessu máli. Þess vegna mun Samfylkingin reyna að halda sig eins langt frá því og mögulegt er og má alveg færa rök fyrir því að svona almennt þegar hefur komið að þessum málum öllum saman sem tengjast bankahruninu öðru slíku þá hafi Samfylkingunni tekist býsna vel að fela sig og fela sín spor.

Hæstv. forsætisráðherra flutti breytingartillögu við innleiðingu laganna á sínum tíma, þ.e. þegar þessi tilskipun var innleidd í íslensk lög þá kom breytingartillaga frá hæstv. forsætisráðherra sem þá var hv. þingmaður og vildi ganga mun lengra í því að ábyrgjast innstæður og hefur verið bent á að ef þingmenn hefðu samþykkt þá tillögu þá væri ábyrgð okkar um 400 milljörðum meiri en nú er. Kannski er það svo. En ég held, virðulegi forseti, að stærsta einstaka ástæðan sé sú að þetta er þannig mál að það er ekki líklegt til vinsælda og þýðir að hæstv. ráðherra mun halda sig frá því. Það er auðvitað algerlega ábyrgðarlaust því í þessu máli þurfum við öll að standa saman og maður mundi ætla að sá sem stýrir ríkisstjórn væri fremstur í flokki að útskýra og taka umræðu um þessi mál.

[14:38]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Svo það sé ekki misskilið þá var ég að biðja um skoðun þingmannsins en ekki ástæður þess eða hvort hann væri inni á gafli hjá vinstri flokkunum þannig að það leiðréttist. Ég þakka kærlega fyrir svarið.

Hv. þingmaður kom einnig í máli sínu að innstæðutryggingarsjóðnum og ábyrgðina á honum. Það sem mér hefur fundist vanta í þessa umræðu og hefur gleymst og ríkisstjórnin heldur ekki til haga hér, enda er það óþægilegt fyrir hana og til þess fallið að veikja málstað ríkisstjórnarinnar, er að Evrópusambandsríkin tóku sig til eftir hrunið mikla á Íslandi og skoðuðu reglurnar sem gilda um innstæðutryggingu á sjóði í löndunum. Þau hafa fundað einu sinni í mánuði eftir að bankarnir hrundu á Íslandi og hafa nú búið til viðbragðsáætlun ef slíkt kemur fyrir aftur og það þurfum við að kynna okkur fyrir 2. umr. og vonandi kemur það betur inn í nefndina sem fjallar um málið. Við þurfum að kynna okkur út á hvað þessar tillögur ganga og jafnvel hvort þar sé fallið frá ríkisábyrgð hjá innstæðutryggingarsjóði hvers lands fyrir sig því ég vissi að það stóð til.

[14:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni og maður mundi ætla að til dæmis hæstv. viðskiptaráðherra hefði kannski kynnt sér þessa hluti sem eru beint á hans borði. En það er nokkuð um það að Samfylkingin, eins og ég nefndi svo ég vitni aftur í þessa tvo guði

þess flokks, líti svo á að það sé afskaplega alvarlegt ef menn geta fundið einhverja veikleika hjá Evrópusambandinu.

Ég verð að segja eins og er að þó svo ég ætti enga ósk heitari en að Ísland yrði aðili að Evrópusambandinu þá mundi ég aldrei treysta Samfylkingunni til að vera í forustu um slík mál, aldrei nokkurn tíma því að við sem erum til dæmis aðdáendur knattspyrnuliða og erum oft svolítið heitir í umræðunni — það má færa rök fyrir því að það sé ekki allt saman mjög rökrétt þegar menn segja að þeir haldi með einu liði frekar en öðru — við bliknum í samanburði við þingmenn Samfylkingarinnar þegar þeir lýsa ágæti Evrópusambandsins og að allt sem þaðan komi sé allt að því fullkomið og stórkostlegt ef það er ekki svo og það tengist akkúrat (Forseti hringir.) því sem hv. þingmaður var að nefna hér.

[14:41]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ekki hægt annað en taka undir með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni varðandi ræðu hæstv. viðskiptaráðherra hér í gær. Mér var gjörsamlega misboðið að hlýða á þessa ræðu. Það vantaði í raun ekkert upp á annað en að hæstv. viðskiptaráðherra berði sig á bert bakið með gaddabelti eins og hann talaði. Raunar lét hv. þingmaður hjá líða að nefna annan samfylkingarmann, hæstv. félagsmálaráðherra, sem kom og hélt einhverja furðulegustu ræðu sem ég hef heyrt á Alþingi frá því að ég fór að fylgjast með stjórnmálum en það er nokkuð langt síðan miðað við aldur. Meðal þess sem hæstv. félagsmálaráðherra nefndi þar var að — ja, hann gerði nú ákaflega lítið úr málstað Íslendinga á allan hátt en nefndi þó sérstaklega að lagaleg rök Íslendinga væru ekki upp á marga fiska og að þeir fræðimenn innlendir sem erlendir sem hefðu haldið þeim fram væru kannski ekki merkilegir heldur en vísaði hins vegar í og þótti mikið til koma starfsmanns Evrópusambandsins sem hafði verið á þveröfugri skoðun. Ég hef því áhuga á að heyra mat hv. þingmanns á málflutningi hæstv. félagsmálaráðherra. Þessir tveir samfylkingarmenn sem hafa talað mest í þessu máli, hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra, þ.e. það hefur verið rauður þráður í málflutningi þeirra hversu ömurlegur málstaður Íslendinga sé í þessu máli og raunar hversu ömurlegir Íslendingar væru yfir höfuð og hafa verið sagðar ýmsar „séð og heyrt sögur“ því til stuðnings. Hvað þykir hv. þingmanni um þennan málflutning og hvernig telur hv. þingmaður að þessi málflutningur verði dæmdur eftir nokkur ár?

[14:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hittir nákvæmlega naglann á höfuðið þegar við tölum um málflutning hv. þingmanna Samfylkingarinnar. Það verður að segjast eins og er að manni finnst sjálfstraust þessara þingmanna ekki vera mikið. Einhvern veginn trúa þeir því að í hinu stóra volduga ríkjabandalagi sé allt miklu betra. Lögfræðingarnir þar eru auðvitað miklu klárari heldur en lögfræðingarnir okkar og þeir hafa náð þvílíkri fullkomnun í því að búa til ýmiss konar reglugerðarumhverfi og við þurfum að flýta okkur eins mikið og við mögulega getum til taka þetta himnaríki yfir, eða ekki yfir heldur komast undir það.

Því miður er af svo mörgu að taka og því miður kemur þetta nákvæmlega svo skýrt fram í þessari umræðu. Nú þekki ég fullt af fólki sem telur að hagsmunum Íslands sé betur borgið með því að fara í Evrópusambandið. Það eru alveg málefnaleg rök. En það fólk í Samfylkingunni sem ég umgengst alla jafnan, fyrir utan félagana í þinginu, líta svo á að við eigum að gæta hagsmuna Íslands. Það segir sig líka sjálft að ef forustumenn í ríkisstjórninni líta svona á málin, hvernig hafa þeir þá haldið á hagsmunum Íslands í þessum samningaviðræðum? Setjum okkur í þeirra spor. Ef þeir mæta og telja að þeir séu með algerlega vonlausan málstað, vondan málstað — telja að allt sem manni sjálfum eða því sem snýr að manni sé slæmt — eru líkur á því að viðkomandi nái góðum samningi? Reyndar er það svo að á því eru nákvæmlega engar líkur. Ég tala nú ekki um ef menn telja mikilvægt að ýta þessu frá til að komast í hið algóða Evrópusamband.

[14:45]

Útbýting:

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 103. mál, svar dómsmrh., þskj. 222.

[14:45]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það líður nú að lokum þessarar umræðu um ríkisábyrgð vegna Icesave-samkomulagsins. Umræðan hefur verið harla fróðleg og upplýsandi á margan hátt. Hér hafa fjöldamargir þingmenn tekið til máls, einkum þingmenn stjórnarandstöðunnar, og bent á fjöldamörg atriði sem varða þennan samning og aðdraganda hans sem gera það að verkum að við verðum að sýna mikla varkárni gagnvart því að samþykkja hann og eigum auðvitað að fella hann eins og hann liggur fyrir.

Með því er ég ekki að segja að við eigum ekki að leita samninga en það þarf að gera á öðrum forsendum og með öðrum hætti en hér liggur fyrir. Það hlýtur að vera verkefni okkar í þinginu að móta áherslur í því sambandi, helst eins og fram hefur komið m.a. af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, að þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, reyni að móta lausnir á þessu máli sem byggja á því að hagsmuna Íslands verði gætt til hins ýtrasta.

Þetta mál er afar vont, það er vont að við skulum vera í þessari stöðu og það er erfitt að leysa úr því, enginn er í vafa um það. En við þurfum að gera það og við þurfum að gera það saman. Þess vegna tek ég eindregið undir það sem hæstv. heilbrigðisráðherra sagði hér í gær, að við þurfum að finna lausnir á þessu máli óháð flokkslínum og reyna að leita leiða til þess að útkljá það þannig að Íslendingar komi sem best út úr því. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt í þeirri vinnslu sem á eftir að fara fram í þinginu að þær nefndir sem fá málið til umfjöllunar — fram hefur komið að málið gengur til fjárlaganefndar sem mun hefja umfjöllun sína núna þegar að þessum fundi loknum eftir því sem ég best veit. Ákveðnir þættir munu að sjálfsögðu

ganga til hv. efnahags- og skattanefndar og utanríkisnefndar vegna þess að málið er auðvitað víðtækt og tekur á mörgum þáttum. Ég held að menn geti ekki velkst í vafa um að það eru afar mörg atriði sem þessar nefndir þurfa að kafa ofan í til þess að fá botn í ýmsa þætti þessa máls.

Ég nefni hér stjórnskipulega og þjóðréttarlega þætti. Ég er þeirrar skoðunar að lagalegir þættir í þessu sambandi séu margir hverjir óútkljáðir, bæði hvað varðar skuldbindingar Íslendinga og lagaleg atriði sem varða samninginn sjálfan. Ég held líka að það þurfi að fara miklu betur ofan í efnahagslega þætti, bæði forsendur sem varða framtíð efnahagsmála á Íslandi og forsendur sem varða eignasafn Landsbanka, hvað er líklegt að endurheimtist af þeim eignum sem þar eru enn. Síðan þarf að skoða óbein áhrif þessa samkomulags á efnahagsmálin, bæði út frá lánshæfismati, gjaldeyrismálum og fleiri þáttum. Þetta er auðvitað ekkert áhlaupaverk og ljóst að þær nefndir sem þarna koma að málum þurfa að hafa sig allar við til þess að vinna þetta verk vel. Ég held að menn eigi frekar að gefa sér fleiri daga til þess að fjalla um málið en reyna að klára það í einhverjum flýti vegna einhverra fyrir fram ákveðinna dagsetninga sem þeir hafa gefið sjálfum sér. Menn mega ekki í þessu sambandi búa sér til einhvern tímafrest sem leiðir til þess að málið fær ekki nægilega vandaða umfjöllun í þinginu.

Ég nefni líka hér og árétta það í lok ræðu minnar að mér finnst eðlilegt að þingið eða þær þingnefndir sem málið varðar fái upplýsingar um hvaða gögn eru til í fórum stjórnvalda, samninganefndar og þeirra ráðuneyta sem málið varðar sem ekki hafa komið fram enn. Hæstv. fjármálaráðherra upplýsti í gær að slík gögn væru fyrir hendi, heilu brettin, ef ég man orð hans rétt, og er það vafalaust rétt. Við höfum fengið mikið af gögnum í hendur, það er alveg rétt sem komið hefur fram, en það er ljóst að eitthvað vantar upp á. Mér finnst afar mikilvægt að þingið eða þingnefndir fái upplýsingar um hvaða gögn séu til þannig að það sé þingið sjálft, þingmenn sjálfir sem geti ákveðið (Forseti hringir.) eftir (Forseti hringir.) hvaða gögnum þeir kalla þegar málið fer til frekari vinnslu í þingnefndum.

[14:51]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Við stöndum frammi fyrir einu stærsta og alvarlegasta máli sem við sem þjóð höfum staðið frammi fyrir á öðru tímabili íslensks lýðveldis. Á fyrsta tímabili hins íslenska lýðveldis, á þjóðveldistímanum, stóðu menn oft frammi fyrir stórum málum, jafnvel stærri, og leystu þau. Engu að síður töpuðum við sjálfstæði okkar í margar aldir og það getur auðvitað gerst aftur.

Þrátt fyrir alla pólitík, ágreining um undirbúning, aðdraganda, upphaf máls og ekki síst um samninginn sjálfan snýst Icesave fyrst og fremst um tvennt, annars vegar réttlæti og hins vegar greiðslubyrði og gjaldþol íslensku þjóðarinnar. Það eru þessir þættir sem við ættum að skoða við 1. umr.

Frú forseti. Réttlætiskrafan snýr annars vegar að þeim sem sannarlega áttu mestan þátt í að koma okkur sem þjóð svona illa. Þar má engan undanskilja, rannsaka verður alla þætti, aðkomu stjórnvalda og eftirlitsaðila en ekki síst rannsaka gerðir þeirra sem ákvarðanirnar tóku. Ef þar kemur eitthvað misjafnt fram verður að vísa öllum slíkum málum til sérstaks saksóknara og enda mál fyrir dómstólum. Í því sambandi fagna ég því frumvarpi sem hæstv. dómsmálaráðherra lagði hér fram fyrr í dag. Það verður ekki friður í hjörtum okkar Íslendinga fyrr en réttlætið hefur gengið fram í þessum málum.

Hin réttlætiskrafan og ekki síðri snýr að lögmæti þess hvort við eigum að greiða þessa skuld. Það er óásættanlegt að aldrei hafi verið látið á það reyna með raunverulegum hætti hvort lagalega leiðin, dómstólaleiðin hafi verið fær. Evrópsk tilskipun er gölluð, það veit franski seðlabankinn og er hann því þess vegna með ákvæði þess efnis að við bankahrun gildi ekki þessi tiltekna tilskipun. Íslenskir sem erlendir lagasérfræðingar hafa lýst því sama yfir. Í huga mínum er augljóst að það er ekki réttlæti að við, þessi rúmlega 300 þúsund manna þjóð, eigum ein að standa undir þessum evrópska galla.

Varðandi greiðslubyrði og gjaldþol þjóðarinnar hefur sífellt sigið á ógæfuhliðina því meira sem við heyrum, því meira sem við spyrjum, því meira sem við fréttum af þessu máli. Í haust og í vetur áætlaði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að skuldir þjóðarbúsins væru allt að 160% af landsframleiðslu, þær mættu ekki aukast og væru reyndar á mörkum þess sem land og þjóð gætu staðið undir, þ.e. að það gæti staðið undir skuldbindingum sínum.

Á áhugaverðum fundi sem við framsóknarmenn áttum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í gær kom fram og hefur reyndar komið fram í fréttum að í reynd væru skuldirnar miklu meiri en 160% af landsframleiðslu en þó eitthvað lægri en 250–300%, svo notuð séu orð landstjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi. Ef það er ekki forsendubrestur að skuldir þjóðarinnar hafi hækkað úr áætluðum 160% í eitthvað lægra en 250–300%, þótt ekki sé það gefið upp nákvæmlega, veit ég ekki hvað forsendubrestur er. Við það bætist að á engum tíma, hvort sem er við samningsgerðina eða við undirbúning hennar hjá þessari ríkisstjórn eða þeirri sem undirbjó málið í haust, voru þær ríkisstjórnir reiðubúnar að leggja fram greiðsluáætlun um getu þjóðarbúsins næstu 15 árin. Við vitum sem sagt ekki enn hvert greiðsluþolið er. Um það hefur margt verið sagt í umræðunni, frú forseti, og litlu kannski við það að bæta þó að umræðan sé hvergi tæmd og allur sannleikurinn alls ekki kominn fram.

Niðurstaðan og sannleikurinn eru sá að óvissan er allt of mikil. Réttlætiskennd okkar er misboðið. Við sem eigum að taka ákvörðun um hvort við eigum að skuldbinda þjóðina í nútíð og um verulega langa framtíð verðum að hafa betri framtíðarsýn. Samningurinn er ekki aðgengilegur eins og hann lítur út nú. Erfiðleikar þjóðarinnar eru miklir, það hefur margoft komið fram í umræðunni. Erfiðleikar eru hins vegar til að sigrast á þeim. Það verðum við að gera saman, öll þjóðin og allir þingmenn hér inni. Þessi samningur er ekki studdur af þjóðinni vegna þess að hann er óréttlátur og óvissan um greiðsluþol og greiðslugetu er of mikil. Því skora ég á þingheim allan að setjast yfir málið að nýju og skoða hvernig við komumst út úr þessum vanda. Það getur vel verið að réttast sé, eins og gert hefur verið áður, að viðurkenna einhverja pólitíska ábyrgð samhliða því að halda til haga lagalegum rétti okkar.

Einnig verðum við að gera okkur grein fyrir því hvert

greiðsluþol okkar er, hvað við getum greitt. Síðan verðum við að semja að nýju vegna þess forsendubrests sem kominn er fram. Þannig náum við vopnum okkar nýju, þannig náum við allri þjóðinni með í réttlátari og sanngjarnari vegferð út úr Icesave-klúðrinu.

[14:57]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hugtökin réttlæti, sjálfstæði og fullveldi þjóðar hafa ótæpilega verið notuð í þessari umræðu og nú get ég ekki orða bundist lengur. Hvað er það sem gerir þjóð að þjóð? Það er samstaða á erfiðum tímum. (**Gripið fram í:** Nákvæmlega.) Við Íslendingar þekkjum náttúruhamfarir sem lamað hafa samfélag okkar og byggðir eins og þegar snjóflóðin féllu vestur á fjörðum og á Austfjörðum. Þá stóð þjóðin saman og Íslendingar studdu hver annan og byggðirnar fundu sér tilverugrundvöll á ný, risu á fætur og lífið hélt áfram. Þannig höfum við lifað í þessu landi í gegnum aldirnar, við öxlum byrðarnar saman. Þess vegna höfum við risið upp úr fátækt og harðindum og haslað okkur völl sem menningarþjóð og velferðarsamfélag sem við erum svo sannarlega. Þó að ímyndin hafi laskast og tímabundið óminni og óráð frjálshyggju og sérhagsmunagæslu hafi gripið um sig stöndum við samt á djúpum rótum sem þjóð. Við erum dugleg þjóð og samtaka og við erum aldrei sterkari en þegar við stöndum frammi fyrir erfiðleikum.

Nú erum við stödd á rústum fallinnar hugmyndafræði. Gleymum ekki ábyrgð okkar í því sem gerst hefur í þeirri hugmyndafræði. Gleymum ekki frjálshyggjudansinum sem stóð hér áratugum saman og gleymum ekki hverjir voru helstu meðreiðarsveinar og trumbuslagarar í þeim dansi.

Sú hugmyndafræði féll yfir okkur eins og snjóflóð og nú stöndum við og erum að reyna að finna okkur bjargir. Það eina sem ljóst er í þessu máli er að við erum í sporum sem ekki eru sanngjörn, ekki réttlát, en við verðum að komast úr þessum sporum og það eina sem við getum gert er að axla þær byrðar sem við berum saman. Icesave-samningurinn er einn af þessum byrðum en við verðum að axla hann saman og standa ábyrg gagnvart öðrum þjóðum, ekki sem einstaklingar heldur sem þjóð.

[14:59]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á andsvari hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur. Mér heyrðist hún taka meira og minna undir orð mín um að samningur þessi væri bæði óréttlátur og ósanngjarn og að við þyrftum að standa saman og sameiginlega að honum. Ég verð bara að taka undir með henni varðandi þau orð.

Það er hins vegar algjörlega fráleitt að halda því fram að þjóðin og þingheimur allur séu einhuga og samstiga um þennan samning eins og hann lítur út núna. Það er þess vegna sem ég kom hér upp og hvatti menn til þess að standa saman og skoða þá ágalla sem eru á samningnum, vegna þess að hann er óréttlátur, vegna þess að hann er ósanngjarn, vegna þess að það er ósanngjarnt að láta rúmlega 300 þúsund manna þjóð bera fulla lagalega og fjármálalega ábyrgð á galla í evrópskri tilskipunarlöggjöf. (Gripið fram í.)

Þess vegna þurfum við að standa saman að því að fá þessi ákvæði betrumbætt, bæði í samningnum og pólitískt. Þess vegna þurfum við að standa saman út á við. Það hefur aldrei verið látið á það reyna að öll þjóðin og allir flokkar og allir þeir sem hér tala til erlendra aðila standi saman. Ég hef oft lent í því í ívið minni málum að standa að samningaviðræðum. Þegar allir standa sameiginlega að þeim ná menn betri niðurstöðu en að karpa þegar fjöregg þjóðarinnar er í húfi.

[15:01]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þau spor sem við stöndum í eru óréttlætið og ósanngirnin. Það er ekki sanngjarnt að við skulum standa í þeim sporum að þurfa að axla byrðar og borga skuldir m.a. óreiðumanna, eins og sagt hefur verið. En gleymum því ekki að þessi óreiða var hér meðal okkar sjálfra, þessir óreiðumenn voru hér með okkur, þjóðin dillaði þeim, þjóðin hossaði þeim, kaus þá viðskiptamenn ársins, frumkvöðla ársins og við flöttum þá út á forsíðum blaða og brugðum á þá hetjuljóma. Við hljótum að bera ábyrgð á meðvirkni okkar og hjarðhegðun okkar hvað það varðar. (Gripið fram í.)

Samningurinn sem við erum að taka afstöðu til hér eða ríkisábyrgðin gagnvart honum er okkar leið út úr þessum erfiðu sporum. Við skulum ekki gleyma því að okkur er ekki einum ætlað að axla ábyrgðina af Icesave-reikningunum. Hollendingar og Bretar axla sinn hluta þess reiknings og taka helminginn á móti okkur þannig að það er ekki eins og við séum þau einu sem berum ábyrgðina. Hvað sem því líður erum við engu að síður í þeim sporum að við verðum að halda andlitinu gagnvart öðrum þjóðum. Við getum ekki skellt dyrum á veröldina. Við ökum á bílum, við borðum mat, við notum eldsneyti sem flutt er inn til landsins, við erum algjörlega háð öðrum þjóðum með öll okkar lífskjör og alla okkar lífshætti, gleymum því ekki.

Ég er ekki að mæla hér með því að við leggjumst í duftið en við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því í hvaða sporum við erum og bregðast við með raunsæjum hætti þeirri stöðu sem við erum stödd í.

[15:03]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég get ekki tekið undir það að þjóðin beri ábyrgð á þessum ósóma öllum þó svo að búið sé að koma henni í vandræði. Það getur vel verið að hv. þingmaður og Samfylkingin telji að þjóðin eigi að lúta í duftið og vera á næstu áratugum í skuldafangelsi vegna skulda þessara óreiðumanna, (Gripið fram í.) eins og hv. þingmaður kom hér inn á, ég get ekki samþykkt það.

Svo vil ég leiðrétta hv. þingmann hvað varðar þær byrðar sem annars vegar eru lagðar á Hollendinga og Breta í gegnum innlánsreikninga og tryggingarsjóð, það er ekki gert með sama hætti og við erum að gera. Við erum að tryggja 20 þúsund evrurnar en þeir eru að standa við skuldbindingar sem eru þar langt fyrir ofan. Það eru í raun og veru innlánsreikningar og tryggingarsjóðirnir þeirra sem standa undir því en ekki ríkissjóður okkar, (Gripið fram í.) sem er talsvert annað mál enda eru íslenskir bankar í sam-

hengi allra evrópskra banka eins og smámál. En þegar bankar á Íslandi fara allir er það bankahrun og þar með gildir ekki evrópska tilskipunin eins og oft hefur verið komið inn á.

Ég verð að viðurkenna að ég undrast þetta og finnst sú orðræða leiðinleg og lítilmannleg hjá hv. þingmanni og Samfylkingunni í ljósi þess að það er gríðarleg óvissa um gjaldþol og greiðslubyrði og hvort við getum staðið undir þessu. Það er líka óvissa um hvort það sé lagaleg skylda okkar að standa undir þessu. Þá finnst mér það með ólíkindum að við eigum ekki að fara vel yfir það hvort við eigum virkilega að binda á þjóðina skuldabyrði og þurfa að taka lán eftir lán til að endurfjármagna Icesave-skuldir sem orðið hafa til, (Forseti hringir.) ekki vegna okkar heldur vegna óreiðumanna (Forseti hringir.) sem við eigum ekki að bera ábyrgð á.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hv. þingmönnum Framsóknarflokksins liggur mikið á. Ég hef aldrei áður heyrt beðið um tvö andsvör áður en ræðumaður hóf mál sitt. (Gripið fram í.)

Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið þó að ég verði að vissu leyti að segja að ég hef verið svolítið hugsi á köflum undir henni undanfarna daga, ég bið engan að taka það til sín sérstaklega. Menn segja hér gjarnan, sem er rétt, að þetta séu stór og afdrifarík mál og sumir upplifa þetta kannski sem stærstu stund sína hér fyrr eða síðar. Nú skal ég ekki segja um það, oft hafa menn áður staðið í afdrifaríkum sporum hér á Alþingi, meðal annars í október. Mér varð einmitt hugsað til þeirra daga þegar mikill alvöruþungi lá hér yfir allri umræðu og þegar þingið, þrátt fyrir ólíka afstöðu að einhverju leyti til mjög erfiðra mála sem á köflum varð að afgreiða á afar skömmum tíma, náði að sameinast mjög vel um að hafa umræðu og anda hér í október í samræmi við alvöru málsins. Það tókst vel og ég fann þegar ég fór út í þjóðfélagið að það kunni þjóðin að meta. Þá var ekki tími pólitískra skylminga, stráksskapar eða upphlaupa og hann er það ekki heldur núna því að við erum í þessari orrustu miðri. Við erum komin aðeins lengra frá upphafi hörmunganna og hruninu en við vorum í október og nóvember en glíman stendur yfir.

Ég hef reynt að svara spurningum jafnóðum í andsvörum eins og ég hef getað, ég ekki alltaf komist að því að aðrir hafa verið frekir til fjörsins þannig að ég vona að það standi ekki eftir mikið eftir af beinum spurningum sem hér hafa komið upp auk þess sem það má þá bæta úr því við seinni umræður. Málið fer nú til þingnefndar og það er afar mikilvægt að þar fái það vandaða skoðun og við höfum reynt að aðstoða við það, bæði við umræðuna hér og síðan rannsókn málsins í nefnd með því að reiða fram gögn með þeim hætti að það á sér ekki sögulegar hliðstæður, það fullyrði ég, a.m.k. ekki á mínum tíma hér sem er aðeins lengri hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar sem vitnaði í sína miklu þingreynslu og þátttöku í pólitík hér áðan. (Gripið fram í.) Ég man engin dæmi um að menn hafi reynt að greiða fyrir því að þingmenn og almenningur hefðu aðgang að gögnum með þeim hætti sem hér hefur verið gert og mér sárnar að menn skuli endurtaka hluti eins og þá að staðið hafi til að leyna einhverju fyrir þingmönnum sem aðstæður væru til að upplýsa. Það er rangt. Ég endurtek: Það er rangt. Það hefur alveg legið fyrir frá upphafi, frá því í byrjun febrúarmánaðar, að haldið væri utan um þetta mál og alla skjalavörslu í kringum það þannig að það væri í samræmi við alvöru málsins, að skrá inn í bókunarkerfi ráðuneytanna öll gögn, að afhenda rannsóknarnefnd Alþingis þau og síðan nú í samráði við hana, að reiða fram gögn þannig að þing og þjóð hefðu sem gleggsta mynd af þessu máli. Það er hins vegar mikilvægt að leggja á það áherslu að það þarf að gera í samráði við nefndina til að rannsóknarstarf hennar bíði ekki skaða af og hv. þingmenn hafa það eftirleiðis í huga þegar þeir vitna hér máli sínu til stuðnings eða túlka trúnaðargögn.

Ég upplýsti það hér strax í gær að viðbótargögn, hliðargögn í þessu máli, er sjálfsagt að reiða fram eftir því sem þingmenn telja sig geta haft gagn af því. Það eru t.d. til bréfaskriftir sem tengjast eingöngu frystingarþætti þessa máls sem ekki hafa beina skírskotun yfir í lausn Icesavedeilunnar sjálfrar og nýjustu gögnin sem ekki voru komin inn í bókunarkerfi ráðuneytanna. Verið er að fara yfir þau og þau verða þá afhent og sett í möppurnar og í þingnefnd. Það hefur því ekki staðið til og stendur ekki til að halda neinu undan í þessum efnum.

Eðlilega eru skiptar skoðanir um þetta mál. Eðlilega er þjóðin ósátt við þetta mál. Ég hef sagt það áður og get endurtekið það hér: Ég þekki engan Íslending sem er ánægður með þetta mál, þess er ekki að vænta. Við rötuðum í mikla ógæfu og þetta er tilfinnanlegasti hluti hennar, það sem við sitjum uppi með af þessum ástæðum. Það er ekki gaman að standa í þessum sporum og leggja til við Alþingi Íslendinga að við veljum þessa leið að okkar dómi þá skástu út úr málinu, en í mínum fórum eru ekki betri tillögur.

Einn hv. þingmanna sagði hér í dag að hún hefði horft í augu dóttur sinnar ungrar þegar hún fór hingað til vinnunnar í morgun. Ég á líka unga dóttur, nokkrum árum eldri en dóttur þessa hv. þingmanns. Ég tel mig vera að vinna fyrir börnin mín og barnabörnin vonandi. Ég tel að við þurfum að gera okkar allra besta núna við erfiðar aðstæður, að koma Íslandi út úr þessum erfiðleikum. Ég tel að við séum að ná því fram, m.a. með lendingu þessa máls, að við fáum tíma og rými og aðstæður til þess að kljást við aðsteðjandi erfiðleika næstu mánaða og missira í skjóli fyrir þessu máli, sem ekki var víst að yrði í boði nema að ganga frá því með einhverjum slíkum hætti. Hv. þingmenn verða að hafa það í huga að ekki hefði það verið á vísan að róa með dómstólaleið hefði hún boðist, sem hún gerði ekki. Það gat orðið tvísýnt um hvort Ísland fengi út úr því betri niðurstöðu en þennan samning eða jafnvel miklu verri niðurstöðu. (Gripið fram í.) Það er rétt, það samrýmist réttlætiskennd manns illa að fá ekki einfaldlega úr slíku skorið og auðvitað hefðu Íslendingar verið miklu sáttari við að það væri bara hreint og klárt á grundvelli dóms að ábyrgð okkar væri þessi. Ég tel að yfirgnæfandi líkur séu á að þannig hefði það farið einfaldlega út frá þeim lagagögnum sem ég sé hér í málinu.

Hættan á því að málið hefði farið verr fyrir okkur er líka til staðar. Áhættan af því að hafna þessari samkomulagsleið og leggja út í óvissuna um hvort okkur bjóðist eitthvað betra er líka mikil þannig að ábyrgðin á báðar hliðar er

mjög mikil. Að sjálfsögðu verður það ekki létt fyrir nokkurn mann að ýta á græna hnappinn og styðja þessa ábyrgð, því fylgir mikil ábyrgð. En það verður líka mikil ábyrgð fyrir þá sem hafna þessari niðurstöðu. Menn verða þá að horfast í augu við hvaða afleiðingar það gæti haft.

Ég fagna þeirri þróun umræðunnar að flestir viðurkenna nú að ekki er um annað að ræða en að koma þessu máli einhvern veginn út úr heiminum með samningum. Það er almennt ekki rætt lengur mikið um annað en þá staðreynd að undan þessu máli komumst við Íslendingar ekki. Tjónið er orðið, skaðinn er skeður og við munum alltaf þurfa með einhverjum hætti að glíma við að komast frá því. Spurningin er bara hvernig. Er þetta skásti kosturinn sem er í boði í ljósi þeirra aðstæðna sem við vorum í og höfum verið í eða sjá menn einhverjar aðrar líklegar, betri og færari leiðir?

Hverju væru menn tilbúnir til að kosta í óvissu og tíma sem gæti mælst í missirum, t.d. til þess eins að fá, ef mögulegt væri, einhvern dómstólafarveg í þessu máli? Því verða þeir að svara sem tala enn eins og það sé raunhæf leið, sumpart talsmenn flokka sem sjálfir játuðu sig sigraða og viðurkenndu að sá kostur væri ekki lengur í boði strax í nóvembermánuði sl. Er hann þá færari núna þegar við erum búin að leggja upp í viðamikið endurreisnarprógramm í efnahags- og atvinnulífi okkar og varðandi ríkisfjármál okkar og samskipti við önnur lönd sem munu stranda ef þetta mál strandar.

Ég hef verið mjög hreinskilinn um það að ég hef miklar áhyggjur af því hvað gerist ef Alþingi hafnar þessum samningi. Á ég ekki að vera það? Vill hv. þm. Birkir Jón Jónsson ekki að ég segi hug minn í þeim efnum? (Gripið fram í.) Hvernig vill hann hafa umræðuna? Ég vísa einfaldlega í staðreyndir hvað varðar suma þætti þessa máls. Það eru skjalfestar staðreyndir að endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mun tefjast ef þetta mál er ekki að leysast. Það eru skjalfestar staðreyndir að gjaldeyrislánin frá hinum Norðurlöndunum muni þá ekki fást afgreidd. Hversu lengi það dragist er ómögulegt að segja á þessu stigi málsins. Annað byggir meira á mati um mögulegar afleiðingar. Ég tel yfirgnæfandi ástæðu til að óttast að lánshæfismat Íslands mundi hrynja endanlega ef Alþingi hafnar þessum samningi. Af hverju segi ég það? Meðal annars vegna þess að tvö af stóru matsfyrirtækjunum hafa þegar tjáð sig í þá veru, það hafa bæði Moody's og Fitch gert þar sem þau hafa talað um niðurstöðuna sem sé í sjónmáli í Icesave-deilunni sem mikilvægan þátt í því að eyða óvissu og skapa skýrari mynd af því hvernig Íslandi tekst að glíma við erfiðleikana. (Gripið fram í.)

Ég tel ástæðu til að hafa áhyggjur af því, og þær eru ekki endilega frá mér sjálfum sprottnar, að útflutningsstarfsemi Íslands gæti lent í erfiðleikum og það eru ófá símtöl sem ég fæ núna þessa dagana frá forustumönnum í útflutningsgreinum sem spyrja mig einfaldlega: Steingrímur, er nokkur minnsta hætta á því að þetta mál falli? Við megum illa til þess hugsa.

Það er oft auðvelt að láta svartsýnina, bölsýnina eða vonleysið ná tökum á sér. Það gildir örugglega um okkur sem einstaklinga og það gildir um marga Íslendinga í dag. Það er erfitt að bera höfuðið hátt og vakna bjartsýnn á morgnana og fara glaður fram úr. Viðfangsefnin eru erfið og horfurnar að mörgu leyti dökkar. Þá er þetta spurning um val: Hvernig vilja menn ganga að verkunum? Er það ekki þrátt fyrir allt að halda voninni og bjartsýninni vakandi? Við getum auðvitað leitað á náðir skáldanna sem hafa átt erfiða daga sum hver eins og kunnugt er.

Ætli það hafi ekki verið hið góða sálmaskáld Björn Halldórsson í Laufási sem orti einu sinni, og þá hefur sennilega staðið illa í bólið hans:

Verður mér myrkvum á vegi
Vesturför óyndisleg?
Kvíðir þú komandi degi,
kolbrýnda nótt, eins og ég?

Annað gott skáld, Jóhann Sigurjónsson, það var býsna orðinn dökkur himinninn yfir honum þegar hann kvað sitt fræga ljóð:

Bak við mig bíður dauðinn,
ber hann í hendi styrkri
hyldjúpan næturhimin
helltan fullan af myrkri.

Svo var annað skáld sem var samtímamaður þessara og hann kvað:

Þú fólk með eymd í arf!
Snautt og þyrst við gnóttir lífsins linda,
litla þjóð, sem geldur stórra synda,
reistu í verki
viljans merki, —
vilji er allt, sem þarf.
Trúðu á sjálfs þín hönd, en undur eigi.
Upp með plóginn. Hér er þúfa í vegi.
Bókadraumnum,
böguglaumnum
breyt í vöku og starf.

(**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Hv. þingmenn geta valið sér skáld og vitnað í þau eftir þörfum. Ég geri það fyrir mitt leyti. Ég ætla að gera Einar Ben. að mínu átrúnaðargoði í þessu máli og hvað varðar framtíð Íslands. Ég ætla að veðja á hana, ég ætla að trúa því að við sjálf ætlum okkur að takast á við erfiðleikana, að við ætlum ekki að missa vonina um betri framtíð fyrir Ísland. Til þess þurfum við að komast í gegnum þá erfiðleika sem okkur eru á höndum, það er alveg augljóst mál, við verðum að sigrast á þeim. Við þurfum að gera margt nú á næstu dögum og vikum og undirbúa haustið og veturinn vel. Hann verður okkur erfiður, sennilega annar af tveimur erfiðastur á þessu árabili sem við erum núna að ganga í gegnum og svo fer vonandi að blása til betri tíðar. Það er væntanlega markmiðið og væntanlega ætlunin.

Eitt megum við aldrei gera og það er að verða viðskila við þær systur, vonina og trúna.

[15:19]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þarna í lokin var ég farinn að kannast við gamla Steingrím J. Sigfússon, hæstv. fjármálaráðherra. Ég

vona að við sjáum meira af honum á næstunni því að það hefur farið lítið fyrir honum að undanförnu, baráttumanninum, sanngirnismanninum, prinsippmanninum, hann hvarf. Á stundum hef ég haldið að fjármálaráðherra væri andsetinn því að hann hefur verið svo ólíkur manninum sem við höfum fylgst með í gegnum tíðina. En ég vona að bárattuandinn taki sig upp á ný og hann treysti sér þá til að verja þjóð sína og veita henni fegurri framtíðarsýn en þann vegg sem verið er að reisa með þessu Icesave-samkomulagi eftir sjö ár.

Ég hefði áhuga á að heyra hæstv. ráðherra segja mér hver kostnaðurinn er við alla þessa málsmeðferð, þ.e. þá vinnu sem farið hefur í þetta, því að hæstv. ráðherra lýsti því svo að heilu vörubrettin af gögnum lægju fyrir. Hver var kostnaðurinn við að ná fram þessari niðurstöðu? Hleypur hann á milljónum eða tugum milljóna króna?

[15:20]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Kostnaðurinn er umtalsverður enda hefur einskis verið til sparað í að reyna að ná fram eins hagstæðri niðurstöðu og hægt er. (**SDG:** Um það bil.)

[15:20]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það hefur verið giskað á að kostnaður Íslendinga í þessu máli hlaupi hugsanlega á tugum milljóna. En nú upplýsti hv. þm. Pétur H. Blöndal að kostnaður Hollendinga við málsvörn sína eða sókn sína gegn Íslendingum í málinu hefði numið 7 millj. evra eða 1,3 milljörðum kr. og það kom á daginn að það voru Íslendingar sem borguðu fyrir árás Hollendinga á okkur. Íslendingar fullkomnuðu niðurlægingu sína með því að taka á sig allar Icesave-skuldbindingarnar og bjóðast svo til að borga ómakið, borga kostnaðinn sem Hollendingar lögðu í við að láta berja á okkur og borga þar margfalt það sem við settum í okkar eigin málsókn. Þetta er hin fullkomna niðurlæging í málinu, máli sem hefur verið í tómu tjóni frá upphafi og er núna enn að sýna hvers eðlis það er með því að Íslendingar borga kvölurum sínum.

[15:21]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta byggir á einhverjum óskaplegum misskilningi. Íslendingar eru að sjálfsögðu ekki að borga fyrir kostnað Hollendinga af samningagerðinni eða samskiptunum við okkur, það er fleipur. (Gripið fram í.) Hins vegar er það þannig að á innlánstryggingarsjóðinn fellur hluti þess kostnaðar sem hann ber ábyrgð á vegna ábyrgðanna en Hollendingar yfirtóku þegar þeir voru að gera upp við innstæðueigendur í Hollandi. Hér rugla hv. þingmenn einhverjum hlutum saman.

[15:22]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hinn nýi hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, kvartar mikið undan okkur framsóknarmönnum þegar við spyrjum beinna spurninga í þessari mikilvægu umræðu. Hann sagði að í kjölfar bankahrunsins hefði það ekki tíðkast af hálfu vinstri grænna að stunda einhverjar skylmingar heldur hefði verið mikil ábyrgð í þeirri umræðu. Ég ætla að rifja það upp fyrir hv. þingmönnum Vinstri grænna hvað gerðist þriðjudaginn 20. janúar. Þá öskruðu þingmenn Vinstri grænna í þessum sal: „Vanhæf ríkisstjórn.“ Vinstri grænir voru ekki ábyrgir þá í umræðu í þingsal. Það má margt segja um málflutning okkar framsóknarmanna í þessari umræðu en við komumst ekki í hálfkvist við þann málflutning sem hv. þingmenn Vinstri grænna viðhöfðu í janúarmánuði. Var ekki málflutningurinn sá að almenningur ætti ekki að greiða óreiðuskuldir auðmanna? Hvað hefur breyst á nokkrum mánuðum hjá hv. þingmönnum Vinstri grænna? Hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon getur ekki hlaupist frá þessu og ég efast um að hann þori upp í andsvar við mig út af þessu máli.

[15:23]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég get ekki valdið hv. þingmanni þeim óskaplegu vonbrigðum að virða hann ekki svars en ég segi bara við hv. þingmann: Ég hef nú skammt runnið fyrir þér.

[15:23]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra hefur orðið uppvís að því núna og mörgum sinnum á síðustu dögum að vera ómerkur orða sinna þegar hann talar um það að hv. þingmenn Vinstri grænna hafi ekki stundað neinar skylmingar í málflutningi sínum. Þeir hvöttu beinlínis til byltingar í samfélaginu. Og á hvaða forsendum var sú byltingarkrafa gerð? Hún var á þeirri forsendu að íslenskur almenningur ætti ekki að borga skuldir óreiðumanna. Síðan er það hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon sem talar fyrir því að það eigi að gera og þetta er ekki eina málið þar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur snúið stefnu sinni á hvolf. En ég spyr hæstv. ráðherra, af því að við höfum verið að kalla eftir heildarsamhengi hlutanna og hann hefur ekki getað svarað því: Veit hæstv. ráðherra virkilega ekki hverjar erlendar skuldir hins opinbera eru? Er það virkilega svo að hæstv. fjármálaráðherra sem leggur þetta mál fram viti það ekki, hafi ekki þá heildarmynd hverjar skuldirnar eru? Er það eitthvert leyndarmál eða veit hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) það hreinlega ekki? Það er mikið áhyggjuefni ef svo er.

[15:25]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður má auðvitað sanna það með spurningum af þessu tagi að hann les ekki einu sinni gögn sem hann hefur á borði sínu sem þingmaður. Í fylgiskjali með skýrslu um efnahagsmál eru sundurliðaðar skuldir ríkissjóðs. (**BJJ:** Vantar ekki inn í það?) Nei, þær skuldir liggja jafnframt fyrir. (**BJJ:** Nú.) Það liggur fyrir og samkvæmt bókfærsluvenjum er á ríkissjóði sjálfum áætlað um 650 milljarðar kr. í erlendum skuldum í árslok. (Gripið

fram í.) Nei. Og það er sérstaklega tilgreint í skjalinu að þar standi utan við tilgreindar erlendar skuldir sem eru hjá Seðlabankanum. Það er ekki bókhaldsbrella. Það er ekki verið að reyna að fela neitt, þetta eru hefðbundin skýringargögn. En þetta er ótrúlegur málflutningur hjá hv. þingmönnum. Þeir væla og veina undan því að þeir hafi ekki upplýsingar þegar þeim eru sýndar þær. (**BJJ:** Þær liggja ekki fyrir.) Og þegar þær liggja fyrir skjalfestar á Alþingi (**BJJ:** Farðu einu sinni með rétt mál.) þá er það bara ekki nógu gott. Þá er þetta einhvern veginn öðruvísi. (**BJJ :** Já, brostu bara.) Þetta er nákvæmlega svona. Bestu fáanlegar upplýsingar um erlendar skuldir ríkisins voru teknar saman í júníbyrjun og settar inn í fylgiskjal með skýrslu um aðgerðir í stöðugleika í ríkisfjármálum.

[15:26]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hefur verið afskaplega athyglisvert að hlusta á þessa umræðu í dag hvort heldur maður hefur setið á skrifstofu sinni eða í þingsölum. Þetta mál er ömurlegt og ég held að þingheimur sé allur sammála um það. Hvernig sem litið er á málið, hvernig sem flett er í skjölum þá er þetta ömurlegt mál og það er ömurlegt að þurfa að ganga til nauðasamninga á erfiðum tímum í lífi þjóðarinnar. En þetta snýst kannski fyrst og síðast um tvennt: Hvernig komum við okkur upp úr vandanum, er það auðveldara með því að ganga að samningnum eða er það auðveldara án samningsins? Þetta snýst um þetta tvennt. Við þurfum líka að staldra við það sem gerist ef við höfnum samningnum. Er það kannski dýrara? Munum við framlengja kreppuna og mun það reynast okkur enn bagalegra en að ganga að þessum nauðasamningi?

[15:27]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir ágæta ræðu. Þó að ég væri ekki sammála honum um niðurstöðurnar var ræðan ágæt og hæstv. ráðherra hefur staðið sig býsna vel í umræðum. Hann hefur verið nokkuð einmana í vörninni fyrir þetta frumvarp vegna þess að lítið hefur farið fyrir samstarfsflokki hans í umræðunni, þorri þingmanna hans eigin flokks hefur ekki tjáð sig, jafnvel ekki þeir þingmenn sem hafa tjáð sig með einhverjum hætti í fjölmiðlum. Þeir hafa ekki látið skoðun sína í ljós í þinginu. Er þessi hógværð þingmanna Vinstri grænna nokkuð óvenjuleg og er kannski nýr stíll á þeim bæ að þingmenn Vinstri grænna vilji bíða og sjá og skoða málin vandlega áður en þeir tjá sig? Það er af sem áður var.

Ég vildi nota þetta tækifæri til að þakka ráðherranum fyrir yfirlýsingu sem kom fram um að þingmenn mundu fá aðgang að listum yfir gögn þannig að þeir gætu kallað eftir þeim gögnum sem máli skipta. Ég held að það sé mikilvægt að þetta komi fram. Trúlega er fátt í þessu sem kemur á óvart (Forseti hringir.) en hins vegar er mikilvægt að þingmenn geti metið sjálfir hvaða gögn þeir vilja fá í hendur og að embættismenn, hversu ágætir sem þeir kunna að vera, séu ekki í þeirri stöðu að skammta þau.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og fjárln.

Fundi slitið kl. 15:29.

35. FUNDUR

miðvikudaginn 8. júlí,
kl. 9 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Þór Saari, 9. þm. Suðvest. (6.7.)

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[21:00]

Útbýting:
Bankasýsla ríkisins, 124. mál, brtt. þskj. 244; nál. viðskn., þskj. 245.

Endurskipulagning rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, 1. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 236.

Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 147. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 241.

Fjármálafyrirtæki, 85. mál, þskj. 215; brtt. ÁI, þskj. 242.

Gjaldeyrismál, 137. mál, nál. meiri hluta viðskn., þskj. 243.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 104. mál, svar menntmrh., þskj. 233.

Icesave-reikningar o.fl., 91. mál, svar fjmrh., þskj. 237.

Kjararáð o.fl., 114. mál, nál. efh.- og skattn., þskj. 235.

Rekstur einyrkja, 87. mál, svar fjmrh., þskj. 240.

Vörumerki, 16. mál, nál. meiri hluta viðskn., þskj. 234.

[Fundarhlé. — 21:02]

Fundi slitið kl. 22:00.

---

36. FUNDUR

fimmtudaginn 9. júlí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 85. mál, þskj. 215, brtt. 242. — 3. umr.
3. Endurskipulagning rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 1. mál, þskj. 162, frhnál. 236 og 246. — 3. umr.
4. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 82. mál, þskj. 203. — 3. umr.
5. Náms- og starfsráðgjafar, stjfrv., 83. mál, þskj. 95. — 3. umr.
6. Lokafjárlög 2007, stjfrv., 57. mál, þskj. 194 (sbr. þskj. 59). — 3. umr.
7. Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 199. — 2. umr.
8. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 14. mál, þskj. 14, nál. 193. — 2. umr.
9. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 197, brtt. 198. — 2. umr.
10. Gjaldeyrismál, stjfrv., 137. mál, þskj. 216, nál. 243. — 2. umr.
11. Vörumerki, stjfrv., 16. mál, þskj. 16, nál. 234. — 2. umr.
12. Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, stjfrv., 37. mál, þskj. 37, nál. 200. — 2. umr.
13. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 70. mál, þskj. 82, nál. 201. — 2. umr.
14. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 78. mál, þskj. 90, nál. 202. — 2. umr.
15. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 218, brtt. 219. — 2. umr.
16. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 220, brtt. 221. — 2. umr.
17. Kjararáð o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 143, nál. 235. — 2. umr.
18. Bankasýsla ríkisins, stjfrv., 124. mál, þskj. 166, nál. 245, brtt. 244. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Páll Árnason fél.- og trmrh., 1. þm. Suðvest.
Þráinn Bertelsson, 9. þm. Reykv. n.

[Fundarhlé. — 10:30]

Tilhögun þingfundar.

[12:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):
Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag, þ.e. þar til umræðu um dagskrármálið er lokið.

Um fundarstjórn.
Fundarhlé vegna nefndarfundar.

[12:01]

Illugi Gunnarsson (S):
Frú forseti. Lagt er til að kvöldfundur verði í kvöld í þinginu og ég vil vekja athygli þingheims á því að hér er lagt upp með dagskrá sem varð til með nokkuð óvæntum hætti þar sem ákveðið var að fara ekki í umræðu um ESB-umsókn vegna þess að utanríkismálanefnd hafði ekki lokið við að senda frá sér sín álit. Vandinn er sá að á undanförnum dögum hefur stjórn þingsins ekki verið með þeim hætti

sem ásættanleg er. Við teljum að það sé ekki nægilega fast haldið á málum. Það er vilji okkar sjálfstæðismanna að kláruð verði þau stóru mál sem liggja fyrir, bæði umsóknin um ESB-aðild og Icesave-samkomulagið, þannig að sómi sé að fyrir þingið. En það veltur auðvitað á því að betur sé haldið á þingstjórninni. Sú uppákoma sem varð í morgun þar sem ákveðið var að fresta þingfundi vegna þess að einn nefndarformaður hafði samband við þingforseta og óskaði eftir slíku án þess að búið væri að ráðfæra sig við aðra gengur auðvitað ekki upp.

[12:03]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Mig langar að taka undir orð hv. þm. Illuga Gunnarssonar varðandi þann aðdraganda sem varð í morgun að þessum fundi. Það er náttúrlega með ólíkindum að við skulum þurfa að búa við þessa óvissu og þann hringlandaháttt sem virðist vera á störfum þingsins og við hljótum að fara fram á það að fastar verði haldið um hlutina. Það gengur ekki að þingfundi sé frestað með nokkurra mínútna eða sekúndna fyrirvara og þingflokksformenn fái síðan fundarboð með nokkurra mínútna fyrirvara þar sem á að fara að ræða stöðu dagsins, breytingar á dagskrá og eitthvað slíkt.

Ég vil bara koma því á framfæri að það gengur ekki að hafa þennan hátt á. Hér eru allir að reyna sitt besta og því getur forseti ekki boðið þingmönnum upp á þau vinnubrögð sem hér eru. Við krefjumst þess að þessu verði kippt í liðinn.

[12:04]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vildi lýsa mig ósammála þeim sem töluðu á undan mér. Ég er mjög ánægður með fundarstjórn forseta sem hélt hér mjög vel á málum í morgun og lét störf utanríkismálanefndar njóta vafans þegar verið var að afgreiða þetta mál, eitt stærsta mál Íslandssögunnar út úr utanríkismálanefnd. Það var fullkomlega eðlilegt að forseti frestaði fundi til að það léki enginn vafi á því að verið væri að reka nefndina til að afgreiða álitið út á einhverjum mínútum og gefnar 90 mínútur (Gripið fram í.) í viðbót til að klára, ljúka vandvirknislega unnu nefndaráliti og ganga úr skugga um að nefndin óskaði ekki eftir lengri tíma til að ganga frá sínum álitum. Þetta var mjög eðlileg og góð fundarstjórn þar sem góð vinnubrögð og nefndarstörf voru látin njóta vafans umfram það að þingfundur hæfist kl. 11.30 en hann hefst núna kl. 12. Þess vegna hlýtur það að vera þakkarvert að forseti skuli ganga fram af þessari nærgætni og varfærni gagnvart nefndarstörfum.

[12:05]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að hæstv. forseta er nokkur vorkunn. Það er þannig að öll helstu og stærstu mál ríkisstjórnarinnar eru í algeru uppnámi og aðstæður í kringum þau mál breytast ekki dag frá degi, ekki frá klukkustund til klukkustundar heldur frá mínútu til mínútu og mér liggur við að segja sekúndu til sekúndu. Það var auðvitað þannig í morgun að þingmenn voru að undirbúa sig undir að ganga til þingfundar samkvæmt þeirri dagskrá sem fyrir lá og ekki hafði verið gefið til kynna neitt annað þegar menn skyndilega og á hlaupum frétta að ákveðið hafi verið að gerbreyta þessu. Ástæðan er ekki sú að hæstv. forseti sé ekki að reyna að leggja sig fram um að stýra þingfundum eins vel og hægt er en vandinn sem hæstv. forseti stendur frammi fyrir er einfaldlega sá að aðstæðurnar í ríkisstjórnarherbúðunum eru með þeim hætti að þar er hver höndin upp á móti annarri. Þar vita menn ekki hvernig ljúka eigi helstu málum og tilkynningar um það hvernig eigi að stjórna þinginu berast utan úr bæ frá einstökum hæstv. ráðherrum sem greina frá því að það sé niðurstaða þeirra að ljúka eigi þinginu tiltekna daga og á tilteknum tímum. Það er ekki þannig sem þinginu er stjórnað. (Forseti hringir.) Þingið hefur forræði sinna mála og þetta eru auðvitað frekleg afskipti af hálfu þeirra ráðherra eins og þeir hafa hegðað sér á síðustu dögum.

[12:06]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég get ekki annað en haft gaman af þeim öfugmælavísum sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fór með áðan. Auðvitað gengur ekki sú fundarstjórn sem hér var lagt upp með, að haft sé samband við forseta vegna þess að það geti verið að það standi yfir fundur í utanríkismálanefnd, fundur sem stóð ekki yfir. Hið eðlilega í þessu máli hefði auðvitað verið að við hefðum hafið störf, unnið að þeim málum sem liggja fyrir. Síðan hefði hv. utanríkismálanefnd hafið sinn fund þegar hún var tilbúin til þess, fundað þann tíma sem hún þurfti í samvinnu og samstarfi við aðra þingflokka þannig að við gætum haft einhvern eðlilegan brag á þessu og þinginu væri ekki stjórnað með þessum hætti. Það lá ekki einu sinni fyrir að nefndin væri á fundi, hún var ekki á fundi og það hafði ekki verið boðað til fundar þegar ákveðið var að blása af þingfund. (Forseti hringir.) Við eigum að nota tímann vel og við eigum ekki að haga okkur með þessum hætti við stjórn þingsins.

[12:08]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Það sem truflað hefur stjórn þingsins þessa vikuna eru fyrst og fremst tvö stór mál, Evrópusambandið annars vegar og Icesave-málið hins vegar. Við höfum upplifað það í þessari viku, ekki bara að heilum nefndardegi væri bætt við vegna þess að ríkisstjórnin var með algerlega óraunhæfar væntingar um það hversu hratt málin gætu unnist í nefndum heldur hefur innan dagsins þurft að fresta þingfundum vegna þess að uppi voru óraunhæfar væntingar um að málin væru að klárast.

Staðreyndin er sú og það birtist auðvitað mjög vel í starfi utanríkismálanefndar að ESB-málið er ekkert annað en djúpsprengja inn í þingið sem er margklofið og allt í tætlum. Það er þannig sem ríkisstjórnin stýrir landinu, það er þannig sem ríkisstjórnin stýrir þinginu — sprengir allt upp í tætlur, elur á sundrung og ósamlyndi meðal þjóðarinnar þegar þörfin er mest fyrir samstöðu. Það eina sem stjórnarandstaðan fer fram á í utanríkismálanefnd í þessu máli (Forseti hringir.) er að þar sem þessi staða er uppi skuli efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu og ég held að hæstv.

forseta mundi þá ganga (Forseti hringir.) aðeins betur að halda utan um stjórnartaumana á þinginu.

[12:09]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins fá ekki leynt beiskju sinni yfir afgreiðslu utanríkismálanefndar í morgun þegar stjórnartillaga um aðildarumsókn að Evrópusambandinu var afgreidd þar út með meiri hluta atkvæða. Það eina sem er margklofið í því efni er auðvitað stjórnarandstaðan sjálf sem mér skilst að ætli að vera með mörg álit í málinu og full ástæða til að fagna. Ég vek athygli á því að hv. formaður Sjálfstæðisflokksins hefur þakkað fyrir þá góðu og efnismiklu vinnu sem fram hefur farið í nefndinni og að henni var gefinn tími til að vinna. Þingmenn þurfa auðvitað að búa við það sumarið 2009 að það getur þurft að fresta fundi í einn og hálfan tíma þegar afgreiða á eitt stærsta mál í sögu þings og þjóðar.

[12:10]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum um fundarstjórn forseta og þá miklu klemmu sem hæstv. forseti er í við að stýra þinginu undir þeim þrýstingi sem er til staðar frá Samfylkingunni út af ESB-málinu. Það mál verður til umfjöllunar og væntanlega á dagskrá þingsins á morgun.

Vegna þeirra orða sem hafa fallið um afgreiðslu utanríkismálanefndar þá get ég auðvitað ekki setið á mér að benda á að í reynd er utanríkismálanefnd klofin í fimm ólíka parta vegna þess að fyrirvararnir tveir við álit meiri hlutans eru efnislega samhljóða því sem minni hlutinn vill í því máli. Menn geta litið svo á að það sé bara stjórnarandstaðan sem er klofin. Það er auðvitað ekkert óeðlilegt að þar komi sitt hvort nefndarálitið. En það sem mestu máli skiptir er hvernig ríkisstjórnin heldur á þessu máli, hún er hvorki innbyrðis sammála né hefur henni tekist að skapa þá breiðu samstöðu í þinginu sem lagt var upp með í upphafi. (Forseti hringir.) Við hljótum öll að geta verið sammála um að það er alger grundvallarforsenda þess að tekin séu stór skref í ESB-málinu á næstu dögum eða mánuðum.

[12:12]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að óska eftir að forseti noti sömu viðmið og vinnubrögð á stjórnarandstöðu og stjórn þegar verið er að ræða um fundarstjórn forseta.

Varðandi það sem er hér til umræðu þá er vitanlega augljóst að það er „panik“ í gangi, það er „panik“ hjá Samfylkingunni því að þau óttast að þau séu að missa tökin á því að halda utan um þingið sem þau hafa reynt að gera með mjög áberandi og grófum hætti að mínu viti. Það er það sem er í gangi. Það var ekki fundur í utanríkismálanefnd þegar þingfundi var frestað og það hlýtur að vera ámælisvert að vinna með slíkum hætti, að stilla þinginu upp, boða til fundar og afboða hann vegna þess að það er pantað af nefndarformanni einhverrar nefndar. Verður það við lýði hér eftir að þingfundi sé frestað til að koma inn einhverjum málum þegar formönnum nefnda hentar svo, þegar þeir álíta að þeir hafi ekki klárað mál? Ég spyr forseta að því. Þetta er mál sem við verðum að taka upp og hugsa upp á nýtt því að það gengur ekki að hafa þingið í þessari stöðu.

[12:13]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það gefur auðvitað augaleið sem hér var sagt að þetta eru óvenjulegir tímar og það hefur svo sem ekki leynt sér á þinginu í sumar. En það er ekki endalaus afsökun fyrir því sleifarlagi og forustuleysi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar sem kemur fram í hverju málinu á fætur öðru og meðal annars í tveimur af stærstu málunum sem við erum að afgreiða á sumarþingi.

Það blasir við öllum hvílíkt uppnám er í stjórnarliðinu núna vegna afgreiðslunnar á ESB-málinu. Við vissum að stjórnarliðið gekk mjög klofið til þeirrar umræðu en það sem síðan hefur verið að gerast er auðvitað enn þá verra en nokkurn grunaði. Við skulum átta okkur á því að núna erum við að ganga til afgreiðslu á einu stærsta máli sem Alþingi hefur fengist við, þ.e. spurninguna um aðildina að Evrópusambandinu. Það er auðvitað ekki nokkur bragur á því að það gerist með þeim hætti sem við höfum séð á undanförnum klukkustundum þegar stjórnarliðið hefur verið í algeru uppnámi, menn hafa verið að blása af fundi, kveðja til fundar og reyna að ná einhverri niðurstöðu (Forseti hringir.) með mjög undarlegum hætti og það hefur svo komið fram í því að þingið hefur verið óstarfhæft það sem af er morgni.

[12:14]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Því miður missti ég af upphafi þessarar umræðu undir liðnum um fundarstjórn forseta. Ég vil þó segja það varðandi fundarhaldið í utanríkismálanefnd að það var fundur þar í morgun sem dróst umfram það sem ráðgert hafði verið. Við vorum að ræða þar tvö stór mál, Icesave-mál og ESB-mál, og það var óskað eftir því og spurt hvort unnt væri að fresta upphafi þingfundar til að utanríkismálanefnd gæti lokið störfum. Það er rétt að hún lauk störfum áður en þingfundur átti að hefjast upphaflega en kom síðan saman aftur til fundar kl. hálftólf til að afgreiða mál númer tvö sem lýtur að umfjöllun um Evrópusambandið.

Hvað það varðar að nefndin sé margklofin í málinu þá á það auðvitað eftir að koma betur í ljós þegar við sjáum nefndarálitin frá annars vegar Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, hvort málefnalegur ágreiningur er jafndjúpstæður (Forseti hringir.) og hér er haldið fram. Ég efast um það þó að því miður hafi ekki reynst unnt að ná (Forseti hringir.) samstöðu allra um eitt nefndarálit.

[12:16]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar vantaði kannski inn í frásögn hans að fundurinn sem boðaður var í utanríkismálanefnd síðar um morguninn var boðaður meira en hálfri klukkustund eftir að þingfundi var frestað. Eitthvað var þetta því mikið á reiki hvernig þessi fundahöld áttu öll að fara fram og er það náttúrlega til vitnis um þá stjórnun sem hér á sér stað og ég ætla ekki að kenna hæstv. forseta um sérstaklega. Við vit-

um að það stafar af því óeirðaástandi sem er innan ríkisstjórnarinnar þessa dagana og hæstv. forseti er auðvitað í vanda staddur að þessu leyti en ætti þó aðeins að reyna að standa í lappirnar þegar þrýstingur kemur frá stjórnarflokkunum um þessi mál.

Ég vil vekja athygli á því að við erum að hefja óundirbúnar fyrirspurnir og hvorki hæstv. forsætisráðherra né hæstv. fjármálaráðherra eru viðstaddir. (Forseti hringir.) Ég vil spyrja hæstv. forseta hvernig á því standi, enda eru þetta þeir tveir ráðherrar sem ég hygg að þingmenn (Forseti hringir.) hafi flestar spurningar til á þessu stigi máls.

[12:17]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að eins og stendur og tilkynnt var í gær þá eru til andsvara hæstv. umhverfisráðherra, hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra, hæstv. iðnaðarráðherra, hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að þessu sinni, þegar tími gefst til að taka fyrir óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra.

[12:18]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Forsætisnefnd þingsins hittist korter fyrir kl. 10 í morgun á stuttum fundi til að fara yfir dagskrá fundarins í dag. Ég sit í forsætisnefnd. Við erum rétt komin út af forsætisnefndarfundi að ganga til salar til að hefja þingfund þegar virðulegur forseti þingsins frestar fundi. Það er að beiðni formanns utanríkismálanefndar vegna þess að óskað var eftir fundi í utanríkismálanefnd. Sá fundur hófst kl. 11.30. Það kann að vera að málið sem utanríkismálanefnd er að fjalla um sé brýnt og þurfi marga og mikla umræðu en það þarf líka að sýna þeirri dagskrá sem þegar hefur verið ákveðin og boðuð tilhlýðilega virðingu og í mínum huga, virðulegi forseti, hefði verið farsælla að setja fund, ganga til dagskrár og fresta hins vegar fundi ef það hefur þótt tilhlýðilegt vegna fundar í utanríkismálanefnd.

[12:19]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Virðulegur forseti. Hafi ég með sleifarlagi mínu við stjórn utanríkismálanefndar, eins og mátti ráða af ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, orðið til þess að valda óróa á þingfundi og orðið til þess að þingfundur frestaðist um 1½ klukkustund þá ætla ég að biðja þingheim afsökunar á því. Á því ber ég fulla ábyrgð en ég hvet hinn sama þingheim jafnframt til þess að hefjast þegar handa við þingstörfin eins og þau eru á auglýstri dagskrá.

[12:20]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ég ætla að árétta það að formaður utanríkismálanefndar hefur staðið sig með ágætum í allri meðferð málsins, ESB-málsins, á fundum utanríkismálanefndar, í rauninni þar til í morgun þar sem m.a. við þingmenn stjórnarandstöðu óskuðum eftir því að betur yrði farið yfir umsagnir, betur yrði farið yfir álit sem lá fyrir af hálfu meiri hluta utanríkismálanefndar en það var ekki orðið við því og málið var einfaldlega tekið út úr nefnd.

Ég ætla aðeins að fara yfir atburðarás morgunsins. Það var fundað í utanríkismálanefnd kl. 8.30. Fundi var frestað kl. 9.15. Af hverju var það? Það var út af því að stjórnarmeirihlutinn var í uppnámi, af því að einn þingmaður Vinstri grænna var að fara eftir samvisku sinni í gær og boðaði síðan í dag fyrirvara og það er mjög skiljanlegur fyrirvari. En málið var í uppnámi og það var gert hlé á fundum utanríkismálanefndar frá kl. 9.15 til kl. 10 af því að stjórnarmeirihlutinn ætlaði að möndla með sér meirihlutaáliti. Þannig er það. Það var aldrei boðað til annars fundar fyrir hádegi í utanríkismálanefnd, hann var ekki boðaður fyrr en kl. 19 í kvöld, um kvöldmatarleytið. Hann var síðan boðaður rétt fyrir kl. 11 með símtali til okkar í stjórnarandstöðunni.

[12:21]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti minnir á að það fer að hefjast óundirbúinn fyrirspurnatími til ráðherra.

[12:21]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég hef fulla samúð með virðulegum forseta, að hún vilji koma dagskránni af stað. En það er mikilvægt að ræða þetta vegna þess að þingstörfin hafa hreinlega verið í algeru rugli, svo ég leyfi mér að nota það orð, upp á síðkastið, nefndardagar færðir til hingað og þangað og nú sé ég einmitt að einn virðulegur hv. þingmaður úr viðskiptanefnd var að koma. Það var einmitt það sem ég ætlaði að ræða vegna þess að það er ekki bara verið að hringla til með fundartíma í utanríkismálanefnd heldur var það upplýst á fundi viðskiptanefndar sem stendur væntanlega enn, sem átti að vera kl. 13.00 í hádegishléi en út af öllu þessu uppnámi í stjórnarmeirihlutanum vegna ESB-málsins var hann færður til kl. 11.30 og hv. formaður nefndarinnar upplýsti að hún hefði leyfi frú forseta til að halda þeim fundi áfram, fram yfir að þingfundur hæfist. Þetta gerði það að verkum að þingmenn í viðskiptanefnd sem hefðu gjarnan viljað taka þátt í þessari umræðu geta það ekki (Gripið fram í.) og þetta var ekki þannig mál að það mætti ekki bíða. Mér finnst þetta vera óþægilegt, frú forseti, og því ekki hægt að haga þingstörfum þannig að við vitum að hverju við göngum.

[12:23]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti hafði spurt hvort óskað væri eftir atkvæðagreiðslu um þá tillögu að þingfundur yrði lengri í dag eða þar til umræðu um dagskrármálið væri lokið, samkvæmt 4. mgr. 10. gr. þingskapa.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Bresk skýrsla um Icesave.

[12:23]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Í vikunni greindi *Morgunblaðið* frá

því að út hefði verið gefin skýrsla af breskri lögmannsstofu sem lægi hjá íslenskum stjórnvöldum og væri efnislega á þá leið að Íslendingar væru ekki skuldbundnir hvorki að lögum eða að þjóðarrétti, ekkert hefði gerst í viðræðuferlinu fram í mars sem hefði skuldbundið íslensk stjórnvöld til að skrifa undir Icesave-samningana og hvatt var til að farið væri nánar ofan í lögfræðileg álitaefni tengd Icesave-viðræðunum. Þetta kom þinginu á óvart. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. utanríkisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra og reyndar ríkisstjórnin öll skuldi þinginu afsökunarbeiðni vegna þessa máls ef ekki bara vegna þess að skjalinu sem slíku var haldið til hliðar heldur líka vegna þess og ekki síður að viðbrögð hæstv. ráðherra, þar með talið hæstv. utanríkisráðherra, voru á þá leið að þetta hefði svo sem ekki skipt neinu máli, að það hefði ekkert nýtt komið fram í skjalinu og þetta hefði efnislega engu nýju bætt við málið.

Maður hlýtur að spyrja sig þegar ráðherrar leyfa sér að bregðast við með þessum hætti, þegar þinginu hefur verið haldið frá mikilvægum gögnum í jafnmiklu grundvallarmáli eins og Icesave-málið er, hvort hæstv. ráðherrar séu þá almennt þeirrar skoðunar að það sé í lagi fyrir þá að ritskoða það sem eigi að fara fyrir þingið og þeir geti lagt sitt sjálfstæða mat á þau gögn sem þangað eigi að rata. Það er ekki þannig. Þetta eru svik við þingið, þetta er trúnaðarbrestur við þingið og í stað þess að bera blak af efnisinnihaldi skjalsins ætti hæstv. ráðherra að standa hér upp og biðja þingið afsökunar á þessu hvort sem hann vissi af skjalinu eða ekki og líka þeirri skoðun sinni afdráttarlaust að skjalið hefði átt að koma fyrir þingið.

[12:26]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. Bjarna Benediktssyni um að þetta skjal hefði átt að vera í þeim gagnapakka sem var lagður fyrir þingið. Ég hef skýrt það út fyrir utanríkismálanefnd frá mínum sjónarhóli og mínum bæjardyrum hvernig á því stóð að svo var ekki. Ég get í sjálfu sér gert það líka hér. Ég vil líka segja að ég tel það mér ekkert ofvaxið að biðja þingið forláts á því. Í utanríkisráðuneytinu höfum við lagt gríðarlega mikið kapp á það að finna öll gögn og leggja öll gögn fyrir sem skipta máli. Hv. þingmaður segir að þetta skjal hefði átt að liggja fyrir og ég er honum bara sammála um það, það hefði átt að liggja fyrir. Ég er honum hins vegar ósammála um að í þessu skjali, á þeirri 1½ blaðsíðu þar sem um þetta mál er fjallað komi það fram sem skiptir sköpum. Ég tel að svo sé ekki. Þar er um að ræða að höfundarnir eru ósammála lagarökum Breta og Hollendinga og þeir segja að þar ríki vafi um hvernig beri að túlka innstæðutryggingartilskipunina og þeir segja að það séu rök með eða á móti. Þetta er rétt hjá höfundum en það er ekki nýtt. Hvers vegna? Það hefur komið fram með mun sterkari hætti áður af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar og það hefur m.a. komið fram í öðru lögfræðiáliti, líka frá alþjóðlegri lagaskrifstofu, Schjödt held ég að hún heiti. Sú skýrsla liggur fyrir í gagnapakkanum sem er úti í utanríkismálanefnd. Ég held að hún sé nr. 29 eða 30. Það er af þeim ástæðum sem ég held því fram að upplýsingarnar sem þarna koma fram skipti ekki sköpum í málinu og ég held því fram að það hafi legið fyrir áður í miklu rökstuddara máli en kemur þarna fram. Að því leytinu til er ég ósammála hv. þingmanni en ég er honum sammála um að þetta gagn hefði átt að vera.

[12:28]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Það er auðvitað vandamál við þetta mál, sérstaklega að maður fær ekki varist þeirri hugsun að það séu einhver fleiri skjöl sem haldið hefur verið eftir á sömu forsendum en látum það liggja á milli hluta.

Hvað er hæstv. ráðherra að segja hér nú? Hann segir: Það var uppi lagaleg óvissa í málinu. Það tókust á tvenn sjónarmið, sjónarmið Hollendinga og Breta, um að við hefðum lagalegu skuldbindinguna og sjónarmið Íslendinga, sjónarmið okkar, sjónarmið sem styrkja málstað Íslands í málinu og um þetta var lagaleg óvissa. Jafnvel þó að þetta lögfræðiálit hafi verið hliðhollt málstað Íslendinga þá voru þarna lögfræðiálit sem voru hliðholl málstað Breta og Hollendinga og við ákváðum að fara eftir þeim. Það er það sem hæstv. ráðherra er að segja. Ríkisstjórnin tók meðvitaða ákvörðun í þeirri lagalegu óvissu sem var uppi að fylgja þeim álitum sem studdu málstað viðsemjenda okkar í málinu. Það er það sem efnislega er verið að segja. Þetta er alveg ótrúlegur málflutningur.

[12:29]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Þetta er þó ekki ótrúlegri málflutningur en svo að nákvæmlega þessi sömu viðhorf er að finna í annarri álitsgerð með miklu betri og útfærðari hætti. Sú álitsgerð var kölluð fram í tíð — hvaða ríkisstjórnar? Ekki þeirrar ríkisstjórnar sem ég sit í núna heldur í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þingmaður og núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins studdi. Það er að segja að lögfræðistofan Schjödt — sem Peter Dyrberg, sem okkur er að nokkru kunnur sem störfum að þessum málum á Íslandi, átti m.a. aðild að — lagði fram þetta álit að beiðni þáverandi ríkisstjórnar. Þar koma þessi rök fram. Hvaða ríkisstjórn tók þessa ákvörðun? Það var sú ríkisstjórn sem ég og hv. þingmaður studdum á sínum tíma.

Uppbyggingaráform í iðnaði.

[12:30]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Mig langar að gera tilraun til þess að stinga höfðinu þó ekki væri nema í stundarkorn upp úr hrúgu allra þeirra leiðindamála sem blasa við þjóðinni og þinginu og spyrja um uppbyggingaráform á komandi árum, spyrja um sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar. Það hefur afskaplega lítið spurst til sóknaráforma, hvernig við ætlum að auka útflutningstekjur á Íslandi, auka gjaldeyristekjur, skapa meiri hagvöxt.

Forsenda spurningar minnar er ákvörðun G-8 ríkjanna í gær sem greint var frá í fréttum í gærkvöldi að þau hygðust draga saman í útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 50% fyrir árið 2050 miðað við 1990 og að iðnríkin sjálf ætli að taka á sig 80% skerðingu í útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Fjölmörg ríki hafa séð nákvæmlega í þessari ákvörðun og í

þeim miklu þjóðfélagsbreytingum sem munu eiga sér stað af þessu tilefni mikil sóknarfæri. Ég nefni Dani í því sambandi sem hafa lagt mikla áherslu á uppbyggingu grænnar tækni og grænnar orku á undanförnum árum og fá núna útflutningstekjur upp á 1.500 milljarða á ári hverju samkvæmt nýjustu tölum sem er jafnmikið og þeir fá af matvælaframleiðslu. Útflutningstekjur jukust um 19% frá 2007–2008 í Danmörku með þessari áherslu. Þetta er danska leiðin. Við höfum líka dæmi af finnsku leiðinni þar sem Finnar staðsettu sig í upphafi samskiptabyltingarinnar með ákveðnum hætti þannig að þeir reistu endurreisn síns efnahagskerfis á því að vera í fararbroddi í samskiptatækni. Nú er það fyrirliggjandi að þessar þjóðfélagsbreytingar munu verða á komandi árum. Það verður gríðarleg krafa eftir grænni orku, grænni tækni, grænum iðnaði. Og það væri sorgarsaga ef Íslendingar næðu ekki að vera í fararbroddi með alla þá hreinu ímynd sem við höfum, með alla þá hreinu orku sem við höfum, með allan þann mannauð sem við höfum, ef við næðum ekki að skapa útflutningstekjur í þessum þjóðfélagsbreytingum. Mig langar að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Er eitthvað fyrirliggjandi sem heitir íslenska leiðin í þessu sambandi? Er einhver vinna í gangi í ráðuneytinu (Forseti hringir.) til að setja okkur þarna í fararbrodd?

[12:32]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka innilega fyrir þessa fyrirspurn. Það er ánægjulegt að fá að ræða þessi mál hér vegna þess að þetta hittir akkúrat inn á þá vinnu sem er undirliggjandi í allri stefnumörkun og allri ákvarðanatöku okkar í uppbyggingu til framtíðar litið hér á landi.

Það sem skiptir máli hérna og þar sem hv. þingmaður spyr hvort við ætlum ekki að vera í fararbroddi á Íslandi í þessari grænu leið í atvinnuuppbyggingu, þá má segja að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er mjög skýrt kveðið á um það að mörkuð verði heildstæð atvinnustefna, að mörkuð verði sóknaráætlun fyrir hvern einasta landshluta á Íslandi og undirliggjandi í því er græn atvinnusköpun. En það er ekki nóg að marka stefnu og meðan verið er að marka þessa stefnu sem er í fullum gangi núna er ríkisstjórnin að vinna að fjölmörgum verkefnum til atvinnuuppbyggingar hér á landi sem flokka má sem grænan iðnað. Til að mynda erum við að vinna að gerð fjárfestingarsamnings sem felur í sér ívilnanir til handa fyrirtæki sem ætlar sér að byggja gagnaver. Ég var að undirrita samning við fyrirtækið Becromal til að örva fjárfestingar hér á landi sem flokkast líka undir grænan hátækniiðnað. Að þessu erum við að vinna af heilum hug og fullum krafti og það er ætlun okkar að halda því áfram.

Annað sem ég vil líka nefna við hv. þingmann er að við höfum sett okkur mjög metnaðarfull markmið í losun gróðurhúsalofttegunda. Þar höfum við forskot vegna þess að mikið af okkar orkuöflun er endurnýjanleg. Það er líka í gangi núna í ráðuneyti iðnaðarmála vinna við svokallaða orkuskiptaáætlun fyrir bílaflota landsins þar sem unnið er að heildstæðri stefnumörkun þar sem settir verða mílusteinar um það hvernig við ætlum að koma bílaflotanum yfir í nýtingu á innlendum orkugjöfum, endurnýjanlegum og úr lífmassa.

[12:35]

Guðmundur Steingrímsson (F):

Frú forseti. Hér er gríðarlega mikið í húfi. Það er fyrirliggjandi að við erum stór matvælaútflutningsþjóð. Við flytjum líka mikið út af áli og öðrum iðnaðarvörum. Það er lykilatriði á komandi árum að við fjölgum stoðunum undir útflutningstekjum Íslendinga og það er lykilatriði að við ræðum það líka í þeirri miðri varnarbaráttu sem við erum í fyrir hönd íslensks þjóðfélags hvernig við ætlum að byggja upp.

Ég fagna svari hæstv. iðnaðarráðherra. Það er vinna í gangi en við þurfum bráðum að fara að sjá á spilin í þeirri vinnu. Við þurfum að fara að sjá hvernig ríkisstjórnin hugsar sér að byggja upp á komandi árum vegna þess að það er ögurstund í þessum efnum, það er ögurstund akkúrat núna. Ég bendi á eitt í þessu sambandi að ef við ætlum að vera í fararbroddi í uppbyggingu á grænum iðnaði og mæta allri þeirri eftirspurn sem verður eftir slíkum iðnaði á komandi árum verðum við auðvitað að forgangsraða heima fyrir. Snýst vinnan í ráðuneytinu um það að forgangsraða þeim áherslum í vil? Þetta lýtur auðvitað að orkusölunni. (Forseti hringir.) Ætlum við að forgangsraða í orkusölu þessum áherslum í vil?

[12:36]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Þarna kom hv. þingmaður einmitt inn á lykilpunkt sem er sá að við þurfum að fjölga stoðunum undir íslensku atvinnulífi. Það er stefna núverandi ríkisstjórnar og það er það sem við vinnum að. Við erum komin með sterkar stoðir undir atvinnulífið sem er fiskurinn og áliðnaðurinn og nú þurfum við að búa til enn eina stoðina sem verður grænn hátækniiðnaður. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt, það er komið að ögurstundu. Hv. þingmaður segir að við verðum að fara að sýna á spilin. Við höfum verið að sýna á spilin með því að undirrita fjárfestingarsamninga við slík fyrirtæki. Við höfum líka verið að sýna á spilin, virðulegi forseti, með því að skipa starfshóp sem er að ljúka við að skrifa frumvarp til laga um ramma utan um ívilnanapakka til handa nýfjárfestingum til Íslands sem er algert grundvallaratriði í þessu vegna þess að þessi græni iðnaður er út um allan heim að leita sér að staðsetningu. Það eru fleiri ríki en Ísland sem keppa um að fá þennan iðnað til sín og því skiptir máli (Forseti hringir.) að hér sé gagnsæi og það sé aðgengilegt hvað hér er í boði. Það mun þessi rammalöggjöf fela í sér, gagnsæi í því hvað hér er til staðar og hvað við getum boðið slíkum iðnaði vilji hann staðsetja sig hér.

Strandveiðar.

[12:37]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Í *Morgunblaðinu* þann 6. júlí sl. birtist lítil frétt sem lét ekki mikið yfir sér en hún fjallar um fyrstu sjáanlegar afleiðingar af því frumvarpi sem varð að lögum er snúa að strandveiðum. Í fréttinni er sagt frá því að veiðar hafi hafist um síðustu mánaðamót og,

með leyfi forseta, vil ég vitna beint í fréttina. Þar stendur:

„Nú er því allt útlit fyrir að tveggja mánaða kvóti“ — þ.e. kvóti júnímánaðar og júlímánaðar — „verði uppveiddur fyrir vikulok á Norðvesturlandi en svæðið nær allt frá Snæfellsnesi og að Skagafirði.“

Síðan segir í fréttinni að gífurleg keppni sé á milli manna um þessar veiðar og augljóst sé að æsingurinn er mikill. Niðurlag fréttarinnar hljóðar svo:

„Fari svo fram sem horfir, sjá trillusjómenn á Norðvesturlandi fram á rólegheit fram til 1. ágúst, þegar kapphlaupið um ágústkvótann hefst.“

Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins vöruðum nákvæmlega við þessu í umræðunni um þetta mál. Við bentum á að það sem mundi gerast þegar menn færu þessa arfavitlausu leið væri það að bátunum mundi fjölga strax til mikilla muna, það mundu hefjast kappveiðar, ólympískar veiðar.

Ég verð reyndar að játa það að ég átti von á að það yrði kannski ekki svo mikil aukning í sumar en aukningin mundi verða mest næsta sumar. En að sjálfsögðu fór þetta þannig að strax varð gríðarleg aukning, gífurleg kappsemi, mikill æsingur og menn klára tveggja mánaða kvóta fyrir lok þessarar viku. Hvernig sjá menn fyrir sér að þetta verði t.d. næsta sumar þegar menn hafa haft sæmilegan tíma til að undirbúa sig, þegar menn hafa haft tíma til að koma inn í þetta? Þá standa menn frammi fyrir því að sífellt verður að fækka dögunum, fleiri og fleiri bátar liggja við bryggjurnar ónotaðir og krafan mun vaxa dag frá degi á hæstv. sjávarútvegsráðherra (Forseti hringir.) um að auka þann kvóta sem er til skiptanna til að menn þurfi ekki að liggja og bíða eftir því að geta farið í kapp eftir næstu mánaðamót.

[12:39]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Virðulegi forseti. Varðandi framkvæmd strandveiðanna þá get ég hughreyst hv. þm. Illuga Gunnarsson með því að þær ganga afar vel. (Gripið fram í.) Ég skal bara rekja nokkur atriði til upplýsinga.

Gefin hafa verið út samtals 435 leyfi til strandveiða. Mikið hefur verið að gera hjá Fiskistofu sem hefur sýnt mikinn dugnað við að afgreiða leyfin hratt. Það er búið að veiða líklega um 640 tonn af 4.000 tonna heildarkvóta. Það er alveg rétt að þetta hefur skipst misjafnlega á svæði. Á svæði A, þ.e. á norðvestursvæðinu, hafa verið gefin út 168 leyfi og búið er að veiða 52% af kvótanum fyrir júní/júlí. Á svæðinu fyrir norðan land hafa verið gefin út 63 leyfi og þar var búið að veiða 10% af kvótanum fyrir júní/júlí. Á svæðinu fyrir austan land hafa verið gefin út 77 leyfi og búið að veiða 17% af kvótanum fyrir þennan tíma. Og á svæðinu fyrir Suður- og Suðvesturlandi hafa verið gefin út 117 leyfi og þar er búið að veiða 15% af því sem þar var get ráð fyrir að veiða í júní/júlí.

Þetta hefur gengið mjög vel. Ég hafði samband í dag við framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda, Örn Pálsson, sem sagði að það væri mikill metnaður hjá þeim sem stunda þessar veiðar að láta þær ganga vel, fara nákvæmlega eftir öllum þeim reglum sem þar hafa verið settar. (Forseti hringir.) Það væri almennt mjög mikil ánægja með framkvæmd þessa, enda væri aginn sterkur og góður og allir kepptust þar við að fylgja reglum. (Forseti hringir.) Athugasemdir hv. þingmanns, frú forseti, eru því algerlega út í hött.

[12:42]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég verð að játa að svar hæstv. ráðherra veldur mér nokkrum áhyggjum. Það er eins og hæstv. ráðherra hafi ekki fylgst mjög vel með því sem hér var sagt. Það var ekki spurt um hvernig gengi að láta menn fara eftir reglunum. Það sem spurt var um og menn hafa áhyggjur af er hvers eðlis reglurnar eru og hvaða afleiðingar þær hafa.

Þetta mun bara fara svona: Annaðhvort eykur hæstv. ráðherra kvótann sem er til ráðstöfunar í þessu til að mæta því að fleiri og fleiri koma inn, og það sem mun gerast er að bátunum fjölgar til að nýta hinn aukna kvóta, eða að hæstv. ráðherra gerir ekki neitt og bátunum fjölgar þangað til að menn geta farið með þetta eins og gert var í Bandaríkjunum með lúðuveiðarnar, þar var hleypt af fallbyssu, menn veiddu í þrjá tíma og veiðunum var lokið. Eða í þriðja lagi að hæstv. ráðherra lokar fyrir aðganginn sem er auðvitað langlíklegast að gerist eftir að hann er búinn að hækka kvótann í tví- eða þrígang og getur ekki komist lengra í þá áttina. Og hvað gerist þá? Það myndast ný réttindi fyrir þá sem fóru inn í þetta og þeir sem helst fara inn í þetta kerfi eru auðvitað þeir sem voru í gamla kerfinu, seldu sig út úr því og áttu bátana. (Forseti hringir.) En auðvitað munu fleiri bætast við og þetta mun allt enda í tómri vitleysu þrátt fyrir það að menn fari einmitt eftir reglunum eins og hæstv. ráðherra fór yfir. Að sjálfsögðu munu menn gera það en niðurstaðan verður akkúrat þessi, því miður.

[12:43]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Margur heldur mig sig í þessum efnum. En það er ekki ætlun mín, eins og hv. þm. Illugi Gunnarsson telur sig mundu verða að gera, að láta undan kröfum í þessum efnum. Þarna eru settar mjög ákveðnar og sterkar reglur, það er tiltekinn afli sem er ákveðinn til þessara veiða og hann stendur.

Ég get líka upplýst hv. þingmann um það að óttinn við brottkast í þessum veiðum eða að menn komi ekki með allan veiddan afla að landi virðist ástæðulaus. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef kemur mjög fjölbreyttur afli úr sjó. Til dæmis hvetur fyrirtæki á Flateyri, Eyraroddi, til þess að fá báta í viðskipti. (Gripið fram í.) Þetta gengur mjög vel og ég vonast bara til, frú forseti, að hv. þingmaður taki gleði sína með smábátasjómönnum og með þeim sem upplifa núna opnun á því niðurnjörvaða kvótakerfi sem flokkur hv. þingmanns hefur staðið að á undanförnum árum. (**IllG:** Þetta er vont fyrir Ísland.) Þetta er gott fyrir Ísland.

Reikniaðferð í Icesave-samningnum.

[12:45]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Við í fjárlaganefnd höfum fjallað um

Icesave-málið og fjölmörg gögn sem eru þar til skoðunar. Álitaefnin eru líka fjölmörg og það var dapurlegt að hlusta á hæstv. utanríkisráðherra lýsa því yfir að álit bresku lögmannsstofunnar skipti engu máli, (**Utanrrh.:** Ég sagði það ekki.) ef ég skildi hann rétt.

Mig langar til að spyrja hann út í annað mál ekki síður mikilvægt. Þannig er að færustu lögmenn landsins hafa farið yfir Icesave-samninginn og rekist á það ákvæði að í samningnum er sérstakt ákvæði sem áréttar að sjóðirnir munu njóta jafnræðis þegar kemur að úthlutun úr búi Landsbankans, þ.e. fái upp í kröfur sínar í jöfnum hlutföllum. Það er fullyrt að þetta sé í samræmi við þá túlkun á gjaldþrotalögum sem almennt hefur verið uppi.

Nú er það reyndar þannig að þetta er þveröfugt við þá túlkun sem hefur gilt í íslenskum lagarétti og það leiðir til þess að útreikniaðferðin sem er notuð er röng, virðist vera svo, skeikar um 50–100 milljarða, kannski meira. Ef þetta er þannig eins og þessir færu lögmenn og virtu á Íslandi benda á, ef það er rétt að menn hafi gert þessi stóru mistök við samningagerðina, að þeir hafi ekki verið með íslenskan lagarétt á hreinu, er þá ekki kominn forsendubrestur við það að Alþingi samþykki ríkisábyrgð á þessa samninga?

[12:47]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Nú þekki ég ekki það lögfræðiálit sem hv. þingmaður vísar til. Eins og ég skil á máli hans þá er það gagn sem fram hefur komið í umfjöllun hv. fjárlaganefndar. Það er auðvitað Alþingis að lokum að taka ákvörðun um það hvort það vill og treysti sér til að samþykkja Icesave-samninginn eða ekki. Ég hef sagt það eitt í þessum sal um þá umræðu alla að þingið verði að gefa sér nægilega góðan tíma til að skoða út í hörgul öll þau gögn sem fram koma. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!) Hér er kallað: Heyr, heyr. En það hefur líka komið fram af hálfu hæstv. fjármálaráðherra í umræðum um Icesave að ríkisstjórnin leggi áherslu á að þingið fái allt það ráðrúm sem þarf til að skoða gögnin.

Nú hefur hv. þingmaður upplýst að komið hafi fram sterkar efasemdir um reikniaðferðir sem beitt var og þá er það eitthvað sem fjárlaganefnd þarf að skoða rækilega og fá þá álit á. En það er fyrst og fremst fjárlaganefnd sem þarf að komast að því. Ég get ekki sagt hv. þingmönnum hvort þetta sé rétt eða rangt. Það er þá nefndin sem væntanlega gefur sitt álit til þingsins og leyfir þá mér og öðrum að taka afstöðu til þess hvort um forsendubrest sé að ræða.

[12:48]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta ef ég hef sagt fyrr í umræðunni að þetta væri álit eða gagn sem væri komið fyrir fjárlaganefnd. Svo er ekki. Hins vegar hafa færir lögmenn á Íslandi bent mér á sérstaklega að svo virðist sem samninganefndin hafi mistúlkað íslenskan rétt í samningaferlinu og komist að þeirri niðurstöðu að sú villa geti leitt til þess að við tökum á okkur auka 50–100 milljarða. Það er ekki búið að reikna það fyllilega út en verður væntanlega gert í fjárlaganefnd. Maður veltir þessu fyrir sér vegna þess að maður hefur stundum á tilfinningunni í þessu máli að það skipti engu máli hvaða gögn komi fram, þetta mál eigi að keyra í gegn með góðu eða illu. Þess vegna endurtek ég spurninguna sem hæstv. utanríkisráðherra svaraði ekki: Mundi hann telja, ef satt reynist að þessi mistök (Forseti hringir.) hafi verið gerð, að þetta sé forsendubrestur í málinu sem leiði til þess að Alþingi Íslendinga eigi að hafna ríkisábyrgð á Icesave-skuldbindingunum?

[12:50]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég hef stundum sagt úr þessum stóli þegar ég hef fengið spurningar sem eru að eðli til svipaðar þeirri sem hv. þingmaður varpaði til mín að í þeim efnum fylgi ég hinni gullnu reglu sem fyrrverandi forsætisráðherra Breta, Margaret Thatcher hélt í heiðri. Hún sagðist ekki svara fræðilegum spurningum. Hv. þingmaður hefur varpað því hér fram (Gripið fram í.) að gildir lögmenn — og ég dreg ekkert úr verðleikum þeirra — hafi sagt honum að tilteknir hlutir hafi verið gerðir með röngum hætti og það geti haft alvarlegar afleiðingar á niðurstöðu og útreikninga. Þá segi ég við hv. þingmann: Ég tel að það væri rétt hjá honum og í samræmi við þingskyldur hans við rannsókn þessa máls að leiða þessi sjónarmið fram þá af munni þessara lögfræðinga í fjárlaganefndinni eða með skriflegum hætti. (**Gripið fram í:** Það verður gert.) Nefndin fer þá yfir það og kemst að því hvort það sé talið hugsanlegt að einhvers konar forsendubrestur sé í þessu máli Ég er ekki fær um hér að kveða upp úr með það. (**HöskÞ:** En ef þetta væri rétt?) (Forseti hringir.) Ég er ekki í fjárlaganefndinni og ég segi eins og Margaret Thatcher að maður á ekki að svara fræðilegum spurningum, sérstaklega ekki ef þær eru í páskildagatíð og viðtengingarhætti.

Ríkisábyrgð vegna Icesave.

[12:51]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um ríkisábyrgð vegna Icesave-málsins. Nú er faðir hæstv. umhverfisráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, Svavar nokkur Gestsson sem fór fyrir samninganefndinni sem kom heim með þessa glæsilegu niðurstöðu. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji sig hæfa til að greiða atkvæði um ríkisábyrgðina í ljósi þessara tengsla.

[12:52]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Frú forseti. Samkvæmt 48. gr. stjórnarskrárinnar eru alþingismenn eingöngu bundnir við sannfæringu sína og ekki við neinar reglur frá kjósendum sínum eins og það er orðað þar. Í þessu felst að hæfisreglur stjórnsýslulaga taka ekki til starfa þingmanna sem slíkra og í 64. gr. þingskapa er svo kveðið á um skyldu þingmanns til að vera viðstaddur og taka þátt í atkvæðagreiðslu nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi. Einu hæfiskröfurnar sem gerðar eru til þingmanna við afgreiðslu mála á Alþingi koma fram í 3. mgr. þessarar greinar en þar segir að enginn þingmaður megi greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín. Það á ekki við í þessu efni þannig að ég tel mér skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

[12:53]

Útbýting:

Endurskipulagning atvinnufyrirtækja á vegum bankanna, 90. mál, svar viðskrh., þskj. 247.

Endurskipulagning rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, 1. mál, frhnál. minni hluta efh.- og skattn., þskj. 246.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 100. mál, svar forsrh., þskj. 248.

Fjármálafyrirtæki, 3. umr.

Stjfrv., 85. mál (sparisjóðir). — Þskj. 215, brtt. 242.

[12:54]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér við 3. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki sem varða sparisjóðina í landinu. Þetta mál hefur verið til skoðunar í hv. viðskiptanefnd nú um nokkra hríð og að kröfu okkar í stjórnarandstöðunni var málið tekið inn til nefndar á milli umræðna til þess að við gætum unnið það aðeins betur.

Ég verð að segja það strax í upphafi að það eru mér mikil vonbrigði að okkur í nefndinni hafi ekki tekist að klára málið með betri og skýrari hætti vegna þess að markmið okkar allra er jú að koma sparisjóðunum í landinu til bjargar í þeirri erfiðu stöðu sem þeir eru og óþarft er að fjölyrða um hér. Frumvarpið átti samkvæmt markmiðum þess að taka á þeim vanda og skapa þeim styrkara lagaumhverfi til framtíðar. Ég og fleiri í minni hluta nefndarinnar erum ekki sannfærð um að þetta sé aðferðin til þess og við höfum kallað eftir vandaðri málsmeðferð í nefndinni.

Frumvarpið snýr í rauninni að tveimur atriðum: Það snýr annars vegar að björgun sparisjóðanna úr þeim bráðavanda sem þeir eru í núna og hvernig þeir uppfylla reglurnar frá 18. desember á grundvelli neyðarlaganna um að fá eiginfjárframlag úr ríkissjóði. Hins vegar erum við ekki sannfærð um það í minni hluta nefndarinnar, við sjálfstæðismenn í það minnsta, í fyrsta lagi að þetta dugi til og í öðru lagi að nauðsynlegt sé að fara í allar þessar breytingar á þessu stigi. Þá vísa ég sérstaklega til umsagnar Fjármálaeftirlitsins og ummæla gesta úr Fjármálaeftirlitinu þegar þeir komu fyrir nefndina þess efnis að það væri mjög mikilvægt að nefndin vandaði til lagasetningar og að við ættum ekki keyra þetta mál í gegn og allar þessar breytingar. Við ættum að „fókusera“ á það sem skipti máli til að bjarga sparisjóðunum. Aðalástæða þess að við vildum fá málið inn í nefnd að nýju að fá á hreint hvaða greinum við þyrftum að breyta og hverjum ekki.

Það verður að segja að það var afar fróðlegt þegar gestirnir komu annars vegar frá fjármálaráðuneytinu og hins vegar frá viðskiptaráðuneytinu, það var hæstaréttarlögmaður sem kom að samningu frumvarpsins. Aðspurð sagði fulltrúi fjármálaráðuneytisins í svari við spurningu frá mér að það væri í reynd nóg að breyta 7. gr. frumvarpsins. Ég geri ekkert lítið úr því að 7. gr. frumvarpsins er sú grein sem kannski mestur ágreiningur er um varðandi þetta frumvarp. Hér var felld breytingartillaga við 2. umr. af meiri hlutanum um að fella hana brott, en það er samt sem áður sú grein sem fulltrúi fjármálaráðuneytisins taldi vera þá einu sem þyrfti til þess að ná því markmiði sem framkvæmdarvaldið telur nauðsynlegt til þess að uppfylla skilyrði reglnanna frá 18. desember.

Nú má deila um hvort það sé réttmætt skilyrði en þetta er alla vega það sem framkvæmdarvaldið gerir að skilyrði áður en eigið fé er reitt fram og stofnfé ríkisins kemur inn í sparisjóðina. Gott og vel, það er þeirra sjónarmið.

Fulltrúi viðskiptaráðuneytisins, fyrrnefndur hæstaréttarlögmaður, var ekki sammála og — ég segi ekki vandaði um fyrir fulltrúum fjármálaráðuneytisins en sagði alveg skýrt að honum þætti þetta ekki nóg. Hann vísaði til að betra væri að breyta fleiri greinum, hann notaði það skemmtilega orðalag að ýmiss konar „snikkerí“ á lögunum væri jú ágætt í þessum efnum. Honum fyndist það vera fín lína í því þegar farið væri yfir þessi mál að breyta fleiri greinum. Í mínum huga er því enn þá fullkomlega óupplýst hvort það sé algjörlega nauðsynlegt og þarna er skoðanamunur á. Ég er þeirrar skoðunar að við hefðum þurft að fara betur yfir það mál og ég er ekki sannfærð eftir vinnu nefndarinnar hvort þetta sé svona.

Hins vegar er ég sannfærð um annað og það er það sem ég hef mestar áhyggjur af, það vantar alla heildarsýn og alla framtíðarsýn inn í þetta frumvarp. Ríkið kemur inn með eigið framlag til björgunar sparisjóðunum. Það er gott. En það liggur hvergi fyrir og ég held að við eigum það jafnvel skrifað á minnisblaði frá viðskiptaráðuneytinu. Það er beinlínis sagt að ekkert hafi verið skoðað hvernig ríkið ætlaði sér út úr rekstri sparisjóðanna. Mér finnst það mjög alvarlegt þegar um svona stórt mál er að ræða að ekki sé búið að hugsa fyrir því hvernig á að ljúka því þegar vegferðin er hafin. Það vil ég gera alvarlegar athugasemdir við og ég er sannfærð um að það verði til vandræða þegar fram í sækir vegna þess að þarna er verið að ríkisvæða sparisjóðina án þess að nokkuð liggi fyrir um hvernig starfrækja eigi þá áfram, hver sparisjóðahugsunin eigi að vera eftirleiðis þegar ríkið kemur þarna inn. Hugmyndafræðinni um stofnfjáreigendanna er algjörlega vikið til hliðar með þessum hætti og því er von að ég spyrji og að spurt hafi verið: Ef þessa framtíðarsýn vantar og það liggur ekki fyrir hvernig ríkið ætlar sér út úr þessu, af hverju tekur þá ríkið ekki sparisjóðina yfir? Er það ekki hreinlegra? Þetta eru hlutir sem við vildum ræða betur og fá fleiri sjónarmið. Ég er ekki sannfærð um að við höfum rætt þetta mál til enda.

Það var fleira sem við ræddum um í nefndinni og spurðum um en fengum ekki nægilega skýr svör við, t.d. hvort hægt væri að setja einhvers konar gólf á niðurfærsluna. Hvort hægt væri að tryggja það með hagsmuni stofnfjáreigendanna og stofnfjárhugsunar, hugsunarinnar innan sparisjóðanna í huga þrátt fyrir að ríkið kæmi þar inn. Að gert væri að skilyrði að sett yrði gólf á niðurfærsluna þannig að stofnfjáreigendur hefðu einhvern hvata af því að vera þar inni. Það er grundvallarhugsunin. Við fengum skýra afstöðu frá meiri hlutanum í nefndinni, hann lagði þetta sjónarmið til hliðar. Hvers vegna ætti stofnfjáreigandi sem á stofnfé sem fært verður niður í núll og eignin þar með farin, að vilja koma sparisjóðnum sínum til hjálpar? Þessi rekstur hefur kannski ekki verið alltaf beysinn og það er eitt af

vandamálunum. Hvers vegna ætti hann því eina ferðina enn að vilja koma inn með pening í sparisjóðinn sinn þegar hann veit að það er engin trygging fyrir honum?

Þá segja menn: Ja, þetta er bara eins og í bönkunum, menn töpuðu á hlutafjárkaupum, þetta er alltaf áhætta. En það er ekki hægt að bera þetta fullkomlega saman vegna þess að samkvæmt þeim lögum sem nú gilda voru menn með ákveðna tryggingu fyrir því vegna þess að heimildin til niðurskriftar er ekki staðar. Þetta er því ekki fullkomlega sambærilegt, hvað svo sem mönnum kann að finnast um hvort sú heimild ætti að vera til staðar eða ekki.

Hvatinn í framtíðinni er svo mikilvægur. Ef við erum ekki búin að hugsa fyrir því hvernig ríkið fer út þessu. Ef enginn hvati er fyrir stofnfjáreigandann til að koma inn mun ríkið bara yfirtaka þessa sparisjóði til allrar framtíðar og eyðileggja sparisjóðahugsunina. Það verður enginn annar sem kemur inn, það verður enginn annar sem sér sínum hag betur borgið með því að koma inn í sparisjóðina. Það er það sorglega í þessu máli og það var rætt hérna við 2. umr., ég tek undir með formanni nefndarinnar, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur hvað það varðar, það er alveg augljóst að sparisjóðirnir eiga marga vini í þessum sal. Ég sagði við þá umræðu að það væri ekkert skrýtið vegna þess að sparisjóðirnir hafa rækt hlutverk sitt vel úti um landið í áranna rás og þess vegna eiga þeir marga vini. Þeir hafa stutt við bakið á sínum byggðarlögum, stórum sem smáum. Ég kem úr Keflavík, eins og komið hefur fram við umræðu þessa máls, og þar er sparisjóðurinn hornsteinn í samfélaginu og hefur verið það um árabil. Þess vegna er mjög eðlilegt að sparisjóðurinn eigi marga vini.

Þess vegna er svo sorglegt að horfa upp á að við getum ekki sammælst um að vanda betur til verka þannig að við getum verið sammála um hvernig við eigum að koma sparisjóðunum til bjargar til framtíðar og sammála og sannfærð um að þetta sé besta leiðin. Ég er ekki sannfærð um það og ég segi eina ferðina enn: Við höfum ekki hugsað málið til enda. Við verðum að hugsa um hvernig við ætlum að enda það áður en við förum af stað.

Það hefur verið ýjað að því að við séum að tefja mál, að við séum að þvælast fyrir í mikilvægum málum og er látið að því liggja að við séum að því hér. Ég vil taka það algjörlega skýrt fram að það er alls ekki það sem við sjálfstæðismenn höfum verið að gera í þessu máli, áhersla okkar hefur verið á vandaða málsmeðferð. Við viljum vanda okkur og við viljum vita hvar við ætlum að sjá fjármálakerfið til framtíðar. Við erum í nógu miklum vandræðum fyrir án þess að við þurfum að bæta á þau með því að fara sí og æ í lögin og breyta og bæta og leiðrétta einhver mistök sem gerð eru vegna einhvers asa. Þess vegna segi ég eina ferðina enn: Tökum þá grein eða þær greinar sem máli skipta vegna björgunarinnar, klárum þær, gerum það í sameiningu en látum hitt vera. Hitt er óhugsað. Það er nefnd að störfum sem er að endurskoða málefni fjármálafyrirtækjanna og sparisjóðanna sérstaklega. Það var reyndar ekki traustvekjandi sumt af því sem kom fram varðandi þá endurskoðun en það er önnur saga. Tökum á þessu máli skynsamlega og reynum að vinna það þannig að við getum sammælst um það markmið sem ég held að við deilum öll, að koma í veg fyrir það stórslys sem við gætum staðið frammi fyrir, að sparisjóðakerfið fari á hliðina. Það leysir engan vanda að fá það kerfi í fangið líka.

Vakin hefur verið athygli á því að það eru 284 milljarðar sem liggja í innlánum í sparisjóðanna. (**Gripið fram í:** 248.) 284 segi ég, 248 segir formaður nefndarinnar. (Gripið fram í.) Það er vel á þriðja hundrað milljarð sem ríkið fengi í fangið og ég held að við ættum öll að sammælast um að koma í veg fyrir að svo verði. Með aðkomu ríkisins og fjárhagslegri endurskipulagningu er þarna leið til þess að koma í veg fyrir að meiri skaði verði af þessu öllu saman og bjarga þeim verðmætum sem í kerfinu liggja.

Frú forseti. Ég sé að tími minn er á enda en ég vænti þess að um þetta mál verði mikil og góð umræða.

[13:09]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Þá er komið til 3. umr. það frumvarp sem við ræddum allítarlega þegar það var til umfjöllunar við 2. umr. málsins. Eins og þar kom fram er mjög mikill ágreiningur um málið og mörg okkar hafa efasemdir um að það nái tilætluðum markmiðum og það er í raun samhljómur milli skoðana okkar og flestra þeirra sem hafa komið að sparisjóðamálunum úti um landsins dreifðu byggðir.

Menn hafa mjög miklar áhyggjur af því sem hér er verið að gera og hér er verið að lögfesta. Það fer ekkert á milli mála að eins og málið er lagt upp núna mun það í besta falli hafa í för með sér óvissu og því miður er langlíklegast að það muni hafa í för með sér gríðarlega mikinn fjárhagslegan skaða þegar til lengri tíma er litið fyrir margar byggðir landsins. Það hefur komið mjög glögglega fram t.d. í heimsóknum fulltrúa af svæðum þar sem sparisjóðirnir gegna miklu hlutverki og við höfum hitt að máli sem og þingmenn einstakra kjördæma og ég veit að sambærilegum sjónarmiðum hefur verið komið á framfæri við hv. viðskiptanefnd.

Það voru nokkrar vonir bundnar við það þegar ákveðið var að málið færi til viðskiptanefndar milli 2. og 3. umr. málsins. Við vitum það sem þekkjum til í störfum þingsins að það er ekki alvanalegt að mál fari til nefndar milli 2. og 3. umr. máls. Oftast nær er búið að ljúka hinni efnislegu umræðu um málið þegar til 2. umr. kemur og 3. umr. er þess vegna stutt og sjaldnast fer málið til nefndar milli þessara tveggja umræðna. Það á hins vegar oft við, ef það gerist, þegar um er að ræða mál sem er mikið að vexti og skiptir miklu máli og eins þegar það liggur fyrir að grundvallarspurningum í málinu er ósvarað. Það átti við um þetta mál þegar það fór til viðskiptanefndar og stofnfjáreigendur, sveitarfélög, viðskiptavinir sparisjóðanna bundu þess vegna vonir við að tekið yrði af alvöru á því sem hefur valdið miklum kvíða víða í byggðum landsins. Þess vegna verð ég að játa að það olli mér miklum vonbrigðum þegar ég sá að það eina sem kom út úr þessu áþreifanlega fyrir okkur sem sitjum í þinginu var breytingartillaga sem hv. formaður nefndarinnar, Álfheiður Ingadóttir, flutti og er í raun og veru engin efnisbreyting á frumvarpinu heldur eingöngu, svo ég noti orðalag sem eignað var einhverjum gesta nefndarinnar, einhvers konar „snikkerí“ á frumvarpinu.

Það er með öðrum orðum alveg ljóst í hvað stefnir varðandi þetta mál. Það stefnir í það að ríkisstjórnin ætli að ná því fram sem hefur verið og var auðvitað þungamiðjan í

þessu máli sem er að opna lagalega heimild til að færa niður stofnfé í sparisjóðunum. Það er þungamiðjan í þessu máli. Annað skiptir auðvitað máli en þetta er grundvallaratriðið og mun hafa mestu áhrifin og hefur auðvitað valdið mestri ólgu úti um allar byggðir landsins. Og það er alveg sama hvað menn segja sem eru að reyna að tala fyrir þessu máli, það er sjónarmið þess fólks sem við á að búa að þessi niðurstaða ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarmeirihlutans sem hér er verið að kunngera muni hafa mjög alvarlegar afleiðingar víða úti um byggðir landsins. Þeir þingmenn sem ættu að þekkja vel til aðstæðna í þessum efnum geta auðvitað ekki skáskotið sér undan ábyrgð í þeim efnum. Málið er að verða að lögum og verður að lögum með tilstyrk þeirra þingmanna sem styðja ríkisstjórnina og verða þess vegna ábyrgðaraðilar að því ástandi sem mun koma upp hvernig sem það birtist á næstu vikum. Þess vegna verð ég að segja, virðulegi forseti, að það voru mjög mikil vonbrigði að sjá að þegar fjallið tók jóðsótt þá fæddist agnarlítil mús í formi þessarar breytingartillögu sem engu máli skiptir fyrir efni málsins.

Eins og hér hefur verið bent á er þetta ekki spurning um að bjarga stofnfjáreigendum. Ég ætla að árétta það, svo það fari ekkert á milli mála, sem ég nefndi í 2. umr. að sjálfur er ég stofnfjáreigandi. Mér væri það að meinalausu að mitt stofnfé hyrfi ef það væri til þess að greiða fyrir málinu en það er hins vegar ekki það sem málið snýst um. Málið snýst um það með hvaða aðferðum við ætlum að tryggja að sparisjóðafyrirkomulagið, sparisjóðakerfið í landinu geti haldið velli.

Það var ákveðið í neyðarlögunum í október að lagðir skyldu til hliðar sérstakir fjármunir til að leggja inn í sparisjóðina af hálfu ríkisins. Af hverju var það gert? Það var gert vegna þess að mönnum var alveg ljóst að ekki yrði hægt að fá almenna fjárfesta til að leggja fé inn í sparisjóðina. Aðstæður væru þannig, og þær aðstæður hafa því miður ekki breyst að því leytinu, að það væri borin von um að almennir fjárfestar sem sækjast eftir ávöxtun á sínu fé kæmu inn í þessa sjóði. Þess vegna var niðurstaðan sú að það væri skynsamlegt vegna mikilvægis sparisjóðakerfisins í landinu að ríkið kæmi til skjalanna með tiltekinni upphæð og legði sparisjóðunum til fé og síðan auðvitað í þeirri von að hægt væri að fá fleiri aðila að því máli ef unnt væri, svo sem eins og aðra stofnfjáreigendur, t.d. aðila sem hafa hagsmuni af því að sparisjóðirnir starfi í sínum byggðum o.s.frv. Sú aðferðafræði sem verið er að leggja til í þessu frumvarpi, sem verður gert að lögum væntanlega á þessum sólarhring eða fljótlega, mun hins vegar koma í veg fyrir að hægt verði að ná þessu fé frá stofnfjáreigendum og fólki úti í byggðum landsins vegna þess að menn munu hafa fengið smjörþefinn af því hvað það þýðir þegar þeir leggja fjármuni sína í sparisjóði með þessum hætti. Sú hætta er uppi að stofnfé verði fært ríflega niður og þá skipta engu máli fögur orð og fögur fyrirheit og væntumþykjuyfirlýsingar í garð sparisjóðanna ef málin verða unnin með þeim hætti sem verið er að leggja drög að hér.

Hér er með öðrum orðum fyrst og fremst verið að leggja drög að því í 7. gr. þessa frumvarps að færa niður stofnféð. Síðan er það útskýrt nánar bæði í nefndaráliti meiri hlutans og hefur komið skýrt fram í ræðum þeirra sem hafa verið talsmenn þessa meirihlutaálits að ætlunin sé að færa þetta stofnfé niður að raunvirði eins og það er kallað. Förum aðeins yfir stöðu málanna. Staðan er sú að sparisjóðirnir eru sannarlega misjafnlega á sig komnir en almennt getum við sagt að sparisjóðakerfið er núna í mjög miklum fjárhagslegum vanda. Lausafjárstaða margra þessara sparisjóða er sterk en efnahagsleg staða þeirra er veik. Þetta kann að vera mótsagnakennt en þannig er þetta. Þeir hafa nægilegt lausafé en hins vegar er eiginfjárstaðan slök og fyrir því eru nokkrar ástæður.

Sumir þeirra urðu fyrir mjög miklu áfalli þegar bankakerfið hrundi, þ.e. þegar stóru bankarnir hrundu í upphafi októbermánaðar. Þeir áttu talsvert af eigin fé sínu bundið í eignarhluta, beinum eða óbeinum, í þessum fjármálastofnunum og urðu þess vegna fyrir miklu áfalli. Þeir höfðu ekki fjárfest þar vegna þess að þeir væru í einhverju gambli eins og stundum er talað um. Þeir höfðu fjárfest þar vegna þess að á því voru sögulegar skýringar. Sparisjóðirnir höfðu komið að uppbyggingu Kaupþings, eignarhlutur þeirra í Kaupþingi færðist yfir í Exista og síðan þekkja allir atburðarásina.

Í öðru lagi eru sparisjóðirnir í vanda vegna þess að þeir voru eðlis síns vegna í miklu og nánu samstarfi, m.a. í samstarfi gegnum Sparisjóðabankann. Leið þeirra og aðgangur að erlendu lánsfé fór í gegnum Sparisjóðabankann. Þegar sá banki féll illu heilli gerðist það að eigið fé margra þessara sjóða nánast þurrkaðist upp eða minnkaði mjög verulega. Þetta var ekki vegna þess að þeir væru að taka einhverja áhættu í eðli sínu, þeir voru fyrst og fremst að reyna að viðhalda því kerfi sparisjóðanna sem hafði verið við lýði í landinu í 100 ár eða meira. Forsendan fyrir því að það stæði var þetta samstarf, forsendan fyrir því að þeir gætu sinnt lánafyrirgreiðslu við viðskiptavini sína var að þeir gætu skaffað erlent lánsfé. Eftirspurn var eftir erlendu lánsfé, eðlilega, á síðustu árum og ef sparisjóðirnir áttu að geta sinnt viðskiptavinum sínum urðu þeir að fá aðgang að erlendu lánsfé og fyrir lítinn sparisjóð var það auðvitað borin von að fara út á erlendan lánamarkað. Þeirra eina von fólst í því að þeirra sameiginlegi banki, Sparisjóðabankinn, sem seinna hét Icebank — og gæti ég svo sem haft ýmis orð um þá þróun sem sá banki tók — gæti aflað þeim þessa lánsfjár. Þegar hann hrundi þá hrundi umtalsverður hluti af þeirra eigin fé.

Síðan til viðbótar vitum við að núna eru uppi vaxandi kröfur um það hvernig menn meta útlán fjármálastofnana. Eignavirði í landinu hefur lækkað, það þekkja allir tölurnar um eignarýrnunina sem hefur orðið t.d. á húsnæðismarkaðnum. Við sem þekkjum til í sveitum landsins vitum t.d. að eignavirðið í landbúnaði hefur snarminnkað sem hefur auðvitað mjög mikil áhrif á eigið fé ýmissa banka og síðast en ekki síst er það svo að menn meta með öðrum hætti núna eignir í sjávarútvegi heldur en áður. Þetta hefur auðvitað haft þessi alvarlegu áhrif á sparisjóðina.

Það sem núna blasir við að gera þarf er bæði að afla nýs fjár í gegnum ríkið eins og í sjálfu sér er verið að árétta með þessu frumvarpi — það var ekki verið að ákveða það, það var ákveðið í neyðarlögunum frá því í haust og það var enn fremur kortlagt betur með reglum sem samþykktar voru af þáverandi ríkisstjórn í desembermánuði sl. — og það

sem þarf síðan til viðbótar er aukið stofnfé og það stofnfé munu menn ekki sækja út á markaðinn núna fremur en síðastliðið haust. Í haust gerðu menn sér algerlega grein fyrir því að þeir fjármunir yrðu ekki sóttir í krafti þess að fjármagnseigendur, þeir sem vildu leggja fé í atvinnurekstur í því skyni að fá ávöxtun á sitt eigið fé, séu líklegir til að gera það með því að fjárfesta í litlum sparisjóðum úti á landi. Það munu þeir ekki gera. Þess vegna eiga þessir sparisjóðir líf sitt undir því að fá aukið stofnfé frá heimaaðilum. Og ég ætla bara að segja það sem mitt mat í þessum efnum að það er ákaflega ólíklegt að það muni takast ef niðurstaðan verður sú sem ég óttast að stefni í með þessu frumvarpi að stofnfé verði fært niður svo mjög að margir stofnfjáreigendur úti um byggðir landsins verði fyrir miklu efnahagslegu áfalli. Þess vegna segi ég að þetta mál getur ekki snúist um prívat og persónulegan hag stofnfjáreigenda þó að það skipti máli, þetta er spurningin um sjálft sparisjóðakerfið sem við ræðum hér. Þetta er grundvallarspurning, þetta er stór spurning, þetta er stórmál sem við erum að fjalla um og örlagastundirnar geta verið að renna upp núna.

Mér hefur fundist satt að segja, virðulegi forseti, að það hafi lítið borið á þeirri umræðu sem ég hefði búist við frá sveitarfélögunum í landinu. Ég hefði t.d. gert ráð fyrir að ýmis sveitarfélög hefðu vakið athygli á því hvaða gífurlegir hagsmunir eru hér í húfi. Sparisjóðirnir eru auðvitað mjög mikilvæg atvinnufyrirtæki víða í byggðunum. Þeir eru einstæð fyrirtæki að því leytinu að þeir eru oft og tíðum að bjóða fram atvinnustarfsemi af því tagi sem annars er ekki til staðar. Þetta eru líka einstæðar stofnanir að því leytinu að þær koma til skjalanna þegar ríkisbankarnir og einkabankarnir hafa kært sig kollótta um þátttöku í fjármagnsfyrirgreiðslu fyrir fyrirtækin úti á landi. Síðast en ekki síst, einmitt af þeim tveimur ástæðum sem ég var að nefna, hafa sveitarfélögin verið að leggja umtalsverða fjármuni, sum hver að minnsta kosti, inn í þessa sparisjóði í formi stofnfjár. Þau hafa ekki litið svo á að þetta væri hlutafé sem ætti að bera væntingar um varðandi ávöxtun sem menn eiga stundum um hlutafé. Menn hafa eingöngu horft á þetta til þess í fyrsta lagi að ná þarna byggðalegum markmiðum og í öðru lagi að það yrði gert með þeim hætti að stofnféð yrði a.m.k. ekki fært niður fyrir það sem það er að nafnvirði.

Ég þekki dæmi um lítil sveitarfélög sem munu hvert um sig kannski verða fyrir 150–200 millj. kr. tapi ef stofnféð verður fært niður í þeim sparisjóðum sem þau hafa lagt fjármuni inn í, 150 millj. kr. tapi. Þetta er áfall. Og ég spyr: Hefur hæstv. samgönguráðherra ekki komið að þessu máli? Ráðherra sveitarstjórnarmála? Hefur hann t.d. ekki haft einhverja skoðun á þessu máli? Hefur samgönguráðuneytið ekki haft skoðun á þessu máli? Hefur samgönguráðuneytið sem á að fara með hagsmuni sveitarfélaga ekki velt því fyrir sér hvernig það ætlar að bregðast við þegar litlu sveitarfélögin úti á landi verða fyrir þessu gífurlega áfalli? Ég hef ekki haft fyrir því að reikna það upp t.d. hvert það væri að hlutfalli ef við værum með sambærilegt áfall á höfuðborgarsvæðinu. En ég fullyrði að ef svona mál væri uppi sem hefði mögulega sambærileg áhrif á efnahag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu væri hér stórstríð. Menn tala alltaf um það eins og það sé bara valkvætt hvort menn fari í það að færa niður stofnféð. Það er ekki þannig. Menn eru í þeirri stöðu að verða að fá fjármuni frá ríkinu til að geta styrkt sparisjóði sína og þá eiga menn ekki margra kosta völ og stofnfjáreigendur munu ekki eiga margra kosta völ þegar ríkisvaldið kemur til þeirra og segir: Forsendan fyrir því að þið fáið nokkur hundruð milljónir í sparisjóðina ykkar er sú að þið þurrkið út stofnfé ykkar að miklu eða öllu leyti.

Virðulegi forseti. Ég held að við séum að tala um miklu alvarlegra mál en margan grunar. Það hefur fallið í skuggann fyrir mörgum þeim stóru málum sem hafa verið til umfjöllunar í samfélaginu en þetta er mál sem verðskuldar mikla umræðu og miklu meiri og vandaðri umfjöllun en það er að fá hér vegna þess að ég óttast að afleiðingarnar geti orðið mjög alvarlegar.

[13:25]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér málefni sparisjóðanna. Þannig er að sparisjóðirnir í landinu halda uppi mjög öflugu útibúaneti á landsbyggðinni og eru þess vegna gríðarlega mikilvægir fyrir byggðir landsins. Hins vegar hafa þeir ekki farið varhluta af þeirri holskeflu sem riðið hefur yfir efnahagslíf landsins og þess vegna er þetta frumvarp væntanlega komið fram. Það er í rauninni tvíþætt, það fjallar um aðgerðir til að leysa bráðavanda sparisjóðanna og hins vegar grundvallarbreytingar á því starfsumhverfi sem sparisjóðirnir starfa í.

Vissulega er gríðarlega mikilvægt að flýta þeirri vinnu er varðar björgunaraðgerðir sparisjóðanna og því ljóst að vinna þurfti hratt og vel í nefndinni að þeim vanda. Hins vegar er mér til efs að nægilega vönduð vinnubrögð hafi verið viðhöfð varðandi hinn hluta frumvarpsins, þ.e. þau ákvæði laganna sem snúa að grundvallarbreytingum í starfsumhverfi sparisjóðanna.

Vissulega á Alþingi að gæta að virðingu sinni og viðhafa vönduð vinnubrögð en maður hefur vissar áhyggjur af því að svo hafi ekki verið í þessu máli og að áherslan hafi dreifst í umræðunni varðandi þau atriði sem ég nefni, þ.e. bráðavandann annars vegar og hins vegar þau atriði er varða umgjörð sparisjóðanna.

Það sem er mikilvægt við sparisjóðakerfið í landinu er sérstaða þeirra og tengsl sparisjóðakerfisins við byggðirnar í landinu og samfélagið sem þeir eru reknir í. Stofnfjáreigendur koma margir hverjir innan úr samfélaginu og sparisjóðirnir hafa verið dyggir stuðningsmenn þess starfs, bæði æskulýðsstarfs og íþróttastarfs, sem fram hefur farið í þeim byggðum þar sem þeir eru starfræktir og þeir hafa tekið virkan þátt í því samfélagi þar sem þeir eru til staðar. Vissulega er þetta þeirra sérstaða og hana þarf að varðveita og það er þess vegna sem sparisjóðakerfið er enn til staðar og mikilvægt að halda því þannig. Hins vegar er óljóst hvort þessar breytingar koma til með að stuðla að því að þessi sérstaða haldist.

Í frumvarpinu eru nokkrar athyglisverðar breytingar. Í fyrsta lagi er þar heimild til að lækka stofnfé, heimildir til að sameina sparisjóðina öðrum fjármálastofnunum, þrenging á reglum um ráðstöfun hagnaðar eða arðs og áhersla á samfélagslega hlutverkið sem er vissulega fjallað um í frumvarpinu. Svo er heimild til að auka stofnfé og þá veltir

maður því fyrir sér, þegar ríkið hefur komið inn með sitt framlag og hefur þar af leiðandi í rauninni tekið yfir sparisjóðina, hvort þá sé nægilegur hvati fyrir stofnfjáreigendur og fyrir nýja stofnfjáreigendur til að koma inn vegna þess að vissulega hlýtur það að vera tilgangurinn að hvetja stofnfjáreigendur til að bæta við stofnfé og hvetja til þess að nýir stofnfjáreigendur komi inn og viðhalda þannig og með því sérstöðu sparisjóðakerfisins. Þess vegna er það gríðarlega mikilvægt að breyting á lögum sem þessum innihaldi slíka hvata en það er vandséð að svo sé í þessu tilfelli og því er spurningin hver niðurstaðan af þessu öllu saman verður. Þegar þessar breytingar hafa gengið í gegn verða þá sparisjóðirnir til?

Það verður vart hægt að sækja aukið stofnfé til almennings nema stórir og sterkir hvatar séu fyrir hendi þannig að baklandið heima í héraði komi að því að bjarga sínum sparisjóði. Þess vegna ætti það að vera eitt af helstu markmiðunum í þeirri miklu vinnu sem hv. viðskiptanefnd hefur lagt í frumvarpið að fara vel yfir þetta atriði.

Ég átti þess kost að sitja nokkra fundi í nefndinni og var tíðrætt um þetta í nefndinni. Þangað komu margir gestir og menn voru sammála um að sparisjóðirnir væru mikilvægar stofnanir. Þeir eru kannski ekki allir kerfislega mikilvægir en hver og einn er mikilvægur fyrir sitt samfélag og það eru sparisjóðirnir sem sinna hinum dreifðu byggðum landsins og sparisjóðakerfið er stórt og mikið í Suðurkjördæmi t.d. En hvað mun gerast ef viðskiptabankarnir verða allir í eigu ríkisins og ekki næst að laða að nýja stofnfjáreigendur, hvað gerist þá? Verða þeir ekki einfaldlega á grundvelli nýju laganna sameinaðir bankakerfinu og sérstaða sparisjóðanna er þar með fyrir bí? Þetta er stóra spurningin og það er sú spurning sem á að ræða í umfjöllun um þetta frumvarp.

Þá er spurningin hvort hinir nýju sparisjóðir, ríkissparisjóðirnir, séu þá búnir að missa þessi tengsl við samfélagið og hvort þeir verði þá yfir höfuð áfram starfandi á landsbyggðinni. Það vekur líka óneitanlega spurningar fyrst hraðinn er svona mikill á þessu máli hvers vegna ekki var einfaldlega tekinn sá póll í hæðina að taka þessa bráðaaðgerðir fyrst og afgreiða þær, leggja áherslu á þær en taka síðan á haustþingi breytingarnar á lagarammanum almennt. Það er spurning sem ég tel rétt að velta upp og væri gott að fá skýringar frá formanni viðskiptanefndar á því hvort það hafi ekki verið rætt að skipta málinu upp á þann hátt. Ástæðan er náttúrlega einfaldlega sú að það virðist sem svo í þessu máli að löggjafinn hafi ekki að fullu verið búinn að vinna sína vinnu. Björgunaraðgerðagreinin er í 7. gr. og þar er fjallað um þær aðgerðir sem koma til vegna þeirrar neyðar sem sparisjóðakerfið hefur staðið frammi fyrir og ekki var útlit fyrir að framlag ríkisins á grundvelli neyðarlaganna mundi duga til að bjarga kerfinu, þannig að það hefði verið ágætt að einbeita sér að þeirri hlið frumvarpsins og hraða þeirri vinnu og leggja alla áherslu á það mál. Þær breytingar sem frumvarpið felur í sér eru gríðarlega miklar, þær varða landsbyggðina sérstaklega mjög miklu og bankakerfið í heild og spurninguna um það hvort sparisjóðirnir komi til með að lifa af þrátt fyrir þessar breytingar og hvort ríkið verði orðinn rekstraraðili allra sparisjóða í landinu eftir helgina þegar frumvarpinu hefur verið komið í gegn. Vegna þess að ég get ekki séð að þeir hvatar séu innbyggðir í þessar breytingar að stofnfjáreigendur komi til með að koma inn með nýtt stofnfé og sparisjóðirnir komi til með að halda áfram þeirri sérstöðu sinni sem eru tengslin við byggðir landsins og þau samfélög þar sem þeir eru reknir.

Virðulegi forseti. Það er gríðarlega mikilvægt að hafa öfluga fjármálaþjónustu og sparisjóðirnir hafa sinnt landsbyggðinni vel. Við skulum vona að gæfa Íslands verði sú að sparisjóðakerfið nái að lifa þetta af að hluta til a.m.k. án þess að verða að fullu ríkisvæddir vegna þess að hér liggur mikið undir og sérstaklega fyrir hinar dreifðu byggðir. Ég tel rétt að vekja enn og aftur athygli á því að vegna þess að með frumvarpinu er farið bæði í það að fjalla almennt um umhverfi sparisjóðanna og hins vegar um þessar björgunaraðgerðir, þá dreifist athyglin vissulega á þessa tvo mikilvægu þætti og þess vegna hefur frumvarpið að mínu viti ekki fengið nægilega vandaða og mikla umfjöllun sem vissulega er þörf á í ljósi þess að hér er verið að gera grundvallarbreytingar á einni meginstoð íslensks samfélags sérstaklega hvað varðar landsbyggðina.

[13:33]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Við erum stödd í 3. umr. um frumvarp um sparisjóðina. Ég verð að taka undir orð annarra þingmanna sem talað hafa á undan mér að þetta mál hefur alls ekki fengið næga athygli. Segja má nánast að við séum að lauma þessu í gegn í skugganum af stóru málunum, Icesave og Evrópusambandinu.

Ég óskaði sjálf eftir því í lok 2. umr. um málið að það færi aftur til nefndar. Ástæðan fyrir því var að ég vildi gjarnan ræða tvo þætti sem komu fram í 2. umr., annars vegar ábendingar frá þingmönnum í stjórnarandstöðu og stjórnarmeirihlutanum um hvort hugsanlegt væri að setja einhvers konar gólf á niðurfærslu á stofnfé, sú hugmynd kom m.a. fram í orðum hv. þm. Guðbjarts Hannessonar, formanns fjárlaganefndar. Síðan vil ég ræða mína eigin tillögu um hvernig hægt sé að tryggja aðkomu heimamanna að stjórn sparisjóðanna þar sem við sjáum hugsanlega fram á það í einhverjum tilvikum að ríkið verði eini stofnfjáreigandinn í sparisjóði. Ég lagði þá fram tillögu sem var að vísu felld við 2. umr. um hvernig stjórn sparisjóðanna yrði skipuð. Þar sætu fulltrúar stofnfjáreigenda, hlutaðeigandi sveitarstjórna eða héraðsnefnda og innstæðueigendur. Og í stjórn sparisjóðs með fleiri en 15 starfsmenn skyldu starfsmenn kjósa einn fulltrúa í stjórn sjóðsins sem ég taldi að ætti einmitt að hugnast Vinstri grænum og jafnaðarmönnum mjög vel.

Það kom líka fram í orðum hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, sem situr með mér í viðskiptanefnd, að við í minni hluta nefndarinnar erum sammála um að okkur finnst skorta mjög skýrari framtíðarsýn á tilveru sparisjóðanna í þessu frumvarpi: Hvernig sjáum við fyrir okkur sparisjóðakerfið til framtíðar? Það var líka algjör skortur á hugmyndum eða fyrirætlunum um hvernig ríkið ætti að geta komið sér út úr sparisjóðakerfinu og menn virtust jafnvel vera til búnir að sætta sig við að ríkið yrði þarna inni um ókomna tíð. Við settumst því niður á milli 2. og 3. umr. og ræddum þessi atriði. Ég verð að segja hv. þm. Álfheiði Ingadóttur,

formanni viðskiptanefndar, til hróss að hún kallaði ýmsa gesti á fund og við ræddum þetta mál fram og til baka. En því miður virtust sjónarmið embættismanna í viðskiptaráðuneytinu og þeirra sem skrifuðu frumvarpið algjörlega fá að ráða afstöðu meiri hlutans í nefndinni þrátt fyrir að ég hafi þá trú að innst inni sé jafnvel formaðurinn ekki sammála mörgum af þeim ábendingum sem fram komu hjá þessum aðilum sem m.a. sömdu frumvarpið. Þar var talað um að þetta væri einhvers konar „snikkerí“ og sveitarfélögin væru hugsanlega einhvers konar „free-riders“ eða „sníkjudýr“ á sparisjóðakerfinu. Svo klykkti viðkomandi út með því að segja að hugmyndafræðin á bak við sparisjóðina væri einhvers konar „hallelúja-dæmi“. En ég er alveg fullviss um að það eru ekki orð sem hv. formaður er tilbúin að taka undir varðandi hugmyndafræðina og hugsunina á bak við sparisjóðina.

Eitt af því sem rætt var innan nefndarinnar var að við endurskoðun laga um fjármálafyrirtæki nú í haust væri ætlunin að endurskoða einmitt þennan kafla. Þar mundi framtíðarsýnin varðandi sparisjóðina koma skýrar fram. Ég hef hins vegar mjög miklar áhyggjur ef það verða þessi viðhorf sem munu ríkja við endurskoðun á lögum um fjármálafyrirtæki og endurskoðun á þeim kafla sem varðar sparisjóðina. Þegar ég var að ræða við einn kunningja minn um sparisjóðina og áhyggjur mínar af framtíð þeirra lét hann þau orð falla — og þessi einstaklingur hafði einmitt líka átt heilmikil samskipti við viðskiptaráðuneytið varðandi sparisjóðina — að það virtist vera eins og menn þar innan dyra, þ.e. í ráðuneytinu, sem vinna að þessari endurskoðun þekktu hreinlega ekki þá samkennd og þá samhyggju og samvinnu sem einkennt hafa þá sem staðið hafa að sparisjóðakerfinu — það á sérstaklega við úti á landi. Að þeir þekktu ekki þá miklu umhyggju fyrir samfélaginu sem ég tel að sparisjóðahugsunin grundvallist á. Þar hafa menn ekki alltaf fyrst og fremst hugsað um sinn eigin vasa og hversu mikið þeir sjálfir geta grætt heldur hafa þeir oft verið tilbúnir að leggja mjög mikið undir til þess að tryggja velferð samfélagsins og jafnvel á sinn eigin kostnað. Ég hefði einmitt haldið að í ljósi þess ástands sem ekki bara við hér á Íslandi erum stödd í, heldur líka fólk úti um allan heim þar sem við virðumst hafa tapað okkur algjörlega í dansinum í kringum gullkálfinn, að það væri einmitt svo mikilvægt að þegar við erum að fara að búa til nýjan ramma, nýja framtíðarsýn, nýtt fjármálakerfi, að við reynum eftir bestu getu að setja þessa hugsun inn í lagaumhverfið, inn í löggjöfina sjálfa.

Þegar ég impraði á þessu milli 2. og 3. umr. var mér m.a. bent á að sú vinna sem væri í gangi núna varðandi endurskoðun á lögum um fjármálafyrirtæki byggði mjög mikið á skýrslu sem gefin var út og kölluð er Larosière-skýrslan. Hún var rædd mjög mikið m.a. í umræðu um lög um Seðlabankann og vakti heilmikla athygli þá, ekki ósvipað þeirri athygli sem ákveðinn þingmaður hefur fengið nú í morgun og í gær. En þegar ég fór að kynna mér málið aðeins betur sýndist mér að þeir punktar sem bent var á að væru lykilatriði í þeirri skýrslu virtust frekar varða stærri fjármálafyrirtæki og eftirlit með fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka. Þeir virtust líka hafa miklar áhyggjur af verðbréfaviðskiptum og fjárfestingastarfsemi almennt, þar er talað um afleiðuviðskipti og annað. Fulltrúar Sambands íslenskra sparisjóða bentu á fleira, t.d. að það virðist vera aukin jákvæðni innan Evrópusambandsins gagnvart hugmyndafræði sparisjóðanna. Menn hafa þá horft til þess að í mörgum löndum virðast sparisjóðirnir hafa komið mun betur út úr þessum áföllum en stærri fjármálafyrirtæki.

Ég vona svo sannarlega að þegar þessi vinna heldur áfram verði reynt að koma þeim ábendingum á framfæri við þá sem eru að endurskoða löggjöf um fjármálafyrirtæki og jafnvel endurskoðun almennt á öllu rekstrarumhverfi fyrirtækja, að horfa meira til hugmyndafræðinnar um samkenndina og samhyggjuna og hvaða hlutverki fyrirtæki eiga að gegna í samfélaginu. Að sá möguleiki verði að gera meiri samfélagslegar kröfur til fyrirtækja en bara að græða peninga.

Þetta voru helstu athugasemdir mínar varðandi þetta mál og ég hef svo sem áður gert grein fyrir því í ræðum mínum af hverju ég er mjög ósátt við 7. gr. í frumvarpinu. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með að ekki skyldi vera hægt að skoða hvernig væri hægt að skipa stjórn sparisjóðanna. Ég hefði gjarnan viljað að við hefðum skoðað mun betur löggjöf annarra landa en ég ætla hins vegar að leyfa mér að treysta því sem um hefur verið rætt í nefndinni að það verði gert núna í haust. Hv. formaður Álfheiður Ingadóttir hefur sagt það og þegar hún talar um ákveðna hluti ætlar hún sér að standa við þá, alla vega eins og ég þekki hana. Ég vona því svo sannarlega að svo verði í þessu máli þannig að við fáum jafnvel tækifæri til þess að fylgja eftir, eins og ég hef ítrekað bent á, samþykktum landsfundar Vinstri grænna, alla vega í þessu máli.

[13:42]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ber mikla virðingu fyrir þeirri hugsjón um samvinnu, samhygð og samábyrgð sem hv. þm. Eygló Harðardóttir er óþreytandi að tala fyrir hér í þessum sölum. Ég hef lýst því áður að ég tel að það sé kannski frekar spurningin um hugarfar, um siðvæðingu, en lagaboð og tel að það verði ekki mælt fyrir um það í lögum að menn eigi að haga sér með tilteknum hætti.

Ég kom hingað upp í andsvar við hv. þingmann vegna orða hennar sem hún sagði tilvitnuð frá fundi viðskiptanefndar og hafði eftir tilteknum gestum nefndarinnar um að sveitarfélögin væru eins konar sníkjudýr á sparisjóðunum. Ég vil mótmæla þessum orðum, ég kannast ekki við að þessum skoðunum hafi verið hreyft á fundum nefndarinnar, hvorki af gestum né nefndarmönnum.

[13:44]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að taka það á mig að ég tók mér það bessaleyfi að þýða enska slanguryrðið „free-riders“ yfir á íslensku sem „sníkjudýr“. Ég veit að þessi þýðing hefði kannski átt betur við sem þýðing á enska orðinu „parasite“. Ég gat þó ekki skilið þau orð sem féllu öðruvísi en að með þeim væri átt við að einhver tæki eitthvað sem hann ætti í rauninni ekki rétt á.

Ég verð hins vegar að benda hv. þingmanni á að við t.d.

höfum verið mjög sammála um að leggja aukna áherslu á jafnrétti kynjanna í skipan stjórna fyrirtækja, stofnana á vegum ríkisins og almennt í samfélaginu. Ég veit ekki betur en þar séum við að reyna að koma fram ákveðinni hugmyndafræði og ákveðinni hugsun með löggjöf. Ég er því algjörlega ósammála hv. þingmanni um að ekki sé hægt með einhverjum hætti að hvetja til hegðunar með löggjöf sem einkennist af samkennd, samhyggju og samvinnu sem ég viðurkenni alveg að ég er óþreytandi að tala fyrir.

[13:45]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmanni var tíðrætt um samfélagslega ábyrgð og ég skal ekki gera lítið úr því, fögur hugsjón um heiðardalinn og allt það. Hins vegar höfum við ákveðna reynslu af slíku, við vorum með kaupfélög á Íslandi og kaupfélögin mynduðu blokk sem hét SÍS. Allt var það mjög viðskiptalegs eðlis og gekk eiginlega mikið út á völd og arðsemi og gróða. Ég vil því spyrja hvort ekki sé ákveðin hætta fólgin í þessari hugljómun um samfélagslega ábyrgð þegar um er að ræða einhver batterí eins og sparisjóðina sem eignast mikla peninga í gegnum gróða eða hagnað og það er einhver sem stýrir þessum peningum. Sá sem stýrir þeim getur verið mjög góður maður og gegn en hann getur líka tilheyrt þeim kannski 5% mannkynsins sem ekki eru góð og gegn og fer illa með. (Gripið fram í.) 95% eru ágætir, held ég, flestir en 5% eru kannski ekki góðir og gegnir.

Hvað gerist þegar þeir ekki góðu og gegnu komast í það að stýra þessu batterii, þessu fé sem enginn á og á að vera samfélagsleg eign? Ég minni á að bæði kristni og kommúnismi ganga út á hið sama en kristnin segir: Ef þú átt tvær skyrtur en nágranni þinn enga áttu að gefa honum aðra. Kommúnisminn segir: Ef ég sé svona stöðu tek ég aðra skyrtuna af þeim sem á tvær og læt hinn hafa sem enga á. En alla vega hefur kommúnisminn endað í ósköpum. Sér hv. þingmaður einhverja möguleika á því að þessi samfélagslega ábyrgð og þessi heiðardalshugsun sé einhvern veginn tryggð gegn slíkum ósköpum?

[13:47]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur einmitt verið ákafur talsmaður þess að hvetja til þess að menn kæmust hugsanlega í þetta fé án hirðis. En ég verð að segja að þó að það hafi gengið á ýmsu hjá kaupfélögunum og hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga þá veit ég ekki til þess að sú hugmyndafræði hafi sett Ísland á hausinn eins og hugmyndafræðin um nýfrjálshyggjuna og kapítalismann virðist vera á góðri leið með að gera. Þar virtust a.m.k. vera settir þeir rammar að þau félög og þau rekstrarform höfðu hreinlega ekki tækifæri til þess eins og reyndist hins vegar vera raunin með hlutafélög og þá hugmyndafræði sem hefur rekið hinn frjálsa markað áfram og ekki bara á Íslandi, ég held að ég geti fullyrt að menn séu alls staðar úti um allan heim í miklum erfiðleikum út af því að þeir voru að elta aurinn út um allt. Ég tel alveg tvímælalaust að hægt sé að setja þannig ramma að hægt sé að tryggja það að fólk geri góða hluti og við eigum að setja þannig löggjöf sem hvetur til þeirrar hugsunar og þeirrar hugmyndafræði í samfélaginu. Ég tel að við höfum tækifæri til þess núna en því miður virðumst við vera allt of föst í því enn þá að við eigum að halda áfram að græða sem allra mest og sérhyggjan eigi að ráða öllu frekar en samhyggjan.

[13:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hugtakið nýfrjálshyggja er eitthvað sem ég kannast ekki alveg við hvað er (Gripið fram í.) en það virðist vera sú misnotkun sem menn hafa á hlutafélagaforminu með því að hafa krosseignarhald og raðeignarhald og lána sjálfum sér og annað slíkt sem er ekki eðlileg hugmyndafræði. Það er misnotkun á kerfinu og ég held að ekki sé rétt að dæma heilt kerfi út frá misnotkuninni.

Það sem ég vildi spyrja hv. þingmann um er þetta: Við höfðum kaupfélög hér á landi, við höfðum Samband íslenskra samvinnufélaga og Landsbankinn varð fyrir miklu tjóni þegar Sambandið hrundi og það áfall varð ansi mikið. Kom hv. þingmaður með einhverjar hugmyndir í nefndina um það hvernig hægt er að hindra að slíkt gerist aftur með þetta fé sem enginn á? Vegna þess að eins og ég hef margoft nefnt þá er alltaf einhver sem stýrir því fé sem enginn á. Sá sem stýrir því getur verið velviljaður og samfélagslega sinnaður, hann getur líka farið að hugsa um eitthvað annað, t.d. hvernig hann græði á því að stýra þessu fé, að hann gæti keypt í einhverju hlutafélagi fyrir þetta fé sem enginn á og geti þá stjórnað því hver verði forstjóri þess hlutafélags, t.d. sonur hans eða dóttir eða eitthvað slíkt.

Hvernig ætlar hv. þingmaður að koma í veg fyrir þau mistök sem menn hafa séð á einmitt þessu formi bæði hjá sparisjóðunum, hjá stórum hlutafélögum sem urðu eins konar fé án hirðis, og hjá kaupfélögunum og Sambandinu og mjög víða, líka í skattfé og líka hjá sveitarfélögum? Hvernig ætlar hv. þingmaður að búa til nýtt og gott mannkyn?

[13:51]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vonandi með því að hafa trú á fólki, ég vona svo sannarlega að það sé alla vega byrjunin að hafa trú á hinu góða í manneskjunni.

Hins vegar er ég, og það er eitthvað sem ég hefði mikinn áhuga á að kynna fyrir hv. þingmanni, einmitt að vinna að þingsályktunartillögu sem ég vonast til að geta lagt fram á haustþinginu. Hún byggir á mjög langri og viðamikilli ályktun Alþjóðavinnumálasambandsins, ILO, þar sem einmitt er verið að hvetja ríkisstjórnir víðs vegar í heiminum til að taka upp hugmyndafræðina á bak við samvinnuhreyfinguna og gera sitt besta til að hvetja til þess að slík rekstrarform nái að blómstra og ekki bara rekstrarformin, heldur er bent á hvað hægt væri að gera jafnvel innan skóla, eins og að hvetja til þeirrar hugsunar að menn eigi að taka þátt í samfélagslegum verkefnum og menn eigi að gefa af sér. Ég skal svo sannarlega kynna þetta fyrir hv. þingmanni.

Ég vil líka hvetja hann til að skoða hvað hefur verið að gerast í löndunum í kringum okkur, eins og í Bretlandi og á Norðurlöndunum þar sem samvinnuhreyfingin hefur einmitt gengið mun betur á undanförnum árum. Þar hafa líka verið að poppa upp ný form fjármálafyrirtækja, hin

svokölluðu Credit Unions sem aðeins einstaklingar geta staðið að og það er mjög stífur rammi um það hvað þau fyrirtæki geta leyft sér. Ég hef líka skoðað norsku löggjöfina. Þar eru sett mjög stíf skilyrði fyrir því í hverju t.d. sparisjóðir geta átt og það er eitt af því sem ég mundi gjarnan vilja skoða líka varðandi reksturinn á sparisjóðum á Íslandi.

Það eru ýmsar leiðir til að tryggja þetta en ég held að við verðum að byrja á því að hafa trú á hinu góða í manneskjunni.

[13:53]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Þetta voru athyglisverð skoðanaskipti milli hv. þingmanna áðan. Það er kannski eitt af því sem okkur veitti ekki af að fara aðeins yfir, einmitt í tengslum við það þegar við erum að fara yfir fjármálamarkaðinn bæði í nefndum þingsins og í þingsal, hvað fór úrskeiðis og hvernig við getum komið í veg fyrir að það gerist aftur.

Ég er sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um skilgreiningu fólks á nýfrjálshyggju og að þeir sem tala mest um hana eru þeir sem telja sig vera mest á móti henni. Ég hef aldrei vitað hvað nýfrjálshyggja er en þó finnst mér það hvernig menn leggja út frá þeim málum og hvernig þeir tengja hana sé í besta falli mjög hæpið, eins og ég er ekki alveg sáttur við útleggingu hv. þm. Péturs H. Blöndals á kristni en það er kannski umræða fyrir annan fund en þennan.

Hins vegar er gott að vita til þess og hollt að hugsa til þess að lagakerfi okkar og þjóðfélag er byggt upp á kristnu siðferði og það tengist í rauninni miklu fleiru en við viljum kannski vera láta alla jafna. Það er gott að vita af því, því að það er sú hugmyndafræði sem hefur gert það að verkum að við erum að byggja upp velferðarþjóðfélag og það hefur verið sátt um að það sé kristin hugmyndafræði en ekki einhverjar erlendar öfgastefnur eins og margir vilja vera láta oft í umræðunni. (**TÞH:** … kristni sé ekki erlend stefna?) Ekki öfgastefna. Hv. þm. Tryggvi Herbertsson spyr hvort kristnin sé ekki erlend stefna, hún er í það minnsta ekki erlend öfgastefna svo að því sé algjörlega til haga haldið. Ég held að hún sé frekar hógvær stefna, enda byggjum við sjálfstæðismenn á kristnu siðferði og þar af leiðandi hlýtur hún að vera góð, er það ekki?

Virðulegur forseti. Einhver kynni að halda að þetta væri langt frá því máli sem við erum að ræða hér en svo er ekki. Það sem við erum að fjalla um er afskaplega mikilvægur þáttur fjármálakerfisins á Íslandi því að það er sama hvað mönnum finnst um sparisjóðina og það rekstrarform, hvort það hafi verið skynsamlegt og æskilegt að halda því formi og það sé markmið í sjálfu sér eður ei, þá getur enginn hlaupið frá þeirri staðreynd að það hefur verið stór þáttur í fjármálakerfi landsmanna og kannski sérstaklega fjármálakerfi hinna dreifðu byggða. Það hefur því miður farið lítið fyrir umræðu almennt um sparisjóðina og framtíðarhlutverk þeirra í nefndinni. Við gætum sagt og það eru málefnaleg rök fyrir því að við höfum ekki haft tíma til þess á sumarþinginu en samt sem áður er verið að leggja fram frumvarp sem er í rauninni að leggja grunninn að breyttu sparisjóðaumhverfi en menn hafa ekki tekið umræðuna um það, menn hafa ekki tekið þá umræðu í þingnefndinni. Það var hugmynd okkar sjálfstæðismanna og almennt í minni hlutanum að menn mundu klára það sem sneri að bráðaaðgerðunum, því sem er nauðsynlegt að gera núna, og það hafa verið færð málefnaleg rök fyrir því að það sé nauðsynlegt að ganga frá því hratt og vel, en taka síðan hinn þáttinn og undirbyggja hann betur því að þar erum við að tala um mjög stóra hluti.

Nú eru að menn tala um, og er kannski það sem er gott við það ástand sem núna er að menn eru að velta ýmsum hlutum fyrir sér og það er verið að ræða ýmislegt, en stundum hefur mér fundist að menn séu að fara einhver 10, 20, 30 ár aftur í tímann og tali um að allt hafi verið á rósrauðu skýi á Íslandi og allt að því fullkomið og við þurfum einhvern veginn að koma okkur þangað. Menn tala t.d. um það sem stenst ekki skoðun, og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem þekkir þessi mál vel hefur farið ágætlega yfir ákveðinn þátt mála hvað það varðar, menn vilja, með ákveðinni einföldun, leggja málin upp með þeim hætti að sparisjóðirnir sem sinntu hefðbundinni starfsemi sparisjóða séu í mjög góðum málum en þeir sparisjóðir sem fóru út í einhvers konar braskvæðingu standi mjög hallir eftir. Sérstaklega hafa verið nefnd fyrirtæki eins og Exista og Kaupþing, að sparisjóðirnir hafi verið að braska mikið hvað þá hluti varðar.

Það má færa full rök fyrir því að sparisjóðirnir hefðu átt að koma sér út úr þeirri hlutabréfaeign eða a.m.k. ef þeir voru með slíka hlutabréfaeign að hafa hana eitthvað dreifðari og ekki alla í sömu körfunni hjá þessum tengdu félögum á Íslandi og þá mundu þeir örugglega standa betur að vígi hvað það varðar. Það eru hins vegar söguleg rök fyrir því, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að þeir áttu svona stóra hluti í þessum félögum. Sögulegu rökin eru einfaldlega þau að sparisjóðirnir keyptu sig inn í Kaupþing á sínum tíma og komu ef ég man rétt mjög fljótlega að því fyrirtæki, hvort þeir voru stofnaðilar man ég ekki. Forustumenn sparisjóðanna töldu því með réttu eða röngu að þetta væri einhvers konar partur af þeirra félögum.

Hvað sem því líður, virðulegi forseti, var mjög lítið farið í, og það er auðvitað verkefnið, hvernig gekk hjá sparisjóðunum í almennum rekstri, hinum hefðbundna rekstri. Við erum með svar frá fulltrúa viðskiptaráðuneytisins, ég ætla að lesa það, sem er eina svarið sem liggur til grundvallar. Það hefði auðvitað þurft að fara miklu betur í það úr því að það er vilji meiri hlutans að fara í málið í heild sinni. Eins hefði verið miklu nær úr því að meiri hlutinn vildi fara í þetta allt saman að skoða, eins og t.d. hv. þm. Eygló Harðardóttir hefur margoft bent á, sambærilega löggjöf í þeim löndum sem við berum okkur saman við þannig að við hefðum einhver viðmið hvað þessa hluti varðar. En svo ég vitni í svar viðskiptaráðuneytisins um það hvernig afkoma sparisjóðanna var, þ.e. hefðbundin starfsemi, þá segir þar, með leyfi forseta:

„Í upplýsingum sem FME sendi ráðuneytinu í september í fyrra er samantekt um afkomutölur sparisjóðanna sem unnin var upp úr ársuppgjöri þeirra fyrir 2007. Þar kemur fram að hagnaður fyrir skatt af kjarnastarfsemi er þá plús 12%“ (Sparisjóður Þingeyinga) og niður í mínus 38% (Sparisjóður Þórshafnar). Hinir eru flestir með neikvæða afkomu. Aðeins Byr og Sparisjóður Vestmannaeyja voru já-

kvæðir. Kostnaður sem prósenta af kjarnatekjum var allt upp í 279% hjá þeim minnstu. Skást komu þeir stærstu út hvað þetta varðar með 44% (Byr).“

Virðulegi forseti. Þetta er fyrir 2007. Þetta er mjög gott ár í fjármálakerfi Íslendinga og þarna sjáum við samt sem áður að sparisjóðirnir almennt, þ.e. almenna starfsemin, eru reknir með tapi.

Hvernig tengist þetta því sem við ræðum hér? Enn og aftur vek ég athygli á því að hvort sem okkur líkar betur eða verr fór meiri hlutinn í það á miklum hraða, og ekki bara á miklum hraða sem ég kem nánar inn á á eftir, að keyra í gegn það sem snýr að björgunarpakkanum og er það vanreifað til að ganga frá því sem lögum frá Alþingi, heldur fóru menn yfir í breiðu myndina líka. Við erum að horfa á það, virðulegi forseti, ef hlutirnir ganga fram sem ég held að sé vilji flestra — bæði fyrri ríkisstjórn og núverandi settu það sem part af neyðarlögunum sem allir þingmenn samþykktu að reisa við sparisjóðakerfið og menn töldu það bæði skynsamlegt og í rauninni hagkvæmt fyrir ríkisvaldið — þá stöndum við uppi með sparisjóði sem verður snúið að sjá hvaða rekstrargrundvöll hafa. Að minnsta kosti hafa ekki komið fram í umfjöllun nefndarinnar áætlanir um það eða verið metið hvernig það lítur út.

Hvað þýðir þetta, virðulegi forseti? Það þýðir að að öllu óbreyttu gæti þetta mál, sparisjóðamálið allt saman, komið til okkar aftur fyrr en seinna. Það getur líka farið þannig, virðulegi forseti, vegna þess að við höfum ekki undirbyggt málið nógu vel að kostnaðurinn verði tvöfaldur, þ.e. að við þyrftum hugsanlega að bera kostnað af sparisjóðakerfinu aftur, ef þannig má að orði komast. Nú getur vel verið að þetta verði ekki þannig en það eina sem við vitum er að við vitum ekkert um það. Af hverju? Vegna þess að þingnefndin hefur ekkert farið í það.

Virðulegi forseti. Ef við ættum að geta lært eitthvað af undanförnum árum og áratugum þá er það það að okkur veitir ekkert af því í hinum ýmsu málaflokkum, sérstaklega þeim sem snúa að fjármálaumhverfinu af því að við höfum brennt okkur á því en ég held að það eigi við fleiri, að vanda okkur þegar kemur að lagasetningu. Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að við höfðum öll tækifæri til þess að setjast yfir og klára það sem snýr að björgunaraðgerðunum, kryfja það til mergjar og ganga frá því sem lögum frá Alþingi og taka síðan það sem snýr almennt að sparisjóðaumhverfinu og fjármálaumhverfinu í haust. Meiri hlutinn vildi það ekki. Meiri hlutinn vildi ekki vinna þetta í sátt innan nefndarinnar, meiri hlutinn vildi ekki ganga faglega í þessi verk, þvert á móti kallaði hann eftir ágreiningi við minni hlutann og það er algjörlega þeirra ákvörðun.

Við stöndum uppi með það, virðulegi forseti, og nú kem ég að björgunarþættinum sem snýr að því að framkvæmdarvaldið hefur fært rök fyrir því að það sé nauðsynlegt að færa niður stofnfé sparisjóðanna til að það sé réttlætanlegt að setja fjármuni inn í þá sparisjóði sem nú eru. Það er augljóst að búið er að taka ákvörðun um hvernig það verður gert og við höfum kallað eftir því að þær reglur eða þau viðmið séu upplýst innan nefndarinnar en það hefur ekki verið gert, virðulegi forseti. Þetta kom fram hjá gestum frá framkvæmdarvaldinu innan nefndarinnar þó svo að sjónarmið þeirra eða orð hafi verið mjög misvísandi. En ég ætla þeim, virðulegi forseti, sem fara með framkvæmdarvaldið ekki annað en að hafa jafnræðissjónarmið að leiðarljósi. Með öðrum orðum, þeir verða þar af leiðandi að setja sér reglur. Þegar fulltrúi framkvæmdarvaldsins sagði að þær reglur væru að sjálfsögðu til í fjármálaráðuneytinu en svo kom annar í kjölfarið og setti ofan í við viðkomandi þá ætla ég þeim aðila sem upplýsti það að hann hafi sagt satt. Ég rétt leyfi mér að vona það vegna þess að ef menn eru komnir af stað í þessa vegferð, eru byrjaðir að leggja drögin að þessu, þá ætla ég mönnum ekki annað en að miða við einhverjar reglur, gegnsæjar reglur. Ef þeir gera það ekki kallar það fram gríðarleg vandamál svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Það er auðvitað ekki verjandi að afgreiða sparisjóði misjafnlega, fara eina leið með sparisjóð A en allt aðra leið með sparisjóð B. Ég hef ég ekki trú á því, virðulegi forseti, að um slíkt yrði nokkurn tímann sátt.

Hvað þýðir það, virðulegi forseti, að færa niður stofnfé og jafnvel að færa stofnfé niður í núll til að ríkið geti komið inn með fjárframlag? Það þýðir, ef farið verður alla leið og stofnfé sparisjóðs fært niður í núll og ríkið kemur inn, að þá er stofnféð að fullu í eigu ríkisins. Með öðrum orðum, þetta verður þá ríkissparisjóður. Og þó svo að það fari ekki alveg niður í núll eru miklar líkur á því að ríkið sé með mikinn meiri hluta stofnfjárins. Gott og vel. Við þekkjum það að núna eru fjármálastofnanir að fara í eigu ríkisins en hvers konar sparisjóður er ríkissparisjóður, hvers konar fyrirbæri er það? (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Ég bið hv. þingmann að kalla aftur fram í, ég heyrði ekki nákvæmlega hvað hann sagði. (**PHB:** Það er heiðardalur.) Hv. þm. Pétur H. Blöndal kallar fram í að það sé heiðardalur og ég býst fastlega við að hann útskýri það í þingræðu á eftir.

Virðulegi forseti. Hugmyndin á bak við sparisjóðina hlýtur að vera með þeim hætti og getur ekki verið annað en að það sé þá í miklum tengslum við það svæði sem viðkomandi sparisjóður starfar á. Það er að vísu ekkert einfalt í því vegna þess að almenna reglan virðist sú að litlu sparisjóðirnir eigi erfitt rekstrarlega þó að á því séu undantekningar en undantekningarnar sýnist manni fljótt á litið aðallega koma til vegna þess að þeir sem stýra þeim sparisjóðum eru afskaplega aðhaldssamir og skynsamir aðilar. Hin hliðin á því er hins vegar sú að þeir ná kannski ekki að veita stærri aðilum og fyrirtækjum á viðkomandi heimasvæði þá þjónustu og þann stuðning sem fjármálastofnanir þurfa að veita slíkri atvinnustarfsemi þannig að atvinnufyrirtækin þurfa þá oftar en ekki að sækja fjármálaþjónustu út fyrir sparisjóðinn sinn.

Síðan hafa menn byggt upp kerfi, sem má svo sannarlega fara yfir og það er mín skoðun að fara megi yfir og gera gegnsærra og skýrara, þar sem menn hafa haft stofnfjáreigendafyrirkomulag sem í grófum dráttum gengur út á það að menn greiða fyrir stofnfé og fá á það ákveðinn arð. Svo reyna menn að finna eitthvert jafnvægi í það að menn fái einhvern arð þannig að það sé hagkvæmt fyrir viðkomandi einstakling eða fyrirtæki að setja stofnfé inn í sjóðinn en samt sem áður á sparisjóðurinn að vera það sem er kallað hornsteinn í héraði, sem hefur verið slagorð sparisjóðanna, vera meira en bara hefðbundið bankaútibú stærri banka og vera fyrirtæki sem er með sérstök tengsl við viðkomandi svæði.

Spurningin er þá sú: Hver er þá orðinn munurinn á ríkisútibúi bankans á viðkomandi stað og ríkissparisjóði? Í hverju liggur munurinn þar? Til dæmis, virðulegi forseti, ef menn ætla eða hugsa þetta út frá þeim forsendum að vilja halda í karaktereinkenni sparisjóðanna, það form, þá hafa menn til skamms tíma a.m.k. reynt að hafa einhverja tengingu frá viðkomandi svæði við stjórn sjóðsins. Það er ekki gert. Sömuleiðis að koma með einhverja áætlun um það hvernig koma mætti heimaaðilum inn í sparisjóðina, þ.e. að nýir stofnfjáreigendur væru frá viðkomandi svæði eða í sem mestum tengslum við það. En hér hafa verið færð málefnaleg rök fyrir því að það gæti af mörgum ástæðum orðið mjög erfitt þegar þessi lög hafa náð fram að ganga.

Það vakti mér ugg þegar ég hlustaði á formann nefndarinnar ræða þetta síðast þegar þetta mál var til umræðu þar sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir fór yfir það, virðulegi forseti, að það væri ekki hlutverk núverandi ríkisstjórnar að losa um eignarhluti í fjármálafyrirtækjum. (Gripið fram í.) Það væri bara ekki hlutverk þessarar ríkisstjórnar (**ÁI:** Þetta er rangt eftir haft…) og þótti það allt hið kómískasta mál að ræða það sem eitthvert verkefni og gott ef það var ekki flissað í þingsalnum með hv. þingmanni þó svo að ég eigi ekki von á því, virðulegi forseti, að það hafi farið í þingtíðindin, en ummælum hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur er örugglega hægt að fletta upp því að hér kallar hv. þingmaður að rangt hafi verið eftir sér haft.

Virðulegi forseti. Hins vegar vakti ég athygli á þessum ummælum í umræðunni þá. Hv. þingmaður mótmælti því ekki þá að hafa sagt þessa hluti og bætti í rauninni í það. En kannski finnst hv. þingmanni það ekki rétt núna að hafa haldið slíku fram og það er þá athyglisvert sjónarmið.

Stóra málið er hins vegar þetta, burt séð frá því, virðulegi forseti, hvað hv. þingmaður sagði, að það eru engar áætlanir eða hugmyndir um það hvernig ríkið ætlar að koma sér út úr þessu fyrirtæki. Við höfum spurt um það frá fyrsta degi hvernig menn ætli að gera það. Ef menn vilja halda í þetta fyrirkomulag sem mér heyrist mikill vilji til, í sparisjóðafyrirkomulagið eins og við þekkjum það, hvernig eiga þá nýir stofnfjáreigendur að koma að sparisjóðunum og hverjir eiga þeir að vera?

Mín skoðun er sú almennt um stofnfjáreigendur og það fyrirkomulag að það sé afskaplega mikilvægt að það fyrirkomulag sé gegnsætt. Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei almennilega skilið af hverju sumir eru stofnfjáreigendur og sumir ekki, ég hef aldrei séð auglýst eftir stofnfjáreigendum, ég hef aldrei séð reglur um það hvernig aðilar gerast stofnfjáreigendur. Ég hef bara aldrei séð það. Ég held að það væri lykilatriði, og ef ekki núna hvenær þá? að við settum slíkar reglur. En við þurfum að vanda það verk og það er eitthvað sem meiri hluti nefndarinnar ætlar ekki að gera. Meiri hluti nefndarinnar ætlar að keyra þetta mál hratt í gegn í miklum ófriði og það er ekkert sem hefur kallað á það. Ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að þegar þetta mál kom inn átti ég ekki von á að um það yrðu miklar deilur og mér finnst það í rauninni aðdáunarvert með öfugum formerkjum að það skyldi vera hægt að kalla fram ágreining í málinu. Það þarf eiginlega sérstaka lagni til þess að búa til ágreining um þetta mál í viðskiptanefnd en svo sannarlega hefur meiri hlutanum tekist það og bara tekist mjög vel upp. Og ef það hefur verið markmið að búa til ágreining um sparisjóðina í landinu fær meiri hlutinn 9,5 af 10 mögulegum í því verkefni.

Alvara málsins er sú, burt séð frá því hvort meiri hluti eða minni hluti eru sammála, að við erum að ganga frá lagafrumvarpi sem umsagnaraðilar almennt eru sammála um að þurfi betri skoðun. Hvað þýðir það, virðulegi forseti, að umsagnaraðilar kalli eftir betri skoðun? Er það vegna þess að umsagnaraðilar og þingmenn séu svo hægir, að þeir séu bara svo lengi að lesa eða eitthvað slíkt? Það hefur ekkert með það að gera, það þýðir bara það að menn eru ekki vissir um hvað þessi lagasetning þýðir.

Við höfum séð, virðulegi forseti, hin ýmsu vandamál sem upp hafa komið vegna þess að menn hafa ekki verið með það á hreinu hvað sú lagaumgjörð sem hefur verið til staðar fyrir sparisjóðina þýðir. Reyndar man ég að menn hafa rokið hér upp til handa og fóta, virðulegi forseti, við að breyta lögum um sparisjóði á þinginu og breið samstaða um það, hvort það var ekki klárað á sólarhring á sínum tíma. Slíkar deilur komu upp vegna þess að lögin voru ekki skýr, menn voru ósammála um hvað lögin um sparisjóði þýddu og fyrir hvað sparisjóðirnir stæðu og hvernig allt þetta umhverfi væri.

Sá rammi er í jafnmiklu ef ekki meira uppnámi núna. Ég vek athygli á því að Fjármálaeftirlitið sem á að hafa eftirlit með þessum lögum lagði sérstaka áherslu á að nefndin tæki það sem sneri almennt að sparisjóðunum betur fyrir, það þingnefndina sérstaklega um það. Við því var ekki orðið og er það vægast sagt óskynsamlegt að fara í það að taka 7. gr. sem snýr að framkvæmdarvaldinu, sem er forsenda fyrir því að það geti lagt fé í sparisjóðina, endurreist sparisjóðina, að taka þann þátt sérstaklega fyrir og svara þeim spurningum sem útfærslan á lögunum eins og þau eru núna, þ.e. frumvarpinu, kallar á, því að það kallar á svör við ákveðnum spurningum. Hvað er ríkissparisjóður? Hvernig sjá menn það fyrir sér? Það er alveg ljóst að þegar þessi lög hafa verið samþykkt og framkvæmdarvaldið fer fram eins og lýst hefur verið fyrir okkur í nefndinni miðað við þær upplýsingar sem við fáum, þá sitjum við uppi með ríkissparisjóðaumhverfi. Virðulegi forseti. Við sitjum uppi með ríkissparisjóðaumhverfi. Það umhverfi höfum við aldrei haft á Íslandi áður. Nú getur vel verið að það sé til staðar í einhverjum öðrum löndum, það getur vel verið en við höfum ekki fengið neinar slíkar upplýsingar.

Það liggur líka fyrir að forsvarsmenn meiri hlutans líta ekki á það sem neina bráðaaðgerð og í rauninni aðgerð í sjálfu sér að koma ríkinu út úr fjármálastofnunum. Það liggur alveg fyrir. Við vitum líka, virðulegi forseti, að það eru uppi áætlanir, við vitum að framkvæmdarvaldið er komið lengra en það tjáir viðskiptanefnd og þingmönnum. Ég velti því fyrir mér og það væri gaman að heyra frá hv. þingmönnum meiri hlutans sem eru ekki margir í salnum núna þegar við ræðum þetta mikilvæga mál, hvort þetta sé bara hugsað sem millileikur til þess að sameina sparisjóðina ríkisbönkunum. (Gripið fram í.) Að vísu er enginn hv. þingmaður stjórnarliðsins í salnum núna en vel mætt eins og venjulega af hálfu stjórnarandstöðunnar, (**Gripið fram í:** Sérstaklega frá Sjálfstæðisflokknum.) en ég held og veit að hv. stjórnarliðar heyra í mér og það væri kannski ágætt að

fá að vita hvort hér sé um að ræða millileið til þess að sameina ríkissparisjóðina ríkisbönkunum. Ég hef sterka sannfæringu fyrir því eftir að búið er að fjalla um þetta mál í nefndinni og fá gesti frá framkvæmdarvaldinu og það hefur í rauninni komið fram. Það hefur komið fram að samningaviðræður séu hafnar við einstaka sparisjóði og augljóst að menn eru búnir að teikna upp hvernig þeir ætla að vinna þetta, að menn eru búnir að ákveða hvaða leið á að fara í þessu. Ég held að það væri afskaplega æskilegt, svo ég orði það bara hógvært, að þingmenn vissu hvað lagasetningin þýðir í framkvæmd, hvernig þetta muni líta út eftir nokkrar vikur.

Er það er svo, virðulegi forseti, að þetta sé niðurstaða meiri hlutans, og nú er ég bara að leggja út af því og reyna að draga ályktanir af því sem fram hefur komið að menn sjái hér ríkissparisjóði, að þetta sé nauðsynlegt skref til að sameina þetta inn í stærri einingar ríkisbankanna — menn hafa í þessu tilfelli vísað í hina víðfrægu eigendastefnu, sem enginn hefur séð, sem virðist vera grundvöllurinn að mörgu, m.a. þessu og sömuleiðis Bankasýslu ríkisins — er það er svo að menn séu búnir að ákveða það að steypa þessu saman? Í það minnsta er það grunsamlegt, virðulegi forseti, hvað stjórnarliðar hafa litlar áhyggjur af því að sparisjóðirnir verði ekki lengur sparisjóðir heldur ríkissparisjóðir.

Virðulegi forseti. Stjórnarliðar hafa farið mörgum orðum við hin ýmsu tilefni, fögrum orðum, flutt hjartnæmar ræður, um mikilvægi sparisjóðakerfisins. En við munum afgreiða lög frá Alþingi, ef meiri hlutinn fær sitt fram, sem gera það að verkum að almenna reglan verður sú að hér verða ríkissparisjóðir og stjórnarliðar hafa engar áhyggjur af því, algjörlega rólegir yfir því í þingnefndinni, algjörlega rólegir yfir því í þingsal að sparisjóðirnir sem við erum búin að tala svo mikið fyrir, að það form allt að því hverfi og hér verði ríkissparisjóðir og engar áætlanir, virðulegi forseti, um það hvernig eigi að breyta því, hvernig menn ætla að koma sér út úr því. Virðulegi forseti. Er ég einn um það að finnast þetta svolítið sérkennilegt? (**TÞH:** Þeir eru bara vanir því að það séu ekki neinar áætlanir.)

Virðulegi forseti. Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson kallar fram í að þeir séu svo vanir því að það séu ekki neinar áætlanir. Það má vera að það sé ýmislegt til í því. En ég mundi ætla, ef eitthvað er að marka fyrri ræður hv. stjórnarþingmanna, að þeir hefðu leitt hugann að þessu nema hv. stjórnarþingmenn viti eitthvað allt annað en við, viti eitthvað miklu meira, að það séu einhverjar miklar áætlanir í gangi sem menn hafi ákveðið að láta þingheim ekki vita af. Það má vel vera, virðulegi forseti.

Aðalatriði málsins er þetta: Við sjálfstæðismenn og minni hlutinn höfum verið tilbúin í það og verið sátt um það, og ég trúi ekki öðru en að svo sé um stjórnarmeirihlutann líka, a.m.k. marga þingmenn þar, að fara sérstaklega í björgunaraðgerðaþáttinn og taka síðan almennilega hið stærra umhverfi. Ég held að öllum sem að málinu koma finnist það vera skynsamleg vinnubrögð. Það var ekki gert og við sitjum uppi með frumvarp sem er vanbúið og kallar fram miklu fleiri spurningar (Forseti hringir.) en svör og er því mjög varhugavert að klára málið með þessum hætti.

[14:24]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu nokkuð merkilegt mál. Mig langar til þess að fara aðeins yfir söguna, hvernig sú staða kom upp í sparisjóðakerfinu sem verið er að glíma við og ætla ég aðeins að tala um afleiðingarnar af því.

Það ástand sem við búum við núna á rætur sínar að rekja til júlímánaðar árið 2007. Þá fór af stað orðrómur í New York um að lausafjárstaða Bear Stearns væri ekki ákjósanleg og að hugsanlegt væri að tveir vogunarsjóðir sem þeir ráku stæðu ekki jafntraustum fótum og menn höfðu haldið. Þann 4. júlí árið 2007, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjamanna, skaust svokallað CDS-álag eða tryggingarálag á Bear Stearns upp og fór upp í að mig minnir 2,4% sem er gríðarlega hátt.

Það markar í raun og veru upphafið að þeirri fjármálakreppu sem við glímum við — sem heimurinn glímir við enn þá. Í ágúst var þessum tveim sjóðum sem ég minntist á áðan lokað og markaðstraustið fór að dala. Í kjölfarið á því fór að bera á lausafjárþurrð, sérstaklega hjá fjármálastofnunum sem voru í einhverjum skilningi á jaðarsvæðum eða jaðargreinum og þar með talið hjá íslensku bönkunum og íslenska fjármálakerfinu í heild sinni.

Þannig var komið um áramótin 2007/2008 að svokölluð heildsölufjármögnun var orðin ómöguleg fyrir íslenska bankakerfið sem leiddi til þess að farið var út í ýmsar tilfæringar til þess að fá fjármögnunina á bankana m.a. með því að búa til gjörninga sem hægt var að nota í endurhverfum viðskiptum í evrópska seðlabankanum og reyndar þeim breska líka. Ástandið versnaði um veturinn og vorið 2008 og það er óhætt að segja að um sumarið 2008 hafi verið komið lausafjárstopp á íslenska fjármálakerfið, það var ekki nokkur leið að útvega lausafé frá útlöndum eftir hefðbundum leiðum og fóru menn algjörlega að treysta á það sem er kallað private placement eða að fá fjármagn hjá einkaaðilum og fara fram hjá markaðnum erlendis.

Ástandið versnaði síðan enn og hrakaði jafnframt erlendis, þó ekki jafnhratt og hérna. Síðan varð sá atburður þann 15. september 2008 sem líkja má við árásina á tvíburaturnana í New York 11. september 2002 fyrir fjármál heimsins, þá fór bandarískt bankinn Lehman Brothers á hausinn. Það var ákvörðun sem tekin var af bandarískra fjármálaráðuneytinu og bandarískra seðlabankanum, að láta reyna á það að láta einn banka fara á hausinn án þess að koma að björgun hans. Það vildu menn gera til þess að sýna fram á að bandarísk stjórnvöld liðu það ekki að upp byggðust svokölluð moral hazard-vandamál eða freistnivandamál í ameríska bankakerfinu.

Það er kannski óþarfi frá því að segja að þetta voru mjög stór mistök sem gerð voru þarna og menn viðurkenna það almennt núna að þetta hafi verið sú stund þar sem fjármálakerfi heims fór úr því að vera í verulegum vandamálum í það að fara fram á brún hengiflugsins. Um mánaðamótin september/október á síðasta ári og fyrstu tvær vikurnar í október horfði fjármálakerfi heimsins ofan í djúpið og hefur aldrei verið jafnnálægt því að hrynja og á þeim tíma en það var allt gert til þess að bægja þessari hættu frá og sem betur fer tókst það að mestu leyti. En eins og við vitum varð Ísland fórnarlamb í þessum hildarleik og við-

skiptabankarnir þrír voru yfirteknir af hinu opinbera með neyðarlögunum þar sem bönkunum var skipt upp í nýja banka og gamla banka eins og alþjóð er kunnugt.

Mistökin sem gerð voru varðandi Lehman Brothers voru að láta svokallaðan prime broker fara á hausinn, þ.e. að láta greiðslumiðlunarbanka sem þjónaði mjög stóru hlutverki fyrir hið alþjóðlega fjármálakerfi og sérstaklega í nýmarkaðsríkjunum og löndum eins og Íslandi, löndum sem ekki voru á stóru myntsvæði. Allt fjárstreymi inn í þessi lönd stöðvaðist. Með falli Íslands féll Ungverjaland strax í kjölfarið og síðan eitt nýmarkaðsríkið af öðru.

Það sem gerðist tengist beint sparisjóðunum. Þegar bankarnir fara á hausinn verða svokölluð bankabréf verðlaus eða því sem næst og eignir greiðslumiðlunarbanka sparisjóðanna, Icebank, sem síðar var skírður Sparisjóðabankinn, strokuðust út. En Icebank hafði einmitt verið í þeim „bisness“, getum við sagt, að kaupa skuldabréf af íslensku bönkunum, fara með þau í Seðlabankann, nota þau þar í endurhverfum viðskiptum og fá peninga út úr Seðlabankanum sem síðan voru notaðir til þess að borga fyrir bréfin.

Icebank varð þarna einskis virði, eigið fé gufaði upp þar. Jafnframt var annað fyrirtæki, Exista, sem tengist bönkunum mjög náið. Mjög stór hluti eigna bankanna varð jafnframt verðlaus, þ.e. hlutirnir í Kaupþingi og í öðrum fjármálastofnunum urðu verðlausir eða því sem næst. Sögulega séð er eignarhlutur sparisjóðanna í þessum stofnunum til kominn þegar sparisjóðirnir fjárfestu í Kaupþingi hér áður fyrr. Sparisjóðirnir töpuðu því gríðarlega miklu eigin fé og það tap varð til af kerfishruni, ekki bara á Íslandi heldur í heiminum öllum sem ég hef rakið nokkuð vel hér hvernig kom til.

Fjármálakreppan hefur leitt til þess að þurft hefur að bjarga mörgum fjármálastofnunum í heiminum. Ástæðan fyrir því að fjármálastofnunum er bjargað er sú að þau eru ekki venjuleg fyrirtæki heldur eru þau olía fyrir efnahagslífið. Ef lokast fyrir hringrás peninganna, þ.e. ef fjármálafyrirtækin lokast hrynur það einfaldlega sem við köllum raunhagkerfið og við hverfum aftur á einhvers konar steinöld.

Við það að fjármálastofnunum og þá sérstaklega bönkum var bjargað frá þessu hruni þótti eðlilegt að hafa það „prinsipp“, og það gilti bæði erlendis og hér á Íslandi við yfirtökuna á Glitni, að hluthafar yrðu strokaðir út, þ.e. að ekki væri verið að bjarga hluthöfum heldur væri verið að bjarga fjármálakerfinu.

„Prinsippið“ í þessu frumvarpi er að hér er verið að bjarga sparisjóðakerfinu, ekki stofnfjáreigendum. Það er byggt á grundvallarmisskilningi vegna þess að eðli íslensku sparisjóðanna er annað en banka og hefðbundinna fjármálastofnana. Stofnfé er þeim eiginleikum búið að það nær ekki að endurspegla eigið fé sparisjóðanna heldur nær það eingöngu yfir mjög lítinn hluta ef eðlilegir varasjóðir eru þar inni og að stofnhlutir, þó að undir lokin þegar hlutafjárvæða átti sparisjóðina, hafi verið farnir að ganga kaupum og sölum á mun hærra verði en áður hafði verið. Stofnfjáreign er ekki í eðli sínu „spekúlatíf“ eign heldur kaupa menn sig inn í sparisjóði í gegnum stofnfé til þess að halda á því, jafnvel alla ævina. Það er gert til þess að styðja við fjármálastofnun í því byggðarlagi sem stofnfjáreigendurnir eiga heimili. Það er gert til þess að styðja við atvinnulífið og bæta upp fyrir þann þekkingarskort — við getum orðað það sem svo — sem er á milli stórra banka sem eingöngu liggja með útibú og þeirra sem eingöngu eru að hugsa um hagsmuni byggðarlagsins. Það er eðlilegt að það að færa niður stofnfé eigi ekki að miða að því að bjarga stofnhluthöfum heldur að bjarga sparisjóðunum sem slíkum, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson benti réttilega á.

Við getum aftur á móti spurt okkur: Hvað er sparisjóður þar sem ríkið á allt stofnfé? Þá eru markmiðið og tilgangurinn með sparisjóðnum horfinn og hann er orðin einhvers konar fjármálastofnun sem er úr tengslum við upphafleg markmið. Það sem er mjög mikilvægt, og hlustaðu nú, hæstv. utanríkisráðherra, (Gripið fram í.) að þegar verið er að bjarga fjármálastofnunum sé ekki verið að búa til það sem er kallað zombie bank, eða einhvers konar uppvakning sem líður áfram fölur án þess að hafa nokkurn tilgang. Það er það sem gerist ef stofnfjárhluthöfum er hent út úr bönkunum og ríkið eignast þá.

Spurningin er því: Hvernig getum við komið í veg fyrir að það gerist? Við getum öll verið sammála um að það var ekki stofnfjáreigendum að kenna að eigið fé hvarf úr þessum stofnunum, það er var einfaldlega fjármálakreppunni að kenna og sögulegum ástæðum þess að þessar stofnanir áttu í einhverjum félögum á Íslandi, þ.e. hvernig hægt væri að bjarga sparisjóðunum, varðveita þá og tilgang þeirra en um leið halda utan um þessa mikilvægu „grundvallarfúnksjón“ sem eru stofnfjáreigendurnir sem eru í byggðarlaginu. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson bannar mér alltaf að koma með lausnir en ég ætla samt að koma með eina: Ég mundi vilja að það mætti ekki færa stofnfé niður í lægri upphæð en nafnverð 1, að sett yrði víkjandi lán inn í þessar stofnanir til þess að bjarga þeim frá því að fara á hausinn og það yrði gert með því skilyrði að enginn arður yrði borgaður út fyrr en ríkið hefði fengið allt sitt greitt. Þannig höfum við varðveitt stofnunina í byggðarlaginu, þannig höfum við haldið inni stofnfjáreigendunum og þannig höfum við tryggt að (Forseti hringir.) ríkið fái sitt til baka. Þannig forðumst við að búa til það sem ég kallaði áðan zombie bank.

[14:39]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér við 3. umr. veigamikla breytingu á sparisjóðakerfinu. Ég vil byrja á því að undirstrika að sparisjóðir hafa verið mjög mikilvægir á Íslandi. Þeir hafa sinnt nærþjónustu við einstaklinga og lítil fyrirtæki í sínu sveitarfélagi, jafnt hér á höfuðborgarsvæðinu sem annars staðar. Velvild almennings í þeirra garð hefur verið mjög mikil og eru þeir þess vegna mjög verðmætir. Stóru bankarnir sem áður voru ríkisbankar misstu allan áhuga á „smábisness“ og vildu bara vera í miklum viðskiptum og stórum en höfðu ekki mikinn áhuga á nærþjónustunni við almenning og smáfyrirtæki. Þar fóru sparisjóðirnir því með mjög mikilvægt hlutverk.

En hjá sparisjóðunum kom þó fram krafa um almenna þjónustu varðandi allt. Þeir sem áttu viðskipti við sparisjóð á Bolungarvík eða hvar sem var vildu geta keypt hlutabréf í Tókíó og lagt fyrir í verðbréfasjóðum og annað slíkt. Það

neyddi sparisjóðina til þess að taka upp mjög náið samstarf til þess að geta veitt þá þjónustu sem viðskiptavinurinn krafðist.

Ef maður lítur á söguna þekki ég það nokkuð vel að sparisjóðirnir keyptu Kaupþing 1986 af Silfurþingi og síðan keypti SPRON sífellt stærri hlut í Kaupþingi af öðrum sparisjóðum sem vildu selja. Og þar sem það réð ekki lengur við það stofnuðu menn Meið sem eignaðist hlutabréf SPRON í Kaupþingi. Menn gengu lengra og létu Kaupþing meira að segja kaupa í Meiði og Meið kaupa í Kaupþingi þannig að það myndaðist mjög sterkt krosseignarhald þar á milli. Seinna var þetta fyrirtæki nefnt Exista og varð mjög stórt á tímabili.

Eignir sparisjóðanna í Meiði og Exista og seinna í Kaupþingi urðu til þess að félögin sýndu sífelldan hagnað vegna þess að hlutabréf í þessum félögum hækkuðu og hækkuðu en í reynd voru flestir eða mjög margir með neikvæðan rekstrarafgang, þ.e. með tap af rekstri. Þau tóku ekki á þeim vanda vegna þess að verð hlutabréfa hækkaði. Það er dálítið einkennilegt, ef menn hugsa um samfélagslega ábyrgð sparisjóðanna og þetta „göfuga“ fé þeirra, að Fjármálaeftirlitið skuli ekki hafa gert athugasemd við það að féð skuli hafa verið fjárfest með eins áhættusömum hætti og síðar kom í ljós þar sem það var bundið í tveim, þrem risastórum hlutafélögum sem vissulega var mikil áhætta og það máttu menn vita.

Ég hef gagnrýnt fyrirbæri sem ég hef kallað „fé án hirðis“, þ.e. það fé sem enginn á og það er sérstaklega áberandi í sparisjóðunum. Það er reyndar til í lífeyrissjóðunum líka, þ.e. fé sem einhver stýrir en enginn er beinn eigandi að. Það er líka hjá ríkissjóði og víðar. Það er reyndar ekki án hirðis, það er hirðir að því en sá hirðir hefur kannski önnur sjónarmið en góði hirðirinn og vill ekki endilega ná fram arðsemi og öryggi fyrir fjárfestinguna heldur einhverjum öðrum markmiðum. Það kom fram í sparisjóðunum, ég leyfi mér að segja það. Það var mjög sterkur „valdastrúktúr“ og mikil valdabarátta innan sparisjóðanna og hefur alla tíð verið þó að í rauninni ætti enginn það mikla fé nema í gegnum stofnféð og þá miklu minna. Hið mikla fé sem safnaðist þarna var sem sagt tæki til valda.

Upphaflega voru sparisjóðirnir stofnaðir með ábyrgðum. Þeir voru ekki með stofnfé heldur lögðu menn fram ábyrgðir. Þegar SPRON var stofnað í Reykjavík skilst mér að það hafi verið vegna þess að ríkisstjórnin ákvað að stöðva fólksflutninga til Reykjavíkur á þeim tíma, árið 1937, með því að banna ríkisbönkunum að lána til íbúðabygginga í Reykjavík. Það var leiðin á þeim tíma, mjög undarleg í okkar augum. Það var gert til þess að fólkið færi nú ekki að flytja úr sveitunum til Reykjavíkur. Þá tóku iðnaðarmenn sig til, sem urðu þá atvinnulausir eða misstu verkefni, stofnuðu SPRON og lögðu til þess ábyrgðir. Það var sem sagt hreint „bisness-sjónarmið“ á bak við það. Þeir vildu fá verkefni og lán og ætluðu að láta Reykvíkinga leggja inn peninga í sparisjóðinn sinn og fá það svo að láni til að byggja íbúðir handa þessum sömu Reykvíkingum. Það gekk eftir og heilu hverfin voru byggð hérna með þeim hætti. SPRON lánaði peninga til verksins, sem voru sem sagt innlán Reykvíkinga, og kom þannig í veg fyrir áætlanir ríkisstjórnarinnar að stöðva flutning á fólki til Reykjavíkur með því að hindra íbúðabyggingar. Það er sagan á bak við SPRON.

Svo voru sett lög á Alþingi um að það mætti hlutafjárvæða sparisjóði. Það þótti mér alltaf vera svolítið undarlegt og alveg sérstaklega vegna þess að þar var inni þessi sjóður sem enginn átti, þessi sjálfseignarstofnun. Þegar til stóð að hlutafélagavæða SPRON átti sjálfseignarstofnunin 89% af hlutafénu. Þá fer maður að spyrja sig: Hver stjórnaði sjálfseignarstofnuninni, því að hún réð eiginlega öllu? Stofnfjáreigendurnir sem voru eitthvað um eitt þúsund talsins áttu eingöngu að eignast 11%. Það hlutafé hefði orðið gjörsamlega verðlaust ef þessi áætlun hefði gengið eftir.

Ég átti þátt í að stöðva þær áætlanir og láta alla vega þá sem vildu eignast SPRON borga fyrir það. En þungamiðjan var þessi sjóður sem enginn átti. Hver stýrði honum? Fyrir hlutafjárvæðinguna var búið að skipa stjórn í hann til fjögurra ára þannig að það lá alveg fyrir hver ætlaði sér að stjórna og stýra sjóðnum og verður örugglega skemmtilegt að skrifa eitthvað um það einhvern tíma. Síðan þróuðust málin þannig að gerður var samningur við Kaupþing. Kaupþing ætlaði að kaupa SPRON og kaupa út sjálfseignarstofnunina með reiðufé. Sjálfseignarstofnunin átti þá að breytast í sjóð sem átti að úthluta fé til menningar- og líknarmála í Reykjavík. Hann hefði eflaust gert gott gagn og voru ætlaðir sex milljarðar í það en Alþingi stoppaði það á einum degi. Ég greiddi að sjálfsögðu atkvæði gegn því af því að þetta var samningur sem ég hafði gert. Alþingi eyðilagði sem sagt þennan einkasamning sem ég ásamt öðrum í stjórn SPRON höfðum gert við Kaupþing. Það er dálítið merkilegt að Alþingi skuli hafa gripið inn í einkasamninga.

Það var ákveðið að láta þennan sjóð heyra undir ríki og bæ, þ.e. að fulltrúar menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og einhverra sveitarfélaga kæmu inn í það. Þar með var ekki lengur hægt að stýra SPRON í gegnum þennan sjóð sem enginn átti og þá datt sá áhugi niður. Hvað gerðu menn þá? Þá reyndu menn að auka stofnféð við hliðina á þessum sjóði sem enginn átti þannig að hlutur hans minnkaði og menn gáfu út alveg óhemjuháar upphæðir í stofnfé og lánuðu fyrir því annaðhvort beint eða óbeint. Það er vandi sem mjög margir glíma við í dag og er óbein afleiðing af lagasetningu Alþingis og ég hef ekki heyrt umræðu um þær hörmungar. Venjulegt fólk tók jafnvel 50 millj. kr. lán til að kaupa stofnfé. Nú er stofnféð hugsanlega orðið verðlaust eða verðlítið og eftir situr lánið sem venjulegt fólk þarf að borga, sumt jafnvel um 100 milljónir. Þetta er mikill vandi og var hluti af því að auka stofnfé fyrir utan þennan sjóð sem enginn átti þannig að vægi hans minnkaði og síðan átti að hluthafavæða hann. Mér finnst að menn þurfi að ræða hvað þeir ætla að gera við þetta fólk? Hvað ætla þeir að gera við þessar skuldir? Ég hef ekki fylgst mjög mikið með því en ég hef séð upplýsingar þar sem um mjög stórar upphæðir er að ræða.

Síðan kemur hrunið og þá verður stofnféð verðlaust hjá sumum sparisjóðunum, verðlítið hjá öðrum en lánið stendur eftir og þessi mikli vandi myndast. Mér finnst að Alþingi þurfi að ræða þennan vanda, sérstaklega af því að það á kannski óbeint upptökin að honum. Því miður létu menn SPRON fara á hausinn eða reksturinn hverfa. Auðvitað gat SPRON farið á hausinn og hluthafarnir — þetta var hluta-

fjárbanki — gátu tapað sínu hlutafé en því miður var rekstrinn látinn fara á hausinn vegna þess að hann í sjálfu sér var mjög verðmætur. SPRON naut mjög mikillar virðingar hjá Reykvíkingum og á öllu landinu og starfsmennirnir höfðu sinnt nærþjónustu sem var mjög mikils metin. Mér þótti það virkilega dapurlegt þegar ríkisstjórnin tók það skref að láta SPRON fara á hausinn í staðinn fyrir að breyta kröfunum í hlutafé eða leysa málið með öðrum hætti því að ég held að þessi rekstur hafi verið mjög verðmætur. Sama má segja um Sparisjóðabankann. Þar áttu menn að láta hlutaféð verða að engu en mjög mikilvægt var að bjarga Sparisjóðabankanum vegna þess að það var eina hreina kennitalan sem Íslendingar áttu gagnvart útlöndum. Nýju bankarnir hafa ekki hreina kennitölu. Það eru nýstofnaðir bankar og þeir þurfa að afla sér trausts en Sparisjóðabankinn átti mjög langa sögu samskipta við erlend lánafyrirtæki og það var verðmæti sem menn eyðilögðu með einu pennastriki. Mér finnst það mjög miður og virkilega slæmt að menn skuli hafa tekið þá ákvörðun að láta Sparisjóðabankann eða Icebank fara á hausinn. Það hefði margborgað sig fyrir þjóðina að breyta kröfum í hlutafé eða einhvern veginn að leysa það mál, enda stóð það til, skilst mér, ef lánardrottnar hefðu fengið meiri tíma eins og búið var að lofa þeim.

Það frumvarp sem við hér ræðum er verulega mikil breyting frá því sem Alþingi hefur ákveðið hingað til og ég reyndar var á móti þannig að ég ætti að gleðjast yfir þessu frumvarpi en ég gleðst samt sem áður ekki yfir því. Hér er horfið frá hlutafélagavæðingunni, sem ég var alla tíð á móti þannig að ég get glaðst yfir því. Verið er að lækka stofnfé og í sjálfu sér get ég glaðst yfir því líka eða fallist á að þegar menn eru búnir að keyra fyrirtæki í þrot, hvort sem það er hlutafélag eða sparisjóður, eiga eigendurnir með einhverjum hætti að mæta því þroti. Hins vegar er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni að stofnfé er meira en hlutafé. Það er líka ákveðin hugsjón á bak við það og sérstaklega þegar ekki er um að ræða hlutafélagabanka er hlutaféð að einhverju leyti eins og sparifé. Þess vegna er ekki alveg eðlilegt að láta það falla niður í ekki neitt en eins og með hlutafé er mjög mikilvægt að eigendurnir eigi möguleika þar og það er það sem menn þurfa að huga að í öllum þeim uppskiptum sem eru að verða núna. Eigendurnir þurfa að eiga möguleika á því að geta keypt eign sína til baka vegna þess að annars fara lykilverðmæti forgörðum. Ég hef farið í gegnum það áður að tengsl við erlenda birgja og annað slíkt fara forgörðum, þekking á rekstrinum fer forgörðum, þekking starfsmanna á rekstrinum fer forgörðum. Mjög margt fer forgörðum, tengsl starfsmanna við eigendur, tengsl starfsmanna við viðskiptavini og traust. Það fer allt forgörðum ef menn gefa ekki eigendunum möguleika á að kaupa eign sína til baka á löngum tíma, segjum 10, 15 árum. Það er eitthvað sem þarf að vinna að og þyrfti að vinna að því hérna líka en ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu. Það er það sem mér finnst vera slæmt við þetta frumvarp, mjög slæmt.

Það sem er alveg sérstaklega slæmt, frú forseti, er það sem margir hv. þingmenn hafa velt upp hér: Hvað svo? Hvað er ríkissparisjóður eiginlega? Sparisjóður er stofnaður til að sinna nærþjónustu, eins og ég hef farið í gegnum hér. Hugmyndin er sú að sparisjóðurinn sinni sínum dal eða sínu sveitarfélagi, ég kalla það heiðardalinn. Getur ríkissparisjóður gert það? Ég held nú ekki. Verður þetta einn ríkissparisjóður eða verða þeir margir? Hvers lags fyrirbæri eru það og hver skipar stjórn? Er það einhver embættismaður úr Reykjavík? (**Gripið fram í:** Bankaumsýslan.) Bankaumsýslan? Á hún að vera að stýra sparisjóðum úti um allt land? (**Gripið fram í:** Já.)

Menn hefðu þurft að gefa sér miklu meiri tíma, frú forseti, til að ræða þetta í nefndinni. Ég er ekki í hv. viðskiptanefnd þannig að ég hefði ekki getað tekið þátt í þeirri umræðu en það vantar alveg að segja hvað gerist svo. Svo má segja að eins og í mörgum öðrum mjög veigamiklum frumvörpum er allt of mikill hraði á hér. Menn ræða ekki hlutina í hörgul og finna góða lausn. Ég spái því að ekki líði langur tími þangað til þetta frumvarp kemur hingað aftur inn, eins og mörg önnur sem við erum að afgreiða núna, til þess að koma með leiðréttingar, til að koma með það sem menn sáu ekki, til þess að leysa einhvern vanda sem menn bjuggu til þegar þeir voru að leysa þennan vanda, þeir bjuggu bara til annan vanda. Ég er dálítið dapur yfir því hvernig menn eru að afgreiða þetta.

[14:54]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Þetta er mjög merkilegt mál sem hér er til umræðu og ef maður lítur aðeins til þess viðfangsefnis sem frumvarpið tekur á er óhjákvæmilegt að líta aðeins í eigin barm. Ég, rúmlega fimmtugur maðurinn eins og sjá má þó að ég beri aldurinn þokkalega vel, (Gripið fram í.) það er rétt, hef allt frá barnæsku, allt frá fæðingu verið með viðskiptasjóð í Sparisjóði Svarfdæla, einum elsta sparisjóði landsins og einni framsýnustu peningastofnun til langs tíma þó að heldur hafi hrakað hin síðari ár, ég skal alveg viðurkenna það. En þegar þannig háttar til er óhjákvæmilegt að mál sem þetta taki í miklu fleiri taugar en bara krónutaugina í hverri manneskju sem þarna hefur átt viðskipti eða þarna hefur alið sinn aldur alla tíð og verið í tengslum við þessa fjármálastofnun sem hefur verið sú eina á svæðinu og hlutast til um að hlutir hafi gróið og manneskjur og fjölskyldur hafi náð að skapa sér einhverja tilveru.

Þó svo að að Svarfaðardalurinn sé með fegurstu sveitum landsins og blómlegasta byggð þá háttar þannig til í okkar ágæta landi að slíkar stofnanir eru mjög víða til. Í tengslum við þau áföll sem fjármálalíf landsins hefur orðið fyrir á síðustu mánuðum hafa allir þingmenn á hv. Alþingi orðið varir við þá ókyrrð og þá spennu og það óöryggi sem þessi staða gagnvart sparisjóðakerfinu í landinu hefur skapað. Í mínum huga er það ein af frumskyldum Alþingis að eiga þá þau skoðanaskipti við það fólk sem þarna á allt sitt undir, ekki bara fjárhagslega með stofnfjáreign í sparisjóðnum eða inneignum heldur líka allt sitt undir. (**TÞH:** Það er ekki gert í alræðisríkjum) Í alræðisríkjum er það ekki gert, hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson. Við erum sem betur fer ekki orðin það enn, en það er mjög eðlilegt við þessi tímamót í sögu sparisjóðakerfisins á Íslandi, þetta er rúmlega einnar aldar gamalt kerfi, að þá umgangist menn það af virðingu og hafi samráð við fólkið sem hefur stofnað til þessarar fjármálastarfsemi sem hefur borið uppi slíka þjónustu utan höfuð-

borgarsvæðisins með þeirri virðingu sem það á skilið. (Gripið fram í.)

Þannig upplifir þetta fólk ekki stöðuna í dag, því miður. Maður hefði ætlast til þess ekki síst í ljósi þeirra stjórnmálaafla sem eru í meiri hluta á hinu háa Alþingi að menn sýndu landinu sínu meiri ræktarsemi en raun ber vitni í þessum efnum. Það gildir allt annað um stofnfé í sparisjóðum en hlutafé í fyrirtækjum, það vitum við öll sem hér erum inni. En umræðan um sparisjóðina eins og hún snýr við mér og mörgum öðrum, og ég er að enduróma raddir þess fólks sem hefur haft samband við mig út af þessu máli, er með þeim hætti að fólkið skynjar hana eins og að sparisjóðirnir séu eins og hvert annað fyrirtæki sem hefur verið í braski úti í bæ. Því miður er þetta svona.

Það er ekkert skrýtið þó að fólk taki þetta inn á sig. Sparisjóðirnir voru burðarásar í hverri heimabyggð, hafa staðið vörð um nærsamfélagið sem fjárhirðirinn, hv. þm. Pétur H. Blöndal, nefndi hér áðan, þeir hafa ræktað nærumhverfi sitt. Auðvitað sér fólk þessu umhverfi sínu ógnað. Þeir sparisjóðir sem eru til — og ég er fyrst og fremst að ræða um sparisjóði sem eru úti um land, ekki eingöngu þá sem eru á höfuðborgarsvæðinu, ég tel raunar sparisjóði á höfuðborgarsvæðinu tímaskekkju en það er annað mál — en þeir sparisjóðir sem þannig háttar til um hafa á undanförnum áratugum haldið lífi í fólki og fyrirtækjum á þessum svæðum einfaldlega vegna þess að ríkisvæddar fjármálastofnanir fyrr á árum og síðar einkavæddar ræktuðu ekki þessi svæði með þeim hætti sem menn vildu að yrði gert, þ.e. bankastofnanir aðrar en sparisjóðir sniðgengu þessi veiku svæði sem við getum kallað svo úti um land sem þurftu á því að halda að fá fjármagn frá þeim sem vildu láta eitthvað gróa þar. Og hvort sem mönnum líkar betur eða verr að heyra það sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson nefndi hér áðan, þá er það hárrétt að það er þekkingin á aðstæðum heima í héraði sem skiptir sköpum varðandi þá fyrirgreiðslu sem hér um ræðir.

Að því leyti til er það ekki rétt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði áðan og gaf í skyn að sparisjóðirnir væru stofnanir þar sem fé væri án hirðis. Á þeim stofnfundum, aðalfundum sparisjóða sem ég hef heyrt af er það þvert á móti þannig að stofnfjáreigendur ganga hart fram og rekja garnirnar úr stjórnendum viðkomandi sparisjóða einfaldlega vegna þess að þeir þekkja til þess hvernig með starfsemina er unnið.

Nú glíma menn við það á mörgum svæðum að stofnfjáraukning hefur átt sér stað í ýmsum sparisjóðum vítt um land á undanförnum tveimur árum og ástæður þess að slíkt hefur átt sér stað eru margvíslegar. Það má kannski nefna þrjár sem vert er að geta hér. Í fyrsta lagi hafa menn bara haft hug á því að byggja sjóðina frekar upp og ætlað þeim stærri hluti. Í öðru lagi hefur verið um það að ræða á ýmsum svæðum að verið er að sameina sveitarfélög og oft í tengslum við það að sameina sparisjóði og þá er eðlilegt að gerðar séu einhverjar breytingar á stofnfjáreign um leið. Þá hugsa stofnfjáreigendur fyrst og fremst um það að halda styrk síns svæðis inni í viðkomandi stofnun þannig að þess sé gætt að það svæði innan hins nýja sveitarfélags fái þá þjónustu á sviði fjármála sem menn vilja og telja eðlilegt að veitt sé. Í þriðja lagi má nefna að einstaklingar og sveitarfélög í ýmsum tilfellum hafa verið að leggja fé til sparisjóða á sínu svæði á sínum eigin forsendum.

Nú er þessu öllu hætt og þessi staða er í hættu. Í mínum huga er stóra hættan fólgin í því að verið er að skera með einum eða öðrum hætti á þessa tengingu og þennan grunn að stofnun þessa kerfis sem stofnfjársparisjóðirnir hafa verið og það er illt að mínu mati. Ég held að það sé dapurt vegna þess að þetta er kerfi sem hefur gengið vel og reynst mjög vel og ég tel að á þeirri örlagastund sem upp er runnin fyrir þessi kerfi beri mönnum að fara ítarlegar og betur yfir þetta en gert hefur verið miðað við þær athugasemdir sem mér hafa borist því að við þurfum að hafa í huga hvaða afleiðingar þetta kann að hafa. Fjöllum aðeins um það og ég held mig enn utan höfuðborgarsvæðisins.

Við skulum bara líta á þá sjóði sem ég hef heyrt sögur af. Mér hefur borist mér til eyrna að gríðarlegur fjöldi býla í Húnavatnssýslu, allt upp í 200 býli séu undir varðandi einn tiltekinn sparisjóð þar. Á að setja þetta allt í hættu? Hvar er t.d. hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra Jón Bjarnason, sem ég minnist á þeim þingum sem ég hef setið, þeim fáu, fyrir mjög ötula baráttu fyrir þessu kerfi? Ég sé ekki hæstv. ráðherra hér á bekkjunum í dag. Ég mundi ætla að umbjóðendur hans í héraði söknuðu raddar hans í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Það er svo mikið að gera í strandveiðunum.) Já, það er brjálað að gera í strandveiðunum, það er hárrétt. Þær ganga mjög vel að sögn hæstv. ráðherra. Hér eru mætt hv. þingmenn Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, og Magnús Orri Schram, varaformaður nefndarinnar, og það ber að þakka þá eljusemi sem þau sýna þessu máli. En ég hef, ég skal viðurkenna það, saknað ákveðinna radda í þessari umræðu — og sérstaklega úr þeim stjórnmálaflokki sem hv. formaður viðskiptanefndar kemur úr, Vinstri grænum — tala fyrir því að verja þetta kerfi.

Ég sé það ekki fyrir mér t.d. sem Svarfdælingur að upplagi að Svarfdælir, Árskógsstrendingar, Hríseyingar fari að tala um ríkissparisjóð Svarfdæla. Það er bara kerfi sem gengur ekki upp og menn munu ekkert vinna á því en svo háttar til að þetta er eina fjármálastofnunin í því sveitarfélagi. Hvernig á að gera þetta, hvernig ætla menn að vinna þetta? Liggur fyrir að hv. viðskiptanefnd hafi metið áhrifin af þeirri gjörð sem stendur til að framkvæma hér á þau svæði landsins sem þetta hefur og mun hafa gríðarleg áhrif á? Er til mat um það? Hefur verið lagt eitthvert mat á áhrif þessa frumvarps á byggðir landsins, framtíðarvöxt, möguleika á atvinnuuppbyggingu eða þó ekki væri nema að verja það sem fyrir er? Ég teldi það gríðarlega gott skref að leggja í þá vinnu að vinna slíka úttekt, þó ekki væri nema að svara því fólki sem bíður svara, því eftir því sem mér skilst á þeim sem hafa borið mér fregnir af þeirri vinnu sem farið hefur fram í tengslum við nefndina liggur ekkert slíkt mat fyrir. Það liggur heldur ekki fyrir með hvaða hætti þetta verður unnið og ég vænti þess að það eigi þá eftir að koma fram í þeirri umræðu sem hér á eftir að fara fram.

Ég skal ekki draga úr því að örugglega vinna menn þetta starf af fullum vilja, ég ætla fólki ekki annað, til að mæta með sem bestum hætti áhrifunum af því sem er að skekja sparisjóðakerfið í landinu í dag. En viðbrögðin sem mér berast af því eru þau að fólk hefur litla sem enga trú á því

að þessi frumvarpssmíð muni hafa þau áhrif sem til er ætlast af hvaða ástæðum svo sem það er. Við erum að vinna að lagasetningu sem höndlar um aleigu fólks, fleiri hundruð einstaklinga og fjölskyldna úti um allt land, og ég ítreka það að þá á ég ekki við endilega peningalega eign í stofnfé viðkomandi sparisjóða. Með aleigu fólks í þessu tilliti á ég við umhverfi þess, þ.e. hvar það hefur kosið sér búsetu og vill lifa sínu lífi. Aleigan er fólgin í því að það samfélag sem það hefur kosið sér og sett sig niður í geti átt lífvænlega framtíð. Grunnurinn í því er sá að á því svæði sé einhver fjármálastofnun sem ber hag þess byggðarlags fyrir brjósti og eftir því sem mér skilst eru menn að hætta því með því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Ég vil því hvetja hv. viðskiptanefnd til þess að gaumgæfa þetta mál rækilega, gefa sé þann tíma sem þarf til þess að leggja grunn að mjög vandaðri og góðri lagasetningu.

[15:09]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var nokkuð undarleg ræða. Maður hlýtur að spyrja sig hvar hv. þm. Kristján Þór Júlíusson hefur verið staddur undanfarin ár í hlutafélagavæðingu sparisjóðanna á vakt Sjálfstæðisflokksins þegar allt eigið fé hefur verið sogað út úr þessum sjóðum sem varð til þess að þegar að hruninu kom síðastliðið haust voru þeir verulega illa staddir, miklum mun verr en menn töldu. Ég spyr mig bara: Hvar var Kristján Þór Júlíusson? Hann var að tala um eitthvert allt annað umhverfi, hann talar um að á þessu tímabili hafi menn verið að byggja sjóðina upp og styrkja byggðirnar. Ég gæti haft um það mörg önnur orð.

Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann: Hvar er í þessu frumvarpi skorið á tengslin milli byggðarlaga og sjóðanna? Vegna þess að í þessu frumvarpi er í fyrsta sinn kveðið skýrt á um það að í stofnsamþykktum sparisjóða skuli skýrt tilgreint samfélagslegt hlutverk þeirra. Það hefur skort hingað til. Við vitum að hér hafa risið upp sameinaðir sparisjóðir sem hafa ekkert hugað að neinu samfélagslegu hlutverki. Hvar er skorið á tengslin milli byggðarlaga og sjóða? (Gripið fram í.) Það var kallað hér fram í en ég kem upp í seinna andsvari.

[15:10]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. formanni viðskiptanefndar andsvarið sem gefur mér færi á því að svara því hvar ég hafi verið undanfarin ár. Ég var mestan part norður á Akureyri og átti annað slagið erindi til Reykjavíkur til að ræða við pólitíkusa.

Það er alveg rétt að það áttu sér stað margar breytingar á síðustu árum sem betur fer og flestar til batnaðar þó svo að menn hafi vissulega stigið mörg feilspor. Ég minnist þess að hafa heyrt það hjá hv. þingmanni, sem ég met mikils í pólitísku starfi, að hugmyndir hennar lúta að því að hún hafi viljað endurskoða eignarrétt fólks, hún lýsti því yfir að hann væri í sínum augum ekkert heilagur. Ég er ekki sammála því sjónarmiði en hluti af skýringunni á þessu frumvarpi kann að vera sá að það séu þær pólitísku áherslur sem ráði.

Af því að spurt er beint nefni ég það að þetta kann að vera hluti af þeirri hugmyndafræði sem vinstri grænir standa fyrir og það er í sjálfu sér ekki mitt að ráða skoðunum þeirra. Ég virði þær en ég er langan veg frá því að vera sammála þeim. Ég vænti þess að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir svari því og ég legg þá kannski frekar út af þessu varðandi eignarréttinn í síðara andsvari mínu. Það væri mjög fróðlegt að heyra hvort þetta væri liður í því að koma fram ákveðinni hugmyndafræði.

Varðandi það hvar skorið er á milli sparisjóðanna og heimabyggðar, (Gripið fram í.) það liggur í niðurfærslu stofnfjárins og þess að ríkisvæða þetta kerfi. Reynsla fólks úti um land af miðstýrðu ríkisbatteríi er einfaldlega sú að höfuðstöðvarnar í Reykjavík hugsa ekki um hag viðkomandi heimabyggðar. Þetta er svo einfalt mál.

[15:12]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hlýt enn að spyrja: Hvar var hv. þingmaður þegar neyðarlögin voru sett þar sem í 2. gr. var sett inn ákvæði um það að ríkissjóður gæti komið inn í sparisjóðina, bæði stofnfjársparisjóðina og hlutafélagasparisjóðina, til að bjarga þeim og setja inn peninga í kjölfar hrunsins? Það er ekki að heyra að hv. þingmaður hafi tekið þátt í þeirri afgreiðslu þegar hann talar núna um að það sé ríkisvæðing að setja fé inn í sparisjóðina. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson, ég óska eftir því að fá að tala óáreitt í andsvari. Í andsvari hefur maður mjög stuttan tíma, það ætti hv. þingmanni að vera orðið ljóst.

Ég vil ítreka þá skoðun mína að það er mikill misskilningur að þetta frumvarp sé atlaga að sparisjóðum eða að fólkinu úti um land. Það er verið að skapa hér grundvöll fyrir því að ríkissjóður geti í krafti 2. gr. neyðarlaganna komið til aðstoðar í þeim sparisjóðum sem þess óska. Það er ekki verið að taka sjálfsforræðið af stofnfjáreigendum vegna þess að það er skýrt kveðið á um það í þessu frumvarpi að það eru þeir sem verða að óska eftir atbeina ríkisins og það eru þeir sem verða að samþykkja niðurfærslu og endurskipulagningu og aðkomu nýrra stofnfjáreigenda ef til kemur.

Sparisjóðirnir hafa átt í miklum erfiðleikum og það eru í rauninni tveir valkostir uppi í dag. Þeir standast ekki kröfur um eiginfjárhlutfall. Annaðhvort getur ríkið komið á grunni þessa frumvarps til hjálpar í sparisjóðunum ellegar Fjármálaeftirlitið hlýtur að taka af þeim starfsleyfið. Ég vel fyrri kostinn.

[15:15]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég heyri það og skynja að sparisjóðir landsins eru hv. þm. Álfheiði Ingadóttur mikið hjartans mál og ég fagna því að sjálfsögðu heiftarlega því að þar fara áherslur okkar saman og það er hið besta mál. En eins og svo oft áður greinir okkur á um leiðir að settu markmiði. Hv. þingmaður spyr hvar sá sem hér stendur hafi verið staddur þegar neyðarlögin voru sett. Ég sat í þessum sal, mig minnir að ég hafi setið aðeins út á þessum væng þegar neyðarlögin voru sett og tek fyrir mitt leyti fullan þátt í

þeirri gjörð sem þá var.

En spyrja má á móti hvers vegna menn bæta í þá lagagjörð sem þá var staðfest, svo umdeild sem hún var. Ég hef skynjað það sem svo í viðræðum við það fólk sem situr fyrir stjórnmálahreyfingu mína í viðkomandi nefnd að menn bæti fremur í þau íþyngjandi ákvæði sem ég átti þátt í, ásamt öðrum á hinu háa Alþingi, að setja og kölluð eru neyðarlög. Því miður virðist það vera svo.

Ég saknaði þess hins vegar í andsvarinu að fá ekki svar hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur áðan við þessari grunnspurningu sem lýtur að hugmyndafræðinni á milli þeirra stjórnmálahreyfinga sem við tilheyrum. Ég nefndi ýmislegt í andsvari mínu sem laut að eignarréttinum til þess að menn gætu íhugað það. Ég saknaði þess að heyra ekki nánari útlistanir á því hvort þær hugmyndir sem þá voru kynntar af hv. þingmanni fyrir nokkru síðan væru liður í því verki sem hér er verið að prjóna saman fyrir okkur.

[15:17]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Þegar við ræddum þessi mál við 2. umr. málsins kom fram hjá mörgum stjórnarliðum, sem voru greinilega með óbragð í munninum yfir þessu frumvarpi, sú hugsun sem stundum skýtur upp í kollinn á manni þegar maður stendur frami fyrir erfiðu vali, að frestur kunni að vera á illu bestur. Þess vegna hrökk það upp úr hverjum hv. stjórnarliðanum á fætur öðrum að skynsamlegast væri að málið færi nú til nefndar á milli 2. og 3. umr. og væri þess þá að vænta þegar menn hefðu legið yfir þessu að það mundi birta til. Fram kæmu þær breytingartillögur sem gerðu það að verkum að þeir sem varað hafa við afleiðingunum af 7. gr. frumvarpsins þyrftu ekki að hafa af því áhyggjur. Það kom m.a. fram hjá formanni fjárlaganefndar sem talaði ítrekað, í andsvörum, ræðum og atkvæðaskýringum, að mig minnir, mjög á þessum nótum.

Eins og ég vakti athygli á í fyrstu ræðu minni við þessa umræðu er það svo að þegar við förum yfir hinn eiginlega afrakstur nefndarstarfsins milli 2. og 3. umr. hvað þetta frumvarp áhrærir, er hann ákaflega rýr. Hér er breytingartillaga sem hefur engar efnislegar afleiðingar fyrir það mál sem mest hefur verið rætt hér um, stöðu stofnfjáreigenda og þar með grundvöll sparisjóðakerfisins í landinu.

Mér finnst líka athyglisvert í þessari umræðu að stjórnarliðar hafa nánast algjörlega sniðgengið hana. Ég tek að vísu eftir því að hv. formaður viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, er hér á mælendaskrá en þar með er það upp talið. Þetta er þó ekki neitt smámál, þetta er ekki mál sem hægt er að sópa frá sér með þægilegum hætti, þetta er mál sem mun, að frumvarpinu samþykktu, koma beint í fangið á heilu byggðarlögunum, þúsundum einstaklinga úti um allt land og sveitarfélögunum. Þó að menn kjósi að forðast þessa umræðu nú, vegna þess að mönnum finnst hún sjálfsagt erfið og óþægileg, sleppa menn ekki undan raunveruleikanum.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir er eina undantekningin sem sannar regluna því að hún hefur setið þessa umræðu, reyndar ásamt varaformanni nefndarinnar, og hún er sú eina úr hópi stjórnarliða sem bersýnilega ætlar sér að taka þátt í þessari umræðu. Hinir hafa kosið að vera fjarstaddir þannig að þeim finnst greinilega þetta vera óþægileg umræða enda byggðu þeir upp heilmiklar væntingar varðandi starf nefndarinnar milli 2. og 3. umr., væntingar sem munu ekki rætast. Það er algjörlega óhjákvæmilegt, eins og hv. þm. Kristján Þór Júlíusson sagði áðan, að vekja sérstaka athygli á því að helsti baráttumaðurinn fyrir sparisjóðakerfinu, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, hefur ekki látið svo lítið að líta inn í þessa umræðu og taka þátt í henni, hvað þá heldur ráðherra sveitarstjórnarmála, hæstv. samgönguráðherra, sem mun, ef þessi mál ganga eftir, sem mér finnst blasa við, fá í fangið þó nokkur sveitarfélög. Þau eiga sjálfsagt ekki margra úrkosta völ ef svo fer fram sem horfir að stofnfé sparisjóðanna verður fært niður svo um munar. Það er nefnilega óskhyggja þegar menn ímynda sér að af samþykkt þessa frumvarps leiði ekki annað en að stofnféð verði lítillega fært niður. Það er einfaldlega ekki þannig.

Komið hefur fram mjög skýrlega við 2. umr., m.a. hjá varaformanni viðskiptanefndar, að ætlunin sé að færa stofnfé niður að raunvirði sem þýðir á mæltu máli að stofnféð verður fært niður til samræmis við lækkun eigin fjár í þessum sjóðum. Og alveg eins og ég rakti í ræðu minni áðan hefur eigið fé í sparisjóðunum verið að lækka af ástæðum sem ég nefndi og hef ekki tíma til þess að endurtaka hérna. Við skulum því ekki ímynda okkur að í þetta skipti eigi það við að frestur sé á illu bestur, menn eru einfaldlega að skjóta sér undan óþægilegri umræðu.

Það er ekki rétt sem hv. formaður nefndarinnar sagði, að stofnfjáreigendur og sparisjóðirnir standi frammi fyrir frjálsu vali. Þeir gera það ekki. Sjóðir sem eru með lítið sem ekkert eigið fé og eiga eingöngu val á því að fá fjárhagslega fyrirgreiðslu frá ríkinu munu ekki geta gert annað en það sem ríkið leggur fyrir þá sem er þá að færa niður stofnféð. Það er því útúrsnúningur að tala um að það sé frjálst val, það er svolítið eins og að miða byssu á hausinn á manni og segja við hann: Nú verður þú að ráða hvernig þú drepst. Það er ekkert öðruvísi en það.

Frumvarpið mun hafa þessar alvarlegu afleiðingar fyrir sveitarfélögin, fyrir einstaklinga og fyrir byggðirnar og áður en menn (Forseti hringir.) átta sig á því verða þessi vandamál komin í fangið á þingmönnum kjördæmanna. Þá (Forseti hringir.) verða þeir sem leggja þessu frumvarpi lið auðvitað rukkaðir um sína pólitísku ábyrgð.

[15:22]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða stórt mál sem snertir mjög marga, byggðarlög, fyrirtæki, einstaklinga, fjárhagslega hagsmuni og fjárhagslega heilsu, eins og sparisjóðirnir hafa mjög oft auglýst. Það snertir fjárhagslega heilsu mjög margra. Sparisjóðirnir hafa í gegnum árin gegnt mikilvægu hlutverki í fjármálastarfsemi víða um land, ekki eingöngu út frá viðskiptalegum sjónarmiðum heldur einnig út frá félagslegum sjónarmiðum og hafa þeir verið akkeri í byggðarlögum, akkeri heimamanna, akkeri héraðanna þegar á reynir varðandi fjármögnun ýmissa framkvæmda, fjármögnun lána til bygginga og slíks, meðan hinir svokölluðu frjálsu bankar, ef það má orða það þannig, eða þau fyrirtæki sem voru í öðru umhverfi neituðu jafnvel

að lána til þessara byggðarlaga af því að þeir töldu þau hreinlega ekki lífvænleg. Þá skiptu þessir sparisjóðir miklu máli og voru þeir þær stofnanir og þeir aðilar sem íbúar og fyrirtæki í þessum byggðarlögum gátu leitað til.

Það á því ekki að koma á óvart að fyrirtæki og einstaklingar skuli hafa stutt við þessar stofnanir með ráðum og dáð m.a. með því að setja umtalsverða fjármuni í formi stofnfjár inn í þessar stofnanir til þess að styrkja þær, til þess að halda þeim í héraði, til þess að hafa áfram aðgang að því sem telja má sjálfsögð réttindi íbúa og fyrirtækja, þ.e. aðgang að ávöxtun á fjármunum og aðgang að lánsfé. Í mörgum tilfellum erum við því að ræða um stofnanir og fyrirtæki sem eru sumum byggðarlögum jafnmikilvæg og sjúkrahúsið, jafnmikilvæg og framhaldsskólinn eða grunnskólinn. Að mínu viti getum við því ekki leyft okkur að setja alla sparisjóði undir einn og sama hatt og tala um þá í sömu setningunni.

Við vitum að til eru fjármálastofnanir sem tóku þátt í miklum æsingaleik fyrir nokkrum mánuðum og er þeim kannski ekki vorkunn þess vegna. En þeim er vitanlega vorkunn sem lögðu fé sitt inn í þær stofnanir í þeirri góðu trú að þeir væru að efla þær til þess að styðja við nærumhverfi sitt og styðja við atvinnulífið.

Hér hefur verið komið inn á hvort það sé vilji löggjafans að búa til og fara af stað með ríkissparisjóði og af frumvarpinu verður ekki annað séð en að veruleg hætta sé á því af því að það er ekki alveg ljóst hvernig og hve lengi ríkið ætlar sér að halda því sem þeir ætla sér, að því er virðist, að eignast. Það er stórmál að færa niður stofnfé einstaklinga, sveitarfélaga, samtaka og fyrirtækja, sem hafa byggt upp sparisjóð sinn með félagsleg sjónarmið og hagsmuni nærsveitarinnar og nærsamfélagsins að leiðarljósi.

Í 7. gr. sem er oft rætt um er fjallað um lækkun stofnfjár og framkvæmdarvaldið hefur bent á að nauðsynlegt sé að gera það. Það vantar svolítið mikið upp á að upplýst sé með hvaða hætti það verði gert og svo virðist sem fram hafi komið misvísandi upplýsingar um hvort til séu einhverjar reglur til að fara eftir varðandi það. Það er mjög mikilvægt að vita hvort svo sé. Ef þær eru ekki til er eðlilegt að semja þær og að þær liggi frammi áður en málið er endanlega útrætt.

Maður veltir fyrir sér, fyrst sagt er í ræðum og víðar að tillit verði tekið til þeirra sem eiga stofnfé og til viðskiptavildar og þess háttar, hvernig það verði gert og hvernig menn ætli að standa að því. Það er augljós hætta á að aðgerð sem þessi færi ríkisvaldinu endanlega nánast alla umsýslu með fjármálastarfsemi í landinu og við getum örugglega talað lengi um hvort það sé mjög heppilegt. Persónulega tel ég alveg stórhættulegt að slíkt gangi eftir því að samvinnufélagsformið sem er á sparisjóðunum er eitt af því skynsamlegasta sem við getum haft í félögum okkar. Það er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það er töluverður munur á stofnfé og hlutafé, það er ekki verið að tala um sama hlutinn. Annað veitir mikinn rétt til arðgreiðslna og sölu en hitt var ekki þannig, alla vega ekki til skamms tíma.

Það sem skiptir kannski mestu í málflutningi mínum er að ég óttast að með því að færa niður stofnféð og ef ekki verður tekið tillit til hvers sparisjóðs fyrir sig — þeir eru misjafnir — séum við að láta lífið fjara út hægt og rólega í ákveðnum byggðarlögum þar sem þessar stofnanir hafa verið akkerið. Það er alveg ljóst að niðurfærsla á stofnfé mun koma verulega við beina fjárhagslegu afkomu og hagsmuni þeirra sem settu í það fé, þ.e. sveitarfélaga, einstaklinga, fyrirtækja og bænda, ef það er gert einhliða, og takmarka þá um leið getu samfélagsins til þess að byggja sig upp á þeim tímum sem nú eru. Það mun takmarka getu samfélagsins til þess að bregðast við þegar á þarf að halda og það takmarkar um leið að skynsamleg uppbygging geti átt sér stað nema ríkisvaldið tryggi með einhverjum hætti að þessir aðilar, sem svo sannarlega eiga það ekki skilið, verði ekki fyrir skaða. Að ríkisvaldið tryggi um leið aðgang þessara byggðarlaga, einstaklinga og fyrirtækja að lánsfé, að stofnunum, til þess að ávaxta sitt pund — þeir sem enn geta það — og stuðli að uppbyggingu í þessum byggðarlögum.

Eitt og annað hefur tekið breytingum í frumvarpinu og er það eflaust flest ef ekki allt til bóta. Hins vegar vil ég halda því til haga að ekki var tekið tillit til þeirra breytingartillagna sem hv. þm. Eygló Harðardóttir lagði fram þar sem hún lagði mikla áherslu á þessa 7. gr. sérstaklega svo og aðra hluti er sneru að 1. gr. og 1. mgr. 14. gr., svo eitthvað sé tínt til. (Gripið fram í.) Já, og stjórn sjóðanna. Það er vitanlega lykilatriði að fjalla um hvernig stjórn og öll umsýsla með það fé sem eftir verður í þessum sjóðum verður til framtíðar.

Það sem einnig stendur upp úr varðandi þetta frumvarp og þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í það er að ég hef á tilfinningunni að hér sé ekki búið að vinna alla heimavinnuna og að verið sé að beita almennum aðgerðum. Almennar aðgerðir eru yfirleitt bestar en þegar við erum með svo ólíkar stofnanir og fyrirtæki eins og sparisjóðina er mjög hæpið að beita slíkri aðgerð á þessar stofnanir þar sem við erum að fjalla um tilvist, rekstur og grundvöll sem er nánast eins og svart og hvítt, (**Gripið fram í:** Nei, nei.) hvort við erum að tala um lítinn sparisjóð norður í landi eða öflugan sparisjóð í Reykjavík sem lítur nánast út eins og hver annar banki hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru tveir ólíkir hlutir, það er alveg ljóst, og markmiðið og hugsunin sem að baki búa eru vitanlega hvort úr sinni áttinni.

Ef ríkisvaldið heldur rétt á málum og vandar sig við verk sín held ég að við höfum tækifæri til þess að efla sparisjóðina frekar og hafa þá áfram sem fyrirmyndarstofnanir í þeim héruðum þar sem þeir starfa þannig að þeir geti verið stolt síns byggðarlags. Ég held að það sé ekki rétt að gera það með því að byrja á að draga kraftinn úr heimamönnum sem hafa sett í þá fé, með því að færa niður stofnféð með þeim hætti sem hér er boðað. Það hefði hugsanlega verið hægt að fara nokkrar aðrar leiðir til þess að ná fram þeim markmiðum sem ríkisvaldið boðar hér. Það hefði hugsanlega verið hægt að skilja á milli nýs stofnfjár og þess eldra þegar kemur að því að deila út arði eða einhverju slíku. Það er ýmislegt sem hefði mátt skoða sem því miður virðist ekki vera tækifæri eða tími til miðað við þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð.

Það er líka rétt að geta þess að Fjármálaeftirlitið lagði sérstaklega áherslu á að vandað yrði til verka því að við erum jú að tala um einn af meginörmum fjármálakerfis Ís-

lands og því er mjög hæpið að fara fram með einhverjum gassagangi í þessu máli.

Fjölmargir stofnfjáreigendur, almennir stofnfjáreigendur, einstaklingar og fulltrúar opinberra aðila sem eiga stofnfé í þessum sparisjóðum, hafa haft samband við okkur þingmenn og lýst áhyggjum sínum yfir því hvaða skref er verið að taka. Ég hefði talið að skynsamlegra hefði verið að fara að ráðum Fjármálaeftirlitsins og vinna þetta enn þá betur en hér er gert. Það er rétt að sparisjóðirnir hafa verið í lagalegri óvissu um langa hríð en miðað við þetta frumvarp er ljóst að það mun ekki slá á þá óvissu. Það mun þvert á móti auka á hana þar sem ríkissjóður virðist ætla að verða einn helsti stofnfjáreigandi flestallra sparisjóða í landinu, ef ég skil þetta frumvarp rétt, og búa þar með til ríkissparisjóð sem er þá við hliðina á ríkisbönkunum. Mér hefur ekki sýnst hafa gengið neitt sérstaklega vel hjá ríkinu að reka ríkisbankana eða koma þeim í gang þannig að þeir þjóni íbúum og fyrirtækjum þessa lands. Því hef ég verulegar efasemdir um að ríkisvaldinu takist það nokkuð betur upp með sparisjóðina og óttast í raun, eins og fram kom í máli mínu áðan, að þetta verði til þess að draga úr þeim kjark og þor, því miður.

Frú forseti. Stofnfjáreigendur sem lagt hafa fé sitt, líf og sálu í þessa sparisjóði til þess að viðhalda þeim og styrkja í heimabyggð til þess að þeir sinni sínu nærumhverfi, þurfa á bjartsýni og stuðningi að halda. Þeir þurfa á því að halda að sparisjóðirnir séu efldir með markvissum aðgerðum en ekki að enn frekari óvissa sé sköpuð um framtíð sparisjóðanna, um þá fjármuni eða þá eign sem þeir hafa sett í þessi fyrirtæki til þess eins að þau geti starfað áfram og stutt við nærumhverfið, menninguna, uppbygginguna og sinnt þeim skyldum sínum sem m.a. er kveðið á um í reglum um sparisjóði. Sparisjóðirnir eru sérstakt fyrirbæri í samfélagi okkar sem okkur ber að vernda, styrkja og efla.

[15:38]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn hér í dag árétta það að hér er um gríðarlega mikilvægt mál að ræða. Það ber með sér og efnisatriði þess eru á þann veg að miklu varðar að vel sé að því staðið til þess að stuðla að því að sparisjóðirnir í landinu eigi sér framtíð þar sem þeir hafa tækifæri til þess að starfa og eflast. Ég held að það sé það sem við hljótum öll að vilja stuðla að. Okkur greinir á um leiðir og það hefur komið fram bæði við 2. umr. og eins nú við 3. umr. að skiptar skoðanir eru um ákveðna þætti í þessu. En ég trúi ekki öðru en að það sé sameiginlegt markmið okkar sem hér erum að stuðla að því þannig að sparisjóðirnir eigi sér framtíð, eigi möguleika á því að vaxa og dafna í því umhverfi sem verður fyrir fjármálafyrirtæki í framtíðinni. Þetta er sem sagt afskaplega mikilvægt mál og þess vegna vekur athygli að hv. þingmenn stjórnarflokkanna hafa alfarið látið hv. formann viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um það að taka þátt í þessari umræðu. Aðrir hv. þingmenn stjórnarflokkanna hafa misst málið um þetta mál.

Það er líka athyglisvert að ekki hefur sést til þess hæstv. ráðherra sem ber ábyrgð á þessum málaflokki hér við 3. umr. Nú kunna að vera á því eðlilegar skýringar. En mér finnst það hins vegar galli að hæstv. viðskiptaráðherra Gylfi Magnússon skuli ekki hafa verið viðstaddur þessa umræðu því að það hefði áreiðanlega verið gagnlegt að geta átt orðastað við hæstv. ráðherra um þá sýn sem hann hefur á þessi mál og afstöðu til einstakra þátta í þeim vegna þess að auðvitað er það hann sem hefur af hálfu framkvæmdarvaldsins forræði á þessum málaflokki, þar á meðal forræði á stefnumótun í ráðuneytinu um það hvernig þessum málum verði hagað til framtíðar. Fjarvera hæstv. ráðherra, sem eins og ég tek fram kann að eiga sér eðlilegar skýringar, er galli í þessari umræðu og það er galli, þrátt fyrir ágæti hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur formanns viðskiptanefndar þá er það galli að aðrir hv. þingmenn stjórnarflokkanna skuli ekki taka þátt í þessari umræðu og velti ég því fyrir mér hvað valdi. (**ÁI:** Kannski af því að þetta er 3. umr., hv. þingmaður.) Þriðja umræða væri tilgangslaus ef hún væri einvörðungu til þess fallin að menn kæmu með einhverjar yfirlýsingar eða eitthvað þess háttar. Þriðja umræða er jafngild öðrum umræðum að því leyti að menn geta komið hér með sjónarmið og skoðanir.

Það kom hér skýrt fram við 2. umr. að afar skiptar skoðanir voru um málið og þingmenn, bæði úr stjórnarliðinu og stjórnarandstöðunni lýstu því yfir að mikilvægt væri að málið færi til nefndar milli 2. og 3. umr. Það er ljóst að ekki hefur tekist að ná saman sjónarmiðum i nefndinni milli 2. og 3. umr. þannig að sá ágreiningur sem uppi var við 2. umr. er enn til staðar og það er eðlilegt að menn skiptist á skoðunum og noti þau tækifæri sem þingsköp gefa til þess að skiptast á skoðunum um umdeild mál. Það er sem sagt misskilningur ef sá skilningur er á ferðinni einhvers staðar hér að 3. umr. sé bara einhvers konar afgreiðsla. Þriðja umræða er jafngild og menn hafa tækifæri til þess að koma sjónarmiðum á framfæri.

Varðandi stöðu sparisjóðanna er ljóst að fyrir bankahrunið í október var vitað að staða margra sparisjóða var afskaplega alvarleg og þegar á þeim tíma voru stjórnvöld farin að velta fyrir sér lausnum að því leyti. Bankahrunið hafði síðan gríðarleg áhrif á sparisjóðina eins og annað. Þess vegna er eðlilegt að Alþingi bregðist við með breytingum á lögum. Við setningu neyðarlaganna var hugað að stöðu sparisjóðanna með tillögum um möguleika ríkisins til þess að greiða götu þeirra með fjárframlögum. Um það var í sjálfu sér samstaða að það væri mikilvægt að ríkisvaldið, á þeim tíma þegar bankakerfið í landinu lagðist á hliðina, þ.e. að sparisjóðirnir yrðu ekki út undan í því starfi heldur að það væri hugað að því að þeirra staða yrði styrkt á sama tíma og ríkið var að fá í fangið stóru ríkisbankana. Það byggði á þeirri hugmynd eða því viðhorfi að sparisjóðirnir hefðu mikilvægu hlutverki að gegna. Ég ætla ekki að fara yfir það. Margir þingmenn hafa rakið það hér í umræðunni hversu miklu og mikilvægu hlutverki sparisjóðir hafi að gegna í byggðum landsins.

Ég vil þó árétta annan þátt sem ekki snýr að byggðunum heldur að fjölbreytileika fjármálakerfisins út frá samkeppnislegum sjónarmiðum meðal annars. Ég held að það sé afar mikilvægt að hér á landi séu aðstæður til þess að það þrífist fjölbreytileg fyrirtæki á fjármálamarkaði, að ekki séu öll fyrirtækin steypt í sama mót, og eins að það verði ekki þannig til frambúðar að fjármálakerfið verði undir einni

stjórn ef svo má segja, að fjármálakerfið og fyrirtæki á fjármálamarkaði verði ekki öll á forræði ríkisins.

Þar kem ég að því sem hefur mest borið á í þessari umræðu og raunar við 2. umr. líka. Það varðar 7. gr. frumvarpsins og þær áhyggjur sem við þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfum af því ákvæði og raunar fleiri þingmenn. Við óttumst að þetta ákvæði geti leitt til þess að það verði annars vegar um að ræða meiri ríkisvæðingu á þessum vettvangi en æskilegt er og hins vegar þetta sem margoft hefur verið bent á hér, að með niðurfærslu stofnfjár sé skorið á tengsl við grasrótina, að tengslin og tengslanetið, sem er grunnurinn að starfsemi sparisjóða, verði fyrir bí ef niðurfærslan verður með þeim hætti og ríkið tekur til sín allt stofnfé. Þetta eru áhyggjurnar og eins og hefur komið fram hér við þessa umræðu hefur þeim áhyggjum ekki verið svarað.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég árétta það sem raunar hefur komið fram áður í þessari umræðu. Það varðar það að nú er ljóst að eins og bankarnir hafa lent í höndum ríkisins eins og kunnugt er án þess að það hafi verið ósk nokkurs manns þá er líka fyrirsjáanlegt að áhrif ríkisins á sparisjóðina verða meiri en nokkur í sjálfu sér eða flestir alla vega hefðu óskað. Þá vaknar þessi spurning sem hefði verið gott að fá skýra línu í hér við meðferð þessa máls, þ.e. það hvernig ríkið sæi fyrir sér að það gæti komist út úr sparisjóðunum miðað við þá stöðu sem er uppi. Það vantar líka varðandi ríkisbankana sem er þó annað mál en kemur hugsanlega síðar til umræðu hér í dag. Ég held að það sé afar mikilvægt að við göngum ekki út frá því að afskipti ríkisins af þessum markaði með þeim hætti sem við höfum lent í eftir bankahrunið verði varanleg heldur að það sé litið á þetta sem afar tímabundið ástand sem þurfi að komast út úr. Í því sambandi þarf að huga líka að sparisjóðunum. Það hefur verið boðað að lögin um fjármálafyrirtæki muni sæta heildarendurskoðun og hugsanlega koma þessi atriði þar inn. Við vitum líka að lengi hefur staðið til að þau ákvæði laganna sem varða sparisjóði og reglur um starfsumhverfi sparisjóða sæti heildarendurskoðun. Ég lít nú ekki svo á að þetta frumvarp feli í sér slíka heildarendurskoðun.

Þar sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur óskað eftir að veita andsvar væri kannski rétt ef hún gæti upplýst, af því að það hefur þá farið fram hjá mér ef það er í gögnum málsins, hvort meiri hluti hv. viðskiptanefndar líti svo á að þetta frumvarp feli í sér þessa heildarendurskoðun og hver afstaða meiri hlutans sé til þess að slík heildarendurskoðun fari fram og eftir atvikum hvaða meginlínur ættu þá að vera í slíkri heildarendurskoðun.

[15:49]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég kýs að svara spurningum hv. þingmanns um heildarendurskoðun í ræðu minni á eftir en nota þennan tíma til að veita andsvar við ræðu hans.

Nú er hv. þingmaður mjög lögfróður maður og átti ríkan þátt í setningu neyðarlaganna síðastliðið haust sem þáverandi hv. formaður allsherjarnefndar, ef ég veit rétt. Mér leikur því hugur á að vita hver túlkun hans er á 2. gr. þar sem er heimild til handa ríkissjóði til að setja fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé sparisjóðanna inn í sjóðina. Í þeirri grein er tekið fram að þetta stofnfé skuli njóta sömu stöðu og aðrir stofnfjárhlutar í viðkomandi sjóði. Jafnframt segir þar, með leyfi forseta:

„Ákvæði þetta“ — þ.e. um að hið nýja hlutafé nemi sama hlutfalli — „tekur jöfnum höndum til stofnfjársparisjóða og þeirra sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga þessara eftir því sem við á.“

Ég spyr hv. þingmann: Hvernig er hægt að uppfylla 2. gr. neyðarlaganna án þess að færa niður stofnfé ef eigið fé sjóðsins er neikvætt?

[15:51]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega vitað að það er grunnurinn að því að 7. gr. er í þessu frumvarpi að það voru ekki taldar nægar heimildir samkvæmt neyðarlögunum. Það er því ekki óeðlilegt að leitað sé leiða með einhverjum hætti hvernig eigi að útfæra þetta. Það sem við höfum áhyggjur af og hefur náttúrlega margítrekað komið fram er hvernig útfærslan er. Við þá útfærslu þarf auðvitað að gæta þeirra grundvallarsjónarmiða sem ég tel að eigi að vera við lýði þegar við hugum að framtíðarfyrirkomulagi sparisjóðanna, að það sé ekki skorið á tengslin við grasrótina, að það sé ekki skorið á tengslin við stofnfjáreigendur.

Ég tel að hv. viðskiptanefnd þurfi að skoða þessi mál betur og tek þar af leiðandi undir þau sjónarmið fulltrúa míns flokks í hv. viðskiptanefnd að það þyrfti að skoða þetta betur til að finna slíka lausn. Ég vek athygli á því að það er í sjálfu sér ekki ágreiningur um það að ríkið komi með fjármagn í sparisjóðina og það verði tekið tillit til ríkisins í því sambandi en spurningin er sú hvernig við útfærum þetta þannig að ekki sé með einhverjum hætti klippt á tengslin sem tengja sparisjóðina við grasrót sína.

[15:53]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ekki ágreiningur um það, segir hv. þingmaður, að ríkið eigi að koma að sparisjóðunum og nýta þá til þess heimildina í 2. gr. neyðarlaganna. Mér fannst svar hv. þingmanns ekki alveg skýrt við spurningu minni um það hvernig ætti að uppfylla ákvæði 2. gr. neyðarlaganna öðruvísi en með skýrri heimild til þess að færa niður stofnfé á sama hátt og fært er niður hlutafé þegar um hlutafélagasparisjóði væri að ræða. Ég spurði hv. þingmann um það hvernig hægt væri að skilja það sem segir í 2. gr. neyðarlaganna, með leyfi forseta:

„Ákvæði þetta tekur jöfnum höndum til stofnfjársparisjóða og þeirra sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga þessara eftir því sem við á.“

Mér fannst svarið ekki alveg skýrt en mér fannst ég þó heyra staðfestingu á því hjá hv. þingmanni að það þyrfti færa stofnfé niður þar sem eigið fé er orðið neikvætt og til þess að stofnfé sem aðrir aðilar, ekki bara ríkið eins og við erum að tala um hér í tilteknum sparisjóðum heldur að nýtt stofnfé sem kemur inn í sjóðinn (**Gripið fram í:** EKG: Hvaðan kemur það helst?) njóti sömu stöðu og aðrir stofnfjárhlutir í viðkomandi sjóði eins og segir í neyðarlögunum.

Ég er að spyrja hv. þm. Birgi Ármannsson um lögskýringu á þessu atriði neyðarlaganna með því að hv. þingmaður var formaður hv. allsherjarnefndar þegar þau lög voru sett.

[15:55]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Allsherjarnefnd er mikil nefnd og hefur mörg verkefni en ég get þó upplýst hv. þingmann um það að allsherjarnefnd bar ekki ábyrgð á afgreiðslu neyðarlaganna en allsherjarnefnd er auðvitað merk nefnd og kemur að mörgum málum.

Ég ætla ekki í stuttu andsvari að fara í einhverja lögskýringu í þessu sambandi. Ég bendi hins vegar á að útfærslan á þessum ákvæðum neyðarlaganna er auðvitað það viðfangsefni sem við erum að fást við, við erum að fást við að útfæra þá stefnu sem þar var sett. Ég varpa því fram hér — og hv. þingmaður getur þá komið nánar inn á það í síðari ræðu sinni — að það sé í rauninni hægt að ná þeim markmiðum, alla vega sem ég sé sem mikilvæg í þessu sambandi um tengslin við stofnfjáreigendur, tengslin við grasrótina, þannig að það verði eitthvert gólf á þeirri niðurfærslu sem við höfum verið að ræða um hér, að ef farið verði út í niðurfærslu verði a.m.k. tryggt að það sé eitthvert gólf þannig að það sé ekki svo að sparisjóðirnir fari með öllu í hendur ríkisins eins og ótti okkar sjálfstæðismanna beinist að.

[15:56]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér mikilvægt mál um stöðu sparisjóðanna í landinu. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa vakið máls á því að þetta hugsanlega falli í skuggann af öðrum stærri málum. Þetta mál fjallar að mínu viti um framtíð sparisjóðakerfisins í landinu. Það fjallar um þær grunnstoðir og þær grunnforsendur sem það er byggt á í hverju sveitarfélagi fyrir sig og hverju héraði fyrir sig. Þetta fjallar fyrst og fremst um það. Ég sé engan tilgang með því að búa til einhvern ríkissparisjóð. Ég held að við getum alveg eins lagt niður sparisjóðina og sett þá bara útibúin inn í viðkomandi ríkisbanka hvort heldur það er Landsbanki, Búnaðarbanki eða Íslandsbanki. Þetta fjallar fyrst og fremst um það.

Allir sem búa á landsbyggðinni gera sér grein fyrir mikilvægi sparisjóðanna í hverju byggðarlagi og héraði, hversu mikilvægu hlutverki þeir gegna þar. Þeir gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki samfélagslega og byggðarlega fyrir landsbyggðina. Það finnast mýmörg dæmi um það í gegnum áratugina þar sem einstaklingar hafa verið að hefja atvinnurekstur en hafa ekki fengið áheyrn eða haft tiltrú hjá fyrrverandi ríkisbönkum og síðan eftir að þeir voru einkavæddir, hafa ekki fengið hljómgrunn og fyrirgreiðslu fyrir áform sín. Þannig hefur það verið í gegnum áratugina. Ég ítreka það. Það sjá allir. Upp úr þessum hugmyndum hafa oft risið mörg stór og öflug fyrirtæki sem hafa borið uppi byggðarlögin áratugum saman. En þeir hafa hins vegar ekki fengið áheyrn hjá hinum bönkunum því að þetta hefur verið of lítilmannlegt fyrir þá. Mér finnst þetta mál fjalla fyrst og fremst um það. Viljum við viðhalda þeirri hugsjón sem sparisjóðakerfið hefur byggst á í gegnum áratugina?

Það sem mér finnst við þetta er að við hefðum átt, eins og við höfum lagt til og okkar fólk í hv. viðskiptanefnd, þ.e. að menn hefðu átt að fara inn í björgunarþáttinn og síðan að bíða örlítið með nánari útfærslu því að við vitum ekki hvernig þetta mál muni þróast og við þurfum að gefa okkur meiri tíma. Þetta frumvarp mun hugsanlega — ég ætla ekki að fullyrða það — hafa mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Heilu byggðarlögin eru, heilu héruðin eru í sárum og eiga mikið undir þessu máli og ekki síst í mínu kjördæmi þar sem heilu héruðin eiga mikið undir.

Ég tek heilshugar undir með þeim þingmönnum sem hafa bent á að mjög æskilegt væri að gera sér grein fyrir því á hinu háa Alþingi, frú forseti, hvaða áhrif þetta mundi geta hugsanlega haft á uppbyggingu á heilu landsvæðunum og afdrif þeirra vegna þess að mjög mikið er undir fyrir fleiri tugi og hundruð fjölskyldna sem þar búa og þar fram eftir götunum. Ég tel því æskilegra að við hefðum tekið fyrri hlutann en beðið með seinni hlutann. Ég ætla hins vegar engum hv. þingmanni það að hafa einhverja aðra hvata að baki en að vilja gera vel. Ég ætla engum það. Hins vegar hef ég upplifað á þeim stutta tíma sem ég hef setið hér á þingi að það hefði oft mátt gefa sér betri tíma. Ég verð að segja það alveg eins og er. Við erum að taka hér mjög stórar ákvarðanir eins og ég sagði sem falla hugsanlega í skuggann af því sem allt snýst um í dag, þ.e. Icesave og Evrópusambandið.

Af því ég nefni nú Icesave í þessu samhengi finnst mér varðandi þetta mál, það sem menn eru að tala um þarna, mjög sérkennilegt að menn vilji ekki skoða það nánar. Þar er fólk tilbúið til að taka á sig hugsanlega 700 milljarða skuldbindingar á þjóðina án þess að það liggi fyrir því lagaleg skylda eða fullvissa um það. Það liggur alveg fyrir að fólk er tilbúið til að taka það hér, margt hvert. Ég velti því fyrir mér í samhengi við þetta hvort ekki væri rétt að draga andann og reyna að gera sér grein fyrir því betur hvaða afleiðingar þetta muni hafa. Mér er fullkunnugt um það eftir að hafa átt fund með sveitarstjórnarmönnum og heilu bæjarstjórnunum að þetta mun hafa gríðarleg áhrif í mörgum héruðum landsins og gæti hugsanlega raskað þar búsetu og öðru, svo að því sé hér haldið til haga.

Það sem menn hafa fyrst og fremst verið að pexa hér um er hvort hægt sé að fara með stofnféð niður í einn og hugsanlega stoppa þar. Um það kannski snýst þessi 7. grein, hvort menn geti farið með stofnféð niður í einn eins og var alltaf hugmyndin á bak við stofnféð á sínum tíma þegar það var gert fyrir allt að 100 árum. Þá var þetta hugsunin. Mjög margir einstaklingar líta á stofnfé og hafa litið á það þannig og gert það með þeim hætti að þeir hafa tekið úr innlánsbókunum og lagt það inn sem stofnfé því að hugmyndafræðin hjá einstaklingunum sem búa úti á landsbyggðinni í þessum héruðum — sveitarfélög, við vitum um mörg sveitarfélög eiga mikið stofnfé. Hver er hugmyndafræðin hjá þessu fólki? Hún er sú að verja byggðina sína, verja héraðið, taka þátt í að byggja upp atvinnulífið á sínu heimasvæði. Með því að gera þetta eru menn ekki að verja þá sem voru í þessari græðgisvæðingu að kaupa þetta á uppsprengdu verði. Það eru þeir sem eru þá kúttaðir af. Ég segi fyrir mína parta að við þurfum að hugsa þetta mjög vandlega.

Mig langar líka að segja frá því, frú forseti, að mér hafa borist mjög áhugaverðar hugmyndir frá manni sem heitir Jón Óskar Pétursson og er stofnfjáreigandi í sparisjóðnum í Keflavík. Ég ætla að fá að lesa þær hér, með leyfi forseti, því að þetta er að sumu leyti sambærilegt við það sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson viðraði hér í umræðunni í dag. Þar kemur fram hugmynd um deildaskiptan stofnsjóð, um að gerður verði mikill greinarmunur á stofnfjárframlagi ríkisins og núverandi stofnfé með þeim hætti að stofnuð verði sérstök deild um nýtt stofnfé. Um þessa deild gildi rýmri heimildir um viðskipti með stofnfé sem ætti að gera það að verkum að ríkið hefði meiri möguleika en ella að losa um sína stöðu í stofnfé, nyti arðgreiðslna til jafns við aðra og svo framvegis. Hin deildin innihéldi núverandi stofnfé. Um hana giltu aðrar reglur er snúa mundu meðal annars að takmörkunum á viðskiptum með stofnfjárhluta í til að mynda fimm ár. Stofnfé þeirrar deildar yrði áfram í núverandi nafnverði. Þeirri deild mætti svo skipta í fleiri deildir þar sem aðgreindir væru stofnfjáreigendur úr hópi sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga. Með því móti væri hægt að einangra og fást við skuldavanda stofnfjáreigenda markvisst á þann hátt að arðgreiðslur til skuldugra stofnfjáreigenda færu í að greiða lánin niður en arðgreiðslur til opinberra aðila og þeirra sem ekki væru skuldugir færu í að byggja sjóðinn upp. Þannig færu saman hagsmunir stofnfjáreigenda og sjóðsins á þann hátt að fleiri gætu staðið í skilum við lán til stofnfjárkaupa sem leiða mundi til hraðari uppbyggingar sjóðanna.

Víkjandi lán er ein hugmynd sem hann setur hér fram, þ.e. að ríkissjóður, væntanlega í gegnum Seðlabankann, veiti sparisjóðunum víkjandi lán sem nemur sömu upphæð og umsókn þeirra um stofnfjárframlag í stað þess að leggja þeim til nýtt stofnfé. Víkjandi lán hefur jákvæð áhrif á CAD-hlutfall sparisjóðanna og gerir því í raun sama gagn og stofnfjáraukning. Víkjandi lán stendur framar stofnfé komi til gjaldþrots sparisjóðs og því má segja að áhætta ríkisins væri minni en að leggja þeim til aukið stofnfé. Lánið gæti til dæmis verið til fimm ára og þá mætti endurmeta stöðuna í ljósi árangurs af endurreisn sjóðsins. Ríkið gæti sett ströng skilyrði um stjórnun og rekstur sjóðsins meðal annars með því að gera kröfu um meiri hluta í stjórn sjóðsins á meðan á lánstíma stæði. Stofnfé yrði ekki fært niður og hagur stofnfjáreigenda af því að byggja upp sjóðinn færi algjörlega saman við hagsmuni ríkisins af því að fá lánið endurgreitt vegna möguleika á gjaldfellingu lánsins og þar með umbreytingu í stofnfé. Vegna umræðu um lánveitingar af þessu tagi verður ekki undan vikist að nefna það fordæmi sem ríkið hefur í raun gefið með lánveitingu til tveggja smærri fjármálafyrirtækja nú nýlega á afar hagstæðum kjörum.

Það sem vakir fyrir öllum þeim sem hafa áhyggjur af afdrifum sparisjóðanna er þessi tenging heim í hérað. Það er gríðarlega mikilvægt að menn átti sig á því hvaða afleiðingar þetta muni hafa. Ég verð að segja það, frú forseti, að í ljósi þess hvernig okkur hefur gengið að byggja upp ríkisbankana þá hugsa ég til þess með hryllingi að við stofnum hér ríkissparisjóð Íslands því að við erum í raun ekki að gera neitt annað. Ég hræðist mjög líka uppbyggingu úti á landsbyggðinni í framtíðinni. Eins og ég hef sagt hér áður hafa sparisjóðirnir verið þeir aðilar sem hafa hjálpað þar við að byggja upp atvinnulífið og staðið með atvinnulífinu þegar aðrir hafa ekki viljað gera það, og ekki síst með einstaklingum sem vilja fara út í atvinnurekstur og byggja hér upp atvinnu og störf fyrir fólkið í landinu.

Frú forseti. Ég tel mjög mikilvægt að menn hlúi einmitt að því við þessar aðstæður sem við erum í núna að hér geti kraftmiklir og öflugir einstaklingar tekið þátt í að byggja upp atvinnulífið.

Ég get hins vegar ekki lokið máli mínu öðruvísi en að nefna það hér að hv. formaður viðskiptanefndar, Álfheiður Ingadóttir, hefur staðið hér ein í stafni og tekið þátt í umræðunni og eins hefur hv. varaformaður Magnús Orri Schram hlustað hér á með athygli. Það ber að þakka. Ég hins vegar sakna þeirra manna sem hafa oft haft mörg stór orð hér í þessum stól. Loksins þegar þeir geta bjargað sparisjóðunum þá hlaupa þeir til fjalla.

[16:09]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans og taka sérstaklega undir síðasta hluta ræðunnar þar sem hann fjallaði um mikilvægi sparisjóðanna og það hvernig þeir hafa í gegnum tíðina og upp undir 100 ár — ég segi nú kannski ekki að þeir hafi þá gegnt akkúrat sama hlutverki — en þeir hafa í gegnum tíðina einmitt verið að fjármagna framkvæmdir og einstaklinga og félög heima í héraði sem stóru bankarnir hafa ekki haft minnsta áhuga á. Það er mjög mikilvægt hlutverk og að því ber að hlúa. Það þarf að tryggja að þeir verði áfram til staðar þess vegna.

Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann, af því að hann sagði í ræðu sinni, fyrri partinum, að hann teldi nóg að snúa sér að því í þessu frumvarpi sem snýr að björgunarþættinum. Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann: Hvað er það nákvæmlega í þessu frumvarpi sem hann telur að sé að sinna björgunarþættinum?

Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hv. þingmann hvernig hann túlki 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki. — Það fer nú fram konferens hér í salnum. — Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann líka að því hvernig hann túlki 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki þar sem segir að stofnfjáreigendur beri ekki ábyrgð á öðrum skuldbindingum sparisjóðsins en stofnfé sínu. Þýðir þetta lagaákvæði í huga hv. þingmanns að stofnfjáreigendur beri ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsins með stofnfé sínu eða ekki?

[16:11]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni þetta. Þetta er nú svo sem kannski meðsvar en ekki andsvar þar sem við erum sammála um mikilvægi sparisjóðanna í uppbyggingu í hverju byggðarlagi fyrir sig.

Ég þekki ekki nákvæmlega það lagaákvæði sem hún er að vitna til í sambandi við þetta. En þetta fjallar fyrst og fremst um það að við þurfum að koma sparisjóðunum í var, þ.e. ef við ætlum að hafa þetta sparisjóðakerfi eins og það er í dag þá verðum við að koma þeim í var. Um það erum við sammála. Við erum hins vegar kannski ekki alveg sam-

mála um aðferðina. Ég sagði hér í ræðu minni að ég ætlaði engum hér að hugsa neitt annað.

Þegar menn vilja ekki stoppa með það í þessu frumvarpi að fara með stofnféð niður fyrir hugsanlega einn og hafa þetta opið þá held ég að við séum að steypa sparisjóðunum fram af. Það er bara mín skoðun. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að gefa þennan vonarneista eins og í þessari tillögu sem ég las upp hér frá ágætum manni sem kom með tillögu til nefndarinnar. Síðan hafa komið fram mismunandi skoðanir líka í nefndinni þar sem Fjármálaeftirlitið hefur talað um að það ætti að klára þennan björgunarþátt og hugsa síðan hitt til lengri tíma séð. Um það fjallar þetta fyrst og fremst.

Frumvarpið eins og það kemur mér fyrir sjónir, þ.e. það sem mun gerast er að það verður einn ríkissparisjóður. Það held ég að muni gerast. Þá munum við, eins og ég sagði hér áðan, geta bara sett sparisjóðina, hvert útibú fyrir sig — ef það er stefna ríkisvaldsins að gera það — þá finnst mér bara eðlilegt að menn taki bara sparisjóðina og setji þá hvert útibú inn í hvern ríkisbanka, því nóg eigum við víst af þeim, á hverjum stað sem þeim þykir það henta, hvort heldur sem menn setja þá alla í Landsbankann eða Kaupþing eða hvernig sem það er. Mér finnst þetta fyrst og fremst snúast um þetta uppbyggingarkerfi og þetta net sem sparisjóðirnir hafa verið í gegnum áratugina eins og við hv. þingmaður og formaður viðskiptanefndar, Álfheiður Ingadóttir, erum sammála um.

[16:13]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hlýt að ítreka spurningu mína til hv. þingmanns: Hvað er það í þessu frumvarpi sem hann telur sýna björgunarþáttinn? Hvað er það sem hægt er að taka á í þessu frumvarpi sem varðar björgunarþáttinn, ef ekki alla þá þætti sem þarna eru taldir? Hvað grein er það? Hvaða atriði er það?

Það atriði sem hefur verið mest um deilt í þessu frumvarpi er einmitt 7. gr., og nú er 9. gr., sem fjallar um heimild til niðurfærslu stofnfjár. Það er sú grein sem hv. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í öðru orðinu tala um sem leið til björgunar en í hinu orðinu telja alveg ónauðsynlega og stórhættulega. Ég kalla því eftir því hjá hv. þingmanni hvað hægt sé að gera og lýtur bara að björgunarþættinum í þessu frumvarpi en að sleppa einhverju öðru.

Ég hlýt að nefna það fyrst ég er komin í þennan stól að hér er verið í rauninni að feta braut sem var lagt var út á síðastliðið haust með neyðarlögunum. Þann 6. október síðastliðinn lagði þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar með stuðningi allra þingmanna út á þá braut að ríkissjóði væri heimilað að leggja fé inn í sparisjóðina til þess að bjarga þeim, til þess að aðstoða þá eftir hrunið. Hvers vegna skyldi það ekki hafa verið gert enn þá? Það er vegna þess að talið hefur verið skorta á lagaheimildir til þess að uppfylla ákvæði 2. gr. neyðarlaganna. Það er það sem við erum að gera hér. Við erum að (**EKG:** Þetta er rangt.) virkja 2. gr. (**EKG:** Þetta er rangt.) neyðarlaganna til þess (Gripið fram í.) að það sé hægt (**EKG:** Þetta er rangt.) fyrir ríkissjóð að koma með fjármagn inn.

Fyrst hv. þingmenn kalla svona fram í að það sé ekki hægt þá spyr ég: Hvað kom í veg fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn gerði það fram til 1. febrúar síðastliðinn ef það var hægt?

[16:15]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætlaði nú ekki að eiga orðastað við hv. þm. Álfheiði Ingadóttur sem hefur verið frekar spök í dag en eitthvað koma þessi frammíköll við hana enda var hún svo sem ekki vön að stunda þau þegar hún var ekki í ríkisstjórninni, en hvað um það.

Í umræðunni um 7. gr., um niðurfærslu stofnfjár, var bent á að ástandið er ekki mjög gott, það vitum við öll sem erum hér inni. Ef menn líta á stöðuna eins og hún er í dag og gefa ekkert svigrúm gagnvart stofnfénu — nú eru menn að meta inn í sparisjóðina, það kom t.d. fram í máli hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar, og gera það með mjög breytilegum hætti. Þá veltir maður fyrir sér hvert það leiðir: Fara menn of neðarlega? Ég veit það ekki, ég ætla ekki að fullyrða að svo sé, en mér finnst það bara svo mikils virði ef hægt er að varðveita þann grunn sem sparisjóðakerfið er byggt á, um það snýst málið fyrst og fremst fyrir mér.

Ég hef engan áhuga á því að verja einhver eignarhaldsfélög sem í græðgi sinni fóru í þetta allt saman og það er mjög dapurlegt hvernig það gerðist. Það er það viðfangsefni sem við erum með í fanginu alla daga: Nokkrir tugir einstaklinga rændu landið nánast. Það er viðfangsefnið, við erum alveg sammála um það, ég og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir.

Þetta er það mikið mál og það eru svo miklir hagsmunir í húfi fyrir heilu héruðin og heilu byggðirnar að við þurfum að draga andann og komast aðeins út úr pólitísku argaþrasi. Þetta snýr fyrst og fremst að því að verja grunnstoðir og hugmyndafræðiuppbyggingu sparisjóðakerfisins.

[16:17]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef setið spakur í þingsal í dag og fylgst með þessari umræðu sem fer fram við 3. umr. þessa máls.

Ég flutti hér fyrir viku eða tíu dögum síðan 20 mínútna ræðu þar sem ég fór yfir þetta algjörlega frá a til ö. Það hefur í sjálfu sér ekkert nýtt komið fram við þessa umræðu í dag sem fær mig til þess að flytja þá ræðu aftur eða endurtaka það sem ég sagði þá vegna þess að þar fór ég yfir þetta allt saman. Þar á meðal tengslin við neyðarlögin, um að allar breytingarnar sem við leggjum til séu nauðsynlegar, að við ætlum okkur út úr sparisjóðakerfinu, við ætlum okkur ekki að ríkisvæða það til lengri tíma. Við erum að gera það sama við sparisjóðakerfið eins og við bankakerfið, við erum að endurreisa það til þess að geta komið okkur út úr því og þá í gegnum Bankasýsluna.

Við fórum í gegnum þessi álitaefni sem snerta áðurnefnt gólf og lýtur t.d. að þeim hugmyndum sem hv. þingmaður fór í gegnum áðan hvað varðar deildaskiptingu og víkjandi lán, sem ég ætla kannski að fá að koma að í öðru andsvari hér á eftir. En það er alveg sama hvernig við lítum á þessa gólfhugmynd, útfærslan á niðurskrift stofnfjár í frumvarpinu er til að laga stofnfjáraukninguna að almennum jafn-

ræðisreglum og við getum ekki horft fram hjá þeim því að annars væri framlag okkar í andstöðu við stjórnarskrána. Við getum ekki, því miður, eins mikið og við þó vildum, gætt að stofnfjáreigendum úti um allt land, að byggðarlögunum, að þeim hagsmunum sem eru í húfi við framtíð sparisjóðakerfisins, við getum ekki horft fram hjá þessu. Það er forsenda þess, vilji einhver leggja sparisjóðunum til fjármuni, hvort sem það er ríkið eða aðrir stofnfjáreigendur, að búið sé að rétta af það samspil sem er á milli eiginfjár og stofnfjár, þ.e. að varasjóðirnir séu ekki neikvæðir. Ef við gerum það ekki kaupa nýir aðilar, hvort sem það eru ríkið eða aðrir stofnfjáreigendur — sveitarfélögin sjálf, nýja hluti á miklu yfirverði og fá þess vegna ekki hlutdeild í samræmi við framlag sitt.

Ég ætla í seinna andsvari að víkja að deildaskiptingu og víkjandi láni.

[16:19]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir með hv. þm. Magnúsi Orra Schram, það er mjög mikilvægt að við komumst út úr þessu sem fyrst ef við förum þarna inn. En þá velti ég fyrir mér: Hvar eru hugmyndirnar um hvernig fara á út? Ég hef ekki séð þær, það getur vel verið að þær hafi farið fram hjá mér. Ég hef ekki séð neina útfærslu á því hvernig við förum út úr sparisjóðunum aftur, að menn séu búnir að teikna upp ferilinn. Það er það viðfangsefni sem við erum með í höndunum öllsömul, þ.e. hvernig við ætlum að fara út úr þeim aftur.

Við erum með alla bankana í fanginu og ég velti fyrir mér: Er bara ekki komið nóg? Koma ekki mörg fyrirtæki á hverjum degi? Hvernig á þetta allt saman að enda? Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt, og ég tek alveg heils hugar undir það með hv. þingmanni, að við komumst út úr þessu. Ég hef bara því miður ekki séð neitt plan um hvernig við eigum að gera það. Ég held að breytingartillagan sé hugsanlega liður í því að það sé hægt vegna þess að allt er hrunið. Þá verða menn að skoða málin út frá því að allt er mjög lítils virði í dag. Ef menn ætluðu sér að endurskoða þetta eftir ákveðinn tíma væri það mun skynsamlegra vegna þess að mér finnst uppbyggingin og hugsunin á bak við sparisjóðakerfið svo mikilvæg. Það er hins vegar staðreynd að það voru nokkrir tugir einstaklinga sem rústuðu það kerfi og mér finnst að við þurfum að skoða það mjög alvarlega hvort við ætlum að láta þá komast upp með það eða hvort við viljum aðeins draga andann.

[16:22]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hvernig ætlum við út? var lykilspurningin. Af því að við erum að ræða um hvort frumvarpið sé í heild nauðsynlegt, erum við t.d. að breyta lögunum þannig að hægt sé að kaupa stofnfé á raunvirði. En í dag er það fast sem þýðir að það er eftirmarkaðurinn sem græðir á viðskiptum með stofnfjárhluti. Ég vísa í það til þess að sýna fram á að frumvarpið í heild er liður í því hvernig við ætlum að koma sparisjóðunum til björgunar núna og hvernig við getum horft til þess að ríkið geti með tíð og tíma, þegar menn telja það rétt, farið út úr þessum rekstri aftur.

Deildaskiptingarhugmynd sem vísað var í í ræðu hv. þingmanns er því miður þess eðlis að hún mætir ekki þeim sjónarmiðum sem ríkið þarf að hafa við innkomu sína að sparisjóðunum, að færa eigið fé niður eins og það þarf að vera til þess að við gætum þess jafnræðis sem þarf að vera í aðkomu okkar. Hún deildaskiptir stofnfjáreigendum og er þess vegna ósanngjörn út frá þeim sjónarmiðum sem ég rakti í fyrra andsvari.

Heyrst hefur á vettvangi nefndarinnar að víkjandi lán til sparisjóðanna sé ein af þeim hugmyndum sem verða uppi á borðinu í björgunaraðgerðum hvers sparisjóðs. Þar horfa menn sérstaklega til þeirra skulda hjá sparisjóðunum sem stofnast hefur til vegna þátttöku þeirra í Icebank. Báðar þessar hugmyndir fengu umræðu í nefndinni. Í Bankasýslunni og því umbreytingarferli sem fram undan er í sparisjóðakerfinu höfum við sérstaklega í huga hluti eins og þá sem hv. þm. Guðlaugur Þór hefur minnst á, að hagnaður af eðlilegri starfsemi sé ekki nógu góður, og þess vegna þurfum við að horfa til sameiningar. Þess vegna er aðkoma ríkisins nauðsynleg, alveg eins og varðandi Bankasýsluna almennt, við stefnum að hagræðingu í fjármálastarfsemi okkar því að veruleikinn er allur annar eftir það skelfilega hrun sem átti sér stað síðasta haust.

[16:24]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fram kemur hjá hv. þingmanni að menn ætla að setja þetta inn í Bankasýsluna og að það muni kannski allt enda þar. Hann segir að menn selji út stofnféð upp á nýtt. Þá velti ég fyrir mér í ljósi þeirra aðstæðna sem við erum í í dag: Hverjir eru líklegir til þess að geta keypt það? Það er það sem mér finnst að við þurfum að skoða ofan í kjölinn og þess vegna hef ég sagt að við ættum að draga andann og gefa okkur ákveðinn tíma. Eins og fram kemur í greinargerð hjá þessum ágæta manni munu menn meta stöðuna eftir einhvern ákveðinn tíma þegar þeir eru komnir út úr mesta brjálæðinu.

Þess vegna kalla ég eftir því að við skoðum þetta mjög vel vegna þess að ég sé ekki fyrir mér hvernig hitt á að ganga, að vera bara með einn ríkisbanka Íslands. Ég veit alveg hvernig það virkar frá því þegar ég var að byrja í atvinnurekstri og það var ekki gott.

Það er mikilvægt að við munum það því að innan mjög fárra vikna munum við þingmenn á hinu háa Alþingi fá heilu sveitarfélögin, heilu héruðin, inn á borð með vandamál einmitt út af þessum málum. Sum eru reyndar þegar komin inn því að þegar hefur orðið kerfishrun í mörgum byggðum. Það sem ég hræðist mjög mikið er hvort við séum að fórna stærri hagsmunum fyrir minni.

Hins vegar ítreka ég að ég tel að unnið sé að þessum málum með heiðarlegum hætti en það sem skilur okkur fyrst og fremst að hér er pólitísk skoðun okkar, hvernig við eigum að gera það, hvort við eigum að setja þetta allt til ríkisins eða reyna að halda því þar fyrir utan. Þetta snýst fyrst og fremst um það, þetta er pólitískt mál.

[16:26]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst með umræðunni í dag

um þetta frumvarp um sparisjóðina. Ég hygg að það hafi verið svo þegar ósköpin dundu yfir í haust að margir hafi vonast til þess að sparisjóðirnir mundu með einhverjum hætti komast í gegnum þann vanda án þess að til þess að þyrfti að koma að grípa þyrfti til sérstakra aðgerða. En því miður er það ein birtingarmynd þessa alls að sparisjóðakerfið var einnig orðið mjög samsamað bankakerfinu í landinu. Þetta á sérstaklega við um stóru sparisjóðina, Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis að sjálfsögðu, Sparisjóð Keflavíkur, sparisjóðinn í Borgarfirði og fleiri þar sem menn höfðu vegna þess hvernig kerfið er uppbyggt tekið töluverða sameiginlega áhættu í þeim sameiginlegu fyrirtækjum sem að þessum sparisjóðum stóðu. Þar getum við auðvitað nefnt sambandið milli SPRON og Kaupþings sem dæmi og síðan greiðslumiðlunina í Sparisjóðabankanum. Það kom því fljótt í ljós að væntanlega yrðu sparisjóðirnir fyrir töluverðu áfalli ásamt þeim öðrum bankastofnunum sem við því miður höfum þurft að færa til ríkisins.

Það er svo sérkennilegt við sparisjóðina hér á landi að þeir eru svo ólíkir, virðulegi forseti. Ef við horfum á Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis þá er hann fyrir okkur Reykvíkingum eins og hver annar banki en þegar komið er út á land, þar sem ég þekki líka töluvert til, er staða sparisjóðanna með allt öðrum hætti en einhvers banka í Reykjavík. Það sem gerðist þegar bankarnir voru einkavæddir — það hefur oft verið rætt í þessum sal að undanförnu að þar hafi hlutirnir kannski ekki alltaf gengið fram með þeim hætti sem best hefur verið á kosið, sú umræða verður tekin síðar og um það kann hverjum að sýnast sitt — en hitt er ljóst að eitt af því sem gerðist þegar bankarnir fóru í einkarekstur var að breyting varð á útibúaneti ríkisbankanna. Þeir höfðu nefnilega, gömlu ríkisbankarnir, haft mjög mismunandi sjónarmið til þess hvernig þeir þjónustuðu landsbyggðina.

Landsbanki Íslands, sá gamli, var mikil meginstoð í sjávarútvegsfyrirtækjum í landinu og með þétt útibúanet úti um allt land. Ég þekki það á Austurlandi þar sem hann er mjög víða með útibú. Svo var ekki með t.d. Íslandsbanka sem reis upp af samtökum atvinnurekenda sem höfðu allt önnur sjónarmið uppi. Íslandsbanki hafði t.d. ekki mikil ítök úti á landi. Búnaðarbankinn hafði það kannski frekar vegna sambandsins við bændur í landinu. En það voru nefnilega aðrir aðilar sem höfðu líka mjög mikið erindi úti á landi og það eru þeir aðilar sem ég hygg að þeir þingmenn sem hafa talað hér í dag hafa hvað mestar áhyggjur af. Það eru litlu sparisjóðirnir sem eru svo allt öðruvísi en venjulegur banki, hafa allt aðrar skoðanir á því hvernig eigi að haga sér í samfélaginu, líta á hlutverk sitt með allt öðrum hætti en venjuleg bankastofnun.

Sparisjóður Svarfdælinga norður á Dalvík t.d. tók mjög merkilega ákvörðun árið 2007, nokkuð sem kom mörgum á óvart að lítill sparisjóður gæti gert og kannski var það afsprengi þess hve vel hafði gengið í fjármálalífi Íslendinga á þeim tíma. Ég hygg að mörgum þyki ágætt núna að Sparisjóður Svarfdælinga hafi tekið þá ákvörðun sem hann tók meðan hann hafði enn þá fé, en það var sú ákvörðun að styrkja Dalvík í því að byggja menningarhús, nokkuð sem Dalvíkingar höfðu haft áhuga á um langa hríð en höfðu ekki möguleika til að sækja fé til þess í opinbera sjóði. Sparisjóður Svarfdælinga leit hins vegar allt öðruvísi á hlutverk sitt í þessu litla bæjarfélagi og ákvað að gefa bænum menningarhús. Þarna var kannski sú birtingarmynd tærust þegar vel gengur og menn vilja láta bæjarfélagið njóta þess, hvernig hlutunum er fyrir komið.

Þetta er ekki eina dæmið um það að menn vilji láta gott af sér leiða í víðum skilningi. Þeir sem eru Akurnesingar og hafa búið þar þekkja það þegar stöndugt útgerðarfélag á Akranesi, Haraldur Böðvarsson, ákvað að gefa Akurnesingum bíó vegna þess að að það vildi láta bæinn njóta þess hve vel hefði gengið og líka að láta íbúa og þá sem stóluðu að þetta fyrirtæki njóta uppgangsins sem þessu fyrirtæki hafði sem betur fer hlotnast. Þetta er ein birtingarmynd þess hversu miklu skiptir að vera með fyrirtæki í byggðum landsins.

Sparisjóðirnir hafa nefnilega haft gríðarlega mikla þýðingu gagnvart smáum atvinnurekstri úti um allt land og jafnvel á eyjum utan lands á Íslandi. Þegar erfiðara er að leita til Reykjavíkur um fyrirgreiðslu við lítinn smáiðnað, smáatvinnugreinar, sjávarútveg, skipta þessir sparisjóðir gríðarlega miklu máli. Ég held að það sé af þeim sökum, ég held að það sé akkúrat af þessum ástæðum sem sumir hafa áhyggjur af því að sum ákvæði í þessu frumvarpi verði til þess að þessi fyrirtæki, litlir sparisjóðir, fjarlægist byggðirnar þaðan sem þeir eru upprunnir.

Um daginn þegar ég var á ferð um Norðausturkjördæmið til að hitta fólk í mínu gamla og góða kjördæmi fór ég norður á Þórshöfn og hitti forsvarsmenn Sparisjóðs Þórshafnar. Þar höfðu menn verulegar áhyggjur af því hvað yrði um þann litla sparisjóð og töldu að kannski hefði það gerst sem þau óttuðust hvað mest að allt það versta við þetta bankahrun væri að birtast þeim heima á Þórshöfn. Ég held að óttinn hafi kannski ekki síst verið sá að ríkið með þeim aðgerðum sem nú eru fyrirhugaðar verði einmitt sá aðili sem þeim fannst kannski Landsbanki Íslands eða Útvegsbankinn gamli eða hver sem var suður í Reykjavík hafa verið og var ástæðan fyrir því að menn settu þennan sparisjóð á fót.

Það er ekki bara það að menn hafi áhyggjur af því stofnfé sem þeir áttu í þessum sparisjóðum og það er ekki bara það að menn viðurkenni það að sparisjóðirnir voru kannski komnir langt frá uppruna sínum þegar menn voru farnir að hantera þetta stofnfé eins og hvert annað hlutafé og gleymdu þá því til hvers þessir sparisjóðir voru stofnaðir. Þeir sem settu þá á laggirnar vildu nefnilega einvörðungu tryggja sínu byggðarlagi sem bestu skilyrði og þess vegna lögðu þeir fé inn í sparisjóðina án þess að ætlast til þess að af því kæmu neitt sérstaklega miklar rentur.

Margt hefur verið sagt um þetta sparisjóðafrumvarp og ég efast ekki um að auðvitað er tilgangur þeirra sem leggja frumvarpið fram að reyna að halda utan um þau verðmæti sem í sparisjóðunum felast, en við deilum um leiðirnar að því og hvernig eigi að gera það. Við deilum um það hvort rétt sé að ríkið fari skilyrðislaust inn í þessa sparisjóði eða hvort hægt sé að hugsa sér aðra leið. Ég hygg að menn hafi vonast til þess að tíminn gæti verið rýmri til að finna út úr því hvernig best væri að tryggja sparisjóðunum langvarandi líf og líka tryggja það að þeir haldi áfram að verða það mikla skjól sem þeir hafa verið í byggðum landsins.

Ég sit ekki í viðskiptanefnd og hef því miður ekki heyrt

öll þau sjónarmið sem upp hafa komið þar, virðulegi forseti, um sparisjóðafrumvarpið. Ég hef hins vegar hlustað á umræðuna í dag og ég hef líka hlustað á fyrri stigum þessa máls, í 2. umr. og eins í upphafi málsins, fyrir utan það að ég hef auðvitað ráðfært mig og lesið þau gögn sem ég hef haft aðgang að um þetta mál en ég hef ekki lesið hverja einustu umsögn um það. Ég byggi afstöðu mína töluvert á því hvort hægt hefði verið með einhverjum hætti að tryggja betur aðkomu heimamanna að þeim sparisjóðum sem núna eru í þessum vanda sem við þekkjum.

Það er 7. gr., sem er núna 9. gr., sem mest ókyrrð er um og kannski það hvernig ríkið ætli að fara með þennan hlut, hvernig það ætli sér að fara inn í þetta og það sem kannski mestu skiptir, hvernig það ætlar að fara út úr þessu aftur. Núna eru það sparisjóðirnir sem við höfum áhyggjur af hvernig við ætlum að fara út úr aftur en þetta á við um allt íslenska fjármálakerfið, þetta á við um alla bankana líka sem ríkið er núna orðið eigandi að, nokkuð sem við höfðum ekki hugsað okkur að yrði árið 2009 en svona er það. Við þurfum, stjórnvöld, og ríkisstjórnin þarf að fara að velta því fyrir sér hvernig hún ætlar að afsetja þær miklu eignir sem eru komnar á herðar ríkisins núna.

Ég hef margoft tekið það dæmi, sem mér finnst kannski hvað furðulegast við allt þetta, þegar ríkisritfangaverslunin Penninn er skyndilega komin til sögunnar. Hvernig ætlar ríkið að koma sér út úr þeim rekstri? Hvaða fyrirtæki eru það sem ríkið ætlar sér að eiga í langan tíma eða telur sig þurfa að eiga í langan tíma og hvaða fyrirtæki eru það sem ríkið neyðist til að hlaupa undir bagga með um stutta hríð og ætlar síðan að losa sig við fljótt aftur? Ég held að þetta mál snúist kannski um akkúrat þetta. Hér erum við að tala um mál þar sem við erum annars vegar að ræða um sparisjóði sem voru af fullum þunga í þeirri útrás og í þeim gjörningum eða því gjörningaveðri sem fjármálaóróinn var.

Við þekkjum þetta með Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis sem var svo samofinn Kaupþingi að vart var hægt að skilja á milli, eignatengslin svo flókin að það var engin leið að vita hver átti hvað. Þetta er nokkuð sem hafði margoft verið gagnrýnt í sölum Alþingis og margir höfðu haft áhyggjur af lengi. Síðan er Sparisjóður Þórshafnar sem er bara allt öðruvísi og það er svo erfitt að ætla að fara að taka þessa tvo sparisjóði eða sambærilega sparisjóði og leggja þá að jöfnu í því hvernig eigi fara með þá hluti sem að þeim snúa. Hvað ætlar ríkið að gera norður á Þórshöfn og reka sparisjóð? Og hvað ætlum við að gera gagnvart þeim aðilum sem vissulega vissu að þeir gætu hugsanlega tapað sínu stofnfé, menn vita alltaf þegar þeir ákveða að setja fé í fyrirtæki að það getur tapast aftur en væri með einhverjum hætti hægt að tryggja það að þeir aðilar sem höfðu áður verið stofnfjáreigendur og hafa gríðarlega mikil tengsl í sínu samfélagi og skilja það betur en nokkur annar, skilja líka afskaplega vel hvaða fyrirtæki það eru sem eru þess eðlis að það sé nauðsynlegt fyrir byggðarlagið og þær stofnanir sem þar eru að styrkja það, hefði verið hægt að hugsa sér að til þeirra stofnfjáreigenda væri leitað að einhverju leyti í sambandi við þá uppbyggingu sem fram undan er?

Það er alveg rétt sem fram hefur komið að sú ákvörðun var tekin strax í haust, og þá með aðkomu sjálfstæðismanna í ríkisstjórn, að ríkið færi inn í þessi fjármálafyrirtæki. Ég ætla ekkert að neita því að það var ákvörðun sem var tekin og við stóðum á bak við þá ákvörðun. (**ÁI:** Allir þingmenn.) Það gerðum við og ég stend enn á bak við þá ákvörðun og ég er ekki að fara að bakka út úr því. Ég velti því hins vegar fyrir mér þegar um er að ræða fyrirtæki sem eru svona óvenjuleg, svo ólík öðrum fyrirtækjum eins og sparisjóðirnir eru vítt um land, hvort hægt væri að hugsa sér aðra leið þar. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað sjá útfærslu á því.

Ég spyr mig að því: Er það kannski hugsun ríkisins, þótt það komi ekki fram hér, að það verði einhvern veginn með þeim hætti sem þessi leið verður útfærð? Það kemur ekkert fram um það. Það er erfitt að gera sér grein fyrir hvort svo sé. En aðalatriðið eru sparisjóðirnir í litlu bæjunum úti um allt land. Þegar þeir eru komnir mjög nálægt ríkinu sem hefur í mjög mörgu að snúast um þessar mundir, fyrir utan alla þá banka sem það rekur, fyrir utan öll fyrirtækin sem undir það eru komin, það eru svo mörg önnur verkefni sem að ríkinu standa, þá læðist að manni sá grunur að ríkið muni ekki hafa þá möguleika eða þann skilning sem þeir stofnfjáreigendur sem áður voru í þessum sparisjóðum hafa. (Gripið fram í.)

Þetta finnst mér vera meginatriðið í málinu. Menn geta síðan deilt um það fram og til baka hvort önnur ákvæði í frumvarpinu séu tímabær eða hvort fara eigi öðruvísi með einstaka þætti, það er allt saman matsatriði í sjálfu sér hversu langt eigi að ganga og hvenær menn eigi að klára þetta mál eða hitt málið. Allt þetta er eitthvað sem menn geta haft ólíkar skoðanir á. En, virðulegi forseti, það að menn geri sér grein fyrir þessu sérstaka eðli sparisjóðakerfisins held ég að sé meginatriðið í því verkefni sem við stöndum frammi fyrir núna.

Ég held að margir hafi vonast til þess að til þessa þyrfti ekki að koma, að við þyrftum ekki að fara með þessum hætti inn í sparisjóði landsins. En kannski var það barnalegt að halda að það yrði þannig, að nokkru yrði eirt þegar hrunið varð svona mikið. Það getur vel verið að það hafi verið barnaskapur að halda að hægt væri að bjarga þeim fullkomlega. Þarna er verið að gera það með ákveðnum hætti, ríkið er að hlaupa undir bagga en sú spurning stendur alltaf eftir: Á allt að gerast á forsendum ríkisins sjálfs, á alltaf að hugsa þannig að ríkið þurfi að koma beint að hlutunum eða er hægt að hugsa sér aðra leið sem er þannig að menn skilji þetta sérkennilega eðli sparisjóðanna, sérstaklega þeirra sem eru úti á landi?

Málið er núna komið til 3. umr. og ég á ekki von á öðru en að það verði samþykkt. Ég vonast til að menn hlusti samt eftir þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið færð fram, ég held að það sé ástæða fyrir stjórnarmeirihlutann að gera það og velta fyrir sér hvort hægt sé þá í framhaldinu að hafa þessi sjónarmið í huga þannig að hægt sé að leggja betri grunn að því framtíðarkerfi sem sparisjóðirnir eru. Við viljum að þeir lifi, við viljum halda áfram að reka þessi fyrirtæki, en við viljum að byggðirnar og þeir sem nota þau ráði þar mestu um.

[16:41]

Útbýting:

Kosningar til Alþingis, 148. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 251.

Kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 252.

[16:41]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Þau meginprinsipp sem við sjálfstæðismenn höfum verið að reyna að koma til skila hafa ekki komist nægilega vel til skila sýnist mér. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talaði um hvernig þurfi að styrkja 2. gr. neyðarlaganna til að hægt sé að hjálpa sparisjóðunum. Um það deilir enginn. Ég held að það sem stendur mest út af í þessari umræðu sé hvernig farið er með niðurfærslu á stofnfé. Það er niðurfærslan á stofnfénu sem gerir þetta mál óásættanlegt. Ég fór yfir það í löngu máli áðan, ég held reyndar að hv. þingmaður hafi ekki verið nálægur þá. (**ÁI:** Sat hér í hliðarsal, hv. þingmaður.) Allt í lagi, ég þakka fyrir þær upplýsingar, hv. þingmaður. Þar kom fram að þetta væru áhyggjurnar, áhyggjurnar væru ekki aðrar og við getum verið sammála um hvernig við þurfum að styrkja 2. gr. neyðarlaganna.

Það sem ég sagði í fyrri ræðu minni var að við megum ekki nota sama prinsipp með stofnfé og hlutafé út af eðli stofnananna. Ef við strokum út stofnfjárhluthafa búum við til svokallaða zombie-banka, eins og þetta er kallað í bankabransanum, og það er enginn tilgangur í því að vera að búa til svoleiðis stofnanir. Þá er miklu hreinlegra að gera upp þessa sparisjóði og þar sem vantar fjármálastarfsemi er bara hægt að breyta þeim í útibú einhvers af ríkisbönkunum. Jafnframt hafa hljómað hér hugmyndir um að hægt sé að ná fram meiri rekstrarhagkvæmni með því að sameina bankana. Það brýtur gegn því grundvallarprinsippi að sparisjóður sé fjármálastofnun sem sér um eitthvert afmarkað landsvæði þar sem upplýsingar myndast sem eru mun betri til ákvarðanatöku en í einhverju miðstýrðu batteríi eins og t.d. í stóru bönkunum. Þess vegna viljum við viðhalda sparisjóðunum.

Ég talaði um í ræðu minni að við eigum ekki að nota sama prinsipp með stofnfé og hlutafé vegna þess að það er tvennt ólíkt. Ég talaði hér um tillögu sem hv. þm. Ásbjörn Óttarsson bætti síðan við og kom með tvær aðrar tillögur eða hugmyndir þannig að það er af nógu að taka. Ég talaði um að stofnfé ætti ekki að verða lægra en einn, að það ætti að setja víkjandi lán inn í sparisjóðina og eins og við vitum samkvæmt reglum um áhættugrunn fyrirtækja virkar víkjandi lán nákvæmlega eins og reiðufé þegar verið er að reikna út CAD-hlutfall þannig að það gengur allt saman upp. Ég sagði líka að ríkið ætti þá forgang á allan arð þangað til þetta víkjandi lán yrði greitt upp og þá færu stofnfjáreigendur að fá eitthvað fyrir sinn snúð.

Mér hefur sýnst að valdhafarnir vilji frekar beina sjónum að því að sölsa bara fyrirtækin og fjármálafyrirtækin þar með undir sig. Þá er hægt að ráða hlutum betur en á einkamarkaðnum sem hefur misheppnast eins herfilega og raun ber vitni að fúnkera, að þetta sé betur komið í höndum ríkisins. Enda er það alveg í samræmi við það sem hv. þm. Kristján Þór Júlíusson nefndi að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefði sagt hér fyrir einhverju síðan að eignarrétturinn sé náttúrlega alls ekki heilagur. (**ÁI:** Í hvaða orð vitnar hv. þingmaður?) Ja, ég vitna í ræðu hans, en þetta gæti verið partur af því öllu saman. (Forseti hringir.) En ég vara við því að hér séu stofnaðir það sem við köllum zombie-banka.

[16:47]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Umræðan í dag hefur að mörgu leyti verið mjög áhugaverð og mér finnst hún sýna það líka að þetta mál, eins og við höfum haldið fram, er hvergi nærri útrætt. Mér fannst mjög athyglisvert að hlusta á það sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson sagði um muninn á stofnfé og hlutafé og tek undir það.

Mig langaði aðeins, vegna orða hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur í andsvari áðan, að leiðrétta þingmanninn í upphafi þessarar stuttu ræðu minnar. Þar sagði hún að við sjálfstæðismenn værum misvísandi í málflutningi okkar, við töluðum ýmist um 7. gr. sem leið til björgunar eða að hún væri stórhættuleg. Ég vil mótmæla því að við tölum um 7. gr. sem leið til björgunar. Ég hef sagt að það væri eina greinin sem þyrfti að breyta vegna þess að núverandi stjórnvöld telja ekki ásættanlegt að koma með eigið fé án þess að fara með niðurfærsluna í gegn. Þar er stór munur á. Ég tel ekki endilega að 7. gr. sé einhver björgunaraðgerð. Það sem ég segi og sagði í fyrri ræðu minni, til að það sé algjörlega skýrt, var: Það sem fram kom í vinnu nefndarinnar frá fulltrúa fjármálaráðuneytisins var að þessi grein dygði til að björgunarhlutanum væri fullnægt en það þyrfti ekki að fara í aðrar breytingar. Síðan höfum við sjálfstæðismenn lagt áherslu á að við tökum okkur lengri tíma. Við tökum þar með undir umsögn Fjármálaeftirlitsins m.a., það þarf að koma skýrt fram og leiðréttist hér með.

Vegna orða hv. þm. Magnúsar Orra Schrams í andsvari segi ég að ég mundi gjarnan vilja hlusta á 20 mínútna ræðu þína aftur vegna þess að ég er ekki sannfærð frekar en þú ert eftir þessa ræðu hér. Komdu endilega með hana aftur og reyndu að sannfæra mig vegna þess að ég vil svo trúa því að þín leið sé rétta leiðin, ég bara trúi því ekki.

Ég varð enn þá áhyggjufyllri þegar þingmaðurinn fór í andsvar vegna þess að þetta átti jú allt að gerast í gegnum Bankasýsluna að hans mati. Hann var spurður um hvernig ríkið ætlaði að fara út úr sparisjóðakerfinu. Jú, það verður allt ákveðið í Bankasýslunni, svaraði hann. Það finnst mér dálítið hættulegt vegna þess að við munum kannski ræða Bankasýsluna seinna í dag og þar höfum við nú ekki alveg verið sammála. Við höfum talið að við þyrftum að vita aðeins meira um málið áður en það væri tekið úr nefnd, þar á meðal um eigendastefnu ríkisins sem er víst að vænta úr ríkisstjórn einhvern tíma á næstu dögum. Ég áttaði mig bara á því þegar sem við sátum hérna og ég var að hlusta á hv. þingmann að varað var við því í nefndinni í bankasýsluumræðunni að tala um eina eigendastefnu fyrir alla bankana.

Ég verð að viðurkenna að þá var ég bara að hugsa um þessa þrjá. En nú erum við líka að hugsa um það að ríkiseigendastefnan, sem við höfum reyndar ekki séð og ég get ekki svo sem fullyrt mikið um hana fyrr en ég sé hana, á líka að ná yfir allt sparisjóðakerfið. Þá spyr ég eins og gestur sem kom fyrir viðskiptanefndina spurði: Hvað gerist ef

þessi eigendastefna er röng? Hvað gerum við ef við erum búin að byggja hér upp nýtt bankakerfi á grunni þess bankakerfis sem hrunið er og reisum annað til framtíðar og byggjum það á einni eigendastefnu? Hvað gerist ef hún reynist svo röng eftir allt saman? Þá erum við að horfa til framtíðar og höfum eina ríkiseigendastefnu hvort sem það varðar banka eða sparisjóði og mér finnst það skelfileg framtíðarsýn. Að ekki skuli vera útgönguleið, framtíðarsýn og heildarhugsun í þessu máli finnst mér stórhættulegt vegna þess að við verðum að vita hvert við stefnum þegar haldið er í leiðangurinn.

Þetta vildi ég segja í þessari stuttu ræðu og útiloka ekki að ég þurfi að kveðja mér hljóðs aftur ef mér sýnist svo.

[16:52]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit ekki hvort ég væri ekki bara að þreyta þingsalinn með því að flytja alla ræðuna upp á nýtt (**REÁ:** Nei.) þannig að ég vísa bara í gömul gögn, hv. þingmaður.

Ég ætla að svara því sem hv. þingmaður vék að hvað varðar eigendastefnuna. Ég hef ekki séð eigendastefnuna frekar en hv. þingmaður en ég mundi vilja að með henni markaði ríkið einhvers konar almenn viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja sem það hefur með að gera, hvort sem það er eini eigandinn eða hlutaeigandi. Hvert og eitt fjármálafyrirtæki hafi svo möguleika á að marka sína eigin stefnu innan hennar og þannig ríki eðlileg samkeppni á markaði. Það er forsenda þess að eigendastefnan geti virkað og að við náum að byggja upp fjármálamarkað okkar. Þá á ég við fyrir hvern banka fyrir sig, hversu margir sem þeir verða, og um leið hvað sparisjóðakerfið snertir.

[16:53]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Úr því sem komið er mundi ég vilja sjá þetta svona en ég get bara ekki treyst því að þannig sé þetta og þannig verði þetta. Ég hef miklar áhyggjur af samkeppnissjónarmiðunum sem þingmaðurinn nefndi hér og ég hef miklar áhyggjur af því að við séum að steypa alla í sama mótið. Ég segi aftur það sem ég sagði áðan: Hvað ef það mót er bara gallað?

Af því að þingmaðurinn talaði um að hann væri að þreyta þingheim — ég hef eflaust þreytt hv. þingmann oftar en einu sinni í vinnu nefndarinnar og ég sé að formaður nefndarinnar glottir við, ég leyfi mér að fullyrða að ég hef örugglega þreytt hana líka. Við getum t.d. ekki afgreitt bankasýslumálið — og nú erum við kannski farin að ræða annað mál — án þess að vera búin að fara ofan í kjölinn á þessari eigendastefnu en það kemur líka við sögu í því máli. Við gagnrýnum það líka að við séum ekki komin með heildarsýn, við sjáum ekki útgönguleiðina, við erum ekki með eigendastefnuna og það verður að horfa á þessa hluti í samhengi.

En ég tek undir varðandi markmiðin, þau eru fín, almenn viðmið í rekstri og hvert og eitt ræður sér svo inni í því. En ég leyfi mér að hafa efasemdir um að það muni endilega takast. Það er fallegt í orði en ég á eftir að sjá það í verki.

Aðeins varðandi tímann en við miðuðum alltaf við dagsetninguna 1. júlí á fyrri stigum frumvarpsins en það náðist ekki. Þess vegna segi ég: Sá bátur er farinn. Við skulum þá hinkra aðeins og ég ætla ekki að endurtaka ræðu mína. Klárum það sem stjórnvöld telja vera nauðsynlegt til björgunar en tökum svo allt hitt í stærra samhengi.

[16:55]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að ég og hv. þm. Ragnheiður Elín séum hjartanlega sammála um hvernig við mundum vilja sjá eigendastefnuna og hver tengsl hennar eru við hvert og einstakt fjármálafyrirtæki og ég ætla ekki að orðlengja það.

Ég er hins vegar ekki alveg sammála þegar hún ýjar að því að forsendan fyrir því að við getum afgreitt sparisjóðafrumvarpið eða að við getum afgreitt bankasýslumálið sé við fáum að sjá eigendastefnuna. Formaður nefndarinnar hefur lýst því yfir að hann hafi hug á að taka málið aftur á milli 2. og 3. umr. og þá getum við væntanlega séð eigendastefnuna. Ég hlakka líka til að sjá eigendastefnuna, ég tel að hún sé mjög mikilvæg til þess að við getum gætt að samkeppnissjónarmiðum.

Lagarammann setjum við með þeim frumvörpum, verði þau að lögum, sem við erum að takast á við núna um sparisjóði og bankasýslu en eigendastefnan er stefnumótunarplagg og mér finnst hún þess vegna ekki lúta sömu lögmálum. Ég legg á það mikla áherslu og það er mín hjartnæma skoðun að hvert fjármálafyrirtæki um sig verður svo að fá góðan ramma til að starfa innan til þess að það hafi frjálsræði til þess að móta sína eigin stefnu til þess að gæta að samkeppni á markaði. Fyrr get ég ekki skrifað undir það plagg og ég hlakka til að sjá það rétt eins og hv. þingmaður.

[16:57]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vissi að það kæmi að því að við hv. þingmaður yrðum giska sammála þegar djúpt væri kafað.

Ég hef ekki sagt að það sé skoðun mín að eigendastefnan sé forsendan. Umsagnaraðilar og gestir sem komið hafa fyrir nefndina hafa bent á þetta, umsagnaraðilar sem ég tel að hafi mikið vit á málum. Þess vegna tel ég það mjög brýnt og hef lagt á það áherslu. (**MSch:** Við ræðum það á eftir.) — Við ræðum það á eftir, kallar þingmaðurinn fram í, það er rétt en við ræðum það í myrkrinu vegna þess að við erum ekki búin að sjá þessa margumræddu eigendastefnu. Á fallegri sumarnótt munum við standa hér og ræða í kolniðamyrkri um eigendastefnu sem við höfum ekki séð og það er nákvæmlega það sem við deilum um.

Lagaramminn er eitt, stefnumótunin er annað, segir þingmaðurinn. Lítum nú á þetta sem tækifæri. Við erum alltaf að horfa á þessa hluti út frá svartasta svartnætti en lítum á þetta sem tækifæri til þess að byggja upp nýtt, heilbrigt bankakerfi. Eigum við þá ekki að nota það tækifæri til hins ýtrasta og gera hlutina rétt? Vera þá með stefnumótunina klára þegar við förum í lagarammann. Annars munum við, eins og við hv. þingmaður höfum gert í dag, velkjast í vafa um hvað lögin segja, um túlkanir eins og í öðru máli sem við funduðum um í hádeginu. Þar var farið af stað með vanhugsaðar lagabreytingar sem valda okkur vandræðum

núna og við í minni hlutanum vöruðum við þá að svo gæti farið. Ég er hrædd um að við verðum aftur í þeirri stöðu og segi enn og aftur: Við þurfum ekki að stíga skrefið til fulls núna varðandi sparisjóðina heldur eigum við að einbeita okkur að því (Forseti hringir.) sem er á borðum okkar þessa stundina.

[16:59]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Eigendastefna tengd málinu sem hér um ræðir er grundvallaratriði til þess að hægt sé að vinna málið og taka afstöðu til þess. Ef eigendastefnan er ekki klár þá er það eins og að setja veiðarfæri í sjó en hafa engan bát, það er ekki flóknara en það. Hitt er umræðutíst og reynsluleysi og við getum ekki byggt lög á því.

Það tíðkast nú trekk í trekk hjá hæstv. ríkisstjórn að bjóða í óvissuferðir, óvissuferðir í stóru sem smáu. Óvissuferðir geta verið skemmtilegar og ágætar út af fyrir sig á tyllidögum og um helgar og á góðum stundum en óvissuferðir eiga ekki heima í framgangi mála sem varða dauðans alvöru, líf þjóðarinnar.

Sparisjóðirnir á Íslandi hafa um langt árabil verið eins konar ankerisfestar vítt og breitt í byggðum landsins. Sparisjóðirnir hafa í rauninni verið byggðir á allt öðrum forsendum úti á landsbyggðinni en til að mynda á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir þróuðust fljótlega upp í það að vera bankar sem fylgdu í kjölfar stóru bankanna og hirtu allar væntingar sem fylgdu sílunum og seiðunum sem fylgdu, virðulegi forseti, hvölunum og nutu góðs af því með háum vöxtum og miklum kostnaði og þess vegna efldust þeir meira sparisjóðir höfuðborgarsvæðisins en sparisjóðir landsbyggðarinnar. Sparisjóðir landsbyggðarinnar þar sem athafnamenn og venjulegt fólk sem hafði ekki úr miklu að spila vildi styrkja sparisjóðinn í byggðarlaginu, ekki til að skapa þar gróðavon fyrir sig heldur til að styrkja það samfélag sem það bjó í og styrkja möguleika á því að hafa eðlilega sveigju í stofnun og rekstri fyrirtækja, styrkingu heimila með tiltölulega lágum lánum sem þóttu nú ekki mjög burðarmikil í gegnum tíðina en skiptu samt máli.

Þessir sparisjóðir hafa byggst upp á stuðningi fólks sem auraði saman án þess að ætla að hafa út úr því einhvern gróða. Það var meira í virðingarskyni við fólkið sitt í byggðarlögunum, við umhverfið, við metnað hvers byggðarlags að menn studdu við sparisjóðina. Þetta þýddi að ákveðinn trúnaður hefur verið byggður upp og lagt var upp með ákveðnum trúnaði sem skiptir máli í allri þróun í þessum efnum. Ef síðan á með einu pennastriki að færa niður stofnfé, slátra framlagi þess fólks sem var og er stofnfjáreigendur í sparisjóðunum er verið að brjóta trúnað, rifta eðlilegum framgangi, opna dyr fyrir einhverjum sem hugsanlega kynnu að vilja gerast frumkvöðlar í nýrri lotu til styrkingar sparisjóðunum og þá er alls ekki hægt að reikna með þessu fólki sem lögin mundu skilja eftir brennt og sviðið í framgangi málsins. Þetta er glórulaus aðferð sem er aðför að fólkinu í byggðum landsins, aðför að fólkinu sem stóð á engan hátt í neinu kapphlaupi eða sýndarmennsku eins og hefur því miður tíðkast og þarf ekki að fjölyrða um í gegnum alla stærri þætti bankakerfisins undanfarin ár.

Auðvitað reyndu sparisjóðirnir og gengu sumir fram í því að auka stofnfjárframlag á síðustu árum til þess að geta keppt við tískufyrirbrigði sem kallað var alþjóðleg bankaviðskipti, alþjóðleg bankaþróun, en það er hvergi um neitt yfirburða fjármagn að ræða í þeim efnum. Það er alls staðar lítið í sniðum og ef maður ber það saman við þróun stóru bankanna á Íslandi hefur það verið gert af miklum vanefnum. En það var gert kannski fyrst og fremst af miklum vilja og kærleik að styrkja bankana í hinum dreifðu byggðum, enda hafa þeir sýnt að öllu jöfnu mun meiri vilja til að tengjast verkefnum og væntingum í sínum byggðarlögum en hægt er að segja um aðrar bankastofnanir á Íslandi.

Gott dæmi er núna uppbygging glæsilegs menningarhúss á Dalvík sem sparisjóðurinn stendur fyrir upp á hundruð milljóna króna og píndi hann enginn til þess, en þar vinna menn af metnaði og eru til fyrirmyndar. Í rauninni hefðu landsmenn átt að taka þráðinn og styrkja þann sparisjóð sem þannig stendur að verki og gerast viðskiptavinir hans því að þarna er sparisjóður sem vinnur í takt við hjartslátt fólksins í landinu og vill því vel.

Stofnfjáreigendur hljóta að líta á stofnfjáreign sem höfuðstólstryggðan sparnað. Lög segja til um það. Það frumvarp sem hér er til umræðu keyrir það sjónarmið ofan í svaðið blygðunarlaust, fast og ákveðið. Það má segja um nánast alla sparisjóðina á Íslandi að gætt hafi verið hófsemi í arðgreiðslum til stofnfjáraðila og ekki gengið á varasjóði, undanfarin ár á bilinu 10–20% og sums staðar ekki neitt. Það er því ekki hægt að reikna með því að stofnfjáreigendur eigi að taka fullan þátt í tapi sparisjóða í landinu við þær aðstæður sem nú eru uppi. Það verður að horfast í augu við það vandamál sem við er að glíma án þess að keyra niður þá sem hafa takmarkaða burði í þessum efnum og hafa ekki farið fram úr sér á neinn hátt og engin dæmi er hægt að færa fyrir því að svo hafi verið gert.

Auðvitað má aðstoð ríkissjóðs við sparisjóði ekki verða með þeim hætti að stofnfjáreigendurnir, sem eru bakhjarlar sparisjóðanna, gangi slyppir og snauðir frá borði. Heimild til fullrar niðurfærslu stofnfjár býður slíkri hættu heim og eins og ég sagði fyrr, virðulegi forseti, slátrar því framlagi sem fólkið í landinu hefur lagt til þar sem af litlu hefur verið að taka en það hefur samt lagt metnað sinn í að leggja lið, leggja hönd á plóginn og taka á árunum til þess að skila árangri í samfélagi okkar.

Það er kannski gott dæmi um þessa breytingu á sparisjóðunum á undanförnum árum þar sem stofnfé í sparisjóði á Vestfjörðum var aukið um 500 millj. kr., úr rúmum 200 milljónum í rúmar 700 milljónir, og það selt til stofnfjáraðila. Auðvitað var tilgangurinn að styrkja stöðu sjóðsins svo að hann gæti haldið sjávarútvegsfyrirtækjum í viðskiptum, fyrirtækjum sem eru lykillinn að stöðu þeirra byggðarlaga sem þannig standa að verki. Þar er sjávarútvegurinn yfir 90% af öllu skapandi afli í byggðarlögunum þegar til að mynda á höfuðborgarsvæðinu má segja að þetta hafi verið innan við 5%. Menn verða að horfast í augu við þetta, ef við ætlum að búa í landinu sem ein þjóð skulum við gæta þess að hafa frið um þetta. Það hefur löngum verið sagt og oft vitnað til að við skulum gæta þess að rjúfa ekki friðinn, gæta þess að komast að niðurstöðu þar sem tekið er tillit til allra þátta í okkar litla fjölskyldusamfélagi. Þegar við þurfum að fjalla um mál í almennri stöðu byggðarlaga, al-

mennri stöðu fyrirtækja og heimila verður þetta sjónarmið að vera ríkjandi en þetta sjónarmið er ekki ríkjandi í þeim lögum sem hér er verið að boða. Þetta er að sumu leyti skemmdarverk á góðum vilja fólksins í byggðunum til að styrkja sparisjóðina. Það er sýndarmennska að leggja þetta frumvarp fram og ætla sér að því sé tekið sem einhverri sanngirni. Þetta er ósanngjarnt, þetta er illa gert, ég skal ekki halda því fram að það sé illa meint en það er vanhugsað.

Það er kannski spegilmynd af mörgu í okkar þjóðfélagi í dag, ekki síst í stjórnmálunum, virðulegi forseti, að það vantar verksvit í þau verkefni sem liggja á borðinu og það er ljóst kannski aldrei frekar en nú að það er ekki nóg að kunna að babla á bók. Það skilar ekki neinni tryggingu hvorki fyrir hamingju né árangur. Venjulega fólkið, sem er ekki langskólagengið og hefur reynslu sína af sveita úr höndum og á enni, hefur ekki síður gengið í gegnum merkilega skóla en aðrir. Við fylgjum því fast eftir að mennt sé máttur og við viljum að okkar fólk gangi til mennta eins og gengur, en við skulum ekki keyra yfir það fólk sem byggir á verksviti, reynslu, brjóstviti og almennu sjónarmiði sem tekur tillit til náungans og boðar ekki neina yfirstefnu í því og mundi aldrei láta sér detta í hug að brjóta egg þess leiks, aldrei.

Þetta er mikið alvörumál og okkur ber skylda til að standa vörð um sparisjóðina sem alvöruankerisfestar (Forseti hringir.) í byggðum Íslands.

[17:15]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það vakti athygli mína í ræðu hv. þm. Árna Johnsens að hann talaði um menningarhúsið á Dalvík. Ég hef þær upplýsingar að vegna 7. gr. verið sé að íhuga hvort það sé leið til þess að bjarga sparisjóðunum án aðkomu ríkisins að taka til baka þessa gjöf til samfélagsins. Það er eitthvað sem mér skilst að íbúar byggðarlagsins telji að verði betra til þess að bjarga stofnfjáreigendum og sparisjóðnum í samfélaginu að fresta þessari gjöf um einhvern tíma meðan hægt er að koma styrkari fótum undir sparisjóðinn.

Það er því augljóst að þessi grein, þó að við séum ekki einu sinni búin að samþykkja hana endanlega á þinginu, er farin að hafa áhrif á aðgerðir og stefnu sparisjóðanna. Menn óttast það svo að stofnfjáreigendur muni tapa öllu sínu að þeir eru tilbúnir til þess að fresta eða taka til baka þess háttar gjöf sem var einmitt hugsuð til þess að styrkja samfélagið og það félagslíf sem er á þessu svæði. Þeir sjá sér ekki annað fært en hugsanlega að taka hana til baka. Ég vildi bara benda hv. þingmanni á þetta.

[17:16]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef rétt er segir þetta í stuttu máli vilja og hug ríkisstjórnar Íslands til almennings á Íslandi, til landsbyggðarinnar. Ef ríkisstjórnin setur gildrur sem neyða menn til þess að draga saman óeðlilega mikið (**Gripið fram í:** Já.) sýnir það að þessi ríkisstjórn er óbrúkleg, (Gripið fram í.) svo ekki séu notuð önnur og stærri orð.

Hefur einhverjum dottið í hug eða hefur einhver heyrt frá hæstv. ríkisstjórn að hún ætli að hætta við framkvæmdir við menningarhöllina í Reykjavík upp á tugi milljarða króna? Nei. Það skiptir máli að klára það. Þar býr aðallinn, þar býr gáfaða fólkið sem er orðið svo gáfað að það sprænir gáfum en það rennur lítið. Það væri betra að það rynni eitthvað.

Þetta er lítilsvirðing við fólkið í landinu. Ef sparisjóðurinn, sem er að byggja menningarhúsið á Dalvík, neyðist til þess að fara á hnjánum til baka, ef að það þætti bróklegra fyrir byggðarlagið, er það höfuðsynd. En við skulum þá ætlast til að það sé gert í samhengi við það sem verið er að gera fyrir dýrðina á höfuðborgarsvæðinu, sem er magnað og merkilegt verkefni. En það skiptir öllu máli, virðulegi forseti, að það sé samræmi í þessum hlutum og að menn séu ekki með einhver gylliboð og sýndarmennsku sem tuskar til fólkið á landsbyggðinni.

[17:18]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Árni Johnsen bendir enn á ný á áhugaverða punkta . Og þegar hann ber saman annars vegar þá upphæð sem ríkið er að hugsa um að setja sem stofnfjárframlag inn í sparisjóðina, 20 milljarða, og þá upphæð sem núna er verið að setja í glerbygginguna hérna við höfnina — hvort haldið þið að skipti íslenskt samfélag meira máli, að við verðum með eitthvert tónlistarhús niðri á hafnarbakka eða lifandi og sterka sparisjóði?

Við sjáum líka upphæðirnar. Við erum að tala um sirka 20 milljarða öðrum megin og eru það ekki 20 milljarðar hinum megin? Mér finnst það sláandi. Mér finnst líka sláandi að við ætlum að koma svona fram við fólk sem gerði ekkert annað en að styðja við sína sparisjóði, vildi byggja upp samfélag sitt. Og þegar við báðum um að fá málið til nefndar á milli 2. og 3. umr., að menn skyldi ekki einu sinni vera tilbúnir til þess að skoða það að setja eitthvert ákveðið lágmark, eins og var tillaga sem kom frá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni, formanni fjárlaganefndar, um að miðað yrði við að það færi ekki lengra en niður fyrir einn að nafnvirði. Nei, það var ekki hægt að skoða það. Og það var ekki hægt að skoða neinar hugmyndir sem komu frá minni hlutanum um hvernig hægt væri að auka tengslin, að tryggja þessi verðmætu tengsl við viðkomandi heimabyggð. Nei, það var heldur ekki hægt að skoða það.

Menn eru hins vegar tilbúnir til þess að setja 20 milljarða plús í einhverja glerhöll niðri á hafnarbakka.

[17:20]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Eygló Harðardóttir vekur athygli á skrípaleiknum og sýndarmennskunni sem viðgengst hjá hæstv. ríkisstjórn, sýndarmennsku og dekri við fínu taktana í menningu Íslands, við aðalinn sem hefur áskrift að ýmsum hlutum, aðgengi að menningu og iðkun hennar. Það verður ekki sagt um sjómenn á Íslandi að þeir hafi neinn aðgang að því eða landsbyggðarfólk almennt, það er nú bara þannig.

Það segir líka sína sögu að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir glottir og brosir þegar þessi orð eru sögð. Það segir sína sögu um snobbið sem ræður ferð í túlkun þessa fólks sem þykist vera málsvarar almennings á Íslandi en hugsar bara

um botninn á sjálfu sér.

Það eru ekki bara 20 milljarðar sem um er að ræða til sparisjóðanna, það eru ekki bara 20 milljarðar sem um er að ræða til menningarhallarinnar í Reykjavík. Það eru 40, líklega 60 milljarðar þegar upp er staðið. Sparisjóðirnir eru akkeri fyrir athafnalífið, fyrir atvinnu, útgerð og fyrirtæki um allt land. Þeir eru lyklarnir að því að hægt sé að halda starfsemi gangandi úti á landsbyggðinni, nýta hráefnin, auðlindirnar og halda áfram til árangurs. Menningarhöllin í Reykjavík er spennandi atriði en keyrum ekki sparisjóðina eða aðrar stofnanir landsbyggðarinnar niður á kostnað stundarhégóma.

[17:22]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Þetta er búin að vera mjög góð umræða í dag og ég held að hún sýni hvað þetta mál skiptir miklu fyrir þjóðfélagið. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með hinum ýmsu sjónarhornum sem þingmenn hafa komið með inn í umræðuna. Það virðist vera að allir þingmenn eigi það sameiginlegt að hafa haft einhver samskipti við og upplifun af sparisjóðakerfinu í landinu og skyldi engan undra vegna þess að það var þétt net sem skipti sérstaklega miklu máli fyrir svæði á landsbyggðinni.

Komið hafa fram sjónarmið frá landsbyggðarþingmönnum um að það sé tímaskekkja að hafa sparisjóði á höfuðborgarsvæðinu. Um það skal ekki fjölyrt en hins vegar held ég að sterkustu einstöku rökin fyrir sparisjóðunum eins og þeir hafa verið lengst af í 100 ár séu tengsl þeirra við heimasvæðin. Við höfum heyrt það líka í nefndinni að þeir umsagnaraðilar sem heimsótt hafa nefndina hafa fullyrt, og það sama hefur komið fram í umræðum hjá þingmönnum, að það að hafa sparisjóð á sínu svæði geri það að verkum að hægt er að sinna þjónustu sem hinar stærri fjármálastofnanir hafa engan áhuga á að sinna. Mér er minnisstætt að ákveðnir aðilar komu á fund nefndarinnar og fullyrtu hreinlega að þeir mundu ekki fá eðlilega fyrirgreiðslu varðandi húsnæðiskaup og -lán, bílakaup eða þjónustu í kringum smáatvinnurekstur nema vegna sparisjóðanna því að þær eignir sem þeir gátu boðið sem veð þættu ekki brúklegar þegar kæmi að hinum stærri fjármálastofnunum.

Ég vek athygli á því að stjórnarliðar hafa ekki tekið þátt í þessari umræðu ef undan eru skilin einstaka andsvör, en það eru allir sem til máls hafa tekið sammála um að það er engin áætlun um hver næstu skref verða. Ég held að ég fari rétt með að í andsvari hjá hv. þm. Magnúsi Orra Schram kom fram að honum þætti — og þarna sé ég mun á pólitík hjá stjórnarliðum, hann leiðréttir mig þá bara enda hefur hann nægan tíma til að fara í ræður, hann á báðar ræður sínar eftir — að hann vildi að ríkið færi út úr þessum rekstri. Það er ánægjulegt að það sé þó einhver í stjórnarliðinu sem er á þeirri skoðun.

En það er algjörlega ljóst, virðulegur forseti, og hefur margoft komið fram bæði hér í þingsal og í nefndinni að það eru engar áætlanir um það, nákvæmlega engar áætlanir. Það eru áætlanir um að ríkisvæða sparisjóðina. Ég veit ekki hvort einhver stjórnarliði kemur hér upp og gefur það í skyn eða segir það beint að það verði nú ekki gert að fullu eða hvernig sem menn kjósa að orða það, það má vel vera. En það liggur alveg fyrir að áætlanir eru til staðar, búið er að taka ákvörðun um hvernig á að nálgast þetta í viðkomandi ráðuneytum en það hefur ekki verið upplýst hér og það hefur heldur ekki verið upplýst í nefndinni. Það eitt og sér vekur tortryggni. Ég held að bæði ég og hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir höfum farið yfir það í nefndinni þegar fulltrúar framkvæmdarvaldsins voru vægast sagt með mjög misvísandi upplýsingar fyrir nefndarmenn um þann þátt. Annar aðilinn sagði að að sjálfsögðu væru til reglur um þetta í ráðuneytinu á meðan hinn aðilinn vildi alls ekki kannast við það. En við skulum vona að einhverjar reglur séu til staðar um það því að ef menn ætla að nálgast þetta út frá einhverjum öðrum forsendum er það mjög erfitt.

Það liggur alveg fyrir, menn höfðu legið yfir því í marga mánuði, að settar voru reglur 18. desember, byggðar á neyðarlögunum. Það hefur síðan verið upplýst að í kjölfar þess var gerð úttekt á eignum sparisjóðanna þar sem í ljós kom að þær forsendur sem þær reglur byggðu á gætu ekki staðist og þess vegna þyrftu menn að fara í mikla niðurfærslu á stofnfé. Þess vegna þyrftu menn þessa lagabreytingu til þess að ganga í það mál en þeir upplýsa okkur þingmenn alla vega ekki um hvað gerist næst, eða eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal orðaði það svo ágætlega: Hvað svo?

Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson fór ágætlega yfir það að við eigum í fullri alvöru hættu á að hér verði nokkuð sem er kallað á ensku zombie banks. Sú er hættan þegar við tölum um ríkissparisjóði. Hv. þm. Eygló Harðardóttir fór yfir það að ekki væri einu sinni vilji til þess að fara yfir þann þátt hvernig væri hægt að tengja stjórnarmenn frá viðkomandi svæðum inn í stjórn þessara ríkissparisjóða þó að það eitt og sér mundi kannski ekki leysa allan vanda, það væri þó einhvers konar viðleitni.

Hættan er sú, eins og kom fram hjá hv. þm. Ásbirni Óttarssyni, að ef áætlanir ná fram að ganga — sem ég vona að vísu að gerist ekki alveg, ég vonast til þess að bankarnir fari að hluta til og helst alveg til kröfuhafa og verði reknir af þeim en ekki allt saman til ríkisins. Við vitum það ekki enn þá en við fáum væntanlega að vita það einhvern tíma á næstu vikum. En ef við erum með þrjá stærstu bankana í eigu ríkissjóðs, tökum síðan yfir sparisjóðakerfið líka og ætlum svo að setja þetta allt undir Bankasýsluna, sem verður einhvers konar yfirbankaráð yfir þessu öllu saman, er það ekki glæsileg mynd. Og það er ekki eins og menn geti sagt: Ja, við byrjum bara á þessu og svo sjáum við til. Við þurfum að hugsa fyrir þessu núna.

Það er markmið í sjálfu sér að steypa þetta ekki allt í sama mót. Samkeppniseftirlitið hefur lagt ríka áherslu á það, það hefur varað sérstaklega við því að menn fari þá leið að minnka samkeppni á meðan við erum að vinna okkur úr kreppunni. Þegar menn spóla með þetta mál og önnur á miklum hraða í gegnum viðskiptanefndina þessa dagana, sem mun án vafa gera það að verkum að við þurfum að afgreiða þau með hraði, eru þeir ekki með það að leiðarljósi að minnka samkeppni meðan við vinnum okkur út úr kreppunni. Ef svo væri værum við ekki að ræða þetta mál með þeim hætti sem við gerum í dag. Ef vilji meiri hlutans væri eins fram hjá hv. þm. Magnúsi Orra Schram værum við væntanlega að ræða um útfærslu á því hvernig ríkið ætl-

aði út úr þessu. Virðulegi forseti, erum við ekki sammála því?

Það er búið að ræða um þetta mál í þinginu — ég veit ekki hve margar ræður er búið að halda, við erum svo sannarlega búin að halda marga fundi í viðskiptanefnd út af þessu máli og það er alveg kristaltært að það eru engar áætlanir um það hvernig ríkið ætlar að fara út úr þessu, engar. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir gaf ekki mikið fyrir að ríkið færi út úr fjármálastofnunum.

Virðulegi forseti. Komið hefur fram að hér er um mjög pólitískt mál að ræða og við vitum auðvitað hvaðan Vinstri grænir fá sína hugmyndafræði og við þekkjum sögu þess flokks. Sá flokkur hefur að vísu skipt um nafn og kennitölu eins og vinstri flokkar gera almennt af góðri ástæðu, en þetta er ekki glæsileg saga. Hún er því marki brennd að menn telja að ríkið eigi að leysa allan vanda. Og menn hafa svo sannarlega tekist á um það á undanförnum áratugum við vinstri flokkana sem hafa verið með hin ýmsu nöfn og hinar ýmsu kennitölur á hverjum tíma.

Einhvern veginn læðist að mér sú tilfinning, ég held að hv. þm. Ásbjörn Óttarsson hafi nefnt það líka, að verið sé að læða þessu máli í gegn. Stjórnarliðar taka ekki þátt í umræðunni heldur keyra þetta mál með miklu ofbeldi í gegnum þingnefndina. Virðulegi forseti, það skal enginn kenna mér neitt um þau mál, ég hef verið beggja vegna borðsins, bæði í meiri og minni hluta í kjörnum stjórnum og þekki alveg hvernig menn vinna þessa hluti. Það var aldrei reynt að vinna málið þannig að sátt næðist um það, aldrei. Menn koma þessu máli í gegn í trausti þess að rætt verði um Icesave og ESB og þetta mál hverfi alveg í skuggann.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lýsa þeim tveim stjórnarliðum sem eru í salnum núna en ég held að það sé ekki djúpt í árinni tekið þegar ég segi að það lýsir af þeim að þeir geta ekki beðið þar til þessi umræða er búin. Þeir hafa reynt allt sem þeir geta til þess að umræðan verði sem styst. Þeir hafa svo sannarlega ekki notað ræðutíma sinn á nokkurn hátt sem er mjög athyglisvert af því að í umræðuna komu þó menn eins og Guðbjartur Hannesson sem lýsti yfir miklum áhyggjum af ákveðnum þáttum málsins og ég veit að fleiri stjórnarliðar hafa haft áhyggjur af því. Hér hefur nú verið bent á kallað var eftir viðhorfi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jóns Bjarnasonar, sem er búinn að halda þvílíkar eldræður um sparisjóðamálið fram til þessa.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki séð þessa menn koma hér og viðra skoðanir sínar um ríkissparisjóði. (**EKG:** Hvar er ráðherra sveitarstjórnarmála?) Virðulegi forseti, hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson bendir líka réttilega á að hæstv. samgönguráðherra, ráðherra sveitarstjórnarmála, er ekki hér. Hvar er hann? Hér á að reyna að keyra þetta mál í gegn í trausti þess að fjölmiðlarnir muni ekki sinna því, muni ekki vekja athygli á málinu. Ef þær áhyggjur sem allir þingmenn hafa velt hér upp eru algjörlega úr lausu lofti gripnar, eru búin að vera endalaus tækifæri í nefndinni og sömuleiðis í þingsal fyrir stjórnarþingmenn að slá á þær áhyggjur. Það hefur ekki verið gert. Eina ljósglætan er brot úr andsvari frá hv. þm. Magnúsi Orra Schram sem var sammála því að ríkið ætti að fara út úr sparisjóðarekstrinum. Það er eina ljóstíran. En hv. þm. Magnús Orri Schram, jafnágætur og hann er, er ekki hæstv. fjármálaráðherra. Virðulegi forseti. Ég hefði viljað sjá að meiri hugur fylgdi máli hjá hv. þm. Magnúsi Orra Schram sem er varaformaður nefndarinnar og hefur öll tækifæri til að ýta eftir þessu máli að því gefnu að hann hafi áhuga á því.

Það hefur ekki verið gert, virðulegi forseti, og þess vegna stöndum við í þessum sporum í dag. Það hefur ekkert gerst í þessari umræðu í dag — hef ég fylgst vel með henni — sem slegið hefur á áhyggjur mínar hvað þetta varðar og það þýðir lítið fyrir stjórnarliða að koma og segja að menn skuli ekki hafa neinar áhyggjur. Það voru allir möguleikar fyrir stjórnarliða að sýna fram á að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þessu. Það var ekki gert.

[17:38]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er svo sem margt sem ég mundi gjarnan vilja víkja að sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðlaugs Þórs en ég ætla að staldra við nokkur atriði:

Í fyrsta lagi vil ég segja að við erum í vondri stöðu og erum að reyna að vinna sem best úr henni. Það væri svo sem voða gaman að fara að rifja upp söguna um hver sagði hvað hvers vegna og af hverju við erum stödd í þessari stöðu en ég held að þetta sé ekki rétti vettvangurinn til þess. Ég held að við ættum frekar að sameinast um að vinna sem allra best út þeirri stöðu sem við erum í.

Fram kom í andsvari mínu fyrir einhverjum mínútum síðan að ég teldi ekki rétt að endurtaka það sem ég sagði við 2. umr. þessa máls. Mér finnst ekkert nýtt hafa komið fram við 3. umr. sem hvetur mig til þess. Þar flutti ég „lærða ræðu“ um afstöðu mína í þessu máli og hvað ég teldi rétt og fór í gegnum öll efnisatriði, lykilatriðin, hvað þetta mál snertir. Ég vil ítreka það, af því að sérstaklega var vikið að því, að ég horfi til þess að úti um land verði stofnfjáreigendur að vera hluti af sparisjóðunum. Það er lykilatriði til að sparisjóðakerfið komist á lappirnar á ný. Við getum horft á það út frá hörðum viðskiptalegum sjónarmiðum, hörðum peningalegum sjónarmiðum, en við getum líka horft á það út frá tilfinningalegum sjónarmiðum og framtíðarvonum sparisjóðanna.

Ég ítreka það líka að sparisjóðir eiga ekki að vera í ríkiseigu og dreg ekkert undan þar og vonandi verða þeir komnir úr ríkiseigu sem allra fyrst. Það veltur á því hvort við náum að byggja upp atvinnulífið í þessu landi og að sjálfstæðismenn komi á þann vagn að við förum í virkilega endurreisn. Þá horfi ég til peningakerfis okkar „og så videre“.

[17:40]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmann langar til að segja margt og ég vil gleðja hv. þingmann með því að hann getur gert það, það er ekkert mál. Ég get hjálpað hv. þingmanni að biðja um orðið ef það er eitthvað snúið.

Ef hv. þingmaður hélt svo lærða ræðu áður um málið að hann treystir sér ekki til þess að fara með röksemdirnar aftur held ég að hann sé í ákveðnum vanda. Ef það er svo að við þingmenn getum bara einu sinni sagt hlutina og síðan ekki endurtekið þá — ja, ég held að menn tæmi sig kannski

ekki en það væri svolítið sérstakt. Ef við sjálfstæðismenn mættum t.d. bara einu sinni fara yfir ágæti sjálfstæðisstefnunnar, það mál væri síðan tæmt, ef við héldum svo gríðarlega góða ræðu að við teldum okkur ekki geta toppað það, það eru ekki rök í málinu.

Ég er afskaplega ánægður að heyra að hv. þm. Magnús Orri Schram telji að stofnfjáreigendur verði að vera hluti af sparisjóði og að sparisjóðirnir þurfi að fara úr ríkiseigu. Það er bara ofsalega gott og ég er ofsalega ánægður með að hv. þm. Magnús Orri Schram sé þeirrar skoðunar.

En nú er það þannig að hv. þm. Magnús Orri Schram getur bara ráðið þessu. Sem varaformaður nefndarinnar hefur hann öll tök á því að við göngum þannig fram. Það er nefnilega svo magnað að þegar menn eru þingmenn þýðir það ekki að menn séu einhver hluti af einhverri afgreiðslumaskínu, menn hafa áhrif. Hv. þm. Magnús Orri Schram hefur gríðarleg völd og áhrif nákvæmlega í þessu máli og ég hvet hann til þess að nýta sér þau. Ég veit, virðulegi forseti, að hann mun ekki sjá eftir því. Hins vegar er það versta sem getur gerst að hv. þingmaður muni sitja hér eftir og horfa upp á það sem okkur sýnist vera að gerast og þá mun hann sjá eftir því að hafa ekki beitt sér á meðan hann gat það.

[17:42]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Ég þakka lærða ræðu þingmanns um þingsköp og hvernig mér beri að haga mér. Það er mjög gott að fá ráðleggingar frá sér reyndari manni, ekki ætla ég að draga það í efa.

Ég ætlaði bara að segja tvennt: Ég lít svo á að þetta frumvarp sem við erum að labba með í umræðu í dag og verður vonandi að veruleika sem allra fyrst séu björgunaraðgerðir og ekkert annað en björgunaraðgerðir. Allt það sem við erum að gera núna lýtur að því að koma sparisjóðunum til bjargar og þar er hver dagur dýrmætur eins og fram hefur komið í nefndinni. Vonandi munum við svo fara í heildarendurskoðun á fjármálafyrirtækjum og fjármálalöggjöf í haust og mikilvægur liður í þeim björgunaraðgerðum sem fram undan eru er bankasýslufrumvarpið sem er á dagskrá þingsins. Við getum vonandi rætt það ítarlega þegar á líður, hvort sem það verður í nótt eða á morgun.

Við erum að fást við björgunaraðgerðir núna vegna slæmrar stöðu sparisjóðanna og tökum eitt skref í einu. Við erum að taka fyrsta skrefið núna.

[17:43]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og fyrra andsvar hv. þingmanns vakti okkur miklar vonir held ég að seinna andsvarið hafi drepið þær. Það sem hv. þingmaður sagði var: Ég ætla ekki að beita mér í málinu. Það var það sem hv. þingmaður sagði. Það eru allir tilbúnir að vinna að þessum björgunaraðgerðum, menn eru búnir að segja það frá fyrsta fundi. Það eru ekki bara þingmenn sem komið hafa fram og lýst yfir áhyggjum vegna þróunar þessara mála heldur einnig umsagnaraðilar, og það af góðri ástæðu. (**MSch:** Ekki allir.)

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn hv. kallar: Ekki allir. Það er mjög sjaldgæft að allir umsagnaraðilar séu sammála og það væri þá svolítið sérstakt ef svo væri en hins vegar hafa flestir umsagnaraðilar lýst yfir áhyggjum af þessu. Fjármálaeftirlitið bað okkur sérstaklega að fara betur yfir þetta mál.

Hv. þingmaður ætlar ekki að beita sér fyrir því, hvort sem það eru þingmenn eða umsagnaraðilar, að slegið verði á áhyggjur okkar af þessum málum og að gengið verði þannig fram að við þurfum ekki að hafa þær áhyggjur. Hér í umræðunni hafa komið fram ýmsar góðar hugmyndir. Um þær mun meiri hlutinn ekki fjalla. Formaður nefndarinnar lítur svo á að það sé ekki hlutverk ríkisstjórnar að losa um eignarhlutinn í fjármálafyrirtækjum og þrátt fyrir að hv. þingmaður hafi áhuga á því (Forseti hringir.) er það léttvægt meðan hann beitir sér ekki í málinu.

[17:46]

Útbýting:

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 38. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 249.

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, 54. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 250.

[17:46]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Þetta hefur verið góð og ítarleg umræða í dag. Menn hafa farið yfir röksemdir sínar og skýrt mjög vel afstöðu sína og þá einkum andstöðu við það frumvarp sem hér er til 3. umr. Ef ég reyni að draga saman helstu athugasemdirnar sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa reitt fram þá eru þær að hér sé um að ræða ríkisvæðingu, að ríkið sé að ásælast sparisjóðina í landinu, jafnvel til tjóns fyrir byggðir í landinu. Í öðru lagi að vinnubrögð séu ekki nógu vönduð, að allt of stuttur tími hafi verið notaður til að fara yfir málið í þinginu, og loks að það séu engar áætlanir uppi um það hvernig ríkið ætli sér að fara út úr sparisjóðunum. Við ræddum þessi atriði að vísu öll við 2. umr. málsins en ég ætla aðeins að endurtaka það sem kom þar fram hjá okkur talsmönnum stjórnarflokkanna.

Það er rangt að hér sé gerð atlaga að sparisjóðunum, hvað þá byggðunum í landinu. Hér er einungis verið að skapa með lagagrunni umgjörð til að tryggja að ríkissjóður geti komið á grunni jafnræðis að endurfjármögnun sparisjóðanna í landinu í krafti 2. gr. neyðarlaganna frá í haust.

Í öðru lagi hvað varðar þann tíma og vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við þetta mál þá verð ég að segja að þessi gagnrýni er ekki á rökum reist. Á morgun mun liðinn einn mánuður frá því að nefndin fékk þetta mál til umfjöllunar. Ég hef ekki lengur tölu á þeim fundum sem við höfum haldið um málið en ég tel rétt að nefna það hér að milli 2. og 3. umr. fengum við fulltrúa viðskiptaráðuneytis á tvo fundi og fulltrúa fjármálaráðuneytis á annan af þeim fundum. Það er rétt sem hér hefur komið fram að þar var einkum farið yfir þrjú atriði, þ.e. möguleikann á því að setja gólf í niðurskrift stofnfjár, sem er að finna í 2. gr., og ég hlýt að segja að það er ekki rétt að sá möguleiki hafi ekki verið skoðaður. Þvert á móti fengum við inn á fundinn

svipmyndir þriggja sparisjóða, sparisjóðs Papeyjar, Hrollaugseyjar og Kolbeinseyjar, þar sem með dæmum var sýnt hvernig staða sparisjóðanna í landinu er og hvaða áhrif innborgað stofnfé mundi hafa í þá.

Einnig var rætt og beðið um upplýsingar um þá úrvinnslu sem fram fer á vegum fjármálaráðuneytis og Seðlabanka á umsóknum sparisjóða um fé úr ríkissjóði samkvæmt 2. gr. neyðarlaganna. Og það er rétt að það komi fram hér að upplýst var á fundinum að þar færu fram samningaviðræður eða samningaumleitanir sem gerðu ráð fyrir aðkomu kröfuhafa og nýju stofnfé frá ríkinu og jafnvel víkjandi lánum og breytingu krafna sem ríkissjóður á í stofnfé eða lán en að þetta væri gert á grunni reglna frá 17. desember sem settur hæstv. fjármálaráðherra þann dag, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, ritaði undir og upplýst að þær reglur væru í gildi og ekki væri verið að endurskoða þær, ekki væri verið að breyta þeim.

Í þriðja lagi var rædd sérstaða sparisjóðanna og möguleg aðkoma starfsmanna og sveitarfélaga að stjórn þeirra. Í því sambandi kom fram að á vegum viðskiptaráðuneytis er verið að semja frumvarp um hæfis- og hegðunarreglur fjármálafyrirtækja í kjölfar ábendinga Kaarlos Jännäris. Þeirri vinnu hefur seinkað nokkuð, hún hefur frestast fram á haustið greinilega, m.a. vegna þess að von er á nýjum Evróputilskipunum sem gera ríkari kröfur til hæfis m.a. til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja.

Ég vil staðfesta það sem hv. þm. Eygló Harðardóttir sagði áðan að það er meining okkar í viðskiptanefnd að fylgjast mjög vel með þegar að því kemur að breyta lögum um fjármálafyrirtæki hvað þetta varðar og skoða þá sérstaklega stöðu stjórna sparisjóðanna með tilliti til þeirrar sérstöðu sem hér hefur verið nefnd og ítrekuð er í frumvarpinu þar sem í fyrsta sinn eru sett í lög ákvæði um það að í stofnskrám sparisjóða skuli gera grein fyrir samfélagsstefnu þeirra sem þýðir þá væntanlega að byggðafestan er staðfest.

Ég vil, frú forseti, svo ég gleymi því ekki, nefna að sú breytingartillaga sem hér liggur fyrir og sú sem hér stendur er skrifuð fyrir er eingöngu lagatæknilegs eðlis, er ættuð frá nefndasviði og er svonefnd lagatæknileg hreingerning, það var vísað í ranga lagagrein þannig að ég ætla ekki að mæla fyrir henni frekar.

Hér var nefnt að það væru engar áætlanir uppi um það hvernig ríkið ætlaði að fara út úr sparisjóðunum og mér gerð upp þau orð að það væri ekki verkefni núverandi ríkisstjórnar að huga að því. Það sem rétt er í því efni er að ég sagði hér í ræðustól við 2. umr. þessa máls, að ég hygg, að það væru mikilvægari verkefni á borðum ríkisstjórnarinnar nú um stundir en það hvernig ríkisstjórnin ætlaði út úr sparisjóðunum eða fjármálafyrirtækjunum, m.a. er það miklum mun mikilvægara í dag hvernig ríkið getur staðið við þau fyrirheit sem gefin voru með setningu neyðarlaganna um það hvernig það getur komið að uppbyggingu sparisjóðanna til að bjarga því sem bjargað verður þar.

Hér hefur því verið haldið fram, frú forseti, að það sé verið að fara offari með þessari lagasetningu, að það sé ekki eingöngu verið að lögfesta þau atriði sem stjórnvöld telja til björgunar, og þá er vísað til 7. gr. upphaflega frumvarpsins og það mætti sleppa öllu öðru. Ég vil vegna ítrekaðra ábendinga eða athugasemda um þetta segja að í mínum huga er, held ég að ég megi segja, hver einasta grein í þessu frumvarpi grundvöllur undir heilbrigt endurreist sparisjóðakerfi. Með frumvarpinu eins og það nú lítur út eftir 2. umr. er verið að styrkja rekstrargrundvöll og framtíðarlíf sparisjóðanna (Gripið fram í.) með því m.a. að veita víðtækar heimildir til þeirra til þess að þjónusta íbúa í byggðunum, m.a. fyrir önnur fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélög. Það er líka verið að lögfesta með 9. gr. upphaflegu mjög mikilvægu ákvæði sem heimila sparisjóðunum samvinnu sín í milli um þau verkefni sem eru þeim hverjum fyrir sig of dýr. Við sem hér höfum fylgst með umræðum þekkjum að Samkeppniseftirlitið hefur haft samvinnu sparisjóðanna til skoðunar á undangengnum árum og verið mjög ósátt við samvinnu sparisjóðanna að þessu leyti. Með lögfestingu þessa frumvarps eru tekin af öll tvímæli um það að sparisjóðirnir hafi heimild, auðvitað að virtum viðskiptalegum reglum og samkeppnissjónarmiðum, til þess að vinna að slíkum málum sem þar eru upp talin og er það þó ekki tæmandi upptalning.

Þarna er verið að styrkja rekstrargrundvöll sparisjóðanna. Það er líka verið að treysta byggðafestu með því að undirstrika samfélagslegt hlutverk sparisjóðanna með ákvæðinu sem ég nefndi áðan um að í stofnsamþykktum skuli tilgreint hverjar samfélagslegar áætlanir eða skyldur sparisjóðanna séu.

Það er einnig mjög mikilvægt að í þessu frumvarpi er að finna skilgreiningu á því hvað sparisjóður er og það er einnig skilgreining á því hvað stofnfjáreigandi er. Sparisjóður er samkvæmt þessu frumvarpi sjálfseignarstofnun sem starfar sem fjármálafyrirtæki samkvæmt þessum lögum. Það eru, eins og ég sagði, skýr ákvæði um skyldur og réttindi stofnfjáreigenda. Sem fyrr, samanber umræðu hér fyrr í dag um 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki, bera stofnfjáreigendur ekki ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt, en hér er skýrt fram tekið að þeir eigi ekki hlutdeild í öðru eigin fé sparisjóðs en bókfærðu stofnfé eins og það er á hverjum tíma. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um það að stofnfjáreigendur geta ekki lagt undir sig varasjóði eða annað eigið fé sjóðsins, þeir eiga ekki hlutdeild í því.

Í frumvarpinu eru einnig mjög skýr ákvæði um ráðstöfun hagnaðar þar sem, ef þetta verður lögfest, aðeins verður heimilt að nýta 50% hagnaðar á hverju ári til þess að auka stofnfé eða greiða út arð en þá aðeins að hagnaður sé af rekstrinum. Hvers vegna skyldi þetta vera mikilvægt? Það er vegna þess að á undanförnum árum og það er ekki lengra síðan en á síðasta ári, árinu 2008, þá greiddu stofnfjáreigendur sér út hagnað jafnvel þótt tap væri af sparisjóðnum. Við þekkjum tölur um þetta, 26 milljarða tap og 13 milljarðar í arðgreiðslur. Þessu frumvarpi er ætlað að koma í veg fyrir svona dellu. Því er þessi grein líka mjög nauðsynleg til að endurreisa heilbrigt og gott sparisjóðakerfi hér á landi.

Einnig eru í þessu frumvarpi ákvæði sem tryggja aukið gegnsæi með því að Fjármálaeftirlitinu er ætlað að setja reglur um stofnfjáraukningu. Í nefndaráliti meiri hlutans sem kynnt var við 2. umr. kom skýrt fram að í slíkum reglum telur nefndin að tryggt eigi að vera að allir eigi jafnan aðgang að því að gerast stofnfjáreigendur í sparisjóði. En

það eru líka í þessu frumvarpi ákvæði um það að skrá yfir stofnfjáreigendur skuli öllum opin. Allt þetta sem ég hef talið hér eru mjög mikilvæg atriði.

Hér er einnig að finna ákvæði um það að umframgreiðslur, þ.e. greiðslur umfram nafnverð fyrir stofnfé, renni til sparisjóðsins en ekki til til stofnfjáreigenda. Þetta atriði hefur verið nefnt hér í andsvari hjá hv. varaformanni viðskiptanefndar, Magnúsi Orra Schram. Þetta er líka gríðarlega mikilvægt atriði. Hér eru líka tryggðar reglur um almenn og skýr viðskipti með stofnfé, að það er heimilt að fara með stofnfé og selja það í stað þess sem verið hefur, vafi leikið á um heimildina.

Með þessu frumvarpi er einnig horfið frá hlutafélagavæðingunni en sparisjóðirnir fóru inn á þá braut á undanförnum árum. Þetta hefur líka verið til umræðu hér í dag. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur verið óþreytandi við að benda á þann skaða sem þetta hefur valdið í sparisjóðakerfinu. Með frumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um það að hlutafélagavæðingunni er lokið og hlutafélagabönkunum er óheimilt að nota heitið „sparisjóður“ í firmaheiti sínu.

Öll þessi atriði, frú forseti, sem ég hef hér talið eru mikilvæg í mínum huga. Þá er ótalið ákvæðið sem var í upphaflegri 7. gr. um heimild til niðurfærslu stofnfjár. Það er ekki af einhverri illmennsku sem það er til komið heldur hefur það verið upplýst og var fjallað um það við 2. umr. að þetta ákvæði er til komið vegna þess mats að það væri ekki ótvíræð heimild til niðurfærslu stofnfjár að gildandi lögum og það þrátt fyrir 63. gr. sem ég nefndi áðan um ábyrgð stofnfjáreigenda.

Ég vil að lokum, frú forseti, benda að enn steðja miklir erfiðleikar að fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Við eygjum kannski von til þess að 17. þessa mánaðar verði tímamót í uppbyggingu nýrra banka á Íslandi en staðreyndin er sú að flestir eða mjög margir sparisjóðanna uppfylla ekki kröfur Fjármálaeftirlitsins og laga um fjármálafyrirtæki um eigið fé. Nýju bönkunum hefur verið gefinn frestur til 17. þessa mánaðar til að uppfylla þær kröfur. Sparisjóðirnir eru í ákveðnu tómarúmi hvað það snertir, þeir uppfylla ekki þessar kröfur en það er verið að reyna að gera þeim það mögulegt með aðkomu ríkisins.

Hinn valkosturinn, að grípa til 77. gr. laga um fjármálafyrirtæki og afturkalla starfsleyfi vegna þess að eigið fé uppfyllir ekki kröfur laganna, er ekki möguleiki eða er ekki leið í mínum huga. Ég tel þvert á móti að stíga eigi þetta skref núna og gera sparisjóðum, sem ráða við það, kleift að taka á móti eiginfjárframlagi frá ríkissjóði auðvitað í þeirri von að þeir komist á legg þannig að ríkið geti eftir einhvern tiltekinn tíma losað þessa hluti sína og selt og ég ætla rétt að vona með hagnaði. Ef okkur tekst að byggja upp bankakerfi og sparisjóðakerfi á heilbrigðari grunni með aðkomu ríkisins eins og nú er ætti ríkissjóður ekki að bera skaða af þessu. Við skulum ekki gleyma því að það fjármagn sem verið er að setja inn í fjármálafyrirtækin í dag, hvort heldur það eru nýju bankarnir, talað er um 200, 300, 400 milljarða kr., eða sparisjóðirnir, 20 milljarðar, er ekki fé sem er sett í eitthvert svarthol. Þetta er fé sem er ætlað til þess að byggja upp fjármálafyrirtækin og koma þeim þannig á legg að þau verði vænlegur fjárfestingarkostur og þar með geti ríkið losað um eignarhald sitt að einhverju leyti.

Ég vil að lokum þakka aftur mjög góða umræðu og öllum þeim sem hafa komið að því að vinna þetta mál. Það voru gerðar verulegar breytingar á því við 2. umr. og það er ekki síst að þakka þeim fjölmörgu sem sendu nefndinni athugasemdir og ábendingar og komu á hennar fund. Það ber að þakka.

[18:05]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er enginn pólitískur ágreiningur um það að menn vilja verja sparisjóðakerfið. Þess vegna samþykkti Alþingi m.a. neyðarlögin. Þar var hins vegar ekki kveðið á um það að færa þyrfti niður stofnfé af því að það væri forsendan fyrir því að ríkið hefði aðkomu að endurreisn sparisjóðakerfisins. Það sem er nýtt í þessu frumvarpi er einmitt það að gera það að skilyrði fyrir aðkomu ríkisins að stofnfénu sé fært niður.

Eins og málin hafa verið að þróast og skýrast í þessari umræðu er algjörlega ljóst, og það er mikilvægt að það komi fram, að hér er verið að leggja drög að því að færa niður stofnfé með mjög umtalsverðum hætti. Það mun hafa þær afleiðingar að stofnfjáreigendur, þúsundir manna úti um allt land, munu skaðast, sveitarfélög munu skaðast um hundruð milljóna og kannski enn þá meira og það sem er verst af öllu, þetta girðir fyrir það að hægt sé að laða að nýtt stofnfé frá almenningi úti á landsbyggðinni. Þess vegna er þetta frumvarp til óþurftar. Það er rangt hjá hv. þingmanni sem hefur haldið því fram hér öðru hverju í dag að þetta eigi allt saman rætur í neyðarlögunum, það er ekki svo og það sést vel ef lesinn er bókstaflega texti 2. gr. þeirra laga.

[18:06]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ítreka að hér er ekki verið að skylda sparisjóði til þess að færa niður stofnfé. Hér er verið að veita heimild til niðurfærslu stofnfjár að fenginni beiðni og að undangengnu samþykki stofnfjárfundar.

[18:07]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er auðvitað útúrsnúningur þegar hv. þingmaður talar eins og hér sé um að ræða frjálst val fyrir sparisjóðina og stofnfjáreigendur. Sparisjóðirnir í landinu eru einfaldlega í þeirri stöðu að þeim er fjár vant. Þeir þurfa að laða inn til sín nýtt eigið fé og það gera þeir með því að reyna að auka stofnfé sitt. Við vitum að menn bíða ekki í biðröðum til að fá að fjárfesta í sparisjóðum með því að koma inn með nýtt stofnfé. Þess vegna var horft til þess að ríkið kæmi að því að verja sparisjóðakerfið í landinu.

Hins vegar er það þannig að til að reyna að tryggja það að almennir stofnfjáreigendur komi inn með aukið fé þurfa menn auðvitað að ganga þannig um að stofnfjáreigendur sitji ekki eftir sviðnir eins og núna er gert ráð fyrir og mun leiða til ef þetta frumvarp verður að lögum. Þess vegna hef ég svo miklar athugasemdir við þetta mál, ég hygg og tel að það sé í raun og veru að vinna gegn sínum eigin markmiðum og þeim yfirlýsta tilgangi sem margoft hefur komið

fram varðandi þetta mál.

Eins og málin hafa þróast, eins og eigið fé sparisjóðanna hefur (Forseti hringir.) verið að þróast liggur það algjörlega fyrir að það verður talin forsenda fyrir því að færa niður stofnfé mjög umtalsvert og þá erum við ekki að tala um 10%, ekki um 20% heldur miklu meira, því miður, í langflestum og mörgum tilvikum.

[18:08]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt að sparisjóðunum er fjár vant. Þeir kalla nú eftir því að fá fé úr ríkissjóði á grundvelli neyðarlaganna frá því í haust. Af því hefur ekki orðið. Þeir bíða eftir samþykkt þessa frumvarps sem gerir það mögulegt.

Ég tel, frú forseti, að þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu við 2. umr., einkum hvað varðar möguleika til arðgreiðslna og aukningar stofnfjár, geri það að verkum að sparisjóðirnir verði eftirsóttari fjárfestingarkostur, þ.e. að aðrir en ríkið sjái sér hag í því að leggja nýtt stofnfé inn í sjóðina.

[18:09]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er einmitt það sem við óttumst að muni ekki gerast vegna þess að eins og við höfum bent á vantar allan hvata fyrir nýja stofnfjáreigendur til að koma inn ef búið er að færa stofnféð niður í núll vegna þess að öllum hugmyndum um gólf var hafnað. Hvað svo sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir segir um að þetta sé ekki skylda og að það sé ekki verið að beina tilmælum til þess að þetta fari ekki niður í núll þá er ákveðin hætta þar á og þess vegna vantar hvatann. Það að þetta sé ekki hugsað í heildarsamhengi, gólfið, stofnfjáreigendurnir og hvatinn til að koma og halda áfram og útgönguleiðin, gerir það að verkum að þetta verður ekkert annað en ríkisrekið apparat og þá ætti bara að gera það hreinlegar, gera það bara þannig að ríkið tæki þetta yfir allt saman strax vegna þess að það er það sem mun gerast. Þetta er það sem við erum að benda á.

Svo hefur verið talað hér mikið um sveitarfélögin og áhyggjur þeirra. Það hefði verið fróðlegt að fá einhvers konar kostnaðarmat á það hvernig þetta gæti haft áhrif á fjárhag sveitarfélaganna vegna þess að því er stundum ábótavant. Ég skal nefna eitt dæmi, ríkisstjórnin var að hækka tryggingagjald á atvinnurekendur um daginn á laun. Hvað gerir það? Það gerir ekkert annað en að dýpka þessa kreppu vegna þess að þetta kemur ekki bara niður á einhverjum einkafyrirtækjum úti í bæ sem ríkisstjórninni virðist stundum vera í nöp við, heldur kemur þetta verst við sveitarfélögin í landinu. Ég veit til þess að Reykjavíkurborg ein og sér fær á sig einn milljarð kr. í hækkun á kostnaði vegna þeirrar lagabreytingar og hvað þá með hin sveitarfélögin úti um land sem eru að berjast í bökkum rétt eins og ríkissjóður við að ná endum saman? Þess vegna er ömurlegt að sjá hér að enn á ný (Forseti hringir.) er farið af stað án þess að heildarsýnin og áhrifin á alla þætti séu metin.

[18:11]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil ítreka að á fundum nefndarinnar kom fram að það eru ekki uppi áform um að skrifa stofnfé niður í núll. Það er viðurkennt af þeim sem með þessi mál fara í fjármálaráðuneyti og Seðlabanka að í stofnfjáreigendunum sem slíkum, jafnvel þótt stofnféð sé orðið einskis virði, felast verðmæti í sjálfu sér, þ.e. að það er til mikils að vinna að halda þeim inni bæði sem stofnfjáreigendum og sem viðskiptamönnum sjóðanna. Þess vegna, jafnvel þó að eiginlegt virði stofnfjárins sé komið niður í núll eða því sem næst, er ekki verið að tala um það heldur þvert á móti reyna að reikna það upp eins og mögulegt er miðað við aðstæður.

Vegna orða hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur um afstöðu sveitarfélaganna í landinu fékk nefndin bæði á fund sinn fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og umsögn frá sambandinu. Þar var hnykkt á ýmsum athugasemdum sem Samband sparisjóða hafði gert og svarað var í nefndaráliti við 2. umr. en lokaniðurstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga var að það væri mikilvægt að lögfesta þetta frumvarp. Þeir sáu ágalla á því en fyrst og fremst skipti máli að lögfesta frumvarpið.

[18:13]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Ég vil minna hv. þingmann á að nefna þingmenn fullu nafni.

[18:13]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður endurtekur eina ferðina enn að það séu ekki áform uppi um að skrifa stofnféð niður í núll. Þá spyr ég eina ferðina enn: Af hverju var ekki tekið í þá hugmynd að setja gólf til þess að stofnfjáreigendur væru þá tryggðir með þeirri fyrirætlan vegna þess að nú hafa þeir ekki neitt og það gerir það að verkum að það vantar hvatann fyrir þetta fólk til að koma inn og til að halda áfram að vera stofnfjáreigendur í sparisjóðunum.

Og svo það hvernig hv. þingmaður orðaði það „að halda þeim inni“. Það er eins og verið sé að tala um fé sem er rekið í rétt og reynt að halda inni með einhverju — það er ekki einu sinni hægt að segja gylliboði vegna þess að það er ekki einu sinni fallist á að skoða þær hugmyndir sem þó hefðu getað verið til þess að þeir fengju (Forseti hringir.) áhuga og hefðu hvata og hag af því að vera inni í sparisjóðunum sínum áfram.

[18:15]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég mótmæli því að ég hafi hér verið að tala niður til stofnfjáreigenda. Ég var þvert á móti að lýsa því sem fram kom fyrir nefndinni að í sjálfu sér væri eftirsóknarvert og hluti af enduruppbyggingu sparisjóðakerfisins að tryggja að stofnfjáreigendur sæju sér hag í því að vera þar inni áfram. Meðal annars með tilliti til þess var ákvæðum frumvarpsins um arðgreiðslur breytt við 2. umr.

Ég vil einnig segja það hér að það er ekki eðlilegt að

láta eitt yfir alla sparisjóði ganga í þessum efnum. Það væri ekki réttlátt, þvert á móti væri það mjög ranglátt vegna þess að þeir eru alls ekki jafnsettir. Það var upplýst fyrir nefndinni að sumir sparisjóðanna eru með jákvæða eiginfjárstöðu, staða annarra er í járnum en hins vegar er meiri hluti þeirra laskaður og þarf á aðkomu ríkissjóðs að halda.

[18:16]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Valið sem stofnfjáreigendur í sparisjóðum hafa stendur á milli þess að ríkið komi inn með nýtt stofnfé og að stofnfé þeirra sé fært niður á grundvelli þessara laga og annarra laga, það er annar kosturinn. Hinn kosturinn er að starfsleyfið verði afturkallað. Það eru engir aðrir kostir. Ef svo væri ekki og ef það væru þeir eftirsóttu fjárfestingarkostir sem hv. þingmaður Álfheiður Ingadóttir benti á mundu þeir einfaldlega koma inn með nýtt stofnfé, ríkið þyrfti hvergi nærri að koma, svo einfalt er málið.

Að stofnféð sé ekki fært niður í núll í sparisjóði sem kominn er með neikvætt eigið fé stangast algjörlega á við ummæli varaformanns hv. viðskiptanefndar sem talar um að stofnfé yrði á markaðsverði vegna þess að í sparisjóði þar sem eigið fé er neikvætt er stofnféð einskis virði samkvæmt öllum markaðslögmálum. Það er því einfaldlega ekki rétt miðað við þetta að það verði ekki fært niður í núll ef það verður fært niður. Það rekst því hvað á annars horn í röksemdafærslunni, að þessir zombie-bankar sem verið er að stofna verði eftirsóttir fjárfestingarkostir, það er alrangt og ber vott um grundvallarmisskilning á því um hvað málið fjallar raunverulega.

[18:18]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Það hefði verið fróðlegt að heyra hv. þingmann Álfheiði Ingadóttur svara því í andsvari sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson beindi til hv. þingmanns. Mér fannst í besta falli koma fram í ræðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur einhvers konar grundvallarmisskilningur. Hv. 10. þm. Reykv. n. Álfheiður Ingadóttir er að reyna að slá á áhyggjur sem komnar eru til af góðum ástæðum. Ekki hefur verið notað tækifærið til að útlista að ekki verði farið með stofnfé niður í núll í nefndinni eða í störfum hennar eða að ganga þannig frá frumvarpinu að það verði ekki gert. Stjórnarliðar hafa ekki komið hér í umræðuna og slegið á áhyggjur eins hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson lýsti og hefur það í rauninni verið þvert á móti.

Í lok umræðunnar kemur hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og upplýsir okkur um að það verði gert. En hv. þingmaður segir að það sé í rauninni ekki hlutverk ríkisstjórnarinnar að fara út vegna þess að það sé miklu frekar hlutverk hennar að fara inn, þ.e. að ríkið fari inn, það sé svo stórt verkefni að það þýði ekkert að hugsa um hitt. Þarna er ákveðinn grundvallarmisskilningur á ferð því að ef menn trúa því að sparisjóðirnir séu gott rekstrarform — og nú er ég að vísa í allar þessar ræður sem stjórnarliðar héldu þegar þeir voru í stjórnarandstöðu um að það form sé betra en annað. Hvers vegna? Vegna þess að það er gott að hafa stofnfjáreigendur, þeir hafa sérþekkingu á viðkomandi svæði og veita rekstrinum aðhald, við erum búin að heyra þetta allt saman. Ef við ætlum að ná því markmiði sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir ræddi um, að ríkið fái fjármuni sína til baka, hlýtur það að vera lykilatriði að stofnfjáreigendurnir komi eins sterkt að og mögulegt er.

Að menn séu ekki búnir að nota tækifærið og tímann til þess að útfæra þetta er algjörlega óskiljanlegt að því gefnu að menn trúi því sem þeir segja, sem mér finnst ekkert sjálfgefið. Ef menn segja síðan eins og Álfheiður Ingadóttir sagði: Verkefnið er ekki að fara út, það er að fara inn, þá trúa þeir því. Og síðan í hinu orðinu: Við þurfum að sjá til þess að ríkið fái fjármuni sína til baka, trúa þeir því að það skipti nákvæmlega engu máli að stofnfjáreigendur séu aðilar að viðkomandi sparisjóði, það sé einhvers konar „gimmick“. Ef menn trúa því að það sé gott fyrir rekstur sparisjóðsins hljóta menn nú þegar þeir ganga frá þessu að leggja fram áætlun um það hvernig þeir geta verið áfram stofnfjáreigendur, hvernig þeir geta komið inn og hvernig hægt er að fjölga þeim. Það er ekki gert.

Ég gef lítið fyrir að menn komi hér í lok umræðunnar með einhverja örstutta ræðu um þessa hluti. Það er augljóst, virðulegi forseti, að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir taldi að hér væri verið að ganga frá heildarumgjörð um sparisjóðina, lagaumgjörð, þetta þykir vera björgunaraðgerð, þetta er heildarumgjörðin.

Fjármálaráðuneytið sagði sérstaklega við okkur á síðasta fundi áður en gengið var frá þessu: Takið betri tíma í þetta. Það er alveg ljóst að það er engin umgjörð um hvernig menn geta orðið stofnfjáreigendur eða um neina slíka hluti, það er ekkert farið í það. Við bárum þetta ekki saman við nágrannalöndin og það er engin framtíðarsýn á sparisjóðina í breyttu umhverfi, það er ekki neitt. Hv. þm. Eygló Harðardóttir hefur hvað eftir annað kallað eftir því að gerður verði samanburður við önnur lönd. Það var ekki gert, ekki neitt, ekki af hálfu ráðuneytisins, því síður nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Það miðar allt að því að klára þessa umræðu þannig að hægt sé að skófla þessu máli í gegn eins og öðrum málum með einhverjum hraði og það eru vinnubrögð meiri hlutans. En það er pínulítil kaldhæðni í því — þetta er svona í framhjáhlaupi — þegar hv. þm. Álfheiður Ingadóttir kom hér og gumaði sérstaklega af því að búið væri að setja í lögin að ef tap væri á viðkomandi sparisjóði mætti ekki greiða út arð. Ég minni á að undir forustu Vinstri grænna byrjaði Orkuveita Reykjavíkur á því að prefalda arðinn alveg burtséð frá því hvort tap eða hagnaður (Forseti hringir.) væri á því fyrirtæki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskipulagning rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál (stofnun hlutafélags, heildarlög). — Þskj. 162, frhnál. 236 og 246.

[18:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir framhaldsnefndar-

áliti til umræðu frá meiri hluta hv. efnahags- og skattanefndar. Málið var hér til meginefnisumfjöllunar við 2. umr. og er í sjálfu sér litlu við það að bæta. Nefndin gerir lítils háttar breytingartillögu sem felst í því að víkja aftur að upphaflegri gerð frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir þeim möguleika að sú bankasýsla sem unnið er að því að setja á fót í landinu geti farið með eignarhaldið í eignaumsýslufélaginu sem á að aðstoða bankana, einkum með ráðgjöf, við að endurskipuleggja fjárhag rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja sem eru í viðskiptum við ríkisbankana eða þær fjármálastofnanir sem ríkið hefur þurft að koma að með einum eða öðrum hætti. Þetta er valkvætt og því ekki nauðsynlegt að frumvarpið um Bankasýsluna nái fram að ganga eða að hún verði stofnuð því að þá stendur eftir sem áður sá möguleiki að hæstv. fjármálaráðherra fer með hlutabréfið og getur skipað í stjórnina. En hann getur eigi að síður framselt hlutabréfið til bankasýslunnar verði hún sett á fót og þá færu stjórnendur hennar eðli málsins samkvæmt með hlutabréfið í eignaumsýslufélaginu á aðalfundi eignaumsýslufélagsins.

Þetta er mál nr. 1 á yfirstandandi þingi og breytingartillöguna er að finna á þskj. 236. Markmið málsins, svo því sé stuttlega lýst, er fyrst og fremst að hraða fjárhagslegri endurskipulagningu atvinnufyrirtækja í landinu. Eins og kunnugt er eru fjölmörg fyrirtæki í landinu sem eiga í miklum skuldavanda en eru rekstrarhæf að öðru leyti og við þetta verkefni eru viðskiptabankarnir að fást á hverjum degi og oft með miklum ágætum. Hér er einkum að því hugað að safna upp sérþekkingu til þess að veita þar um ráðgjöf og sömuleiðis að veita upplýsingar um þennan sérstaka þátt í starfsemi hinna nýju ríkisbanka. Sú breyting sem helst hefur orðið á málinu í meðförum nefndarinnar er annars vegar upplýsingagjöfin og hins vegar hefur verið undirstrikuð sú áhersla meiri hlutans að hugmyndin sé ekki sú að þetta fyrirtæki taki yfir eða ríkisvæði hvert fyrirtækið á fætur öðru heldur aðstoði það fyrst og fremst við að endurskipuleggja fjárhag fyrirtækjanna sem eru í viðskiptum í bönkunum. Að þau verði endurskipulögð hjá bönkunum án þess nokkurn tíma að lánasamningar þeirra eða eignarhald fari til þessa félags þó að enn sé þeim möguleika haldið opnum að það geti gerst í undantekningartilfellum.

Þessar áherslur eru auðvitað fyrst og síðast lagðar vegna þess að það skiptir verulega miklu máli að við höldum sem flestum atvinnufyrirtækjum í einkaeigu úti á hinum frjálsa markaði til þess að nýta það afl og þá atorku sem þar er að finna og að ríkisvaldið þurfi í sem allra fæstum tilfellum að hlutast til um eignarhaldið og þá aðeins tímabundið. Er m.a. gert ráð fyrir því í frumvarpinu að félagið sem hér um ræðir sé sett upp í takmarkaðan tíma eða í liðlega fimm ár og hafi þá lokið starfsemi og hlutverki sínu þannig að þessi afskipti ríkisins eru ekki komin til að vera.

[18:28]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp sem er ætlað að stofna opinbert hlutafélag til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja.

Það er rétt sem hv. þm. Helgi Hjörvar benti á í framsögu sinni hér við 3. umr. að þetta mál á sér nokkurn aðdraganda. Það er kannski rétt að rifja það upp að í tíð minnihlutastjórnarinnar sem naut stuðnings okkar framsóknarmanna gagnvart vantrausti var það mikið keppikefli hjá hæstv. ríkisstjórn að koma máli sem þessu í gegn. Reyndar var það gjörsamlega ólíkt því máli sem við ræðum hér vegna þess að það frumvarp hafði það yfirbragð að þar væri um að ræða umfangsmikið félag sem ætti að yfirtaka fyrirtæki í allmiklum mæli, a.m.k. var sá misskilningur á ferðinni í umræðunni, sérstaklega hjá mörgum gestum sem komu þá á fundi nefndarinnar. Þar getum við nefnt Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands sem lögðust eindregið gegn samþykkt þess frumvarps enda þótti okkur heilmikill ríkisafskiptastimpill á öllu því frumvarpi.

Það fór heilmikill spuni í gang þegar í ljós kom að við framsóknarmenn sögðumst leggjast gegn því frumvarpi og náði það mál þar af leiðandi ekki fram að ganga í ljósi þess að sú stjórn studdist ekki við meiri hluta á Alþingi og aðrir stjórnarandstöðuflokkar voru á móti því frumvarpi sem við ræddum þá. Í kjölfar kosninganna lagði hæstv. ráðherra fram nýtt frumvarp sem lagt var fyrir efnahags- og skattanefnd og við áttum mikla umræðu um það hér á dögunum við 2. umr. en frumvarpinu sem hæstv. ráðherra lagði þá fram hefur verið breytt í öllum grundvallaratriðum. Það má því segja að þingið hafi nú komið vilja sínum nokkurn veginn fram í þessu stóra máli og ég held að menn geti sagt eftir á að það hafi verið ágætt að það frumvarp sem minnihlutastjórnin mælti fyrir fyrir síðustu kosningar hafi ekki náð fram að ganga, ég held að menn séu almennt sammála um að það hafi margt breyst til mikilla bóta í þessari vinnu þó að sitt sýnist hverjum núna í lokaumræðunni um málið sem er mjög mikilvægt hvað snertir endurreisn íslensks atvinnulífs.

Við 2. umr. flutti ég nefndarálit, minnihlutaálit, og gerði miklar athugasemdir við það hvernig skipa ætti í stjórn þessa félags. Umræðan hér var mjög uppbyggileg og málefnaleg, fannst mér, sama úr hvaða flokki menn komu. Við skiptumst á skoðunum og það var mjög vel tekið í að skoða það sérstaklega á milli 2. og 3. umr. hvernig í þessa stjórn skyldi skipa. Sjálfur hafði ég mikla trú á því að tekið yrði tillit til þeirra sjónarmiða sem við lögðum upp með, annars vegar að skoða þann möguleika hvort við ættum að setja á fót sérstaka valnefnd sem mundi tilnefna í stjórn sem ráðherra gæti síðan staðfest eða breytt eftir efnum, eða það að fleiri enn einn aðili mundu skipa í stjórn þessa félags.

Breytingartillagan sem kemur nú út úr hv. efnahags- og skattanefnd er á þann veg að við 3. mgr. 2. gr. bætist nýr málsliður sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Fjármálaráðherra er heimilt að framselja eignarhlutinn til Bankasýslu ríkisins.“

Bankasýslan er mál sem er seinna á dagskrá þessa fundar og tengist þar af leiðandi þessu máli nú. Ef við kynnum okkur hvað stendur í því frumvarpi sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um stofnun sem mun verða gríðarlega valdamikil og undir munu heyra viðskiptabankarnir og væntanlega sparisjóðirnir sem fara á að ríkisvæða. En áður en ríkisstjórnin tilkynnti þessi áform sín um ríkisvæðingu sparisjóðanna bendi ég á að ríkið hafði 90% markaðshlutdeild á

fjármálamarkaðnum í gegnum stóru viðskiptabankana þrjá og þau fjármálafyrirtæki sem hafa verið tekin yfir í framhaldi af hruninu. Það er því ekki nóg að ríkið sé eigandi 90% fjármálamarkaðarins heldur á nú að bæta í og sölsa undir það marga sparisjóði sem eru hornsteinar í sinni heimabyggð og hafa skipt mörg byggðarlög vítt og breitt um landið miklu máli, lagt verulega mikið til samfélaganna, sérstaklega á mörgum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli á landsbyggðinni. Það er sem sagt hugmyndin að þeir ríkisvæddu sparisjóðir fari undir Bankasýslu ríkisins rétt eins og þetta opinbera hlutafélag sem á að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja. Meiri hluti nefndarinnar leggur það til að fjármálaráðherra megi einfaldlega ráða því hvort hann skipi stjórn þessa félags einn og sér eða hvort Bankasýslan eigi jafnvel bara að skipa í stjórnina sem handhafi alls hlutafjár í þessu og á hluthafafundi.

Þá velti ég því fyrir mér, þegar kemur að störfum þessa opinbera hlutafélags og skipað er í stjórn þess félags af hálfu Bankasýslunnar, hvar ráðherraábyrgðin sé í málinu ef stjórnendur eða stjórn Bankasýslunnar skipar stjórn þessa félags sem getur tekið yfir fyrirtæki — það er ekkert loku fyrir það skotið — og ef það kæmi upp í framhaldinu að stjórn eða stjórnendur þess félags hefðu að einhverju leyti farið á svig við lög og reglur, var það þá fjármálaráðherra sem skipaði fulltrúa sína í þá stjórn? Nei, það voru fulltrúar Bankasýslunnar. Ég velti því þá fyrir mér hvað verði um pólitíska ábyrgð á störfum þessa félags ef fjármálaráðherra kýs svo að gera líkt og meiri hluti nefndarinnar er að heimila hæstv. ráðherra, að Bankasýslan geti tilnefnt í stjórn þessa félags.

Mér finnst þetta í raun og veru alveg þveröfugt við það sem við ræddum hér í 2. umr., um ábyrgð stjórnmálamanna og þá sérstaklega ráðherra. Ég talaði fyrir því að auðvitað ætti ráðherra að skipa í þessa stjórn en ekki einn, það mætti koma til greina að viðskiptaráðherra skipaði einhverja, Seðlabankinn, jafnvel aðilar vinnumarkaðarins, bara að tilnefningin kæmi ekki frá einum einstökum ráðherra. Af hverju segi ég það? Ég segi það vegna þess að þó að hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon sé vandaður maður að virðingu sinni og ágætur félagi á vettvangi Alþingis, þá gæti verið að annar stjórnmálamaður væri orðinn fjármálaráðherra eftir mánuð (Gripið fram í.) og hvaða völd er verið að gefa þeim hæstv. ráðherra? Jú, hann getur skipað fimm manna stjórn og segjum sem svo að sá ráðherra sé úr Samfylkingunni, þá gæti hann skipað fimm einstaklinga úr flokksráði Samfylkingarinnar í stjórn þessa félags.

Minnir það ekki dálítið á liðna tíð? Auðvitað verða stjórnvöld að einhverju leyti alltaf að koma að skipan stjórna sem þessara en ég hefði viljað sjá að skipan í stjórn kæmi frá fleiri en einum aðila. Í raun og veru sé ég ekki rökstuðninginn fyrir því af hverju svo megi ekki vera, ég sé það einfaldlega ekki. Þegar við horfum upp á það að ríkið er komið með 90% af fjármálastarfseminni í landinu og ætlar að sölsa einhvern hluta af restinni, 10%, undir sig með því að ríkisvæða sparisjóðina, velti ég því fyrir mér á hvaða vegferð við erum og þá sérstaklega á hvaða vegferð ríkisstjórnin er. Við horfum til hafta, gjaldeyrishafta sem sett hafa verið á. Þau hafa verið hert og gefið hefur verið í skyn að þau muni þurfa að herða enn frekar.

Það var einmitt í tengslum við heimskreppuna upp úr 1930 sem við Íslendingar settum á höft. Þá voru fjármálastofnanir líka í eigu hins opinbera að mestu leyti. Það tók 50 ár fyrir íslenskt samfélag að losa sig út úr því haftasamfélagi. Hér horfum við upp á að verið er að stofna Bankasýslu ríkisins og stofna opinber hlutafélög til þess jafnvel að taka yfir rekstrarhæf félög. Á hvaða vegferð erum við í samfélaginu? Mér finnst eins og við séum komin marga áratugi aftur í tímann, því miður, og það geti tekið þó nokkurn tíma að koma okkur aftur til nútímans, aftur til þess að fólk geti átt eðlileg gjaldeyrisviðskipti. Getur verið að við endum líkt og hjá Húsnæðismálastjórn forðum þegar þar sátu fulltrúar stjórnmálaflokkanna í stjórn og fólk fékk afhent húsnæðislán á grundvelli flokksskírteinis? Gjaldeyrishöft hljómaði fyrir nokkrum mánuðum síðan sem fáránlegur valmöguleiki, þetta var svo fjarlægt. En þróunin til hins verra, að mér finnst, í samfélaginu er mjög hröð og ég velti því fyrir mér hvort við gætum með síaukinni ríkisvæðingu í samfélaginu horft upp á hluti sem menn horfðu því miður upp á fyrir nokkrum áratugum og allir hafa viljað hverfa frá.

Þess vegna sit ég eftir með þá spurningu hvers vegna í ósköpunum stjórnarliðar vilja að einungis einn ráðherra hafi alræðisvald yfir því hverjir sitja í stjórn þessa félags og hvers vegna menn hafi ákveðið að opna á þann möguleika fyrir hæstv. ráðherra að fela Bankasýslu ríkisins, sem hann skipar líka stjórnina í einhliða, að skipa stjórn þessa félags. Ég spyr enn og aftur: Hvar er þá ráðherraábyrgðin? Hver mun bera ábyrgð ef eitthvað fer úrskeiðis í stjórnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja? Því það er kominn milliliður, það eru komnir aðilar þarna á milli þannig að ráðherrann er í raun og veru kominn frá þessu, en vel að merkja, fulltrúar hans sem við vitum ekkert hverjir verða vegna þess að það má ekki tilnefna valnefnd og það má ekki láta neina aðra koma að tilnefningum í stjórn Bankasýslunnar, hún mun skipa þessa stjórn. Ef við setjum hlutina upp á versta veg og segjum sem svo að valinkunnir flokksgæðingar verði í stjórn Bankasýslu ríkisins og Bankasýslunni verði falið að skipa stjórn þess félags sem við ræðum hér, er þá ekki einhver hætta á því að þeir aðilar skipi skoðanabræður sína og samstarfsfélaga í stjórn þessa félags?

Nú er ég ekkert endilega að tala út frá þeirri ríkisstjórn sem nú situr, ég bið menn að hafa það í huga. Hvað gerist ef það verður kominn einhver annar fjármálaráðherra eftir tvo mánuði, einhver önnur ríkisstjórn? Ég ætla hæstv. fjármálaráðherra ekki svo illan hlut að hann ætli sér að gera þetta en við getum ekki staðið að lagasetningu á Alþingi sem byggir á trúnaðartrausti gagnvart einum stjórnmálamanni því að þeir koma og fara eins og frægt er orðið.

Við hljótum líka að velta því fyrir okkur, frú forseti, hver eigendastefnan sé gagnvart þessu félagi eða Bankasýslunni. Hún liggur ekki fyrir. Í raun og veru vitum við lítið um framtíðaráform stjórnarflokkanna þegar kemur að því hversu umfangsmikil þessi félög verða. Aðilar sem hafa komið með umsagnir um þessi mál hafa lýst því yfir að eigendastefna sé algjört lykilatriði í því þegar kemur að stofnun þessara félaga. Nú ræðum við hér í 3. umr. um stofnun þessa opinbera hlutafélags og eigendastefnan liggur ekki

fyrir. Er það svo að Alþingi eigi einfaldlega að stimpla frumvörp sem þetta og síðan verði það fjármálaráðherrans og ríkisstjórnarinnar að móta eigendastefnuna um eitthvert heljarinnar batterí eftir að við höfum samþykkt þetta frumvarp? Hvers vegna bíðum við ekki með að klára afgreiðslu á þessu máli þangað til eigendastefnan liggur fyrir?

Ég held að ég þurfi ekki að minna hv. þingmenn á að fjárlagavaldið liggur hjá Alþingi og við eigum að reyna að hafa stjórn á því hvernig fjármálum ríkisins er háttað. En með því að samþykkja þetta frumvarp án þess að hafa fyrir framan okkur neina eigendastefnu er algjörlega óljóst hvert stjórnarflokkarnir ætla að stefna með þetta batterí.

Þegar menn tala um það, og ég er viss um að menn hafa ágæta hugsun í því, að þetta félag eigi einungis í undantekningartilvikum að taka yfir rekstrarhæf félög vil ég minna á að við lifum á mjög sérstökum tímum, það er hægt að kalla þetta undantekningartíma. Við lifum eina sögulegustu tíma í sögu lýðveldisins þegar kemur að fjármálum ríkisins og almennt og stöðu atvinnulífisins þannig að það getur verið að taka þurfi margar ákvarðanir sem menn geti rökstutt í ljósi þess að um undantekningartilvik sé að ræða, að algjört hrun hafi orðið hér og þar og því þurfi menn að grípa til þess að þetta félag taki viðkomandi fyrirtæki yfir.

Allt byggist þetta á því, frú forseti, hverjir stýra þessu félagi og við komum alltaf aftur og aftur að sömu spurningunni: Er eðlilegt að einungis einn aðili úr einum ranni frá hæstv. fjármálaráðherra, að hæstv. fjármálaráðherra skipi einn stjórn Bankasýslunnar eða þessa félags? Vegna þess að með breytingartillögunni tengjast þessi mál óhjákvæmilega og þau frumvörp sem við ræðum nú og trúlega síðar í kvöld eða á morgun og við hljótum að velta því fyrir okkur hvað verði um ráðherraábyrgðina með þessari breytingartillögu ef eitthvað fer úrskeiðis hjá þessu félagi, þ.e. ef Bankasýslan á að skipa stjórn þessa félags.

Ég held líka að það sé mikilvægt að á sumarþinginu, því miður sést ekkert til lands í því, komum við á fót einhverjum reglum sem fjalla um sölu á eignarhlutum ríkisins, þ.e. að þær reglur verði lögfestar á þinginu en ekki eins og verið hefur í gegnum árin einungis settar með reglugerð af einum ráðherra. Ríkisendurskoðun hefur bent á að það sé nauðsynlegt að Alþingi fjalli um slíkar reglur, fari í gegnum umræðu um það í nefndum þingsins og að á endanum staðfesti Alþingi þessar reglur, því að það verður gríðarlegt verkefni að koma eigum ríkisins aftur í eigu einkaaðila því að ríkið á orðið svo gríðarlega mikið í íslensku samfélagi í dag og það er mikilvægt að við þá meðferð séu reglurnar gegnsæjar og að eftir þeim verði farið. Þess vegna er mikilvægt að fulltrúar allra stjórnmálaflokka, stjórn og stjórnarandstaða, komi að því að setja slíkar reglur á vettvangi þingsins. Þar sem ríkisstjórnin í orði kveðnu segist ætla að reyna að koma eignum ríkisins sem fyrst í verð hefði ég haldið að það ætti að vera eitt af forgangsmálum hennar á sumarþinginu að leggja fram frumvarp um slíkar reglur þannig að við hefðum getað fjallað um það í þinginu í sumar og afgreitt málið þannig að ráðherrar byggju við eitthvert umhverfi, reglur sem Alþingi hefði sett í því vandasama hlutverki sem það er að einkavæða eignir ríkisins að nýju, a.m.k. að einhverjum hluta. Ekki viljum við sjá það þannig í framtíðinni að ríkið verði eignaraðili fjármálafyrirtækja sem eru með 90–95% markaðshlutdeild, ég held að mjög fáir í þessum sal sjái það fyrir sér. Þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða og hefðum þurft að vera byrjuð að skoða á vettvangi þingsins.

Ég vil minna á það, frú forseti, að það skiptir máli í þessari endurreisn að við höfum víðtækt samráð og ég verð að segja það — um leið og ég hæli formanni nefndarinnar, hv. þm. Helga Hjörvar, fyrir það hvernig hann að mörgu leyti hefur haldið á málinu og þó að okkur greini á í lokaafgreiðslunni tel ég að hv. þingmaður hafi reynt sitt besta til þess að ná fram einhverri málamiðlun þannig að við getum öll verið sammála um þessi mál — að mér finnst miður, eins og ég hef áður sagt, að við skyldum ekki ná saman um það hvernig við skipum í stjórn þessa félags, því að það er lykilpunkturinn á því hvernig verður haldið á þessu máli og það er þess vegna sem ég mun ekki greiða þessu frumvarpi atkvæði mitt.

Eins og ég minntist á áðan, og það væri ágætt að fá svör við því varðandi þetta félag og hvernig það verður, sjá hv. þingmenn meiri hlutans það fyrir sér að meiri hluti stjórnenda eða stjórn þessa félags verði erlendir, kannski allir? Eða hafa menn þá framtíðarsýn fyrir hönd íslensks samfélags að Íslendingar komi líka eitthvað að endurreisn íslensks samfélags? Við höfum heyrt það utan að okkur að erlendir aðilar eigi að vera mjög ráðandi í þessu. Nú veit ég ekki hvort sá orðrómur er réttur en mér finnst mikilvægt að við fáum það á hreint í þessari umræðu hver hugmyndafræði stjórnarliða er í þessum efnum þar sem ég tel að þeir eigi fleiri samtöl við hæstvirta ráðherra en við sem erum í stjórnarandstöðu á Alþingi Íslendinga. Mér finnst nefnilega skipta máli upp á sjálfsmynd okkar — þó að við þiggjum að sjálfsögðu góð ráð frá erlendum ráðgjöfum — að Íslendingar komi að einhverju leyti að þessari endurreisn vegna þess að það býr gríðarlegur mannauður í landinu og mikil þekking þrátt fyrir allt á fjármálum og þrátt fyrir allt sem á undan hefur gengið megum við ekki afskrifa okkur sem þjóð og tala okkur niður með þeim hætti vegna þess að ég tel að landið búi yfir miklum mannauði og mér finnst að Íslendingar eigi að koma að málum sem þessum, en að sjálfsögðu eigum við líka að leita ráða erlendis frá.

Frú forseti. Þetta mál er orðið margra mánaða gamalt. Við framsóknarmenn stóðum gegn því á vormánuðum að það frumvarp sem þá var til umræðu gengi í gegn og eins og ég sagði áðan held ég að menn séu almennt sammála um að það hafi verið heillaspor að við komum í veg fyrir það á sínum tíma í samstarfi við aðra í stjórnarandstöðunni. Ég er hins vegar efins um að rétt sé að afgreiða þetta mál í þessum búningi en ég skil óþreyju hv. þingmanna stjórnarliðsins fyrir því að koma þessu máli áfram vegna þess að eins og ég sagði áðan eru nokkrir mánuðir síðan það var fyrst lagt fram. Þá vil ég líka minna á að það var mjög takmarkaður áhugi á því á sínum tíma hjá þáverandi ríkisstjórn að taka mikið tillit til sjónarmiða aðila vinnumarkaðarins, Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins, og mér fannst vanta meiri tilraunir til þess að ljúka málinu á því vorþingi. Það var einfaldlega þannig að hæstv. fjármálaráðherra hafði komið fram og sagt: Þetta mál verður að afgreiða. Á honum mátti skilja að þetta mál hefði átt að afgreiða eins og hann hafði lagt það fram. Nú eru þessir sömu ráðherrar komnir í

þá skemmtilegu aðstöðu að vera með meiri hluta á þingi en ég vil þó minna á það og ég held að það sé ákveðin undantekning í störfum á Alþingi að þetta mál hefur samt tekið þó nokkrum breytingum til batnaðar þó að hæstv. fjármálaráðherra hafi lagt málið fram og hafi meiri hluta á þinginu og ég vil þakka hv. þingmönnum í efnahags- og skattanefnd fyrir ágætt samstarf í þessu máli.

Eins og ég minntist á áðan er þetta mál orðið nokkurra mánaða gamalt eins og svo mörg önnur mál hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég þreytist ekkert á að minna á það að við framsóknarmenn lögðum fram í febrúar efnahagsáætlun í 18 liðum sem ekkert var hlustað á og engum af þeim áætlunum þar, þó að vel hafi verið tekið í þær fyrst, hefur verið komið í framkvæmd. Það eru liðnir margir margir mánuðir síðan endurskipuleggja átti bankana, því hefur verið frestað skipti eftir skipti. Og ég man ekki betur en ríkisstjórnin hafi gefið það út að stýrivextir hér á landi ættu að vera orðnir stjarnfræðilega lágir undir áramótin en þeir eru 12%, einir þeir hæstu í vestrænum löndum, sem bitnar verulega á skuldugum heimilum og skuldugum fyrirtækjum og sú staðreynd sem hv. þm. Þór Saari benti á á fundi efnahags- og skattanefndar um daginn þegar við ræddum umdeilt mál sem Icesave-málið er þá er það svo að á fyrstu mánuðum þessa árs hafa tíu fjölskyldur flutt úr landi á hverjum einasta virkum degi. Þetta er sama fólkið og kallar á aðgerðir ríkisstjórnarinnar en því miður í hverju málinu á fætur öðru eru alltaf frestir.

Þegar ég tala um 12% stýrivexti hefur það komið fram hjá helstu sérfræðingum þjóðarinnar í þeim efnum að þeir hafi ekki verið lækkaðir vegna þess að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar var lengi vel framan af mörgum óljós, það vantaði stefnu í ríkisfjármálin. Það er þess vegna m.a. sem stýrivextir hafa ekki lækkað eins mikið og raun ber vitni. Síðan hafa stjórnarliðar hér á þingi og ríkisstjórnin verið dugleg í að hækka vísitölu neysluverðs með því að hækka neysluskatta sem í ofanálag á þessa gríðarlega háu stýrivexti hefur leitt til þess að lán heimilanna hafa hækkað um 13–14 milljarða kr. Það hljómar ankannalega hjá okkur þingmönnum sem höfum talað fyrir leiðréttingu skulda og lækkun skulda heimilanna að standa svo hér og horfa upp á ríkisstjórnarmeirihlutann í máli eftir máli hækka skuldir íslenskra heimila og fyrirtækja með alveg mögnuðum aðgerðum að ég vil segja. (**ÞÞH:** Skipulega.) Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson skýtur hér fram í að það hafi verið gert á skipulagðan hátt og það er alveg rétt. Mér hefur fundist alveg með ólíkindum að fylgjast hér með mörgum stjórnarliðumýta bara á græna takkann, samþykkt, skipti eftir skipti. Allir sammála því að hækka verð á bensíni, allir sammála því að hækka hitt og hækka þetta. Það er aldeilis agi á stjórnarliðum. Ég efast ekki um að þeir hafi engar efasemdir um að þetta ákvæði með stjórnina í þessu máli sé nokkuð yfir vafa hafið, jafnvel þó að aðrir stjórnmálaflokkar mundu komast að ríkisstjórnarborðinu eftir nokkrar vikur. Ætli málflutningur hv. þingmanna væri þá ekki öðruvísi? Maður hlýtur að spyrja sig að því.

Annars vil ég segja það að lokum, frú forseti, að við höfum talað hér fyrir samstöðu og samvinnu á vettvangi Alþingis, þingmenn stjórnarandstöðunnar, og þá á ég við alla þingmenn stjórnarandstöðunnar, hvort sem þeir koma úr Framsóknarflokki, Borgarahreyfingu eða Sjálfstæðisflokki. Við höfum lagt fram tillögur í efnahagsmálum sem ríkisstjórnin hefur því miður ekki tekið vel í, við höfum lagt fram hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur því miður ekki tekið vel í.

Ég verð að segja að ég varð hissa hérna áðan þegar ég sá hæstv. forsætisráðherra allt í einu í salnum vegna þess að hæstv. forsætisráðherra hefur eiginlega verið týnd í þingsölum undanfarna daga og vikur og alltaf sést minna og minna af hæstv. ráðherra. Ég velti því fyrir mér hvort það sé einfaldlega svo að þessir tveir flokkar ráði við stöðu mála eins og hún er í dag. Ég skynja ekki sama eldmóðinn hjá hæstv. ráðherrum Steingrími J. Sigfússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur og ég varð var við hér fyrir einu ári síðan. Mér finnst eins og þetta fólk sé orðið mjög þreytt og í raun og veru er uppistaðan í ræðuhöldum þeirra, upphafið og endirinn vanalega, um það hve þetta sé hrikalega erfitt verkefni sem þau eru að glíma við. Þess vegna er það hálfbroslegt þegar við í stjórnarandstöðunni komum hér í fullri einlægni og leggjum fram tillögu í mörgum liðum um hin ýmsu mál að ekkert er hlustað. Þetta eru reyndar ráðherrar sem telja sig greinilega vita meira en stjórnarandstaðan en ég vil halda því fram að innan stjórnarandstöðunnar séu margir hæfileikaríkir einstaklingar sem hafa margt gott til málanna að leggja. Þess vegna vil ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar og þingmönnum stjórnarmeirihlutans í efnahags- og skattanefnd fyrir gott samstarf í þessu máli þó að okkur skilji að á lokaspretti umfjöllunar um þetta mál, en það veldur mér líka vonbrigðum að afstaða stjórnarmeirihlutans gagnvart því hvernig stjórn þessa félags eigi að vera skipuð skuli vera með þessum hætti.

Mér finnst það í raun og veru afturhvarf til fortíðar þegar við erum að tala um að byggja upp nýtt Ísland að við skulum gera stjórnmálin að svo virkum þátttakanda í íslensku viðskiptalífi vegna þess að það er óumdeilt, hvar í flokki sem við stöndum, að stjórnmálaflokkar og atvinnulíf voru áratugum saman nátengd. Við höfum mörg hver, a.m.k. við sem ekki höfum ekki setið á þingi í áratugi, viljað hverfa frá því og þess vegna finnst mér varhugavert að fulltrúar eins manns, eins stjórnmálamanns, verði skipaðir í stjórn sem þessa án þess að nokkur utanaðkomandi aðili fái að koma þar nálægt. Ég hefði haldið að fyrir trúverðugleika ríkisstjórnarinnar og trúverðugleika hæstv. fjármálaráðherra væri best að hafa einhverja sem gætu sagt sitt álit á skipan í stjórn þessa mikilvæga félags.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að þessu sinni. Það getur vel verið að ég biðji aftur um orðið vegna þess að þetta mál er svo stórt og miklu stærra en það lítur út fyrir að vera og vegna þess að það er ekki loku fyrir það skotið að menn geti túlkað þá varnagla sem við þó setjum í þetta frumvarp mjög vítt og það verður að ganga varlega núna, ef svo má segja, um gleðinnar dyr þegar kemur að endurskipulagningu íslensks samfélags. Ég hef varað við því að við tengjum stjórnmálin og viðskiptalífið of mikið saman. Við þurfum að forðast það. Þó að stjórnmálamenn þurfi að sjálfsögðu að koma að tilnefningum í þessa stjórn tel ég það ekki eiga að vera á færi eins manns að tilnefna í slíka stjórn rétt eins og með Bankasýsluna sem mér sýnist verða miklu umfangsmeira batterí en við ræðum hér og þetta er þó

nokkuð sem við ræðum nú.

Ég á von á því að við eigum eftir að ræða þessi mál vel en ég hefði gjarnan viljað að frestuðum afgreiðslu á þessu máli þangað til einhver raunveruleg eigendastefna (Forseti hringir.) liggur fyrir hjá stjórnarflokkunum, hvað þeir ætla sér með stofnun þessa félags.

[18:58]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir ágæta ræðu. Hann fór ítarlega í gegnum frumvarpið en mér finnst vanta dálítið á. Hann talaði um valnefnd. Hvernig hafði hann hugsað sér að sú nefnd yrði skipuð, eða hugmyndir Framsóknarflokksins? Ég er eiginlega sammála honum um að það hefði verið betra að hafa einhverja aðila sem tilnefndu þá sem ráðherrann síðan velur úr eða eitthvað slíkt.

Síðan kom hv. þingmaður inn á dálítið merkilegt atriði sem ég man eftir að hæstv. forsætisráðherra gagnrýndi mjög oft eftir að bankarnir voru einkavæddir og það var upplýsingahuldin sem myndaðist við það. Hv. þingmaður gat um ábyrgð ráðherra og hvernig hún í rauninni hyrfi þegar komið væri eitt stig í viðbót. Hér er einmitt gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra sé heimilt að framselja eignarhlutinn til Bankasýslu ríkisins sem hann skipar, en hvað gerist þá með þetta fyrirtæki sem er orðið dótturfyrirtæki Bankasýslunnar? Og hvað gerist t.d. með 6. gr. þar sem talað er um gagnsæi eða að félagið skuli gera efnahags- og skattanefnd grein fyrir störfum sínum og fjármálaráðherra skuli tvisvar á ári gefa þinginu skýrslu, hvað gerist ef það hreinlega gerist ekki? Hvar eru viðurlögin, hvert getur maður snúið sér, hvert getur hv. efnahags- og skattanefnd snúið sér ef hún ætlar að kæra stjórn þessa fyrirtækis fyrir að gera ekki grein fyrir störfum sínum eða ef fjármálaráðherra gefur einhverja mjög þunna skýrslu sem segir ekki neitt? Hvað ætla menn að gera í þeirri stöðu? Þetta finnst mér ekki vera nægilega vel rætt og ég vildi spyrja hv. þingmann hvernig hann sér þetta fyrir sér.

[19:01]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi hugmyndirnar um valnefndina er ég alveg sammála hv. þingmanni um að það væri nokkuð spennandi ef fjármálaráðherra til að mynda tilnefndi formann valnefndar, Seðlabanki Íslands einn mann, aðilar vinnumarkaðarins skipuðu skipa einn eða tvo menn og fulltrúi frá háskólasamfélaginu einn mann. Síðan mundi þessi nefnd kannski tilnefna átta eða tíu manns og svo gæti hæstv. fjármálaráðherra valið úr því. Ég tel að við hefðum getað komist mun betur frá stjórnunarþætti þessa fyrirkomulags hér og gert það mun betra en orðið er.

Ég vil líka taka undir með hv. þingmanni að ég held að við fjarlægjum raunverulega ábyrgð stjórnmálamannsins Steingríms J. Sigfússonar með þeirri breytingartillögu sem meiri hlutinn leggur hér fram. Ég spyr, eins og ég gerði í fyrri ræðu minni: Hver mun bera ábyrgð á því ef eitthvað gerist innan þessa opinbera félags sem ekki stenst skoðun? Ekki fjármálaráðherra, hann skipaði ekki stjórn félagsins heldur voru það menn sem hann skipaði í stjórn Bankasýslunnar sem skipuðu viðkomandi aðila sem gerðust því miður brotlegir í því tilviki.

Ég spyr líka: Hvað ef þessi stjórn sinnir ekki upplýsingagjöf til Alþingis. Ég tek hjartanlega undir með hv. þingmanni, hér er í raun og veru verið að fjarlægja þetta „apparat“ og minnka ábyrgð stjórnmálamannsins fyrir vikið sem mér finnst vera þvert á það sem við höfum rætt um á undanförnum missirum um ábyrgð, þá sérstaklega ráðherra. Ég tek því undir með hv. þingmanni varðandi það. Ég spyr hv. þingmann að því í leiðinni, þar sem hann er reyndur sem fyrrverandi formaður þessarar nefndar, hvað honum finnist um að ekki skuli vera búið að móta eigendastefnu og að við séum að samþykkja þetta frumvarp án þess að vita hvað ríkisstjórnin ætlar sér með þetta félag.

[19:03]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi þetta síðasta, um eigendastefnuna, er það svipað og að sigla skipi án þess að hafa kompás eða eitthvað slíkt. Maður veit í rauninni ekki hvert maður er að fara og ég ætla ekki að svara því neitt frekar.

Ég hef áhyggjur af mörgu öðru en bara lánveitingum því að þetta fyrirtæki mun selja fyrirtæki. Segjum að það fari ekki að þeim gagnsæisreglum sem eiga að vera í gildi af því að það heyrir undir einhverja stjórn sem skipuð var einhvern tíma af fjármálaráðherra sem þá var og það selji fyrirtækin bara ákveðnum aðilum, t.d. flokksgæðingum einhvers flokks. Þá gerist það að menn fá ekki lengur vinnu á Íslandi nema að vera í réttum flokki.

Þegar ég var yngri kynntist ég afskaplega slæmum afleiðingum af svona fyrirbæri og ég er dálítið uggandi yfir því, sérstaklega þegar gjaldeyrishöftin koma. Þá fá sumir gjaldeyri og aðrir ekki, sumir geta keypt jeppa og aðrir ekki og menn fara að selja leyfin til þess að fá að kaupa bíla, selja leyfin til að fara til útlanda. Þetta er allt saman mjög uggvænlegt og þess vegna er ég dálítið hugsi yfir þessari síðustu breytingu að setja megi þetta undir Bankasýslu ríkisins vegna þess að það eru engin viðurlög við því hvað gerist ef þessi lög eru þverbrotin, ef menn selja vinum og vandamönnum fyrirtækin, ef menn breyta allri hugsuninni í dæminu og gefa ekki þær upplýsingar sem á að gefa eða gefa þunnar upplýsingar. Þetta er orðið mjög (Forseti hringir.) pólitískt og getur orðið hættulegt.

[19:05]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Meðan á nefndadögum stóð og farið var yfir þetta mál þurfti ég að sinna opinberum erindagjörðum úti í Strassborg og gat því miður ekki setið þá fundi nefndarinnar þegar gestir voru kallaðir til. En ég velti því fyrir mér og ég met það svo að breytingartillaga meiri hlutans breyti þessu máli til hins verra og það koma upp mörg spurningarmerki hjá mér þegar ég velti þessu máli fyrir mér.

Nú veit ég að hv. þm. Pétur H. Blöndal getur ekki komið aftur upp í andsvar en við hljótum að velta því fyrir okkur þegar menn breyta málinu í grundvallaratriðum, að mínu viti, er varðar skipan stjórnar félagsins hvort ekki hefði

þurft að fara ítarlega yfir það með umsagnaraðilum og fleiri sérfræðingum. Þá kannski sérstaklega varðandi ráðherraábyrgðina og hver ber ábyrgðina ef stjórnunarhættir þessa félags verða með þeim hætti að við þá verður ekki unað. Við horfum upp á þá staðreynd að það var ekki við ráðherrann að sakast, ráðherrann skipaði ekki stjórn þessa félags. Það voru aðilar sem ráðherrann skipaði í stjórn Bankasýslunnar sem skipuðu í þessa stjórn. Ég tel því að hér sé um að ræða miklu verra mál og að mínu viti hefði verið mun betra að sleppa þessari breytingartillögu vegna þess að hún dregur mögulega úr ráðherraábyrgð ef eitthvað vafasamt kemur upp í framtíðinni hjá einhverjum öðrum ráðherra, hjá einhverjum öðrum flokkum þess vegna. Við skulum ekki einskorða þetta bara við að hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon er hér við völd. Við höfum nú séð mörg merki þess að þessi ríkisstjórn verður ekki endilega svakalega langlíf, ég skal ekki um það segja, en það gæti vel verið að hún lifi ekki í tólf ár eins og hæstv. heilbrigðisráðherra hefur spáð. Þá koma einhverjir nýir að og er þá ekki betra að við höfum varnagla hvað varðar þessi ákvæði því að Steingrímur J. Sigfússon verður vonandi ekki fjármálaráðherra um ókomna tíð.

[19:07]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir ágætis yfirferð á frumvarpinu. Hann er búinn að svara því hvernig hann getur hugsað sér að skipa valnefndina en ég deili hins vegar þeim áhyggjum með honum af því að menn skipi þar flokksgæðinga í stjórnir, alveg sama hvaða stjórnmálaflokkur er í stjórn á hverjum tíma, og sporin hræða í því sambandi. (**SII:** Svo sannarlega.) Svo sannarlega.

Þá dettur mér í hug, af því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson er frá Siglufirði, frægt dæmi þaðan, ef ég man rétt, og hann mundi kannski vilja rifja það upp með okkur hvernig var staðið að sölu Síldarverksmiðju ríkisins í tíð Alþýðubandalagsins, ef það hét það þá.

Það sem mig langar líka að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi ekki líka áhyggjur af því að það muni koma enn þá fleiri fyrirtæki inn í þetta „apparat“ þar sem boðaðar hafa verið auknar álögur ríkisstjórnarinnar á atvinnulífið og heimilin.

Síðan vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki að skynsamlegra hefði verið — menn hafa velt upp mörgum spurningum um það, til að mynda varðandi ráðherraábyrgð og þar fram eftir götunum — að fara aðeins hægar í málið. Bankarnir hefðu þá getað séð um málið sjálfir, alla vega fram á haustið þangað til hægt er að leggjast yfir það og skoða það eins og þarf og eins það sem hér hefur komið fram.

Eins langar mig að spyrja hv. þingmann, af því að hann er þingreyndari en ég, hvort það sé ekki sérkennilegt að breytingartillaga sé sett inn í frumvarpið og vísað í, eins og gert hefur verið í þessu tilfelli, að framselja eignarhlutdeild í félaginu til Bankasýslu ríkisins sem enn hefur ekki verið stofnuð og það liggur ekki fyrir hvort hún verður stofnuð á þessu þingi. Hvað finnst honum um það?

[19:09]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Fyrst aðeins um yfirtöku á fyrirtækjum. Það kom kannski ekki nægilega skýrt fram hjá mér í ræðu minni að hugmyndafræðin í þessu frumvarpi er mun betri en í því frumvarpi sem lagt var fram á vorþingi, þar sem gert var ráð fyrir því samkvæmt textanum að gríðarlegur fjöldi mikilvægra fyrirtækja mundi fara þarna undir. En í þessu frumvarpi er sagt að taka eigi yfir rekstrarhæf fyrirtæki í undantekningartilvikum.

Segjum sem svo að þarna skipi ráðherrann einvalalið sem túlki undantekningartilvik dálítið vítt, því að það er ekki loku fyrir það skotið að þetta félag geti tekið yfir, gæti það orðið nokkuð umfangsmikið. Þess vegna skiptir stjórn félagsins svo ofboðslega miklu máli í þessu sambandi.

Varðandi auknar álögur á fyrirtæki er búið að hækka tryggingagjaldið. Við horfum upp á mikla verðbólgu og mörg fyrirtæki eiga í miklum erfiðleikum með að greiða laun og opinber gjöld. Ég tel að það sé gríðarlegur fjöldi af fyrirtækjum í miklum greiðsluerfiðleikum nú þegar og þau verða enn fleiri í haust. Hugmyndin í þessu frumvarpi er sem betur fer sú að bankarnir reyni að leysa vandamál þeirra fyrirtækja innan eigin veggja og að þetta félag eigi að hafa ákveðið eftirlit með því að sanngirni sé gætt á milli fyrirtækja þannig að ekki sé verið að mismuna mönnum, t.d. á grundvelli flokksskírteinis.

Enn og aftur komum við að því að það skiptir máli hverjir stýra þessu félagi og að það sé yfir allan vafa hafið hvernig að þeirri skipan er staðið. Ég tek því undir það með hv. þingmanni að það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af þessu.

Eins finnst mér það með ólíkindum, og hv. þingmaður er gleggri en ég að benda á það, að það eigi hugsanlega að setja þetta félag undir Bankasýsluna sem hefur ekki verið stofnuð, það er bara sagt að hún verði stofnuð. (Forseti hringir.) Er ekkert þingræði hérna lengur eða er þetta svona auðvelt hjá þessum meiri hluta að menn (Forseti hringir.) geti gefið sér fyrir fram að meiri hluti sé við málið áður en það kemur til atkvæðagreiðslu?

[19:12]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágætissvör. Það er ljóst að menn hafa miklar áhyggjur af því hvernig skipað verður í stjórnina. Þá langar mig að velta því upp, vegna þess að menn hafa víða skipað flokksgæðinga í stjórnir til að hlýða fyrirmælum ráðherranna, að ég held að komið hafi fram í fréttum — og hann getur hugsanlega staðfest það — að hæstv. fjármálaráðherra hafi lýst því yfir á framboðsfundi austur á fjörðum að þegar eitthvert ákveðið félag yrði komið í hans umsjón mundi hann sem ráðherra hugsanlega stýra því hvað það gerði. Mundi það ekki hræða hv. þingmann?

Ég benti á áðan hvernig staðið var að því að selja Síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, sem er heimabær … (**Gripið fram í:** Þormóð ramma.) Þormóð ramma? Fyrirgefið, já, það er ágætt að maður sé leiðréttur, það hefur verið Þormóður rammi. Það er það sem maður hræðist mest í

þessu, hvernig staðið var að sölu fyrirtækisins.

Síðan kemur á óvart, eins og hv. þingmaður benti á, að menn segi að þeir fari inn í félög sem ekki er búið að stofna samkvæmt lögum. Hv. þingmaður svaraði því ekki hvort bankarnir gætu hugsanlega séð um þetta þangað til búið væri að afgreiða málið og að menn gæfu sér lengri tíma til þess. Hvað finnst hv. þingmanni um hraðann á málinu?

[19:14]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef þá trú að stjórnendur bankanna gætu ráðið við þetta verkefni í framtíðinni og við gætum þess vegna slegið þessu á frest í ljósi þess að eigendastefnan liggur ekki fyrir. Við vitum í raun og veru ekki hvað ríkisstjórnin ætlar sér. Það sem við höfum heyrt hæstv. fjármálaráðherra og fleiri tala um er að ekki standi til að gera hitt og ekki þetta þegar við höfum spurt hvort það standi virkilega til að ríkisvæða atvinnulífið. Svo fáum við svör við því, að það eigi ekki að gera. Síðan spyrjum við hvort standa eigi vörð um sparisjóðina í landinu og hæstv. fjármálaráðherra segir að það eigi að gera það. En hvað horfum við svo upp á? Það á að ríkisvæða sparisjóðina. Er það að standa vörð um sparisjóðinn í sinni heimabyggð? Nei, takk fyrir.

Það er sem mér sýnist að þessir flokkar, sem margir hverjir hallast verulega til vinstri, hafi ofurtrú á því að best sé að reka fjármálakerfið og jafnvel stóran hluta af atvinnulífinu undir forræði hins opinbera. Það er það sem ég hræðist þrátt fyrir fögur fyrirheit hæstv. ráðherra og ég bendi frú forseta á, sem er eini stjórnarliðinn hér í þessum sal, að enginn þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er viðstaddur þessa umræðu. Það er voðalega leiðinlegt að tala um fjarstatt fólk, stjórnarliðar eiga að vera við umræðuna rétt eins og við í stjórnarandstöðunni. Þess vegna finnst mér það sárt, af því að ég reyni að vera ærlegur, að tala um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og það er enginn þingmaður frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í salnum. Þó erum við að tala um alveg ofboðslega mikilvægt mál sem hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon lagði höfuðáherslu á að yrði klárað í vor. Enginn vinstri grænn í salnum. Hvað er að marka málflutninginn hjá forustumönnum þessarar ríkisstjórnar?

[Fundarhlé. — 19:16]

[19:36]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslegra — nei, fyrirgefið, rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja. Þetta mál byrjaði hér í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar og þá fjallaði málið um að það ætti að stofna félag sem gæti yfirtekið þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Talað var um að þetta yrði takmarkað magn fyrirtækja og þetta ætti að vera til þess að hjálpa endurstrúktúreringunni á íslensku atvinnulífi. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og fyrirtækið hefur tekið miklum breytingum. Núna er aðalmarkmið þess að tryggja skjóta úrlausn fjármálafyrirtækja á skuldavanda rekstrarhæfra fyrirtækja með því fyrst og fremst að tryggja hlutlæga, sanngjarna, gagnsæja skuldameðferð, ráðgjöf um það, að teknu tilliti til sjónarmiða um jafnræði og samkeppni. Þetta er allt saman gott.

Ef við lítum aðeins yfir hvernig haldið hefur verið á málum í fjármálakreppum hér í kringum okkur — reyndar getum við farið alla leið til Asíu — þá hafa menn sammælst um að meginkostir þess að vera með eignaumsýslufélög séu að þau skapi stærðarhagkvæmni, að sérfræðiþekking á endurskipulagningu er yfirleitt af skornum skammti og það geti verið ábati af því að hún sé saman komin á einum stað. Sérstaklega á þetta við eftir langvarandi uppgang eins og við höfum upplifað hérna undanfarin — allt frá 1995 með undantekningu 2001 og 2002.

Þá er mögulegt þar sem um meiri fjölda eigna er að ræða en í hverjum einstökum banka að hægt sé að búa til seljanlegri pakka en ella. Þetta á einkum við um lánasöfn. Miðlæg eign á lánasöfnum gerir samningsstöðu við lánardrottna betri. Þetta rýfur tengsl á milli lántakenda og banka sem gerir innheimtu hugsanlega auðveldari. Þetta auðveldar bönkum að einbeita sér að hefðbundinni starfsemi, eykur líkurnar á skipulegri endurreisn og setur alla við sama borð þar sem verklagsreglur verða einsleitar. Það hefur reyndar gætt svolítils misskilnings hjá þingmönnum og aðilum atvinnulífsins um að einsleitar verklagsreglur muni verða til þess að samkeppnistækifærum verði eitthvað meira ábótavant en ella. Ég held að það sé misskilningur vegna þess að þetta á að byggja fyrst og fremst á að tryggja jafnræði. Hægt er að gefa eignaumsýslufyrirtækjum sérstök völd sem eykur líkur á endurheimtu lána og endurskipulagningu fyrirtækja.

En það eru líka gallar og þeir hafa verið raktir hérna nokkuð í þessari umræðu. Bankar standa mun betur að vígi en eignaumsýslufélög þar sem þeir hafa safnað skipulega upplýsingum um skuldunauta sína en eignaumsýslufélögin þurfa þá að fá upplýsingar frá bönkunum, sem skapar millilið. Að staðsetja eignarhald í bönkum skapar meiri hvata til þess að endurheimta lán og að koma í veg fyrir tap í framtíðinni vegna þess að hvatarnir í eignaumsýslufélögum eru ekki í þá áttina. Bankar geta útvegað fjármögnun sem alltaf þarf við endurskipulagningu fyrirtækja og ef eignir eru færðar til eignarhaldsfélaga er ekki lengur um virka stýringu að ræða sem getur skaðað greiðsluviljann og leitt til áframhaldandi eignabruna, og það er nær óframkvæmanlegt að tryggja sjálfstæði eignaumsýslufélaga frá stjórnmálunum. Sérstaklega á þetta við þegar um er að ræða stóra hluta bankakerfisins eins og er hér á landi. Við sáum það mjög vel í umræðunni áðan að þetta voru helstu áhyggjur hv. þingmanns sem mælti fyrir minnihlutaáliti þá, það var með stjórnina.

Helsti ágallinn sem ég sé á þessu félagi, þó svo að ég hafi skrifað upp á meirihlutaálit, er nákvæmlega sá sem var talað um, hvernig valið er í stjórn félagsins og því hef ég verið því meðfylgjandi að eignarhlutinn verði framseldur til einhvers konar eignaumsýslufélags. Það þýðir aftur á móti ekki að ég sé sammála því að framselja eignarhlutann til Bankasýslu ríkisins vegna þess að ég hef svo miklar athugasemdir við það fyrirbæri að ég set mjög mikinn fyrirvara við þetta ákvæði.

Jafnframt, ef litið er yfir heildina á þessu öllu saman, þá virðist þetta stangast þó nokkuð hvert á annað, þessi hugmynd um opinbert hlutafélag til að stuðla að endurskipulagningu atvinnufyrirtækja, hugmyndin um Bankasýslu ríkisins, hugmyndin um kjaranefnd, þ.e. að gera laun forsætisráðherra að hæstu launum í hinu opinbera kerfi og síðan það sem var rætt hér fyrr í dag, frumvarpið um hvernig eigi að koma sparisjóðunum til bjargar.

Ef ég byrja á því hvernig þetta tengist sparisjóðunum. Jú, hér í þessu frumvarpi, þ.e. um eignaumsýslufélagið, er mikill áhersla — það var mikil áhersla lögð á það í nefndinni að það ætti að reyna að halda eigendum inni til þess að halda þekkingu, tengslum, viðskiptavild og öðru slíku hjá eigendum og starfsmönnum til þess að fyrirtækin í fyrsta lagi lendi ekki í ríkiseigu beint en fyrst og fremst til þess að félögin yrðu starfshæfari en ella. Þetta prinsipp sem er talað um í þessu frumvarpi eða var andinn í umræðu nefndarinnar er þverbrotið í frumvarpinu um sparisjóðina vegna þess að þar á einfaldlega að stroka eigendurna út og ríkisvæða sparisjóðakerfið. Það er raunverulega þvert á það prinsipp sem við höfum talað um.

Síðan ef við förum yfir í Bankasýsluna þá var nefndarálitið tekið út, getum við sagt, í skjóli nætur. Því miður gat ég ekki verið vegna anna annars staðar, reyndar erlendis, á fundinum þar sem ákveðið var að taka frumvarpið um Bankasýsluna út. Það voru tínd út að minnsta kosti tvö frumvörp þannig að í nefndaráliti er talað um að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins reyndar líka hafi einfaldlega ekki verið á fundinum þannig að við fengum ekki nægt tækifæri til þess að fjalla um þetta eins og ég mun koma að síðar.

Það eru miklir ágallar á frumvarpinu um Bankasýslu ríkisins og helst þeir að þetta eigi að vera í stofnun. Það á að stofna ríkisstofnun sem mun halda á eignarhlutum bæði í fjármálafyrirtækjum og þá í þessu eignaumsýslufélagi og það hefur nokkrar afleiðingar í för með sér. Það fyrsta er að það hefur mikið verið talað um það af þeim sem hafa hvatt til stofnunar þessa félags, Bankasýslu ríkisins, að hægt yrði að ráða til dæmis erlendan forstjóra. Það verður ekki hægt vegna þess að erlendur ríkisborgari getur ekki verið forstjóri yfir íslenskri stofnun eins og Bankasýslu ríkisins.

Í öðru lagi er það skipun stjórnar og þar eiga öll þessi rök við, að fjármálaráðherra getur raunverulega upp á sitt einsdæmi skipað stjórnina. Hann getur þá raðað flokksgæðingum á jötuna. Það sjá allir hvers lags gríðarleg völd það verða ef allt bankakerfið verður undir og sparisjóðakerfið verður undir og síðan verður undir það félag sem hefur með ráðgjöf og úrlausnir við endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja að gera. Gríðarleg völd safnast því þarna á einn stað og það að fjármálaráðherra geti, þrátt fyrir að hann sé góður maður, raðað sínum gæðingum þar er ógnvænleg tilhugsun vægast sagt.

Allt þetta, þ.e. Bankasýslan og eignaumsýslufélagið, snýr að því meginmarkmiði að byggja upp trúverðugleika íslensks efnahagslífs á ný, tryggja gagnsæi í meðferð skuldara og jafnræði skuldara og að það verði tryggt að hérna — eða alla vega gerð tilraun, alvarleg tilraun til þess að hérna skapist ekki einhvers konar gjá eftir að öllu þessu er lokið milli fólks, eins og gerðist til dæmis í Finnlandi þar sem var ekki nægilega vel staðið að því hvernig fyrirtæki voru seld sem skapaði gjá á milli fólks sem ekki er búið að brúa enn þar.

Þá kemur að raunverulega fjórða frumvarpinu eða fjórðu hugmyndinni, þ.e. að ætla einhvern veginn að handstýra eða réttara sagt að ætla að setja þak á laun opinberra starfsmanna vegna þess að það verður óneitanlega opinber starfsmaður sem verður forstjóri Bankasýslu ríkisins og við vitum orðið nokkurn veginn hvaða skilyrði hann þarf að undirgangast. Hann verður Íslendingur. Hann má ekki vera með meira en 935 þúsund á mánuði og veruleg hætta er á því að hann verði flokksfélagi fjármálaráðherra. Þetta takmarkar því raunverulega nokkuð hverjir geta séð um þennan eignarhlut eða eignarhlutina í fjármálakerfinu og í einkageiranum. Þessi spor sem verið er hér að taka geta verið mjög hættuleg. Verið getur að þetta takist allt saman mjög vel, að hér fáum við Íslending sem hefur mikla reynslu af endurskipulagningu fyrirtækja — þó svo að ég viti ekki hver það er — sem sé tilbúinn til þess að þiggja það sem mundi vera kallað í bankakerfinu og þessum bransa lágmarkslaun og sem sé algjörlega pólitískt óháður. Vel má vera að hægt sé að finna þennan einstakling en líkurnar á því eru afskaplega litlar og ég held að það sé okkar hlutverk að girða fyrir það.

En þessi breyting hérna, ef um hefði verið að ræða eignarhaldsfélag sem hefði verið hlutafélag á hlutafélagaformi þar sem stjórn hefði verið kosin á gagnsæjan hátt sem væri hafin yfir alla gagnrýni þá hefði þetta ekki verið slæm breyting. En á Bankasýslu ríkisins líst mér ekki.

[19:52]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Frú forseti. Það er óþarfi að taka það fram að ég styð að sjálfsögðu það frumvarp sem hér liggur fyrir (**Gripið fram í:** Af hverju?) og nefndarálit enda er ég þar á. (**Gripið fram í:** Það eru svipuhöggin.) Hér talar hv. þm. Birkir Jón Jónsson af biturri reynslu, heyri ég [Hlátrasköll í þingsal.] Það er ágætt að hann deilir því með okkur og við skulum sýna því skilning.

Ég ætlaði að koma inn á spurninguna um skipan í stjórn sem öðrum hv. þingmönnum sem hafa talað á undan mér hefur verið tíðrætt um. Því ber ekki að leyna að þetta er eitthvað sem við ræddum mjög ítrekað í nefndinni og töldum öll mjög mikilvægt að skipan stjórnar væri hafin yfir allan vafa um pólitískar ívilnanir. Niðurstaða nefndarinnar var þó sú að það væri mjög mikilvægt að fjármálaráðherra bæri ábyrgð, bæði kom þetta til umræðu varðandi eignaumsýslufélagið og Bankasýsluna, og því væri mikilvægt að hann skipaði í stjórnina. Nú er eðlilegt að hv. þingmenn úr stjórnarandstöðu sem hér hafa talað og horfa upp á þær rústir helmingaskiptareglunnar sem við sitjum í, hafi af þessu töluverðar áhyggjur og ég lái þeim það ekki, enda er þetta alvarlegt mál. Þeir hafa haft ófá orðin um ágæti hæstv. fjármálaráðherra (Gripið fram í.) og það er náttúrlega hlutverk okkar á löggjafarsamkundunni að sýna það aðhald að þarna verði valdir til verka aðilar, menn og konur, sem eru yfir allan vafa hafin en jafnframt sem ráðherra treystir til að fara með ábyrgð hans varðandi endurskipulagningu íslenska bankakerfisins.

Mig langaði líka, áður en ég kem að meginefni mínu, að koma inn á umræðu um eigendastefnu. Ég er algjörlega sammála því að það er mjög mikilvægt að við fáum hér til umfjöllunar eigendastefnu ríkisins sem nú er í mótun, en ég tel að varðandi þetta ákveðna frumvarp þurfum við ekki að hafa áhyggjur því að markmið félagsins sem hér um ræðir er mjög skýrt og má lesa í 1. gr. og stendur óháð því hver eigendastefnan kann að verða.

Þá kem ég að þeim þætti, frú forseti, sem dreif mig í ræðustól og það varðar þá upplýsingaskyldu sem fram kemur í frumvarpinu sem er ákaflega víðtæk. Það er mikil krafa í dag um gegnsæi í meðferð fjármuna og afskrifta sem munu að sjálfsögðu lenda á skattgreiðendum landsins og styðjum við heils hugar, meiri hlutinn, gegnsæi og upplýsingagjöf, og kem ég þá inn á það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal óttaðist, að hér yrðu ekki veittar sæmilegar upplýsingar. Það gæti hent að einhverjum fyndist að ekki þyrfti að veita ætlaðar upplýsingar en slíkt væri hreinlega lögbrot því að það er mjög skýrt kveðið á um það í 6. gr. hvaða upplýsingar fjármálaráðherra á að veita. Ég skal viðurkenna að þeirri sem hér stendur þótti jafnvel nóg um því að við getum spurt okkur — það er ágætt að við skattgreiðendur höfum aðgengi að upplýsingum en er samfélag þar sem ríkið hefur allar upplýsingar tiltækar endilega það samfélag sem við viljum?

Því höfum við komið inn á það í nefndaráliti að það sé mikilvægt varðandi þá reglugerð sem fjármálaráðherra mun gefa út á grundvelli þessa frumvarps að aðilar vinnumarkaðarins hafi þar umsagnarrétt og það nái jafnframt til 5. og 6. gr. þannig að það sé ljóst að þetta var eitthvað sem við töldum mikilvægt.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar, frú forseti, en þakka hv. þingmönnum sem á undan mér hafa talað fyrir hlý orð í garð okkar meiri hlutans í efnahags- og skattanefnd og ég trúi að við munum í framtíðinni eiga jafnánægjulegt og gefandi samstarf og í þessu máli.

[19:56]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Samfylkingunni og hv. þingmanni hefur verið tíðrætt um ráðherraábyrgð. Það samræmist einfaldlega ekki þeirri breytingartillögu sem hv. þingmaður hefur m.a. lagt fram í þessari umræðu sem felur það í sér að verið er að færa ábyrgðina frá hæstv. fjármálaráðherra mögulega yfir til stjórnar Bankasýslu ríkisins. Hvernig samræmist það stefnu Samfylkingarinnar þegar við ræðum um ráðherraábyrgð? Hér er um grundvallarbreytingu að ræða á þessu máli.

Síðan finnst mér alltaf undarlegt þegar þingmenn Samfylkingarinnar koma hér upp í ræðustól eins og hvítþvegnir englar og segjast vera að taka til eftir stjórnartíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Áttfölduðust skuldbindingar Íslendinga vegna Icesave-reikninganna í Bretlandi ekki á tíma Samfylkingarinnar sem fór þá með viðskiptaráðuneytið? Og á sama tíma og Fjármálaeftirlitið íslenska og það breska voru að ræða hvers lags „monster“ þeir reikningar væru í Bretlandi heimilaði þá ekki sama eftirlit Landsbankanum að fara til Hollands og opna þar reikninga sem eru að steypa okkur í ómældar skuldir að mér sýnist ef Samfylkingin ætlar að samþykkja það frumvarp sem við ræðum hér um Icesave?

Það er með ólíkindum að Samfylkingin skuli voga sér að láta sem hún beri enga ábyrgð á þeirri stöðu sem uppi er í samfélaginu í dag. Það er verið að skuldbinda íslenska þjóð, ef við samþykkjum Icesave-samkomualagið, um mörg hundruð milljarða íslenskra króna, hrun sem varð á vakt Samfylkingarinnar. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar geta ekki komið hingað upp eins og þeir beri enga ábyrgð á stöðu mála, þeir skulu bara vera menn að meiri og viðurkenna að Samfylkingin ber verulega ábyrgð á Icesavehneykslinu sem við verðum að fella hér á Alþingi, a.m.k. að breyta að verulegu leyti að mínu mati.

[19:58]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Birkir Jón áminnir mig um ábyrgð Samfylkingarinnar, ég hef aldrei skirrst undan ábyrgð Samfylkingarinnar á stjórn þessa lands og stend hér keik ásamt félögum mínum í þeim flokki og ber ábyrgð á endurreisnarstarfi landsins. Umræðuna um Icesave-reikningana skulum við hv. þm. Birkir Jón, frú forseti, taka á þeim vettvangi þegar það mál kemur til 2. umr. í þinginu. (**BJJ:** Þið voruð ekki viðstödd 1. umr.) Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni, ég var viðstödd í 1. umr. og hann veit það jafn vel og sú sem hér stendur að það má fylgjast með umræðum víðar en í þingsal, eða er ekki svo?

Varðandi ráðherraábyrgðina — ég fjallaði um það, frú forseti, í 1. umr. um Bankasýsluna að ég teldi mikilvægt að eignaumsýslan sem hér um ræðir færi þar undir. Ég tel ekki dregið úr ráðherraábyrgð því að ráðherra ber ábyrgð á stjórn Bankasýslunnar, það er Bankasýslan sem skipar stjórn eignaumsýslunnar og þarna er skýr ábyrgðarlína fyrir ráðherra. Ég held að það sé mikilvægt að Bankasýslan sem mun fara með eignarhald í bönkunum hafi líka forræði yfir eignaumsýslunni sem þarf víðtækar heimildir til þess að fara og sinna markmiðum sínum fram koma í 1. gr.

[20:00]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að við þurfum að fá það á hreint hér í þessari umræðu, verði þetta frumvarp að lögum og verði þetta opinbera félag sett undir Bankasýsluna, hvaða raunverulegu ábyrgð hæstv. fjármálaráðherra gegni þá. Við skulum setja það upp sem þannig að stjórn Bankasýslunnar muni skipa stjórn þessa opinbera félags og síðan verði það svo að stjórnendur hins opinbera félags brjóta lög eða gera eitthvað sem bara við getum ekki liðið, er hv. þingmaður þá að halda því fram að hæstv. ráðherra ætti að segja af sér vegna þess að aðili sem hann tilnefndi í stjórn Bankasýslunnar tilnefndi annan aðila í stjórn þessa opinbera félags? Er hv. þingmaður að halda því fram? Ég tel alveg augljóst að verið sé að draga úr ráðherraábyrgðinni með þessu allverulega. Við þurfum að fá það á hreint hér í þessari umræðu hvort það sé þá virkilega þannig að gerist menn brotlegir í starfsemi þess opinbera félags þá heyri það undir beina ráðherraábyrgð þó að ráðherrann hafi ekki komið ná-

lægt skipun stjórnar þessa opinbera félags, hvort hv. þingmanni finnist það standast að hæstv. ráðherrar beri þá fulla ábyrgð á öllum störfum þeirrar stjórnar sem hann skipaði ekki.

Ég vil síðan minna hv. þingmann á að í 1. umr. um Icesave-málið töluðum við stjórnarandstæðingar heilt kvöld án þess að Samfylkingin léti sjá sig í salnum fyrir utan hv. þm. Steinunni Valdísi Óskarsdóttur sem var við skyldustörf á forsetastóli, ekki einn samfylkingarmaður. Við komum hér upp skipti eftir skipti og kölluðum eftir því að einn samfylkingarmaður væri alla vega til andsvara þannig að hv. þingmaður getur ekki sagt hér að Samfylkingin standi keik og standi fyrir máli sínu í því máli. Samfylkingin hvarf úr þingsalnum þetta kvöld þegar við ræddum um þá stærstu skuldbindingu sem Icesave-samningarnir eru gagnvart íslenskum almenningi. (Forseti hringir.) Það var ekki stoltur flokkur sem var á ferðinni þar þá. (Gripið fram í.)

[20:02]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Svo ég hefji mál mitt á andsvari við hv. þm. Birki Jón Jónsson varðandi Icesave-málið þá hef ég komið að því áður að ég hlustaði á þessa umræðu. (**BJJ:** Var hún ekki góð?) Ég verð að harma það, hv. þm. Birkir Jón, að ég heyrði áköll þín. Aðstæður mínar voru þannig að ég gat ei komist frá. En ég hlustaði svo sannarlega á þig.

Frú forseti. Ég lofa því hér með og mun ekki skirrast undan því að í 2. umr. munu hv. þingmenn njóta samvista við mig í þessum sal og ég mun svara því sem ég verð að spurð. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

Varðandi ráðherraábyrgðina þá hefur sú sem hér stendur, frú forseti, verið talskona þess að fólk axli ábyrgð, pólitíska ábyrgð ekki síður en lagalega ábyrgð. Í mínum skilningi er það svo að brjóti einhver hjá Eignaumsýslunni lög þá er það að sjálfsögðu þannig að það eru mál sem þurfa að fara fyrir dómstóla því að lögbrot eru (Gripið fram í.) meðhöndluð frammi fyrir dómstólum. (**PHB:** Hver kærir?)

Varðandi ráðherraábyrgðina er það svo að Bankasýslan er með stjórn sem er skipuð af ráðherra. Við töldum það að lokum mikilvægt til þess að ábyrgð hans væri skýr í málinu og því er sú starfsemi sem fer fram í umboði Bankasýslunnar að sjálfsögðu á ábyrgð hæstv. fjármálaráðherra og það er ljóst að mínu mati, frú forseti.

[20:04]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að nota viðeigandi ávörp um þingmenn.

[20:04]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var einkar athyglisvert að hlusta á hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur ræða um það hversu eðlilegt væri að viðhafa gagnsæi og að Alþingi fengi upplýsingar um það sem væri að gerast. Ég verð að segja að ég fagna virkilega þessu viðhorfi og mundi kannski óska eftir því að það sama viðhorf yrði tekið upp til dæmis innan fjármálaráðuneytisins og jafnvel innan Fjármálaeftirlitsins því að þessi þingmaður hefur — ég hef spurt tvisvar ef ekki þrisvar um ýmsar upplýsingar sem ég tel mjög eðlilegt að Alþingi fái að vita. Í fyrra tilvikinu spurði ég Fjármálaeftirlitið um hversu mikið væri búið að færa niður skuldir hjá bönkunum eða hversu mikils þær væru metnar. FME hefur falið sig mjög vel á bak við samninga sem þeir gerðu við Deloitte og Oliver Wyman þannig að spurning er hvort það sé að einhverju leyti komið í veg fyrir að Eignaumsýslufélagið geti á þennan máta farið fram hjá þessum ákvæðum sem eru í lögunum um þau og gert samninga við utanaðkomandi verktaka sem eru þess háttar að þeir komi í veg fyrir að Alþingi geti fengið þær upplýsingar sem það óskar eftir. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það komi ekki aftur fyrir. Ég tel nánast varðandi þau tilfelli sem ég tala hérna um mjög eðlilegt að Alþingi hreinlega setji lög sem kæmu í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið geti falið sig svona á bak við samninga við einkaaðila.

Ég mundi gjarnan vilja fá svör við þessu og í seinna andsvari mínu mundi ég gjarnan vilja ræða minnihlutaframhaldsnefndarálit frá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni.

[20:06]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir umræðu um upplýsingagjöf og gegnsæi. Ég held að við hv. þingmaður séum algjörlega sammála um mikilvægi þess að þingið og þjóðin í þeim tilvikum sem það á við hafi gott aðgengi að upplýsingum. Ég held líka að í kjölfar þess hruns sem hér varð í haust hafi komið mjög mikil gagnrýni fram á íslenska stjórnsýslu og á skort á gegnsæi í henni. Ég lít á það sem mitt hlutverk ásamt öðrum stjórnarþingmönnum og þingheimi öllum að vinna að því að setja löggjöf sem er til þess fallin að auka á gegnsæi og upplýsingagjöf til löggjafarvaldsins sem og þjóðarinnar.

[20:07]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna því að hv. þingmaður skuli taka undir þessi sjónarmið mín. Ég tel þau svör sem ég hef fengið frá Fjármálaeftirlitinu og fjármálaráðuneytinu algjört hneyksli þar sem þeir neita mér um upplýsingar, upplýsingar sem ég tel að þingmenn þurfi á að halda til þess að taka ákvörðun um það eiginfjárframlag sem ætlunin er að setja inn í bankana, 280 milljarða og jafnvel 105 milljarða í varasjóð til þess að dekka hugsanleg áföll í framtíðinni. Svo virðist vera að við þingmenn eigum að taka þessa ákvörðun algjörlega blindandi og án þess að vera með einar eða neinar upplýsingar. Ekki einu sinni innan viðkomandi fagnefndar, viðskiptanefndar, höfum við fengið þessar upplýsingar enn sem komið er.

Ég ætlaði líka að fá að spyrja hv. þingmann: Er ekki rétt skilið hjá mér að með þeim breytingum sem hér eru lagðar til um að félagið fari hugsanlega undir Bankasýsluna þá sé eiginlega verið að taka undir athugasemdir hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar í sínu nefndaráliti þar sem hann gerir athugasemdir við að ekki skuli verða sérstök valnefnd til ráðgjafar við skipan stjórnar, því að í Bankasýslufrumvarpinu er einmitt gert ráð fyrir valnefnd sem geri tillögur til stjórnar Bankasýslunnar um skipan stjórnarmanna í þau félög

sem eru undir Bankasýslunni. Þar með ætti svo að vera líka varðandi þetta eignaumsýslufélag.

[20:09]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur enn og aftur fyrir hennar andsvar. Ég held að umræðan um skipan stjórnar — ég held að það hafi verið nokkuð mikill einhugur í nefndinni. Í raun var niðurstaða okkar flestra sú að nauðsynlegt væri að ráðherra skipaði hana. Ég verð að játa að minn skilningur er sá að Eignaumsýslufélagið sem mun falla undir Bankasýsluna, þ.e. að þá hljóti stjórn þess að verða valin af valnefnd samkvæmt reglum Bankasýslunnar. En það skal játast að það er í sjálfu sér ekki ljóst og þyrfti bara að fjalla um það sérstaklega, tel ég.

[20:10]

Útbýting:

Bankasýsla ríkisins, 124. mál, nál. minni hluta viðskn., þskj. 253.

[20:10]

Frsm. minni hluta efh.- og skattn. (Birkir Jón Jónsson) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta hvort hún vilji beita sér fyrir hönd okkar þingmanna í ljósi þess að við höfum rætt mikið hér um ráðherraábyrgð með tilliti til þeirra breytinga sem við ræðum nú á frumvarpinu við 3. umr. og menn eru ekki sammála um það hver ráðherraábyrgðin sé. Þess vegna held ég að æskilegt væri að fá hæstv. fjármálaráðherra hingað til umræðunnar til þess að heyra hans sjónarmið áður en við ljúkum þessari lokaumræðu hér því að hér er um nýja breytingartillögu að ræða. Ég held að það væri mjög mikilvægt fyrir okkur, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra, hvernig hann líti á ráðherraábyrgðina með þeim breytingum sem verið er að leggja til á þessari löggjöf hér. Ég fer því fram á það við frú forseta að hún kanni hvort ráðherrann hafi tök á því að mæta hér til umræðunnar.

[20:11]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér mjög stórt og mikið mál sem að mínu viti getur haft mikil áhrif á viðskiptaumhverfi landsins næstu ár og hvernig mál munu þróast varðandi bæði endurreisn efnahagslífsins og hvort Ísland ætli að skipa sér í hóp ríkja þar sem ríkisvæðing og stór ríkisbatterí munu stýra og stjórna flestu í samfélaginu. Þó svo að reynsla okkar síðustu mánuði og ár sé býsna bitur megum við passa okkur á því að falla ekki í þá gryfju að gleyma öllu sem vel hefur tekist.

Það frumvarp sem við ræðum hér ber þess merki að það virðist vera tilhneiging hjá núverandi stjórnvöldum að halda í þau völd og spotta sem þau geta til að hafa bein áhrif á það hvernig mál munu þróast hér á næstu mánuðum og árum. Frumvarpið fjallar um það að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja og að mínu viti eru á Íslandi í dag margir sérfræðingar sem geta unnið að þessu verkefni, við getum vitanlega líka leitað okkur aðstoðar erlendis en ég vil meina að jafnvel þær löskuðu fjármálastofnanir sem við eigum geti sinnt þessu. En það eru nokkur atriði í frumvarpinu sem ég vil þó nefna sem vekja hvað mest efasemdir í brjósti mínu og það er m.a. það sem snýr að tilgangi félagsins og hvernig á að skipa stjórn þess og annað.

Ég vil, með leyfi forseta, koma aðeins inn á framhaldsnefndarálit hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. Þar segir m.a.:

„Ekki hefur verið tekið undir að fleiri en einn aðili skipi stjórn félagsins og ekki hefur verið fallist á að sérstök valnefnd verði ráðherra til ráðgjafar við skipan stjórnarinnar.“

Þetta er lykilatriði í þessu, við virðumst vera að fara aftur í það far sem hér var fyrir allmörgum árum og var mjög gagnrýnt og það er að pólitískir ráðamenn, pólitískt kosnir og skipaðir, skipi í stjórnir og ráð. Óneitanlega sér maður að hugsunin í þessu frumvarpi er óhugnanlega keimlík þeirri hugsun sem er í frumvarpi um svokallaða bankasýslu. Það er sem sé verið að færa ráðherra í rauninni hvers tíma — ég er ekki endilega að tala um þann hæstv. fjármálaráðherra sem situr í dag heldur yfirleitt almennt um ráðherraræði — vald til að skipa eftir eigin geðþótta í þá veigamiklu stjórn sem hér um ræðir.

Með leyfi forseta, ætla ég að lesa aðeins áfram í framhaldsnefndaráliti hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar:

„Þessi áhersla stjórnarflokkanna er því miður til þess fallin að skapa tortryggni um hvernig staðið verði að málum gagnvart íslensku atvinnulífi næstu missirin. Mikilvægt er að forðast það fyrir alla muni að stjórnmál og viðskiptalíf fari að blandast á ný um of eins og rakið var í áliti minni hluta við 2. umræðu málsins.“

Þetta er kannski sú hugsun sem við hræðumst mest sem gagnrýnum þetta, einmitt það sem ég nefndi áðan, að fara til baka til þeirra gömlu tíma þar sem handvalið var og skipað eftir flokksskírteinum í stjórnir og ráð mikilvægra fyrirtækja.

Það voru vissulega vonbrigði að sjá frumvarpið koma fram í raun verra en það var þegar við gagnrýndum það í fyrri umræðum, því að svo virðist vera eða ég skil það þannig að búið sé að herða frekar á hlutverki ráðherrans og ráðherranna í þessu máli. Ég hefði einmitt talið mjög mikilvægt á þeim tímum sem nú eru að draga úr valdi framkvæmdarvaldsins, bæði varðandi einstakar stofnanir og fyrirtæki og ekki síst valdi og stjórn framkvæmdarvaldsins á Alþingi. Við erum að fjalla um frumvarp þar sem ljóst er að vilji framkvæmdarvaldsins er að ná því í gegn með nær óbreyttu sniði eins og það var í fyrri umræðum þrátt fyrir að hér hafi verið tekið mjög vel undir eða ég skildi það þannig að tekið yrði tillit til gagnrýni minni hlutans í nefndinni en því miður hefur það ekki verið gert. Við erum því í raun að styrkja stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart atvinnulífinu og um leið, leyfi ég mér að segja, erum við að styrkja framkvæmdarvaldið gagnvart Alþingi. Og nóg hefur mér sem nýjum þingmanni þótt um. Ég tel mjög mikilvægt að þingmenn hugi vandlega að því hvort það sé ekki í raun skynsamlegra að snúa blaðinu við og draga úr valdi framkvæmdarvaldsins hvort sem er á viðskiptalegum forsendum eða ég tala nú ekki um á Alþingi. Besta ráðið til þess varðandi þingið er vitanlega að skilið sé með skýrum hætti á milli ráðherranna og þingsins þannig að þeir gegni í raun

ekki þessum störfum samhliða.

Frumvarpið veldur eins og áður segir ákveðnum vonbrigðum. Í 3. gr. þess sem ber yfirskriftina „Tilgangur félagsins“ er m.a. rætt um í a-lið að það eigi að að vera ráðgefandi og aðstoða fjármálafyrirtæki og annað. Í b-lið segir að það eigi að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu skuldsettra atvinnufyrirtækja o.s.frv. Það er verið að fela þessu nýja ríkisapparati mikil völd. Í c-lið segir að félagið eigi að ráðstafa eignum. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna beint í c-liðinn: „að ráðstafa eignum sem félagið kaupir, sbr. a-lið, eins fljótt og markaðsaðstæður leyfa með gagnsæjum hætti og að teknu tilliti til sjónarmiða um jafnræði, virka samkeppni, dreifða eignaraðild, þ.m.t. eignaraðild starfsfólks, hámörkun verðmæta ríkissjóðs og byggðafestu“.

Margt af þessu er mjög gott og blessað en það sem hangir þó yfir þessari annars ágætu grein er tvennt. Annars vegar, hver leggur mat á það hvenær markaðsaðstæður eru í lagi? Væntanlega hlýtur það að vera stjórn félagsins og þá kemur upp spurningin ef sú stjórn er pólitískt skipuð, og þá í hvora áttina sem er, hvort sem það er átt til óhefts frelsis í viðskiptum eða hafta, þá getur hvor aðferð um sig eða hver stjórn um sig verið málinu til trafala því að frumvarpið ber þess merki að mikil hætta er á að öfgar í hvora áttina sem er geti ráðið miklu um afdrif þeirra fyrirtækja sem þetta félag, ef af verður, mun taka yfir.

Síðan segir í d-lið, með leyfi forseta: „að byggja upp heildstæða þekkingu á fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu skuldsettra atvinnufyrirtækja. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess og reglugerð sem fjármálaráðherra setur að fenginni umsögn aðila vinnumarkaðarins.“

Ég velti því fyrir mér og gagnrýndi það við 1. umr. að mig minnir, ég hef a.m.k. gagnrýnt það hér, að það eigi að fara í það að skapa þekkingu í fyrirtæki eða stofnun sem á síðan að leggja niður eftir fimm, sex ár, ef ég man rétt. Og ef mér hefur ekki yfirsést það í þessu frumvarpi kemur hvergi fram hvað á að gera við þá þekkingu sem síðan verður til í þessu fyrirtæki. Ég óttast því svolítið að ef núverandi stjórnvöld fái ráðið verði þessu fyrirtæki einfaldlega viðhaldið og aukið á þá þekkingu sem þar er. Það væri ágætt að fá svör við því ef hægt er hvernig frummælendur þessa frumvarps og ríkisstjórnin hyggjast nýta þá þekkingu þeir ætla að búa til í þessu fyrirtæki, slík þekking verður ekki keypt á útsölu, hún mun vitanlega verða dýr.

„Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri“ er yfirskrift 4. gr. Það er alveg ljóst að verið er að færa ráðherra mikið vald. Og ráðherra hvers tíma, hvort sem við treystum á menn eða ekki þá er hættan sú að litið verði til annarra hagsmuna en akkúrat þeirra sem mestu skipta í þessu. Því höfum við talið mjög mikilvægt að þarna yrði einhvers konar valnefnd eða eitthvað slíkt viðhaft til að fara yfir umsóknir og til að staðið verði rétt að þessu máli.

Mér finnst svolítið merkilegt að þegar ráðið var í stöðu seðlabankastjóra var töluvert fyrir því haft að vera með einhvers konar valnefnd og annað og setja skilyrði en ekki virðist vera þörf á því þegar við ræðum um fyrirtæki sem á að fara að sýsla með hugsanlega milljarðatugi eða hundruð milljarða fyrir hönd ríkisins. Þá á að leggja ábyrgðina og valdið í hendur ráðherra hvers tíma að skipa þá stjórn. Maður hlýtur að spyrja: Hvers vegna á ekki hið sama við um þetta? Við höfum í rauninni séð það sama upp á teningnum með frumvarpið um Bankasýslu ríkisins, þar hefur a.m.k. ekki hingað til komið fram breyting varðandi skipun stjórnar og því tel ég að þetta hangi allt saman, að það sé einlægur vilji ríkisstjórnarinnar, ríkisvaldsins að reyna að auka á þau völd sem það nú þegar hefur og það er miður. Ég tel að það sé ekki í þágu þjóðarinnar að auka á pólitísk áhrif ráðherra og því vara ég eindregið við því að þetta verði samþykkt óbreytt.

Það kemur fram í framhaldsnefndaráliti hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar að meginástæða Framsóknarflokksins við 2. umr. snerti skipan stjórnar félagsins og það hefur ekkert breyst. Við höfum miklar áhyggjur af því að verið sé að fara til baka, eins og ég sagði áðan, inn í gósentíma eða kjörtíma þess þegar pólitískir gæðingar voru valdir til starfa fyrir ríkið. Það getur vel verið að það hafi þótt allt í lagi á einhverjum tíma í sögu landsins að gera það með slíkum hætti, það getur vel verið að það hafi verið eðlilegt á sínum tíma, en í því umhverfi sem við lifum í dag og eftir þeim kröfum sem gerðar eru til okkar í dag er það ekki lengur eðlilegt.

Það skiptir líka miklu máli að við fáum að vita hvaða hugmyndir ríkisvaldið hefur varðandi þær eignir sem hugsanlega koma inn í þetta fyrirtæki og til ríkisins í framhaldi af þessu. Þá kemur upp spurning um eigendastefnu ríkisins sem töluvert hefur verið rætt um og mun vonandi líta dagsins ljós innan skamms. Það er mjög mikilvægt fyrir alla þá umræðu sem við tökum hér, hvort sem það er um þetta mál eða önnur mál tengd efnahagsmálunum, uppbyggingu efnahagslífsins, að við fáum að vita hvaða hugmyndir ríkisvaldið hefur varðandi eigendastefnu. Það skiptir ekki bara máli fyrir okkur þingmenn, það skiptir líka máli til að byggja upp traust og trúverðugleika á því umhverfi sem við erum í bæði innan lands og erlendis. Það skiptir máli að aðilar sjái að þjóðin eða ríkið ætli að standa vel að því að stuðla að heilbrigðum rekstri. Ég er hlynntur samblandi ríkisrekstrar og einkarekstrar og tel að það sé eitt af því besta og samvinnurekstur er vitanlega það sem mestu og bestu getur skilað fyrir samfélagið ef vel er að staðið. Það frumvarp sem hér er um að ræða er eins og skrímsli í mínum augum, pólitískt skrímsli sem er rétt í þann veginn að vakna.

[20:26]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmanni var tíðrætt um ráðherraábyrgð í ræðu sinni, mig langar aðeins að velta upp minni sýn á það verkefni sem við eigum fyrir höndum bæði hvað snertir eignaumsýslu og svo bankasýslu sem við munum vonandi ræða síðar í kvöld.

Eignaumsýslan mun fara undir Bankasýsluna eins og heimilt verður samkvæmt því lagafrumvarpi sem við ræðum hér. Það þýðir að ráðherra mun væntanlega skipa stjórn Bankasýslunnar, stjórn Bankasýslunnar mun skipa valnefnd og valnefndin mun skipa stjórn eignaumsýslufélagsins, það er kallað armslengd, og við erum þá komin með fjóra hlekki í þessa keðju.

Ég er sammála hv. þingmanni um það að við viljum

ekki hafa pólitísk afskipti af þeim málum sem eru inni á borði Bankasýslunnar eða eignaumsýslufélagsins. Hins vegar verðum við að tryggja það að einhver beri ábyrgð á þeim fjármunum sem fara í þessi verkefni hvort sem það er á vettvangi Bankasýslu eða eignaumsýslu. Við erum kannski að tala um á þriðja eða fjórða hundrað milljarða króna sem fara t.d. í endurreisn bankakerfisins. Ég vil geta gripið til þess ráðs, t.d. í þinginu, að geta spurt ráðherra út í einstakar stofnanir sem eru á hans vegum og á hans ábyrgð, þar á meðal hvernig þessum fjármunum er ráðstafað. Frá sjónarmiði upplýsinga tel ég mikilvægt að við getum gert ráðherra ábyrgan, en reynum samt sem áður að hafa sem allra lengst frá framkvæmdarvaldinu þau fyrirtæki eða stofnanir sem koma til með að sýsla með mikilsverðan hluta í atvinnulífi okkar.

[20:28]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Orra Schram fyrir hugrenningar hans og athugasemdir. Þetta er verulega athyglisvert og vitanlega rétt sem kemur fram hjá honum að eignaumsýslan og Bankasýslan munu tengjast órjúfanlegum böndum og það er að mínu viti í sjálfu sér ekki til að bæta málið að bæta einum hlekk enn í völd ráðherrans til þess að stýra og stjórna.

Ég óttast að þrátt fyrir að þarna séu búnir til einhverjir milliliðir þá sé það alltaf svo þegar á reynir, þó svo að ráðherra muni svara fyrir málið, að farið sé fram hjá þessum milliliðum og komið beint til ráðherrans þar sem hann ber jú ábyrgðina á þessu. Ég velti þá fyrir mér varðandi stjórnir almennt í fyrirtækjum sem ríkið á og bankaráð og annað, hvort þessi apparöt verði þá í raun stikkfrí og bendi alltaf aftur fyrir sig, bendi á næsta sem ræður og á endanum bendi menn á ráðherrann, að hann hafi sagt að hlutirnir séu svona og þess háttar.

Það sem mér gremst og ég óttast mest í þessu, hv. þingmaður, er enn þá það — við erum jú að reyna að búa hér til armslengd en við erum að gera það á afar pólitískan hátt með mikilli hættu á því að sú armslengd verði einsleit pólitískt í staðinn fyrir gera það þannig, ef við viljum hafa þessa armslengd, að í stjórnir og ráð verði valið með þeim hætti að menn þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að pólitísk sjónarmið ráði för. Það er einfaldlega það sem ég á við.

[20:30]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins að blanda mér í umræðuna um val í stjórnir bæði þess félags sem hér um ræðir og þess verðandi félags, eins og stjórnarliðar tala um, sem heitir Bankasýsla ríkisins. Það vill þannig til að í því frumvarpi sem við ræðum er hvergi minnst á það, ekki einu einasta orði, hver á að skipa í stjórn félagsins og framkvæmdastjórann.

Í upphafi 2. mgr. stendur, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag til að sinna þeim verkefnum sem um getur í 3. gr.“

Síðan er þess getið í 3. gr. að fjármálaráðherra setur reglugerð og í 7. gr. að ráðherra setur nánari reglur.

En í 4. gr. er ekki minnst einu orði á hæstv. fjármálaráðherra, að það sé hann sem skipi stjórn félagsins vegna þess að þar stendur, með leyfi forseta:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi ár hvert.“

Hér er ekki með einu einasta orði nefnt að það skuli vera fjármálaráðherra sem eigi að skipa þessa aðila. Menn hafa talað um skipun stjórnar og ráðherraábyrgð en það er ekkert tekið fram að ráðherra eigi að skipa þessa aðila. Breytingartillaga meiri hlutans gengur út á að framselja megi eignarhlutinn í félaginu til Bankasýslu ríkisins, sem stendur til að koma á fót samkvæmt frumvarpi fjármálaráðherra á þessu löggjafarþingi. Ég verð að segja, frú forseti — ég sagði það líka á síðasta kjörtímabili — að mér hefði stundum þótt við þingmenn vera eins og afgreiðsludömur á kassa, segjandi já eða nei. Mér finnst það enn.

Hér er lagt fram frumvarp og framhaldsnefndarálit meiri hluta efnahags- og skattanefndar þar sem gert er ráð fyrir að til verði eitthvað sem heitir Bankasýsla ríkisins samkvæmt frumvarpi. Án þess að búið sé að ræða málið til fulls hefur meiri hlutinn ákveðið að engu að síður verði Bankasýslan til og síðan muni það félag sem við ræðum hér falla undir hana. Þetta er náttúrlega algjörlega með ólíkindum.

Þá hafa þingmenn jafnframt haldið því fram að Bankasýslan geti síðan ráðið stjórn þessa félags sem við ræðum hér skv. 4. gr., en svo er ekki. Í 2. gr. stendur að með yfirstjórn Bankasýslu ríkisins fari þriggja manna stjórn sem fjármálaráðherra skipar. Það er fínt. Síðan stendur í 7. gr., Valnefnd, með leyfi forseta:

„Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt eiga til setu í bankaráðum eða stjórnum fjármálafyrirtækja í samræmi við hlutafjáreign ríkisins.“

Það félag sem við ræðum hér er ekki fjármálafyrirtæki. Eigi stjórn Bankasýslunnar að skipa í stjórn þessa félags hljóta hv. þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna að vera tilbúnir með breytingartillögu við það frumvarp sem heitir „Bankasýsla ríkisins“ þar sem í 7. gr. verði þessu breytt og inn komi einnig að það nái til opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja. (Gripið fram í.)

Það er með ólíkindum að hlusta á umræðu um þetta frumvarp og með hvaða hætti á að velja stjórn í þetta fyrirtæki þegar hitt fyrirtækið sem á síðan að ráða yfir þessu fyrirtæki er ekki orðið að lögum en menn eru búnir að ákveða hvernig þeir ætla að breyta lögum þarna til þess að geta framfylgt þessu. Virðulegi forseti, þetta tekur út yfir allan þjófabálk.

Hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir sagði áðan: Viljum við samfélag þar sem ríkið hefur upplýsingar um allt og alla? Ég segi nei. Ég vil ekki slíkt samfélag, ekki undir nokkrum kringumstæðum. Það samræmist ekki skoðunum mínum á nokkurn hátt.

Við veitum samkvæmt 5. gr. þessa frumvarps til laga þessu fyrirtæki lög sem eru öðrum æðri vegna þess að þar segir, með leyfi forseta:

„Fjármálafyrirtæki er skylt að verða við kröfu félagsins“ — þ.e. þessa félags hér — „um að láta í té hvers konar upplýsingar og gögn, þ.m.t. bókhald, sem félagið fer fram á og snerta starfssvið félagsins. Lagaákvæði um þagnarskyldu

samkvæmt reglum um fjármálafyrirtæki takmarka ekki skyldu þeirra til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.“

5. gr. þessa frumvarps, ef það verður að lögum, er æðri öðrum lögum. Þrátt fyrir að við séum að ræða þetta í 3. umr. hlýtur einhverjum að hafa dottið í hug að í 5. gr. þyrfti í það minnsta að standa „ef brýna nauðsyn ber til“. Hér er allt galopið. Fjármálafyrirtæki er skylt, óski stjórn þessa fyrirtækis, sem hugsanlega verður skipuð af stjórn annars fyrirtækis, eftir þessum upplýsingum er öllum fjármálafyrirtækjum skylt að veita þær upplýsingar. Af hverju? Jú, af því það stendur í breytingartillögu og framhaldsnefndaráliti meiri hluta hv. efnahags- og skattanefndar — þeir sem komu fyrir nefndina gerðu athugasemdir bæði við 3. og 5. gr.

En meiri hlutinn segir, með leyfi forseta, að það væri: „íþyngjandi og kostnaðarsamar kvaðir á tilgreind fjármálafyrirtæki um miðlun upplýsinga sem raskaði samkeppni á fjármálamarkaði og drægi úr vernd sem viðskiptavinir nytu skv. 58. og 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki“.

Þá kemur svarið: Á móti var bent á að ákvæðunum, væntanlega í 3. og 5. gr., væri ætlað að eyða tortryggni skattgreiðenda sem til komin væri vegna lífskjaraskerðingar í kjölfar bankahrunsins og jafnframt að aðilum vinnumarkaðarins væri tryggður umsagnarréttur áður en fjármálaráðherra setti reglugerð um tilgang félagsins samanber lokamálsgreinar 3. og 7. gr. frumvarpsins.

5. gr., sem er galopin og rétthærri öðrum lögum, er sett til þess að eyða tortryggni skattgreiðenda. Það er með ólíkindum, þetta er óvandvirkni. Ég bið um, frú forseti, að hv. formaður efnahags- og skattanefndar komi í andsvar við mig til þess að ég geti fengið svör við þeim vangaveltum sem ég hef lýst í máli mínu. Ég þarf ekki að taka það fram, frú forseti, að ég styð ekki þetta mál.

[20:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir ræðuna. Það er um að gera að þingmenn leitist við að halda vöku sinni og bendi á þá annmarka sem þeir kunna að sjá á þeim málum sem hér eru til umfjöllunar. Ég vildi aðallega leiðrétta nokkuð sem ég hygg að byggi á misskilningi sem varðar skipan stjórnar félagsins. Það er rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni að ekki er tilgreint í lagatextanum hver tilnefnir stjórn félagsins heldur stendur að hún skuli kosin á aðalfundi. Jafnframt greinir frumvarpið frá því að ríkissjóður sé handhafi hlutafjárins og fer einfaldlega að lögum hvað það varðar. Hæstv. fjármálaráðherra fer með hlutaféð fyrir hönd ríkissjóðs. Þess vegna er það hæstv. fjármálaráðherra sem mætir sem hluthafi á aðalfundina að gildandi lögum og með þessari skipan. Það er þess vegna hann einn sem hefur atkvæðisrétt á aðalfundinum sem kýs stjórn félagsins. Eins og frumvarpið liggur fyrir er það fjármálaráðherra sem skipar fimm manna stjórn félagsins eins og flestra hlutafélaga í eigu ríkisins nema þeirra sem sérlög gilda um.

Varðandi hitt atriðið um Bankasýsluna skil ég gagnrýni hv. þingmanns um að ef hér væri gert ráð fyrir því að stofnun sem ekki væri orðin að lögum ætti að yfirtaka þetta félag en svo er ekki heldur er það sett inn sem möguleiki að ef það frumvarp verður að lögum geti ríkissjóður ákveðið að setja hlutabréfin inn í Bankasýsluna. En það er ekki verið að ákveða það og þingið á eftir að fjalla um — og ég treysti því að það verði gert með vönduðum hætti — hvort og þá með hvaða hætti eigi að setja Bankasýsluna á stofn (Forseti hringir.) og verði ekki af því verður þessi valmöguleiki einfaldlega aldrei nýttur.

[20:42]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. formanni efnahags- og skattanefndar, hv. 4. þm. Reykv. n., Helga Hjörvar, fyrir svör hans og bendi á að í 2. gr. stendur, með leyfi frú forseta:

„Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu og annast undirbúning þess og stofnun í samráði við viðskiptaráðherra.“

Mér er kunnugt, frú forseti, að í viðskiptanefnd hefur því verið lýst yfir að Bankasýslan muni yfirtaka það félag sem hér um ræðir þannig að menn koma í fullri alvöru með þá breytingartillögu sem lögð er til í framhaldsnefndaráliti hv. efnahags- og skattanefndar í þeirri trú að hún fari með þeim hætti sem gert er. Ég bið hv. þm. Helga Hjörvar, formann efnahags- og skattanefndar, að svara því hvort sá skilningur minn sé ekki réttur.

[20:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Fyrst aðeins um Bankasýsluna. Það er rétt sem hv. þingmaður vísar til að eftir laganna hljóðan er ekki skylt fyrir Bankasýsluna, ef hún yfirtæki hlutabréfin, að láta valnefndina tilnefna stjórnarmenn. Það væri stjórn Bankasýslunnar í sjálfsvald sett hvort hún nýtti þá leið eða fæli einfaldlega framkvæmdastjóra Bankasýslunnar að mæta á aðalfund og skipa í stjórn með beinum hætti. Ég útskýri þetta vegna þess sem kom fram í máli hv. þingmanns.

Varðandi Bankasýsluna vil ég undirstrika að það er ekki ætlun efnahags- og skattanefndar að grípa með neinum hætti fram fyrir hendur löggjafans. Ef ekki verður af stofnun bankasýslunnar verður þessi valmöguleiki einfaldlega ekki nýttur. Ég vil aðeins draga athyglina að því að í efnahags- og skattanefnd voru athugasemdir fulltrúa minni hlutans, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks bundnar við þann þátt sem við ræðum nú, ég og hv. þingmaður, þ.e. skipan stjórnarinnar. Ég vek athygli á því að það ræðst býsna mikið af því hvort sátt er um hvernig stjórn Bankasýslunnar er skipuð, hvort hér verður sannfæring fyrir því að faglega og rétt sé að þessu staðið. Enn þá er frumvarpið um Bankasýsluna til meðhöndlunar í þinginu og við skulum ekki útiloka að samstaða og sátt náist um með hvaða hætti verður að því máli staðið og þá gæti það skapað sátt og samstöðu um bæði málin í heild sinni því að um aðra efnisþætti en skipan stjórnarinnar var ágæt eining í efnahags- og skattanefnd.

[20:45]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir þær útskýringar sem hann kom með. Ég deili hins vegar ekki skoðunum hans á því frumvarpi sem hér liggur fyrir og þekki ekki heldur skoðanir hv. þingmanns á Bankasýslu ríkisins.

Frú forseti. Það hlýtur líka að teljast undarlegt að á milli 2. og 3. umr. sé gerð svo veigamikil breytingartillaga eins og nefndin leggur til, að koma inn með millilið sem hugsanlega getur verið Bankasýsla ríkisins. Við því verður ekki gert, þetta er með þeim hætti. Við höfum rætt mikið um faglega skipan í nefndir og ráð, faglegar skipanir í stjórn þessa fyrirtækis sem og væntanlega Bankasýslu ríkisins, En, frú forseti, hvort heldur það var í tíð fráfarandi ríkisstjórnar eða ríkisstjórnarinnar þar á undan eða flestallra ríkisstjórna sem setið hafa á Íslandi, þar með talið forvera Samfylkingar og Vinstri grænna, Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, hefur það tíðkast frá ómunatíð að pólitískar skipanir í nefndir og ráð eru alltaf fyrir hendi. Þær eru jafnóafsakanlegar hjá þessum flokkum og hjá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, Alþýðubandalaginu og Alþýðuflokknum. Pólitískar skipanir með þessum hætti eru aldrei eingöngu á faglegum nótum og verða ekki, því miður, frú forseti.

[20:47]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, að þegar atvinnulífið er komið á þennan hátt í eigu ríkisins verður það alltaf löðrandi í pólitík eins og ég hef nefnt áður. Þess vegna er sérstaklega vandmeðfarið hvernig menn fara að þessu.

Ég tók þátt í mikilli breytingu á þessu frumvarpi, sem upphaflega var lagt fram sem 1. mál á yfirstandandi þingi, og það náðust fram mjög góðar breytingar á því. Ég var mjög sáttur við þær breytingar, ég tel mjög nauðsynlegt að komið sé með eitthvert regluverk utan um það hvernig ríkið á að fara með allar þessar eigur sínar sem fjölgar með hverjum deginum, það eru bæði flugfélög og tryggingafélög, bara að nefna það, sem ríkið er að eignast. Það er líka gott að koma með einhvern aðila sem getur tekið á fortíðarvandanum því að hlutverk banka er aðallega fram á við. Bankar eiga að vinna að því sem þeir ætla að gera í framtíðinni en ekki því sem þeir ætla að gera í fortíðinni. Að þessu leyti er ég mjög sáttur við þær breytingar sem gerðar voru milli 1. og 2. umr.

Við glímum hér við óþekkt vandamál, Íslendingar. Það er ekki til þekking í landinu til að ráða við það magn af gjaldþrotum sem við erum með í dag og það er ekki til þekking á því hvernig ríkið á að meðhöndla öll þau fyrirtæki sem það er að eignast. Það er algjör firra ef menn halda að það sé til einhver þekking á Íslandi í þessari stöðu. Hún er til á einstaka stað í heiminum, í löndum sem hafa lent í svipuðum hremmingum, svipuðu hruni, þó að enginn hafi í rauninni lent í jafnmiklu hruni og við að talið er. Þetta er mikið vandamál og ég vonast til að menn leiti þekkingar þar sem hún er til staðar, sem sagt úti í heimi.

Ég var búinn að lofa formann hv. efnahags- og skattanefndar fyrir það hve vel hann tók í allar breytingar og annað slíkt, frumvarpið hefur tekið miklum og jákvæðum breytingum. Fjallað er um hvað gerist þegar fyrirtæki koma inn í kerfið, þ.e. undir ríkið, að gæta skuli jafnræðis og gagnsæis og allt það, og svo alveg sérstaklega þegar fyrirtækin fara aftur út, því að meiningin er að þau fari öll út aftur. Og sérstaklega er fjallað um það að fyrirtækið sem við ætlum að fara að stofna sé aðallega ráðgefandi, til að staðla aðgerðir en ekki til að eiga fyrirtækin nema í algjörum undantekningartilfellum.

Svo kemur núna breyting sem ég er bara afskaplega ósáttur við sem er breyting sem kemur frá meiri hlutanum. Ég var ekki á þeim fundi og verð bara að eiga um það við sjálfan mig. Það var mikil umræða hér á þeim tíma um annað mál og þar stendur að fjármálaráðherra sé heimilt að framselja eignarhlutann til Bankasýslu ríkisins. Þetta gerði ég miklar athugasemdir við, verulega miklar. Í fyrsta lagi geri ég miklar athugasemdir við Bankasýsluna og það frumvarp, þó að það sé í annarri nefnd, og þarna er að gerast dálítið merkilegur hlutur sem ég vara við og nefndi áðan.

Segjum að þetta gangi eftir og að þetta fyrirtæki, um endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, með öllum heimildum um að fá upplýsingar og gögn, segjum að það verði sett undir Bankasýsluna og ráðherra skipar svo stjórn Bankasýslunnar hvernig sem það gerist. Bankasýslan á svo að fá einhverja valnefnd varðandi fjármálafyrirtæki en það á ekki við um þetta fyrirtæki. Bankasýslan, stjórn þess félags fer þá væntanlega með hlutabréfið eina sem er í þessu félagi eftir að búið er að færa það undir og mun skipa stjórn þar án valnefndar nema menn geri breytingu á því frumvarpi sem er síðast á dagskrá í dag, um Bankasýslu ríkisins, og þessu félagi verði skotið inn í sem fjármálafyrirtæki þannig að valnefndin komi alla vega að þessu.

Þá gerist það merkilega að ráðherrann ber ekki lengur ábyrgð á skipun stjórnar í þessu fyrirtæki. Það líst mér mjög illa á vegna þess, eins og ég nefndi fyrr í umræðunni og eins og hæstv. forsætisráðherra lenti í aftur og aftur og kvartaði mikið undan á sínum tíma, að þegar bankarnir voru einkavæddir eða hlutafélagavæddir að fullu í eigu ríkisins þá fengust allt í einu engar upplýsingar. Allt í einu fengust engar upplýsingar um stöðu bankanna. Þessu kvartaði hv. þingmaður þá, Jóhanna Sigurðardóttir, núverandi hæstv. forsætisráðherra, mikið undan. Ég er bara hræddur um að það nákvæmlega sama gerist hérna. Allt í einu er komin einhver stjórn sem skipar stjórn í þessu fyrirtæki og það er algjörlega undir hælinn lagt hvort hún gefi einhverjar upplýsingar. Ef hún gefur ekki upplýsingar, hvað þá? Og ef allt það sem hér stendur í 6. gr. um gagnsæi o.s.frv., ef ekkert er farið að þeim lögum, að því ákvæði, hvað gerist þá? Hver á að kæra, hver er aðili málsins? Er það Alþingi? Er það nefndin? Er það ráðherrann? Þetta held ég að þurfi að skýra miklu betur áður en menn taka svona ákvörðun.

Ég er ansi hræddur um að þetta sé mikið skref aftur á bak og legg til að nefndin sem gerir þessa breytingartillögu dragi hana jafnvel til baka, að þeir stjórnarliðar sem standa að tillögunni dragi þá tillögu til baka að veita þessa heimild. Nú er ekki einu sinni víst að hún verði nýtt en ég tel mjög líklegt að hún verði nýtt vegna þess að hún er mjög

spennandi fyrir þá sem vilja fá völd og gína yfir miklu. En þetta getur orðið mjög hættulegt, allt þetta dæmi, vegna þess að það eru pólitískt kjörnir menn sem hafa áhrif á það hvert fyrirtæki verða seld og hvað gerist með þau, það getur jafnvel gerst að menn fái ekki vinnu nema þeir séu í réttum flokki og menn fái ekki gjaldeyri nema þeir séu í réttum flokki o.s.frv. Því miður kynntist ég því einum of mikið þegar ég var yngri og ég vil helst ekki upplifa það aftur og ég geri ekki ráð fyrir að neinn vilji það nema kannski sá sem er í þessum rétta flokki.

[20:55]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja. Allt er þetta í tengslum við það hrun sem við upplifðum hér og þekkjum, í rauninni er það sem við erum að gera núna aðeins einn anginn af því, við erum að endurskipuleggja fjármálakerfið og fjármálakerfið teygir anga sína víða því að það er eins og einhver sagði, svona olían í hagkerfinu. Og það sem við horfum upp á er það að ýmis fyrirtæki eru beint og óbeint í fanginu á fjármálafyrirtækjunum og fjármálafyrirtækin eru í fanginu á hinu opinbera.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst þegar maður skoðar það sem hefur gerst á þessum sumardögum á þinginu — maður áttar sig ekki á því, tíminn líður svo fljótt, en við erum búin að vera hér í tvo mánuði — að þetta sé án nokkurs vafa óskipulagðasti tími sem ég hef starfað á í þinginu, er ég þá ekki að segja að ég sé sligaður af þingreynslu en ég hef þó verið þingmaður í rúmlega sex ár.

Frumvarpið tekur ekki aðeins á hinum ýmsu þáttum eins og nafnið gefur til kynna og kemur fram í 3. gr. en þar er tilgreindur tilgangur félagsins sem er allt frá því að vera ráðgefandi og aðstoða fjármálafyrirtæki sem hlut eiga að máli við fjárhagslega endurskipulagningu skuldsettra atvinnufyrirtækja, að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu skuldsettra atvinnufyrirtækja og annað því tengt, heldur er nú líka komin tillaga sem felur það í sér að þetta mál fari undir Bankasýslu ríkisins. Það er algjörlega vonlaust að ræða þessi mál nema gera það í samhengi. Það sem hefur gerst, og mín tilfinning er sú að þetta sé allt að því tilviljunarkennt og búið að þróast á síðustu dögum, er að við erum komin hingað og það liggur fyrir að meiri hlutinn ætlar að keyra málið í gegn, tók Bankasýsluna með miklu ofbeldi út úr viðskiptanefnd fyrir sólarhring síðan, menn ætla að setja af stað eina stofnun á vegum ríkisins sem mun halda utan um þetta fyrirtæki sem er með víðfeðmt hlutverk, þ.e. þá stofnun sem hér er til umræðu, stofnun um opinbert hlutafélag til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, og mun hafa alveg gríðarlega mikið umfang og snýr, eins og ég skil það, að hinum ýmsu atvinnufyrirtækjum sem fjármálafyrirtæki þurfa með einum eða öðrum hætti að taka á sökum þess hversu skuldsett þau eru.

Undir Bankasýslunni verða síðan líka hinir þrír stóru viðskiptabankar ef fram fer sem horfir sem mér skilst að allar líkur séu á, og ríkið verði með allan eignarhlutinn í þessum fyrirtækjum, en ég var að vona að hægt væri að skila einhverjum þeirra til kröfuhafanna og þeir kæmu þá beint að rekstri þeirra og væru ekki á ábyrgð ríkisvaldsins. Eins og staðan er núna og eins og þetta hefur verið kynnt mun Bankasýsla ríkisins fara með eignarhlutinn í þessum þrem viðskiptabönkum og ekki bara í þessum þrem bönkum og þessu hlutafélagi sem á að taka almennt á fyrirtækjum í atvinnulífinu heldur líka sparisjóðunum. Hvað þýðir það, virðulegur forseti? Við erum búin að setja lungann af atvinnulífinu á Íslandi í eina stofnun.

Þetta er allt rætt í einhverjum hólfum. Núna ræðum við stofnun þessa opinbera hlutafélags og ef ég skil það rétt hefur tíminn að mestu farið í það hjá nefndinni að ræða úrlausnina, það sem snýr að því fyrirtæki, þangað til á elleftu stundu að það kemur breytingartillaga sem hljómar sakleysislega og gengur út á það að fjármálaráðherra eigi að setja það undir Bankasýsluna, en Bankasýslan er með því í rauninni komin með nokkurn veginn allt atvinnulíf á Íslandi undir sig, ein stofnun með nokkurn veginn allt íslenskt atvinnulíf. Ég hvet menn, virðulegi forseti, til að staldra hér aðeins við.

Er skynsamlegt að haga málum með þessum hætti? Samkeppniseftirlitið hefur komið nokkrum sinnum fyrir viðskiptanefnd bæði út af sparisjóðunum og Bankasýslunni. Hvað leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á, ekki bara þegar fulltrúar þess koma sem gestir heldur líka í öllum umsögnum sínum? Það er alltaf sama línan. Og það er sama línan, eftir því sem ég best veit, og er hjá öllum þeim löndum sem eiga í höggi við kreppuna, þ.e. að gefa ekki neitt eftir hvað varðar samkeppnisþáttinn, setja ekki allt undir sama hatt. Af hverju er það? Það er vegna þess að menn vilja ekki brenna sig á sömu mistökum og menn gerðu í kreppunni á þriðja áratugnum. Hvaða mistök gerðu menn þá? Í nafni þess að menn voru í kreppu viku þeir burt hinum ýmsu samkeppnisreglum og ýmsu markmiðum varðandi samkeppni á markaði. Almennt eru menn sammála um að það hafi bæði dýpkað kreppuna og lengt hana.

Ég hef áhyggjur af því, virðulegi forseti, að núna seint á þessari fallegu sumarnótt séum við að fara, í skugga stórra mála, virkilega mikilvægra mála eins og Icesave og annars máls sem ætti alls ekki að vera að ræða á þessum tímapunkti, sem er aðild Íslands að Evrópusambandinu, að renna hérna í gegn með stórhættuleg mál, mál sem ekki fá alvöruumræðu hvorki í nefndum þingsins né í þingsalnum. Ég vek athygli á því að við erum með hvorki meira né minna en allt atvinnulífið hér undir og við ætlum að setja þetta í eina stofnun. Eina sem vantar er að láta heita að þessi stofnun leggi fram á þinginu fimm ára áætlanir. Þá yrðum við algjörlega búin að ná því sem ég vil trúa að enginn Íslendingur vilji fara þó svo að nokkrir Íslendingar og kannski þó nokkuð margir hafi barist fyrir því fyrir nokkrum áratugum síðan.

Einhvern veginn er mín tilfinning sú út af því gríðarlega skipulagsleysi sem er á þinginu, sem er þess eðlis að það er mjög auðvelt að sjá kómísku hliðarnar á því, sem ég veit að t.d. hv. þm. Helgi Hjörvar gerir og af ástæðu, vegna þess í fullri alvöru fresta menn fundi á Alþingi Íslendinga með 40 sekúndna fyrirvara — og þetta er ekkert grín — vegna þess að formaður einhverrar nefndar hringir í forseta þingsins. Og þetta er allt voðalega kómískt og sniðugt. (Gripið fram í.) En það sem er í gangi, alvara málsins er sú að við erum

að renna í gegn, í gegnum efnahags- og skattanefnd er verið að renna í gegn þessu frumvarpi, í gegnum viðskiptanefnd er keyrt í gegn bæði sparisjóðafrumvarpið og núna Bankasýslan og eftir nokkra daga, kannski einn dag, kannski þrjá, fjóra daga horfum við upp á það að búið er að setja allt atvinnulífið í eina stofnun. Virðulegi forseti. Guð gefi okkur að þessi stofnun standi sig vel, það er eins gott að svo verði. Í ofanálag á sú stofnun að sjá til þess að eigendastefna ríkisins verði virk, þ.e. að hafa eftirlit með því að henni sé komið í framkvæmd. Eigendastefna ríkisins hefur ekki verið kynnt, það á að kynna hana fyrir þinginu, mér fyndist eðlilegt að láta þingið samþykkja hana en það á að kynna hana fyrir þinginu og það hefur ekki enn verið gert en hún er grunnurinn að Bankasýslu ríkisins.

Það er nýmæli fyrir okkur Íslendinga að hafa eigendastefnu ríkisins en slíkt þekkist í ýmsum löndum. Og til að setja það í eitthvert samhengi, virðulegi forseti, fékk ég af því að ég hef verið að kalla eftir því, það hefur ekki komið fram í nefndinni, meiri hluti viðskiptanefndar hefur ekki sýnt því áhuga að skoða Bankasýsluna í samhengi við eigendastefnuna. Ég skal gangast við því að ég er nokkuð forvitinn að vita hvað eigendastefna er og fyrir hvað hún stendur og hvað felst í henni. Ég aflaði mér því gagna sem ég er með hér sem eru eigendastefnur í einu nágrannalandanna, nánar tiltekið Svíþjóð. Þetta er eigendastefnan í Svíþjóð, hún er 74 síður. Ég skal gangast við því að hér mætti koma texta þéttar fyrir og hér er ein og ein mynd en þetta eru 74 síður. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur finnst þetta stórskemmtilegt og það er lykilatriði að sjá hið jákvæða í lífinu.

Alvarleiki málsins er sá að við erum ekkert að fjalla um það sem við ættum að gera. Við settumst niður í sumar til þess að fara í hinar ýmsu bráðaaðgerðir og ég hélt að við hefðum lært af þeim mistökum sem menn eru sammála um að við gerðum, ein þau stærstu voru þau að við vöndum okkur ekki nægilega við lagasetningu og það snýr beint að okkur þingmönnum. Ég fullyrði það að þingmenn meiri hlutans eru ekki meðvitaðir um hvað þeir eru að búa til. Og ég fullyrði að nú sé unnið með þeim hætti að það er verið að reyna að afgreiða mál eins hratt og mögulegt er til að ljúka þinginu. Áhugi Samfylkingarinnar er nær eingöngu á eitt mál og það er að með góðu eða illu að samþykkja tillögu þess efnis að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu. Allt annað er aukaatriði.

Virðulegi forseti. Við ræðum hér mál sem tengjast öllu atvinnulífinu. Nú getur vel verið, svo maður sletti aðeins, að menn hafi „grísað“ á einhverja góða lausn en þá hafa menn grísað á hana, því að hér hefur engin umræða farið fram um framtíðarsýn eða hvernig menn sjá þessum málum fyrir komið í framtíðinni. Ég vek athygli á því að það er núna við 3. umr. málsins sem fá menn þá stórkostlegu hugmynd að skella þessu eins og öllu öðru undir Bankasýslu ríkisins.

Ég held að það sé kominn tími til að ábyrgir aðilar innan stjórnar meiri hlutans dragi andann djúpt og skoði aðeins hvert við erum komin og átti sig á því hvað það þýðir ef við samþykkjum þessi mál eins og hér er lagt upp með. Ég vek athygli á því að við erum að setja 70–80% atvinnulífsins, kannski minna, alla vega 50% — ég er ekki með prósentuna — undir eina stofnun. Við erum að samþykkja eftir því sem ég best veit, við erum ekki búin að sjá það, en miðað við þær upplýsingar sem við höfum ætla menn að hafa eina eigendastefnu fyrir öll fjármálafyrirtæki.

Virðulegi forseti. Þetta er svolítið — þegar maður les hver stefna ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans er — eins og maður hafi dottið inn á sýningu hjá Ladda og sé að hlusta á Martein Mosdal, þetta er ekki langt frá því. Það er ein stofnun með allt atvinnulífið, það er ein eigendastefna fyrir öll fjármálafyrirtækin, ein ríkisstefna, ein ríkisstofnun. Þingmenn Samfylkingarinnar eru svo spenntir að komast í umræðuna um ESB að þeir hafa ekki tíma í þetta en mig grunar að hv. þingmenn VG séu að láta gamlan draum rætast. Að vísu, svo að maður fari aðeins í söguna og skoði hver pólitísk fortíð þessara ágætu einstaklinga er, þá eru ansi margir úr gamla Alþýðubandalaginu í Samfylkingunni, þannig að þetta er kannski draumur fleiri aðila. En ég vonast til þess, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að þessir aðilar hugsi sig tvisvar um áður en við klárum þetta með þessari einu ríkisstefnu og einu ríkisstofnun í öllum málum.

[21:10]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég vil taka undir með mörgum þeim hv. þingmönnum sem hafa haft það á orði í umræðunni um þetta mál að það er með nokkuð þungum hug sem við ræðum þetta frumvarp vegna þess að það er jú ein birtingarmynd þess áfalls sem orðið hefur og um leið þeirrar stöðu sem upp er komin í íslensku atvinnulífi. Ég ætla að það sé engum þingmanni ljúft, hvort sem um er að ræða í stjórn eða stjórnarandstöðu, að leggja til þá leið sem hér er lögð til. Ég get þó tekið undir með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að auðvitað getur maður velt því fyrir sér hvort þeir þingmenn sem hafa bakgrunn í stjórnlyndum stjórnmálaskoðunum, sem í hjarta sínu hafa þá trú að það fari best fyrir þeim samfélögum þar sem miðstýringin er mest, að best sé að stjórnmálamenn og vel upplýstir og jafnvel alvitrir embættismenn taki ákvarðanirnar. Mönnum þykir það kannski ekki eins leitt og þeir láta. Þetta eru auðvitað getgátur og eitt er víst, og ég tala líka fyrir hönd flokks míns, að þetta er eitt af þeim frumvörpum sem erfitt er að taka afstöðu til með öðrum hætti en birst hefur í umsögnum okkar þingmanna og andstöðu okkar almennt við að ríkisvæða og miðstýringarvæða efnahagslíf okkar. Það má öllum ljóst vera, og ég mun koma að því síðar í máli mínu, hvaða alvarlegu afleiðingar það hefur fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs ef við tökum úr sambandi þann kraft sem fylgir framtaki og drift einstaklingsins. Ef við færum ákvarðanatökuna í ríkari mæli til hins opinbera skilar það sér alveg örugglega í lakari lífskjörum þegar upp verður staðið, lakari en þau ella þyrftu að hafa orðið í ljósi þess áfalls sem hér varð.

Þá að frumvarpinu. Ég nefni nokkrar greinar sem ég vil gera athugasemdir við. Í fyrsta lagi, frú forseti, er það 3. gr. frumvarpsins, um tilgang félagsins.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Félaginu er heimilt í undantekningartilvikum að kaupa lánskröfur og eftir atvikum eignarhluti í hlutaðeigandi atvinnufyrirtækjum.“

Ég verð að segja eins og er að ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvað átt er við þegar sagt er að félaginu sé heimilt í undantekningartilvikum að kaupa lánskröfur. Hver er það sem leggur það mat á stöðu mála og fyrir hvern er það mat lagt? Hvað er átt við með þessu orði? Hvaða gildi hefur það? Ég leitaði eftir útskýringum á þessu í framhaldsnefndaráliti og í öðrum plöggum í málinu. Nú kann að vera að mér hafi yfirsést en ég hefði áhuga á því að heyra frá hv. formanni nefndarinnar hvað menn hafa hugsað sér, hversu vítt þetta hugtak er. Er þetta undantekningartilvik eða jafnvel einhvers konar merkingarleysa? Þá á ég við að raunverulega setji enginn takmörk á hvað það er sem félagið getur tekið sér fyrir hendur þegar kemur að því að kaupa lánskröfur eða eignarhluti í atvinnufyrirtækjum. Ég sakna þess að hafa ekki séð einhverja nánari skýringu á því og ef slíka skýringu er að finna einhvers staðar í textunum vildi ég gjarnan sjá hana. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli þegar kemur að framkvæmd þessarar löggjafar hvernig menn skilja þetta hugtak, hversu víðtækt umboð þetta félag eða þessi stofnun hefur til þess að fjárfesta í skuldabréfum og eignarhlutum. Það er algert lykilatriði. Ef menn horfa á þetta þröngt setur þetta heilmikil takmörk en ef þetta er bara sett þarna og menn þurfa ekkert að útskýra það neitt frekar eða það fylgja ekki þessu neinar nákvæmari skilgreiningar hvað þessi undantekningartilvik þýða nákvæmlega gætu menn allt eins sleppt þessu orði, það hefur þá enga merkingu sem slíkt.

Í öðru lagi og í sömu grein, í lið c, er nefnt að rétt sé að ráðstafa eignum félagsins eins fljótt og auðið er, þó að þannig að tekið sé tillit til markaðsaðstæðna og það sé gert með gegnsæjum hætti. Ég fagna því að þetta ákvæði er í lögunum en um leið vil ég benda á að þegar menn þurfa að meta markaðsaðstæður getur það verið mjög flókið mál eins og sagan sýnir hvort markaðsaðstæður þá og þá stundina séu heppilegar til þess að selja fyrirtæki, það getur verið erfitt. Meðal annars er það snúið í slíku mati vegna þess að það kunna að vera rík rök af hálfu ríkisins fyrir því að losa hið opinbera út úr rekstri jafnvel þó að markaðsaðstæður séu með þeim hætti að ekki fáist hámarksverðmæti í ríkissjóð. En aftur á móti kunna hagsmunir þjóðarinnar allrar, efnahagslífsins alls, að kalla eftir því að slík sala fari fram þrátt fyrir að markaðsaðstæður séu ekki þær bestu þegar horft er á hámörkun á sölutekjum. Það getur einfaldlega verið mikilvægt bara til þess að auka aflið í efnahagslífinu að koma slíkum fyrirtækjum aftur í hendur einkaaðila þannig að þau fái þann kraft og þá drift sem slíku eignarhaldi fylgir. Ég vil taka þetta fram af því að ég held að það sé nauðsynlegt að þeir sem starfa eftir þessum lögum hafi það í huga þegar kemur að því, sem verður vonandi sem fyrst, að menn fari í það að selja þær eignir sem þetta félag fjárfestir í.

Síðan kem ég að þeim þætti sem auðvitað eðlilegt er að menn staðnæmist við, 4. gr., sem snýr að stjórn félagsins og framkvæmdastjóra. Ég verð að taka undir með mörgum hv. þingmönnum sem hnotið hafa um þetta að í fyrsta lagi er ekkert óeðlilegt að það sé eigandinn, og þá um leið fjármálaráðherrann, sem skipar í stjórn þessa félags. Í sjálfu sér er það ekkert óeðlilegt þegar um er að ræða félög sem ríkið er með á sinni könnu og eignarhaldið liggur hjá fjármálaráðherra, við sjáum það í mörgum öðrum dæmum. Það sem ég tel að við verðum að hafa í huga í þessu máli, og einnig hvað varðar Bankasýsluna, er að staðan sem upp er komin er algjörlega einstök. Hún varð til vegna hruns fjármálakerfisins og setur allt í einu upp í fangið á ríkinu alveg gríðarlega fjölda fyrirtækja. Þá tel ég að hægt sé að færa rök fyrir öðrum sjónarmiðum hvað varðar hvernig fara á með stjórn slíks félags en bara þeim að fjármálaráðherrann eigi að skipa stjórnina.

Reyndar er gerð tillaga í framhaldsnefndaráliti meiri hlutans um að fjármálaráðherra sé heimilt að framselja eignarhlutinn til tilvonandi Bankasýslu ríkisins. Gott og vel, en í frumvarpinu um Bankasýslu ríkisins er gert ráð fyrir því að sami fjármálaráðherra skipi í þá stjórn. Það breytir því í engu þeim grundvallaratriðum að það er fjármálaráðherrann sem hefur töglin og hagldirnar hvað varðar þetta allt saman í gegnum Bankasýslu ríkisins. Ég er þeirrar skoðunar, og það á jafnt við um Bankasýsluna og um það frumvarp sem hér um ræðir, hið opinbera hlutafélag, að eðlilegt sé að við skoðum aðrar leiðir þegar kemur að því að skipa þessar stjórnir, að eðlilegra sé að Alþingi Íslendinga komi að slíkri skipan. Með því fyrirkomulagi sem stefnir í að óbreyttu er, eins og margir hv. þingmenn hafa lýst, allt atvinnulífið meira eða minna komið inn í opinbera stofnun með einum eða öðrum hætti en stjórn þeirrar stofnunar er skipuð bara af einum manni, hæstv. fjármálaráðherra. Við eðlilegar aðstæður þar sem um er að ræða venjuleg og eðlileg félög í eigu ríkisins er ekkert óeðlilegt við slíkt en þegar svona stór hluti af efnahagsstarfsemi þjóðarinnar er kominn á þetta stig tel ég að menn verði að athuga aðrar leiðir. Ég bind vonir við það áður en við ljúkum afgreiðslu þessara frumvarpa, um opinbera hlutafélagið og Bankasýsluna, að við finnum aðra og betri leið.

Síðan vil ég að lokum gera að umtalsefni þá hættu sem er fólgin í þessu öllu saman. Hún er sú að þegar svona mikið vald og um leið mikil ábyrgð er komin á herðar svo fárra manna, hversu góðir menn sem það nú eru, er hættan á því að mistök eigi sér stað í bankakerfinu og efnahagslífinu öllu aukin. Bankakerfi okkar Íslendinga hrundi og við erum búin að ræða það fram og til baka í þingsalnum hvað kom fyrir. En það er alveg nauðsynlegt að það kerfi sem við byggjum upp hafi ekki í sér fólgna of mikla hættu á því að það verði kerfislæg mistök, það er hætta á því þegar svona mikið vald er sett til mjög fárra einstaklinga. Það er kosturinn við hið dreifða vald, það er kosturinn við markaðinn, að fleiri hugmyndir og sjónarmið koma að málum sem tryggja að menn eru ekki fastir í einhverri einni ákveðinni kreddu sem smitar allt hagkerfið. Það er hættan sem fylgir slíkum stofnunum eins og þeim sem við ræðum nú.

Þess vegna skiptir miklu máli, ef þetta verður niðurstaðan, ef sú leið verður farin sem hér er verið að ræða ásamt Bankasýslunni, að við búum við þetta fyrirkomulag í sem skemmstan tíma. Hver ársfjórðungur og hver mánuður sem líður án þess að við komumst út úr slíku fyrirkomulagi dregur úr þróttinum í hagkerfinu og í raun og veru, þó að menn geti borið fram ágæt rök fyrir nauðsyn þess fyrirkomulags sem hér er, gerum við um leið okkur endurreisnina erfiðari. Þetta eru neyðarráðstafanir og því fyrr sem við komumst frá þeim því betra. Það er reyndar lykilatriði í því

að þingheimur allur sé sér meðvitaður um að við eigum að kappkosta að komast sem fyrst út úr því kerfi sem verið er að smíða því að þetta kerfi er vont kerfi í eðli sínu. Það er vont vegna þess að það þýðir að stór hluti af atvinnurekstri þjóðarinnar er kominn í hendur hins opinbera og það er alvarlegt mál.

Að lokum, frú forseti, vil ég benda á að í þeirri breytingartillögu sem meiri hluti efnahags- og skattanefndar bar fram í framhaldsnefndaráliti er gert ráð fyrir að þingið muni síðan samþykkja lög um Bankasýslu ríkisins. Ég tel að það sé nauðsynlegt, komi til þess að þetta frumvarp verði samþykkt, að umræðu um Bankasýslu ríkisins sé þá lokið og málið afgreitt en með því er hæstv. fjármálaráðherra veitt heimild til að framselja eignarhlutinn inn í Bankasýsluna. Ef við erum ekki búin að ganga frá nákvæmlega hvernig Bankasýslan á að líta út og við samþykkjum frumvarpið eins og það er lagt til hér og síðan verða einhverjar slæmar breytingar á Bankasýslunni sem eru gegn vilja þingsins, gæti myndast óheppileg staða. Ég vil hafa þessi varnaðarorð uppi af því að ég held að menn geti vel komið því þannig fyrir við afgreiðslu mála á Alþingi að það myndist engin óþarfaóvissa (Forseti hringir.) eða villur sem hægt væri að komast hjá.

[21:26]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um frumvarp til laga um endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja. Athygli vekur hvernig ætlunin er að skipa hinu opinbera hlutafélagi stjórn og hafa margir hv. þingmenn gert það að umtalsefni í dag. Samkvæmt frumvarpinu skal stjórn félagsins kosin á aðalfundi félagsins sem samkvæmt ummælum hv. formanns efnahags- og skattanefndar hér í umræðunni fer þannig fram að fjármálaráðherra situr einn á aðalfundi og kýs stjórn til handa félaginu.

Málið hefur hins vegar tekið miklum breytingum frá því að það var fyrst lagt fram á þinginu og nú síðast þeim breytingum að meiri hluti efnahags- og skattanefndar leggur það til að heimilt verði að framselja eignarhlut hins opinbera hlutafélags, sem ætlunin er að stofna á grundvelli frumvarpsins, til Bankasýslu ríkisins en frumvarp um hana hefur ekki verið samþykkt h á Alþingi enn sem komið er. Framsalið mundi fela það í sér að kosning stjórnar verði á valdi þeirrar stofnunar í stað ráðherra þar sem nefndin telji að það tryggi betur faglega ákvörðunartöku innan félagsins.

Nú er það svo, frú forseti, að það frumvarp hefur enn ekki verið afgreitt í þinginu og það liggur fyrir að ekki er einhugur um það og ekki einhugur um það hvernig ákvæðin varðandi stjórnina þar koma til með að enda, hvernig hún verður skipuð. Það er því ankannalegt að taka þátt í umræðu um þetta gríðarlega mikilvæga hagsmunamál íslensku þjóðarinnar, hvorki meira né minna, hvernig endurskipulagning rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja mun fara fram án þess að þetta liggi fyrir. Það er ætlunin hér að þingmenn samþykki að fela þetta Bankasýslu ríkisins sem enn liggur ekki fyrir hvernig verður og hvernig stjórn hennar verði háttað, að við samþykkjum þetta frumvarp án þess að það liggi fyrir. Hvernig á þessi umræða að geta verið fagleg? Ég spyr að því. Það er í rauninni hálfankannalegt að þurfa að taka þátt í þessu.

Hæstv. forseti. Við Íslendingar stöndum frammi fyrir því stóra verkefni að endurreisa efnahag landsins. Þetta verkefni er viðamikið og það er auðveldara um að tala en í að komast að leysa öll þau viðfangsefni sem lenda inni á borði stjórnvalda, ég geri mér fyllilega grein fyrir því. En það mikilvægasta í þessu öllu saman er að gera sér grein fyrir því hvert skal stefnt. Hver er heildarsýnin? Hvert er verið að stefna með þjóðina? Hver er meiningin með því að leggja fram þessi frumvörp? Hver er heildarsýnin, hvers vegna liggur hún ekki fyrir?

Vinnubrögðin á Alþingi á yfirstandandi sumarþingi eru með þeim hætti að ég efast um að nokkur einasti maður hafi það á tilfinningunni að það sé einhver heildarsýn í þeim verkefnum sem hafa komið hingað inn. Og varðandi það að ríkisstjórnin hafi heildarsýn yfir þessi verkefni. Nú er staðan sú að stærstur hluti íslensks atvinnulífs er að verða kominn í hendur ríkisins. Í dag er á dagskrá frumvarpið sem við ræðum nú, jafnframt á að vera seinna í dag umræða um Bankasýslu ríkisins og fyrr í dag ræddum við frumvarp sem leiðir til ríkisvæðingar sparisjóðanna. Allt vald fellur nú til fjármálaráðherra og til Bankasýslu ríkisins og ríkisvæðing atvinnulífsins er staðreynd. Hver er stefna ríkisstjórnarflokkanna vaðandi eignarhald á þessum fyrirtækjum?

Talsmenn ríkisstjórnarflokkanna hér í umræðunni hafa farið mikinn og sagt að til standi að gefa út eigendastefnu. Gott og vel. En hvernig lítur sú stefna út? Hvers vegna er ekki byrjað á þeim enda að upplýsa okkur um það hér hvert skal stefnt varðandi þessi fyrirtæki? Af hverju er ekki byrjað á þeim enda? Er einhver tilgangur með því að ræða það hér án þess að við vitum hver niðurstaðan á að vera, hvert skal stefnt? Vissulega hefur því verið lýst yfir að kynna eigi þessa eigendastefnu í þinginu en er ekki augljóst að afstaða þingheims til þess máls sem hér liggur fyrir er nátengd því hvernig eigendastefnan lítur út?

Hæstv. forseti. Vissulega tala vinstri flokkarnir um að það sé mikilvægt að koma eigendastefnu ríkisins í loftið og það sé ekki ætlunin að ríkisvæða atvinnulífið til langframa. Sumir þeirra sem sitja í stjórnarliðinu hafaýjað að því að vissulega sé einkaframtakið mikilvægt. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli. Atvinnulífið hefur verið ríkisvætt, öll völd eru að verða komin á hendur fjármálaráðherra. Gjaldeyrishöftin eru staðreynd og mann rennir í grun að þau verði viðvarandi. Ríkisvæðing sparisjóðanna virðist liggja í loftinu. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar telja sig hafa efni á því að hafna tækifærum til atvinnuuppbyggingar þar sem minnsti grunur leikur á að einhver einkabisness sé viðloðandi, líkt og hæstv. heilbrigðisráðherra komst að orði hér í síðustu viku. Áform ríkisstjórnarinnar um að fara svokallaða fyrningarleið í sjávarútvegi hefur þegar valdið ómældum skaða innan greinarinnar og þessi aðalgrunnstoð íslensks atvinnulífs á því undir högg að sækja beinlínis vegna stefnu ríkisstjórnarinnar. Þá ríkir jafnframt óvissa um það hvernig íslenskum landbúnaði kemur til með að reiða af vegna áforma Samfylkingarinnar um inngöngu í Evrópusambandið.

Þá hafa ýmis mál hlotið skrýtna umfjöllun. Afgreiðsla umsóknar ORF Líftækni um sáningu á erfðabreyttu byggi í

Gunnarsholti var dregin það mikið á langinn að rannsóknir þetta sumarið varðandi þetta mikilvæga mál, sem kemur til með að skapa íslensku þjóðarbúi miklar gjaldeyristekjur, eru í hættu. Virkjanaáform í neðri hluta Þjórsár virðast vera á ís vegna afskipta umhverfisráðuneytisins af skipulagsmálum sveitarfélaganna á svæðinu. Útgáfa rannsóknarleyfa vegna hugsanlegrar orkunýtingar liggur ekki fyrir. Það vakna óneitanlega þær áhyggjur að þegar iðnaðarráðuneytið hefur gripið til aðgerða til að liðka fyrir erlendri fjárfestingu hér á landi verði einfaldlega engin orka í boði og við missum því af þeim tækifærum sem okkur standa til boða og við þurfum svo virkilega á að halda til að byggja upp atvinnu í landinu. Endalausar skattahækkanir virðast vera leið vinstri flokkanna út úr kreppunni. Enginn raunverulegur vilji virðist vera til þess að skera niður í ríkisrekstri.

Virðulegi forseti. Vinstri flokkarnir geta talað fjálglega um að í raun sé enginn kommúnistabragur á stjórn mála en verkin tala. Skattahækkanir, ríkisvæðing atvinnulífsins og skortur á heildarsýn eru staðreynd. Er ekki bara við hæfi að kalla þessa leið nýkommúnisma? Komum okkur þannig út úr kreppunni með nýkommúnismanum.

Virðulegi forseti. Grundvöllur þess að við náum árangri við stjórn efnahagsmála sem leiðir til vaxtalækkunar og afnáms gjaldeyrishaftanna er að stjórnvöld nái tökum á ríkisfjármálunum og að endurreisn bankanna verði lokið. Áður en þessi tvö mikilvægu atriði komast í verulega gott horf verða allar aðgerðir til bjargar heimilunum og atvinnulífinu máttlausar.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur lagt fram viðamikla þingsályktunartillögu um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála. Markmið þeirra aðgerða, sem lagt er til að Alþingi feli ríkisstjórn að ráðast í, er að bæta stöðu heimila og fyrirtækja, endurheimta tiltrú á íslensku efnahagslífi, skapa sameiginlegan skilning á mikilvægi brýnustu aðgerða, tryggja hvata til atvinnusköpunar og hagvaxtar og skapa skilyrði til þess að Íslendingar verði að nýju í hópi samkeppnishæfustu þjóða heims.

Þau verkefni sem við blasa eru vissulega stór og viðamikil en ekki óyfirstíganleg. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir heildarmyndinni, það verður að nást yfirsýn yfir viðfangsefnin, það verður að taka til verka og taka til verka í réttri röð, það verður að byrja á því að taka á í ríkisfjármálunum og ljúka endurskipulagningu bankanna. Öll úrræði sem miða að aðstoð til handa heimilum og fyrirtækjum verða veikburða meðan ekki er til staðar starfhæft bankakerfi. Til að tryggja trúverðugleika efnahagslífsins til langframa þarf að endurskoða hagstjórnina og þær reglur sem unnið er eftir á fjármálamarkaði. Hið opinbera hefur það hlutverk að skapa atvinnulífinu umhverfi sem hvetur til fjárfestinga og myndunar nýrra starfa. Erlendir fjárfestar hafa áhuga á að koma í framkvæmd atvinnutækifærum á sviði orkufreks iðnaðar og allt hik varðandi afhendingartíma orku, tafir á afgreiðslu umhverfismats, óvissa um skattumhverfi fyrirtækja og gjaldeyrishöft gera það að verkum að Ísland gæti misst af tækifærum til atvinnusköpunar. Við höfum ekki efni á að missa af slíkum tækifærum.

Virðulegi forseti. Á óvissutímum er nauðsynlegt að sýna yfirvegun við stjórn landsins og jafnframt að hafa kjark til að taka ákvarðanir og fylgja fastmótaðri stefnu með augastað á framtíðinni. Tillögum sjálfstæðismanna hefur verið vel tekið af þingmönnum úr öllum flokkum og ég tel rétt að bretta upp ermar og hefjast handa við að hrinda þeim í framkvæmd.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir erfiða stöðu megum við Íslendingar aldrei gleyma því að við eigum margar styrkar stoðir sem við munum byggja á til framtíðar. Aldurssamsetning þjóðarinnar er hagstæð, menntunarstig er mjög hátt og grunnstoðir samfélagsins eru sterkar. Sú gnótt af hreinu ferskvatni sem við búum að er auðlind sem við skulum ekki vanmeta og við eigum mikið af góðu ræktarlandi sem kemur til með að nýtast okkur vel. Sjávarútvegurinn er sterkur ef hann fær einfaldlega að lifa í friði fyrir fyrningarhugmyndum ríkisstjórnarinnar. Við þurfum að snúa bökum saman, Íslendingar, og vinna saman að því verkefni að endurreisa efnahaginn. Það gerum við með því að hafa trú á því að einstaklingarnir sem hér búa hafi eitthvað til málanna að leggja og að þeirra framtak og vinna komi til með að skila sér í því að þeir sjái afrakstur eigin verka.

Nú sem aldrei fyrr ríður á því að stjórnvöld átti sig á þeirri skyldu sinni að skapa skilyrði sem liðka fyrir þeim tækifærum sem til staðar eru. Barátta okkar á Íslandi næstu missirin felst í því að grípa tækifærin, að sjá til þess að krumla ríkisins grípi ekki atvinnulífið það sterkum tökum að ekki verði aftur snúið. Það gerum við með því að treysta á kraft einstaklingsins vegna þess að það er framtak einstaklingsins sem kemur til með að koma okkur hvað hraðast upp úr kreppunni.

[21:37]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar er kannski ekki mikið að vöxtum við fyrstu sýn þegar pappírarnir eru skoðaðir en hins vegar er ljóst að hér er um að ræða gríðarlega umfangsmikið og flókið mál. Það verðskuldar allmikla umræðu eins og það hefur fengið hér í dag, raunar líka við 2. umr. þessa máls og umfjöllun í nefnd sem greinilega hefur átt mikið verk fyrir höndum að takast á við það frumvarp sem upphaflega var lagt af stað með.

Sannleikurinn er sá að þegar þetta frumvarp er skoðað í þeim búningi sem það er í núna eftir 2. umr. og borið saman við það frumvarp sem lagt var fram í upphafi er ljóst að það hefur tekið ótrúlega miklum breytingum. Í raun og veru má segja að við séum hér í þriðju atrennunni að þessu máli. Fyrst var frumvarpið lagt fram á síðasta þingi en þá var það ekki afgreitt. Það beið þess síðan að verða tekið til endurskoðunar af núverandi ríkisstjórn, eins og kemur fram í greinargerð og athugasemdum með þessu frumvarpi, að eftir að tekið hafði verið tillit til þeirra athugasemda að einhverju leyti sem borist höfðu þegar frumvarpið var lagt fram upphaflega. Það er þó alveg ljóst að þegar þau mál eru skoðuð og bornar saman þær athugasemdir sem bárust við upphaflegt frumvarp að það frumvarp sem lagt var af stað með nú í vor, þingskjal 1, fyrsta mál þessa þings, var algjörlega vanbúið. Það sjáum við m.a. af þeim umræðum sem urðu strax í upphafi um málið. Það kemur einnig í ljós þegar við rennum augum yfir þær athugasemdir sem bárust frá fjöldamörgum aðilum sem málið varða, frá atvinnulífinu, bönkunum og öllum þeim skoðuðu þetta mál. Í raun og

veru er Alþingi að kveða upp dóm um þetta frumvarp í þeirri meðhöndlun sem það hefur fengið í þingnefndinni og með þeim breytingartillögum sem þegar hafa verið afgreiddar og eru nú lagðar hér fram.

Það sætir mikilli furðu að mál eins og þetta, sem er augljóst forgangsmál ríkisstjórnarinnar, lagt fram sem fyrsta mál hennar á vorþingi, skuli hafa verið svo vanreifað sem raun ber vitni. Það ber auðvitað skýrt merki þess að kastað var til höndunum við gerð þess. Það hefur ekki verið hugsað út í hörgul þrátt fyrir að ábending þess efnis hafi birst í greinargerð frá virtum aðila erlendum sem kallaður var til þess að gera tillögur í þessum efnum. Það er mjög ámælisvert að ríkisstjórn skuli leggja fram mál af þessari stærðargráðu sem er svo vanreifað sem raun ber vitni.

Ég gagnrýni í sjálfu sér ekki þó að Alþingi geri miklar breytingar á tilteknum lagafrumvörpum, hvort sem er frá ríkisstjórn eða einstökum þingmönnum. Það er þá fyrst og fremst til marks um að Alþingi vinnur vinnuna sína, það fer yfir málið til þess að reyna að betrumbæta það. Það lýsir líka sjálfstæði þingsins sem vekur aftur á móti athygli á þeirri umræðu sem stundum á sér stað um að Alþingi sé ekki sjálfstæð stofnun, að Alþingi taki eingöngu tilskipunum framkvæmdarvaldsins. Þó að það eigi við stundum á það alls ekki við alltaf. Þetta mál er dæmi um þegar Alþingi tekur til sinna ráða þegar framkvæmdarvaldið kastar gjörsamlega til höndum varðandi mál, sérstaklega af þeim toga sem við fjöllum um. Það er gríðarlega þýðingarmikið mál sem mun hafa áhrif á fyrirkomulag atvinnulífsins, ekki bara í bráð heldur líka í lengd, sérstaklega í ljósi þess að við vitum að eigendastefna ríkisins er mjög óskýr og yfirlýsingar hæstvirtra ráðherra og þingmanna varðandi mögulegt eignarhald á einstökum fyrirtækjum eru mjög misvísandi. Það er alveg ljóst að það sem við fjöllum um hér getur haft mjög mikil áhrif á hvernig fyrirkomulag og staða atvinnulífsins verða á næstunni og í framtíðinni og þar með hefur það mikil bein áhrif á hvernig lífskjör muni þróast á komandi árum.

Það er kannski til marks um hversu miklum breytingum frumvarpið hefur tekið að þetta er þriðja atrennan að þessu máli og svo miklum breytingum hefur frumvarpið tekið að það varð niðurstaða hv. efnahags- og skattanefndar sem fór yfir málið að jafnvel þyrfti að breyta heiti frumvarpsins. Upphaflegt heiti frumvarpsins var að mati nefndarinnar þannig eftir þær breytingar sem búið er að gera á málinu við 2. umr. málsins að það þótti ekki endurspegla inntak þess, ekki heldur eftir þær breytingar sem nefndin gerði á því og Alþingi hefur nú þegar samþykkt. Það segir okkur hvernig að þessu máli hefur verið staðið og það er auðvitað ekki vansalaust af hálfu framkvæmdarvaldsins að leggja af stað með svona stórt mál sem varðar framtíðarskipulag atvinnulífsins og hvernig við ætlum að reyna að sigla atvinnulífinu út úr þeim miklu erfiðleikum sem við er að glíma.

Gleymum því ekki að atvinnulífið er nú í mjög alvarlegri stöðu. Ég hef ekki hitt neinn úr atvinnulífinu sem ekki kvartar undan því að fjárhagsleg fyrirgreiðsla af hálfu bankastofnana sé í skötulíki. Ekki er búið að ljúka stofnun bankanna, það hefur dregist viku eftir viku, mánuð eftir mánuð. Nú er sagt að þeirri vinnu eigi að ljúka um miðjan þennan mánuð, nánar til tekið 17. júlí, og á meðan hefur atvinnulífið liðið mjög fyrir þetta.

Það mál sem hér er lagt til felur í raun og veru í sér að færa verkefni sem ella væru í ríkisbönkunum, og eftir atvikum í sparisjóðunum, sem nú stefnir í að verði ríkisvæddir eins og glögglega kom fram í umræðunum hér í dag, inn í þetta nýja fyrirtæki sem er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins með einu hlutabréfi sem hæstv. fjármálaráðherra fer með. Þess vegna munu safnast algjörlega áður óþekkt völd í atvinnulífinu inn í þetta nýja fyrirtæki.

Stundum hefur verið talað um að það sé mikil samþjöppun valds í atvinnulífinu eins og það hefur verið undanfarin ár og oft hefur verið undan því kvartað að skortur sé á samkeppni þegar um er að ræða að fáein fyrirtæki eru ríkjandi á einhverjum markaði. Hér er verið að ákveða, verði þetta frumvarp að lögum, að færa stjórn á mjög stórum hluta atvinnulífsins inn í eina stofnun sem á þá að ráða öllu því sem hún vill í sambandi við rekstur og fyrirkomulag atvinnulífsins. Það sem við höfum séð í fortíðinni varðandi samþjöppun valds í atvinnulífinu er hreinn barnaleikur á við það sem hér er verið að leggja drögin að. Ég held að ég sé örugglega ekki einn um að hugsa þannig en í gegnum höfuð mitt fóru ýmsar orwellskar hugsanir, stórabróðurskírskotanir, þegar ég velti fyrir mér því gífurlega valdi sem þessu nýja fyrirtæki verður ætlað.

Ef hið nýja frumvarp er lesið eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. málsins blasir við að þar er verið að leggja til gífurlega mikil völd sem verða í höndum þessa nýja fyrirtækis. Þegar hefur verið farið yfir það í nokkru máli í hverju það felst. Eitt af því sem vakti athygli mína er cliðurinn, þegar kemur að því að velta fyrir sér hvernig eigi síðan að fara með þær eignir sem þetta fyrirtæki á að „forvalta“. Þar er lagt á ráðin um tiltekin meginmarkmið um hvað leggja skuli áherslu á og er skemmst frá því að segja það er mjög margt tínt til og flest er það skynsamlegt. Hins vegar blasir líka við þegar þessi mál eru skoðuð að ýmislegt af því sem lagt er upp með þegar þessi fyrirtæki verða seld, þegar þau fara úr eigu stóru orwellsku stofnunarinnar, stangast á. Það er t.d. ekki alveg ljóst mál að markmiðið um dreifða eignaraðild í þessum fyrirtækjum og markmiðið um að ná hámarksafrakstri fyrir ríkissjóð séu endilega samrýmanleg. Í umræðunni sem fram fór á sínum tíma um einkavæðingu bankanna kom fram að þar stönguðust á tvö sjónarmið: Annars vegar það sjónarmið að æskilegt væri að selja fyrirtæki þannig að það tryggði dreifða eignaraðild. Hins vegar var sagt: Þessu verðum við að víkja til hliðar til þess að reyna frekar að ná hámarkstekjum af eignasölunni fyrir ríkið vegna þess að það blasir við að sá sem getur keypt fyrirtæki og eignast þar ráðandi hlut er væntanlega tilbúinn til þess að greiða heldur hærra verð fyrir hlutafé en sá sem ætlar að kaupa lítinn hlut sem ekki gefur honum mikil völd og áhrif í hendur.

Hér í 3. umr. er einnig rædd breytingartillaga sem er á nefndaráliti meiri hluta efnahags- og skattanefndar þar sem segir að fjármálaráðherra verði heimilt að framselja eignarhlutinn til Bankasýslu ríkisins. Það er út af fyrir sig sögulegt að vísað sé í þessum lögum til frumvarps sem ekki hefur einu sinni hlotið afgreiðslu Alþingis. Þetta er að vísu heimildargrein þannig að út af fyrir sig er það væntanlega

þinglega tækt eins og það er lagt fram en engu að síður er sérkennilegt að hugsa til þess að heimild skuli vera til þess að framselja eignarhlut til stofnunar sem ekki er enn þá búið að setja á laggirnar.

Það er þó enn þá sérkennilegra ef við skoðum hvernig það frumvarp sem við fjöllum um hefur þróast að þessu leyti. Í upphaflegu frumvarpi sem lagt var fram í vor var heimild í 4. gr. fyrir fjármálaráðherra að afhenda eignarhlut ríkisins í eignaumsýslufélaginu til félags í eigu ríkissjóðs. Talað var um það í upphafi að hæstv. fjármálaráðherra hefði heimild til þess að fela tilteknu ríkisfyrirtæki eignarhlut ríkisins í eignaumsýslufélaginu.

Við 2. umr. málsins og í efnahags- og skattanefnd var rætt sérstaklega þetta ákvæði upphaflega frumvarpsins, um að fela einu tilteknu félagi umsýslu á þessu nýja fyrirtæki sem á að fara með endurskipulagningu á rekstrarhæfum fyrirtækjum. Niðurstaða nefndarinnar varð sú — og þetta er dálítið merkilegt — að taka burtu þá heimild sem hæstv. fjármálaráðherra var afhent samkvæmt upphaflegu frumvarpi sem lagt var fram í vor. Nefndin komst að niðurstöðu um að ekki væri skynsamlegt að hæstv. fjármálaráðherra gæti framselt það félag sem við fjöllum um hér í hendurnar á einhverju ríkisfyrirtæki. Það er síðan rökstutt sérstaklega í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Þess vegna verð ég að segja eins og er að það vekur óskaplega furðu að nú, 7. júlí, skuli gerð breytingartillaga sem gengur þvert á breytingartillöguna sem sama nefnd, sami meiri hluti lagði fram 16. júní sl. Breytingartillagan frá 16. júní gengur í eina átt, breytingartillagan frá 7. júlí gengur í þveröfuga átt og er í raun og veru afturhvarf til þeirrar hugmyndar sem hæstv. fjármálaráðherra hafði um þessi mál þegar hann lagði fram frumvarpið, þannig að hvað virðist stangast á annars horn.

Skyldi hæstv. fjármálaráðherra hafa komist með puttana í þetta mál? Getur það verið að hæstv. fjármálaráðherra hafi verið óánægður með málið eins og gert var ráð fyrir í niðurstöðu nefndarinnar og hafi þess vegna ákveðið með tilstyrk meiri hluta nefndarinnar að hverfa frá upphaflegum hugmyndum sínum og snúa þessu máli í átt að því sem hann vildi þegar hann lagði málið fram? Það væri fróðlegt að fá svör við því að verið er að sveigja svona gjörsamlega frá þeirri leið sem mörkuð var þegar málið var lagt fram upphaflega. Hvað skýrir það að menn fara hér tvisvar sinnum í (Forseti hringir.) 180° beygju frá upphaflegum tillögum sínum? (Gripið fram í.)

[21:52]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Það fer að líða að því að ég taki til máls um efnið en áður en að því kemur vildi ég grennslast fyrir um það hjá hæstv. forseta hvernig framhaldi þingstarfa verður háttað hér í köld, hver áform forseta eru varðandi framhaldið. Hér hafa verið rædd tvö mál í dag, annars vegar um fjármálafyrirtæki og hins vegar þetta. Ég óska þess að hæstv. forseti upplýsi um hvort fyrirhugaðar séu atkvæðagreiðslur í kvöld vegna þess að tilkynnt hefur verið að á morgun sé bara tvennt á dagskrá, annars vegar óundirbúnar fyrirspurnir og hins vegar tillögur um aðildarumsóknir að ESB. (Forseti hringir.) Það væri gott, nú þegar klukkan er að verða tíu um kvöld og við höfum verið að störfum hér í allan dag, að forseti upplýsti (Forseti hringir.) hver áform hennar eru varðandi framhaldið.

[21:54]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti getur upplýst að fundi verður fram haldið eitthvað áfram og gengið á dagskrána, þó hugsanlega ekki alveg í þeirri röð sem hún er uppsett. Hvað morgundaginn varðar ræðst sú dagskrá af því hversu vel gengur með dagskrána núna. Hv. þingmaður spurðist fyrir um atkvæðagreiðslur og þær eru ekki fyrirhugaðar í kvöld, þannig að það sé upplýst.

[21:54]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir svörin en er einhver möguleiki að virðulegur forseti geti verið ögn nákvæmari varðandi hvað við eigum að halda áfram lengi hér í kvöld? Þetta var nokkuð opið. Ef virðulegur forseti vildi vera svo væn að setja okkur inn í það með örlítið meiri nákvæmni, eiginlega með þó nokkuð mikið meiri nákvæmni.

[21:55]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti getur upplýst með örlítið meiri nákvæmni að fundi verður fram haldið a.m.k. til miðnættis, við skulum láta það duga til að byrja með.

[21:55]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Málin skýrast hægt og rólega en ekki nægjanlega. Nú sagði hæstv. forseti að hugmyndin væri að halda áfram fram að miðnætti a.m.k. Þessi aukasetning, ef ég get kallað það svo, „að minnsta kosti“, vekur hjá mér ákveðnar spurningar. Ég hefði skilið hæstv. forseta nokkuð vel ef hún hefði t.d. sagt að ætlunin væri að halda áfram til miðnættis. Punktur. En þegar hæstv. forseti bætti síðan við þessum orðum, „að minnsta kosti“, verð ég að játa að mér varð það engan veginn neitt ljósara hver hugmyndin er með framhald þingstarfanna. Ég vil því biðja hæstv. forseta að tala enn skýrar og spyr um leið hvað orðasambandið „að minnsta kosti“ þýðir í þessu samhengi.

[21:56]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti getur upplýst að eins og dagskráin var sett upp, með 18 mál, og ekki hefur gengið betur en svo að enn er verið að ræða þriðja dagskrármálið, að oft og tíðum er erfitt að segja fyrir um hvernig gengur að ræða málin. (Gripið fram í.) Forseti bætti við „að minnsta kosti“ því að heimild hefur verið gefin til þess að þingið haldi áfram störfum fram eftir nóttu og við skulum sjá til og meta það um miðnætti hvernig málin þróast hér á þingi.

[21:57]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að yfirlýsingar um lengd fundar eru ekki hárnákvæmar og verður að una við

það. Ég geri ráð fyrir því og byggi það á nokkurri reynslu að ekki sé endilega hægt að kreista út úr hæstv. forseta nákvæmari yfirlýsingar í þeim efnum.

Hins vegar var annað atriði í svörum hæstv. forseta sem vakti athygli mína en það var óljós yfirlýsing um að hugsanlega yrði vikið frá dagskránni sem liggur fyrir fundinum í framhaldinu. Það getur skipt töluverðu máli fyrir þingmenn upp á það hvernig þeir skipuleggja vinnu sína hvort þeir eru hér í þingsal eða á skrifstofum sínum hvaða mál það eru sem tekin eru fyrir og í hvaða röð. Almennt ganga menn út frá því að sú dagskrá sem liggur fyrir þinginu haldi. Ef einhver áform eru um að víkja frá áður boðaðri dagskrá óska ég eftir því að hæstv. forseti upplýsi það (Forseti hringir.) með einhverjum fyrirvara þannig að menn geti brugðist við því.

[21:58]

Forseti (Þuríður Backman):

Tveir hv. þingmenn eru á mælendaskrá í þriðja dagskrármáli og forseti hafði hugsað að málin mundu þróast þannig í þingstörfum að næsta mál á dagskrá yrði dagskrármál nr. 10, Gjaldeyrismál. Að því loknu yrði tekið aftur til við að ræða dagskrána eins og hún liggur fyrir og þá farið í 4. mál, ef það upplýsir hv. þingmenn betur um framvinduna.

[21:59]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns nota tækifærið til að þakka hæstv. forseta fyrir þau svör sem hér komu fram, að ætlunin væri að taka næst á dagskrá mál nr. 10, Gjaldeyrismál. Það skiptir verulegu máli að vita það vegna þess að þetta eru nýjar upplýsingar eftir því sem ég best veit. Ég tel fullvíst að þetta hafi ekki verið rætt við þingflokksformenn eða að menn hafi ekki vitað af þessu áður og því er auðvitað mjög gott að þetta kemur fram á þessum tímapunkti þannig að hægt sé að bregðast við því með einhverjum hætti. Það er auðvitað svo, hæstv. forseti, að þegar mikið er að gera í þinginu geta menn átt von á því að dagskrá breytist og að gerðar séu breytingar en eins og hæstv. forseta er ljóst af langri setu sinni í forsætisnefnd er heppilegast að slíkar breytingar gerist með nokkrum fyrirvara og um leið er auðvitað heppilegast að slíkar breytingar séu gerðar í samráði þingflokksformanna eftir því sem kostur er svo því sjónarmiði sé haldið til haga.

Svo ég víki almennt að efnisatriðum þess máls sem er á dagskrá og er til umræðu verð ég að segja að það er mikilvægt og ferill þessa máls allur sýnir í rauninni hversu mikilvægt það er að mál fái vandaða meðferð í þinginu. Á vordögum var lagt fram frumvarp fjármálaráðherra um þetta efni sem síðan hefur tekið breytingum í veigamiklum atriðum bæði á þinginu í vor og eins nú á sumarþingi og ég hygg að frumvarpið hafi að langmestu leyti þróast til betri vegar. Ég hef persónulega haft talsverðar efasemdir um þá leið sem verið er að fara hér en ég held þó að margt hafi gerst í meðferð málsins sem geri það að verkum að það sé betra en það var þegar það kom fram fyrst í vetur, en því frumvarpi sem þá var lagt fram var ýtt til hliðar sem betur fer og nýtt frumvarp lagt fram þegar nýtt þing kom saman í vor.

Að þessu sögðu, bara til að taka það fram held ég að sú vinna sem lögð hefur verið í frumvarpið hafi verið jákvæð og skilað árangri að mörgu leyti en með því er ég ekki að segja að mér lítist vel á málið eins og það lítur út í dag þó að það sé betra, þó að það sé skárra. Áður en ég nefni einstaka þætti í frumvarpinu kemst ég ekki hjá því að taka undir þau orð sem komu fram í ræðu hv. þm. Unnar Brár Konráðsdóttur fyrr í kvöld þar sem hún tók það saman að þessi dagur hefur á sér blæ afskaplega mikillar ríkisvæðingar. Við ræddum fyrr í dag frumvarp sem felur í sér verulega hættu á ríkisvæðingu sparisjóðakerfisins. Þetta frumvarp hefur fólgna í sér hættu á ríkisvæðingu á stórum hluta íslensks atvinnulífs og með frumvarpi um Bankasýslu ríkisins sýnist mér, eins og ég lýsti við 1. umr. þess máls, hætta á að fest verði í sessi ríkisvæðing bankakerfisins sem illu heilli átti sér stað hér á haustdögum af ástæðum sem auðvitað enginn óskaði eftir og enginn fagnaði en það gerðist.

Þetta er því töluvert dapurleg staða sem við stöndum frammi fyrir. Við horfumst í augu við það að atvik hafa orðið með þeim hætti og mál því miður þróast á þann veg að ríkið hefur tímabundið þurft að koma að fleiri þáttum í efnahagsmálunum en við hefðum óskað. Þegar við förum í einstök mál og reynum að útfæra hvernig aðkoma ríkisins á að vera verðum við að fara af afskaplega mikilli gætni. Við verðum að fara af gætni til að tryggja það eins og hægt er að þau afskipti ríkisins sem um verður að ræða verði eins lítið skaðleg og nokkur kostur er, að það verði eins lítill skaði af afskiptum ríkisins og kostur er, og þá er ég að hugsa bæði hvað varðar pólitísk afskipti varðandi samkeppnisþætti og fleira þess háttar, því að eins og fleiri en einn og fleiri en tveir hv. þingmenn hafa rakið í kvöld getur miðstýring og of mikið vald hjá of fáum aðilum hjá ríkinu haft afar skaðleg áhrif í atvinnulífinu. Þess vegna þarf að tryggja að þessar hættur verði eins litlar og kostur er. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé nægilega vel gengið frá þessu frumvarpi til að lágmarka þann skaða sem kynni að koma til af þessum sökum.

Það er líka sjónarmið sem hafa þarf í huga og er reyndar vikið að í þessu frumvarpi að um leið og verið er að forma það með hvaða hætti aðkoma ríkisins á að vera verði hugað að því með hvaða hætti ríkið fari út úr viðkomandi starfsemi. Það er vikið að því í frumvarpinu og ég hefði kannski kosið að örlítið meira púðri hefði verið eytt í þann þátt málsins en það er þó betra í þessu frumvarpi en ýmsum öðrum frumvörpum sem við höfum hér til umfjöllunar að það er þó vikið að þessu. Það segir í c-lið 3. gr., með leyfi forseta:

„að ráðstafa eignum sem félagið kaupir, sbr. a-lið, eins fljótt og markaðsaðstæður leyfa með gagnsæjum hætti og að teknu tilliti til sjónarmiða um jafnræði, virka samkeppni, dreifða eignaraðild“ o.s.frv.

Þetta er betra en margt annað sem við höfum séð í dag og höfum til umfjöllunar á þessu þingi, það er þó hugað að þessu. En ég tel að það hefði mátt eyða meira púðri í þennan þátt enda held ég að það hljóti að vera sameiginlegt markmið a.m.k. flestra flokka í þinginu, kannski ekki allra en flestra flokka í þinginu, að ríkið sé ekki með yfirgripsmikil afskipti af atvinnustarfsemi í landinu til langframa. Ég held að það sé afar mikilvægt.

Ég ætlaði að nota þann skamma tíma sem ég hef hér til umráða til þess að víkja örlítið að nokkrum einstökum þáttum frumvarpsins. Ég hef ekki átt þátt í að koma að þessum málum í nefnd og hef ekki séð í gögnum málsins skýr svör við þeim vangaveltum sem ég hef um þetta mál eða um einstök atriði þess og væri þakklátur ef ég gæti fengið áður en þessari umræðu lýkur einhver svör við því. Hv. formaður efnahags- og skattanefndar hefur verið talsvert við umræðuna og getur kannski brugðist við, en ég vænti þess þá að ef hann gerir það ekki muni aðrir hv. þingmenn stjórnarflokkanna sem hér eru staddir koma þar til sögunnar og útskýra þann þátt fyrir mér. Þeir hafa eins og löngum í umræðum í dag verið fjarstaddir og ekki tekið þátt í umræðu um þau mál sem hér hafa verið til umfjöllunar og þykist ég vita að þeir hafi mörg og mikilvæg verkefni sem hafa tafið þá frá því að sinna þingstörfum í dag og vænti þess að það birtist þá kannski í þeim málum sem við eigum eftir að taka fyrir síðar á dagskránni í kvöld.

Ég ætlaði eins og ég sagði að víkja að nokkrum atriðum, því sem helst stendur upp úr af því sem ég rak augun í þegar ég kynnti mér frumvarpið eins og það leit út eftir 2. umr. Það eru ákveðnar spurningar í því sambandi sem mér finnst ég ekki fá svör við eins og ég sagði áður, hæstv. forseti. Ég nefni þar 3. gr. frumvarpsins um tilgang félagsins. Í a-lið finnst mér óljóst, og tek þar undir athugasemd sem kom fram í umræðunni hjá hv. þm. Illuga Gunnarssyni og raunar fleirum, það sem talað er um í 2. málslið a-liðar:

„Félaginu er heimilt í undantekningartilvikum að kaupa lánskröfur og eftir atvikum eignarhluti í hlutaðeigandi atvinnufyrirtækjum.“

Mér finnst ekki alveg ljóst hvað átt er við með undantekningartilvikum. Ég velti fyrir mér hvort þetta beri að túlka með þeim hætti að rökstyðja þurfi í hverju tilviki fyrir sig hvers vegna þessari heimild sé beitt. — Hv. þm. Helgi Hjörvar er kominn í salinn og er ágætt að hann hlýði á þessar spurningar. — Það er varðandi a-lið 3. greinar, þar velti ég fyrir mér orðinu undantekningartilvik og hvaða áhrif það hafi á túlkun ákvæðisins. Eigum við að líta svo á að það sé frjálst mat stjórnar félagsins eða stjórnenda félagsins hvenær þessi undantekningartilvik eiga við og hvenær ekki? Eða er verið að tala um að rökstyðja þurfi í hverju tilviki fyrir sig hvenær undantekningartilvik eru fyrir hendi og hvenær ekki? Ef svo er, gagnvart hverjum á stjórnin að skýra þessar undantekningar? Ég velti þessu fyrir mér. Ég held að þetta geti skipt verulegu máli vegna þess að því opnari sem þessi heimild er því ljósara verður það hversu víðtæk afskipti þessa félags geta orðið af fyrirtækjum í íslensku atvinnulífi.

Í b-lið velti ég líka fyrir mér tveimur atriðum eða kannski einu atriði sérstaklega og það er auðvitað þar sem talað er um skuldsett atvinnufyrirtæki. Atvinnufyrirtæki, mörg hver, eru skuldsett og spurningin er sú hvort þar eru einhverjir frekari mælikvarðar sem hv. efnahags- og skattanefnd hefur hugsað í því sambandi. Ég hygg að allflest fyrirtæki raunar séu skuldsett þannig að þetta kann að vera afar opin heimild. Þar sem ég hef ekki átt þess kost að sitja í þeirri nefnd sem um málið fjallar væri ég þakklátur ef hv. formaður efnahags- og skattanefndar gæti skýrt þetta frekar. Ég held að það hjálpi umræðunni ef þessir hlutir liggja ljósir fyrir og það kann að vera að þarna sé einhver hugsun að baki sem ég átta mig ekki á, en sé svo vona ég bara að það komi fram síðar í umræðunni.

C-liður 3. gr. snýr að því eins og ég vék að áðan hvernig á að ráðstafa eða selja eignir. Ég hefði frekar kosið að það væri sagt beint út að það ætti að selja þessar eignir en þetta kemur kannski út á eitt, þetta orðalag að ráðstafa eignum. Hv. þm. Illugi Gunnarsson kom með athugasemd varðandi það hvort ekki þyrfti að huga betur að því hvað fælist í þeirri ráðagerð sem þarna er um að markaðsaðstæður ráði þessu. Hvaða markaðsaðstæður eru menn að hugsa um? Eru menn að hugsa um söluverðmætið eitt og sér, að ná sem mestu fyrir söluna eða geta önnur sjónarmið skipt máli? Það er að vísu sagt þarna:

„… að teknu tilliti til sjónarmiða um jafnræði, virka samkeppni, dreifða eignaraðild, þ.m.t. eignaraðild starfsfólks, hámörkun verðmæta ríkissjóðs og byggðafestu.“

Það má kallast kraftaverk ef allt þetta næðist í sömu sölunni. En ég velti fyrir mér hvaða merkingu hv. efnahags- og skattanefnd eða meiri hluti hennar leggur í markaðsaðstæður að þessu leyti.

Varðandi d-liðinn, 2. mgr. d-liðar, velti ég fyrir mér þeirri víðtæku reglugerðarheimild sem þar er fólgin og er reyndar áréttuð í 7. gr. frumvarpsins. Ég hef nokkrar áhyggjur af þeirri víðtæku reglugerðarheimild sem þarna felst og tel að að mörgu leyti hefði verið betra að hægt væri að útfæra í lagatexta þau atriði sem hér er gert ráð fyrir að reglugerð taki til.

Tími minn er að líða en ég vildi nefna að lokum að ég tek undir þær athugasemdir sem hafa komið fram varðandi stjórn félagsins. Ég hef eins og aðrir hv. þingmenn áhyggjur af því að of mikið vald færist til fjármálaráðherra að þessu leyti og tel að fara hefði þurft aðra leið (Forseti hringir.) en hér er gert ráð fyrir til að tempra það vald.

[22:15]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Einn aðaltilgangurinn með þessu félagi fyrir utan kannski það að tryggja jafna og gagnsæja meðferð skuldaranna, en samt getur það verið partur af því, er að sætta þjóðfélagið, er að byggja hér upp einhvers konar trúverðugleika þannig að það grói sem fyrst um heilt meðal Íslendinga. Ætlunin er að setja þetta félag, að manni skilst eða það er alla vega möguleiki á því, undir svokallaða Bankasýslu, sem er reyndar eitthvert fyrirbæri sem er enn þá í frumvarpi og verður rætt væntanlega síðar í kvöld. Ég held að við eigum eftir að afgreiða í kringum 15 mál áður en við komum að því, en hvað um það.

Bankasýslan er í algjöru skötulíki. Í fyrsta lagi er hún stofnun, á að vera ríkisstofnun, sem þýðir að ekki er hægt að leita nema bara til Íslendinga með að stjórna þeirri stofnun. Í öðru lagi verður stjórnandinn þar settur undir kjararáð sem þýðir að hámarkslaun sem hægt er að borga þeim einstaklingi eru 935 þúsund ef hann verður jafn hátt launaður og hæstv. forsætisráðherra. Ég held að menn séu á miklum villigötum með Bankasýsluna. Ég tel að Bankasýslan eigi að vera hlutafélag til að koma í veg fyrir þessi vandamál bæði með launin og sérstaklega það að útilokað sé að útlendingar stjórni stofnuninni. Ég tel að stjórn Bankasýsl-

unnar eigi að vera valin af Alþingi þannig að hver og einn stjórnarflokkur velji fimm stjórnarmenn í valnefnd sem síðan velur stjórn þessa batterís. Þetta er mikilvægt vegna trúverðugleika þannig að ekki sé hægt að grafa undan Bankasýslunni og ákvörðunum sem þar eru teknar í framtíðinni. Það er algjörlega ljóst að stjórnmálamenn sem ekki standa að ákvörðunum um þessa stjórn munu freistast til að nota tækifærið til að grafa undan stofnuninni og ákvörðunum þess ráðherra sem þá ákvörðun tekur, það er bara eðli stjórnmálanna.

Með því að Alþingi velji stjórnina eða valnefndina sem síðan velur stjórnina, að þetta sé undir þinginu, byggjum við upp trúverðugleika. Þannig sættum við þjóðfélagið mun fyrr en ella, þannig sköpum við sátt um eignaumsýslufélagið og þannig stöndum við öll að endurreisn fjárhags heimila og fyrirtækja óbeint með vali á því hvernig það er gert. Það er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvernig byggja á upp trúverðugleika. Það verður ekki gert með því að fjármálaráðherra skipi þessa stjórn einn, það verður ekki gert með því að fjármálaráðherra skipi stjórn Bankasýslunnar einn. Það er alveg sama hvað hver segir, það mun skapast órói um þetta í framtíðinni og við höfum vítin til að varast þau. Við sjáum þetta frá Finnlandi, núna 15 árum eftir kreppuna þar er enn ekki gróið um heilt. Þeir sem gefa lítið fyrir þessar skoðanir skulu kynna sér málið. Þetta snýst um trúverðugleika og þetta snýst um það að sætta íslenskt þjóðfélag sem fyrst.

[22:19]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Í ræðu minni áðan tæpti ég aðeins á efnisatriðum úr 3. gr. frumvarpsins eins og það liggur fyrir nú eftir 2. umr. málsins þar sem sérstaklega er kveðið á um það hvernig skuli fara með þær eignir sem þetta nýja félag kaupir og hvernig skuli farið með það þegar farið er í að selja eignirnar að nýju.

Ég vakti athygli á því að þau leiðarljós sem eru kveikt í þessu frumvarpi og lýsa eiga mönnum veginn um það hvernig fara eigi með þessar eignir félagsins kunna að vera mjög mótsagnakennd. Tökum dæmi. Hér er talað um að hafa skuli í huga að hámarka verðmæti ríkissjóðs en í sömu setningu er talað um að haft skuli til hliðsjónar það sem kallað er byggðafesta, þ.e. væntanlega það að fyrirtækjum skuli ekki ráðstafað þannig að það hafi í för með sér byggðaröskun. Tökum dæmi af fyrirtæki sem er burðarás í einhverju tilteknu byggðarlagi. Hér liggja fyrir tvenns konar viðmið, annars vegar að ná hámarksarðsemi af verðmætum fyrir ríkissjóð og hins vegar að tryggja byggðafestu. Það sjá auðvitað allir að þetta eru ekki endilega samrýmanleg markmið og þá vaknar spurningin: Hvort á að ráða? Er þá algjörlega matskennt af hálfu löggjafans hvernig skuli ráðstafa þessum eignum? Á að hafa í huga hina byggðalegu hagsmuni eða á að hafa í huga hámörkun verðmæta ríkissjóðs? Eða á kannski að hafa í huga hugmyndir um dreifða eignaraðild? Allt þetta getur stangast hvað á annars horn.

Þrátt fyrir að þetta séu eitt og sér ekki óskynsamleg viðmið þá er það þannig þegar við skoðum þetta í samhengi að hættan er sú að stjórnin sem verður valin í þetta félag og framkvæmdastjóri, sem eiga síðan að hafa þetta verkefni með höndum, lendi í mjög miklum vanda. Ég held því að það væri skynsamlegt, virðulegi forseti, að menn veltu þessu betur fyrir sér, færu betur ofan í þetta mál þannig að það lægi a.m.k. fyrir hvað á að vera ríkjandi og hvað á að vera víkjandi þegar kemur að þessum málum.

Í öðru lagi langar mig aðeins að fara inn í umræðuna, sem ég gat ekki gert í fyrri ræðu minni, um stjórn félagsins og ráðningu framkvæmdastjóra. Hér hefur verið farið allmörgum orðum um það hvernig þessu er fyrir komið í frumvarpinu eins og það liggur fyrir núna og mætti segja margt um það. Eitt er t.d. alveg skýrt að í þessu frumvarpi er kveðið upp úr um það, sem er út af fyrir sig ákveðinn léttir eða ákveðin stefna, að það liggur skýrt fyrir í 4. gr. að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skuli vera lögráða, þ.e. þeir eiga að vera orðnir 18 ára. Að vísu er það svo í lögræðislögum, ég fletti þessu sérstaklega upp, að til er ákveðin undantekning, ef sá sem er ólögráða fyrir ræsku sakir fer í hjúskap verður hann lögráða upp frá því, þannig að við getum séð í tilteknum undantekningartilvikum að mjög ungt fólk geti verið í stjórn eða jafnvel framkvæmdastjórar þessa félags, en ég geri ekki ráð fyrir að það verði mjög mörg dæmi um að þeir sem eru skilgreindir í lögum börn stjórni þessu félagi. Ég á ekki von á að það verði hin almenna regla í þessu, kannski frekar undantekning ef þannig háttar til um mjög efnileg börn sem hafa nýlega gengið í hjónaband og eru ekki orðin 18 ára og eru þá talin kannski mjög eftirsótt í þetta hlutverk. En látum það liggja á milli hluta.

Aðalatriðið er að það er augljós mótsögn í því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að skipað er í þessa stjórn með þeim hætti sem frumvarpið kveður á um. Síðan er vísað í hina nýju stóru bankastofnun sem á að vera alltumlykjandi og m.a. hafa þetta með höndum. Þar er hins vegar kveðið á um að þegar þessi nýja bankastofnun á að fara að velja í bankaráð viðskiptabankanna eigi að beita valnefndum. Ég skal viðurkenna að ég er enginn sérstakur talsmaður valnefnda, ég hef séð margs konar bull koma út úr valnefndum og það sem þaðan kemur er stundum upp og ofan. En ég tel að þegar verið er að fjalla um svona mál nánast á sömu mínútunni sé það ekki ósanngjörn krafa að það sé eitthvert samræmi í því þegar á annars vegar að ráða í stjórnir banka og hins vegar að ráða í þetta mikla félag, (Forseti hringir.) að það sé eitthvert samræmi í því hvernig þessum málum (Forseti hringir.) skuli háttað. En þá er kannski því við að bæta, eins og ég nefndi áðan, að gert er ráð fyrir að býsna ungir krakkar geti verið í stjórn (Forseti hringir.) og framkvæmdastjórn þessa nýja félags.

[22:25]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, mál sem hefur verið til umfjöllunar á þessu þingi en dúkkaði upp aftur á þinginu eftir að það náði sem betur fer ekki fram að ganga á síðasta þingi. Ég segi sem betur fer vegna þess að ég sat í hv. efnahags- og skattanefnd á þeim tíma og það frumvarp sem þá var lagt fram var fullkomlega galið, svo ég leyfi mér að kveða sterkt að orði, og það gleður mig að frumvarpið er búið að taka breytingum til þó nokkurs batnaðar

þó að lengi megi bæta hlutina.

Þetta tengist allt saman því sem við erum að ræða þessa dagana. Frumvarpið sem við ræddum fyrr í dag, sparisjóðafrumvarpið, er mjög mikilvægt og við höfum komið fram athugasemdum okkar við það, minni hlutinn, og talað dálítið fyrir daufum eyrum í þeim efnum, 3. umr. um það mál lauk áðan. En ég held að hrósa megi efnahags- og skattanefnd, mér hefur heyrst á félögum mínum sem þar eiga sæti að athugasemdir þeirra varðandi málið sem við ræðum núna hafi nokkuð verið teknar til greina. En þetta tengist allt, þetta eru allt saman verkefni um endurreisn og hún er eflaust mikilvægasta verkefnið sem við sem þjóð höfum nokkurn tíma staðið frammi fyrir, leyfi ég mér að segja, og þá skiptir mjög miklu máli hvernig við gerum það.

Hér eru nokkur mál sem öll tengjast, það er eins og ég sagði sparisjóðafrumvarpið sem við ræddum áðan, það er þetta frumvarp, það er frumvarpið um Bankasýsluna sem við munum ræða með þessu áframhaldi einhvern tíma undir morgun ef skipulagið verður með þeim hætti. Síðan koma inn í þetta allt hlutir eins og eigendastefna fyrir fjármálafyrirtækin sem við ræddum áðan og hefur ekki verið afgreidd út úr ríkisstjórn. Mér skilst að það eigi að afgreiða hana á morgun og vonandi fáum við sjá hana sem allra fyrst vegna þess að í þessu máli eins og í hinum málunum er varða fjármálafyrirtækin sérstaklega skiptir eigendastefna mjög miklu.

Markmiðin með þessu öllu saman eru göfug og mig langar að ræða þetta aðeins í heild en ekki einskorða mig við frumvarpið sem hér er til umræðu þar sem ég tel að mörg efnisatriðanna sem við höfum sett hornin í séu þegar komin fram. Mig langar að dvelja dálítið við það markmið sem sett er fram með þessu frumvarpi og var mikið rætt í tengslum við Bankasýsluna og það er að færa þessi fyrirtæki sem því miður eru öll komin í fang ríkisins, færa valdið frá pólitíkinni og ákvarðanirnar frá ráðamönnum, frá fjármálaráðherra. Þá er spurningin: Er það markmið að takast? Það er það sem ég hef miklar áhyggjur af varðandi frumvarpið um Bankasýsluna en ég hef líka áhyggjur af því í þessu frumvarpi vegna þess að jafnvel þótt sett verði á fót ný stofnun eða hlutafélag í þessu tilfelli þá er það þannig að pólitíkin er ekki langt undan. Hæstv. fjármálaráðherra skipar stjórnina og ég leyfi mér að fullyrða að það eitt að hann geri það þýði á mannamáli að pólitíkin er þar mjög nærri og sama á við um Bankasýsluna. Það má eiginlega segja að þetta sé þannig að það er verið að færa pólitíkina, setja eitt millibil, en eins og við höfum rætt í viðskiptanefnd í tengslum við þetta, þá gengur þetta ekki alveg nógu langt.

Ég held að það hafi verið hv. þingmaður Borgarahreyfingarinnar, Margrét Tryggvadóttir, sem í samtali líkti þessu við leikrit, að það væri verið að setja á fót leikrit, markmiðið væri að færa pólitíkina út en fyrst menn gengju ekki alla leið, fyrst menn tækju ekki skrefið þannig að það sé sannarlega óháður aðili og óháðir aðilar sem skipa stjórn eða ráða stjórnendur verði þetta alltaf pólitískt. Við skulum bara segja hlutina eins og þeir eru.

Af hverju viðurkennum við það ekki bara að á meðan þessar stofnanir, meðan þetta eignaumsýslufélag, Bankasýslan, bankarnir og öll þessi fyrirtæki eru í ríkiseigu verði þetta á ábyrgð stjórnmálamanna? Og við skulum þá sameinast um það öll að skipa í þetta, gera þetta þannig að það verði alveg einsýnt að það sé fulltrúi frá öllum stjórnmálaöflum sem hafi tilnefningaraðila og þannig getum við tryggt að það sé ekki hægt að væna blessaðan fjármálaráðherrann um að vera að gæta einhverra sérstakra hagsmuna. Þá bera allir jafna ábyrgð.

Ég held að við ættum líka að gera annað, ég held að við ættum að heita okkur sjálfum því þegar þessar tilnefningar fara af stað að við gerum það þannig að allir flokkar skipi á faglegum nótum, að það sé ekki verið að skipa menn og konur í stjórnir og ráð sem ekki eiga þar heima og einungis á grundvelli pólitískra skoðana. Þannig gætum við hugsanlega náð einhverjum árangri ef við komum okkur saman um þetta.

Ríkið er einhvern veginn alltumlykjandi í öllu sem við gerum núna og fyrir manneskju eins og mig sem hefur þá stjórnmálaskoðun og trúir á þá hugmyndafræði í pólitík að við eigum að minnka umsvif ríkisins þá eru dagarnir núna á Alþingi hver sorgardagurinn á eftir öðrum. Ég notaði þau orð í viðskiptanefnd um daginn þegar við vorum að ræða mál sem við ræðum á eftir og varða gjaldeyrishöftin, að ég þyrfti að taka það fram og nota þann formála við allar þær spurningar sem ég spyrði gesti að, hvað mér fyndist þetta mál vera ömurlegt. Mér finnst þetta allt saman rosalega ömurlegt og ég verð bara að fá að segja það úr þessum virðulega ræðustól og vona að mér fyrirgefist það en það er ömurlegt að við skulum þurfa að standa hér árið 2009 og stofna eignaumsýslufélag ríkisins. Það er fullkomlega ömurlegt. Það er því eins gott að við gerum þetta eins vel og við hugsanlega getum.

Virðulegi forseti. Margt er komið fram af því sem máli skiptir. Í þessu máli, eins og ég sagði áðan, hefur sem betur fer verið tekið tillit til ýmissa athugasemda. Í vinnu efnahags- og skattanefndar á síðasta þingi þegar þetta var til umræðu var beinlínis varað við því af velflestum umsagnaraðilum, held ég, að fara þessa leið. Ég man að fulltrúi Alþýðusambandsins kom á fundinn og sagði að með þessu væri verið að gera meiri skaða en gagn, ég man ekki hvort það var hann eða einhver annar sem notaði þau orð að það væri beinlínis hættulegt fyrir endurreisnina að fara þessa leið. Mér skilst að þær umsagnir — ég hef ekki náð að lesa þær allar — hafi sem betur fer mildast þó svo að umsagnaraðilar hafi enn gert athugasemdir og það hefur ekki verið tekið tillit til þeirra allra.

Sá sem talaði á undan mér, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, rak augun í það atriði að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skyldu vera lögráða og kom með dæmi um að það þyrfti ekki alltaf að þýða það að viðkomandi væri orðinn fullorðinn. Það er líka í 4. gr. sem ég rek augun í annað sem er reyndar líka í frumvarpinu um Bankasýsluna og það varðar hæfisskilyrði forstjóranna. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hafa haldgóða menntun og sérþekkingu á fjármálum og rekstri fyrirtækja.“

Í Bankasýslufrumvarpinu segir um hæfisskilyrði, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn og forstjóri skulu hafa haldgóða menntun auk sérþekkingar á banka- og fjármálum.“

Þá langar mig að spyrja þá sem hafa verið í vinnu nefndarinnar varðandi þetta mál: Hvernig er haldgóð menntun skilgreind? Það er ekki gerð krafa um að viðkomandi stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skuli hafa háskólapróf eða hafa lokið verslunarprófi eða hverju sem er. Mér leikur forvitni á að vita hvernig haldgóð menntun er skilgreind, reyndar í báðum þessum frumvörpum. Mér hefur hreinlega láðst að spyrja að því í hv. viðskiptanefnd þar sem þetta orðalag er líka viðhaft. Án þess að ég sé að gera lítið úr skóla lífsins er skilgreiningin á haldgóðri menntun eilítið loðin mundi ég segja.

Virðulegi forseti. Tími minn fer að styttast. Ég vil aðeins segja að í endurreisnarstarfinu öllu saman er mikilvægt að við vöndum okkur. Ég dreg svo sem ekkert í efa að menn hafi vandað sig og gefið sér tíma við þetta mál, ég held hins vegar að öll svona umsýsla með eignir ríkisins sem þarf að koma út aftur og þegar verið er að úthluta gæðum, bjóði upp á ákveðna hættu á spillingu. Þess vegna er afar mikilvægt að komið verði í veg fyrir allt slíkt, að markmiðin og regluverkið allt sé skýrt að því ógleymdu að séð verði fyrir endann á verkinu, að við höfum það að markmiði sem ég sé að er reyndar dálítið langt í en því á að ljúka 2015. Ég hefði kosið að því væri gefinn styttri tími en við getum öll vonað að ef við leggjum okkur fram verði hægt að ljúka þessu verkefni á skemmri tíma.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan með stjórnina að ef mönnum er fullkomin alvara með að færa pólitíska valdið burt og frá þessu verkefni eigi að líta til þess hvernig stjórnin er skipuð og gæta þess í hvívetna að það sé ekki á hendi og ábyrgð eins ráðherra að skipa stjórn sem skipar svo framkvæmdastjóra, vegna þess að það gerir ekkert annað en að bjóða hættunni heim.

[22:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir efnismikla og góða umræðu hér fram eftir kvöldinu um þetta mál. Hún hefur auðvitað snúist að verulegu leyti um tvö önnur þingmál, sparisjóðamálið og Bankasýsluna. Ég þakka fyrir hlý orð í garð nefndarinnar fyrir að hafa unnið vel í þessu máli og ég hygg að flestum spurningum hafi verið svarað sem fram komu við umræðuna. Eftir stendur auðvitað það álitamál sem hér var við 2. umr. sem er skipan stjórnarinnar. Ég vek athygli á því að með þeirri breytingartillögu sem meiri hlutinn leggur nú til er gert ráð fyrir því að sú skipan geti færst á hendur Bankasýslunnar sem er enn til umfjöllunar og það er í samræmi við upphaflegar tillögur í málinu. Þar með væri mætt sjónarmiðum Seðlabankans og hinna erlendu sérfræðinga um að það sé mikilvægt að það sé milliaðili á milli hins pólitíska valds, þ.e. eignarhaldsfélag sem færi með eignarhaldið í þessari eignaumsýslu og þeim sjónarmiðum faglegu um armslengd þá mætt.

Til að sátt geti náðst um það væri auðvitað ákaflega mikilvægt ef í meðförum þingsins gæti tekist góð samstaða um skipan stjórnar Bankasýslunnar sem ræður þá í raun og veru miklu um skipan þeirrar stjórnar. Takist það, og ég vil leyfa mér að binda vonir við það enda málið enn þá til umfjöllunar, fæ ég ekki betur séð en að samstaða sé um öll aðalatriði þess máls sem við fjöllum um hér. Það fjallar um endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja og það er auðvitað mál númer eitt á þessu þingi og sannarlega brýnasta verkefnið okkar hér í samfélaginu á næstu mánuðum að hjálpa fólkinu úti í mörkinni og atvinnufyrirtækjunum í landinu sem eiga að bera verðmætasköpunina hér á næstu árum við að rétta úr kútnum og endurskipuleggja sig þannig að fólkið í landinu og félög þeirra geti sótt fram til nýrra sigra í þágu þjóðarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldeyrismál, 2. umr.

Stjfrv., 137. mál (viðurlög og stjórnvaldsheimildir). — Þskj. 216, nál. 243.

[22:42]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á ákvæðum laga um gjaldeyrismál er snúa að óheimilli milligöngu með gjaldeyrisviðskipti og erlendan gjaldeyri. Í því ljósi verði jafnframt heimilt að beita alvarlegri viðurlögum, þ.e. sektum eða fangelsi, sé um meiri háttar brot að ræða.

Þá er lagt til að rannsóknarheimildir Fjármálaeftirlitsins verði styrktar og allur vafi tekinn af um að þau úrræði sem fram koma í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gildi einnig við rannsókn brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál.

Ástæðan fyrir þessari breytingu nú er að við breytingu á viðurlagaákvæðum laga um gjaldeyrismál í nóvember 2008 fórst fyrir að kveða á um að brot gegn 8. gr. laganna væru refsiverð, en samkvæmt 8. gr. er öðrum en þeim sem hafa heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili eða hafa leyfi frá Seðlabankanum óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi.

Nefndin fjallaði um málið og fékk gesti og álit. Fyrir nefndinni kom fram að gjaldeyrishömlur hafa leitt til þess að annar gjaldeyrismarkaður hefur skapast fyrir íslenska krónu erlendis. Vegna þessa hafa menn séð sér hag í því að sinna milligöngu um gjaldeyrisviðskipti án tilskilinna leyfa til að nýta þann mismun sem er á gengi krónunnar á markaði hér heima og erlendis. Slík hegðun skapar óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði og veikir gengi krónunnar. Fram kom að brýnt væri að tryggja Fjármálaeftirlitinu allar nauðsynlegar rannsóknarheimildir og taka af tvímæli um úrræði stofnunarinnar.

Meiri hlutinn leggur til á þskj. 243 orðalagsbreytingu á 4. efnismálsgrein 2. gr. til að hnykkja á því að tilvísun í 9.–11. gr. eigi við um lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu.

Eygló Harðardóttir skrifar undir álitið með fyrirvara. En

auk þeirrar sem hér stendur, sem er framsögumaður meiri hlutans, eru á þessu áliti Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Lilja Mósesdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir og sem fyrr segir Eygló Harðardóttir með fyrirvara.

[22:45]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Það frumvarp sem hér er um að ræða helgast af þeim vilja að öll þau úrræði séu til staðar sem nauðsynleg eru til að framfylgja þeim lögum sem Alþingi hefur sett. Því er ekki um annað að ræða en að styðja framgang þessa máls en undir liggur hin ómögulega staðreynd að gjaldeyrishöft eru við lýði. Það er bara þannig, frú forseti, að á meðan slík höft eru er bæði viljinn til að fara fram hjá þeim og getan miklu meiri en geta eftirlitsaðila hins opinbera til að stöðva það að menn nýti sér þann mun sem myndast t.d. á gengi íslensku krónunnar heima á Íslandi og erlendis. Það er vandinn. Það eru lög sem ganga þvert gegn markaðnum, þvert gegn lögmálinu um framboð og eftirspurn á gjaldeyri og því skapast þessi ógæfulega staða.

Þess vegna er enn á ný ástæða til að áminna þingheim allan um það og ríkisstjórn hversu mikilvægt er að það skapist þær aðstæður sem gera okkur kleift að afnema þessi gjaldeyrishöft. Þau eru vond og þau eyðileggja og þau hægja á öllum möguleikum okkar til þess að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Það er grundvallaratriði þessa máls, hvert skref í átt til frekari hafta hefur reynst okkur auðvelt, það er erfiðara að fara til baka en fyrr en síðar verður það að gerast. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2007, 3. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 194 (sbr. þskj. 59).

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–5., 7.–9. og 11.–18. mál.

Fundi slitið kl. 22:48.

---

37. FUNDUR

föstudaginn 10. júlí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 85. mál, þskj. 215, brtt. 242. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Endurskipulagning rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, stjfrv., 1. mál, þskj. 162, frhnál. 236 og 246. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Gjaldeyrismál, stjfrv., 137. mál, þskj. 216, nál. 243. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Lokafjárlög 2007, stjfrv., 57. mál, þskj. 194 (sbr. þskj. 59). — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38, nál. 249. — Síðari umr.
7. Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 250. — Síðari umr.

Tilhögun þingfundar.

[10:30]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag en til kl. 8 í kvöld.

Forseti ráðgerir að setja annan fund að loknum atkvæðagreiðslum til að gera 4. dagskrármálið að lögum.

Störf þingsins.

Ríkisbankarnir – sparnaður í rekstri þingsins – samgöngumál – svar við fyrirspurn.

[10:31]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs af því að ég vildi eiga orðaskipti við hv. þm. Helga Hjörvar, formann efnahags- og skattanefndar. Ástæðan er sú að ég er ekki algerlega sannfærður um að þingheimur viti hvaða mál við erum að afgreiða út úr þinginu. Þá er ég að vísa til þess hvaða umhverfi við erum að teikna fyrir íslenskt atvinnulíf. Umræðan hefur nær eingöngu farið í mjög mikilvæg mál eins og Icesave og er núna að fara yfir í umræðu um Evrópusambandið. En nú er verið að fara með miklum hraða, virðulegi forseti, með þrjú mál í gegnum þingið, þ.e. frumvarp um Bankasýslu ríkisins, frumvarp sem mun gefa möguleika á því að ríkisvæða sparisjóðina og frumvarp um stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja.

Grunnur að þessum málum öllum og sérstaklega bankasýslunni og því sem snýr að sparisjóðunum er eigendastefna sem þingið hefur aldrei fengið að sjá. En í örstuttu máli, virðulegi forseti, er þetta svona að við erum að setja

nokkurn veginn allt íslenskt efnahagslíf, atvinnulíf undir eina stofnun, stofnun sem mun bera heitið Bankasýsla ríkisins. Ég endurtek, virðulegi forseti: Við erum nokkurn veginn að setja allt íslenskt atvinnulíf undir eina stofnun. Ég vil spyrja hv. þm. Helga Hjörvar: Telur hann að þetta sé leiðin okkar út úr kreppunni? Ég segi að það sé eins gott að forstjóri Bankasýslu ríkisins sem mun hafa í hendi sér nokkurn veginn allt atvinnulíf Íslands sé aðili sem taki réttar ákvarðanir. (Forseti hringir.) En ég vil fá að vita beint úr munni hv. þm. Helga Hjörvar hvort hann telji að þetta sé rétta leiðin, þessi miðstýringar- og ríkisvæðingarleið.

[10:33]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Fjármálakerfi Íslands hrundi og það hrundi í fangið á ríkissjóði Íslands. Það er því einfaldlega óhjákvæmilegt að hafa stofnanakerfi á vegum ríkisins sem getur tekist á við það risavaxna verkefni. Lögð er áhersla á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma að rekstrarhæfum atvinnufyrirtækjum og endurskipuleggja þau og taka ekki yfir fyrirtæki í eigu ríkisins eða ríkisvæða til lengri tíma atvinnufyrirtæki í landinu. Þetta er tímabundið ástand og auðvitað deilum við áhyggjum hv. þingmanns af því að ríkið þurfi að hafa svo stórkostleg afskipti af fjármála- og atvinnulífinu í landinu. Auðvitað væri langbest að það hefði sjálft kunnað fótum sínum forráð og komist í gegnum fjármálakreppuna en úr því að við þurfum að hlutast til um það er mikilvægt að við setjum inn stofnanir sem geta tekið á málum. Við förum hér að ráðum alþjóðlegra sérfræðinga í því að fást við fjármálakreppur, við erum m.a. að fara að ráðum Mats Josefssons. Í umfjöllun nefnda þingsins hefur verið tekið ríkt tillit til þeirra ábendinga um hvað megi betur fara í lagafrumvörpunum og í því máli sem tekið er fyrir á eftir, um endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, held ég að hafi tekist býsna góð sátt um flest þau atriði sem það mál hefur að geyma. Ég treysti því að það muni leiða til farsældar bæði í fjármálageiranum og atvinnulífinu almennt.

[10:35]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Mig langar að beina orðum mínum til hv. þm. Guðbjarts Hannessonar, formanns fjárlaganefndar. Ég kem upp til að lýsa áhyggjum mínum af stöðu þingsins í þeirri orrahríð sem nú er og fram undan verður varðandi skiptingu fjármuna hjá ríkinu. Ég sé á upplýsingum sem ég hef fengið að þingið hefur virkilega tekið tillit til þeirra aðstæðna sem verið hafa í þjóðfélaginu, dregið saman seglin og sparað. Ef ég skil þessar upplýsingar rétt hafa ráðuneytin brugðist við með öðrum hætti og í sjálfu sér hafi ekki verið mikil raunlækkun á milli ára hjá ráðuneytunum 2008 og 2009. Ég vil heyra það frá hv. formanni fjárlaganefndar hvort hann sé sama sinnis og ég um það að við verðum að standa vörð um þingið, að framkvæmdarvaldið komi ekki hér og leggi fram tillögur um sparnað sem veikja muni þennan mikla þátt okkar samfélags og þjóðfélags og hvort hv. þingmaður muni beita sér fyrir því í fjárlaganefnd að standa vörð um þær fjárveitingar sem þingið fær.

Það er ljóst að á þeim tímum sem við lifum í dag er óeðlilegt að framkvæmdarvaldið beiti sér fyrir því að draga úr vægi þingsins. Því er mjög mikilvægt og ég heiti í raun á alla þingmenn að standa vörð um þær fjárveitingar sem ætlaðar eru þinginu og láta það ekki gerast að dregið verði úr þeirri þjónustu, því vægi og þeim störfum sem við erum að sinna á þinginu. Við eigum ekki að láta framkvæmdarvaldið setja þingið niður með þeim hætti.

[10:37]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Það er augljóst að við erum að skoða í rauninni allar stofnanir samfélagsins með endurskoðun á fjárlögum. Að vísu er fjárlaganefnd ekki farin í þá vinnu í smáatriðum heldur koma í tengslum við bandorminn þau markmið sem sett voru varðandi niðurskurð á þessu ári og í framtíðinni. Það er auðvitað ánægjulegt að heyra að menn skuli bera hag Alþingis fyrir brjósti og auðvitað gerum við það öll. Eftir sem áður skiptir gríðarlega miklu máli að Alþingi sýni gott fordæmi og beiti ráðdeild og hagsýni í öllu sem þar er gert og það hefur verið gert. Það er kannski það sem hv. þingmaður er að vísa til að það liggur fyrir samanburður á því hvernig útgjöld hafa þróast á liðnum árum hjá einstöku ráðuneytum samanborið við Alþingi. Að sjálfsögðu mun fjárlaganefnd skoða þennan samanburð og reyna að meta hver aukningin hefur orðið. Því má þó ekki gleyma að Alþingi fékk verulegar viðbætur á sínum tíma, m.a. með aðstoðarmannakerfinu hvort sem var við formenn stjórnarandstöðuflokkanna eða landsbyggðarþingmennina. Þetta hefur verið dregið til baka að hluta og er hluti af þeim sparnaði sem þingið hefur farið í. Laun alþingismanna hafa líka verið lækkuð, það er búið að draga verulega úr öllum utanlandsferðum, dagpeningum og öðru slíku. Ég held að við verðum aldrei undan skilin og verðum alltaf að sýna gott fordæmi. Það er einnig verið að skoða hvernig haga eigi framkvæmdum á Alþingisreitnum samanborið við einhverjar aðrar framkvæmdir. Það hvílir auðvitað á okkur sú ábyrgð að sýna þarna gott fordæmi en auðvitað verðum við að gæta þess að það grundvallarhlutverk sem Alþingi hefur verði varðveitt í öllum þessum niðurskurði eins og hver önnur grunnþjónusta þannig að Alþingi setji ekki niður gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það þarf auðvitað að skoða öll ráðuneytin og það verður gert við fjárlagavinnuna, bæði við fjáraukann fyrir þetta ár og við fjárlög 2010.

[10:40]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil fá að ræða aðeins um áherslur í samgöngumálum við hv. þm. Magnús Orra Schram, fulltrúa Samfylkingarinnar í samgöngunefnd þingsins. Þannig er mál með vexti að um langan tíma hafa íbúar höfuðborgarsvæðisins þurft að búa við það að fá miklu skertari framlög til allra samgöngubóta en almennt hefur verið á landinu og þó að heldur hafi ræst úr síðustu ár þekkjum við það öll sem þar búum og störfum að þar er óþolandi ástand á ákveðnum tímum dags, á álagstímum víða á svæðinu. Sérstaklega á þetta við á vetrartímanum þegar skólar eru komnir í gang og umferðarþunginn er mikill á ákveðnum tíma að morgni og síðdegis.

Það eru ákveðnar stórframkvæmdir sem hafa verið í pípunum getum við sagt eða staðið til að fara í og búið að undirbúa útboð á og þegar eru reyndar komin í gang útboð. En nú sjáum við í áherslum hæstv. samgönguráðherra að það er verið að hætta við þessi útboð og fresta því að láta fara að vinna þessi verk. Um er að ræða Arnarnesveg í Kópavogi. Arnarnesvegur tengir saman nýjar byggðir, Álftanesveg sem er löngu tímabært að fara í. Svo erum við að tala um tvöföldun Vesturlandsvegar þar sem er mikill flöskuháls í umferðinni og umferðarhnútar myndast bæði inn og út frá höfuðborgarsvæðinu og eins fyrir íbúa í Mosfellsbæ. Ég vil því inna hv. þm. Magnús Orra Schram eftir áliti hans á þessari forgangsröðun samgönguráðherra og hvort við megum ekki treysta því, íbúar og þingmenn kjördæmisins sem hann kemur úr, (Forseti hringir.) að hann muni standa vörð um hagsmuni kjördæmisins þegar kemur að skiptingu fjár til samgöngumannvirkja.

[10:42]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Þó við hv. þm. Jón Gunnarsson séum ekki alltaf sammála vil ég taka undir orð hans um mikilvægi samgöngubóta. Við verðum vissulega að hafa í huga þá stöðu sem ríkissjóður er í í dag og þá nauðsynlegu forgangsröðun sem þarf að hafa í huga. Ég skora á hann að taka þessi málefni upp á vettvangi samgöngunefndar og við getum þá verið sammála um hag kjördæmisins í þeim efnum. En það má ekki gleyma því, eins og hann minntist á, að það er álag á vegakerfi okkar og þess vegna ættum við kannski að horfa til góðs fordæmis hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem á undanförnum dögum, ég veit til þess, hefur hjólað í vinnuna ofan úr Grafarvogi og er það vel, enda hefur hann sjaldan verið sprækari í þingsal en einmitt undanfarna daga.

[10:43]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða við hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, formann viðskiptanefndar, um þá stöðu sem menn úti í virkilega lífinu standa frammi fyrir þegar þeir fara inn í bankana sína. Það er svo sem óþarfi að ræða það þegar allt viðskiptalífið hrundi hér og í fang ríkissjóðs eins og hv. þm. Helgi Hjörvar komst að orði fyrr í dag, að bankarnir og allt fjármálakerfið er komið í fang ríkisins undir stjórn eins eiganda. Við ræddum það í gær í umræðu um eignaumsýslufélagið og bankasýslu að það væri mjög mikilvægt að þar ríkti bæði gagnsæi og jafnræði. Því vil ég vekja athygli á og ræða um það við formann viðskiptanefndar hvort það sé réttlátt eða gagnsætt eða jafnræði þegar aðili sem rekur 4–5 manna fyrirtæki fer bankann sinn til að fara yfir lánamál, lán sem hann hafði þurft að taka upp á 16 millj. í erlendri mynt til að kaupa húsnæði yfir það fyrirtæki og er kannski komið í 35 millj. og ekkert óeðlilegt að fara þurfi í einhverja endurskoðun á því, að þá taki bankinn, í þessu tilviki Íslandsbanki og einn ríkisbankanna eftir því sem ég best veit, þannig í málaleitanina eftir talsverðan tíma að hnýta aftan í lánasamninginn breytingu sem er ákvæði til bráðabirgða á þá leið, með leyfi forseta, að sakir óvissu um fjármögnun áskilji bankinn sé einhliða rétt til endurskoðunar á vaxtakjörum lánsins til hækkunar, til breytingar á myntsamsetningu, t.d. að einhenda því yfir í íslenskar krónur og þar með í raun og veru kannski gera þetta litla fyrirtæki gjaldþrota. Mig langar að spyrja hv. þingmann, formann viðskiptanefndar, hvort hann telji þetta réttlátt, gagnsæi eða jafnræði og í ljósi þeirrar staðreyndar að allt kerfið er komið yfir til ríkisins hvaða réttlátari leiðir formaðurinn sjái á því hvernig við eigum að koma fram við þegna þessa lands og fyrirtæki.

[10:46]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég get ekki tjáð mig um þann einstaka lánasamning sem hv. þingmaður nefndi hér en ég hlýt að taka það fram að ég geri mjög ríka kröfu til þess að jafnræði og gagnsæi ríki þegar ráðstafað er opinberu fé. Við erum að setja á bilinu 300–400 milljarða inn í bankana og sparisjóðina af skattfé landsmanna. Það er mjög mikilvægt að þegnarnir geti verið vissir um að því sé ráðstafað á jafnræðisgrunni, að þjónustan sem menn fá fari ekki eftir öðru en eðlilegum viðskiptaháttum.

Í mínum huga erum við að ekki endurreisa gamla bankakerfið. Við erum með þessum fjármunum að endurreisa heilbrigt fjármálalíf á Íslandi og til þess þarf margt að breytast. Það þarf einmitt að tryggja jafnræðið sem ég nefndi, bankarnir þurfa að þjóna fyrst og fremst einstaklingum og heimilum og fyrirtækjum í landinu, stórum og smáum, en ekki vera áhættusæknir fjárfestar eins og þeir voru og hygla eigendum sínum og góðvinum þeirra. Slík starfsemi og slík stefna leiddi okkur einmitt í hrunið.

Margir hafa áhyggjur af því að þegar eigendastefna sem á að taka til allra fjármálastofnana sem ríkið á hlut í lítur dagsins ljós muni samkeppni vera ógnað. Ég hlýt að segja að það er auðvitað vandrataður vegurinn á milli fulls jafnræðis í þessum efnum og samkeppnissjónarmiða en í mínum huga er jafnræðið mikilvægara og ég vonast til þess að eigendastefnan, þegar hún verður kynnt í þinginu, fylgi þeirri meginreglu.

[10:48]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég hef miklar áhyggjur af því sleifarlagi sem einkennir núverandi ríkisstjórn, sérstaklega þegar kemur að endurskipulagningu íslensks fjármálalífs. Við ræddum hér í gær um málefni sparisjóðanna og það hefur nú opinberast að stjórnarmeirihlutinn hér á landi hefur í hyggju að ríkisvæða nokkra sparisjóði. Ég vil árétta það að hið opinbera hefur nú yfir 90% af fjármálamarkaðnum í hendi sér og nú á enn að auka afskipti hins opinbera af fjármálamarkaðnum.

Við hljótum að velta því fyrir okkur í ljósi þess að níu mánuðir eða svo eru liðnir frá því að ríkið tók yfir bankana af hverju eigendastefnan hafi ekki enn litið dagsins ljós. Í raun og veru er þetta einkenni á öllum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, öllu seinkar, það er ekki búið að endurskipuleggja bankana og við munum ekki lifa í eðlilegu umhverfi hér í samfélaginu fyrr en það hefur verið gert. Við hljótum að fara að kalla eftir því að sjá einhverjar raunverulegar aðgerðir hjá ríkisstjórninni í stað þess að þurfa að bíða og

heyra það frá stjórnarflokkunum að eintómar frestanir séu í gangi. Íslenskt samfélag má ekki við því lengur að búa við það að ríkisstjórnin fresti erfiðum málum. Við horfum upp á það að við erum eitt skuldugasta samfélag í veröldinni, stórskuldug íslensk heimili og íslensk fyrirtæki búa við eina hæstu stýrivexti sem þekkjast og við komum ekki hjólum atvinnulífsins af stað nema við komum bankakerfinu í gang aftur.

Það er því orðið þreytandi, frú forseti, að hlusta á það að verið sé að vinna að gerð áætlana, tillögugerða, við sjáum engar raunverulegar aðgerðir. Við köllum eftir því að ríkisstjórnin fari að taka sig saman í andlitinu og fari í einhverjar raunverulegar aðgerðir til hagsbóta fyrir heimilin og atvinnulífið því að mér sýnist ríkisstjórnin (Forseti hringir.) fljóta sofandi að feigðarósi þegar kemur að þeim málum.

[10:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég held því miður að hv. þm. Helgi Hjörvar geti ekki alveg sloppið svona frá þessu mikilvæga máli og reyndar er það svo að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir kom með nýjan flöt inn í umræðuna hér. Ég hef aldrei heyrt í umfjöllun nefndarinnar að jafnræðissjónarmið og samkeppnissjónarmið muni stangast á. Það er kannski eitthvað sem menn hafa rætt innan stjórnarflokkanna en mér finnst mjög hæpið að menn komi ekki með það inn á vettvang þingsins.

Hér kom skýrt fram hjá formanni viðskiptanefndar hennar pólitíski vilji að víkja frá samkeppnissjónarmiðum. Það er nákvæmlega það sem Samkeppniseftirlitið hefur varað sérstaklega við og sagt að allar þær þjóðir sem vinna sig út úr svona aðstæðum vilji ekki gera sömu mistök og gerð voru á þriðja áratug síðustu aldar þegar kreppan mikla varð. Menn telja að vegna þess að menn viku frá samkeppnissjónarmiðum hafi það dýpkað þá kreppu og tekið lengri tíma að vinna sig úr henni. Við erum að keyra hér í gegn bankasýsluna á miklum hraða, keyra í gegn ríkisvæðingu á sparisjóðunum. Og af því að hv. þingmaður sagði að þetta væri tímabundið vil ég upplýsa hv. þingmann um að það eru engar áætlanir um það að ríkið komi sér út úr ríkisvæðingu sparisjóðanna, nákvæmlega engar. Því miður er það ekki svo. Og erlendir sérfræðingar eru ekki Jesús Kristur á jörðu en menn hafa hins vegar ekki tekið tillit til þeirra athugasemda sem hafa komið t.d. frá Mats Josefsson varðandi bankasýsluna svo þeim upplýsingum sé til haga haldið.

Virðulegi forseti. Ég held að nú sé tími til að staldra við áður en menn setja allt (Forseti hringir.) efnahagslífið undir eina ríkisstofnun.

[10:52]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Við ræðum mörg brýn og erfið mál á vettvangi þingsins þessa dagana en það er engu að síður þannig að efnahagsleg velferð okkar mun auðvitað fyrst og fremst hvíla á því hvort hjól verðmætasköpunarinnar komist aftur í gang. Þess vegna er mikilvægt að hér er verið að afgreiða mál sem lúta að endurskipulagningu fjármálakerfisins og að endurskipulagningu atvinnufyrirtækja í landinu til að greiða fyrir uppbyggingu efnahagslífsins á næstu mánuðum.

Það er hins vegar nokkuð sérkennilegt að heyra fulltrúa stjórnarandstöðunnar hrópa um það í öðru orðinu að hér sé ekkert aðhafst en í hinu orðinu að verið sé að keyra í gegn hvert málið á fætur öðru í sama málaflokknum, því að hvort tveggja getur ekki verið. Annaðhvort hlýtur stjórnarmeirihlutinn að vera að draga lappirnar eða hann hlýtur að vera að keyra hér í gegn hvert málið á fætur öðru. Ég held að það sé út af fyrir sig rétt að hann er að keyra í gegn hvert málið á fætur öðru sem varðar það að koma hjólum atvinnulífsins aftur í gang sem betur fer og skárra væri það nú.

Alþingi hefur fengið býsna langan tíma til að fjalla um það mál sem að efnahags- og skattanefnd snýr og er hér til afgreiðslu á eftir, (**Gripið fram í:** Ekki …) enda bendi ég á að það mál er númer eitt á yfirstandandi þingi og hefur því legið hér fyrir frá því að þing koma saman í vor og var jafnframt lagt fram á síðasta þingi. Ég verð að játa að ég á bágt með að skilja umkvartanir þeirra þingmanna (Gripið fram í.) sem hafa komið upp í þessari umræðu því að það er alls ekki hægt að átta sig á hvort þeim finnist ríkisstjórnin vinna of hratt eða of hægt að endurreisn íslensks atvinnulífs.

[10:54]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að nú eru fimm vikur liðnar síðan ég lagði fram skriflega fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra. Í þingsköpum Alþingis segir, með leyfi forseta:

„Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið og skal það prentað og útbýtt meðal þingmanna á fundi.“

Þessu skjali var útbýtt 4. júní, fyrir fimm vikum eins og ég sagði, og ég vil beina því til forseta hvort hér sé ekki klárlega verið að brjóta þingsköpin.

Maður veltir því líka fyrir sér út af allri umræðunni um upplýsingaflæði framkvæmdarvaldsins til Alþingis hvort þetta sé enn ein niðurlægingin þar.

Síðan vil ég jafnframt beina því til forseta að eftirfarandi lagaákvæði verði skoðað vegna þess að í lögum um samgönguáætlun stendur:

„Fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá unnin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár og lögð fram á Alþingi ný þingsályktunartillaga um hana, þannig að ávallt sé í gildi samþykkt áætlun fyrir a.m.k. tvö ár í senn.“

Frú forseti. Ég óska eftir þessu af því að síðasta áætlun var samþykkt 17. mars 2007, þannig að samkvæmt þessu má skilja að það sé ekki einu sinni í gildi samgönguáætlun nema ef vera skyldi persónuleg samgönguáætlun hæstv. samgönguráðherra sjálfs.

Ég ítreka spurningu mína til forseta um að hún gangi í að reka á eftir þessu og hvort minn skilningur sé réttur að hér sé klárlega verið að brjóta þingsköp Alþingis.

[10:56]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti mun kanna hvar fyrirspurnin stendur og reka á eftir því að hún komi inn í þingið.

[10:56]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegur forseti. Ég tek til máls um störf þingsins eins og nokkrum sinnum áður. Ég hef tæpt á því úr þessum stóli að mér þykja ekki til fyrirmyndar vinnubrögðin á Alþingi, vinnulag og vinnureglur. Tók þó steininn úr í gær þegar verið var að afgreiða nefndarálit um ESB-málið.

Ég verð að segja það að ég hef aldrei orðið vitni að öðru eins. Þetta eru stærstu mál Íslandssögunnar sem verið er að afgreiða og þau eru afgreidd á harðahlaupum yfir Austurvöllinn, inn og út um herbergi og á göngum nefndasviðs Alþingis. Ég var kallaður þrisvar sinnum út af nefndarfundi undanfarna tvo daga til að tékka á orðalagi sem átti að vera í þessu nefndaráliti. Vissulega var það gert af virðingu við sjónarmið okkar, Borgarahreyfingarinnar, sem koma fram í því nefndaráliti. Engu að síður eru þetta ekki eðlileg vinnubrögð.

Nefndarálitið í gær var afgreitt með fyrirvara af hálfu fulltrúa Borgarahreyfingarinnar í utanríkismálanefnd vegna þess að henni var rétt nefndarálitið ólesið og hún var beðin um að vera með á því án þess að hafa lesið það. Vitaskuld sagði hv. þm. Birgitta Jónsdóttir: Nei, ég set ekki nafn mitt undir nefndarálit sem ég hef ekki lesið.

Ég velti því fyrir mér hversu margir nefndarmenn skrifuðu undir þetta nefndarálit án þess að hafa lesið það. Það var ekki sest niður í utanríkismálanefnd og farið yfir álitið línu fyrir línu og það rætt í nefndinni. Slík eru vinnubrögðin í stærstu málum Íslandssögunnar og þau eru ekki til sóma. Troðið er á drengskaparheitum alþingismanna þegar þeir eiga að að vinna samkvæmt samvisku sinni, þeim er hótað og þeir eru kúgaðir.

Virðulegi forseti. Þegar ég hef rangt fyrir mér skipti ég um skoðun. Það er greinilegt að fjölmargir þingmenn hafa komið inn á þing í vor með ákveðnar skoðanir og þegar það rennur upp fyrir þeim að þær eru kannski ekki alls kostar réttar miðað við gögn sem eru lögð fram í málum sem hér koma fram, (Forseti hringir.) þá eiga menn og verða einfaldlega að skipta um skoðun ef það rennur upp fyrir þeim að þeir hafa rangt fyrir sér og þeir verða að fylgja samvisku sinni. (Forseti hringir.) Það er ekki hægt að viðhafa kúgun og hótanir í garð þingmanna vegna þess. Það er ósæmilegt.

[10:59]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að halda áfram með þá umræðu sem ég hóf áðan og beindi orðum mínum til hv. þm. Guðbjarts Hannessonar að það kemur fram í minnisblaði til fjárlaganefndar að árið 20009, með leyfi forseta, voru fjárveitingar til Alþingis lækkaðar um nálægt 10% að raungildi. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga var hækkun frá 2008 í krónutölu 4,2%. Síðan segir: „Lagt er til að fjárveitingar verði lækkaðar um 5% til viðbótar árið 2010 eða samtals 15% lækkun milli ára.“ Svo kemur skýring á því hvernig mæta eigi þessari lækkun.

Það sem vekur athygli mína er að það kemur fram í þessu ágæta minnisblaði og er í rauninni ekki hrakið af hálfu ráðuneytanna — það er aðeins meiningarmunur á eða lítill munur þarna á útreikningum, í raun sáralítill — þar kemur fram: „Samkvæmt töflunni hér að neðan var raunlækkun aðalskrifstofu ráðuneyta frá árinu 2008 að meðaltali engin árið 2009.“

Þarna liggur hundurinn grafinn. Það er lögð mikil pressa á Alþingi að draga saman og spara meðan framkvæmdarvaldið virðist — ég ætla ekki að gera mönnum það núna að það verði þannig — virðist ætla að hanga eins og hundur á roði á þeim fjárveitingum sem framkvæmdarvaldið hefur og fær. Það er mjög óheppilegt ef það er þannig að þingið, lýðræðisarmur samfélagsins gagnvart stjórnvöldum, eigi að fara að taka á sig enn meiri sparnað og niðurskurð en það þegar hefur gert. Þingmenn verða að beita sér þannig að þingið getið haldið sjálfstæði sínu bæði fjárhagslega og ekki síst málefnalega gagnvart framkvæmdarvaldinu og lykilþáttur í því er að þingið hafi þau tækifæri sem það þarf að hafa til að afla sér upplýsinga, kaupa sérfræðinga og annað til að geta haldið hreinlega í við framkvæmdarvaldið.

[11:01]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Áfram um stöðu Alþingi. Við getum verið sammála um að við viljum verja hagsmuni Alþingis. Aftur á móti vildi ég vekja athygli á því að gengið verður frá þessum breytingum í fjáraukalögum í haust. Þar er að vísu unnið eftir þeim römmum sem komu í bandorminum svokallaða sem hefur verið afgreiddur frá þinginu. Hins vegar er það Alþingi sem setur fjárlög fyrir árið 2010. Þar hafa verið settir ákveðnir rammar sem koma fram aðallega í skýrslunni sem lögð var fram ásamt því sem er í bandorminum. Þar er Alþingi gert að spara eins og ráðuneytunum og það er gengið svolítið stíft eftir því. Ég mun a.m.k. fylgja því eftir í fjárlaganefnd að þar sé ekki neinn felusparnaður heldur raunverulega verið að reyna að hagræða og draga saman og endurstokka ríkiskerfið miðað við minnkandi tekjur og fjárhagsgetu. Það var ákvörðun ríkisstjórnarinnar og tillaga sem lögð var fram í þinginu og hefur verið kynnt í skýrslu sem mun koma til afgreiðslu eins og ég sagði í fjárlögum. Það að reynt verði að beita sparnaðinum þannig að gætt verði jafnréttissjónarmiða og reynt að ráðast að stjórnsýslunni frekar en að grunnþjónustunni eins og málefnum fatlaðra eða heilbrigðisþjónustunni. Ég vona að hv. þingmaður og sá sem hér stendur séu sammála um að sú forgangsröðun eigi að haldast.

Alþingi verður auðvitað að sæta sömu skoðun og aðrir, eins og ég sagði, og mun að sjálfsögðu sýna gott fordæmi. Alþingi hefur sýnt það hingað til og hefur tekið á sig, eins og hv. þingmaður bendir réttilega á, niðurskurð og mun gera það áfram til jafns við aðra. Það þýðir ekki að skerða þurfi vinnuaðstöðu þingmanna eða möguleika þeirra til að sinna störfum sínum en það getur þýtt að draga þurfi eitthvað úr utanlandsferðum og að einhverju leyti lækka kostnað í kringum okkar störf eins og hjá öllum öðrum í samfélaginu.

Umræðu lokið.

[11:03]

Útbýting:

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 38. mál, nál. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 255; brtt. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 256; nál. 2. minni hluta utanrmn., þskj. 257.

Fjármálafyrirtæki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 85. mál (sparisjóðir). — Þskj. 215, brtt. 242.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:08]

Brtt. 242 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SSv, VBj, VigH, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, TÞH, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BVG, HöskÞ, KLM, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:05]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þegar við gengum til atkvæða um þetta mál við 2. umr. þá leyndi það sér ekki að hjá ýmsum þingmönnum var óbragð í munni og heldur slakleg samviskan. Þá var vísað til þess að málið mundi sennilega batna þar sem því yrði vísað til meðhöndlunar viðskiptanefndar milli 2. og 3. umr. Það var haldreipið sem menn höfðu til að treysta sér til að greiða þessu frumvarpi atkvæði.

Nú liggur breytingartillagan fyrir, haldreipið mikla sem hér átti öllu að bjarga og ekki síst vondri samvisku. Hv. formaður viðskiptanefndar hefur lýst þessari breytingartillögu alveg réttilega sem lagatæknilegri hreingerningu. Málið hefur með öðrum orðum ekki batnað. Þetta er út af fyrir sig ekki tillaga sem er ástæða til að leggjast gegn. Hins vegar bætir hún ekki málið og gerir engum kleift í rauninni að styðja það sem hafði vonda samvisku gagnvart því við 2. umr. málsins.

[11:06]

Álfheiður Ingadóttir:

Frú forseti. Hér erum við að greiða atkvæði um lög sem tryggja það að ríkið geti virkjað heimildina sem var sett inn í neyðarlögin síðastliðið haust og komið sparisjóðunum til aðstoðar. Sú litla breytingartillaga sem hér er til afgreiðslu kemur því stóra máli ekki við. Þetta er, eins og ég sagði í gær, lagatæknileg hreingerning ættuð af nefndasviði og er ekki efnisleg í þessu máli. Ég trúi hins vegar ekki fyrr en ég tek á því að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson muni ekki styðja þann björgunarleiðangur sem nú verður hægt að fara í og lagt var upp með með neyðarlögunum síðastliðið haust. Ég segi já.

[11:07]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Við sjálfstæðismenn höfum stutt það dyggilega enda gerðum við það með neyðarlögunum og með þeim reglum sem við settum þegar við sátum í ríkisstjórn að sparisjóðunum yrði komið til aðstoðar og þeir endurreistir. Því miður var það ekki áhersla meiri hlutans og þrátt fyrir fögur orð þar um að menn vildu koma virkilega að því verkefni og leggja sérstaka áherslu á það þá er það ekki niðurstaðan í þessu frumvarpi.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson benti réttilega á að þetta væri orðin einhver lenska að þegar menn lenda í vandræðum með mál að segja að þau fari til nefndar milli umræðna og taki breytingum. Það var því miður ekki við því orðið. Þrátt fyrir að við höfum lagt okkur alla fram um að reyna að ná sátt um nauðsynlegar björgunaraðgerðir fyrir sparisjóðina í þessu máli þá hefur meiri hlutinn ekki viljað vinna þannig að málum og við (Forseti hringir.) getum þess vegna ekki gert annað en setið hjá í þessu máli.

Frv., svo breytt, samþ. með 31:9 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SSv, VBj, ÞSa, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁJ, BJJ, EyH, GStein, GBS, SDG, SIJ, SF, VigH.

17 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, MT, ÓN, PHB, REÁ, TÞH, UBK, ÞKG, ÞrB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BVG, HöskÞ, KLM, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:09]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér er verið að fjalla um er lagt fram af góðum hug og aldrei hefur nokkur maður dregið í efa að tilgangur þessa frumvarps sé sá að reyna að greiða fyrir því að bjarga sparisjóðakerfinu í landinu. Ýmislegt í þessu frumvarpi er auðvitað í þá áttina. Hins vegar eru ákvæði í frumvarpinu sem stefna í raun til gagnstæðrar áttar og þess vegna er ekki hægt að styðja frumvarp sem hefur yfirlýstan tilgang í eina áttina en vinnur svo í aðra áttina.

Það sem þetta frumvarp mun meðal annars hafa í för með sér er að það stefnir í mjög mikla lækkun á stofnfé sparisjóða út um allt land. Það mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir heimilin á þessum svæðum. Það mun hafa mjög alvarleg áhrif og afleiðingar fyrir sveitarfélögin á þessum svæðum. En umfram allt, og það er alvarlegast, það mun koma í veg fyrir að hægt verði að tryggja aukið stofnfé frá almenningi á þessum svæðum inn í sparisjóðina sem mikil þörf er á. Þess vegna (Forseti hringir.) vinnur þetta frumvarp gegn sínum eigin markmiðum og það er einsdæmi.

[11:10]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Í frumvarpi því sem við hér erum að afgreiða sem lög er ýmislegt gott en annað verra. Það sem ég

sakna mest er að það vantar alla framtíðarsýn. Hvernig verður sparisjóðakerfið eftir þrjú, fjögur eða fimm ár svo ég tali ekki um fimmtán ár? Hvað svo, spurði ég í gær, hvað svo? Menn ætla sér að láta ríkið koma inn í sparisjóðina og eignast þá að miklum hluta. Hvað er eiginlega ríkissparisjóður? Hvers lags fyrirbæri er það? Er því stýrt úr Reykjavík? Eru í sparisjóðsstjórninni einhverjir embættismenn úr Reykjavík eða hvernig sjá menn þetta fyrir sér? Ég sé enga lausn, enga framtíðarsýn og ég get ekki stutt svona frumvarp og sit hjá.

[11:11]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Meiningin er góð. Málsmeðferðin er lítilsvirðing við fjármálakerfi landsbyggðarinnar, sparisjóðina, árás á fjármálakerfi landsbyggðarinnar. Þess vegna segi ég nei.

[11:12]

Ragnheiður E. Árnadóttir:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur góð markmið eins og hér hefur komið fram en þau markmið dreg ég mikið í efa að náist með þessu frumvarpi sem nú er að verða að lögum. Það er vanbúið og það skortir framtíðarsýn og á því eru miklir ágallar, ágallar sem við í minni hlutanum höfum bent ítrekað á og höfum unnið af heilum hug að því að reyna að koma þessu máli til bjargar. Við höfum ekki haft erindi sem erfiði og því miður stefnir því hér í að við verðum með ríkisvædda sparisjóði sem gengur gegn markmiðum sparisjóðakerfisins. Það hefur ekki verið hlustað á tillögur um að bjarga stofnfjárkerfinu með því að setja einhvers konar gólf. Það hefur ekki verið hugsað fyrir útgöngu ríkisins. Ég get því ekki stutt þetta frumvarp. En þar sem stjórnvöld telja þetta nauðsynlegt til að geta komið með eigið fé inn í sparisjóðina þá vil ég ekki standa í vegi fyrir þeim gjörningi og því greiði ég ekki atkvæði.

[11:13]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Ég er ósammála megininntaki þessa frumvarps og þá sérstaklega hvað varðar 7. gr. Ég er heldur ekki sammála þeirri túlkun meiri hlutans að þetta sé forsenda þess að koma með stofnfjárframlag inn í sparisjóðina. Ég tel að þegar sé til staðar lagaumhverfi til að gera það og að ekkert í neyðarlögunum komi í veg fyrir að hægt sé að leggja þetta stofnfjárframlag fram.

Ég tek líka undir orð annarra þingmanna sem hafa komið upp um að algjör skortur á framtíðarsýn sé í þessu frumvarpi. Það er alger skortur á skilningi gagnvart hugmyndafræði sparisjóðanna og hugmyndafræði Samvinnuhreyfingarinnar og þess vegna segi ég nei.

[11:14]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Það er mjög mikilvægt að þessi lagarammi um þá aðstoð sem sparisjóðunum stendur til boða til að endurskipuleggja sig komist á og verði skýr. Það er mikill misskilningur sem hér kemur fram að það sé markmið í sjálfu sér að ríkið gerist þátttakandi í rekstri sparisjóða í landinu. Það er ekki tilgangur þessa frumvarps heldur að setja skýrar lagareglur um það á hvaða grunni sú aðstoð standi sparisjóðunum til boða sem þeir geta sótt um ef þeir svo kjósa — og það hafa þeir reyndar flestir gert — til að reyna að endurskipuleggja rekstur sinn.

Um framtíðarsýn í þessum efnum vilja sparisjóðirnir væntanlega sjálfir eftir atvikum hafa einhver áhrif á það hvernig það landslag lítur út en ekki bara að það verði ákveðið ofan frá hér á Alþingi. Aðstoð verður ekki neydd upp á einn eða neinn heldur stendur hún til boða á þessum forsendum fyrir þá sem hana vilja nýta sér.

Framtíðarsýnin er mjög einföld. Hún er sú að heilbrigð sparisjóðakeðja verði hluti af okkar fjármálaþjónustu til framtíðar, vonandi sjálfstæð og á eigin forsendum og að aðkoma ríkisins að því til lengri tíma litið geti (Forseti hringir.) orðið sem minnst og helst innan fárra ára á nýjan leik engin.

[11:15]

Magnús Orri Schram:

Forseti. Mér finnst hreint með endemum að þeir flokkar sem hafa staðið vakt í þessu þjóðfélagi undanfarin ár skuli nú setja sig á móti þeim mikilvægu björgunaraðgerðum sem við erum að reyna að festa í lög. Allar þær lagabreytingar sem eru samþykktar á Alþingi, vonandi nú á eftir, lúta að mikilvægum björgunaraðgerðum til varnar sparisjóðakerfinu og þar skiptir hver dagur máli. Þess vegna segi ég já.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 260).

Endurskipulagning rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál (stofnun hlutafélags, heildarlög). — Þskj. 162, frhnál. 236 og 246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:24]

Brtt. í nál. 236 samþ. með 32:21 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SSv, VBj, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖS.

nei: ÁsbÓ, BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SIJ, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞKG.

2 þm. (BirgJ, MT) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, BVG, JónG, LRM, RR, SDG, SVÓ, ÖJ) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:17]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Breytingartillagan hljóðar svo, með leyfi frú forseta:

„Fjármálaráðherra er heimilt að framselja eignarhlutinn til Bankasýslu ríkisins.“

Hvað er nú það? Það var á dagskrá í gær frumvarp um

Bankasýslu ríkisins en ekki í dag og það er hvorki búið að samþykkja eitt né neitt um Bankasýslu ríkisins þannig að ég get ekki verið með breytingartillögunni af þessari ástæðu. En ég greiði líka atkvæði gegn henni vegna þess að Bankasýslu ríkisins er skipuð stjórn og það er stjórn hennar sem fer svo með forræði yfir þessu fyrirtæki sem við eru hér að ræða um, um endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, og mér finnst mjög dapurlegt að þar með er ábyrgðin komin yfir á stjórnina frá ráðherranum. Hvernig í ósköpunum á Alþingi að tryggja að lög séu haldin? Hver er aðili að máli ef menn telja að lög séu brotin hjá þessari Bankasýslu? Ég segi nei við þessari tillögu.

[11:18]

Illugi Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal hvað varðar afstöðu hans til þessarar breytingartillögu. Ég hefði kosið að við hefðum verið búin að komast að niðurstöðu í umræðu um Bankasýsluna þannig að það væri gerlegt fyrir þingmenn að taka afstöðu til þessa máls. Verði þessi tillaga samþykkt erum við að veita fjármálaráðherra opinn tékka til að fara með þetta félag inn í þessa Bankasýslu. Á meðan við höfum ekki gert okkur fullkomlega grein fyrir því hvernig Bankasýslan muni líta út er ógjörningur að mínu mati að greiða atkvæði með þessari tillögu og verði hún samþykkt þá með frumvarpinu öllu. Ég mun því sitja hjá.

[11:19]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hér er verið að innleiða heimild sem var fyrir hendi mun víðtækari í upphaflegri útgáfu málsins sem laut að því að fjármálaráðherra væri heimilt að framselja eignarhlutinn til óskilgreinds félags. Það er út af fyrir sig ánægjuefni að þetta sé í raun helsta álitaefnið sem eftir er í málinu og það hefur tekist góð samstaða um aðra þætti en um skipan stjórnarinnar. En ég vek athygli á því að hér er verið að fara að tillögum alþjóðlegra sérfræðinga sem komu okkur til ráðgjafar í okkar miklu erfiðleikum og sömuleiðis verið að fara að tilmælum Seðlabankans um að til sé einmitt aðili sem sé á milli hins pólitíska valds og þessa félags, sem sé Bankasýslan, og tryggi þannig það sem kallað er armslengd frá hinu pólitíska valdi.

[11:20]

Birkir Jón Jónsson:

Frú forseti. Eins og hv. þm. Helgi Hjörvar rakti var ágæt samvinna í þessu máli framan af en leiðir skilur í þessari atkvæðagreiðslu því við framsóknarmenn höfum talað fyrir því að það sé mikilvægt að faglega verði staðið að skipun stjórnar þessa opinbera félags eins og allra annarra.

Hér erum við að greiða atkvæði um breytingartillögu sem hljóðar þannig að fjármálaráðherra sé heimilt að framselja eignarhlut til Bankasýslu ríkisins. Ég velti fyrir mér tilganginum með þessari breytingartillögu því eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal rakti áðan þá er í raun, ef fjármálaráðherra nýtir sér þessa heimild, verið að fjarlægja ábyrgð hæstv. ráðherra af starfsemi þessa félags og það er þvert gegn því sem við höfum talað fyrir á undanförnum vikum og mánuðum um pólitíska ábyrgð. Þess vegna get ég ekki greitt þessari breytingartillögu atkvæði mitt og er á móti henni.

[11:21]

Tryggvi Þór Herbertsson:

Virðulegi forseti. Ég styð þetta frumvarp í heild sinni en ég get ekki stutt þetta ákvæði. Ég er á móti því og það stafar fyrst og fremst af því að við vitum ekki hvað þessi Bankasýsla er og miðað við þann ramma sem okkur hefur verið sýndur í frumvarpi þá er það afleit hugmynd eins og hún er sett fram. Það þarf miklar breytingar þar á til þess að hægt sé að sætta sig við að gefa þeirri stofnun það vald sem felst í frumvarpinu. Ég get því ekki annað en verið á móti þessu ákvæði og segi nei.

[11:22]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég er kominn til að gera grein fyrir atkvæði mínu og ég tek undir með þeim sem hér hafa talað og vil hvetja þingmenn stjórnarmeirihlutans til að vakna og átta sig á því á hvaða vegferð menn eru. Þessi breytingartillaga gengur út á það að við ætlum að setja þetta félag — og ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að þetta frumvarp hefur verið unnið betur heldur en önnur sem þessu tengjast og eins og hefur komið fram í umræðunni er það búið að taka miklum breytingum. Það sama á ekki við um þau frumvörp sem þessu máli tengjast, Bankasýsluna og frumvarpið um sparisjóðina. En við erum á þeirri vegferð að við ætlum að setja íslenskt efnahagslíf nokkurn veginn undir eina ríkisstofnun. Ég hvet hv. þingmenn meiri hlutans til að draga andann djúpt og fara aðeins yfir það mál.

Frv., svo breytt, samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SSv, TÞH, VBj, ÞSa, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÓN.

21 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, PHB, REÁ, SDG, SIJ, SF, UBK, VigH, ÞKG, ÞrB) greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, BVG, JónG, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:24]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Fjárhagsleg endurskipulagning skuldsettra atvinnufyrirtækja er eitthvert brýnasta hagsmunamál sem fyrir okkur liggur núna vegna þess að það eru fyrirtækin og fólkið í þeim sem á að standa undir þeirri verðmætasköpun sem á að gera okkur kleift að ráða við þær miklu skuldbindingar sem við nú göngumst undir og eiga að standa hér undir velsæld í allri framtíð.

Þetta mál númer eitt á þessu þingi er til þess fallið að hraða þeirri endurskipulagningu og styðja bankana og fjármálafyrirtækin í því starfi sínu. Ég þakka hv. nefndarmönnum mínum fyrir gott samstarf í málinu og minni á að enn er frumvarpið um Bankasýslu hér til umfjöllunar og ekki er

loku fyrir það skotið að það geti tekist sátt um skipan stjórnar þessa félags eins og um alla aðra liði málsins.

[11:26]

Birkir Jón Jónsson:

Frú forseti. Mál hliðstætt þessu var lagt fram af minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna á vormánuðum sem við framsóknarmenn vörðum vantrausti á þingi. En við vorum algerlega andvígir því frumvarpi sem þá var lagt fram og þess vegna náði það ekki fram að ganga. Ég held að allir séu sammála því að það frumvarp sem við ræðum hér sé mun betra í alla staði heldur en hið fyrra frumvarp þannig að sú andstaða sem við framsóknarmenn beittum okkur fyrir hefur þar af leiðandi skilað sér í því að við ræðum mun betri löggjöf en þá sem við ræddum þá og hefði verið samþykkt ef við hefðum stutt hana.

Eins og ég sagði áðan, frú forseti, þá höfum við lagt áherslu á að faglega verði skipað í stjórn þessa félags. Meiri hlutinn hefur ekki sæst á þá hugmynd okkar meðal annars að setja á fót valnefnd sem mundi tilnefna í þessa stjórn eða að fleiri en einn aðili mundi tilnefna í stjórn þessa félags. Þar af leiðandi getum við ekki greitt þessu frumvarpi atkvæði okkar og sitjum hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[11:27]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Mér er vandi á höndum. Þannig er að það náðist fram mjög mikil breyting á þessu frumvarpi í meðförum efnahags- og skattanefndar og ég er búinn að mæra hv. formann vegna þess. (Gripið fram í.) En nú er búið að gera á þessu breytingu, að það er komin inn Lánasýsla ríkisins. (**Gripið fram í:** Bankasýsla.) Bankasýsla ríkisins. (Gripið fram í.) Það er von að menn þekki ekki nöfn á fyrirtækjum sem ekki er búið að setja lög um. Spurningin er um 7. gr. þess frumvarps þar sem stendur að það skuli vera valnefnd vegna stjórnarsetu í bankaráðum og stjórnum fjármálafyrirtækja. En þetta er ekki bankastofnun eða fjármálafyrirtæki þannig að það er væntanlega formaður eða starfsmaður þessa félags sem mun ákveða stjórnina í þessu félagi sem við erum að ræða hér. Þá fer nú ljóminn af ýmsu. Ég treysti því — en mun samt sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu (Forseti hringir.) — ég treysti því að frumvarpi um Bankasýslu ríkisins verði breytt þannig að hægt verði (Forseti hringir.) að framkvæma þau atriði sem hér er (Forseti hringir.) mjög vel tekið fram.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill árétta að menn virði ræðutíma.)

[11:28]

Þór Saari:

Frú forseti. Þetta er mikilvægt mál. Þetta er það fyrsta mál sem ég hef fjallað um sem nýr þingmaður í þingnefnd og starf nefndarinnar var til mikillar fyrirmyndar og framganga formanns nefndarinnar var til fyrirmyndar í alla staði. Það var ánægjulegt að vinna að þessu máli. Það var ánægjulegt að sjá samvinnu nefndarinnar við hæstv. fjármálaráðherra og fjármálaráðuneytið því að frumvarpið tók miklum breytingum í meðförum nefndarinnar og samvinnan við framkvæmdarvaldið var alveg hreint með ágætum. Ég hafði uppi efasemdir um skipan stjórnar þessa félags vegna þess að þar er fjármálaráðherra falið mjög mikið vald. Við í meiri hlutanum treystum því að hann fari vel með það vald en með hliðsjón af fram komnu frumvarpi um Bankasýslu ríkisins og breytingartillöguna í þessu frumvarpi þá vil ég brýna fyrir þingi að fylgjast vel með því með hvaða hætti starfsemi þessara nýju félaga eða stofnana verði til að það sé tryggt að þeim verði stýrt á faglegum forsendum en ekki pólitískum eða byggðalegum forsendum.

[11:29]

Tryggvi Þór Herbertsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni afar mikilvægt mál. Þetta mál snýst annars vegar um það að hjálpa til við endurskipulagningu fyrirtækja sem eru rekstrarhæf en hafa orðið illa úti með efnahagsreikning sinn í hruninu. En þetta mál snýst líka um að endurnýja og undirbyggja það traust sem þarf í íslensku efnahagslífi og sérstaklega fjármálalífi. Mér finnst eins og stjórnarliðar sumir hverjir skilji ekki þennan tilgang. Þetta kemur mjög vel fram í Bankasýslunni sem er framhald af þessu máli þar sem menn skilja einfaldlega ekki út af hverju verið sé að setja upp Bankasýsluna. Þetta er þekkt módel erlendis frá og menn ætla að sérsníða það að einhverjum íslenskum hugmyndum. (Forseti hringir.) Ég ætla að styðja málið, segi já, en þó með þeim annmörkum sem eru á því.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 261).

Gjaldeyrismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 137. mál (viðurlög og stjórnvaldsheimildir). — Þskj. 216, nál. 243.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:31]

Illugi Gunnarsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Frú forseti. Hér er á ferðinni frumvarp sem hefur þann tilgang að fylgja eftir þeim lögum sem Alþingi hefur sett um gjaldeyrishöft. Við sjálfstæðismenn höfum ákveðið að veita frumvarpinu allan framgang í þinginu og styðja það að málið fari hratt í gegn. En að sjálfsögðu er þetta frumvarp birtingarmynd þess vanda sem við stöndum nú frammi fyrir, að þingið hefur sett lög um gjaldeyrishöft, það er vandinn. Því miður er það svo að allar líkur eru á því að þeir sem frumvarpinu er ætlað að ná til muni halda áfram ýmiss konar starfsemi sem við teljum það óæskilega á grundvelli þessara laga að það verði erfiðara og erfiðara að fást við þetta og við munum þurfa að setja erfiðari og harðari lög eftir því sem tíminn líður. Því fyrr sem við náum að afnema gjaldeyrishöftin þeim mun fyrr komumst við í eðlilegt efnahagsástand (Forseti hringir.) og því munum við sitja hjá en veita málinu allan framgang þannig að hægt sé að ganga frá því.

[11:33]

Eygló Harðardóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara og fyrirvarar mínir snúa fyrst og fremst að því að við skulum þurfa að hafa þessi gjaldeyrishöft. Þeir snúa líka að þeim einkennilegu umsögnum sem við fengum með frumvarpinu þar sem umsagnaraðilar bentu á að þeir teldu mjög líklegt að við mundum þurfa að halda áfram með gjaldeyrishöft fram yfir sólarlagsákvæðið sem er í nóvember 2010. Síðan var bætt við að áfram yrðu glufur í gjaldeyrishöftunum, það yrðu alltaf klárir menn sem gætu fundið leiðir til að fara fram hjá þeim. Þeir sem fylgdu málinu eftir töldu að þetta mundi hafa lítil sem engin áhrif á gengi krónunnar. Þarna er hins vegar talað um refsiákvæði og mér finnst mjög eðlilegt að einhvern veginn sé hægt að koma í veg fyrir að fólk brjóti þessi lög ef við erum með lög í landinu. Gerð voru ákveðin mistök í fyrri lagasetningu þannig að ég get ekki staðið gegn þessari breytingu en hef miklar áhyggjur af því hvert við stefnum.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BJJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GStein, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SSv, VBj, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SDG, SIJ, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞKG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, JónG, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 243 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SSv, VBj, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SDG, SIJ, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞKG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, JónG, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SSv, VBj, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SDG, SIJ, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞKG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, JónG, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SSv, VBj, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SDG, SIJ, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞKG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, BirgJ, JónG, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Lokafjárlög 2007, frh. 3. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 194 (sbr. þskj. 59).

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:37]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SSv, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

5 þm. (ÁI, ÁsbÓ, MT, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, BirgJ, JónG, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 263).

Út af dagskrá voru tekin 6.--7. mál.

Fundi slitið kl. 11:37.

---

38. FUNDUR

föstudaginn 10. júlí,
að loknum 37. fundi.

Dagskrá:

1. Gjaldeyrismál, stjfrv., 137. mál, þskj. 262. — 3. umr. *Ef leyft verður*.

2. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266. — Síðari umr.

3. Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 250. — Síðari umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:38]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SSv, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (MT) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BirgJ, GÞÞ, JónG, LRM, RR, SVÓ, TÞH, ÞrB, ÖS) fjarstaddir.

Gjaldeyrismál, 3. umr.

Stjfrv., 137. mál (viðurlög og stjórnvaldsheimildir). — Þskj. 262.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:39]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SSv, VBj, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

20 þm. (BÁ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SDG, SIJ, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞKG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BirgJ, GÞÞ, JónG, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 264).

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:40]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 256. — Afbrigði samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SSv, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MT) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, BirgJ, GÞÞ, JónG, LRM, RR, SVÓ) fjarstaddir.

Um fundarstjórn.

Breytingartillaga og umræða um ESB.

[11:41]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Ég vildi gera forseta grein fyrir því að ég hafði hugsað mér að vera á breytingartillögum varðandi tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu ásamt þingmanni frá Sjálfstæðisflokknum, þingmanni frá Framsóknarflokknum og þingmanni frá Borgarahreyfingunni um aðildarviðræður við ESB. Þá barst mér til eyrna að slíkt gæti valdið stjórnarslitum. Ég hafði staðið í þeirri trú að hver maður yrði óbundinn í þinginu þegar þetta mál kæmi hingað inn en svo er ekki. Þingið er í gíslingu í þessu máli. Það er engin spurning að mínu mati að ef hver og einn þingmaður fylgdi samvisku sinni væri meiri hluti fyrir tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu í þinginu. Ólýðræðislega umsókn um aðild að ESB er ekki hægt að taka alvarlega.

Frú forseti. Ég mun ekki taka frekari þátt í umræðunni í dag og hvet þingmenn til að fylgja eigin sannfæringu í þessu máli og styðja tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[11:42]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla að ræða fundarstjórn forseta þótt stutt ræða hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar hafi vissulega gefið tilefni til mikilla umræðna sem endurspeglast í dag.

Varðandi fundarstjórn forseta vildi ég gera athugasemd við það sem tilkynnt var með tölvupósti í gærkvöldi, þá ákvörðun forseta að verða ekki við þeim óskum sem fram höfðu komið af hálfu tiltekinna þingflokka um að tvöfalda ræðutíma í þessari umræðu. Mér er ljóst að forseta ber ekki skylda til þess að verða við þeirri ósk en forseti hefur til þess heimild. Ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort henni finnist þetta mál ekki þess eðlis að eðlilegt sé að rýmka fyrir umræðu þannig að ræðumenn hafi tíma til að fjalla um þau ítarlegu nefndarálit sem fyrir liggja í þessu risavaxna máli. Ég spyr: Hvað liggur á? Af hverju er ekki hægt að verða við þessari ósk um tvöfaldan ræðutíma í risavöxnu máli? (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[11:43]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti hugðist gera grein fyrir þessu áðan þegar hún var stöðvuð vegna umræðna um fundarstjórn forseta og mun hún klára mál sitt áður en næsti þingmaður tekur til máls um fundarstjórn forseta. Forseta hafði borist beiðni um rýmri ræðutíma en þingsköp segja að gildi um umræðuna um 2. og 3. dagskrármálið, þ.e. ESB-tillögurnar.

Reglur þingskapa eru þær að við síðari umræðu um þingsályktunartillögur gilda sömu reglur og við 2. umr. lagafrumvarpa. Framsögumenn nefndarálita hafa 30 mínútur í fyrsta sinn, 15 mínútur í annað sinn og 5 mínútur í frekari ræðuhöldum. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafi 20 mínútur í fyrsta sinn, 10 mínútur í annað sinn og svo 5 mínútur í þriðja sinn eða oftar. Með heimild 2. mgr. 55. gr. heimilar forseti að ræðutími talsmanna flokka í fyrstu ræðu verði

tvöfaldaður miðað við reglur þingskapa.

Þetta var niðurstaða forseta hvað umræðuna varðar.

[11:45]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni varðandi þann ræðutíma sem þingmönnum er gefinn. Það hefði verið eðlilegt að gefa öllum tvöfaldan ræðutíma í þessu stóra máli.

Ég kem upp undir fundarstjórn forseta fyrst og fremst af því að forseti þarf að beita sér fyrir því að þingmönnum sé veitt frelsi til að taka ákvarðanir á eigin forsendum, að þeir séu ekki þvingaðir eða kúgaðir eins og kom fram í ræðu fyrsta ræðumanns sem steig í stól. Það var mjög átakanlegt að hlusta á þennan nýja og unga þingmann sem er í sömu sporum og ég, sem varð fyrir þessu.

Ég vil að það komi fram að ég hugðist styðja og ég mun styðja tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að ég tel að tillaga stjórnarinnar gangi ekki nógu langt og sé ekki í anda þess sem ég hef staðið fyrir og stutt. Þetta er til skammar hvernig komið er.

[11:46]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Það er líklega rétt að taka fram í upphafi að málið varðar fundarstjórn forseta vegna þess að forseti hefur komið töluvert við sögu í því hvernig haldið hefur verið á því máli sem hér kemur til umræðu og þeirri atburðarás sem varð til þess að hv. þm. Ásmundur Einar Daðason setti fram gagnrýni sína áðan. Það er búið að vera átakanlegt að fylgjast með því hvernig haldið hefur verið á þessu máli. Það er svo sem ekki nýtt að þessi ríkisstjórn standi ekki við hin fögru fyrirheit um samráð og frelsi þingmanna til að greiða atkvæði samkvæmt samvisku sinni. En hvernig haldið hefur verið á þessu máli með alveg ótrúlegri óbilgirni og hörku annars stjórnarflokksins í garð hins og í garð þingsins er algerlega óásættanlegt. Og nú þegar menn tala mikið fyrir nýjum vinnubrögðum á þingi sýnir þetta mál á að sú er ekki þróunin, hún er þveröfug.

[11:47]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill leiðrétta það að hún hefur hvergi komið að þessu máli.

[11:47]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Mikil pressa hefur verið á því að klára það mál sem við hefjum nú umræðu um í þessari viku. Þegar innt hefur verið eftir því hvers vegna klára þurfi þetta mál helst í dag eða á morgun hefur verið fátt um svör önnur en þau sem má lýsa með orðunum „af því bara“. Það er augljóst að þetta mál er eitt það stærsta sem komið hefur fyrir þingið. Það er sett fram í þingsályktunartillögubúningi sem þýðir að þingmenn hafa frekar takmarkað svigrúm til að tjá sig um það.

Fyrir liggur beiðni okkar um að lengja ræðutímann þannig að við getum rætt málið til hlítar innan þess forms sem þingsályktunartillagan leyfir. Forseti hefur það í hendi sér að gera slíkt. Forseti hefur heimild til þess og það er í takti við annað í kringum þetta mál að forseti skuli skammta tímann svo naumt sem raun ber vitni.

[11:48]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að forseti beiti sér fyrir því að þingmenn séu ekki kúgaðir. Ég lýsi yfir fullri samstöðu með hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni. Ég var einu sinni í hans sporum og þá stöðvaði forseti, sem kom úr röðum Samfylkingarinnar, þingið í einn dag. Ég skil þetta ekki öðruvísi en að við séum að fara að ræða hér mál í mjög takmörkuðum ræðutíma. Mér er algerlega ómögulegt að átta mig á af hverju hann er ekki lengdur en við skulum átta okkur á því að Vinstri grænir eru nú að leiða fyrir þingið, fyrir aftökusveitina, eitthvert stærsta mál sem þeir hafa verið eindregið gegn. Einhverjir ætla væntanlega að greiða atkvæði á móti, það er leitt fyrir aftökusveitina (Forseti hringir.) enda geta menn hæglega reiknað út að þetta verður samþykkt.

[11:49]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil árétta það sem fram hefur komið að í 2. mgr. 55. gr. þingskapa hefur forseti heimild til að rýmka ræðutíma um þingmál við hverja umræðu ef það er svo umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þess tíma sem annars er gefinn til umræðu.

Ég velti fyrir mér hvort hæstv. forseta finnst þetta mál ekki umfangsmikið eða mikilvægt. Er þetta ekki umfangsmikið mál? Er þetta ekki það mál sem lögð hafa verið fram nefndarálit um upp á tugi blaðsíðna? Nefndin hefur verið að störfum í margar vikur. Er þetta ekki umfangsmikið mál? Er þetta ekki (Gripið fram í.) mikilvægt mál? Finnst hv. þingmönnum þetta ekki mikilvægt mál? Finnst hæstv. forseta þetta ekki mikilvægt mál?

Ég spyr: Er ástæðan fyrir því að verið er að keyra þetta mál í gegn á örstuttum tíma sú að ráðherrar Samfylkingarinnar eru búnir að boða sig á fundi erlendis eftir fáa daga og vilja halda þau tímaplön?

[11:51]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill benda hv. þingmönnum á að þeir geta talað eins og oft og þeir vilja í þeirri umræðu sem fram undan er.

[11:51]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég vil eins og fleiri benda á 2. mgr. 55. gr. þar sem forseta er þó heimilað rýmka ræðutíma um þingmál við hverja umræðu, með leyfi frú forseta, ef það er svo umfangsmikið og mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem annars gilda.

Nú vil ég spyrja hæstv. forseta eins og fleiri: Er þetta mál ekki mikilvægt eða umfangsmikið? Mér finnst það vera hvort tveggja. Það er bæði umfangsmikið og mikilvægt. Ég skora á hæstv. forseta að endurskoða ákvörðun sína og tvöfalda ræðutímann, ef ekki þrefalda hann, í þessu mikla máli

þannig að menn geti farið í gegnum málið í nokkurn veginn í einni eða tveimur ræðum svo þeir þurfi ekki að flytja um það 10 eða 20 ræður.

[11:52]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Það er ekki laust við að manni sé brugðið í dag vegna þess að ég skil ekki þá ákvörðun hæstv. forseta, sem er forseti allra þingmanna, sama úr hvaða flokki þeir koma, en hún hefur lýst því yfir að hún sé að hún verði ekki við beiðni okkar um lengdan ræðutíma. Mér er það algerlega óskiljanlegt hvers vegna þessi ákvörðun er tekin.

Er þetta ekki eitt stærsta mál íslensku þjóðarinnar frá því að lýðveldið var stofnað? Er þetta ekki stærsta mál Samfylkingarinnar? Hafa samfylkingarmenn ekki áhuga á því að ræða þetta mál til hlítar? Er þetta ekki eina mál Samfylkingarinnar? Er þetta ekki málið sem þau ætla að leysa öll okkar vandamál með? Ég ætla að það fólk sem hér situr á vegum síns flokks hefði áhuga á því að lýsa því fyrir okkur hvers vegna það vilji fara þessa leið. Ég skil ekki þessa ákvörðun forseta og ég skil ekki hvers vegna samfylkingarmenn bakka ekki upp þessa kröfu okkar í stjórnarandstöðunni. Ég skora á hæstv. forseta að taka ákvörðun sína til endurskoðunar og leyfa okkur þingmönnum (Forseti hringir.) að hafa þann ræðutíma sem við teljum þörf á. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[11:54]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir með félögum mínum í Sjálfstæðisflokknum og fleirum í stjórnarandstöðunni og hvetja forseta til að nýta þessa heimild, að sýna göfuglyndi og gæsku og hopa undan hælnum á hæstv. forsætisráðherra og minna sjálfa sig á það að hún er forseti allra þingmanna.

Síðan er að leggja út í langar ræður og ræðuhöld um þá fordæmalausu kúgun sem greinilega annar stjórnarflokkurinn, Vinstri græn, hefur orðið fyrir frá Samfylkingunni. Þau verða nú greinilega fyrir fordæmalausri kúgun af hálfu Samfylkingarinnar sem ætlar ekki bara að koma í veg fyrir að þingmenn tali hér og greiði atkvæði samkvæmt eigin samvisku heldur ætlar Samfylkingin líka að knésetja þingið og takmarka ræðutíma þingmanna í þessu mikilvæga máli, mikilvægasta máli Samfylkingarinnar. Það er fordæmalaust, það er ekkert annað en blygðunarlausa kúgun. Ég hvet hæstv. forseta til að sýna mildi, göfuglyndi (Forseti hringir.) og víðsýni og leyfa okkur að tala um málið eins og okkur hentar.

[11:55]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Það var ekki meining forseta að tefja eða takmarka nokkuð ræðutíma enda hafði forseti tilkynnt þingflokksformönnum vilja sinn um að tvöfalda ræðutíma hjá talsmönnum og hafa hefðbundinn ræðutíma samkvæmt þingsköpum hjá öðrum ræðumönnum og ekki hefur verið gerð athugasemd við það. (Gripið fram í.) En forseti mun aftur á móti verða við óskum hér um að tvöfalda ræðutíma þingmanna og nýta 2. mgr. 55. gr. til að tvöfalda ræðutíma hjá öllum þingmönnum úr því að svo hörð krafa kemur um það.

Forseti vill einnig geta þess vegna annarra ummæla sem komið hafa fram í umræðu um fundarstjórn að forseti getur ekki stjórnað gerðum þingmanna í þingsal eða hvað þeir ákveða að gera eða gera ekki í ræðustól Alþingis, svo það sé alveg ljóst.

[11:56]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Frú forseti. Hér hafa háalvarlegir atburðir gerst og enn á ný á að hefta tjáningarfrelsið. Þeir atburðir hafa gerst í fyrsta sinn í Íslandssögunni að hér stendur þingmaður í þessum ræðustól og lýsir kúgunum þeim sem hann hefur orðið fyrir í aðdraganda umræðu þessa máls.

Frú forseti. Þetta er ekki boðlegt. Löggjafarvaldið á að setja lög. Löggjafarvaldið á ekki að taka við skipunum frá framkvæmdarvaldinu. Þetta er grafalvarlegt mál. Hér hefur þingmaður gengið úr ræðustól. Hann ætlar ekki að taka þátt í umræðunum. Hann lýsti kúgununum. Við búum ekki í lýðræðisríki sem er einn hornsteinninn í Kaupmannahafnarsáttmálanum sem er aðgöngumiði Samfylkingarinnar inn í Evrópusambandið. Ég er sorgmædd í dag.

[11:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég hrósa virðulegum forseta fyrir hvernig hún tók á beiðni þingmanna varðandi aukinn ræðutíma, það er mjög til fyrirmyndar.

Ég ætla hins vegar ekki að koma hér fram og vekja athygli á því augljósa, að Vinstri grænir láta kúga sig algerlega í þessu stjórnarsamstarfi. Það er auðvitað þeirra mál. En ég vil gera athugasemdir við dagskrá þingsins. Á sama tíma og við erum í harðri milliríkjadeilu um Icesave þar sem Evrópusambandið knýr okkur til niðurstöðu sem er ekki með neinu móti hægt að segja að séu hagsmunir íslensku þjóðarinnar — það vill ekki fara dómstólaleiðina eða neina slíka leið sem farin er í vestrænum lýðræðisríkjum og þótt víðar væri leitað — erum við í fullri alvöru (Forseti hringir.) að ræða um að fá að vera með í klúbbnum. (Forseti hringir.) Þótt ég vildi ekkert heitar (Forseti hringir.) en að Ísland gengi í Evrópusambandið hvarflaði aldrei að mér (Forseti hringir.) að gera það á sama tíma og við sitjum undir afarkostum (Forseti hringir.) frá þessu ríkjabandalagi.

[11:59]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að virða ræðutíma.

[11:59]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Í ljósi þess sem fram kom hjá hv. þm. Vinstri grænna áðan, Ásmundi Einari Daðasyni, um meinta kúgun til fylgis hans við mál sem hann styður ekki samkvæmt samvisku sinni vil ég beina því til forseta að athugað verði hvað þetta mikilvæga mál varðar, og jafnframt næstmikilvægasta mál Íslandssögunnar, um Icesavesamninginn, hvort þingmönnum verði gert kleift að greiða

atkvæði með leynilegum hætti til að þeir þurfi ekki að sæta því að vera kúgaðir af samflokksmönnum sínum í jafnmikilvægum málum og þessum.

Þetta er hrikaleg staða sem upp er komin á Alþingi Íslendinga og hana verður að leysa með einhverjum hætti. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[12:00]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir til forseta fyrir að bregðast við þeirri skýru kröfu okkar þingmanna að fá að tala hér og nýta allan þann tíma sem mögulegt er samkvæmt þingsköpum.

Ég er allt að því orðlaus. Mér finnst að í þessu máli sé reynt að skapa ágreining og mynda enn meiri ágreining, sem þó er nógur fyrir, á öllum stigum málsins. Nú átti að keyra í gegn takmarkanir á ræðutíma. Sem betur fer stöðvaði frú forseti það og ég þakka enn og aftur fyrir það. En ég er fullkomlega orðlaus eftir ræðu hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar. Ég er hrygg og sorgmædd. Mér finnst með ólíkindum að þetta sé hægt í þessu stóra og mikla máli sem þingmenn og meira að segja forsvarsmenn annars stjórnarflokksins segja að ekki hafi verið neitt samkomulag um að klára öðruvísi en að þingmenn greiði atkvæði eftir sinni bestu sannfæringu. (Forseti hringir.) Það er verið að ganga á bak þeirra orða. Ég átta mig ekki á því, frú forseti, hvernig þetta má vera, hvernig þetta er hægt.

[12:01]

Róbert Marshall (Sf):

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta til að hrósa forseta fyrir fundarstjórn hennar og mildi og líka til að taka það fram að ég fagna því sérstaklega að stjórnmálaflokkurinn sem frá 1995 og í kosningum 1999, 2003, 2007 og 2009 sagði að aðild að Evrópusambandinu væri ekki á dagskrá, málið væri ekki til umræðu, það væri ekki tímabært að ræða það, og svo loksins (Gripið fram í.) þegar það er komið á dagskrá 2009, 12 árum eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hóf söng sinn um að málið væri ekki á dagskrá getur það ekki verið nógu mikið á dagskrá fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Batnandi mönnum er best að lifa.

[12:02]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka undir þakkir þingmanna til forseta um mildi hennar að taka tillit til óska okkar. Hins vegar vil ég minna frú forseta á það að hún er útvörður Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, það er hún sem stendur vörð um hagsmuni okkar, þingsins, gagnvart framkvæmdarvaldinu. Hér hafa gerst ótrúlegir atburðir, hv. 9. þm. Norðvest., Ásmundur Einar Daðason, lýsir því yfir að hann hafi orðið fyrir kúgun af hendi Samfylkingarinnar, samfylkingarráðherra sem hér sitja, að t.d. hæstv. samgönguráðherra hefði kúgað (Gripið fram í.) hv. þm. Ásmund Einar Daðason til þess að taka ekki þátt í umræðunni, til þess að standa ekki að breytingartillögu o.s.frv. Þetta voru hans orð hér og ég vil að hæstv. forseti taki afstöðu til þessa.

[12:04]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss um að ég geti tekið undir þakkir til hæstv. forseta þó að hún breyti sinni fáránlegu ákvörðun að lengja ekki ræðutímann. Það er fullkomlega eðlilegt að hafa hér tvöfaldan ræðutíma og ég held að við eigum ekki að fagna því neitt sérstaklega þegar menn feta eðlilega braut þegar þeir voru á rangri. En gott og vel.

Mig langar að beina þeirri spurningu til annarra þingmanna, hv. þingmanna Vinstri grænna: Hafa fleiri þingmenn verið kúgaðir til að taka afstöðu í þessu máli? Voru þingmenn kúgaðir til að taka málið út úr nefnd, leiða það fyrir aftökusveitina? Þetta verða aðrir þingmenn að upplýsa hér. (Forseti hringir.) Ég sé að þingmönnum Samfylkingarinnar er skemmt og það er sorglegt, þetta er sorgardagur á Alþingi.

[12:05]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill biðja þingmenn um að gæta orða sinna.

[12:05]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þakkir til frú forseta fyrir að hafa lengt ræðutímann. Ég velti því hins vegar mjög fyrir mér hver tilgangurinn er með því þegar hér kemur fram hjá hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni að hann hafi verið kúgaður, ég ætla ekki að hafa nein orð um það hver kúgaði hann, en hann lýsti því yfir að hann hefði verið kúgaður í þessu máli og gæti ekki rætt efnislega um málið og gekk á dyr og tekur ekki þátt í þingstörfum. Þetta er nýr þingmaður, frú forseti. Þetta er mjög dapurlegur dagur. Ég ætla að gera það sama, frú forseti, af mórölskum stuðningi við hann, ég mun labba hér úr salnum og ekki taka þátt í umræðunni.

[12:06]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég kem upp því að ég gat ekki orða bundist eftir ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals þar sem hann var að væna okkur ráðherra Samfylkingarinnar um að ganga hér um sali og kúga þingmenn. Þetta er bara ósatt hjá hv. þingmanni og það kom hvergi fram í máli þess hv. þingmanns sem hóf þessa umræðu, hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar, að ráðherrar Samfylkingarinnar stæðu að einhverju slíku.

Ég undra mig líka á því, virðulegi forseti, hvert þessi umræða er að fara vegna þess að ég hélt að umræða um fundarstjórn forseta ætti að snúast um fundarstjórn forseta. Ég vildi gjarnan geta hafið fundinn á því að kveðja mér hljóðs og lýsa skoðun minni í einstaka málum og sent hvatningu til þingheims um leið og ég segðist ekki ætla að taka þátt í umræðu þann daginn, sent hvatningu til þingheims um það hvernig ég telji að þeir eigi að greiða atkvæði. Ég hefði alveg viljað byrja daginn á því að standa hér og segja að ég telji tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, þá leið, vera lýðskrum vegna þess að þar fer fram óupplýst umræða. En ég geri það ekki vegna þess að ég hef litið svo á að umræða um fundarstjórn forseta væri ekki ætluð fyrir

yfirlýsingar einstakra þingmanna um skoðanir þeirra á ákveðnum (Forseti hringir.) málum heldur væri það, virðulegi forseti, umræða um fundarstjórn hæstv. forseta.

[12:07]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti tekur undir það og hvetur þingmenn til að ræða um fundarstjórn forseta undir þessum lið.

[12:07]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir það að virðulegur forseti hefur ákveðið að breyta ákvörðun sinni um lengd ræðutíma í dag. Ég held að það hafi verið afar skynsamleg ákvörðun enda hefði fordæmið sem gefið hefði verið í þessu máli verið afar slæmt með því að gera ekki meiri tilslakanir á ræðutímanum en upphaflega stóð til.

Í öðru lagi vil ég stíga hér upp til að segja að þegar samskiptum mínum við hv. þm. Ásmund Einar Daðason lauk í gær hugsaði ég með mér að það væri skiljanlegt að þingmaðurinn vildi ekki vera á þingmálinu, það væri skiljanlegt að ungur, nýr þingmaður hefði ekki kjark til að standa af sér þennan þrýsting. En þegar ég hlustaði á hann koma upp í ræðustól áðan rann auðvitað upp fyrir mér að hann er tíu sinnum kjarkmeiri en mig hefði nokkurn tíma grunað. Ég tek undir með hv. þingmanni um að það er í reynd meiri hluti fyrir því að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu (Forseti hringir.) um aðildarviðræðurnar. Þingið er skilið eftir eins og á jarðsprengjusvæði (Forseti hringir.) þar sem þingmenn, sérstaklega stjórnarliðarnir, vita ekki hvort þeir mega stíga eitt skref áfram eða til hliðar vegna þess að ríkisstjórnin (Forseti hringir.) getur sprungið ef þeir stíga feilspor.

[12:09]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti minnir þingmenn á að virða ræðutíma.

[12:09]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir það að hæstv. forseti tók þá skynsamlegu ákvörðun að hafa ræðutímann lengri. Í raun er það sjálfsagt mál og hefði aldrei átt að leggja upp með annað en að leyfa lengri gerð umræðna um þetta stóra mál.

Í öðru lagi hafa fallið hér stór orð um afstöðu manna og það er mikilvægt að árétta að þegar kemur að því að greiða hér atkvæði og taka efnislega afstöðu til mála er enginn þingmaður bundinn af neinu nema samvisku sinni. (Gripið fram í.) Slíkt þarf ekki að taka fram, sá réttur er stjórnarskrárvarinn. Enda kom það fram hjá hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni að hann mundi að sjálfsögðu greiða atkvæði hvort heldur um málið eða breytingartillögur samkvæmt sinni sannfæringu. Það hefur engin samviskukúgun átt sér stað af einu eða neinu tagi. Það er annað mál hvort menn taka þátt í pólitískum gerningum og aðgerðum af því tagi þar sem línur skerast milli stjórnar og stjórnarandstöðu um aðgerðir en ekki afstöðu til mála.

[12:10]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Frú forseti. Ég tala hér undir liðnum um fundarstjórn forseta enda er ég að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta. Hér koma fram mjög alvarlegar ásakanir á hendur ríkisstjórninni og frú forseti situr og lætur eins og þær hafi ekki fallið. Hér kemur upp nýkjörinn þingmaður og lýsir því yfir að hann hafi verið beittur þrýstingi af hæstv. ríkisstjórn. Hefði þetta verið með eðlilegum hætti hefði frú forseti átt að gera fundarhlé og fara yfir málið með hv. þingmanni áður en hann gekk á dyr. Þetta fellur undir fundarstjórn forseta.

Atburðarásin í morgun hefur svo sannarlega sýnt að hér starfar minnihlutastjórn, ríkisstjórnin kemur þessu máli ekki í gegnum þingið og beitir til þess öllum þeim kúgunum sem hún hefur. Hér er hvorki verið að tala um það að ríkisstjórnin falli né standi. (Forseti hringir.) Þetta er stórt mál, þetta snýst ekki um ríkisstjórnina frekar en Icesave-málið. (Forseti hringir.) Hér á hver og einn alþingismaður að fá að gera grein fyrir sínu atkvæði en alltaf skal það komið að ríkisstjórnin sé að falla og hverjum væri svo sem ekki sama?

[12:11]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill enn minna þingmenn á að virða ræðutíma.

Þó að forseti vilji stjórna öllu er erfitt að stjórna því sem þingmenn segja í ræðustóli eða skoðunum þeirra.

[12:12]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Hv. þm. Ásmundur Daðason sýndi hetjuskap fyrr í dag. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég verð vitni að svo miklum þrýstingi á þingmenn stjórnarflokkanna að það er bara til eitt orð um hann, kúgun. Ég vil sýna hv. þm. Ásmundi Daðasyni samstöðu og mun ekki taka þátt í umræðunni hér í dag.

[12:12]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Erindið er að spyrja forseta hvers vegna forseti gerði athugasemd við málflutning hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar. Hvað var það í orðum hv. þingmanns sem var óásættanlegt þegar forseti sá ástæðu til að biðja þingmanninn að gæta orða sinna? Þingmaðurinn hafði ekki gert annað en fara með gagnrýnum hætti yfir aðkomu Samfylkingarinnar að málum hér að undanförnu og ekki notað nein orð sem talist geta óviðeigandi en efnislega jú, verið gagnrýninn á Samfylkinguna. Er það svo, hæstv. forseti, að það sé orðið óásættanlegt í ræðustól að gagnrýna Samfylkinguna? Er það ekki bara innan ríkisstjórnarinnar sem mönnum eru lagðar línur með hvað þeir mega segja og hvað ekki? Er forseti farin að stýra því hvað þingmenn gagnrýna og hvað ekki?

[12:13]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að henni þótti ekki við hæfi að þingmaðurinn notaði þá samlíkingu að þingmenn væru

leiddir fyrir aftökusveit. Ég hvet þingmenn þess vegna til að vanda orðavalið í ræðustól Alþingis.

[12:14]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Það er með ólíkindum að horfa upp á þá kúgun sem hér á sér stað. Sagt er að við eigum að kjósa eftir samvisku okkar um ESB, allir, líka þeir sem eru í stjórn, líka VG. Ég styð Ásmund Einar Daðason 100% í því að koma fram og segja sannleikann því að við eigum að segja sannleikann hér inni.

[Fundarhlé. — 12:16]

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, síðari umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256.

og

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, síðari umr.

Þáltill. utanrrh. o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 250.

[12:48]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Með heimild í 2. mgr. 55. gr. þingskapa hefur forseti ákveðið að ræðutími talsmanna flokka í fyrstu ræðu verði tvöfaldur miðað við reglur þingskapa og ræðutími almennt tvöfaldur.

[12:49]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar um 38. mál á þskj. 249, tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Utanríkismálanefnd hefur undanfarnar sex vikur fjallað um málið sem lagt er fram af utanríkisráðherra. Í því er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.

Nefndin fjallaði samhliða um tillögu til þingsályktunar um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu sem lögð var fram af þingflokkum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Sú tillaga gengur út á að fela utanríkismálanefnd Alþingis að undirbúa mögulega umsókn um aðild að Evrópusambandinu með því að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við sambandið og vinna vegvísi að mögulegri aðildarumsókn sem taki til umfjöllunar öll álitamál varðandi upphaf aðildarviðræðna og hvernig að þeim skuli staðið, auk þess að fjalla um nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við staðfestingu mögulegs aðildarsamnings. Er í þeirri tillögu gert ráð fyrir að þessari vinnu verði hraðað eins og kostur er og lokið eigi síðar en 31. ágúst nk.

Það var alveg ljóst frá upphafi vegferðar nefndarinnar að skiptar skoðanir væru innan þeirra stjórnmálaflokka sem nú eiga sæti á Alþingi um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Nefndin ásetti sér engu að síður að fjalla sameiginlega um málin enda töldu nefndarmenn tillögu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks lúta að veigamiklum atriðum sem um margt væri eðlilegt að meta og horfa til við undirbúning hugsanlegrar aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Tillagan var því mikilvægt innlegg í vinnu nefndarinnar og vil ég nota þetta tækifæri og þakka það málefnalega framlag sem felst í tillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar er í samræmi við þetta vikið að atriðum sem fram koma í greinargerðum beggja tillagnanna en vinna nefndarinnar undanfarnar sex vikur miðaðist af fremsta megni við að sameina umfjöllun um þau sjónarmið sem uppi hafa verið og tryggja sem besta og ítarlegasta umfjöllun og málsmeðferð.

Því lítur meiri hlutinn svo á að með nefndaráliti hans sé í raun orðinn til sá vegvísir sem tillaga Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks gengur út á þótt við lokaafgreiðslu málsins hafi ekki tekist að ná þeirri samstöðu sem lagt var upp með. Engu að síður telur meiri hlutinn eðlilegt að við undirbúning og skipulag aðildarviðræðna við Evrópusambandið fylgi ríkisstjórnin þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem koma fram í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar og á sér einnig stoð í tillögunni í máli nr. 54 frá Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki og endurspeglast sömuleiðis í samþykktum einstakra stjórnmálaflokka og er e.t.v. sérstök ástæða til að nefna samþykkt flokksþings Framsóknarflokksins sem ályktaði ítarlega um málið.

Að mati meiri hlutans verður ekki vikið frá þeim hagsmunum sem nefndarálitið lýsir án undanfarandi umræðu á vettvangi Alþingis og leggur meiri hlutinn til að orðalagi þingsályktunartillögunnar verði breytt með hliðsjón af þessu.

Nefndin ræddi á fundum sínum nokkuð um upphaf og ferli hugsanlegra aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Því eru gerð ítarleg skil í nefndaráliti meiri hlutans og óþarft að endurtaka hér. Þó er rétt að halda því til haga að um það var rætt af hálfu ýmissa gesta nefndarinnar að skynsamlegt gæti verið að aðildarumsókn Íslands, ef samþykkt verður, bærist fyrir fund utanríkisráðherra Evrópusambandsins sem fer fram 27. júlí nk. þótt það sé að sjálfsögðu ekkert úrslitaatriði. Sá vettvangur er bær til að ræða slíka umsókn og senda áfram til framkvæmdastjórnarinnar til meðferðar. Til að skera úr um hvort ríki fullnægi aðildarskilyrðum lítur framkvæmdastjórnin fyrst og fremst til svokallaðra Kaupmannahafnarviðmiða sem gerð er grein fyrir í nefndaráliti meiri hlutans. Á endanum er það svo leiðtogaráð Evrópusambandsins sem tekur ákvörðun um hvort ráðist skuli í aðildarviðræður við umsóknarríki. Samþykki Alþingi þá þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar má gera ráð fyrir að leiðtogaráðsfundur Evrópusambandsins, sem haldinn verður í desember nk., taki málið til meðferðar og verði niðurstaða ráðsins jákvæð má ætla að viðræður

gætu hafist snemma næsta árs.

Við aðildarviðræður leggur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögur að samningsafstöðu í hverjum hinna 35 kafla löggjafar sambandsins. Einróma samþykki allra aðildarríkja þarf til að hefja og ljúka viðræðum um hvern og einn kafla og hið sama á að sjálfsögðu við um umsóknarríkið. Fyrir liggur að Ísland hefur nú þegar að mestu tekið upp löggjöf Evrópusambandsins á sviði 22 kafla af 35 í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ætla má að viðræður um þá kafla verði skýrar og tiltölulega einfaldar í sniðum, hins vegar mun greining á löggjöf og í kjölfarið öllu ítarlegri samningaviðræður þurfa að fara fram varðandi þá þætti sem ekki falla undir EES- og Schengensamningana, þ.e. um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, dóms- og innanríkismál, gjaldmiðilsmál, skattamál, byggðamál, tollamál, utanríkismál, öryggis- og varnarmál, fjárhagsmálefni, stofnanir og ýmis önnur atriði.

Nefndin ræddi sérstaklega á fundum sínum mikilvægi þess að allt samráð og upplýsingagjöf við Alþingi, hagsmunaaðila og almenning meðan á aðildarviðræðum við Evrópusambandið stæði yrði mikil og víðtæk. Meiri hlutinn leggur í áliti sínu þunga áherslu á að Alþingi geti í ferlinu öllu uppfyllt stjórnskipulegar skyldur sínar, axlað þá ábyrgð sem meðferð málsins krefst og haft virka aðkomu að og eftirlit með aðildarviðræðum á öllum stigum. Því verður ekki lögð á það nægjanleg áhersla við fulltrúa framkvæmdarvaldsins að víðtækt samráð verði haft við Alþingi á öllum stigum viðræðuferlisins til að þingið standi ekki frammi fyrir orðnum hlut heldur sé virkur þátttakandi og eftirlitsaðili frá upphafi og í ferlinu öllu. Í þessu felst, eins og fram kemur í áliti meiri hlutans, að ráðherrar og samningamenn komi reglulega á fund nefndarinnar meðan á viðræðum stendur, öll gögn sem lögð verða fram í viðræðunum komi jafnframt inn á borð nefndarinnar og að utanríkisráðherra geri Alþingi reglulega grein fyrir stöðu viðræðnanna með skýrslu. Þá gengur meiri hlutinn út frá því að samráðshópur sem skipaður verður fulltrúum allra stjórnmálaflokka á Alþingi, t.d. fulltrúum úr utanríkismálanefnd, auk breiðs hóps hagsmunaaðila, verði stjórnvöldum og samninganefnd til ráðgjafar í ferlinu auk þess sem meiri hlutinn telur eðlilegt að samsetning samningateyma í einstökum málaflokkum sé kynnt í utanríkismálanefnd áður en endanlega er í þau skipað.

Það er tillaga nefndarinnar að utanríkismálanefnd fari með Evrópumálin á vettvangi Alþingis hér eftir sem hingað til, þar með talið samskipti við stjórnvöld í öllu viðræðuferlinu samþykki Alþingi þá tillögu sem hér er rædd.

Mikilvægi þess að treysta hlutverk Alþingis við viðræðuferlið endurspeglast í breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar við tillögugreinina en hún lýtur að því, eins og ég hef áður getið, að við undirbúning og skipulag aðildarviðræðna við Evrópusambandið skuli ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem koma fram í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Í þessu sambandi vil ég einnig halda því til haga að stjórnvöld geta hvenær sem er dregið sig út úr aðildarviðræðum ef þeim þykir einsýnt að hagsmunum Íslands verði áfram betur borgið utan sambandsins eða fyrir liggi að ekki náist ásættanlegur aðildarsamningur. Þá gæti Alþingi jafnframt á hverju stigi málsins með sama hætti ályktað um að aðildarviðræðum skuli hætt.

Þá er ekki síður mikilvægt að það ferli sem sett verður upp í tengslum við aðildarviðræður verði eins gegnsætt og kostur er og að sem víðtækast samráð verði haft við hagsmunaaðila á breiðum grunni þannig að þeir eigi jafnvel beina aðkomu að samningahópum þegar rætt er um þá kafla löggjafar Evrópusambandsins sem mestu hagsmunir Íslands liggja í. Má í því sambandi nefna aðila eins og Samband íslenskra sveitarfélaga, Bændasamtök Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök atvinnulífsins og einstök aðildarfélög þess, launþegahreyfinguna, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði, háskólasamfélagið, óháð félagasamtök á ýmsum sviðum, svo sem eins og í umhverfis- og náttúruverndarmálum, og marga fleiri.

Þá ræddi nefndin sérstaklega alla upplýsingamiðlun til almennings en meiri hlutinn telur afar brýnt að mikil áhersla verði lögð á kynningarmál og almenningur verði upplýstur um möguleg áhrif aðildar að Evrópusambandinu og um gang aðildarviðræðna. Einungis með þessu móti er hægt að tryggja að sem flestir taki upplýsta ákvörðun við lokaskref ferlisins þegar hugsanlegur aðildarsamningur Íslands að sambandinu verður lagður í dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tryggja þarf að slík upplýsingamiðlun einkennist af hlutlægni og meiri hluti nefndarinnar bendir á það að nauðsynlegt sé að gera félagasamtökum sem málið varðar kleift að kynna málstað sinn fyrir þjóðinni. Í því sambandi verða stjórnvöld að tryggja fjármagn á jafnræðisgrundvelli til þeirra hreyfinga sem vilja berjast fyrir sínum málstað og koma opinberri upplýsingamiðlun fyrir hjá óháðum aðila. Um þetta er ítarlega fjallað í nefndaráliti og eru þar m.a. reifaðar tillögur Borgarahreyfingarinnar um Lýðræðisstofu.

Í raun má segja að strax í upphafi málsmeðferðar utanríkismálanefndar hafi sá tónn upplýsingagjafar og ákalls eftir virku samráði sem meiri hlutinn leggur áherslu á verið sleginn því nefndin tók þá ákvörðun að auk þess að senda málið til umsagnar með hefðbundnum hætti skyldi birt opinberlega sérstök auglýsing þar sem félögum, samtökum og einstaklingum var gefinn kostur á að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við nefndina. Þessi háttur gaf góða raun því þó nokkrar umsagnir bárust, aðallega frá einstaklingum sem óvíst er að hefðu borist ella.

Varðandi samningsmarkmið Íslands við aðildarviðræður að Evrópusambandinu vísa til ég til ítarlegrar umfjöllunar um meginhagsmuni þjóðarinnar í slíkum viðræðum. Í nefndaráliti meiri hlutans er skipulega farið í gegnum þá efnisflokka sem nánast óumdeilt er að skipti íslensku þjóðina höfuðmáli, komi til aðildar að sambandinu. Þar ber hæst sjávarútvegsmálin og málefni landbúnaðarins auk orku- og auðlindamála og gjaldmiðilsmála. Meiri hlutinn taldi afar mikilvægt að afmarka þessi atriði til að síðar í ferlinu væri hægt að byggja á þeim nánar skilgreindari samningsmarkmið. Að mati meiri hlutans var hins vegar ekki tímabært að fullvinna slík markmið á þessu stigi málsins meðan enn liggur ekki fyrir hvaða atriði það eru sem í raun og veru kalla á samningaviðræður. Þar kemur aftur að mikilvægi samráðsins sem ég gerði áðan að umtalsefni, samningamenn Íslands þurfa þegar þar að kemur að hafa skýra leið-

sögn frá Alþingi og hagsmunaaðilum um það hver samningsmarkmiðin eigi að vera og hvaða niðurstaða sé ásættanleg í hverjum efnisflokki fyrir sig.

Auðlinda- og orkumál hlutu ítarlega umræðu í nefndinni enda sérstaða Íslendinga í þessum málum mikil. Meiri hlutinn leggur áherslu á að náttúruvernd og sjálfbær nýting náttúruauðlinda verði áfram meðal grundvallarsjónarmiða Íslendinga. Samningsmarkmið um þetta atriði þurfa að vera skýr og segir í nefndaráliti meiri hlutans að áhersla sé lögð á að Ísland geri fyllilega skýrt við samningaviðræður að ekki komi til greina að sáttmálar Evrópusambandsins mæli fyrir um eignarhald á auðlindum Íslands eða nýtingu þeirra umfram það sem umhverfisreglur á hverjum tíma mæla fyrir um. Mikilvægt er að forræði þjóðarinnar yfir auðlindum sem eru í efnahagslögsögu landsins verði ávallt að fullu tryggt.

Víst má telja að hvað erfiðast geri orðið að sækja réttindi Íslendinga í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum í aðildarviðræðum við Evrópusambandið en þeir málaflokkar varða íslenskt efnahags- og atvinnulíf og byggðaþróun miklu. Meiri hlutinn er á einu máli um að meginmarkmið hvað sjávarútveginn snertir í slíkum viðræðum lúti að forræði yfir sjávarauðlindinni með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. Þannig verði Íslendingar að leggja áherslu á að halda forræði sínu í stjórn veiða og skiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu byggðri á sjálfbærri þróun, ráðgjöf sérfræðinga og veiðireynslu og enn fremur að leita eftir eins víðtæku forsvari fyrir íslensk málefni í hagsmunagæslu í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi og kostur er, m.a. að því er lýtur að stjórn veiða og deilistofna. Þá telur meiri hlutinn rétt að haldið verði í möguleika á því að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi og því að Íslendingar hafi til frambúðar skýra aðkomu að mótun sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Að mati meiri hlutans má t.d. ná þessu fram með því að skilgreina lögsöguna sem sérstakt íslenskt fiskveiðistjórnarsvæði.

Varðandi landbúnaðarmálin telur meiri hluti nefndarinnar mikilvægast að leggja áherslu á hin fjölþættu hagsmunamál sem tengjast íslenskum landbúnaði og stöðu hans til frambúðar fyrir íslenskt samfélag. Landbúnaður snýr að matvæla- og fæðuöryggi þjóðarinnar en einnig því að íslenskt samfélag verði sem sjálfbærast um matvæli þar sem það er hluti af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Meiri hlutinn telur líklegt að unnt verði að skilgreina allt landið sem svæði norðurslóðalandbúnaðar og harðbýlt svæði, sem gæti skapað grundvöll til að styrkja landbúnað hér á landi verulega, t.d. með framleiðslutengdum styrkjum frá Evrópusambandinu og/eða af hálfu íslenskra stjórnvalda. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að haldið verði fast við þá undanþágu sem nú hefur fengist samkvæmt EES-samningnum um viðskipti með lifandi dýr en hún er afar mikilvæg vegna landfræðilegrar einangrunar landsins og jafnframt þarf að tryggja íslenskum stjórnvöldum tæki til að þau geti gripið til nauðsynlegra ráðstafana til verndar íslenskum búfjárstofnum.

Byggðamál eru afar tengd landbúnaði innan Evrópusambandsins. Innan vébanda þess hefur verið dregið mjög úr beinum stuðningi í landbúnaði en stuðningur hefur þess í stað verið aukinn hvað varðar byggðaþróun, umhverfisverkefni og aðra nýsköpun í dreifbýli. Þessi stefnubreyting getur um margt fallið vel að frekari þróun íslenskrar byggðastefnu ef rétt er á spilum haldið. Meiri hlutinn leggur áherslu á að sveitarfélögin hafi ríka aðkomu að viðræðum um byggðamál enda verða hagsmunir sveitarfélaga og byggða ekki aðgreindir, eins og segir í nefndaráliti meiri hlutans.

Nefndin ræddi talsvert atriði sem lúta að almannaþjónustu enda telur meiri hlutinn það vera grundvallaratriði að Ísland haldi ákvörðunarvaldi sínu um skipulag og fjármagn almannaþjónustu. Sérstaka áherslu ber að leggja á félagslega velferð og réttindi launþega, almannaþjónustu og rétt stjórnvalda til að skipuleggja og veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Þá telur meiri hlutinn afar mikilvægt að áhersla verði lögð á það í hugsanlegum aðildarviðræðum að félagslegum sjónarmiðum verði gert hátt undir höfði og tryggt verði að samræming reglna Evrópusambandsins komi ekki í veg fyrir að hið norræna félagslega fyrirkomulag verði hér áfram við lýði.

Ekki verður hjá því komist að víkja að gjaldeyrismálum en þau eru umfjöllunarefni sem mjög hefur brunnið á þjóðinni í kjölfar bankahrunsins og veikrar stöðu krónunnar. Verði af aðild mun Íslandi nánast örugglega gert að taka upp evruna en til þess að svo megi verða þarf aðildarríki að eiga aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Að auki þarf aðildarríki sem tekur upp evruna að uppfylla svokölluð Maastricht-skilyrði sem fela það í sér að halli á ríkissjóði má ekki vera meiri en 3% af landsframleiðslu og heildarskuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en 60% af landsframleiðslu, verðbólga má ekki vera meiri en 1,5% hærri en meðaltal verðbólgu í þeim þremur löndum ESB þar sem hún er lægst og langtímavextir mega ekki vera meiri en 2% hærri en í þeim löndum ESB þar sem verðlag er stöðugast og viðkomandi ríki þarf að hafa verið í gengissamstarfi Evrópu, svokölluðu ERN2, í a.m.k. tvö ár án gengisfellingar og innan vikmarka sem nú eru 15%.

Hvað gjaldmiðilsmálin áhrærir er ljóst að þau skipta okkur verulegu máli við endurreisn íslensks efnahags- og atvinnulífs. Augljóst er að íslenska krónan verður okkar gjaldmiðill um næstu framtíð en margir telja brýnt að við skoðum alla möguleika sem kunna að bjóðast í því efni til lengri tíma litið. Það er álit meiri hlutans að komi til aðildarviðræðna við ESB beri að leggja kapp á að viðræður um gjaldmiðilsmál verði forgangsverkefni í viðræðuferlinu og í því eigi að leita eftir samkomulagi við sambandið og Evrópska seðlabankann um stuðning við krónuna en slíkur stuðningur gæti orðið mikilvægur liður í því að koma á stöðugleika í efnahagsmálum hér á landi.

Umræða um utanríkis- og öryggismál hefur farið vaxandi á vettvangi Evrópusambandsins og á það ekki síst við um hugmyndir um sameiginlegan her á vegum sambandsins. Um þetta atriði er fjallað allítarlega í nefndarálitinu og telur meiri hlutinn að draga megi þær ályktanir af þeim upplýsingum sem aflað var að samstarf ESB á sviði varnarmála sé enn nokkuð skammt á veg komið. Þá telur meiri hlutinn fátt benda til þess, miðað við afstöðu aðildarríkjanna, að það verði þróað í átt til þess sem t.d. er innan NATO. Meiri hlutinn ítrekar að hverju aðildarríki er í sjálfsvald sett innan síns ramma hvort og þá að hve miklu

leyti það kýs að taka þátt í samstarfi ESB á sviði utanríkis- og öryggismála. Út frá fyrirliggjandi upplýsingum og þeim skýringum sem fylgja Lissabon-sáttmálanum telur meiri hlutinn tryggt að Ísland haldi skilyrðislausu forræði sínu yfir öryggis- og varnarmálum og Ísland verði áfram herlaust land. Sérstaða Íslands sem herlausrar og vopnlausrar þjóðar er augljós. Ísland mun undir engum kringumstæðum koma á innlendum her eða taka þátt í samstarfi herja. Af þeim sökum er einnig eðlilegt að Ísland standi utan Evrópsku varnarmálastofnunarinnar líkt og Írar hafa kosið að gera enda er þátttaka í henni valkvæð.

Nefndin ræddi einnig um fjölmarga aðra efnisþætti, svo sem sveitarstjórnarmál, umhverfismál, atvinnu- og iðnaðarmál, skatta- og tollamál svo og ýmis mál sem tengd eru EES-samningnum og þær undanþágur, aðlaganir og sérlausnir sem Ísland hefur náð fram í tengslum við hann. Of langt mál er að gera grein fyrir þeim atriðum hér þrátt fyrir að virðulegur forseti hafi nú tvöfaldað ræðutímann og vísast því til umfjöllunar í nefndarálit meiri hlutans um þau atriði.

Frú forseti. Ljóst er að við hugsanlega aðild að Evrópusambandinu framselur þjóðin hluta af fullveldi sínu til sambandsins. Þetta felur í sér að gera þarf breytingar á 21. gr. stjórnarskrárinnar. Í áliti meiri hlutans kemur fram að öll aðildarríki ESB njóta almennrar viðurkenningar sem sjálfstæð og fullvalda ríki á alþjóðavettvangi. Því er ekki um það að ræða að möguleg aðild Íslands að ESB feli í sér að landið hafi glatað stöðu sinni sem sjálfstætt og fullvalda ríki. Við nauðsynlegar stjórnarskrárbreytingar, komi til aðildar Íslands að Evrópusambandinu, telur meiri hlutinn rétt að leitað verði liðsinnis færustu sérfræðinga á sviði stjórnskipunarréttar við gerð ákvæðis um framsal valdheimilda. Að sama skapi telur meiri hlutinn nauðsynlegt að líta til þeirra fordæma sem finna má hjá nágrannaríkjum okkar og miða við þau grundvallarskilyrði að valdframsalið sé með þeim hætti að það sé takmarkað og afmarkað, eigi sér ávallt stoð í lögum og sé að auki alltaf afturkræft. Þá telur meiri hlutinn rétt að kveða á um að framsalið sé einungis leyfilegt í ákveðnum tilgangi og að því skilyrði uppfylltu að önnur ríki framselji vald sitt á sama hátt. Jafnframt telur meiri hlutinn nauðsynlegt að ríkið eigi sjálft aðild að þeirri stofnun sem vald er framselt til, stofnanir séu lýðræðislegar og byggist á grunnstoðum réttarríkisins. Síðast en ekki síst áréttar meiri hlutinn að tryggt verði að valdframsal verði einungis heimilt leiði það ekki til lakari réttarstöðu þegnanna en leiðir af stjórnarskrárbundnum réttindum þeirra.

Í störfum nefndarinnar kom töluvert til umræðu hvort halda skyldi tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, þá fyrri um hvort farið skyldi í aðildarviðræður við Evrópusambandið og þá síðari um hvort samþykkja skyldi hugsanlegan aðildarsamning. Það er niðurstaða meiri hlutans að ekki skuli ráðast í slíka tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Í því sambandi bendir meiri hlutinn á að mikilvægt er að leiða til lykta þá umræðu sem farið hefur hátt í þjóðfélaginu undanfarin ár um hvort hagsmunum Íslands sé betur borgið innan eða utan vébanda Evrópusambandsins og hvað hugsanlegur aðildarsamningur fæli í sér.

Þar sem aðildarsamningur verður að lokum ávallt borinn undir þjóðina til samþykktar eða synjunar í þjóðaratkvæðagreiðslu telur meiri hlutinn ekki nauðsynlegt að efna fyrir fram til sérstakrar kosningar um afstöðu þjóðarinnar til aðildarviðræðna enda liggja fyrir skýrar vísbendingar um að meiri hluti þjóðarinnar sé þess sinnis að ráðast eigi í aðildarviðræður á þessu stigi burt séð frá afstöðunni til sjálfrar aðildarinnar.

Nefndin ræddi ítarlega þær leiðir sem koma til greina varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu um hugsanlegan aðildarsamning að Evrópusambandinu. Um þær vísast til álits meiri hluta nefndarinnar sem og minnisblaðs Bjargar Thorarensen lagaprófessors og Davíðs Þórs Björgvinssonar, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, sem birt er sem fylgiskjal með álitinu. Hins vegar vil ég í þessu sambandi árétta að ef þjóðaratkvæðagreiðsla á að vera bindandi að lögum þarf að breyta stjórnarskrá lýðveldisins áður en slík atkvæðagreiðsla getur farið fram. Þann hátt sem hafa þarf á við slíkt þekkir þingheimur, rjúfa þarf þing eftir að stjórnarskrárbreytingar eru samþykktar og boða til kosninga þannig að nýtt Alþingi geti tekið afstöðu til breytinganna. Fyrr öðlast þær ekki gildi. Með því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu leiðbeinandi eða ráðgefandi lítur meiri hlutinn engu að síður svo á að um pólitískt bindandi kosningu væri að ræða. Nær óhugsandi er að ætla að lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar mundu fara á svig við vilja hennar í svo veigamiklu máli sem hér um ræðir.

Flestar stjórnmálahreyfingar hafa ályktað um mikilvægi þess að niðurstöður úr hugsanlegum aðildarviðræðum við ESB yrðu bornar undir þjóðina í atkvæðagreiðslu að lokinni kynningu og umræðu. Má t.d. hafa til hliðsjónar fyrirkomulagið í Noregi en þar var aðildarsamningur lagður fyrir norska Stórþingið sem ræddi hann og ákvað síðan að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um sjö mánuðum síðar til að gefa hagsmunasamtökum góðan tíma til að kynna sjónarmið sín og almenningi kost á að kynna sér efni samningsins og móta sér afstöðu. Nefndin er sammála um að það sé mikilvægt og lýðræðislegt að niðurstaða sjálfra aðildarviðræðnanna verði borin undir þjóðina. Meiri hluti nefndarinnar álítur að niðurstaða þeirrar atkvæðagreiðslu ráði því hvort ráðist verður í þær breytingar á stjórnarskrá sem aðild að ESB mundi hafa í för með sér.

Í nefndaráliti fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er á hinn bóginn lagt til að þjóðaratkvæðagreiðslan eigi þá fyrst að fara fram þegar Alþingi hefur samþykkt breytingar á stjórnarskrá, nýtt þing staðfest þær og hið nýja þing jafnframt staðfest aðildarsamning við ESB með lögum. Meiri hlutinn telur óviðunandi að þjóðin fái ekki tækifæri til að greiða atkvæði um hugsanlegan aðildarsamning í kjölfar þess að hann liggur fyrir. Með því að hefja þegar næstu skref í átt að aðild að ESB með stjórnarskrárbreytingum án þess að þjóðin hafi kosið um aðildarsamning væri vilji hennar virtur að vettugi.

Meiri hlutinn telur ekki skipta meginmáli í þessu sambandi hvort niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild sé lagalega bindandi eða leiðbeinandi enda hlýtur afstaða stjórnmálaflokkanna að vera skýr um að þeir bindi sig pólitískt til að hlíta vilja þjóðarinnar í þessum efnum. Það er skoðun meiri hlutans að þjóðin eigi að veita Alþingi leiðsögn á grundvelli efnisatriða aðildarsamnings í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu. Synji þjóðin aðildarsamningi muni

Alþingi ekki aðhafast frekar í málinu. Samþykki þjóðin aðildarsamning mun Alþingi ráðast í nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni og undirbúa þær með þingrofi og kosningum í samræmi við ákvæði stjórnarskrár.

Vitaskuld er ekkert því til fyrirstöðu, sé til þess meirihlutavilji á Alþingi, að í þeim breytingartillögum felist ákvæði um aukinn meiri hluta á Alþingi og/eða endanlegt samþykki þjóðarinnar á lögum sem fela í sér framsal ríkisvalds. Má í því efni benda á ákvæði í stjórnarskrám ýmissa ríkja sem kveða á um slíkt. Með þeim hætti væri komið til móts við sjónarmið þeirra sem telja mikilvægt að þjóðin staðfesti lög um aðild Íslands að ESB. Það er hins vegar sjálfstætt úrlausnarefni við þær stjórnarskrárbreytingar sem ráðist yrði í, samþykki þjóðin niðurstöður aðildarviðræðna.

Ég get sagt það við þessa umræðu eins og ég lét ítrekað koma fram á fundum utanríkismálanefndar að sjálfur er ég hlynntur því að stjórnarskráin hafi að geyma ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu til staðfestingar á lögum um framsal ríkisvalds.

Nefndin ræddi nokkuð um þjóðhagsleg áhrif hugsanlegrar aðildar að Evrópusambandinu, eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans, og óskaði sérstaklega eftir því við meðferð málsins að reynt yrði að leggja mat á þann kostnað sem hlytist af aðildarumsókn og eftirfarandi viðræðum við Evrópusambandið. Ljóst er að verulegur kostnaður verður því samfara enda kemur fram í minnisblaði utanríkisráðuneytisins til nefndarinnar að gera þurfi ráð fyrir að allt regluverk Evrópusambandsins verði þýtt á íslensku en við aðild yrði hún eitt af opinberum tungumálum þess. Þetta væri augljóslega mjög umfangsmikið verkefni og utanríkisráðuneytið gerir ráð fyrir að tæpar 600 millj. kr. þurfi til þess út árið 2012 og eru þýðingar raunar langþyngsti kostnaðarliðurinn. Brýnt er að leitað verði eftir því við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að þýðingarvinnan verði styrkt fjárhagslega úr sjóðum Evrópusambandsins vegna smæðar íslenska málsvæðisins.

Einnig mun þurfa töluverðan mannafla til að sinna verkefnum vegna aðildarviðræðnanna. Utanríkisráðuneytið áformar að færa fólk til í starfi meðan á því verkefni stendur og mæta þeim þætti að mestu með hagræðingu en eftir mun standa töluverður ferðakostnaður og ráðgjafarþjónusta. Reikna megi með u.þ.b. 300 millj. kr. í aukinn beinan kostnað. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður annarra ráðuneyta verði árin 2010 og 2011 samtals í kringum 100 millj. kr.

Eins og fjármálaráðuneytið bendir á í minnisblaði sínu til nefndarinnar má búast við að kostnaður verði þeim mun meiri eftir því sem meiri þungi er lagður í viðræðurnar og því þurfi að afmarka betur umfang aðildarviðræðna og greina niður í áfanga og verkefni ef leggja ætti nákvæmara mat á kostnaðinn sem af þeim gætu leitt.

Meiri hluti utanríkismálanefndar áréttar að í ljósi efnahagsaðstæðna er mjög þýðingarmikið að halda þétt utan um allar áætlanir sem gerðar verða í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Jafnframt verður að gera ríka kröfu til stjórnvalda um að ráðist verði í alla þá hagræðingu og tilfærslu á mannafla sem mögulegt er auk þess sem verkefni sem með nokkru móti er unnt að slá á frest verði látin bíða um sinn og þeim fjármunum sem sparast þá frekar veitt í farveg aðildarviðræðnanna með það að markmiði að leita sem farsælastra lausna fyrir Ísland til frambúðar.

Þegar ferli viðræðnanna liggur fyrir er þýðingarmikið að öll ráðuneyti geri Alþingi grein fyrir áætluðum kostnaðarauka sínum enda mun hann koma til þinglegrar meðferðar í fjárlagafrumvarpi.

Frú forseti. Innan flestra stjórnmálasamtaka eru, líkt og í samfélaginu öllu, skiptar skoðanir um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ráða þarf bæði efnisleg og tilfinningaleg rök sem rista djúpt. Okkur ber öllum að bera virðingu fyrir skoðunum hvers annars og leitast við að halda umræðunni um þetta mjög svo umdeilda mál yfirvegaðri og málefnalegri. Við þurfum að finna því lýðræðislegan farveg þannig að það verði til lykta leitt af þjóðinni sjálfri því aðeins þannig getur þjóðin orðið sátt við hlutskipti sitt að því er varðar tengslin við Evrópusambandið.

Í gegnum söguna hafa ríkisstjórnir og Alþingi tekið afdrifaríkar ákvarðanir um þátttöku Íslands í fjölþjóðlegum samtökum eða um aðrar skuldbindingar á sviði utanríkismála sem klofið hafa þjóðina í fylkingar, ekki síst vegna þess að hún var ekki spurð. Sem betur fer er það nú almenn skoðun að aðild Íslands að ESB verði aldrei leidd til lykta nema í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvenær slík atkvæðagreiðsla getur farið fram og á hvaða stigi er hins vegar umdeilt eins og ég hef þegar rakið. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er kveðið á um að lögð skuli fram tillaga til þingsályktunar um aðildarviðræður við ESB en að niðurstöður þeirra skuli lagðar fyrir þjóðina. Jafnframt kemur þar fram að stjórnarflokkarnir virði ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að ESB og rétt þeirra til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu í samræmi við afstöðu sína og fyrirvara um samningsniðurstöðuna.

Það á einnig við um þá sem standa að áliti meiri hluta utanríkismálanefndar, fulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Borgarahreyfingarinnar. Afstaða þeirra til aðildar Íslands að Evrópusambandinu er ólík en þeir eru sammála um að ákvörðun um aðild Íslands að sambandinu verði í höndum íslensku þjóðarinnar sem muni greiða atkvæði um samning í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum aðildarviðræðum. Minn flokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hefur mótað þá stefnu að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins. Jafnframt hefur flokkurinn ályktað um mikilvægi þess að fram fari opin og lýðræðisleg umræða um kosti og galla Evrópusambandsaðildar og að aðild Íslands að ESB eigi að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er ekkert launungarmál að innan raða Vinstri grænna eru skiptar skoðanir um málsmeðferð í þessu máli enda þótt breið samstaða sé um sjálfa afstöðuna til Evrópusambandsaðildar. Aðrir þingmenn flokksins munu gera grein fyrir afstöðu sinni síðar í þessum umræðum. Ljóst er að þeir sem telja að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan ESB en vilja jafnframt ljá tillögu um að ganga til aðildarviðræðna stuðning sinn gera það til að hægt sé að kalla fram lýðræðislega og upplýsta afstöðu þjóðarinnar til hugsanlegrar aðildar og þeirra skilmála sem aðild Íslands yrði háð. Með aðildarviðræðum skýrist á ítarlegan hátt hvaða samningsgrundvelli Ísland getur náð svo að þjóðin geti tekið ákvörðun um þetta stóra álitamál samtímans með allar

forsendur þess ljósar.

Samhliða umræðum um niðurstöður aðildarviðræðna, verði í þær farið, þarf þjóðin að ræða mikilvæg grundvallaratriði að því er Evrópusambandið varðar. Þar takast ekki síst á grundvallarspurningar um eðli sambandsins, um þá hugsjón sem margir eiga sér um að Ísland sem Evrópuþjóð eigi að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu lýðræðislegrar Evrópu með hugsjónina um félagslegt réttlæti, jafnrétti og virðingu fyrir manngildi og umhverfi að leiðarljósi. Á hinn vænginn með hugsjónina um ævarandi og óskert fullveldi Íslands sem við Íslendingar börðumst svo lengi fyrir og andstaðan við að til verði eitt stórríki, sambandsríki Evrópu, sem þjóni innri hagsmunum og viðmiðum sem þar eru ríkjandi og byggja á mikilli miðstýringu og litlu þátttökulýðræði. Þessa grundvallarþætti þarf þjóðin líka að meta og takast á um ekkert síður en afmörkuð atriði í einstökum málaflokkum aðildarsamnings.

Vinnan í utanríkismálanefnd í þessu afdrifaríka máli hefur verið afar umfangsmikil og upplýsandi. Allir nefndarmenn hafa lagt mikið af mörkum og eiga hlutdeild í þeim afrakstri sem felst í nefndaráliti meiri hlutans og á það jafnt við um þá sem undir álitið skrifa og hina sem skila sérstöku áliti. Má með sanni segja að sú nýja utanríkismálanefnd sem tók til starfa í kjölfar alþingiskosninganna í apríl sl. hafi ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur í fyrstu verkefnum sínum á þessu kjörtímabili. Ég þakka samnefndarmönnum mínum í utanríkismálanefnd, hv. þm. Valgerði Bjarnadóttur, varaformanni nefndarinnar, Birgittu Jónsdóttur, Bjarna Benediktssyni, Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, Helga Hjörvar, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir afar gott samstarf í þessu stóra og veigamikla máli og liðsinni við mig sem formann.

Nefndin hélt 19 fundi á sex vikum og tók á móti hátt í 80 gestum auk þess sem nefndarmenn kynntu sér 57 umsagnir og athugasemdir um málið. Þótt hart hafi verið tekist á á stundum fór vinnan farsællega fram og er nú komin á leiðarenda í þessum áfanga þótt vissulega sé nóg eftir enn, nái tillagan fram að ganga hér á Alþingi. Umræður í nefndinni voru málefnalegar, hreinskiptnar og uppörvandi og þrátt fyrir að ekki hafi náðst einhugur að lokum um eitt nefndarálit bar engan skugga á samstarf og skoðanaskipti nefndarmanna.

Ég vil jafnframt þakka starfsmönnum utanríkisráðuneytis og annarra ráðuneyta fyrir góða samvinnu og aðstoð við vinnslu málsins. Það er á engan hallað þótt hér sé sérstaklega nefndur Högni S. Kristjánsson, skrifstofustjóri á skrifstofu Evrópumála í utanríkisráðuneytinu, en hann sat drjúgan hluta funda nefndarinnar og var óþreytandi við að afla nefndarmönnum upplýsinga og gagna og kom með fjölmargar gagnlegar ábendingar. Þá þakka ég jafnframt nefndarriturunum Sigrúnu Brynju Einarsdóttur, Þresti Frey Gylfasyni og Hildi Evu Sigurðardóttur ásamt öðru starfsliði nefndasviðs Alþingis sem unnið hefur að málinu með nefndinni. Án ómetanlegs framlags allra þessara værum við ekki með í höndunum þann afrakstur sem nefndarálitið ber með sér.

Í ljósi alls þess sem ég hef nú rakið í ræðu minni er það niðurstaða meiri hluta utanríkismálanefndar að leggja til að tillaga utanríkisráðherra verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef áður gert grein fyrir, að við undirbúning og skipulag aðildarviðræðna við Evrópusambandið skuli ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem koma fram í nefndaráliti meiri hlutans.

Undir nefndarálit meiri hlutans rita, auk þess sem hér stendur, Valgerður Bjarnadóttir, Helgi Hjörvar, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, með fyrirvara, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Birgitta Jónsdóttir, með fyrirvara.

Frú forseti. Eins og fram kom við upphaf umræðunnar eru hér rædd sameiginlega tvö mál, þingsályktunartillaga utanríkisráðherra, mál nr. 38, og þingsályktunartillaga þingmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, mál nr. 54. Við afgreiðslu málsins úr nefndinni varð að samkomulagi að bæði málin yrðu tekin út og rædd sameiginlega. Nefndarálit meiri hlutans á þskj. 249 fjallar um mál 38 en eins og skýrt kemur fram í álitinu á það í raun einnig við um mál 54 en þar eð tillagan í því máli kemur til sjálfstæðrar afgreiðslu leggur meiri hluti utanríkismálanefndar fram tillögu um afgreiðslu þess máls á sérstöku nefndaráliti á þskj. 250.

Meiri hlutinn lítur svo á að við umræður og meðferð nefndarinnar á 38. og 54. máli hafi verið fylgt þeirri leiðsögn sem gert er ráð fyrir í tillögu þingflokka Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í 54. máli og vísað í því efni til nefndarálitsins á þskj. 249. Meiri hlutinn telur að það álit sé í raun orðið að þeim vegvísi sem tillaga þingflokka Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks gengur út frá að búin verði til fyrir aðildarviðræður. Auk þess er í breytingartillögum meiri hlutans við 38. mál hnykkt á því að við viðræður skuli fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í nefndaráliti meiri hlutans.

Því telur meiri hlutinn ekki tilefni til að álykta um tillöguna í 54. máli og leggur til að það verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá, með leyfi forseta:

„Þar sem færð hafa verið fyrir því gild rök að umfjöllun um málið hafi farið fram samhliða umfjöllun um 38. mál, sbr. þingskjal 249, og komið til móts við þau sjónarmið sem þar koma fram samþykkir Alþingi að tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.“

Undir þetta nefndarálit rita, auk þess sem hér stendur, hv. þingmenn Valgerður Bjarnadóttir, Álfheiður Ingadóttir, Helgi Hjörvar, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Birgitta Jónsdóttir, með fyrirvara.

Frú forseti. Ég hef nú lokið að gera grein fyrir nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar, vinnunni í nefndinni, þeim meginsjónarmiðum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að hafðir verði að leiðarljósi samþykki Alþingi að ráðast í viðræður við Evrópusambandið og um málsmeðferð alla. Ég ítreka þakkir mínar til allra sem lagt hafa hönd á plóg við þetta mikilvæga mál. Ég vonast til þess að umræður um það á Alþingi verði málefnalegar og yfirvegaðar og að okkur takist að skiptast á skoðunum um bæði málin sem hér eru til umfjöllunar og þau verði síðan leidd farsællega til lykta í atkvæðagreiðslu.

[13:30]

Guðmundur Steingrímsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég styð þá þingsályktunartillögu sem hér er

til umfjöllunar á Alþingi um að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu og ég styð breytingartillögu meiri hluta utanríkismálanefndar í þeim efnum. Ég tel löngu tímabært að íslenska þjóðin fái að gera upp við sig á grunni aðildarsamnings og eftir aðildarviðræður hvort hún eigi heima í Evrópusambandinu eða ekki. Þetta er auðvitað byrjunin á því ferli að við sækjum um.

Ég er ákaflega sáttur við álit meiri hluta utanríkismálanefndar og tel að formaður hennar eigi hrós skilið fyrir góða vinnu og öll nefndin. Þetta er mjög ítarlegt álit. Hér er mjög skýrt kveðið á um þá meginhagsmuni sem Íslendingar eiga að hafa að leiðarljósi í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Hér er skýrt kveðið á um það hvernig eigi að haga aðildarviðræðunum og ferli málsins og ég er mjög sáttur við það upplegg allt saman. En mig langar til að spyrja hv. formann utanríkismálanefndar (Forseti hringir.) út frá breytingartillögunni, hvort það sé þá ekki rétt skilið hjá mér að það verði þá á grunni þessa plaggs, meirihlutaálitsins, (Forseti hringir.) sem farið verði í aðildarviðræðurnar og samninganefndinni og framkvæmdarvaldinu séu þar með bundnar hendur samkvæmt því.

[13:31]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel að það hafi komið skýrt fram í mínu máli að það er nákvæmlega þannig sem málið er hugsað af hálfu meiri hluta nefndarinnar og vísa ég sérstaklega til blaðsíðu 14 í nefndaráliti meiri hlutans. Þar segir, rétt fyrir ofan miðja síðu, með leyfi forseta:

„Að mati meiri hlutans verður ekki vikið frá þeim hagsmunum án undanfarandi umræðu á vettvangi Alþingis og leggur meiri hlutinn til að orðalagi þingsályktunartillögunnar verði breytt með hliðsjón af þessu.“

Þetta tel ég vera afdráttarlaust orðalag sem framkvæmdarvaldið hlýtur að taka mið af.

[13:32]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni að ég mun líka styðja þessa tillögugrein eins og búið er að breyta henni. Ég tel að samningsumboðið sem meiri hlutinn gerir ráð fyrir sé skýrt. Það er eðlilegt og það fullnægir mjög vel þeim meginhagsmunum og sjónarmiðum sem Íslendingar þurfa að leggja áherslu á í aðildarviðræðunum.

Ég tel líka að eins og málið er núna orðið þá fullnægi það þeim óskum sem framsóknarmenn settu fram með tillögugerð á fyrri stigum og líka ályktun flokksþings okkar. Ég er því mjög sátt við þá stefnu sem þetta mál er að taka. En ég vil spyrja hv. þingmann hvernig hann sjái fyrir sér ferlið í þinginu ef þannig vildi til að ríkisstjórnin ætlaði sér eða samninganefndin að fara eitthvað út af sporinu. Hvernig yrði það ferli hér innan dyra? Maður á kannski ekki von á að það verði (Forseti hringir.) af því að það er búið að koma til móts við svo mörg af þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið til umræðu. En hvernig yrði það ferli?

[13:33]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sé fyrir mér að ferlið verði nákvæmlega eins og því er lýst í nefndaráliti meiri hlutans, að hér verði haft samráð við utanríkismálanefnd Alþingis á öllum stigum málsins. Þar er jafnframt lagt til að hugsanlega verði settur á laggirnar starfshópur á vegum utanríkismálanefndar skipuðum einum fulltrúa frá hverjum stjórnmálaflokki sem hafi reglulegt samráð við utanríkisráðherra. Að sjálfsögðu ætlumst við til þess að þessu ferli verði fylgt. Ef fulltrúi og handhafi framkvæmdarvaldsins, utanríkisráðherra, hver sem hann er nú á hverjum tíma, fer ekki eftir þeim fyrirmælum sem Alþingi setur þá hefur Alþingi bara eitt úrræði og þingmenn vita hvað það er.

[13:34]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þetta mjög svo skýra svar. Það er alveg ljóst að samningsumboðið er mjög skilyrt fyrir þá nefnd sem mun semja fyrir okkar hönd. Þegar samningur er kominn kemur stóra stundin. Þá þarf þjóðin að taka afstöðu. Ég er sammála því sem kom fram í máli hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, röksemdafærslu hans gegn tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er sammála þeirri röksemdafærslu. Að vísu vildi Framsóknarflokkurinn á sínum tíma fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Það var í maí 2008. Síðan féllum við frá því og það er ekki stefna flokksins í dag. Ég er sammála því að það þarf ekki að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Sú stefna var uppi hjá okkur en er ekki sú stefna sem við fylgjum í dag miðað við flokksþingssamþykktir. Ég veit hins vegar að það eru önnur sjónarmið í mínum flokki og ég virði þau. En ég er sammála því að það er óþarfi að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu (Forseti hringir.) þannig að ég mun ekki samþykkja slíka tillögu komi hún hér fram.

[13:35]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu þar sem hann fór í gegnum hvernig hann hefði miðlað málum milli gagnsærra og gagnstæðra sjónarmiða. En mig langar að spyrja hv. þingmann hvað hann meinar sjálfur. Vill hv. þm. Árni Þór Sigurðsson ganga í Evrópusambandið og afsala sér hluta af fullveldi og sjálfstæði Íslands?

[13:36]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Afstaða mín til þessa máls kom fram í framsöguræðu minni. Ég gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum sem hafa verið ráðandi innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (Gripið fram í.) og samþykkt landsfundarins sem ég styð að sjálfsögðu. Ég átti þátt í að stýra þeirri vinnu sem fram fór á síðasta landsfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, leiddi þann hóp sem fjallaði um utanríkismál og gerði tillögu að samþykkt hans í utanríkismálum meðal annars að því er varðar aðild að Evrópusambandinu þannig að ég stend að sjálfsögðu á bak við hana.

[13:36]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var einföld spurning en loðið svar. Ég spyr enn: Vill hv. þm. Árni Þór Sigurðsson ganga í Evrópusambandið og vera svo árið 2020 hluti af risastóru ríki? Vill hann það sjálfur? Ég var ekki að spyrja um hvað Vinstri grænir vilja. Ég var heldur ekki að spyrja um hvað utanríkismálanefnd vill svona að meðaltali. Ég var að spyrja um hvað hann vill sjálfur nákvæmlega. Vill hann núna, þegar Íslendingar liggja á hnjánum út af Icesave þar sem Evrópusambandið kúgaði okkur til að taka yfir ákveðna lausn, vill hann í þeirri stöðu ganga inn í þennan klúbb sem lemur okkur?

Svo spyr ég líka: Hvernig sér hv. þingmaður fyrir sér framtíðina? Evrópusambandið hefur þróast mjög hratt á síðustu 60 árum og það hættir ekkert að þróast þó Íslendingar gangi inn. Þetta verða Bandaríki Evrópu eftir 60 ár eða að það verður ekki lengur til og hvort tveggja er mjög slæmt fyrir Ísland ef við erum inni í því.

[13:37]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Heimurinn hættir ekki að þróast burt séð frá því hvort við erum að tala um Evrópusambandið eða ekki. Ísland hættir ekki að þróast hvort sem það fer inn í Evrópusambandið eða stendur utan þess. Það er allt breytingum undirorpið í þessu efni. Við getum ekki séð framtíðina alla fyrir. Það er oft sagt að það sé erfitt að spá um hana þannig að við getum ekki séð það nákvæmlega fyrir. Þær ákvarðanir sem við tökum í dag tökum við að sjálfsögðu út frá þeirri stöðu sem við erum í og þeirri þekkingu sem við höfum um okkar nánustu framtíð. En við getum ekki séð fyrir alla hluti til langrar framtíðar.

Hv. þingmaður sagði að spurningin hefði verið einföld. Það er oft þannig að við einföldum spurningum eru bara til flókin svör. Ég vísaði hér til samþykkta landsfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og ég gat um það í minni framsöguræðu hvað segði þar, að það væri stefna flokksins að hagsmunum Íslands væri best borgið utan Evrópusambandsins en að við vildum að um þetta mál færi fram lýðræðisleg opin umræða og að við vildum að málið yrði leitt til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu (Forseti hringir.) og við teljum (Gripið fram í.) að með þessari málsmeðferð sé verið að koma til móts (Forseti hringir.) við þessi viðhorf.

[13:39]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég stíg hér upp fyrst og fremst til að þakka hv. þingmanni fyrir góða stjórn á störfum utanríkismálanefndar vegna þessa stóra máls. Ég tel reyndar að málið hafi verið unnið í allt of mikilli tímaþröng og undir of miklum þrýstingi. Auðveldast er að benda á að við skulum vera hér í miðjum júlímánuði að taka það til umfjöllunar. Það hefur líka gefist allt of lítill tími til að fara ofan í hagsmunamatið sem fylgir nefndarálitinu frá meiri hlutanum.

Mig langar aðeins að gera að umtalsefni örstutt þetta með skilyrta umboðið. Í reynd skil ég álit meiri hlutans þannig að það sé engin ástæða og ekki rétt að setja samninganefndinni neitt umboð en síðan er engu að síður sett mjög strangt skilyrði, þ.e. allir þeir hagsmunir sem ræddir eru í nefndarálitinu séu þess eðlis að frá þeim megi ekki víkja (Forseti hringir.) án þess að fyrst hafi farið fram umræða hér á þinginu. Er það sem sagt ætlunin að viðræðurnar við Evrópusambandið verði (Forseti hringir.) meira eða minna hér í þingsal?

[13:40]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hans orð um vinnuna á vettvangi nefndarinnar og ítreka þakkir mínar til hans og annarra þingmanna í hv. utanríkismálanefnd fyrir samstarfið. Það var talsvert rætt um þetta með hugsanlega skilmála eða skilyrði, fyrirframskilyrði og á fundum nefndarinnar var því nákvæmlega lýst með hvaða hætti viðræður við Evrópusambandið ganga fyrir sig. Það er sest að samningaborði og farið rækilega yfir löggjöf í hverjum einasta kafla fyrir sig og hún er borin saman og það er fyrst þegar sú vinna liggur fyrir og hefur farið fram sem unnt er að taka afstöðu til þess hver samningsafstaðan eða meginhagsmunirnir eru í viðkomandi málaflokki. Þess vegna er svo mikilvægt að tryggja samstarf á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins í öllu ferlinu og því erum við að reyna að lýsa í nefndaráliti meiri hlutans og ég vona að það hafi komist skýrt til skila.

[13:41]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að við höfum tekið góða og gagnlega umræðu um þetta í nefndinni og þessu er ágætlega lýst í nefndarálitinu sjálfu. Það sem eftir situr er hins vegar þetta: Þegar umboðið hefur verið veitt og viðræðunefndin sett af stað þá er það hún sem fer með valdið. Þingið mun ekki geta stöðvað það ferli með neinum hætti hér, með umræðu í þingsal eða einhverjum ályktunum hér. Við munum hins vegar sem þingmenn og í utanríkismálanefnd geta fylgst með ferlinu, lýst skoðunum við nefndina á því hvort hún sé á réttri leið eða ekki. En þingið mun ekki, eftir að lagt hefur verið af stað, geta sett nein skilyrði fyrir því að viðræðunum verði haldið áfram. Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á þessu.

Það sem síðan skortir algerlega í málið í heild sinni eins og lagt er af stað með það er að þeir sem standa að nefndarálitinu lýsi því fyrir fram fyrir sitt leyti hvert mikilvægi einstakra atriða sé. Það er öllu skotið nefnilega inn í framtíðina í þessu máli. Það er ekki tekið á hinum pólitísku álitaefnum sem hafa verið grundvöllur fyrir ólíkri afstöðu flokkanna til Evrópusambandsaðilar bæði milli (Forseti hringir.) stjórnarandstöðuflokkanna og Samfylkingarinnar og jafnvel milli þeirra (Forseti hringir.) innbyrðis.

[13:42]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að lýsa mig ósammála hv. þm.

Bjarna Benediktssyni um að öllu sé skotið inn í framtíðina hvað varðar afstöðu til einstakra málaflokka. Ég álít að okkar meginhagsmunum sé ágætlega lýst. Því er lýst ágætlega að samstarf og samráð sé haft á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Við höfum fengið gögn um það sem sýna hvernig samningaviðræður hafa gengið fyrir sig hjá öðrum þjóðum þar sem einmitt samningsafstaða viðkomandi ríkis er rædd á vettvangi þingsins áður en hún er mótuð af hálfu framkvæmdarvaldsins, fylgst er með á viðræðuferlinu og þegar samningum er lokið um hvern kafla þá kemur hún líka til umfjöllunar í þinginu áður en hún er staðfest af framkvæmdarvaldinu. Þetta tel ég að sé alveg skýrt í því sem við erum hér að leggja upp með og eigi ekki að hártoga. Ef það er með einhverjum hætti óskýrt þá held ég að menn verði að fara í saumana á nefndarálitinu og hugsanlega í (Forseti hringir.) framsöguræðu formanns því ég tel mig hafa tekið af allan vafa um það hvað þetta snertir.

[13:44]

Útbýting:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 82. mál, brtt. OH, þskj. 265.

Ríkisútvarpið ohf., 134. mál, nál. menntmn., þskj. 254.

Samgönguáætlun, 80. mál, svar samgrh., þskj. 258.

Örorkumat, 128. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 239.

Öryrkjar, 127. mál, svar fél.- og trmrh., þskj. 238.

[13:44]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Hér er komin til umfjöllunar tillaga til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu eftir umfjöllun utanríkismálanefndar þar sem ég hef setið. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar en undir nefndarálitið rita sá sem hér stendur og hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir. Ég ætla að byrja á því að fara yfir helstu atriði nefndarálitsins.

Það mál sem hér er til umfjöllunar hefur, eins og fram hefur komið í umræðunni í dag, verið fellt saman að stærstum hluta til við þingmál nr. 54 sem þingflokkar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tefldu fram þegar að þetta þingmál var lagt fram á þinginu. Ég held að það hljóti að vera óumdeilt að það sem gerðist síðan í kjölfarið sýnir hversu vanbúið það mál var í raun að koma með þingmál inn í þingsal án þess að því fylgdu fullnægjandi skýringar eða einhvers konar leiðbeining frá þinginu um á hvaða forsendum gengið yrði til viðræðna. Þvert á móti var ekki annað ráðið af þingmálinu eins og það var borið upp á þinginu en að þegar hefði verið tekin ákvörðun um aðildarviðræður á grundvelli þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu. Krafan væri um að fá fram samning sem greiða ætti atkvæði um, málið væri fullrætt. Vísað var í skýrslur sem gerðar hafa verið á undanförnum árum og að öðru leyti væri einfaldlega rétt, þrátt fyrir þann ágreining sem var í ríkisstjórninni, að leyfa þinginu að taka þessa ákvörðun og það væri lýðræðislegt og skynsamlegt ferli. Það sem gerst hefur í millitíðinni er, eins og hv. formaður utanríkismálanefndar hefur komið inn á og liggur fyrir í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar, að þessum leiðbeiningum hefur verið fylgt í öllum meginatriðum. Í greinargerð í máli 54 segir að sá vegvísir sem nauðsynlegur er fyrir aðildarviðræður skuli fjalla um alla þá þætti sem taka þarf tillit til í tengslum við aðildarumsókn, svo sem aðkomu þjóðarinnar að aðildarumsókninni, en þá er átt við hvort efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hefja skuli viðræður, og ekki síður með hvaða hætti staðfesta skuli aðildarsamninginn. Þetta tvennt var algerlega óhugsað þegar þingmálið sjálft kom fram og var ekkert um það fjallað þar. Því var ekki fylgt eftir með nokkrum hætti, enda stjórnarflokkarnir tveir ósammála um jafnmikil grundvallaratriði eins og þessi.

Í öðru lagi er fjallað um hvernig skipa skuli viðræðum Íslands við Evrópusambandið og eru því gerð góð skil í nefndaráliti meiri hlutans. Við höfum leitað upplýsinga hjá öðrum þjóðum, skoðað hvernig þær hafa borið sig að og um það hefur verið ágætissátt í nefndinni.

Í þriðja lagi er fjallað um með hvaða hætti eftirliti Alþingis og upplýsingagjöf til þess skuli háttað á meðan mögulegar aðildarviðræður standa. Það var það sem við hv. formaður nefndarinnar ræddum aðeins um áðan. Sé þetta skilningurinn hjá meiri hlutanum sem fram kom í framsögu hv. formanns nefndarinnar tel ég að verið sé að veita afar þröngt umboð til viðræðna þar sem þingið getur á hverjum tíma stigið fram og sagt: Hér erum við komin út fyrir það sem við teljum skynsamlegt og getum í raun stöðvað viðræðuferlið. Ég hef sjálfur haft þá sannfæringu að það sem þyrfti nauðsynlega að vera til staðar til að hefja aðildarviðræður væri í fyrsta lagi breið pólitísk samstaða um að menn vildu fara í viðræðuferlið og, eftir atvikum og kannski ekki síður, að menn felli sig við Evrópusambandið eins og það birtist þeim.

Eftir kosningarnar í vor var það ljóst að ekki hefðu valist til forustu fyrir þjóðina flokkar sem eru sammála um þetta mál og þar með var auðvitað afar erfitt að segja að kjósendur hefðu með einhverjum hætti lýst vilja sínum í málinu. Á sama tíma var afar erfitt að halda því fram að það væri einhver breið pólitísk samstaða um að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Þetta leystu stjórnarflokkarnir með þeim hætti að ýta málinu inn í þingið. Þegar vinnu utanríkismálanefndar lauk síðan endurspeglaðist klofningurinn eða hin ólíka sýn á málið þegar þingmenn stjórnarflokkanna tveggja komu saman að nefndaráliti og tóku til umfjöllunar þau atriði sem eru grundvallarforsenda þess að flokkarnir tveir hafa ólíka skoðun í málinu, þá stigu þeir til baka og ýttu þeim ágreiningsefnum og álitaefnum inn í framtíðina. Það er engin afstaða tekin um það í nefndarálitinu sjálfu hvaða grundvallarnálgun er hjá þeim sem standa að álitinu til þeirra álitaefna sem svo víða eru rædd í nefndarálitinu sjálfu. Við getum sem dæmi tekið sjávarútvegsmálin þar sem ekki er flókið mál að lýsa öllu því sem við Íslendingar viljum helst standa vörð um í tengslum við sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, hvernig hún á illa við íslenskar aðstæður. En það er hins vegar flóknara mál þegar leggja á þá hagsmuni á vogarskálarnar og vega á móti kostum þess að ganga í Evrópusambandið og svara síðan þeirri spurningu: Hvernig kemur sú mæling út? Sú mæling hefur verið grundvöllur fyrir stefnu Sjálfstæðisflokksins fram á þennan dag og það er í slíku hagsmunamati sem

kjarni vinnunnar á þinginu hlýtur að eiga að liggja. En það kjósa menn ekki að gera í áliti meiri hlutans heldur einungis að vekja athygli á öllum álitaefnunum og ýta síðan skipinu úr vör.

Fleiri atriði eru tiltekin í þingmáli nr. 54 eins og t.d. hvernig staðið skuli að opinberum stuðningi við kynningu á niðurstöðum viðræðna og hvaða stjórnarskrárbreytingar eru nauðsynlegar. Ég ætla að koma aðeins inn á það á eftir og ekki síst um áætlaðan kostnað sem alltaf er spurt um í tengslum við þetta mál. Það er kannski ekki skrýtið við þær aðstæður sem uppi eru í þjóðfélaginu að menn séu mjög meðvitaðir um allan kostnað sem lagt er út. Eins og segir í nefndaráliti 1. minni hluta er það alveg óumdeilt að öll þau atriði sem vakin var athygli á í máli nr. 54 hafa fengið þó nokkra umræðu hjá nefndinni. Það var góð samstaða og formaður nefndarinnar stýrði, eins og ég vék að í stuttri ræðu minni áðan, nefndinni af mikilli yfirvegun. Honum tókst að koma miklu í verk á tiltölulega skömmum tíma og flutti áðan góða framsöguræðu sem gott jafnvægi var í. Ég tek undir með honum þegar hann kallar eftir því að við reynum að efna til málefnalegrar umræðu um þetta mál í þingsal í dag.

Þrátt fyrir að við höfum sameinast um að taka öll þessi stóru mál til umfjöllunar, hvernig við eigum að fást við spurninguna um aðildarumsókn, verður að segjast eins og er að það standa alltaf nibbur upp úr þeim vegi, þ.e. ákveðin mál. Þegar vinnunni er lokið og það þarf að fara draga saman niðurstöðurnar fara línurnar í ólíkum áherslum milli flokkanna að skerpast. Það er kannski fyrst og fremst tvennt sem ég ætla að nefna og rakið er í nefndaráliti 1. minni hluta sem við höfum gert athugasemdir við. Mál nr. 54 fjallar fyrst og fremst um formsatriði, um það hvernig menn ætla að bera sig að áður en þessi ákvörðun verður tekin. Þess vegna eru þetta atriði sem varða formið í grunninn og ég skal koma aðeins á eftir nánar að kjarna málsins. Þrátt fyrir að þessi tvö atriði séu á sinn hátt formsatriði tel ég það lýsandi fyrir þann gríðarlega mikla ágreining sem er um þetta mál að jafnvel tekst ekki sátt um formsatriðin, um það hvernig við eigum að bera okkur að. Það hljóta þess vegna að vera gríðarleg vonbrigði fyrir ríkisstjórnina sem hrindir þessu máli af stað inn í þingið í þeirri von að efla lýðræðislega umræðu og skapa lýðræðislegan grundvöll fyrir þessa erfiðu ákvörðun sem hún telur að við þurfum að taka afstöðu til, að ekki skuli einu sinni vera sátt um formið.

Hér er í fyrsta lagi um að ræða þá tillögu að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort farið verði í aðildarviðræður. Það er rétt að byrja á að segja frá því að það var niðurstaða landsfundar Sjálfstæðisflokksins sem haldinn var í vor, þ.e. að ef ríkisstjórnin eða þingið hygðist hreyfa því að farið yrði í aðildarviðræður við Evrópusambandið væri rétt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Grunnurinn að þessari tillögu liggur í því að Evrópusambandsmálin eru þannig í eðli sínu að þau ganga þvert á flokka. Þau ganga þvert á þjóðfélagshópa en ég held að við höfum líka tekið eftir því að Evrópumálin kljúfa dálítið landsbyggðina frá höfuðborgarsvæðinu og um það erum við a.m.k. sammála, þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem á fulltrúa í öllum kjördæmum landsins, að mikill áherslumunur er í þessu máli á milli kjördæma í landinu. Og ég tel að þegar við ræðum Evrópumálin þurfum við að taka tillit til þessara ólíku sjónarmiða.

Ég vék stuttlega að því áðan að málið hefði verið lagt fram í pólitískum ágreiningi á milli stjórnarflokkanna, að ekki væri með nokkru móti hægt að færa fyrir því sannfærandi rök að í kosningunum í vor hefði verið tekin ákvörðun um að sækja um aðild. Að minnsta kosti völdust ekki til ríkisstjórnarsetu flokkar sem voru sammála í málinu. En það er sá grundvöllur sem ég tel almennt vera heppilegastan. Það væri skýrt umboð, tveir flokkar sem hefðu skýra stefnu um að vilja fara inn í Evrópusambandið með einhverjum minni háttar fyrirvörum. Slíkir flokkar sem veljast til forustu fyrir landið hefðu að mínu áliti fengið umboð til að leggja fram umsókn. Þeir hefðu enga sérstaka ástæðu til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu áður en lagt yrði af stað. Ég tel reyndar að þrátt fyrir að slíkir flokkar stæðu ekki að aðildarumsókninni væri ekki hægt að útiloka að flokkarnir á þinginu gætu sameinast um málið. Sú var hugmynd er ekki út í bláinn en eins og staðið er að henni, eins og efnt er til hennar, eins og umræðan hefur verið um hana, eins og stífnin birtist hjá þeim sem vilja ganga í ESB er augljóst að það er enginn vilji í reynd til að leita málamiðlunar, leita einhverra sátta. Þessi niðurstaða leiðir til þess að það er bara ein skynsamleg leið til að taka næsta stóra skref og hún er sú að vísa málinu áfram til þjóðarinnar um hvort sækja beri um. Ég ætla ekki að fara að tína til öll rökin sem liggja því að baki en eitt er augljóst: Þeim mun skýrari sem þingviljinn er, þeim mun skýrara er umboðið sem viðræðunefndin fær, þeim mun betur líður viðsemjendum okkar gagnvart því að verja tíma og fjármunum í að efna til viðræðna við Íslendinga og yfir höfuð að hefja þær.

Það er ekki hægt að láta hjá líða að gera að umtalsefni hugmyndina um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í þessu efni. Hún lýtur reyndar að hinu síðara, atriði sem ágreiningur er um við meiri hluta nefndarinnar, þ.e. með hvaða hætti eigi að staðfesta viðræðuferlið, staðfesta þann samning sem fæst eftir viðræður. En hugmyndin er sem sagt sú að enginn ætlar að taka pólitíska ábyrgð á því að hefja viðræður og síðan ætlar enginn að taka pólitíska ábyrgð á að staðfesta þann samning heldur. Það er engin ríkisstjórn sem ætlar að hrinda þessu af stað heldur á að splundra þingflokkunum og láta reyna á nauman meiri hluta í þinginu til að koma ferlinu af stað. Síðan á að klára samninginn og þegar hann er fenginn ætlar ríkisstjórnin ekki að efna til þess sem stjórnarskráin segir að sé nauðsynlegt að gera, þ.e. að breyta stjórnarskránni, efna til kosninga, staðfesta breytingar á stjórnarskránni og skrifa undir samninginn. Nei, ríkisstjórnin ætlar ekki að gera það og meiri hluti utanríkismálanefndar tekur undir að það væri verið að fara á svig við þjóðarvilja með því að efna þá ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Eru menn sem sagt í einhverjum vafa um þjóðarviljann varðandi þetta mál í heild sinni? Menn treysta sér til að leggja það til á þinginu og ríkisstjórnin treystir sér til að leggja til að sækja um aðild og fara í gegnum allt ferlið. En menn áskilja sér annars vegar rétt í þingsályktunartillögunni sjálfri til að leggjast gegn samningnum þegar hann liggur fyrir, eins og það var orðað í þingsályktunartillögunni sem er alveg ótrúleg setning, að menn ætli að ganga viðræðuferlið á enda og leggjast síðan gegn samningnum. Og án þess að taka pólitíska ábyrgð á málinu og ganga þá

leið sem stjórnarskráin býður, án þess vísa málinu þá til þjóðarinnar. Það er eins og þetta ferli eigi nánast að vera leitt til lykta án þess að neinn ætli að bera á því pólitíska ábyrgð. Það er eins og allir vilji stíga til baka. Hvorki í byrjun né á endanum ætlar neinn að bera á því pólitíska ábyrgð. Ég tel einfaldlega að þetta tvennt verði að fara saman og ég tel reyndar að það verði aldrei stuðningur meðal þjóðarinnar við málið fyrr en fengist hefur breiður pólitískur stuðningur við málið. Það er líka einhver mesti lærdómur sem við getum dregið af meðferð sambærilegra mála í öðrum löndum.

Sumir hafa gengið svo langt að segja að það þurfi að vera breiður pólitískur stuðningur og ekki síður breiður almennur stuðningur meðal þjóðarinnar í a.m.k. tvö ár til að það sé skynsamlegt að leggja fram umsókn og ganga inn í þetta ferli. Þeir sem ákafastir eru í að leggja fram umsókn hefðu að mínu áliti átt að huga betur að nauðsynlegum forsendum þess að hér geti skapast sátt, að hér geti yfir höfuð náðst breið samstaða en það finnst mér ekki gert með þessu. Þetta eru formsatriðin en ekki einu sinni um þau hefur tekist sátt.

Mig langar til að víkja að einu í þessu sambandi. Á vorþinginu ræddum við um breytingar á stjórnarskránni. Þá stóð til að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar með þeim hætti að hægt væri að breyta stjórnarskránni og senda þær breytingar beint í þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að rjúfa þing. Þeir sem mæltu mest fyrir þeirri leið og gengu hvað harðast fram á þinginu ræddu á sama tíma um Evrópusambandið. Þeir sögðu að í tillögum að breytingu á stjórnarskránni væri vissulega ekki rætt um heimild til að ganga í Evrópusambandið en það skipti engu máli vegna þess að 79. gr. tryggði að á yfirstandandi kjörtímabili væri hægt að koma slíku ákvæði inn og senda það til þjóðarinnar til staðfestingar. Með öðrum orðum væri hægt að ljúka viðræðuferlinu við Evrópusambandið og fá endanlega staðfestingu þjóðarinnar á líðandi kjörtímabili án þess að boða til kosninga. En núna þegar menn horfa framan í nýjan veruleika, annan veruleika en menn sáu fyrir sér þá, vegna þess að þessar hugmyndir náðu ekki fram að ganga, hefur það gerst að hugmyndin um að láta þjóðina eiga síðasta orðið hafa verið lagðar til hliðar.

Að mínu áliti er ein leið til að láta þjóðina eiga síðasta orðið, þ.e. að láta þingið taka ferlið alla leið til enda, láta þingið staðfesta samninginn. Séu menn eitthvað hræddir við það eru þeir í reynd að segja að þeir óttist að ekki sé sá meiri hluti, ekki sá pólitíski stuðningur við málið á þinginu sem nauðsynlegur er til að ljúka málinu. Hversu skynsamlegt eða hversu raunhæft er það þá yfir höfuð að láta sér detta í hug að þjóðin sé á allt annarri skoðun en þingið? Um það er nokkuð rætt í nefndaráliti meiri hlutans í nefndinni og ég verð að segja að mér finnst þar skautað í kringum nokkur grundvallaratriði. Til dæmis verð ég að lýsa mig fullkomlega ósammála því að verið væri að fara á svig eða að neita því að taka tillit til þjóðarviljans með því að halda ekki ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessum tveimur grundvallaratriðum er fylgt eftir í áliti 1. minni hluta með breytingartillögu sem er sett fram í tveimur liðum. Sá fyrri gerir ráð fyrir því að aðildarviðræðunum verði ekki hrint af stað án þess að fyrst hafi farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla og sett eru tímamörk í tillögunni um að þjóðaratkvæðagreiðslan geti farið fram innan þriggja mánaða. Þetta er þingsályktunartillaga. Telji menn það of stuttan tíma verður að bregðast við því. En tillagan um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan þriggja mánaða er sett fram til að undirstrika að hugmyndinni er ekki teflt fram til að leika einhverja tafarleiki í þessu máli. Ég verð að lýsa undrun minni á því að menn telji það úrslitaatriði fyrir okkur Íslendinga að koma inn umsóknum um aðild að Evrópusambandinu á meðan ein ákveðin þjóð er í forustu fyrir sambandinu, í þessu tilviki Svíar. Ég efast reyndar ekki um að þeir séu tilbúnir til að standa við þær yfirlýsingar sem þeir hafa gefið um að greiða götu okkar eins mikið og þarf, taka tillit til sjónarmiða okkar og ráða okkur heilt varðandi gang viðræðnanna, hversu hratt á að fara.

Í þessu sambandi er ómögulegt annað en að vekja athygli á tímasetningu þessarar þingsályktunartillögu þar sem við erum einmitt um þessar mundir að ræða kröfu hollenskra og breskra stjórnvalda á hendur íslenska ríkinu vegna Icesave-innlánsreikninga Landsbankans í þessum tveimur löndum. Eins og öllum má vera ljóst ríkir mikil óvissa um afdrif þess máls innan þingsins.

Í nefndaráliti minni hlutans er komið inn á þetta og einfaldlega spurt: Er það trúverðugt að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu verði sett í einhvern friðsamlegan og vinsamlegan farveg á sama tíma og þessi deila stendur sem hæst, á meðan á sama tíma liggur fyrir að fullkomin óvissa ríkir um með hvaða hætti því máli lýkur? Hafa þarf í huga í því samhengi að við vitum að Evrópuþjóðirnar allar stóðu gegn sjónarmiðum Íslands þegar við áttum í viðræðum við þessi tvö ríki og fulltrúa Evrópusambandsins í haust. Þá sameinuðumst allar þessar þjóðir gegn þeim sjónarmiðum sem við höfðum fram að færa. Hvaða vísbendingar hafa komið fram um að eitthvað annað verði uppi á teningnum þegar umsóknir um Evrópusambandið kemur fram og málið er enn þá óafgreitt frá Alþingi? Reyndar finnst mér með hliðsjón af þeirri niðurstöðu sem þar liggur fyrir full ástæða til að spyrja hvort sömu ríkisstjórn og kemur með þá samninga sem fær harkalega gagnrýni frá nær öllum umsagnaraðilum á þinginu sé treystandi til að fara með jafnviðkvæma hagsmuni og hér um ræðir.

Það er ástæða til að koma aðeins inn á þá meginþætti sem raktir eru í áliti meiri hlutans og varða hagsmuni okkar Íslendinga á hinum ólíku sviðum. Ég vék stuttlega að því áðan að það er ekki erfitt að stilla því upp og kalla til ráðgjafar og ráðagerða flesta hagsmunaaðila á Íslandi og inna þá eftir því hvað þeir telji að hafa beri í huga í viðræðum við Evrópusambandið, hvernig hagsmunir þeirra skarist við stefnu Evrópusambandsins í einstökum málum. Það hefur verið gert og þeir hagsmunir eru teknir til umfjöllunar í áliti meiri hlutans. Það er allt saman ágætlega gert en þar er hlutunum þó ekki forgangsraðað og öll pólitísk umræða er lögð til hliðar. Menn þegja t.d. um þau mál sem skilja að stefnu stjórnarflokkanna sem standa að þessu þingmáli og að nefndarálitinu. Það hlýtur að vekja alla þjóðina til umhugsunar um með hvaða hætti staðið verður að hagsmunagæslu í viðræðuferlinu sjálfu. Hvað meina þeir flokkar sem standa að þessu nefndaráliti og styðja að við sækjum nú um

aðild að Evrópusambandinu en gera ekki annað en að benda á að hér séu ýmsir hagsmunir sem gæta þurfi að? Ég get vel skilið þegar flokkar mæla með því að sótt verði um aðild að ströngum skilyrðum uppfylltum eins og t.d. Framsóknarflokkurinn hefur gert. Hann hefur valið þá leið að segja: Hér eru skilmálarnir sem eru óumsemjanlegir við okkur framsóknarmenn. Þetta eru þau mál sem eru skilyrði okkar í viðræðum við Evrópusambandið. Þetta er pólitísk sannfæring okkar og stefna. Hér er málinu ýtt úr vör án pólitískrar stefnu. Hér liggur fyrir nefndarálit tveggja flokka sem eru algerlega á öndverðum meiði í málinu án þess að þessi pólitíska leiðsögn sé höfð með í umfjölluninni. Það hlýtur að sæta furðu og það sætir reyndar furðu almennt í allri Evrópuumræðunni sem átt hefur sér stað frá því að málið kom fram hversu mjög umræðan hefur snúist um annað en kjarna þess að ganga í Evrópusambandið. Umræðan hefur snúist um átökin milli stjórnarflokkana, um tillögur okkar sjálfstæðismanna, um formsatriði til og frá. En það er nánast engin umræða um það hér á þinginu hvað það þýðir að gangast undir sjávarútvegsstefnuna, hvernig hinir ýmsu aðilar á þinginu meta ólíka hagsmuni. En það höfum við gert í Sjálfstæðisflokknum og við höfum komist að ákveðinni niðurstöðu um þetta atriði.

Ég ætla ekki að leyna því héðan úr ræðustól á þinginu að auðvitað eru uppi ólík sjónarmið um það hagsmunamat í flokknum. En það liggur samt sem áður fyrir ákveðin niðurstaða. Að mínu áliti hafa þættir í Evrópusamvinnunni fengið aukið vægi vegna þess sem úrskeiðis hefur farið hjá okkur Íslendingum undanfarin ár. Það er þá einkum og sér í lagi sameiginlega peningamálastefnan, myntbandalag Evrópusambandsins, sem hlýtur eftir þá atburði sem upp hafa komið á Íslandi að hafa fengið aukið vægi í þessu hagsmunamati. En þrátt fyrir þetta hefur sannfæring mín ekki breyst, þ.e. að hagsmunum okkar sé ágætlega borgið hér fyrir utan.

Ég vil þó koma því að í þessu samhengi að þessi stefna Sjálfstæðisflokksins er ekki meitluð í stein. Hún er ekki í neinni líkingu við nokkur trúarbrögð sem taka ekki breytingum yfir tímann. Í því liggur einmitt stefna flokksins, í því liggur munurinn á þessu tvennu að stefna flokksins byggir á hagsmunamati og við viljum að það hagsmunamat sé stöðugt í gangi. Við sjáum tilefni til þess eftir að bankahrunið varð hér sl. haust að efna til víðtækrar og breiðrar umræðu um það í flokknum hvort ástæða væri til að taka þetta mat til endurskoðunar og e.t.v. komast að breyttri niðurstöðu. Í grundvallaratriðum varð niðurstaðan áfram sú hin sama en með því að benda á þá leið að reyna að skapa sátt um málsmeðferðina alla og upphaf og enda viðræðnanna og fara þjóðaratkvæðagreiðsluleiðina var tekið tillit til ólíkra sjónarmiða, ekki bara í Sjálfstæðisflokknum heldur í þjóðfélaginu öllu. Þegar við ræðum um mikilvægustu hagsmuni okkar hljótum við alltaf, og ekki hvað síst í þingsal, að staldra við sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins sem til er komin vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem Evrópuríkin búa við, mörg þeirra eiga sameiginlega fiskstofna. Það ætti þess vegna ekki að koma neinum á óvart að Evrópuríkin hafi séð sig knúin til þess í ljósi þeirrar staðreyndar að koma sér saman um sameiginlega fiskveiðistjórnarstefnu, að ákveða með sameiginlegum hætti hversu mikil sóknin ætti að vera í þá stofna sem þau búa sameiginlega yfir. Það grundvallaratriði verða menn að hafa í huga þegar þeir ræða um aðildina að Evrópusambandinu vegna þess að við munum þá rugla saman fiskveiðistjórn á miðunum okkar, þar sem eru að langmestu leyti staðbundnir stofnar, við fiskveiðistjórnarkerfi sem byggir á allt öðrum forsendum. Vegna þess að það eru margir í þessu þjóðfélagi sem eru að reyna að átta sig á Evrópumálunum sem trúa því að hægt sé að fá varanlegar og verulegar undanþágur frá þessari stefnu eða öðrum stefnum Evrópusambandsins, hefur það verið ein grundvallarskoðun Sjálfstæðisflokksins í málinu að slíkar varanlegar eða verulegar undanþágur er ekki hægt að fá í viðræðuferlinu.

Í framhaldi af þessu er kannski ástæða til að ræða aðeins um Evrópuumræðuna í þjóðfélaginu. Er það ekki merkileg staðreynd t.d. hversu miklu hærra hlutfall Íslendinga vill fara í aðildarviðræður en er tilbúið að ganga í Evrópusambandið? Ég les þannig í þessar tölur að í þjóðfélaginu sé mikil von bundin við viðræðuferlið, það séu býsna margir sem spyrji sig: Hvað er það eiginlega sem við getum fengið út úr samningunum? Ég skynja það í þingsal líka að það eru allnokkrir sem vilja hefja aðildarviðræðurnar til þess að eyða öllum vafa í því efni. Sannarlega er það þannig að tekið verður tekið tillit til einhverra óska okkar Íslendinga um aðlögunartíma, sennilega um einhverjar minni háttar varanlegar undanþágur frá einu eða öðru en í öllum stóru málunum liggur fyrir hvað er í boði. Það sagði ég við fyrri umr. þessarar þingsályktunartillögu, það er einfaldlega Evrópusambandið eins og það er. Þess vegna finnst mér mikilvægt þegar við erum að hrinda af stað Evrópuaðildarumsókn að þeir sem að henni standa geri betur grein fyrir því heldur en þeir hafa gert til þessa hvort þeir eru sáttir við Evrópusambandið eins og það er eða hvort skilyrðin sem rætt er um í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar og við höfum tekið aðeins til umfjöllunar, ég og hv. formaður þeirrar nefndar, eru þess eðlis að þau séu óumsemjanleg. Það er ekki bara galli við upphaf viðræðnanna að það skuli ekki vera pólitísk sátt, það er ekki bara galli við upphaf viðræðnanna að það sé ekki samstaða í ríkisstjórn heldur er það alveg sérstakt vandamál að mínu áliti hversu miklar væntingar eru bundnar við viðræðunefndina og þá niðurstöðu sem menn eru að fara að sækja í viðræðum við Evrópusambandið. Ég fæ alltaf eitt svar þegar ég hitti utanríkisráðherra Evrópusambandsríkja eða eftir atvikum þingmenn á þingi Evrópusambandsins. Það er þetta: Ef þið komið með svona miklar væntingar er það þetta sem við fáið. Það eru ekki í boði neinar varanlegar undanþágur. Við erum búin að koma okkur saman um reglurnar í þessum klúbb, ríkin 27 og þeir sem vilja sækja um inn í klúbbinn verða að beygja sig undir reglurnar og taka þátt í þeim.

Þetta leiðir hugann að öðru mjög mikilvægu atriði sem varðar þær hugsjónir og þann grundvöll sem Evrópusambandið í raun og veru snýst um, þ.e. samvinnu sem Evrópuþjóðirnar hafa ákveðið að hafa með sér með skipulegum hætti, skapa með sér innri markaðinn og þróa með sér ýmis samstarfssvið. Þeir hafa t.d. fyrir ekki mjög löngu síðan ákveðið að taka utanríkismálin og öryggismálin sérstaklega upp sem nýtt samstarfssvið. Það er sem sagt ákveðin hugsjón sem býr að baki samstarfi Evrópuþjóðanna. Það er

ákveðinn vilji Evrópuþjóðanna sem liggur slíku samstarfi til grundvallar og ég get vel staðið hér og sagt: Ég er mikill Evrópusinni. Ég tel að við eigum að vera í miklu samstarfi við Evrópusambandið og ég tel reyndar að við séum það nú þegar með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, EES-samningurinn veitir okkur aðgang að öllum innri markaðnum og við höfum gert miklu meira en að fara inn á innri markaðinn og inn í EES-samninginn af því að við erum líka þátttakendur í ýmsum áætlunum Evrópusambandsins og við erum fullir þátttakendur í Schengen-samstarfinu sem er meira en segja má um sumar Evrópuþjóðirnar. Ég get í sjálfu sér skrifað undir flest það sem Evrópuþjóðirnar hafa ákveðið að sameinast um, að gildin og markmiðin sem Evrópuþjóðirnar eru sameiginlega að vinna að er eftirsóknarvert og það er skynsamlegt fyrir þjóðir að eiga með sér samstarf um þau markmið.

Ég get líka tekið undir það að á sinn hátt væri betra fyrir okkur Íslendinga að eiga rödd í Brussel, að eiga okkar eigin þingmenn í Brussel. Ég er ekki með þessu að halda því fram að þeir munu ráða neinum úrslitum. Við munum þurfa að kosta þó nokkuð miklu til en það væri fólgið í því betra lýðræði fyrir okkur Íslendinga, og ekki síst í ljósi þess hvernig við höfum verið að framkvæma EES-samninginn, að eiga okkar fulltrúa þar sem fara með okkar atkvæði og láta okkar rödd heyrast þar þannig að allar hinar 27 þjóðirnar heyri. Það er enginn vafi á því að það væri betra en það fyrirkomulag sem byggt er inn í EES-samninginn. Þetta þýðir samt sem áður ekki að það séu ekki þættir í Evrópusamvinnunni sem maður verður að gjalda varhuga við og það séu ekki þættir í frekara Evrópusamstarfi sem geti verið þess eðlis að ástæða sé fyrir okkur Íslendinga að staldra við og spyrja okkur hvort þeir kostir sem fylgja myntsamstarfinu, sem fylgja beinni aðild að Evrópuþinginu, sem fylgja beinni aðild að öllum ráðherrafundunum, aðild að framkvæmdastjórninni og öllu því öðru samstarfi sem við fengjum að komast að með skýrari hætti með fullri aðild séu svo mikilvægir að þeir vegi upp ókostina sem við fórnum, sem varða okkar grunnatvinnuvegi, eins og t.d. á sjávarútvegssviðinu.

Ég ætla ekki að nota ræðutíma minn til að fara yfir öll hin ólíku svið. Auðvitað eru margir hagsmunaaðilar, t.d. í landbúnaðarmálum, sem hafa komið sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina og þau eru öll ágætlega rakin en ég tel einfaldlega að okkur beri skylda til að halda á lofti hagsmunum sjávarútvegsins sérstaklega, í fyrsta lagi vegna þess hversu hann er hlutfallslega mikilvægur í íslenskum efnahag og í öðru lagi vegna þess hversu illa sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins á við íslenskar aðstæður.

Ég vil líka hafa sagt það hér að þó að ég telji litlar líkur á því að fá varanlegar undanþágur þá er það engu að síður þannig að það verður einhver sveigjanleiki sýndur og það er mikilvægt í því sambandi að þingið sé upplýst, haft með í ráðum, hafi tækifæri til að veita aðhald, koma sjónarmiðum á framfæri, eftir atvikum kalli þá eftir sérfræðingum, hagsmunaaðilum eða öðrum til að leita eftir ábendingum. Þeir þurfa reyndar líka að vera á sinn hátt í nokkuð sambærilegri stöðu, þ.e. að ferlið sé gagnsætt gagnvart þeim. Ég er ekki að halda því fram að menn muni ekki fá samning sem felur í sér neins konar tillit eða neins konar aðlögun fyrir íslenska þjóð við inngöngu í Evrópusambandið ef ferlið fer þannig.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, víkja að því að ég tel að þetta mál sé þannig vaxið að það sé nauðsynlegt að leita ríkari samstöðu um það en gert hefur verið. Allt sem sagt hefur verið um viljann til að fá breiða pólitíska sátt hefur ekki staðist. Þegar til kastanna kemur er það þannig að annar stjórnarflokkurinn ætlast til þess og telur sig greinilega hafa fengið loforð um að þetta mál verði afgreitt ekki seinna en á þessu sumarþingi og um það vitna auðvitað atburðir dagsins þar sem einstakir þingmenn sem hugðust voga sér að leggja fram breytingartillögu í málinu fá skýr skilaboð um að það verði ekki liðið og að það stefni stjórnarsamstarfinu sjálfu í uppnám. Hér verður maður að vekja athygli á því að í stjórnarsáttmálanum sjálfum, sem ég tel reyndar að fylgi áliti meiri hlutans, kemur sérstaklega fram að flokkarnir áskilji sér rétt til að halda sjónarmiðum sínum á lofti. Þegar einstakir þingmenn ætla síðan að nýta sér þennan skriflega rétt sem samið hefur verið um eru þeir snúnir niður og þvingaðir til að beygja sig undir vilja ríkisstjórnarinnar. Það er þess vegna sem ég hef sagt að þingsalurinn sé eins og eitt jarðsprengjusvæði og menn vita ekki hvar sprengjurnar liggja. Menn vita ekki hvort þeir mega gera þetta eða hitt vegna þess að það eru aðrir sem þurfa að hafa á því skoðun og stígi menn feilspor springur allt í loft upp. Það er auðvitað alveg skelfilega á skjön við öll þessi fögru orð, allar yfirlýsingarnar um að hér væri einungis verið að hrinda af stað lýðræðislegu ferli þar sem allir væru frjálsir til að hafa sýna skoðun, að horfa upp á þessa atburði gerast. Hv. þm. Ásmundur Einar Daðason kom upp í ræðustól í morgun og hélt því fram að á þinginu væri raunverulega meiri hluti sem væri tilbúinn til að styðja tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að það sé rétt, að það sé raunverulega þannig. En ég ætla að leyfa mér að hafa efasemdir um að allir sem hafa þá sannfæringu muni fylgja henni, einmitt af þessari ástæðu að þegar kemur til atkvæðagreiðslu í þinginu verður það ekki afstaðan til Evrópusambandsins sem mun ráða úrslitum heldur afstaðan til ríkisstjórnarinnar. Það verður afstaða til þess hvort menn vilji gera ríkisstjórninni skaða eða ekki. Með þessu eru menn einfaldlega að skjóta álitaefnum á frest. Menn eru að ýta undan sér umræðu sem einn góðan veðurdag mun hvort eð er þurfa að fara í. Hún mun snúast um þetta: Vilja menn ganga í Evrópusambandið eða ekki? Það er spurningin sem menn munu þurfa að standa frammi fyrir. Þeir sem halda því fram að hægt sé að binda flokkana í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu horfa algerlega fram hjá þeirri staðreynd að þar sem þeirri aðferðafræði er beitt er það sama þingið og setur þjóðaratkvæðagreiðsluna af stað sem fær málið til endanlegrar afgreiðslu. Þannig er það ekki samkvæmt stjórnskipun okkar í dag. Það verður þess vegna annars þings að taka endanlega afstöðu til málsins jafnvel þó að menn af góðum hug efni til þjóðaratkvæðagreiðslunnar og telji sig bundna af henni, þá er það einfaldlega bundið inn í ferlið samkvæmt lögum að það mun þurfa að boða til kosninga og hið nýja þing verður ekki bundið af því sem hið fyrra þing gerði. Og þeir þingmenn sem veljast nýir inn á hið nýja þing koma þangað inn á sínum eigin forsendum. Þetta er algerlega ljóst.

Ég kalla eftir því að í umræðu um þetta mál taki menn einfaldlega afstöðu til stóru spurninganna. Menn skjóta ekki öllum þessum stóru spurningum inn í framtíðina. Að menn lýsi því hér þegar málinu á að ýta úr vör hvar pólitísku línurnar liggja, hvar sársaukamörkin liggja í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Og það dugar ekki að teikna upp hagsmunina eina og sér og láta þar við sitja. Það er ófullnægjandi grundvöllur fyrir aðildarviðræðum að mínu áliti.

Ég tel jafnframt að það sé nauðsynlegt fyrir umræðuna að menn taki til umfjöllunar tillögu 1. minni hluta nefndarinnar um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu annars vegar og um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu í hinn endann hins vegar. Ég hvet menn til að leyfa sjálfum sér að hafa jafnvel ólíkar skoðanir á þessum tveimur hugmyndum, jafnvel þótt þær séu frá virðulegri ríkisstjórn. Það er auðvitað, eins og ég vék að áðan, merkilegt að svo virðist sem skyndilega hafi tekist meiri hluti um að fara leið ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu þrátt fyrir að flokkarnir hafi verið allt annarrar skoðunar fyrir stuttu síðan. Og eins og við víkjum að í áliti 1. minni hluta í nefndinni þá hlýtur þetta að vekja mann til umhugsunar um það hvort það er í reynd hræðslan við kosningarnar sem ræður för, óttinn við það að kjörtímabilið styttist meira en menn helst vildu eða er það kannski hitt að menn ætla ekki og vilja ekki þurfa að fella málið í þann pólitíska farveg sem nauðsynlegur er til að fylgja málinu alla leið. Vilja menn vísa málinu endalaust frá sér, fyrst ríkisstjórnin inn á þingið, síðan flokkarnir frá sér og loks til þjóðarinnar og svo aftur til þjóðarinnar og svo með loforði um það að menn munu fylgja leiðsögn þjóðarinnar? Hvort ætla menn að leiða þjóðina eða láta þjóðina teyma sig áfram í málinu? Ég held að málið snúist dálítið um það. Hafa menn trú á því að það sé hægt án nokkurrar pólitískrar leiðsagnar í málinu endalaust að ýta málinu út til þjóðarinnar? Þá er það mín sannfæring að það fæst aldrei neinn meiri hluti fyrir málinu. Ef flokkarnir ætla ekki að bera ábyrgð á ferlinu, ef flokkarnir ætla ekki að bera ábyrgð á samningnum þá er alveg öruggt að það mun ekki takast meiri hluti meðal þjóðarinnar um að styðja slíkan samning. Það er alveg ljóst. Það sýnir reynsla annars staðar frá og þar sem efnt er til viðræðna í miklum ágreiningi þá fer slíkt ferli illa. Ég vil biðja menn um að taka þessi orð mín ekki þannig að við eigum ekki að hlusta eftir vilja þjóðarinnar. Ég tel einfaldlega að þetta tvennt þurfi að fara saman og þeir sem mestan áhuga hafa á því að við göngum inn í Evrópusambandið eigi að hafa vit til þess og koma auga á að það þarf að haga sér með þeim hætti að líklegt sé að samstaða náist um málið hjá þjóðinni. Til þess erum við að semja þessar reglur um gagnsæi í málinu. Það er á þeim grundvelli sem hugmyndin um þjóðaratkvæðagreiðsluna byggir í upphafi og það er einungis með því móti sem ríkt sátt verður um málið þegar upp er staðið.

Mín sannfæring á þessum tímapunkti stendur til þess að aðildarsamningur verði ekki samþykkur. Ég byggi það ekki síst á því að væntingarnar eru of miklar og á því byggja þeir flokkar sem helst vilja ganga inn mesta ábyrgð. Það er of lítið raunsæi í umræðum um Evrópusambandið á Íslandi í dag. Þetta kann hins vegar að breytast. Eins og ég vék að áðan þá á hagsmunamatið alltaf stanslaust að vera í gangi. Það kann vel að vera að ef við tökum rangar beygjur, ef við tökum rangar ákvarðanir núna við uppbyggingu efnahagslífsins á Íslandi, að efnahagslífið hafi ekki náð sér á strik og það er jafnan þannig að þegar efnahagslífið á Íslandi er í ákveðinni lægð þá er áhuginn fyrir nýjum lausnum eins og þessari jafnan mestur. Það kann svo sem vel að vera að gangi okkur illa að rífa okkur upp úr þeirri efnahagslægð sem nú er geti tekist samstaða um það meðal þjóðarinnar að stíga skref sem þjóðin væri almennt ekki tilbúin til að stíga annars.

Að þessu sögðu vil ég einfaldlega segja að þrátt fyrir að í utanríkismálanefnd hafi mikið verk verið unnið á skömmum tíma þá er þetta mál lagt fram í allt of mikilli tímaþröng. Nefndin hefur unnið undir óeðlilega miklum þrýstingi og hefur þurft á öðrum hverjum fundi upp á síðkastið að fjalla um annað risastórt mál sem er til umsagnar í nefndinni frá fjárlaganefnd, Icesave-samningana, sem nefndin hefur reyndar líka að eigin frumkvæði verið að fjalla um. Umgjörð málsins er algerlega ófullnægjandi og það er ómögulegt að skilja hvers vegna þeir sem harðast hafa gengið fram í þessu máli hafa ekki getað staðið við stóru orðin um að reyna að efna til sáttar. Sú sátt fæst með því að mínu áliti að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hefja eigi viðræðurnar. Ég leyfi mér að hafa efasemdir um að þeir sem hafa sannfæringu fyrir þeirri leið fylgi sannfæringu sinni eftir á þinginu þrátt fyrir góð orð þar um.

[14:35]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka formanni Sjálfstæðisflokksins fyrir innihaldsríka ræðu sem ég held að hafi staðið í a.m.k. klukkutíma. Að mörgu leyti varð ég var við milda afstöðu hans til Evrópusambandsins og hann lagði á það ríka áherslu að um málið væri samstaða og tek ég ofan fyrir þeirri nálgun.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á það, af því að menn hafa verið að tala um tímafaktorinn í þessu máli, að mikilvægt er að horfa til atvinnulífisins og þeirra bráðaaðgerða sem þarf að grípa til. Ég vil sérstaklega benda á blaðsíðu 25 í nefndarálitinu þar sem vikið er að ERM II og hagsmunum okkar í gjaldeyrismálum. En þar sem tími minn er frekar knappur ætla ég bara að víkja að því að ég heyri það að Sjálfstæðisflokkurinn er enn þá í jarðsambandi við atvinnulífið í landinu. Þetta mál á ekki að snúast um pólitíska stundarhagsmuni eins og mér fannst umræðan fyrr í dag bera vott um. Þetta mál er miklu stærra en svo og þess vegna tek ég ofan fyrir þeirri nálgun sem kom fram í ræðu formannsins.

[14:36]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir innlegg hans hér. Mig langar aðeins í tilefni af því sem hann segir að víkja að einu, þetta mál er svo stórt að vöxtum og mikið að maður á auðvitað erfitt með að koma öllu að þó að hér sé klukkutími undir. Þegar rætt er um hagsmuni atvinnulífsins og mikilvægi þess að koma á auknum stöðugleika, sem er það sem ég tel að við stjórnmálamennirnir skuldum kannski

íslenskri þjóð og íslensku atvinnulífi hvað mest, meiri stöðugleika í efnahagslífinu, þá er ekki hægt að láta hjá líða að benda á að þann stöðugleika fáum við fyrst og fremst með því að hegða okkur af ábyrgð og skynsemi við fjárlagagerð, rekstur ríkisfjármála og samþættingu stefnu Seðlabankans við ríkisfjármálin og fjármál sveitarfélaganna. Þegar við reynum að taka út of mikil gæði eins og við höfum gerst sek um á undanförnum árum, yfir of skamman tíma, leitar ástandið í átt til ójafnvægis. (Forseti hringir.) Ég hef ekki trú á því að Evrópusambandið eitt og sér sé nein galdralausn fyrir okkur í þessu, við megum ekki missa sjónar á því þrátt fyrir Evrópuumræðuna að ábyrgðin er fyrst og fremst okkar.

[14:37]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er stutt síðan ég tók fyrst þátt í pólitísku starfi, ég starfaði áður í atvinnulífinu og mér finnst Evrópusambandið snúast um gjaldmiðilsmálin og peningamálin. Ég hef starfað í útflutningi og ferðaþjónustu og það skipti engu máli hversu vel við gerðum í okkar rekstri, hversu vel starfsmenn stóðu sig eða gæði vörunnar voru, arðsemi rekstrar réðst af flökti krónu. Við svo má ekki búa.

Í ítarlegu nefndaráliti hef ég farið ítarlega yfir að ekki verði gefinn neinn afsláttur gagnvart sjávarútvegi og landbúnaði og ég segi því að þeir sem vilja sækja um aðild að ESB standi vörð um atvinnulífið í landinu.

[14:38]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þeir eru auðvitað líka til margir á Íslandi sem halda því fram að Evrópusambandsaðildin ógni hagsmunum atvinnuveganna á Íslandi og þeir sem halda því fram starfa sérstaklega í sjávarútvegi. En vissulega er það svo fyrir margar atvinnugreinar að það er eftir ýmsu að slægjast með auknu samstarfi við Evrópusambandið. Ég tek undir með hv. þingmanni að það væri kannski fyrst og fremst í stöðugleika sem fengist með sterkari mynt, en á endanum er þetta hagsmunamat þar sem menn verða að leggja þessa hluti alla á vogarskálarnar.

Það er merkilegt við umræðuna á Íslandi um Evrópusambandið hversu lítið er rætt, eins og ég vék aðeins að áðan, um hugsjónirnar, um grundvöll Evrópusamstarfsins sem rekur flestar þjóðir til þess að ganga þar inn, hjartað er ekki til staðar í umræðunni, en menn tína hér til einstaka kosti og segja: Við viljum fara inn í Evrópusambandið út af þessu. (Forseti hringir.) Þetta ískalda hagsmunamat held ég að komi flestum Evrópusambandsþjóðum dálítið spánskt fyrir sjónir og hefur reyndar orðið að umtalsefni í fjölmiðlum þar.

[14:39]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Margt get ég tekið undir í ræðu formannsins og undir það tek ég að vinna nefndarinnar er bæði umfangsmikil og vönduð. Þarna er verklag og meginhagsmunir kortlagt með prýðilegum hætti, þjóðhagsleg áhrif lögð fram með nokkuð skýrum hætti, en formaðurinn spurði: Hvernig lítur mælingin út að lokum, hvernig er hagsmunamatið hverju sinni?

Hann nefndi sjálfur til sögunnar fyrr í vetur að þegar herinn fór og hinar miklu dýfur krónunnar eftir að hún hrundi um páskana í fyrra, hefði þetta hagsmunamat einfaldlega breyst og mælingin kallaði á að sótt yrði um aðild að sambandinu og þjóðin kysi í kjölfarið eins og hann orðaði það í fréttum einhverju sinni. Ég er honum hjartanlega sammála um þetta og þess vegna fann ég aldrei þá röksemd í ræðu hans að hagsmunamatið kallaði ekki á það akkúrat núna að við sæktum um aðild eins og hann sagði áðan og síðan færi samningurinn í umsögn þjóðarinnar í kjölfar samningsviðræðna.

[14:41]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel einfaldlega að það þurfi að vera til staðar, eins og ég rakti í löngu máli áðan, einhver samstaða um grundvallaratriði áður en lagt er af stað, um þá hagsmuni sem menn eru sammála um að reyna að verja, um það hvernig menn ætla formlega að ganga frá málinu bæði umbúðum þess þegar lagt er af stað og hvernig málinu á síðan að ljúka samkvæmt stjórnarskrá og lögum.

Það þarf að vera til staðar einhver lágmarks sameiginleg sýn á milli þeirra sem eiga að standa að viðræðuferlinu til þess að ég gæti treyst mér að styðja það að slík umsókn yrði lögð fram. Ég taldi í vetur að það væru jafnvel uppi og að skapast aðstæður á Íslandi til að slík breið pólitísk samstaða gæti náðst en þegar til stykkisins kemur sér maður að áhugi manna á að ganga inn í samstarf við Evrópusambandið er svo mismikill að (Forseti hringir.) það tekst ekki nein samstaða um að verja ákveðna grundvallarhagsmuni sem fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna hafa valdið því að við höfum talið hagsmunum okkar betur borgið utan sambandsins.

[14:42]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að sjaldan í nokkru samfélagi sem sótt hefur um aðild að Evrópusambandinu hafi skapast jafnbreið samstaða og gerst hefur á Íslandi á liðnum mánuðum. Grein í Morgunblaðinu um liðna helgi frá forustumönnum í verkalýðshreyfingu og Samtökum atvinnurekanda vitnar þar mjög skýrt um, stefnumörkun Framsóknarflokksins á febrúarflokksþinginu, viðhorf margra þekktra sjálfstæðismanna í þessu máli og þó að flokkurinn hafi ekki þessa afdráttarlausu afstöðu sjálfur hefur skapast mjög breið afstaða hér á landi og núna reynir á hvort það er meiri hluti fyrir því í þinginu eða ekki. Ég held að farvegurinn gæti ekki verið heppilegri en akkúrat er uppi núna.

Auk þess tókum við og mörkuðum okkur þessa afdráttarlausu stefnu fyrir 15 árum þegar við gerðumst með þeim hætti sem uppi er núna í gegnum EES-samninginn aðili að Evrópusambandinu í gegnum þá aukaaðild sem það svo sannarlega er með sínum mikla lýðræðishalla, með sínum miklu ágöllum sem við höfum engin eða allt of lítil áhrif á eins og þingmaðurinn vék svo prýðilega og skynsamlega að í sinni ræðu. Þess vegna held ég að það hljóti (Forseti

hringir.) að vera samstaða um það núna að reynt sé á það með samningi hvort við eigum að ganga inn og þjóðin kjósi svo um hann.

[14:43]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil bara segja um þetta að mér finnst liggja í þessum orðum sá skilningur að það kunni að vera þannig að þjóðin sé allt annarrar skoðunar en stjórnmálaflokkarnir í landinu. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að þetta mál sé þannig vaxið. Ég hef sannfæringu fyrir því að það verði aldrei samstaða meðal þjóðarinnar um að ganga í Evrópusambandið fyrr en tekist hefur um það pólitísk samstaða, fyrr en tekist hefur um það sátt milli stjórnmálaflokka sem hafa valist til forustu fyrir þjóðina. Þess vegna gef ég lítið fyrir þá hugmyndafræði að það geti tekist sátt um það að án einhverrar samstöðu um grundvallaratriði á pólitískum vettvangi, að það geti verið vilji til þess í þinginu að láta þjóðina fá samning sem enginn (Forseti hringir.) pólitískur stuðningur er við. Þetta á ég bara erfitt með að skilja.

[14:45]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir ágæta og málefnalega ræðu og þakka honum jafnframt vinsamleg orð í minn garð. Ræða hans var yfirgripsmikil og tók á mörgum þáttum og ekki síst þeim sem urðu þess valdandi að ekki náðist full samstaða á vettvangi utanríkismálanefndar. Það var svona helst þegar hann var kominn út í hernaðarlistina og jarðsprengjusvæðin sem hann var kominn á annað flug.

Ég vil bara ítreka það, vegna þeirra orða hans að ekki hefði verið vilji til að ná samstöðu og ekkert staðist af því sem lofað var, að ég tel að á vettvangi nefndarinnar hafi mjög margt verið gert og unnið til þess að ná breiðri samstöðu í málið. Ég álít og hef ekki fengið tilefni til þess að ætla annað, ekki heldur af ræðu þingmannsins, að það sé sæmileg samstaða um þá grundvallarhagsmuni sem við Íslendingar eigum að leggja ef við förum í (Forseti hringir.) aðildarviðræður við Evrópusambandið, jafnvel þótt ekki sé samstaða um leiðina alveg til enda og hinar formlegu hliðar málsins. (**Gripið fram í:** Hvað ætlarðu að segja um ...)

[14:46]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Sé full pólitísk samstaða um það hér á þinginu að verja þá hagsmuni sem eru tilgreindir í áliti meiri hlutans þá fullyrði ég að það verður engin pólitísk samstaða um þann samning sem viðræðunefndin kemur heim með til Íslands vegna þess að það er algjörlega útilokað að allir þeir hagsmunir sem þar eru tilgreindir verði varðir í viðræðum við Evrópusambandið.

Það er þetta raunsæi sem ég er að kalla eftir hérna í umræðunni, raunsæi um það sem er raunhæft. Það er gott að skilgreina hagsmunina. Það vantar raunsæið í umfjöllunina um það hverju er hægt að ná fram og það vantar allt hjarta í þetta mál. Það vantar alla ástríðu fyrir því að ganga inn í Evrópusambandið. Hvar eru þeir sem vilja fara þarna inn á grundvelli þeirra hugsjóna sem Evrópusambandið stendur fyrir? Þeir láta ekki í sér heyra hér. Það sem menn tala um hérna er fyrst og fremst að þörf sé fyrir það í íslensku samfélagi að leyfa þjóðinni að fá samning til að kjósa um. Það er bara þannig.

[14:47]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vakti sérstaklega máls á því í framsöguræðu minni að þetta væri einmitt eitt af því sem við þyrftum að ræða sérstaklega þegar kæmi að því að taka afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu, það væri ekki bara samningur og efnisinnihald hans heldur líka hugsjónirnar sem hv. þm. Bjarni Benediktsson vék hér að. Margir eiga sér þá hugsjón að Ísland eigi að vera hluti af þessu samstarfi Evrópuríkja á vettvangi Evrópusambandsins. Aðrir eiga sér hugsjónina um ævarandi sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar sem ekki megi skerða með nokkrum hætti og það eru málefnaleg — kannski tilfinningaleg — en málefnaleg rök sem munu eiga erindi í umræðuna þegar þar að kemur.

[14:48]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Ég vil segja það í tilefni af þessum orðum hv. formanns nefndarinnar að þeir kunna að finnast hér einn og einn í þingsalnum. En ég finn ekki þessa breiðu samstöðu um þá ástríðu sem ég er hér að vísa til. Ég efast ekki um að með orðum mínum hef ég æst upp hérna einn og einn sem mun koma og lýsa ást sinni á Evrópusambandinu. En þessi ást er ekki úti í samfélaginu og hún er alveg greinilega ekki hér á ráðherrabekkjunum eða í ríkisstjórnarsamstarfinu og ég skynja hana ekki almennt hér í þingsalnum.

Þegar ég fer hins vegar til fundar við Evrópuþingmenn úti í Brussel, sem ég hef gert í starfi mínu á vettvangi Alþingis þá skynja ég þetta hjarta. Þá skynja ég þá sannfæringu sem menn hafa þar fyrir því að þetta sé staðurinn, að þarna eigi menn að ráða ráðum sínum, þarna eigi menn að koma saman og setja reglurnar sameiginlega.

En hér á Íslandi snýst málið um allt annað. (Forseti hringir.) Það snýst um ískalt hagsmunamat. Það snýst fyrst og fremst um íslensku krónuna. (**Gripið fram í:** Stundum ... eftir á.)

[14:49]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er óneitanlega gaman að koma í kjölfar þessara orðaskipta hér upp. Ég þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir yfirgripsmikla ræðu þó að ég verði að viðurkenna að ég átti svolítið erfitt með að gera mér grein fyrir hver hans skoðun og flokks hans væri á málinu.

Ég er hins vegar algjörlega sammála formanni Sjálfstæðisflokksins um það að þetta mál, eins og öll önnur stór mál í einu samfélagi, íslensku samfélagi, krefst pólitískrar leiðsagnar, krefst þess að stjórnmálaflokkar hafi stefnu í

málinu. Svo hlýði ég hér á ræðu formanns Sjálfstæðisflokksins og sá flokkur hafði, alla vega síðast þegar ég gáði, þá stefnu að ganga ekki í Evrópusambandið. En formaðurinn hefur varið hér heilum klukkutíma í að gera ítarlegar athugasemdir við það hvernig eigi að standa að samningaviðræðum og hvort og hvernig samning ætti að fá í stað þess að fara í hina ástríðufullu, efnismiklu ræðu gegn Evrópusambandinu.

[14:51]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nú erfitt að gera öllum til geðs í þessari umræðu. Það bara er einfaldlega þannig að hér liggur fyrir tillaga frá stjórnarflokkunum um að ganga í Evrópusambandið af því bara, um að ganga í Evrópusambandið án þess að nein samstaða sé um það meðal ríkisstjórnarflokkanna, án þess að rökin séu færð fyrir því að það sé skynsamlegt, eftirsóknarvert. Nei, það er látið algjörlega hjá líða. En því er skýrt haldið til haga að menn áskilji sér rétt til að berjast gegn niðurstöðunni. (**Gripið fram í:** Já.)

Þegar maður kallar eftir því hér við síðari umr. að hæstv. ráðherrar geri grein fyrir því hvað verði samningsbrjóturinn í viðræðum við Evrópusambandið þá fær maður loðin svör.

Ég veit að hv. þingmaður talar gegn betri vitund þegar hún segir að henni sé ekki stefna Sjálfstæðisflokksins skýr vegna þess að við höfum farið í gegnum hagsmunamatið. Ég lét vera að rekja það hér að nýju vegna þess að um það var rætt meðal annars í kosningunum í vor. Við höfum metið hagsmunina þannig að þeir séu meiri á grundvelli (Forseti hringir.) óbreytts ástands en að ganga inn.

Ég lét þess líka getið að þessi stefna er ekki meitluð í stein. (Forseti hringir.) Þetta eru engin trúarbrögð og við viljum viðhafa viðvarandi hagsmunamat.

[14:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta skýrði málið ekki. Á annan veginn segir formaður Sjálfstæðisflokksins að það sé bara hið íslkalda hagsmunamat sem valdi því að menn hafi enga skoðun í málinu og enga ástríðu fyrir Evrópuhugsjóninni. En síðan segir hann sjálfur að það sé niðurstaða Sjálfstæðisflokksins að hið íslkalda hagsmunamat sé þannig að þrátt fyrir allt hið góða sem hann sér í Evrópu, eins og hann lýsti því í ræðu sinni, þá geti menn ekki farið inn.

Ég á bara mjög bágt með að skilja þetta, frú forseti. Ég á mjög bágt með að skilja þennan málflutning. Um leið er verið að kalla eftir pólitískri leiðsögn. Um leið er verið að kalla eftir stefnu. Af hverju segja sjálfstæðismenn ekki eins og er? Þeir vilja ekki fara inn í Evrópusambandið. Þeir hafa aldrei viljað það. Tillagan um að undirbúa umsóknina betur var bara svona plattillaga frá stjórnarandstöðunni. (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa.)

[14:53]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef hv. þingmaður er að reyna að dýrka fram stefnu Sjálfstæðisflokksins þá er það algjör óþarfi vegna þess að ég er búinn að margendurtaka það hér hvernig hagsmunamatið í málinu liggur.

Þegar ég tala um hjartað í Evrópuumræðunni á Íslandi er ég einfaldlega að benda á það að Ísland er dálítið sérstakt þegar kemur að umræðu um Evrópusambandið. Það er ekkert Evrópusambandshjarta hérna á Íslandi. (Gripið fram í.) Þannig er umræðan einfaldlega og hún stjórnast mjög mikið af þessu. Þess vegna soðnar hún niður í mjög kalt hagsmunamat og meira að segja sá flokkur sem harðast mælir fyrir því að ganga í Evrópusambandið heldur hæst á lofti sjónarmiðum varðandi gjaldmiðilinn. Skoðið til dæmis skýrsluna frá 2007. Um hvað eru fulltrúar Samfylkingarinnar að tala í þeirri skýrslu? Fyrst og fremst um gjaldmiðilsmálin og stöðugleikann. Eru þeir að tala eitthvað um Evrópusamstarfið? Það er varla að (Forseti hringir.) það sé orði á það minnst. Þannig hefur það líka verið í umræðunni um þetta þingmál. Það eru þeir sem leggja til að gengið verði til viðræðna (Forseti hringir.) við Evrópusambandið sem eiga að færa fyrir því rökin en ekki þeir sem koma með ábendingar um hversu illa er staðið að málinu, þ.e. um hvers vegna það eigi ekki að gera.

[14:55]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 2. minni hluta utanríkismálanefndar. Þrjú álit koma frá nefndinni og eins og komið hefur fram er ekki algjör einhugur meðal þeirra sem mæla með áliti meiri hlutans.

Í þessu stóra máli — og ég held að það hljóti að vera óumdeilt að þetta er stórt mál, líklega og að öllum líkindum eitthvert það stærsta sem Alþingi hefur nokkurn tíma fjallað um — var lögð gríðarleg áhersla á að málið yrði unnið þannig að ná mætti sem víðtækastri sátt og að sjónarmið sem flestra fengju að njóta sín og ef fara ætti í þessa vegferð þyrfti að gera það á sem breiðustum grunni.

Nú er ljóst að það hefur ekki tekist frekar en ýmislegt annað sem stjórnarliðar töluðu fyrir að ætti að byggja á breiðum grunni og sátt þegar núverandi stjórn tók við völdum. Í þessu máli er ekki við formann utanríkismálanefndar að sakast, hann hefur unnið mjög gott starf í nefndinni, sérstaklega hvað varðar Evrópumálin, og er óneitanlega í erfiðri stöðu tilheyrandi flokki sem hefur mjög afdráttarlausa afstöðu til Evrópusambandsins og tekur afstöðu gegn aðild Íslands að því, og formaður utanríkismálanefndar ítrekaði og áréttaði þá afstöðu flokks síns áðan. Það er þar af leiðandi erfitt hlutskipti að þurfa að koma á einhverju sem viðkomandi er sjálfur andsnúinn og flokkur hans, það verður að virða. En það er óneitanlega undarlegt að málið skuli bera að með þeim hætti að hér sitji ríkisstjórn sem skiptist algjörlega í tvö horn í þessu máli og skoðun annars flokksins virðist fullkomlega hafa orðið ofan á. Það er ekki bara í þessu máli, við sjáum þetta í raunar flestum málum sem voru áherslumál Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs fyrir kosningar að þeir hafa þurft að gefa eftir.

Lögð var mikil áhersla á það sem mótvægi við þessa niðurstöðu, þ.e. eftirgjöf Vinstri grænna í málinu, að menn skyldu fá að greiða atkvæði einungis eftir sannfæringu sinni

í málinu og samvisku. Það hefur verið gert í flestum flokkum, held ég, menn hafa fengið algjört frelsi til þess að greiða atkvæði og tala eftir sannfæringu sinni og það á svo sannarlega við í mínum flokki eins og menn hafa þegar fengið að heyra. En eitthvað virðist vanta upp á þetta hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eins og kom í ljós við upphaf þingfundar í dag og kemur reyndar í ljós þegar skoðað er hvað þingmenn þess flokks hafa sagt um afstöðu sína, annars vegar ítreka þeir að þeir séu andsnúnir aðild að Evrópusambandinu en sumir þeirra segjast þó ætla að styðja tillögu stjórnarinnar þar um.

Það er ekki bara samstarf innan ríkisstjórnarinnar sem er ekki alveg með felldu í þessu máli, það vantar mikið upp á að unnið hafi verið í þeirri samstöðu. Það hefur í raun gleymst að ná samstöðu og samvinnu við nánast flestalla sem ætti að ná samvinnu við í þessu máli ef frá eru taldir þeir sem kallaðir voru á fund nefndarinnar eða gáfu kost á áliti þar og höfðu í raun flestir þegar lýst skoðun sinni. Með þessu á ég við það að ekki er búið að vinna þá vinnu sem þurfti að vinna til þess að menn gætu lagt af stað í þessa miklu vegferð og margt af því er ítrekað í tillögu 54 sem svo er kölluð, þ.e. þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar varðandi Evrópumálin. Þetta hefur svo komið berlega í ljós á síðustu vikum aftur og aftur. Það kom á daginn að utanríkisráðherra var á ferðalögum til þess að kynna afstöðu Íslendinga til Evrópusambandsins án þess að hafa haft um það nokkurt samráð við formann utanríkismálanefndar, utanríkismálanefnd, hvað þá þingið.

Haldinn var fundur í Noregi nýverið, fundur EFTA-þjóðanna, þar sem kom berlega í ljós að vinnan út á við, samskiptin við þær þjóðir sem við eigum í hvað mestum samskiptum við og erum bundin hagsmunatengslum við, hafði ekki verið unnin. Það var í raun hálfvandræðalegt að mæta á fund með hinum EFTA-þjóðunum og komast að því að það hafði ekki einu sinni verið haft fyrir því að setja þessi lönd inn í hvað væri í vændum eða hvernig samskiptum við þessi ríki yrði háttað í framhaldinu. Það má eiginlega segja að það hafi gætt hneykslunar í málflutningi fulltrúa frá Noregi, Liechtenstein og Sviss þegar þeir undrandi lýstu því að Ísland væri í miklu samstarfi við þessi ríki EFTA, hefði tekið á sig skuldbindingar þar með þessum löndum, væri að semja um fríverslunarsamninga við Indland, Rússland, nýbúið að semja við Kína og svo birtust allt í einu Íslendingarnir þarna og segðust vera farnir án þess að hafa með nokkrum hætti reynt að ná einhverri samstöðu eða samvinnu við þessa bandamenn okkar í EFTA um það. Svona hefur þetta mál allt saman verið unnið.

Það kom mér þess vegna ekkert á óvart þegar fulltrúar Svisslendinga á þessum fundi áréttuðu það við Íslendinga að það væri mikilvægt að hugsa fram í tímann, taka langtímaákvarðanir og vinna þær vel í stað þess að láta stundarhagsmuni eða geðshræringu yfir ástandi sem vonandi varir ekki lengi ráða algjörlega för. Það er grundvöllur þess málflutnings sem stjórnarandstaðan hefur haft í þessu máli, flokkarnir hafa ekki verið sérlega andsnúnir aðildarviðræðum við Evrópusambandið og jafnvel margir innan stjórnarandstöðuflokkanna mjög hlynntir því að Ísland verði beinlínis aðili að sambandinu. En stjórnarandstaðan hefur lagt á það mikla áherslu að í þessu mikilvæga og gríðarlega stóra máli vinni menn vinnuna sína vel.

Eftir því sem nær hefur dregið þessum degi hefur komið betur og betur í ljós að aðalatriðið í undirbúningi málsins er ekki að vinna vinnuna vel og mæta vel búinn til leiks, aðalatriðið var að knýja málið í gegn með öllum tiltækum ráðum. Þetta birtist glögglega á fundi utanríkismálanefndar þar sem einn nefndarmaður leyfði sér að spyrja mjög eðlilegra spurninga, eðlilegra og sanngjarnra spurninga á borð við það hvað það mundi kosta að fara í aðildarviðræður. Þessi spurning hafði reyndar verið borin fram strax við upphaf vinnunnar og svar ekki þegar fengist. En við það eitt að nefndarmaður úr stjórnarliðinu skyldi spyrja þessarar eðlilegu spurningar, leita eftir nánari upplýsingum, varð uppi fótur og fit og fundi var frestað og svo var fundi aflýst og svo vissu nefndarmenn ekki fyrr en settur var fundur í gærmorgun og málið tekið út án umræðu um álit meiri hlutans, 40 blaðsíðna álit, og menn treystu sér ekki til að fara í umræðu um innihald þess. Það segir sína sögu um hvernig mál þetta allt saman er unnið og hverjar áherslurnar eru. Það er ekki gæfulegt að leggja upp í svona stórt mál með svona veganesti, ég tala ekki um þegar við höfum þegar séð af reynslunni hvað slíkt upplegg hefur í för með sér.

Ekki er hægt annað en að setja þetta mál í samhengi við hina margumræddu Icesave-samninga. Þar fengu menn ákveðin skilaboð frá þinginu um að fylgja viðmiðum sem kölluð eru Brussel-viðmiðin en niðurstaðan, þegar hún kom, hafði svo ekkert með þessi viðmið að gera. Samráð við þingið var ekki neitt, í rauninni var það neikvætt ef eitthvað er því að hæstv. fjármálaráðherra kom hér í pontu tveimur dögum áður en samningurinn var kynntur og fullyrti að viðræður væru ekki einu sinni hafnar og raunar væri málið ekki komið sérlega langt á veg. Svo var skrifað undir það samkomulag í skjóli nætur og reynt að halda því fram að þetta væri til fyrirmyndar í alla staði og raunar góður samningur. Því er ekki haldið fram lengur, og reyndar hefur ekkert staðist af því sem sagt var um Icesave-samningana, en þá er brugðið á það ráð að reyna að þvinga þingið og þjóðina til að fallast á samningana með hræðsluáróðri. Ráðherrar leyfa sér jafnvel að halda því fram að verði ekki fallist á þessa samninga verði Ísland að einhvers konar Kúbu norðursins eða Norður-Kóeru vestursins án þess að rökstyðja það með nokkrum hætti. Er þá ekki eðlilegt að menn óttist að sagan endurtaki sig í þessu máli, sérstaklega í ljósi þess að miðað við það upplegg sem hér er gert ráð fyrir, að málið verði á forræði utanríkisráðuneytisins og utanríkisráðuneyti Samfylkingarinnar skipi samninganefnd og haldi utan um málið í andstöðu vel að merkja við samstarfsflokk í ríkisstjórn, einhvers konar andstöðu, væntanlegri andstöðu, verðandi andstöðu, að menn hafi áhyggjur af hvað út úr því kemur? Telur einhver að það sé raunhæfur möguleiki fyrir Samfylkinguna að koma til Íslands og tilkynna það að það hafi bara ekki náðst samningar, Evrópusambandið hafi ekki verið tilbúið að gefa eftir varðandi grundvallarhagsmuni Íslands og þar af leiðandi hafi menn gefist upp á samningum?

Þetta er að sjálfsögðu óhugsandi í ljósi ekki bara málflutnings Samfylkingarinnar heldur þess að sá flokkur byggir alla sína pólitísku tilveru á því að Ísland gangi í Evrópusambandið svoleiðis að samningsstaða á þeim grunni er

varla sérstaklega sterk. Evrópusambandið, rétt eins og samninganefndir Breta og Hollendinga í Icesave-málinu, gerir sér fyllilega grein fyrir því á hvaða forsendum samninganefnd Íslendinga mun koma til Brussel til þess að ræða um hugsanlegan aðildarsamning. Þeir gera sér grein fyrir því að sú samninganefnd verður ekki í aðstöðu til annars en að taka því sem að henni er rétt, svoleiðis að menn geta þá ímyndað sér hvort þessi ríki, sem voru svo liðleg við okkur á ögurstundu hjá okkur í Icesave-málinu eða hitt þó heldur, muni sýna okkur sérstaklega mikinn skilning og veita okkur, einu ríkja í Evrópu, miklar undanþágur frá þeim lögmálum og skilmálum sem Evrópusambandið byggist á. Ætli það sé líklegt að það verði sá viðsnúningur, sérstaklega ef málið er á forræði flokks sem öllum má vera ljóst að er ekki í aðstöðu til annars en að taka því sem að honum er rétt?

Hvaða niðurstöðu stöndum við þá frammi fyrir? Hún getur á engan hátt orðið góð, hvorki fyrir þá sem telja Íslandi best borgið innan Evrópusambandsins né aðra. Ef hér er komið með samning sem unninn er á þessum forsendum, samning sem er ekki óaðgengilegur en vænta má að allt kapp verði lagt á að sannfæra þjóðina um að verði að samþykkja til að Ísland verði ekki að Kúbu norðursins og óheftur hræðsluáróður settur í gang rétt eins og varðandi Icesave-samningana. Samþykki menn inngöngu í Evrópusambandið á þeim forsendum og samning við Evrópusambandið verður aldrei sátt eða friður um það í framhaldinu auk þess sem Ísland verður þá komið inn í Evrópusambandið á mjög óheppilegum forsendum og þá getum við ekki átt von á að hafa mikil yfirráð yfir náttúruauðlindum eða hafa mikið frelsi til að stunda matvælaframleiðslu eins og menn hafa þó verið nokkuð sammála um að séu grundvallarhagsmunir Íslendinga.

Ef samningurinn yrði hins vegar felldur, hvar stöndum við þá? Þá er búið að fara í langa, dýra og vonlausa vegferð við það að sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu en án árangurs og hvert verður þá hlutverk Samfylkingarinnar í framhaldinu eða annarra Evrópusinna? Hvaða staða er þá upp komin? Að leggja af stað með þetta mál á þennan hátt er í rauninni engum gagnlegt og það ætti þess vegna að hafa verið lögð meiri áhersla á það að standa við þann vilja sem lýst var í orðum, að ná sem breiðastri sátt og samstöðu, og vinna þetta mál vel í stað þess að hengja sig í einhverjar dagsetningar af nánast þráhyggju og þvinga málið í gegnum þingið á fáránlega stuttum tíma miðað við umfang þess og þá miklu hagsmuni sem um er að ræða.

Það hefði þó mátt notast við þá leið sem Framsóknarflokkurinn hefur farið í Evrópumálum einmitt í þeirri stöðu sem nú er uppi í Evrópusambandsmálinu. Framsóknarflokkurinn hefur lengi rætt kosti og galla Evrópusambandsins og það eru skiptar skoðanir innan þess flokks eins og flestra annarra flokka. Á flokksþingi í janúar komust menn að niðurstöðu, sameiginlegri niðurstöðu sem mjög breið sátt og samstaða náðist um og hefði getað orðið ágætisuppskrift að mínu mati að uppleggi varðandi samskiptin við Evrópusambandið. Hún byggðist á því, eins og flestir þekkja, að farið yrði í aðildarviðræður við Evrópusambandið en með ákveðnum skilyrðum, að vissir hlutir yrðu ekki gefnir eftir. Ástæðan fyrir því að þetta er svo góð leið til þess að ná sátt og samstöðu um málið er sú að deilurnar um Evrópusambandið snúast ekki um það að menn leggi svo ólíkt mat á hverjir hagsmunir þjóðarinnar séu eða hvert mikilvægi þeirra er heldur að hversu miklu leyti hægt sé að verja þessa hagsmuni í samningaviðræðum við Evrópusambandið. Um það hafa menn deilt í a.m.k. 20 ár og reyndar lengur og ekki komist að nokkurri niðurstöðu. Það eru í raun meginrökin núna, þau rök sem stjórnin heldur helst á lofti fyrir því að farið verði í aðildarviðræður, að skera þurfi úr um þetta gamla deilumál hverju megi ná fram í viðræðum við Evrópusambandið.

En ef það liggur fyrir að þessir hagsmunir, sem við flest erum sammála um að séu grundvallarhagsmunir Íslands, hagsmunir sem ekki beri að fórna, hagsmunir sem meira að segja hæstv. utanríkisráðherra hefur lagt áherslu á að eigi ekki að fórna, ef við leggjum í þetta með það sem skilyrði, ófrávíkjanlegt skilyrði sem fólk trúir raunverulega að staðinn verði vörður um, gætu bæði þeir sem telja að ekki verði hægt að verja þessa hagsmuni í samningum við Evrópusambandið sem og hinir sem telja að hægt sé að ná fram sérstökum ákvæðum eða undanþágum, sæst á viðræðurnar. En þetta er að sjálfsögðu háð því að menn trúi því raunverulega að vörður verði staðinn um skilyrðin.

Í áliti meiri hluta eru taldir upp allir þessir helstu hagsmunir sem ég hef hér fjallað um og nefnt að séu í raun tiltölulega óumdeildir, þetta séu þeir hagsmunir sem verði gætt í viðræðum við Evrópusambandið. Skárra væri það nú. Það segir sig sjálft að í samningaviðræðum muni menn gæta hagsmuna og þeir hagsmunir sem taldir eru upp í áliti meiri hlutans eru nánast óumdeildir og að taka það fram í greinargerð er því nánast óþarft. Það liggur algjörlega fyrir að ætli menn í viðræður muni ríkið að sjálfsögðu vilja standa vörð um sína helstu hagsmuni, ég tala ekki um þegar þeir hagsmunir eru nánast óumdeildir. Það vantar hins vegar trúverðugleikann, það vantar að fólk geti treyst því að skjaldborg verði slegin um þessa hagsmuni og þeirra gætt til hins ýtrasta. Lái mönnum hver sem vill að efast um það að menn verði í stakk búnir og tilbúnir til að standa við þessa hagsmuni þegar á hólminn er komið. Ríkisstjórnin hefur ekki staðið við margt af því sem heitið var varðandi samráð og samstöðu og ljóst er að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur gefið eftir nánast alla þá grundvallarhagsmuni sem hún talaði fyrir í kosningabaráttunni. Ég hef rakið hér fyrr í hvaða stöðu Samfylkingin er til að standa vörð um þessa hagsmuni. Hvers vegna ætti þá íslenskur almenningur að trúa því ef Samfylkingin fær umboð til þess að fara í þessar viðræður, óheft umboð, að menn muni standa vörð um þessa hagsmuni, að Vinstri grænir muni allt í einu taka á sig rögg og segja: nei, hingað og ekki lengra, eða að Samfylkingin muni malda í móinn þegar Evrópusambandið útskýrir að það sé ekki hægt að veita eftirgjöf gagnvart Íslandi?

Svo bætist það ofan á að farið er í þessar viðræður við þær aðstæður að Ísland er í efnahagslegum skilningi og raunar víðari skilningi á hnjánum. Menn þekkja allir stöðu okkar, um allan heim þekkja menn stöðu efnahagsmála á Íslandi. Þegar Ísland svo mætir til aðildarviðræðna við Evrópusambandið verður það að sjálfsögðu tekið með í reikninginn og menn gera sér grein fyrir því að samningsstaðan sé kannski ekkert sérstaklega sterk. Jafnframt gera menn

sér grein fyrir því að Ísland sé líklega bara að sækja um aðild að Evrópusambandinu út frá skammtímahagsmunum vegna þess að landið telji sér best borgið efnahagslega, í ljósi þess hvernig fyrir landinu sé komið, með inngöngu í sambandið en ekki vegna þess að Íslendingar hafi raunverulega trú á þeim hugsjónum sem Evrópusambandið snýst um. Við höfum þegar séð umfjöllun í þessa veru í erlendum fjölmiðlum og það er óskemmtilegt að lesa það um Ísland til viðbótar við alla umfjöllunina um hvernig farið hafi fyrir landinu, að nú ætlum við að sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu bara út frá sérhagsmunum okkar, bara til þess að redda okkur í þeim vandræðum sem við erum í akkúrat núna. Tímasetningin er því heldur ekkert sérstaklega góð.

Færu menn þá leið sem Framsóknarflokkurinn náði sátt um, að hafa skilyrðin á hreinu og vera tilbúnir að verja þau skilyrði en gefa þau ekki eftir, þá væri áhættan minni, þá gætu menn leyft sér að fara í viðræður og þá væri líka staða samninganefndarinnar sterkari. Þar af leiðandi ætti Samfylkingin að gleðjast yfir þessari tillögu og taka henni fagnandi vegna þess að ef samninganefndin færi út með þessi skilyrði þannig að menn vissu að ákveðna hluti mætti ekki gefa eftir, yfirráð yfir náttúruauðlindunum, möguleika okkar á að vernda fæðuöryggi þjóðarinnar, vernda fullveldi þjóðarinnar, þá væri staða samninganefndarinnar miklu sterkari. Hugsanlega mundi Evrópusambandið bara segja strax: Nei, þetta er ekki hægt, þessi skilyrði ykkar eru of stíf, og senda samninganefndina heim. Vonandi mundi það ekki gerast, ég tel að það mundi ekki gerast.

Þetta mundi því aðeins styrkja samningsstöðuna og þar af leiðandi vera kostur fyrir Samfylkinguna þegar út í viðræðurnar væri farið. Nóg var nú fjallað um þessi skilyrði Framsóknarflokksins þegar flokksþingið samþykkti þau á sínum tíma og sitt sýndist hverjum. Til þess var líka leikurinn gerður að sameina þá sem hafa ólíka sýn á það hverju hægt er að ná fram og hverju ekki. Sumir gerðu grín að því að þessi skilyrði væru svo stíf að ekki yrði til neins að fara í viðræðurnar, sendinefndin yrði send heim strax mætti hún með þessi skilyrði. Aðrir töldu skilyrðin þess eðlis að vel mætti ná þeim fram. Í þessu kristallast sá ólíki skilningur sem menn hafa á því hvað felist í viðræðum en jafnframt möguleikinn á að ná sátt með því að fara þessa leið. Ég held því að það hefði gagnast mun betur og mundi gagnast betur að nýta þessa leið en að fara með það upplegg sem hér er gert, að aðeins annar flokkurinn vilji ná samningum, hinn sætti sig við samningaviðræðurnar og þann kostnað og þá fyrirhöfn sem því fylgir en ætli síðan að berjast gegn niðurstöðunni þegar hún liggur fyrir, eins og var ítrekað nú síðast í málflutningi formanns utanríkismálanefndar sem ítrekaði það að flokkur hans áskildi sér rétt til þess að verða gegn samningunum en jafnframt ítrekaði hann að lagt yrði mikið kapp á það að ná sem bestum samningum. Til þess yrði endurskipulagt í ráðuneytum, varið í þetta fjármagni til að vinnan gæti verið sem best og mest, þannig að markmiðið er sem sagt að leggja í kostnað og endurskipulagningu stjórnsýslunnar til að ná sem bestum samningum til þess að geta svo í framhaldinu barist gegn þeim sömu samningum.

Þetta er allt saman hið undarlegasta mál og ég er dálítið hræddur um að þetta upplegg og þessi umræða muni ekki vera til að bæta ímynd Íslands á þeim alþjóðavettvangi sem öðrum stjórnarflokknum er svo hugleikinn, því að við verðum að hafa það hugfast að það er fylgst með því sem gerist á Íslandi, það er fylgst með umræðunni hér á landi. Við erum ekki einangruð, hvorki hvað varðar efnahagsmálin né hina pólitísku umræðu svoleiðis að menn munu vissulega gera sér grein fyrir því á hvaða forsendum verið er að fara út í þessa vegferð og hætt við að hún geri þá ekki annað en að framlengja niðurlægingu Íslands á þessum margumræddu alþjóðavettvangi.

Afstaða Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í þessu máli hefur mikið verið rædd. Í upphafi þingfundar í dag var síðan endanlega staðfest hvers eðlis aðkoma vinstri grænna að þessu máli er, það er byggt á þvingunum, byggt á því að láti vinstri grænir ekki undan í þessu máli eins og öðrum geti menn ekki átt von á áframhaldandi stjórnarsamstarfi. Hræðsluáróðrinum er beitt grimmt og raunar beinum þvingunum.

Það var oft sagt um Framsóknarflokkinn, og sumir samfylkingarmenn rifja það enn upp þegar þeir lenda í hvað mestum vandræðum, að í flokknum hafi verið tiltekið flokkseigendafélag, lítill hópur manna sem gætti sérhagsmuna að mati þeirra sem telja þetta flokkseigendafélag hafa verið starfandi innan flokksins. Ég ætla ekki að leggja mat á það en ýmislegt í þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á Framsóknarflokkinn vegna starfa hans undanfarin ár á vissulega rétt á sér. Það voru teknar ákvarðanir af hálfu framsóknarmanna, leiðandi framsóknarmanna, sem ekki var sátt um í flokknum. Ákvörðun um að styðja hernað í Írak, fáránleg ákvörðun, algjörlega fráleit ákvörðun sem flokksmenn voru harðir andstæðingar þess að yrði gert. En þetta var keyrt í gegn. Menn fengu ekki að hafa þá skoðun sem þeir vildu á þessu máli, ákvörðun um hernað í Írak og jafnvel einhverjar ákvarðanir í efnahagsmálum sem menn voru ekki sammála þegar farið var of mikið í átt að frjálshyggjunni, voru keyrðar í gegn af afmörkuðum hópi. Þetta taldi ég vera eitthvað sem við vildum ekki sjá gerast lengur. Þess vegna er mjög leiðinlegt að fylgjast með atburðarásinni hjá vinstri grænum núna þar sem er kannski ekki flokkseigendafélag heldur flokkseigandi sem virðist ráða öllu í þeim flokki um afstöðu flokksmanna sinna jafnvel þó að afstaða hans, sem markast af samstarfsflokknum, sé algjörlega á öndverðum meiði við allt sem þessi flokkur vildi standa fyrir og sagði fyrir kosningarnar.

Ég vona að vinstri grænir geti lært af Framsóknarflokknum hvað þetta varðar. Framsóknarmenn vildu tryggja að svona yrði ekki haldið á málum. Á flokksþingi Framsóknarflokksins voru þau skilaboð send með mjög, mjög ótvíræðum hætti að hvað sem væri til í kenningum um flokkseigendafélag og sérhagsmunagæslu skyldi það heyra sögunni til. Þar af leiðandi þykir mér mjög dapurlegt að horfa upp á þróunina hjá vinstri grænum núna og ég vona að þeir hverfi af þessari braut og það sem gerðist við upphaf þingfundar í dag sé upphafið að því. En það sem gerðist við upphaf þingfundar í dag sýnir okkur kannski líka að þingið er einfaldlega ekki í stakk búið til að taka á þessu máli. Alþingi Íslendinga virðist ekki fá að njóta sín sem skyldi, þingmenn virðast ekki fá að greiða atkvæði eins og þeir helst vildu, eins og kom fram í málflutningi hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar. Þar af leiðandi hljótum við að

velta því fyrir okkur hvort úr því sem komið er, í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin í þessu máli, eigi að ljá máls á því að þjóðin fái einfaldlega að skera úr um það hvort farið verði í aðildarviðræður eða ekki, hvort farið verði af stað í þessa miklu, kostnaðarsömu, erfiðu og vandasömu vegferð sem við erum þó þeirrar skoðunar að eigi að fara í en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Við hljótum að velta því fyrir okkur, ekki hvað síst í ljósi orða formanns utanríkismálanefndar áðan sem hélt því fram að ástæðan fyrir því að farið yrði í viðræður við Evrópusambandið þrátt fyrir andstöðu flokks hans væri sú að kannanir bentu til þess að það væri ríkur vilji til þess meðal þjóðarinnar að fara í viðræður. Hvað segja skoðanakannanir um afstöðu þjóðarinnar til þjóðaratkvæðagreiðslna? Hvað segja skoðanakannanir um afstöðu þjóðarinnar til þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort fara eigi í aðildarviðræður við Evrópusambandið? 80% þeirra sem tóku afstöðu telja að Íslendingar eigi að fá í þjóðaratkvæðagreiðslu að greiða atkvæði um hvort farið verði í aðildarviðræður. Þetta er þegar litið er fram hjá þeim sem taka ekki afstöðu og þótt þeir séu með eru um 76% þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að fá að greiða atkvæði um þetta mál. Fram hjá þessu er varla hægt að líta sé málflutningur stjórnarinnar byggður fyrst og fremst á því að það séu merki um það að vilji þjóðarinnar standi til að fara í viðræður.

Slík þjóðaratkvæðagreiðsla er óþörf að mati framsóknarmanna ef menn setja þau skilyrði sem ég fjallaði um hér í byrjun og þora að standa við þau. Þá geta menn með ólíkar skoðanir sameinast um það að fara í viðræðurnar og sjá til hvers þær leiða í trausti þess að menn muni standa vörð um þessa grundvallarhagsmuni. Sé þetta ekki til staðar, séu menn ekki tilbúnir að fara þessa framsóknarleið, hverju stöndum við þá frammi fyrir? Að hætta við? Nei, það er ekki góður kostur, ekki úr því sem komið er. Við viljum fá úr þessu skorið eða leyfa þjóðinni að taka ákvörðun um málið. Kannski er það ekki svo slæmur kostur geti menn ekki séð ljósið hvað varðar tillögu Framsóknarflokksins. Ég hvet þingmenn til þess að ræða þetta mál á málefnalegan hátt og sýna þjóðinni a.m.k. þá virðingu að gera ekki lítið úr vangaveltum um það hvort þjóðin eigi hugsanlega að fá að taka þessa ákvörðun frekar en þingið sem virðist ekki vera fært um það.

[15:24]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er einfaldlega staðreynd að stjórnskipanin gerir ráð fyrir því að utanríkisráðherra leiði þetta samningaferli. Ég er hins vegar alveg sammála hv. þingmanni og þeim sem hér hafa talað í dag að það er nauðsynlegt að ná breiðri samstöðu líka meðal stjórnmálaflokkanna. Þess vegna tel ég, þó að það sé utanríkisráðherra sem formlega skipar samninganefndina, að nefndin eigi að endurspegla vilja okkar sem að þessu máli standa til þess að það endurspeglist líka hjá þeim sem hafa með höndum pólitísk völd í samfélaginu í gegnum sínar hreyfingar.

Í annan stað vildi ég segja, frú forseti, að ég er algjörlega ósammála hv. þingmanni um það hvernig ber að skilja ályktun Framsóknarflokksins. Það er satt að þar koma fram skilyrði en síðan segir: „Þessi helstu samningsmarkmið sem og önnur verði lögð til grundvallar.“ Ekki að þau séu ófrávíkjanleg heldur eru þau lögð fram sem grundvöllur samningaviðræðna, það skiptir ákaflega miklu máli. Það er það sem segir orðrétt í ályktun um aðildarviðræður við Evrópusambandið sem var samþykkt á flokksþingi hjá hv. þingmanni.

[15:25]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ein helstu vonbrigði mín eftir að ég fór að taka þátt í stjórnmálum voru þau að átta mig á því að svokallaðir pólitískir spekingar, stjórnmálafræðingar sem oft er leitað álits hjá í fjölmiðlum, vissu ekkert um hvað þeir voru að tala. Þegar maður komst í aðstöðu til að fylgjast með málinu frá báðum hliðum sá maður að vangaveltur þessara manna voru yfirleitt algjörlega út í hött.

Nú hefur hæstv. utanríkisráðherra tekið að sér hlutverk pólitísks skýranda og umræðuefnið er flokkssamþykkt Framsóknarflokksins. Ég get upplýst hæstv. ráðherra um það að ég tók mikinn þátt í umræðum um þessa flokkssamþykkt og það var algjörlega á hreinu að mikilvægi þess að um skilyrði væri að ræða sneri að því að þetta væri óeftirgefanlegt, enda var umræðan um það frá samflokksmönnum hæstv. utanríkisráðherra öll á þá leið að skilyrði Framsóknarflokksins væru svo stíf að það væri í rauninni ekki hægt að segja að Framsóknarflokkurinn vildi sækja um aðild því að það væri ekki hægt að fara í viðræður með svo stíf skilyrði.

[15:26]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sem betur fer ekki pólitískur spekingur, ég er bara aumur fyrrverandi líffræðingur, en það vill svo til að það eru framsóknarmenn hér í salnum sem hafa lagt sama mat og ég á ályktunina. Tveir framsóknarmenn sem hafa talað í dag voru á flokksþinginu og tóku þar þátt í umræðum. Mat þeirra beggja er að það álit sem kemur frá meiri hluta utanríkismálanefndar falli eins og flís við rass að því er varðar þessa ályktun.

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að Framsóknarflokkurinn setti ákveðin skilyrði, hann útfærði þau sjálfur, sagði að í fyrstu skrefunum ætti það sem hann kallaði samningsmarkmið, og taldi upp að ofan þessi skilyrði, að leggja til grundvallar — ekki að vera ófrávíkjanlegt, heldur að leggja til grundvallar.

Mig langar svo aðeins til að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi skipt um skoðun frá því í mars sl. þegar hann sagði á viðskiptaþingi: „Afstaðan er að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru.“ Hefur hann skipt um skoðun á því?

[15:27]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef lesið þessi orð sem eftir mér voru höfð í *Fréttablaðinu* , ef ég man rétt, en kannast hins vegar

ekki við að hafa sagt þetta með þessum hætti. Ég útskýrði það að Framsóknarflokkurinn vildi fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið, það er stefna flokksins, það þarf ekkert að deila um það. Hvað skilyrðin varðar skil ég vel að hæstv. utanríkisráðherra falli sú túlkun sem komið hefur fram hér fyrr í dag og auðvitað er það eðlilegt að menn vilji túlka hlutina hver á sinn hátt. Það er ekki bara Biblían sem er þess eðlis að menn vilji hver leggja sína túlkun á hana.

Hins vegar er alveg ljóst að ég talaði mjög skýrt á flokksþinginu hvað þessi skilyrði varðaði. Það gerði líka annar formannsframbjóðandi, Höskuldur Þór Þórhallsson, og málflutningur okkar naut töluverðs fylgis, ég held að samanlagt höfum við verið með 82% fylgi svo að sá skilningur sem leggja ber í þetta er að mínu mati ótvíræður.

[15:29]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hér er verið að reyna að grafa upp afstöðu hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar út frá því sem hann hefur sagt. Hæstv. utanríkisráðherra vitnaði í *Fréttablaðið* 14. mars. Síðan er önnur tilvitnun sem ég er með hér sem er í *Fréttablaðinu* 19. mars. Þar segist Sigmundur Davíð sjá fyrir sér að það yrði verkefni nýrrar ríkisstjórnar að sækja um aðild að Evrópusambandinu, með leyfi forseta.

Hér er því verið að reyna að átta sig á því hver sú leið sem hv. þingmaður kallar framsóknarleiðina í ræðu sinni er í raun og veru. Er hún tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla eða e.t.v. þreföld atkvæðagreiðsla um hvort eigi að fara í tvöfalda atkvæðagreiðslu? Hv. þingmaður spyr líka: Hvers vegna ætti fólk að fylgja Samfylkingunni sem er svona einhuga um þetta mál? En af hverju ætti þjóðin að fylgja hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni þegar hans eigin þingmenn gera það ekki?

[15:30]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Hann er alltaf jafn skemmtilega málefnalegur þessi hv. þingmaður, Róbert Marshall. Er það ekki afstaða þessarar ríkisstjórnar að þingmenn eigi eingöngu að fylgja sannfæringu sinni í þessu máli? Mér þykja þetta tíðindi að hv. þingmanni þyki óviðeigandi að ekki séu allir þingmenn sama flokks á sama máli. Þetta er afar áhugavert.

Svo las hv. þingmaður upp einhverja tilvitnun í mig um að það ætti að vera á stefnuskrá nýrrar ríkisstjórnar að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég var að ítreka að það er stefna flokksins að sækja um aðild að Evrópusambandinu með ákveðnum skilyrðum. Ég fór mjög ítarlega yfir þetta í ræðunni. Það er því eins og svo oft þegar þessi hv. þingmaður kemur í ræðustól að það er ekki svo gott að eiga málefnalega rökræðu við hann.

[15:31]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nei, nú var einfaldlega verið að spyrja með mjög málefnalegum hætti: Hver er framsóknarleiðin sem hv. þingmaður nefndi svo í ræðu sinni? (**SDG:** Hlustaðu á ræðuna.) (**Gripið fram í:** Varstu ekki í salnum að hlusta á hana?)

[15:31]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni fyrir hans málflutning og yfirferð á nefndaráliti 2. minni hluta utanríkismálanefndar þar sem hann gerði ágætlega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þar koma fram. Hv. þingmaður notaði nokkurn tíma af ræðu sinni til þess að lýsa áhyggjum sínum af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sérstaklega og sagði meðal annars að hann vonaðist til þess að flokkurinn lærði af Framsókn.

Ég get upplýst þingmanninn um að ég skoðaði mjög ítarlega samþykktir Framsóknarflokksins í þessum málum við vinnslu málsins í utanríkismálanefnd og það er mitt mat — þingmaðurinn kann að vera ósammála mér — að þeim atriðum sem talin eru upp í flokksþingssamþykkt Framsóknarflokksins sé í raun öllum vel til skila haldið í nefndaráliti meiri hlutans og í umfjölluninni um skilyrt umboð finnst mér að það sé í raun og veru komið mjög rækilega til móts við sjónarmið Framsóknarflokksins. Ég hef heyrt að sumir þingmenn eru sama sinnis. Ég vonast til þess að hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson líti (Forseti hringir.) sömuleiðis svo á að í vinnu nefndarinnar hafi einmitt verið reynt að draga lærdóm af flokkssamþykkt Framsóknarflokksins.

[15:32]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Jú, ég hrósaði hv. formanni utanríkismálanefndar einmitt fyrir þá umræðu sem hann stýrði og þar tók hann vissulega tillit til þess sem Framsóknarflokkurinn hefur nefnt um meginhagsmuni. En ég ítrekaði jafnframt að þessir hagsmunir eru óumdeildir nánast. Þetta eru hagsmunir sem ég held að allir stjórnmálaflokkar séu sammála um að séu grundvallarhagsmunirnir í þessu máli. Munurinn liggur í því að Framsóknarflokkurinn skilgreindi þetta sem skilyrði.

Fyrst hv. þm. Róbert Marshall — jú, þarna er hann — var að spyrja um hvað í þessu fælist — hann hefur greinilega ekki nennt að hluta á ræðuna áðan. Ég skal spara honum að fletta þessu upp á netinu — þá felst það í því að menn hafi þetta sem raunverulegt skilyrði sem þeir séu tilbúnir til þess að standa vörð um. Þannig var hægt að ná þessari víðtæku sátt og ég leyfi mér að efast um að hv. formanni utanríkismálanefndar þyki eitthvað óeðlilegt við það í ljósi þess hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig þó að fólk efist um að það sem talið er upp sem hagsmunir Íslands, hagsmunir sem allir eru sammála um, Framsóknarflokkurinn sem og aðrir, þ.e. að menn muni standa vörð um þá svona í ljósi þess hvernig Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur staðið vörð um sín ófrávíkjanlegu stefnumál.

[15:34]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hvet hv. þingmann til þess að lesa gaumgæfilega það sem um þetta mál er ritað í nefndaráliti meiri hlutans og kannski líka að lesa gaumgæfilega ræðu mína

þegar hún verður aðgengileg þar sem ég ræddi líka þessi skilyrði. Breytingartillaga meiri hlutans við þingsályktunartillöguna hnykkir einmitt á þessu sérstaklega.

Af því að þingmaðurinn ræddi sérstaklega um að samninganefnd Samfylkingarinnar ætti að semja við Evrópusambandið þá vil ég bara undirstrika það sem hæstv. utanríkisráðherra sagði í sínu andsvari að þó að málið sé stjórnskipulega á forræði utanríkisráðherra er einmitt ætlunin að tryggja náið samráð á milli þings og framkvæmdarvalds með aðkomu allra stjórnmálaflokka, þar með talið Framsóknarflokksins, að því ferli sem verður farið í verði þessi tillaga samþykkt.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt og það eru ekki innantóm orð, frú forseti, það er ætlun okkar sem að þessu máli stöndum að þannig verði að málum staðið og ég vona að formaður Framsóknarflokksins komi með í þann leiðangur til þess að standa vörð um þessa meginhagsmuni ef Alþingi samþykkir þessa tillögu.

[15:35]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get ekki annað en ítrekað það sem ég hef sagt áður að fullt tilefni er til þess að efast um að þessi ríkisstjórn muni standa við hin fögru fyrirheit um samráð og að hún muni standa á sínu þegar á hólminn er komið. Þetta höfum við séð gerast hvað eftir annað frá því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð komst í ríkisstjórn. Mér dettur í svipinn ekki í hug eitt einasta stefnumál þess flokks fyrir kosningar af meginstefnumálunum sem flokkurinn hefur ekki vikið frá með mjög afgerandi hætti eftir að hann komst í þessa ríkisstjórn.

Í ljósi þess hvernig haldið var á margumræddum Icesave-samningum, þar sem hagsmunirnir eru enn þá meiri en í þessu máli — þeim var fyrir borð varpað. Hæstv. utanríkisráðherra virðist ekki einu sinni telja þá skipta máli þó að hann fái skýrslu, lögfræðiálit um að hagsmunir Íslands séu sterkir — þá eiga menn svolítið erfitt með að trúa því að allt í einu verði algjör viðsnúningur þegar kemur að viðræðum við Evrópusambandið.

[15:36]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Sérkennilegur þótti mér kaflinn um annan stjórnarflokkinn og sannfæringu hans. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að nokkrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa undirstrikað það í þessu máli að eins og í öðrum málum muni þeir fylgja sannfæringu sinni og ég veit ekki til þess að nokkur hafi gert athugasemdir við það.

Ég hlýt að spyrja um sannfæringu hv. þingmanns því að ég fæ ekki betur séð en að formaður Framsóknarflokksins hafi tekið stefnu flokksins og sína eigin sannfæringu og stungið henni undir stól og ætli núna að taka upp tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki vegna þess að það sé sannfæring þingmannsins heldur vegna þess að hann ætlar að stunda klækjastjórnmál af því að hann sér í því hugsanlegt færi á stjórninni og þá skiptir sannfæring hans eða samþykktir Framsóknarflokksins í stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar engu máli.

Tillagan um tvöfalt þjóðaratkvæði, virðulegur forseti, virðist mér þess vegna ekki snúast um sannfæringu þingmanna heldur bara gamaldags bellibrögð í pólitík.

[15:38]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Í fyrri umræðu um þá þingsályktunartillögu sem við ræðum núna benti ég á að Evrópusambandið er samstarf lýðfrjálsra Evrópuríkja. Það var stofnað til að tryggja frið í álfunni og hefur það að leiðarljósi að bæta hag þjóðanna sem eru í samstarfinu og fólksins sem býr í álfunni. Þetta hefur tekist með miklum ágætum þau rúmlega 50 ár sem liðin eru síðan Rómarsáttmálinn var undirritaður. Eðli félagsskaparins sem sóst er eftir hlýtur að skipta máli.

Við höfum átt náið samband við Evrópusambandið í fjölda ára. Flestir þeir sem voru andsnúnir EES-samningnum þegar hann var gerður á sínum tíma eru nú sammála okkur hinum sem hlynnt vorum honum þá, um að hann hafi leitt til blómlegra viðskiptalífs og betri lífskjara en við höfum áður þekkt þó vissulega hafi nú á síðasta ári komið í ljós að sumir kunnu ekki að fara með frelsið. Eftirlitsiðnaðurinn, eins og stofnanirnar sem áttu að sjá til þess að frelsið væri ekki misnotað voru gjarnan kallaðar, sofnaði á vaktinni og við erum að súpa seyðið af því.

Eins og fram kom í ræðu formanns utanríkismálanefndar var fjallað um þingsályktunartillögurnar tvær saman, þ.e. um þingmál nr. 38 og 54, og því var stýrt af mikilli og góðri verkstjórn og þakka ég formanninum það og öllum nefndarmönnum ágæta samvinnu. Nú er því lagt til að við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra muni ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar við þingmál nr. 38.

Eins og ég sagði áðan var samvinnan í nefndinni með ágætum en eins og gerist í stórpólitískum málum náðist ekki samstaða um öll atriði á lokasprettinum. Þess vegna liggja nú fyrir þrjú nefndarálit. Ágreiningsatriðin snúa að því hvort bera eigi ákvörðunina um að sækja um aðild að Evrópusambandinu undir þjóðaratkvæði og svo aftur hvenær þjóðin eigi að greiða atkvæði um aðildarsamning og sannast að segja er ég ekki alveg klár á af hverju þriðja álitið er og síst eftir þær umræður sem fóru hérna fram áðan.

Hvað varðar tillöguna um að bera það að fara í samningagerð eða sækja um aðild að Evrópusambandinu, þ.e. að fara með það í atkvæðagreiðslu þá lít ég á það sem pólitíska brellu af hálfu þeirra sem ekki vilja fara í samningaviðræður til þess að reyna að tefja málið. Ég tel það bara vera pólitíska brellu. Hvað varðar ágreiningsatriði um hvenær eigi að greiða atkvæði um samninginn þá sýnist mér það snúast um að hvort samviska alþingismanna bjóði þeim að fara að niðurstöðu sem verður í þjóðaratkvæðagreiðslu og ég ætla að láta öðrum eftir þá umræðu.

EES-samningurinn markaði vatnaskil í íslensku efnahagslífi en hann nær samt ekki til veigamikilla þátta í atvinnulífi okkar og ber þar fyrst að nefna sjávarútveg og landbúnað. Þessir atvinnuvegir voru burðarásinn í efnahagsstarfsemi hér á landi í gegnum aldirnar og allt líf og menning í landinu bar einkenni þess. En það er liðin tíð og

nú standa þessir atvinnuvegir ásamt öðrum; orkunni, iðnaðinum, menntuninni, listinni, heilbrigðisþjónustunni, versluninni, tölvuleikjum, gervifótum og mörgu öðru, undir efnahagsstarfsemi í landinu og til þess ber að líta í samstarfi okkar og samningum við aðrar þjóðir og umheiminn.

Sá áróður er rekinn gegn samningaviðræðum við Evrópusambandið að við þurfum að gefa eftir yfirráð okkar yfir auðlindinni í sjónum og að sveitir landsins muni leggjast í auðn. Fólk lokar eyrunum og talar hærra þegar staðreynd eins og sú að meginregla við úthlutun veiðiheimilda er í samræmi við það sem nefnt er hlutfallslegur stöðugleiki, þ.e. veiðireynsla á hafsvæðinu næstu níu ár á undan. Öllum sem nenna að hlusta og hugsa um þetta er þó ljóst að það þýðir að íslenskum fiskiskipum verði úthlutað öllum veiðiheimildum á Íslandsmiðum. Ef þessi staðreynd nær ekki skollaeyrum þeirra sem eru andstæðingar þess að við leitum eftir samningum um aðild að Evrópusambandinu er næsta mótbára sú að útlendingar geti stofnað hér útgerðarfélög og þannig veitt frá okkur fiskinn. Þeir loka aftur eyrunum og hækka róminn þegar þeim er bent á að heimilt er að setja reglur um hvar landa skuli aflanum og að sama skapi um búsetu þeirra sem gera skipin út. Ef þessi staðreynd nær eyrum fólks er sagt að sjávarútvegsstefnunni megi breyta og því sé hreint ekki á vísan að róa með ákvæði eins og þessi.

Virðulegi forseti. Ég nefni þessi atriði ekki til að láta líta svo út að samningagerð við Evrópusambandið um þessa miklu auðlind verði auðveld og að við þurfum ekki að halda þar vel á spöðunum. Ég nefni þetta til að benda á að í áköllum um fræðslu og fróðleik um Evrópusambandið virðast að minnsta kosti sumir einungis heyra það sem þeir vilja heyra.

Hvað heldur konan þá að þurfi að semja um? spyr væntanlega einhver. Jú, við þurfum að huga að komandi kynslóðum og tryggja okkur til framtíðar. Ég vænti þess að þingheimur og þjóðin öll sé mér sammála um að óviðunandi niðurstaða í sjávarútvegi hljóti að vera frágangssök í væntanlegum aðildarviðræðum. Við eigum að leggja áherslu á þá staðreynd að stærstu nytjastofnar okkar eru utan hinnar sameiginlegu fiskveiðilögsögu Evrópusambandsins og á þeim rökum eigum við að knýja á um að hafa forræði yfir auðlindinni.

Við þurfum líka að huga vel að því hvernig staðið verði að veiðistjórn ef staðbundnir stofnar breytast í deilistofna og ef stofnar færa sig um set, til dæmis vegna breytinga á umhverfi á norðurslóðum. Við þurfum nefnilega að huga að framtíðinni og hugsa til þess að þær breytingar sem geta orðið þurfi ekki alltaf að verða á þann veg að þær komi okkur vel. Breytingar geta orðið í allar áttir og þá getur verið gott að vera ekki alveg einn á báti.

Engin ástæða er heldur til að ætla að sveitir landsins leggist í auðn. Það hefur sýnt sig í öllum greinum að viðskiptafrelsi hleypir nýju lífi í atvinnugreinar. Auðvitað mun í framtíðinni sem hingað til þurfa að færa peninga til landbúnaðarins. Dæmin frá Finnlandi sanna að leyfilegt að styrkja landbúnað norðan við 62. breiddargráðu umfram það sem kemur úr sjóðum Evrópusambandsins og auðvitað munum við leita eftir slíkum samningi. Þá vil ég halda því fram að íslenskir bændur muni sjá fjölmörg tækifæri á hinum stóra og margbreytta markaði eða öllu heldur mörkuðum sem eru innan Evrópusambandsins. Loks hefur komið fram að ýmsir möguleikar geta opnast fyrir hinar dreifðu byggðir landsins í alls konar evrópsku samstarfi og áætlunum ef við yrðum hluti af byggðasamstarfi Evrópusambandsins. Allir vita sem vilja að í því samstarfi er borin mikil virðing fyrir hinu upprunalega og þá sérstaklega því sem snertir menningu, sögu og tungu.

Evrópusambandið hefur enga skoðun á því hverjir eiga auðlindirnar. Sérhverju ríki sem tekur þátt í samstarfinu er í sjálfsvald sett hvort auðlindir eða fyrirtæki séu í einka- eða ríkiseign. Hins vegar er bannað að mismuna fyrirtækjum eftir eignarhaldi. Ríkisfyrirtæki verða að lúta sömu reglum á markaði og einkafyrirtæki og öfugt. Það getur ekki verið að margir hafi á móti slíku fyrirkomulagi árið 2009.

Virðulegi forseti. Ég hef hér að framan vikið að þeim atvinnugreinum sem mest pláss hafa tekið í umræðunni, þeim atvinnugreinum sem andmælendur aðildar telja að standi mest ógn af aðild að Evrópusambandinu. Í þeirri andrá finnst mér rétt að vekja athygli á mótsögninni sem í raun felst í efnistökunum. Flest félagasamtök sem atvinnurekendur standa að hafa hvatt til þess, sum í bráðum áratugi, að leitað verði eftir aðild að Evrópusambandinu. Þau telja uppbyggingu og þróun atvinnuveganna í landinu best borgið í samfélagi við Evrópuríkin. Nú síðustu mánuði hafa launþegasamtök mörg hver slegist í hópinn og á nefndarfundi utanríkismálanefndar komst fulltrúi Sjómannasambandsins einhvern veginn þannig að orði að það yrði einfaldlega að láta reyna á hvernig samningur fengist til að fá þetta mál út úr heiminum, eins og hann sagði. Það er heiðarleg afstaða og mér þykir hún líka skynsamleg. En það er nú bara mitt mat.

Eins og lög gera ráð fyrir verður samningagerðin sjálf á hendi og forræði framkvæmdarvaldsins. Í nefndarálitinu er fjallað ítarlega um hvernig hinir ýmsu þjóðfélagshópar og Alþingi munu koma að samningagerðinni. Allir, allir sem nefndin talaði við um þessi efni, voru á einu máli um að gott samráð við alla þá hópa í þjóðfélaginu sem vilja koma að málinu skiptir miklu máli og auðvitað verður að hafa gott samráð og samvinnu við Alþingi sem mun gegna veigamiklu eftirlitshlutverki í samningagerðinni allri. Hið sama kemur fram í öllum fróðleik sem finna má um hvernig þjóðir geta best staðið að samningagerð við Evrópusambandið.

Ráðherra sem tekur á sig þá miklu ábyrgð að leiða þessa samningagerð verður að skilja þetta og sjá til þess að þessar kröfur verði uppfylltar. Það er ekki síður mikilvægt að vandlega verði valið til þess mannafla sem mun standa í því daglega og um leið mjög svo krefjandi striti sem samningagerðin verður og á ég þá við það sem kallað er á stofnanamáli samningamenn eða samninganefndir.

Virðulegi forseti. Öllum er okkur sjálfstæði þjóðarinnar mikils virði. Eðli samstarfs innan Evrópusambandsins er að deila ákveðnum þáttum ríkisvaldsins með öðrum þjóðum. Í íslensku máli er talað um yfirþjóðlegar stofnanir. Er þá átt við að í fyrir fram skilgreindum málaflokkum ráða þjóðir ráðum sínum í sameiningu og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Vissulega er það svo að í gegnum árin hefur breyst hvaða málaflokkar þetta eru. Breytingar sem orðið hafa í þá

veru hafa allar orðið með samþykki þjóðanna sem taka þátt í samstarfinu. Þetta er einfaldlega af þeirri ástæðu að engar breytingar er hægt að gera á sáttmálanum nema með samþykki allra þjóða. Það er skýringin á því hvers vegna þjóðir sem taka þátt í samstarfinu þurfa að samþykkja aðild nýrra þjóða að því. Svo mun áfram verða.

Íslensk þjóð varð fullvalda 1. desember 1918 og sjálfstæð urðum við 17. júní 1944. Sjálfstæði og fullveldi í dag er allt annars konar en þá var og felst í því að hafa aðgang að þeim alþjóðasamtökum og stofnunum sem ákveða leikreglurnar sem gilda í heiminum. Þær eru eins og flestir vita allt aðrar í dag en þær voru á tímum gufuskipanna.

[15:51]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Ég veit að hún horfir dálítið mikið til sögunnar í þessu sambandi. Nú er allt breytingum undirorpið, alveg sérstaklega Evrópusambandið, og ef maður lítur eins og ég hef getið um áður 60 ár aftur í tímann og horfir á þær gífurlegu breytingar sem hafa orðið í Evrópusambandinu langar mig til að spyrja hv. þingmann — ég hef spurt hana nokkurs áður og mig langar að spyrja hana aftur: Hvernig sér hún Evrópusambandið eftir 60 ár?

Nú höfum við talað um að breytingar verði á fiskveiðistefnunni og meira að segja við Íslendingar vonumst til að við getum verið þar með ákveðið kennsluhlutverk, getum kennt Evrópusambandinu hvernig eigi að veiða fisk. Ef Evrópusambandið getur breytt reglunum um fiskveiðar í þessa áttina getur það líka breytt þeim í hina áttina. Það er eiginlega hægt að breyta öllu því sem gildir innan Evrópusambandsins eins og mönnum dettur í hug og ef Íslendingum líkar ekki eitthvað geta þeir farið. Í hvaða stöðu erum við þá til að andmæla þegar við erum orðin fastnegld við allt kerfið í Evrópusambandinu? Í hvaða stöðu erum við þá til að mótmæla þeim breytingum sem Evrópusambandið, 500 millj. manns, ákveður? Telur hv. þingmaður að voða mikið verði hlustað á 0,3 millj. á Íslandi þegar slíkar breytingar verða gerðar? Hefur hún enn þá þá trú að Íslendingar muni hafa afdrifarík áhrif á þróun Evrópusambandsins og það muni allt dansa eftir íslenskum töktum og tónum héðan í frá?

[15:52]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, ég hef enn þá trú að hlustað verði á Ísland ef það er í Evrópusambandinu. Ég hef sagt það áður og bent á að eðli Evrópusamstarfsins er að styrkja þær þjóðir sem í því eru. Það er samstarf til að styrkja þjóðirnar, ekki til að brjóta þær niður. Það er mjög einfalt. Ég veit að við erum ekki sammála um það, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal, og það verður bara svo að vera áfram.

Við höfum rætt það áður hvernig Evrópusambandið og heimurinn allur verði eftir 60 ár. Ég veit það ekki, en ef hv. þm. Pétur H. Blöndal telur að eftir 60 á verði íslenskri þjóð betur borgið ef hún stendur utan Evrópusambandsins en í því erum við þingmaðurinn enn þá ósammála og verðum væntanlega áfram.

[15:54]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nýverið héldum við upp á 65 ára afmæli íslenska lýðveldisins og það er enn þá lengra síðan það varð fullvalda, árið 1918, og eiginlega frá þeim tíma, með skrykkjum þó, hefur staðan á Íslandi batnað. Við erum í miklu betri stöðu núna þrátt fyrir áfallið í fyrrahaust en við vorum 1918. Við vorum þá fátækasta þjóð í Evrópu eftir 600 ára samstarf við þjóðir suður í Evrópu eins og við erum að ganga í núna. Eftir 600 ára veru í tengslum við þjóð suður í Evrópu sem örugglega var ekki illviljuð vorum við orðin fátækasta þjóð í Evrópu. Núna erum við með ríkustu þjóðum í Evrópu og ég þakka það fullveldinu og sjálfstæðinu.

Hv. þingmaður ætlar að hverfa frá þessu og ég minni hv. þingmann á það hve lítinn skilning, þekkingu og áhuga Danir höfðu á málefnum Íslendinga á þeim tíma. Íslendingar sendu bænabréf til konungsins eða kansellísins til að fá leiðréttingu sinna mála og skilning, og fengu engan skilning. Nákvæmlega það sama verður uppi á pallborðinu þegar við erum gengin inn í Evrópusambandið. Ég fullyrði að nákvæmlega það sama verður uppi á pallborðinu þegar við göngum í Evrópusambandið, það verður lítill skilningur, engin þekking og enginn áhugi á málefnum Íslands í Brussel. Þar ganga fyrir málefni Þýskalands, Frakklands, Spánar og Bretlands — í þessari röð. Við komum nr. 518 og hugsanlega komumst við aldrei til að fá eitt eða neitt. Við munum náttúrlega upplifa, eins og fleiri þjóðir, að unga fólkið flytur burt, flytur til Brussels og annað, og ég geri ráð fyrir að margir þingmenn sjái mikla von um frama í Brussel ef við göngum inn í Brussel. En það verður ekki gott fyrir íslenska þjóð.

[15:55]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal verðum bara ekki sammála um þetta atriði. Evrópusamstarfið er samstarf sjálfstæðra og fullvalda þjóða. Þær hafa ákveðið í samráði að deila með sér ákveðnum þáttum ríkisvaldsins, og gera það. Það er til að styrkja hag þessarar þjóðar en ekki til að steypa henni í glötun. (**PHB:** Hvað um Icesave?) Ég held því fram að þjóðin væri mun betur sett núna ef við værum í Evrópusambandinu heldur en utan þess. Ég held að við kennum Evrópusambandinu ekki um Icesave. Ég held að kenna eigi íslenskum fjárglæframönnum um Icesave.

[15:56]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti, hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar. Mig langar að óska ríkisstjórninni til hamingju með það að vera komin með þetta mjög svo mikilvæga og stóra mál í þennan farveg sem það er komið í. Það var orðið tímabært að hægt yrði að takast á við málið með málefnalegri hætti en verið hefur undanfarin ár um hvað hugsanlega gæti komið út úr aðildarviðræðum. Nú fáum við að sjá svart á hvítu þegar þar að kemur hvað aðildarsamningur að Evrópusambandinu ber með sér og er það hið besta mál.

Afstaða Borgarahreyfingarinnar í þessu máli hefur verið

sú að slíkum samningi sé hægt að vísa til þjóðaratkvæðagreiðslu, fyrr verði ekki hægt að taka af neinni alvöru á þeim álitamálum sem í honum gætu verið.

Það er, eins og ég sagði áðan, gleðilegt að hægt er að ræða þessa hugsanlegu aðild á raunverulegum nótum en ekki eingöngu á þeim fræðilegu nótum sem verið hafa hingað til. Umræðan hér á landi hefur að vissu leyti verið í gíslingu og ekki náð nægilega málefnalegum hæðum en það breytist vonandi þegar fyrir liggur hvernig aðildarsamningurinn er. Þetta er mikilvægt og stórt mál og í stóra samhenginu snýst það að hluta til um stöðu Íslands í samfélagi þjóða og það skjól sem flestum þjóðum er nauðsynlegt að hafa með vinveittum samningum við nágrannaríki sín, það skjól sem t.d. náið samstarf til áratuga við Bandaríkin veitti en er nú horfið.

Mikilvægi málsins er líka afgerandi, um það er ekki deilt, en sá asi sem verið hefur í gangi undanfarna daga og vikur við það að koma af stað samningaferlinu hefur valdið því að ekki hefur verið hægt að beina nægilega sjónum að þeirri neyð sem steðjar að almenningi á Íslandi vegna áherslunnar í þinginu á aðildarviðræðurnar. Ég hefði óskað þess að þær hefðu farið hægar og að efnahagslegum aðstæðum hér á landi hefði verið veitt meiri athygli.

Mikilvægt er að hafa í huga að í þessu sambandi mun Ísland hvorki fara inn í Evrópusambandið né taka upp evru sem gjaldmiðil fyrr en eftir nokkuð mörg ár, sennilega jafnvel 5–7 ár. Það er því mjög brýnt og í rauninni kannski brýnasta hagsmunamálið í þessu samningaferli öllu að Evrópski seðlabankinn fáist til að lýsa því yfir strax við upphaf viðræðnanna að hann muni styðja við íslensku krónuna eins og með þarf til að tryggja stöðugleika hennar. Ef slík yfirlýsing fæst ekki mun svigrúm Íslendinga í efnahagsmálum þrengjast enn frekar vegna þeirra inngönguskilyrða sem fylgja ESB-aðild sem bætast þá að einhverju leyti við þau þröngu skilyrði sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sett Íslandi. Það er því svolítið mikilvægt mál að þeir sem fara til Brussels verði með þessa hugmynd í farteskinu og óski eftir viðræðum við Evrópska seðlabankann strax í upphafi.

Frú forseti. Umgjörðin um þetta mál í þinginu hefur að mörgu leyti verið til sóma og hv. formaður utanríkismálanefndar Árni Þór Sigurðsson hefur að sögn nefndarmanna staðið sig mjög vel og verið mjög sanngjarn í stýringu nefndarinnar. Fólk hefur haft orð á því að þetta sé til marks um breytt og betri vinnubrögð á þinginu en verið hafa mörg undanfarin ár og er það af hinu góða. Hins vegar hefur gassagangurinn sem einkennt hefur þetta mál á síðustu metrunum verið til vansa og er ástæða þess að fulltrúi Borgarahreyfingarinnar í nefndinni skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Það að nefndin skuli ekki sjálf hafa sest niður og farið sameiginlega og ítarlega yfir nefndarálitið, þótt ekki væri nema hluta úr degi, og reynt að ljúka málinu í meiri sátt er að mínu mati óskiljanlegt. Svona vinnulagi þarf helst að breyta í framtíðinni.

Frú forseti. Skilmálar þeir sem þinghópur Borgarahreyfingarinnar setti fyrir stuðningi við málið voru að við samningsgerðina yrðu til ráðgjafar a.m.k. tveir erlendir sérfræðingar með víðtæka sérþekkingu á samningsgerð og Evrópusambandinu, að við þjóðaratkvæðagreiðsluna muni hver kjósandi hafa eitt heilt atkvæði hver, en jafnt vægi atkvæða við almennar þingkosningar hér á landi hefur aldrei viðgengist, og að þjóðaratkvæðagreiðslan yrði lýðræðislega til fyrirmyndar. Þessi atriði öll eru í nefndaráliti utanríkismálanefndar og Borgarahreyfingin kann vel að meta það. Hvað varðar þjóðaratkvæðagreiðsluna segir í álitinu á bls. 33 og 34, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur brýnt að öll umgjörð þjóðaratkvæðagreiðslunnar verði opin og lýðræðisleg og er sérstaklega mikilvægt að vanda til þeirra verka í ljósi þess að þjóðaratkvæðagreiðslur eru afar fátíðar hér á landi. Í því efni er nauðsynlegt að setja sérstök lög um þjóðaratkvæðagreiðslur, en tvö frumvörp þar að lútandi liggja nú fyrir Alþingi. Meiri hlutinn leggur til að stofnuð verði sérstök skrifstofa, Lýðræðisstofa, t.d. á vegum umboðsmanns Alþingis sem þá mundi ráða starfsmenn stofunnar eftir því sem verkefni gefa tilefni til.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Lýðræðisstofa fari með framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu og ákveði efni og orðalag þeirrar spurningar sem lögð verður fyrir kjósendur. Einnig ákveði hún kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, þó eigi síðar en sjö mánuðum eftir að ákveðið er að efna til hennar. Stofan skuli sjá um auglýsingu atkvæðagreiðslunnar með áberandi hætti og þar skuli einnig birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur. Þá verði Lýðræðisstofu falið að standa fyrir víðtækri kynningu á aðildarsamningnum og senda hlutlaust kynningarefni sem og aðildarsamninginn öllum heimilum í landinu eigi síðar en mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna. Mikilvægt er að á kjörseðli komi skýrt fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er fram og gefnir eftirtaldir tveir svarmöguleikar: „já“ eða „nei“. Lýðræðisstofa setji nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla. Dómsmálaráðuneytið lætur yfirkjörstjórnum í té kjörseðla, sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna og annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar. Þjóðaratkvæðagreiðslan um aðildarsamning að ESB skal haldin sérstaklega og ekki samhliða öðrum almennum kosningum. Til þess að spurningin í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að vera fylgjandi henni. Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skal fara á sama hátt og við alþingiskosningar. […] Kærur um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, aðrar en refsikærur, skulu sendar Lýðræðisstofu eigi síðar en sjö dögum eftir að atkvæðagreiðslan fór fram“ o.s.frv. eins og nánar er kveðið á um í nefndarálitinu og atriðum þar er varða Lýðræðisstofu.

Þessi atriði eru að mati Borgarahreyfingarinnar mjög nauðsynleg til að þessi atkvæðagreiðsla geti farið fram á sem hlutlausastan og bestan hátt og eru í samræmi við frumvarp Borgarahreyfingarinnar, þskj. 149, 117. mál, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Samþykkt þess frumvarps einhvern tíma á næstunni yrði sennilega eitthvert mesta framfaraspor í lýðræðisátt á Íslandi sem tekið hefur verið frá stofnun lýðveldisins og þegar kemur að því að þjóðaratkvæðagreiðslur verða orðnar bindandi og komnar í stjórnarskrá Íslands yrði áðurgreint frumvarp einmitt lög lýðveldisins sem vel tryggðu lýðræðislega aðkomu almennings að stjórn landsins sem og að veita þinginu það nauðsynlega aðhald sem fyllilega er þörf á.

Frú forseti. Þegar þar að kemur verður gaman að takast á við umræðuna um aðildarsamninginn um Evrópusambandið. Þangað til óska ég viðræðunefndinni og viðræðunum alls hins besta og hins mesta velfarnaðar.

[16:04]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Efnislega get ég tekið undir flest ef ekki allt sem kom fram í ræðu hjá hv. þingmanni og sérstaklega fagna ég hugmyndinni um Lýðræðisstofu — ég held að það væri einkar heppilegur aðili til að halda úti allri framkvæmd á þjóðaratkvæðagreiðslu. Við vitum að ef upp koma deilur eða efi um hlutlausa framkvæmd á kynningarefni, spurningunni og öðru þá varpar það skugga á framkvæmdina alla og atkvæðagreiðsluna sem slíka. Í þeirri framtíð sem við sjáum fyrir Ísland, að þjóðaratkvæðagreiðslur verði tíðum um öll stærstu málin, er þetta mjög mikilvægt grundvallaratriði. Ég lýsi eindregnum stuðningi við tillögu Borgarahreyfingarinnar um Lýðræðisstofuna í þessu atriði.

Annað sem ég vil spyrja hv. þingmann um lýtur að gjaldmiðilsmálunum sem svo sannarlega eru drifkrafturinn í vilja margra til að sækja um aðild að Evrópusambandinu — og hefur verið í nokkur ár, ekki síst frá því að krónan hrundi um páskana 2008 en þá varð að mörgu leyti ljóst að stefndi í mikið óefni sem endaði í því hruni sem varð í fyrra. Þá leggja margir mikið kapp á það að við komumst í einhvers konar samskipti við evrópska seðlabanka sem tryggi okkur stuðning við krónuna þannig að við getum fyrr komið verði á íslensku krónuna og efnahagsbati verði skjótari en við sjáum núna þegar við upplifum hve krónan er veik — hún veikist áfram og við sjáum ekki út úr því.

Þingmaðurinn nefndi, og það er líka nefnt í nefndarálitinu, að við eigum að leggja kapp á viðræður um gjaldmiðilsmál sem forgangsverkefni í viðræðuferlinu og leita eftir samkomulagi við ESB og ECB um stuðning við krónuna. Ég veit að þingmaðurinn er hagfræðingur, hefur unnið sem slíkur bæði í seðlabanka erlendis og hjá alþjóðastofnunum — mig langaði að fá mat hans á því hve raunhæft hann telji að taka upp viðræður strax við Evrópska seðlabankann um að koma að því að koma aftur verði á krónuna og styðja gjaldmiðilinn okkar til einhvers raunhæfs jafnvægisgengis.

[16:07]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni spurninguna og álit hans á Lýðræðisstofu, hún er okkur mikið hjartans mál. Hvað varðar gjaldmiðilsmálin hefur það verið stefna okkar í Borgarahreyfingunni að þar sem alllangt er í það að Ísland geti gengið í Evrópusambandið og tekið upp evruna hefði þurft að fara út í þá aðgerð að taka einhliða upp annan gjaldmiðil. Við teljum að krónan, eins og hún stendur í dag, eigi sér ekki viðreisnar von og þær forsendur sem gefnar eru í ýmsum hagspám, þar á meðal hagspá Seðlabankans, um að gengi hennar muni styrkjast um 20% á næsta ári, séu algerlega óraunhæfar.

Það mun að öllum líkindum ekki ná fram að ganga. Í aðildarviðræðum annarra þjóða við Evrópusambandið, að ég best veit, er hins vegar nánast fordæmalaust að það veiti umsóknarríkjum beina aðild að evrunni strax í upphafi. Mér finnst því einboðið að leitað verði þeirra leiða sem hugsanlegar eru til að fá stuðning við krónuna á meðan við þurfum að búa við hana — ég veit ekki með hvaða hætti en hægt er að vísa til þess að hér á landi hafi orðið algert efnahagshrun og fjármálahrun og ef ekki náist stuðningur við gjaldmiðilinn mjög fljótlega séu líkur á því að það hrun muni hugsanlega halda áfram og staða efnahagsmála á Íslandi muni einfaldlega versna áfram til muna og skuldastaða þjóðarbúsins verða jafnvel óbærileg. Það er því mikilvægt að reynt sé að finna leið í þessu máli eins fljótt og hægt er.

[16:08]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa forseta þegar tekið er til máls í ræðustól á Alþingi.

[16:09]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er merkileg skoðun og gott að fá það fram hjá þingmanninum að hann telji að tenging við evruna og aðkoma Evrópska seðlabankans að íslensku krónunni, stuðningi við hana, sé meira en hugsanleg heldur komi vel til greina því að umsóknarríkjum sé gefinn kostur á einhvers konar aðild að Evrópska seðlabankanum, evrunni, þegar umsóknir koma fram og viðræðuferlið er hafið. Ég tel það eitt mikilsverðasta atriðið í þessu öllu, bæði til lengri tíma litið en ekki síst til skemmri tíma litið, í okkar þjóðlífi. Við vitum alveg hvers konar uppnám er í íslensku atvinnulífi, íslenskum samfélagsstofnunum, út af veikri stöðu krónunnar. Við sjáum skuldir sveitarfélaganna aukast um 80% á einu ári, meira og minna af því að þau eru að miklu leyti fjármögnuð í erlendri mynt. Við sjáum hvaða erfiða staða blasir við mörgum fyrirtækjum þar sem atvinnulífið í landinu er fjármagnið í erlendum gjaldmiðlum um 70%, hvorki meira né minna. Auðvitað mundi aðkoma Evrópska seðlabankans að stuðningi við krónuna strax í upphafi ferilsins, um leið og umsókn væri komin fram, skipta okkur gríðarlega miklu máli og kannski meira máli en hinar einstöku aðgerðir. Án þess að lítið sé gert úr þeim eða mikilvægi þeirra á einhverjum öðrum sviðum þá er þetta grundvöllur efnahagsstöðunnar og grundvöllur batans og grundvöllur þess að okkur takist að koma böndum aftur á hlutina eftir hið mikla hrun sem sér í rauninni ekki fyrir endann á meðan krónan er svona veik. Þetta er sú líflína sem við mundum skjóta út í heim að mati margra og var ánægjulegt og fróðlegt að heyra hv. þingmann leggja það mat á hlutina af því að sú staða, að tenging við evru um leið og umsögn kemur fram, er náttúrlega mjög mikilsvert atriði í allri þessari umræðu.

[16:11]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þegar Borgarahópurinn kom til þings lýsti hann því iðulega yfir að hér væri fjórflokkakerfi og ólýðræðisleg vinnubrögð tíðkuðust og annað slíkt. Hann brást reyndar trausti mínu í lýðræðisást sinni þegar hann batt trúss sitt við tvo af þessum ólýðræðislegu flokkum við nefndakjör á Alþingi sem leiddi til ólýðræðislegrar niður-

stöðu um fjölda nefndarmanna þess hóps í nefndum.

Nú erum við að sækja um aðild að einhverju ríkjabandalagi úti í heimi og nú á að treysta Alþingi fyrir því að taka ákvörðun um að sækja um aðild að þessu ríkjabandalagi. Hvernig rímar það saman við lýðræðisástina og það að spyrja þjóðina um eitt og annað? Er það kannski minni háttar aðgerð eða minni háttar ákvörðun að sækja um aðild að þessu ríkjabandalagi úti í heimi? Finnst hv. þingmanni ekki mikilvægt að þjóðin fái að koma að þessari miklu ákvörðun sem fjórflokkarnir plús Borgarahreyfingin eru að taka ákvörðun um á næstu dögum? Er ekki mikilvægt að þjóðin komi að þessu en ekki bara þeir flokkar sem eru á Alþingi?

Auk þess kom fram, í byrjun fundar í morgun — hv. þm. Ásmundur Einar Daðason, sem nú er farinn í heyskap vestur í Dali, lýsti því yfir að þingmeirihluti væri fyrir annarri niðurstöðu en hér verður. Hvernig rímar það við lýðræðisástina hjá Borgarahreyfingunni?

Ég vil líka taka undir það að á sama tíma og heimilin og fyrirtækin í landinu eru á heljarþröm erum við að taka ákvörðun um eitthvert mál sem leiðir til niðurstöðu eftir kannski 10 ár varðandi evruna, eftir 3 til 4 ár varðandi aðildina. Eru þetta ekki rangar áherslur?

[16:13]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrirspurnina. Hvað varðar nefndirnar í vor — eins og allir vita er Borgarahreyfingin, hún heitir Borgarahreyfingin, nýtt afl á þingi og ekkert okkar með þingreynslu. Við sátum fyrstu vikuna eða tvær niðri í þingflokksherbergi og veltum því fyrir okkur hvað við ættum að gera í vinnunni okkar, við vissum ekkert hvað við ættum að gera, vorum með þreifingar, spurðum fólk og fengum fólk á okkar fund til að kenna okkur að vera þingmenn. Þá var okkur sagt að það væri mjög gott fyrir málefni hreyfingarinnar að vera í sem flestum nefndum ef við ætluðum að ná fram áherslumálum hreyfingarinnar. Við fundum þá út hvernig við ættum að fara að því að reyna að komast í þær nefndir sem okkur langaði í og gerðum að því leytinu einfaldlega bandalag við meiri hluta stjórnarflokkanna á þinginu til að komast í þær nefndir. Hvort það er lýðræðislegt miðað við fjölda þingmanna skal ég ekki um segja. Hin niðurstaðan hefði sennilega orðið sú að við hefðum ekki fengið sæti í einni einustu nefnd og það er þá spurning hversu lýðræðislegt það hefði verið.

Hvað varðar atkvæðagreiðslu um aðildarumsóknina sjálfa, þ.e. að fara í tvær atkvæðagreiðslur, þá teljum við að sú hugmynd sé einfaldlega til þess fallin að drepa málinu á dreif, það yrði mjög erfitt eða nánast ómögulegt að ákveða hvað ætti að fara út í þjóðaratkvæði um, með hvaða hætti ætti að orða spurninguna, hvers eðlis hún ætti að vera og um hvað ætti að ræða í því máli. Við töldum því best að málið yrði einfaldlega lagt í dóm þjóðarinnar þegar skýrt liggur fyrir hvað er í húfi en ekki einhverjar hugsanlegar fræðilegar pælingar um málið. Lýðræðisást Borgarahreyfingarinnar er mikil og eins og kom fram í máli mínu í morgun, varðandi afstöðu Ásmundar Einars Daðasonar, þá töldum við það mjög hættulegt og vont mál og ég lagði m.a. til úr þessu ræðupúlti að við atkvæðagreiðslu um EES-aðildina fær fram leynileg atkvæðagreiðsla til að koma í veg fyrir að þingmenn yrðu kúgaðir til hlýðni.

[16:15]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek eftir því að Borgarahreyfingin hefur farið á námskeið að læra á trixin á Alþingi og hún lærði furðufljótt og bjó til lýðræðishalla. Því miður, ég veit ekki hvað þeir menn segja sem kusu hana á þing þegar hún er svona fljót að læra. Svo hafa þeir líka lært það núna að þjóðin getur ekki greitt atkvæði um þá einföldu spurningu: Eigum við að ganga í Evrópusambandið eða ekki? Henni er ekki treystandi fyrir því. Það er einföld spurning, já eða nei. Eigum við að sækja um eða eigum við ekki að sækja um? Ég veit ekki einfaldari spurningu. Þjóðinni er ekki treyst fyrir því að mati Borgarahreyfingarinnar.

Ég er hræddur um að Borgarahreyfingin hafi lært fullmikið á örstuttum tíma.

[16:16]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Lýðræðisást Borgarahreyfingarinnar er mikil og óspjölluð enn og verður það vonandi. Þau skilyrði sem við settum m.a. við stuðning okkar við aðildarviðræðurnar komu af því að við settumst niður einn góðan eftirmiðdag og veltum því fyrir okkur hvort við vildum taka þátt í þessu hefðbundna þingkarpi sem viðgengist hefur áratugum saman og hengja einhverja verslunarvöru á skilyrði okkar við stuðning við aðildarumsókn. Niðurstaða okkar varð mjög fljótlega sú að svo væri ekki og við höfum staðið þétt við þau skilyrði sem við settum og ekki hvikað frá þeim. Við höfum í sanngjörnum umræðum við meiri hlutann náð þeim inn í nefndarálitið og er það vel, því að niðurstaðan, hv. þm. Pétur Blöndal, er sú að þjóðaratkvæðagreiðslan sem mun eiga sér stað um ESB-aðildina verður mun vandaðri og betri fyrir vikið.

Hvað varðar þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort sækja eigi um aðild eða ekki þá er í rauninni um sama mál að ræða og það er einfaldlega, eins og ég sagði áðan, stefna flokks hv. þingmanns að reyna að drepa málinu á dreif. Hér er um gríðarlegt hagsmunamál fyrir valdaöfl á Íslandi að ræða, að Evrópusambandið komist ekki að með sínar reglur og sitt siðgæði, því að það mundi örugglega bæta mjög íslenska stjórnsýslu og íslenskt samfélag að hér kæmu það sem ég kalla alvörureglur í stjórnsýslu sem ég tel að hafi ekki viðgengist svo vel sé á Íslandi hingað til.

[16:18]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Full ástæða er til þess í upphafi að þakka nefndarmönnum í utanríkismálanefnd Alþingis sem á undanförnum vikum hafa unnið gott starf undir forustu Árna Þórs Sigurðssonar alþingismanns í þessu stóra máli sem miklu máli skiptir um framtíð þjóðarinnar. Ég vil láta þess getið að meirihlutaálitið sem hér liggur fyrir er fróðlegt og þar er líka að finna mjög efnismikla greiningu á helstu viðhorfum og meginhagsmunum sem gæta þarf að við umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Í störfum sínum hefur nefndin gert sér far um að fjalla samhliða um þær tvær

þingsályktunartillögur sem fyrir lágu í því skyni að ná sem víðtækastri samstöðu á Alþingi og meðal þjóðarinnar um vegvísi að aðildarviðræðum við ESB, og er það vel. Ég tel að við séum vel sett með þær tillögur um verklag og það skipulag sem lagt er til að viðhaft verði af framkvæmdarvaldinu og Alþingi í sambandi við upphaf aðildarviðræðnanna, framgang þeirra og staðfestingu mögulegs aðildarsamnings nái þetta mál fram að ganga. Málið yrði á ábyrgð utanríkisráðherra en endanlegar ákvarðanir, um málefni tengd samningaviðræðum og samningsafstöðu á einstökum sviðum, yrðu í höndum ríkisstjórnar. Utanríkismálanefnd hefur síðan teiknað upp hvernig samráði og samstarfi um aðildarviðræður verði háttað við Alþingi, hagsmunaaðila á breiðum grunni og við almenning. Það er ákaflega mikilvægt að lista ferlið upp með þessum hætti og að sú hlið mála sé í föstum og gagnsæjum farvegi.

Mér finnst miklu skipta að lagt er til að sérstakur hópur verði settur á fót til að annast víðtæka upplýsingamiðlun á sem breiðustum grunni og að fyllstu hlutlægni sé gætt til almennings, félagasamtaka og fjölmiðla. Brýnt er að þarna takist vel til og að upplýsingastarfið verði sniðið að því sem best hefur þótt heppnast hjá öðrum þjóðum í svipuðum sporum — og ég vek athygli á því að í álitinu er það rökstutt að núverandi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þekki vel til íslenskra mála og það sé lag fyrir Ísland að notfæra sér þá staðreynd að henni hefur verið falið að starfa út árið og jafnvel fram á næsta ár. Vitneskja um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi og á innri markaði EES sé góð um þessar mundir og því réttur tími fyrir umsókn af Íslands hálfu.

Þegar álitið er lesið verður augljóst að Íslendingar væru með aðildarumsókn að ganga til samninga við 27 ríki en ekki aðeins ráðherraráðið eða framkvæmdastjórnina í Brussel. Samningar hefjast ekki nema með samþykki allra aðildarríkja og lýkur ekki fyrr en með samþykki allra þjóðþinga. Hverja einustu samningsafstöðu í samningsköflunum 35 verður að leggja fyrir aðildarríkin og einróma samþykki aðildarríkjanna þarf til að hefja viðræður og ljúka þeim um hvern og einn kafla. Mér finnst þetta mikilvægt atriði, það sýnir að við værum að ganga til samninga við þjóðir og samskiptavettvang þeirra en ekki við samevrópska ríkisstjórn eins og stundum er látið í veðri vaka. Greinargerðin um meginhagsmuni Íslands í aðildarviðræðunum við ESB er verulegur fengur fyrir umræðuna á Íslandi og það finnst mér koma vel í ljós, hvort sem rætt er um auðlindir, sjávarútveg eða landbúnað, að hvort tveggja er nauðsynlegt að ræða undir bæði þröngu sjónarhorni og víðu. Ekki verður hjá því vikist að ræða hvernig ESB-reglur geta kallað á verulegar breytingar eða hraða aðlögun í einstökum greinum, en ekki má heldur gleyma að ræða um málið út frá heildarhagsmunum atvinnuvega, byggðarlaga og þjóðarbúsins. Feli Alþingi ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og leggja aðildarsamning í dóm þjóðarinnar að loknum viðræðum við sambandið þýðir það ekki að við séum sammála um að aðild sé æskileg. Hvorki hér né annars staðar á Norðurlöndum hefur eining ríkt um slík mál. En við erum nálægt því að komast að samkomulagi um aðferðafræðina við að ná niðurstöðu í þessu deilumáli á lýðræðislegan og sanngjarnan hátt og þannig ber okkur að vinna.

Íslendingar standa á krossgötum og þurfa að taka ákvörðun um hvert skuli stefna. Ákveði Alþingi að sækja um aðild að Evrópusambandinu greiðir það að mínum dómi götuna fyrir skjótri endurreisn íslensks efnahagslífs. Umsókn að sambandinu felur í sér skýr og traustvekjandi skilaboð til umheimsins og sem umsóknarríki mun Ísland hafa sterkari stöðu en ella. Það skiptir miklu í þeirri vaxandi umræðu sem nú fer í hönd, um hvort Ísland eigi að ganga í ESB, að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi geri grein fyrir stefnu sinni á þann hátt að enginn Íslendingur þurfi að velkjast í vafa um hvaða valkostir séu í boði. Við sem erum fylgjandi aðild að ESB og Evrópska myntbandalaginu, að gefnum ákveðnum skilyrðum og forsendum, þurfum að gera ljósa grein fyrir því hvernig aðildin mun tryggja Íslandi efnahagslegt og pólitískt öryggi með stöðugum gjaldmiðli, samkeppnishæfu viðskiptaumhverfi og sterkari alþjóðlegri stöðu. Þeir sem leggjast gegn aðild að ESB þurfa að útskýra fyrir þjóðinni hvernig megi betur styrkja stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og ná efnahagslegum stöðugleika eftir öðrum leiðum. Þeir þurfa jafnframt að skýra hvað valkostir þeirra þýða í lífskjörum og framtíðarhorfum.

Íslendingar eiga rétt á því að bæði fylgismenn og andstæðingar Evrópusambandsaðildar setji fram skýra framtíðarsýn. Alþingi og ríkisstjórn þurfa að tryggja að slík umræða geti átt sér stað á upplýstan og yfirvegaðan hátt. Íslendingar eiga rétt á því að vita hvað er í boði, um kosti og galla aðildar, og það verður ekki gert nema gengið verði til aðildarviðræðna við Evrópusambandið og úr því verði skorið hvort viðunandi aðildarsamningur næst sem tekur fullt tillit til þeirra meginsjónarmiða og meginhagsmuna sem utanríkismálanefnd hefur svo vel skilgreint í störfum sínum á síðustu vikum. Þjóðin mun síðan eiga síðasta orðið og ákvörðunarréttinn í þessu stórmáli sem markar stefnu landsins næstu áratugina í þýðingarmiklum viðskipta- og samskiptamálum við aðrar þjóðir.

Í nefndaráliti meiri hlutans er ítarlega fjallað um ýmsa kosti í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er fullkomlega eðlilegt að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu þegar og ef aðildarsamningur við Evrópusambandið liggur fyrir. Hljóti hann samþykki þjóðarinnar er það rökrétt framhald að breyta stjórnarskránni til að heimila framsal valdþátta til yfirþjóðlegrar stofnunar. Þá stjórnarskrárbreytingu þarf að leggja fyrir þjóðina í almennum kosningum og aðildarsamningur hlýtur síðan staðfestingu nýs Alþingis, þá fyrst væri hægt að fullgilda samninginn. Ég vek athygli á umfjöllun meiri hluta utanríkismálanefndar um vandaðan undirbúning þjóðaratkvæðagreiðslu. Hugmyndir nefndarinnar um Lýðræðisstofu, sem annist alla umgjörð þjóðaratkvæðis og leggi upp spurningu til þjóðarinnar, eru mjög áhugaverðar og vandaðar í allri framsetningu. Af þeirri umfjöllun er ljóst að þjóðaratkvæði er ekkert sem rokið er í með stuttum fyrirvara. Þar sem lítil hefð er fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum hér á landi þarf að vanda allan undirbúning og ég er ekki sammála því og tel það óraunhæfa hugmynd að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu á næstu vikum um hvort hefja skuli aðildarviðræður við ESB.

Ég hef áður látið í ljós þá skoðun að fólk þurfi að vita hvað er í boði í aðildarsamningum til að geta tekið afstöðu,

enda má öllum vera ljóst af umræðunni að mjög deildar meiningar eru um það sem Íslendingum kann að bjóðast af hálfu ESB. Aðildarviðræður eru til þess að fá úr því skorið og því er eðlilegt að það sé niðurstaða aðildarviðræðna sem sé til ákvörðunar fyrir þjóðina þegar þar að kemur eftir vandaðan og traustan undirbúning þar sem tekin verður afstaða til raunverulegra og skjalfestra kosta. Einungis þannig getum við á raunsæjan hátt metið kosti þess og galla að Ísland gerist aðili að samstarfi 27 ríkja innan vébanda Evrópusambandsins.

[16:27]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Meðan Sjálfstæðisflokkurinn var í ríkisstjórn með Samfylkingunni í vetur komu skilaboð frá þáverandi hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, um það að ef landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti ekki aðild að Evrópusambandinu væri stjórninni slitið. Í dag, í upphafi fundar, heyrum við aftur frá hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni að hann hefði fengið merki um það að ríkisstjórninni yrði slitið ef hann yrði aðili að breytingartillögu sem gekk út á þetta sama, sem sagt að þjóðin yrði spurð hvort hún vildi ganga til aðildar yfirleitt. Nú vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hún kannist eitthvað við þessi merki sem menn eru að gefa, hvort hún standi fyrir því eða hvort hún viti ekkert af þessu og þetta sé úr lausu lofti gripið.

[16:28]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að öllum sé ljóst að skoðanir innan stjórnarflokkanna, um aðild að Evrópusambandinu, eru skiptar. En í samstarfsyfirlýsingu þessara flokka kemur líka skýrt fram atriði er varðar ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu, hvernig að því skuli staðið o.s.frv. Það kemur því ekki á óvart að skoðanir séu skiptar og það komi fram í ræðustól, ég held að það sé alveg ljóst. Auðvitað er það svo að hver og einn þingmaður tekur afstöðu eftir sinni eigin samvisku þegar kemur að atkvæðagreiðslu í þessu stóra máli en hitt er engu að síður nokkuð sérstakt ef þingmenn innan stjórnarliðsins stilla sér saman með stjórnarandstöðuflokkunum um breytingartillögu, t.d. þá tillögu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur sett fram. En ég á enga aðild að því, virðulegi forseti, ef það er spurning hv. þingmanns, sem fram kom í morgun.

[16:29]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra svaraði ekki spurningu minni um það hvort henni væri kunnugt um þetta merki sem gefið var eða hótun eða hvað menn vilja kalla það um að stjórninni yrði slitið. Nú er það þannig að það er eingöngu hæstv. forsætisráðherra sem getur slitið ríkisstjórninni. Maður hlýtur að spyrja sig: Er það úr lausu lofti gripið sem sagt var í upphafi þessa fundar?

Þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum er reyndar dálítið undarlegt því að menn áskilja sér rétt í hinum stjórnarflokknum að hafa sjálfstæða skoðun á þessu máli (Gripið fram í.) og þess vegna skilur maður ekki af hverju ekki má greiða um þetta atkvæði.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra til viðbótar við það hvort hún kannist ekki við þessa hótun eða þetta merki sem hv. þingmaður fékk: Ef þessi tillaga yrði felld á Alþingi er það tilefni til stjórnarslita eða geta menn ekki haldið áfram að vinna eins og aðra daga og snúið sér að vandamálum heimila og fjölskyldna í landinu?

[16:30]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Ég held að þessi tillaga sem við erum að fjalla um, aðildarviðræður við ESB, fjalli ekki síst um afkomu heimilanna og fyrirtækjanna í landinu í framtíðinni. (**PHB:** Eftir 10 ár.) Ég hef ekki sömu trú á því og hv. þingmaður sem ber helst þá von í brjósti að við göngum aldrei til samninga við Evrópusambandið. Ég hef trú á að það geti gerst miklu fyrr en hv. þingmaður segir.

Það kemur alveg skýrt fram í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna á hvaða grundvelli flokkarnir náðu saman um þetta ESB-mál. Það er alveg skýrt hvaða skilyrði eru þar sett og ýmsir fyrirvarar um niðurstöðu. Það er líka rétt sem þar kemur fram að það stendur alveg skýrum stöfum:

„Flokkarnir eru sammála um að virða ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að Evrópusambandinu og rétt þeirra til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu í samræmi við afstöðu sína og hafa fyrirvara um samningsniðurstöðuna líkt og var í Noregi á sínum tíma.“

Þess vegna kemur ekki á óvart, eins og ég sagði, að einstaka þingmenn Vinstri grænna láti í ljós skoðanir sínar í ræðustól að því er varðar afstöðu til hugmynda og tillagna sem hafa komið hér fram, m.a. þeirrar tillögu frá sjálfstæðismönnum sem ég tel afar óskynsamlega, að láta þjóðina greiða atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um kosti og galla á Evrópusambandsaðild þegar við vitum ekki einu sinni hvað er í boði. (**TÞH:** Evrópusambandið.)

[16:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra er eini stjórnmálamaðurinn sem ég veit um sem veit ekki hvað er í boði þegar sótt er um aðild að Evrópusambandinu og er það frétt í sjálfu sér.

Það var athyglisvert að hæstv. forsætisráðherra talar mikið um mikilvægi þess að hér fari fram lýðræðisleg umræða en sýnir síðan í verki hvernig að henni verður staðið. Það verður þannig staðið að henni að hún verður á þeim tíma ársins og þeim tíma sólarhringsins sem hún vekur sem allra minnsta athygli og sem minnst kastljós verður á þessari umræðu í þinginu. Það er eins ólýðræðislegt og getur orðið. Ef hæstv. forsætisráðherra heldur því fram að hér sé um einhverja lýðræðisást að ræða er það hrein og klár hræsni, ekkert annað en hræsni. Það að hóta hér kvöldfundum, fundum í júlí, um helgar, í þessu máli sem hæstv. ráðherra talar um að sé svo mikilvægt er ekki lýðræðislegt. Það er hræsni að tala þannig og ég bið hæstv. ráðherra að nota ekki lýðræðið sem röksemd í þessu máli vegna þess að svo sannarlega er unnið eftir allt öðrum formerkjum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að spyrja að öðru. Við erum í miklum deilum, reyndar svo að margir tala um að við séum allt að því í stríði, viðskiptastríði við Evrópusambandslöndin, og ekki ósvipað og við vorum í landhelgismálinu á sínum tíma. Það hefði aldrei hvarflað að neinum forustumanni í stjórnmálum á þeim tíma þegar við stóðum í þeim deilum við Evrópusambandsríkin að biðja um aðild að Evrópusambandinu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Truflar það hæstv. forsætisráðherra Íslands ekkert að koma á sama tíma og þessi ríki taka á okkur og brjóta rétt okkar Íslendinga og biðja um aðgang að klúbbnum þeirra?

[16:34]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég hef verið í ríkisstjórn með hv. þingmanni sem hér talaði og hann kveinkaði sér aldrei yfir því þó að þá væru ýmis stór mál rædd í ríkisstjórninni. Það þurfti oft að gera á föstudögum og laugardögum eins og verið er að gera í þessu máli. Mér kemur það á óvart að hv. þingmaður (**GÞÞ:** En þú í stjórnarandstöðu?) kveinki sér undan þeim skyldum sínum að sitja hér og ræða þessi mál.

Þingmaðurinn leyfði sér að segja að ég vissi ekki hvað ég væri að tala um með aðild að Evrópusambandinu. Nú er það bara svo, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að fólk heyrir mjög mismunandi skoðanir, bæði hjá þeim sem eru með og þeim sem eru á móti, um hvað er í boði að því er varðar aðild að Evrópusambandinu. Sumir fullyrða alveg blákalt að við afsölum okkur yfirráðum yfir auðlindunum, sem er auðvitað alrangt. (**PHB:** Er það möguleiki?) Ég er að segja að það þarf að koma fram og upp á borðið (**GÞÞ:** Svaraðu spurningunni.) hvað er í boði til þess að (**GÞÞ:** Svaraðu spurningunni.) þjóðin geti greitt um þetta atkvæði. (Gripið fram í.) Ég hef orðið, er það ekki, virðulegi forseti?

Að því er varðar hitt málið sem hv. þingmaður talaði um er ég þeirrar skoðunar að við hefðum verið miklu betur sett ef við hefðum verið innan Evrópusambandsins þegar þessi ósköp dundu yfir okkur. Ég er líka alveg sannfærð um að ef við lendum í erfiðleikum með það að greiða þá skuldabyrði sem á okkur er lögð með þessum miklu erfiðleikum og þessari þungu fjárhagsbyrði sem við erum að taka á okkur með Icesave-samningunum — og ég held að hv. þingmaður hljóti að vera mér sammála um það, miðað við forsögu málsins, að það er ekki hægt að komast hjá því að greiða þessar skuldbindingar okkar — erum við betur sett í framhaldinu innan Evrópusambandsins en utan.

[16:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hefur alveg furðu miklar skoðanir á því hvað felst í inngöngu okkar í Evrópusambandið miðað við að hafa ekki hugmynd um það og vilja endilega sækja um til að sjá hvað er innan borðs. Hér segir hæstv. ráðherra hreint og klárt að Ísland hafi verið kúgað af Evrópusambandsríkjunum vegna þess að Ísland var ekki innan Evrópusambandsins. Það er það sem hæstv. ráðherra var að segja og það eru ansi miklar fréttir frá hæstv. forsætisráðherra sem væntanlega er í þó nokkuð miklum samskiptum við kollega sína annars staðar í álfunni að Ísland hafi verið kúgað sérstaklega vegna þess að Ísland var ekki innan Evrópusambandsins. Það er vægast sagt alvarlegt mál. (**PHB:** Kúga okkur inn.)

Það skyldi þó ekki vera að menn væru að sækja um aðild að Evrópusambandinu, fara til aðilanna sem eru búnir að beita okkur þessum órétti, til þess að biðja um einhverja ölmusu í tengslum við Icesave-málið? Það skyldi þó ekki vera?

Ég segi bara eitt, virðulegi forseti: Lítið er stolt forsætisráðherra. Ég sé í anda að á tímum t.d. landhelgisdeilunnar hefði íslenskur forsætisráðherra sótt um aðild að Efnahagsbandalaginu. Það er kannski gamaldags að vera stoltur af því að vera Íslendingur en ég gengst þá bara við því. Ég verð að segja að það síðasta sem ég átti von á var að í miðri Icesave-deilu væru menn í fullri alvöru að ræða þessi mál eins og hér er gert.

[16:38]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég frábið mér það sem hv. þingmaður er iðulega uppvís að hér í ræðustól, hann leggur þingmönnum alltaf orð í munn, að þeir hafi verið að segja hitt og þetta og rangtúlkar það sem þingmenn segja í raun. Það er venja og háttur þessa hv. þingmanns æ ofan í æ.

Það sem ég segi er að við hefðum verið betur sett í þeirri fjármálakreppu sem við erum komin í (**GÞÞ:** Við vorum að tala um Icesave, ekki snúa út úr þessu.) ef við hefðum — (Gripið fram í.) leyfðu mér að hafa orðið, hv. þingmaður — við hefðum verið betur sett ef við hefðum verið innan Evrópusambandsins þegar við lentum í þessum fjármálakröggum (Gripið fram í.) með líkum hætti og Írar voru miklu betur settir með því að vera innan Evrópusambandsins þegar þeir lentu í sínum erfiðleikum. (**GÞÞ:** Það er bara …) Það er bara staðreynd málsins.

Af því að hv. þingmaður leikur sér að því að snúa út úr aftur og aftur er það bara svoleiðis að mjög margir vilja fá að vita hvað er uppi á borðum að því er varðar Evrópusambandsaðild. Ég hef hitt mjög marga sem vilja einmitt að það verði farið í aðildarviðræður til þess að vita hvað er í boði. Þetta er fólk um allt samfélagið sem er í óvissu um hvort það ætlar að greiða atkvæði með eða á móti aðild að Evrópusambandinu. Þess vegna er auðvitað eðlilegt að þetta fólk vilji fá það upp á borðið. En sjálfstæðismenn vilja bara að hér séu greidd atkvæði um það hvort ganga eigi til aðildarviðræðna án þess að fólk hafi hugmynd um hvað verður komið með þegar verður farið í aðildarviðræðurnar.

Ég held að hv. þingmaður verði að svara því hvernig hann sér fyrir sér þjóðfélagið að því er varðar t.d. stöðuna í gjaldeyrismálum okkar, gengismálum og öllu því ef við ætlum bara að sigla hér áfram einangruð og ekki í samstarfi við aðrar þjóðir. (Gripið fram í.) Við verðum það ef við ætlum — eins og mér finnst hv. þingmaður vera að tala fyrir — að við eigum kannski ekki að semja um neitt að því er varðar Icesave-málin eða … (**GÞÞ:** Erum við einangruð ef við förum ekki inn?)

Við erum einangruð ef við ætlum að hunsa skuldbindingar okkar (Forseti hringir.) gagnvart öðrum þjóðum. Það er alveg ljóst. (**REÁ:** Hverjar eru skuldbindingarnar? Við viljum vita það.)

[16:41]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum sameiginlega bæði tillögu stjórnar og stjórnarandstöðuflokkanna í dag í því stóra og mikilvæga máli sem snertir hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu, mál sem er búið að vera lengi umdeilt hjá þjóðinni, kannski líka vegna þess að sumir telja sig ekki vera nægilega upplýsta um það meðan flokkar eins og t.d. Sjálfstæðisflokkurinn hefur markvisst á síðustu 10–15 árum frá því við lögleiddum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gert sér far um að við séum eins upplýst og hægt er hverju sinni um samskipti og samhengi Íslands í alþjóðasamfélaginu, hvar hagsmunum Íslands er best borgið hverju sinni. Það var alveg hárrétt sem kom fram í máli formanns míns flokks, hv. þm. Bjarna Benediktssonar, að við sjálfstæðismenn höfum gert okkar far um að meta hagsmuni Íslands í samskiptum okkar við Evrópusambandið og það er stefna sem hefur verið tekin á landsfundi en hún er ekki heldur meitluð í stein.

Ég ætla að fara yfir það sem hefur gerst núna, m.a. hjá nefndinni, en ég vil byrja á því og nota tækifærið og skima eftir formanni utanríkismálanefndar en hér er varaformaður utanríkismálanefndar og hann kemur þá bara því þakklæti sem ég ætla að byrja á í ræðu minni til hv. formanns utanríkismálanefndar og varaformannsins líka sem hafa gert sér far um að vinna þetta í mikilli samvinnu við alla nefndarmenn.

Eins og gefur að skilja hafa menn ekki alltaf verið sammála um allt en menn hafa gert sér far um það að samvinnan innan nefndarinnar væri sem best. Ég hefði einfaldlega kosið að sjá nákvæmlega sömu vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar — og fer þá hæstv. forsætisráðherra úr salnum. Ég hefði gjarnan viljað sjá þau liðlegheit, þolinmæði á stundum, sem maður gat fundið í verklagi formanns og varaformanns nefndarinnar í þessu mikilvæga máli þar sem menn gerðu sér grein fyrir því að við þurftum að snerta á mörgum erfiðum málum. Ég vil þakka fyrir þetta vinnulag og samstarfið en um leið verð ég þó lýsa yfir ákveðnum vonbrigðum með að á endasprettinum var gefið svolítið eftir. Ég ætla að fara örstutt yfir atburðarásina því að hún kom til tals bæði í dag og í gær í þinginu en við tókum málið út úr nefndinni í gær. Boðaður var fundur klukkan hálfníu í nefndinni, fyrst var fjallað um Icesave til korter yfir 9, síðan var gert hlé á fundi nefndarinnar þar til rétt fyrir klukkan 10 og mál ríkisstjórnarflokkanna, 38. mál, var tekið út. Þar báðum við um að málið og nefndarálit, sem dreift var fyrr í vikunni, yrði rætt ítarlega og þá sérstaklega með tilliti til hagsmunakaflanna sem snerta okkar brýnustu og mikilvægustu hagsmuni sem ég vona að allir séu sammála um, sjávarútvegs- og landbúnaðarkaflana sem geta verið hvað erfiðastir í allri umræðu. En við fengum ekki tækifæri til þess. Það var búið að afgreiða málið og við sáum þá eða fengum svona nasaþefinn af þeim þjösnagangi sem við síðan upplifðum í morgun þar sem kom alveg skýrt fram að reynt er að kúga alla stjórnarliða til hlýðni. En ég vil um leið fagna því sérstaklega að hæstv. fjármálaráðherra fylgir því einarðlega eftir og brýndi sína menn í morgun um að þeir eigi að fylgja sinni sannfæringu í þessu máli. Það voru ákveðin skilaboð til Samfylkingarinnar. Það er nóg komið af því að Samfylkingin kúgi menn í Vinstri grænum — eins og ég heyrði á orðum hæstv. fjármálaráðherra í morgun. Hver og einn mun greiða atkvæði eftir sinni sannfæringu og við skulum sjá hvað setur.

Að öðru leyti hefur þetta verið mikil vinna og fyrir liggja tvö nefndarálit. Framsögumaður 1. minni hluta utanríkismálanefndar hefur þegar farið yfir margt af því sem stendur í álitinu og ég vil gera þau orð hans að mínum. En það verður að segjast eins og er að málið og allt uppleggið í málinu frá upphafi, það má í rauninni segja — og ég kem að því síðar — frá því að við vorum að ræða á vorþingi hugsanlegar breytingar á stjórnarskránni og við tókumst mjög hart á um þær breytingar, Sjálfstæðisflokkurinn, gagnvart stjórnarflokkunum. En allt uppleggið í málinu, aðferðafræðin er til þess fallin að hún gerir okkur erfiðara fyrir í þessu máli, þeim sem eru hlynnt því að við sækjum um aðild að Evrópusambandinu, af því að það hefur verið þjösnaskapur í gangi, yfirgangur. Og það kemur kannski ekki á óvart, ég talaði um baráttuna um stjórnarskrána í vor þar sem kom alveg skýrlega fram að það átti að knýja þingið til breytinga sem ekki var samstaða um. Þetta hefur haldið áfram í þessum stóru málum. Við fáum að heyra það, sjálfstæðismenn, í Icesave-deilunni — það var aldrei talað við okkur um það, aldrei neitt upplegg, aldrei nein samvinna eða reynt — við fáum að heyra það á blaðamannafundi hjá forsætisráðherra að það eigi að reiða sig á sjálfstæðismenn í þessu máli, á okkur sem höfðum ekki komið á neinn hátt að samningaviðræðunum sem fylgdu í kjölfar nýrrar verkstjórnar og nýrrar samninganefndar vegna stóra málsins sem snertir Icesave-skuldbindingar.

Ekki er heldur reynt að ná samstöðu í stóru hagsmunamáli sem eru sjávarútvegsmálin og þannig get ég talið lengi áfram, í þessum stóru málum, viðkvæmu málum. Það sem skiptir máli er að við náum samstöðu meðal þjóðarinnar, þó að við vitum og viðurkennum það, og við eigum að gera það, að það eru skiptar skoðanir meðal fólks, meðal þingmanna, hvert lokatakmarkið í þessu öllu á að vera. En þá hljótum við að bera þá ábyrgð, og sérstaklega ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, sérstaklega forsætisráðherra, að ná samstöðu um aðferðafræði hvort sem það snertir breytingar á stjórnarskránni, upplegg varðandi hugsanlegar aðildarviðræður við ESB, umræðu um breytingar á sjávarútveginum, að það sé samstaða í þessum mikilvægu málum, en það hefur ekki verið gert og það er miður. Það gerir málið allt torveldara, fyrir utan alla tortryggnina sem einkennir öll stóru málin sem ríkisstjórnin er að ræða þessa dagana og reyna að fá okkur til fylgis við þau, af því að það er ekki komið hreint til dyranna, það er verið að fela eitthvað eins og í Icesave-málilnu. Við munum ræða það þegar þar að kemur í Icesave-umræðunni allri. En þetta allt, vinnulagið, 1. febrúar á þessu ári var sérstaklega boðað að það ættu koma ný vinnubrögð og ef þetta eru vinnubrögð sem voru innleidd 1. febrúar, þá eru þetta vinnubrögð sem eru til vansa, því að það er ekki reynt að ná samstöðu í stórum málum einmitt á þessum tímum þegar þjóðin kallar eftir því að hinn pólitíski vilji sýni meiri samstöðu, sýni meiri vilja til að draga okkur út úr þeim erfiðleikum sem hér eru á táknrænan hátt í ljósi samstöðu. En það er ekki gert og þess vegna verða öll mál miklu erfiðari en ella hefði verið.

Ég lýsti því yfir við fyrri umræðu þessa máls að ég hafi verið talsmaður þess og hef verið talsmaður þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu gegn ákveðnum skilyrðum. Menn þekkja þau, ég hef lengi talað um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, líka löngu fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins, bryddaði m.a. upp á því á stórum fundi á viðskiptaþingi að við hefðum einfaldlega getað notað ferðina, eins og ég orðaði það á sínum tíma, í kosningunum og spurt þjóðina að því hvort við ættum að sækja um aðild að Evrópusambandinu þar sem skoðanakannanir í dag sýna ótvírætt að þjóðin vill hafa um þetta mál að segja frá upphafi til loka málsins. Ekki bara þykjustuaðild, ekki bara í þykjustu ákvarðanir heldur að tekið verði mark á því sem þjóðin vill strax frá upphafi og til loka máls. En báðar þessar kröfur, báðar þessar forsendur mínar varðandi þetta mál, þ.e. um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu annars vegar og hins vegar bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu þegar og ef samningur liggur fyrir, hafa ekki fengist í gegn. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með það að bæði Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin gera sér sérstakt far um það að fara af leið, fara af þeirri leið m.a. sem var til umræðu á vorþingi að þjóðin hefði hér raunverulega lokaorðið. Nei, þá var náttúrlega ekki hægt að breyta bara því ákvæði sem við sjálfstæðismenn lögðum til, þ.e. breytingaákvæðinu, 79. gr. stjórnarskrárinnar. Það var ákvæði sem við sjálfstæðismenn lögðum til að ætti að breyta til að auðvelda m.a. aðrar breytingar síðar meir að stjórnarskránni. En þá gátu menn ekki fallist á þá tillögu af því að þeir í barnaskap sínum og þrákelkni gátu ekki samþykkt slíka tillögu af því að hún kom frá Sjálfstæðisflokknum. Menn hefðu betur gert það, en þá voru menn að miða við það að þjóðin hefði formlegt lokaorð, hún hefði hið raunverulega lokaorð. En núna eru menn búnir að breyta, af því að það hentar ekki valdataumunum, og nú á setja af stað ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Það þýðir ekki að hrista hausinn og segja: Stjórnmálaflokkarnir verða skuldbundnir því að á endanum eru það alltaf þingmenn og þingmenn hins nýja þings sem eru skuldbundnir sinni samvisku alveg eins og þingmenn þessa þings eru skuldbundnir sinni samvisku þegar kemur að atkvæðagreiðslu í þessu máli, þegar kemur að atkvæðagreiðslu um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu og síðan bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Og það verður forvitnilegt að sjá hvað þingmenn Borgarahreyfingarinnar, þingmenn Vinstri grænna og þingmenn Samfylkingarinnar munu segja þegar kemur til atkvæðagreiðslu tillaga okkar sjálfstæðismanna um að þjóðin hafi lokaorð í þessu máli öllu. Munu menn segja nei eða munu menn segja já? Ég vona að menn sjái að sér og segi já og færi þjóðinni lokaorðið í þessu mikilvæga máli og þjóðin viti það að eftir málefnalega umræðu, eftir pólitíska umræðu í þinginu ef og þegar þar að kemur verði málinu raunverulega skotið til lokaafgreiðslu hjá þjóðinni.

Af hverju hef ég verið hlynnt því að við eigum að fara í aðildarviðræður? Ég hef lengi vel verið skeptísk gagnvart Evrópusambandinu og kem að því síðar, en ég verð líka að játa það í ljósi m.a. lausafjárkrísunnar sem byrjaði fyrir tæpum tveimur árum og þróun gengismála hér á landi, þróun peningamálastefnunnar, að þá byrjuðu efasemdir að vakna. Ég tel mikilvægt að við fáum úr því skorið hver hin raunverulega peningamálastefna Íslands á að vera til lengri tíma, hver okkar gjaldmiðill á að vera til lengri tíma og ég held að ekki verði hjá því komist að þá verðum við að líta til evrunnar og Evrópusambandsins, hversu erfitt sem það kann að vera. Ég held að það skipti miklu máli að átta sig á að það eru fólgnir kostir í því fyrir okkur að leita samstarfs við Evrópusambandið hvað þetta atriði varðar. Það er líka hægt að draga fram að það verður hugsanlega styrkleiki að vera meðlimur í Evrópusambandinu fyrir ákveðnar atvinnugreinar. Menn hafa iðulega nefnt ferðaþjónustuna. Ég vil líka leyfa mér að nefna þekkingariðnaðinn og orkuiðnaðinn. Ég tel að allt þetta gæti hugsanlega eflst með inngöngunni í Evrópusambandið.

Stóra málið að mínu mati er eftir sem áður orðspor okkar og viðskiptavild sem er því miður lítil um þessar stundir, og það að hafa upplifað hrunið með þeim hætti sem maður gerði síðastliðið haust, að finna það eftir að herinn fór af Miðnesheiði, hvarf til síns heima, að þá hefur því miður gætt ákveðins skilningsleysis af hálfu bandarískra stjórnvalda. Kannski ekki nema von með þann forseta sem þá var en sem betur fer gætir aukins skilnings núna hjá nýjum forseta. Hann áttar sig á því samhengi, og gerði það m.a. í viðtali, að þessi alþjóðlega krísa hefði alveg ótrúlegar og víðtækar afleiðingar, að húsnæðiskrísa í Flórída og ákvarðanir teknar á húsnæðismarkaði þar hefðu þau áhrif að það yrði m.a. bankahrun á Íslandi. Hann sá þetta samhengi og skynjaði það meðan það gætti minni skilnings hjá fyrri stjórnvöldum í Bandaríkjunum. Allt þetta leiðir að spurningunni hvar við ætlum að vera í samfélagi þjóðanna, hvar við ætlum að vera. Ég held að það skipti miklu máli fyrir okkur að átta okkur á því að við höfum fram til þessa verið í miklu og nánu samstarfi við Evrópusambandið og við verðum það áfram í gegnum EES-samninginn ef fram heldur sem horfir. Það er alveg ljóst að við verðum að byggja á okkar eigin atorku og okkar krónu til næstu ára, hugsanlega til næstu fimm ára, en eftir sem áður þurfum við að varða veginn. Hvað svo? Þá er óhjákvæmilegt að mínu mati að líta til Evrópusambandsins eins og margir, m.a. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hafa haldið fram á umliðnum mánuðum. Ég held að það sé eitthvað sem við verðum að taka með í reikninginn þegar við lítum til Evrópusambandsins.

Ég hef hins vegar ekki leynt því að það er tvennt sem ég hræðist mest varðandi Evrópusambandið. Það er annars vegar stefna sambandsins í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Ég vil sérstaklega draga það fram að umsagnaraðilar af hálfu þessara hagsmunaaðila, þ.e. sjávarútvegs og landbúnaðar, héldu mjög skýrt fram sínu máli í meðförum utanríkismálanefndar og komu þeim sjónarmiðum vel til skila. Ég vil sérstaklega þakka Bændasamtökunum fyrir mjög greinargóð gögn, aðgengileg gögn sem ég hvet alla til að kynna sér þar sem farið er í þaula og í raun lið fyrir lið hvaða áhrif aðild að Evrópusambandinu hefur fyrir viðkomandi búgrein, fyrir sauðfjárræktina, kúabændur, mjólkurbúskap almennt og þá sáu menn að íslenskur landbúnaður getur á sumum sviðum farið hallloka fremur en hitt innan Evrópusambandsins. Þetta er það sem ég óttast og ég óttast líka um afdrif sjávarútvegsins. Síðan er það auðvitað kaldhæðnislegt að á sama tíma og forustumenn Samfylkingarinnar koma fram og segja að við munum tefla fram okkar

sterku sjávarútvegsstefnu, okkar sterka sjávarútvegskerfi, sýna hvað við höfum haldið vel um málin, ætla þeir að mínu mati að leggja sjávarútveginn í rúst með tillögum sínum heima fyrir. Það er aftur á móti önnur saga. En þetta er það sem ég hræðist, annars vegar sjávarútvegs- og landbúnaðarstefna Evrópusambandsins og hins vegar sá mikli lýðræðishalli sem er innan sambandsins — ég er ekkert að gagnrýna það að minni þjóðir hafi aðeins minni áhrif, það er bara eðlilegt, við verðum að horfast í augu við það — en þegar ég tala um lýðræðishallann er ég fyrst og fremst að tala um viðhorf Evrópusambandsins þegar í þau fáu skipti er leitað eftir þjóðarvilja innan viðkomandi lands innan Evrópusambandsins. Ef svo vill til að þjóðarviljinn fer gegn vilja framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða Evrópusinnanna allra innan Evrópusambandsins þá er bara breytt um kúrs og knúin fram önnur þjóðaratkvæðagreiðsla. Það er þetta sem mér hefur alla tíð mislíkað mjög í allri meðhöndlun og verklagi hjá Evrópusambandinu að menn una ekki því þegar þjóðir, íbúar landsins eins og við erum að krefjast hér, fá að segja sitt. Það er þess vegna sem er ég svo föst á því að við eigum að hafa bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu af því að ég er hrædd um að ríkisstjórnarflokkarnir, Vinstri grænir og Samfylkingin, ætli að fara nákvæmlega sömu leið þegar kemur að því að taka á niðurstöðu þjóðarviljans, að ef niðurstaðan er ekki sú sem hentar ríkisstjórninni og heldur henni saman þá verði hugsanlega farnar aðrar leiðir. Við sjáum það hjá Evrópusambandinu, það gerir það. Af hverju ættu ekki þessir flokkar að gera það líka? Sérstaklega sá flokkur sem leiðir þetta mál allt saman, er í rauninni að fá allt sitt í gegn í ríkisstjórninni og ef hann fær ekki sitt í gegn og finnst einhver mál óþægileg þá er þeim bara klínt á hæstv. fjármálaráðherra.

Það er alveg ljóst að þessi tillaga sem upphaflega lá frá ríkisstjórninni og var flutt af utanríkisráðherra og við sjáum af nefndaráliti meiri hlutans að upphaflega uppleggið sem lagt var fram af hálfu utanríkisráðherra var ekki burðugt. Þess vegna hefur nefndin farið vel yfir þetta og þökk sé aftur — af því að ég sé núna hv. formann utanríkismálanefndar og varaformanninn — þökk sé þeim og okkur hinum í utanríkismálanefnd að þá hefur þó þetta plagg utanríkisráðherra verið lagað. En það kæmi mér svo sem ekki á óvart ef Samfylkingin í enn eitt skiptið ætli að klína þessu verklagi öllu á hæstv. fjármálaráðherra, þau hafa gert það í bæði stærri og minni málum.

Það er alveg ljóst að í meðförum þingsins hefur málið allt batnað en þessi stóru prinsipp sem eru eftir eru þau að fyrst ekki næst samstaða innan ríkisstjórnar, það er sundrung í þinginu — ég ætla ekki að tala um ógnarstjórn en það er ákveðin kúgun í þinginu, það blasti við öllum í dag, og ég vil sérstaklega fagna því að hæstv. fjármálaráðherra er kominn í salinn og þakka honum fyrir þau orð sem hann mælti hér í dag þar sem hann ítrekaði það, og hann var auðvitað að beina máli sínu til Samfylkingarinnar, að þingmenn eigi að fara eftir samvisku sinni í þessum málum og ég vona öðrum, eins og Icesave. Auðvitað var hann bara að beina þessu til Samfylkingarinnar, það er ekki hægt að fara hvernig sem er með þingmenn þeirra og mér fannst gott að sjá formann Vinstri grænna slá ákveðna skjaldborg um sína þingmenn með þessum orðum sínum í morgun.

Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla. Margir hafa gagnrýnt það að þeir viti í rauninni ekki um hvað er að ræða. Að vissu leyti er það rétt, menn vita ekki nákvæmlega hvað um er að ræða. Við vitum þó, og það er ekki rétt sem hæstv. forsætisráðherra sagði áðan að við munum ekki þurfa að huga að einhverju fullveldisafsali þegar kemur að réttinum yfir auðlindum, það er bara ekki rétt. Það hefur aldrei gerst hjá Evrópusambandinu að menn þurfi ekki að gefa eftir fullveldi að einhverju leyti þegar menn ganga í sambandið. Bara það eitt að segja að við ætlum að sækja um aðild að Evrópusambandinu þýðir það að menn eru reiðubúnir til þess að afsala sér að einhverju leyti fullveldi, ekki satt? Menn eru reiðubúnir til þess að afsala sér að einhverju leyti fullveldi. Það skref, bara það eitt og sér, er nægilega stórt til að segja við þjóðina: Við viljum að þið hafið upphafsorðið í þessu máli öllu en við viljum líka að þið eigið raunverulegt lokaorð, að þið komið ekki bara inn í ferlið upp á punt heldur eigið raunverulega lokaorðið í málinu öllu. Þetta vantar.

Ég sakna þess að sjá ekki einmitt þingmenn Vinstri grænna fylkja sér á bak við þessi sjónarmið okkar sjálfstæðismanna. Ég veit að fleiri eru talsmenn þeirra sjónarmiða. Tvær röksemdir fyrir tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu. Annars vegar að menn eru reiðubúnir að ræða það að afsala sér hluta af fullveldi bara við það að fara í aðildarviðræður, hins vegar er sundrungin sem er í ríkisstjórninni, að menn fara klofnir í þetta mál. Eins og segir svo kjánalega í tillögu þeirra til þingsályktunar, þeir áskilja sér líka allan rétt til að berjast gegn samningnum. Hvernig getur utanríkisráðherra komið heim með samning sem hálf ríkisstjórnin er á móti? Þá skrifar hann ekkert undir. Hann kemur ekki heim með samning nema það sé samningur sem menn geta í hjarta sínu barist fyrir.

Ég vil líka undirstrika það sem formaður Sjálfstæðisflokksins sagði í dag, menn þurfa fyrst að taka pólitíska umræðu um samninginn sem slíkan því að ellegar er ekki líklegt að það náist önnur niðurstaða hjá þjóðinni en neikvæð. Ef menn hafa ekki sannfæringu fyrir því að berjast fyrir einhverju segir þjóðin nei. Þess vegna skiptir svo miklu máli að ríkisstjórnin sýni á öllum stigum málsins, hvort sem það er þetta mál eða annað, samstarfsvilja, samvinnuvilja en ekki alltaf þennan stjórnunarstíl sem er í gangi.

Ég veit að hæstv. fjármálaráðherra hefur gert sitt til að reyna að ná ýmsu fram en því miður hefur það ekki borið árangur af því að Samfylkingin er í algjörum spreng. Hún þarf a.m.k. tíu dögum fyrir fundinn umræddan 27. júlí að vera komin með umsókn til Evrópusambandsins til þess að utanríkisráðherra Svía geti haft samband við kollega sína og undirbúið þá fyrir fundinn 27. júlí. Það er það sem þetta snýst um. Þess vegna er þessi sprengur núna af því að forsætisráðherra þarf að fara út og leggja inn þessa umsókn. Fyrir vikið fær þingið ekki tíma, en við fáum sífellt að heyra, síðast í gær í ræðu hæstv. utanríkisráðherra, að við eigum að fá allan þann tíma sem við þurfum á að halda, hvort sem það er um Icesave eða þetta mál. Við óskuðum eftir aukinni umfjöllun um nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar en fengum það ekki á fundinum í gær. Við hefðum gjarnan viljað það og ég veit að margir þingmenn

stjórnarmeirihlutans eru mér sammála um að við hefðum átt að fá meiri tíma í utanríkismálanefnd en það liggur bara svo lífið á að koma þessu í hendurnar á Carl Bildt núna um miðjan mánuðinn. Samfylkingin þarf að koma þessu máli í gegn sama hvað tautar og raular og mér finnst hún vera að fara í gegnum allt þetta ferli með bundið fyrir bæði augu. Með háttalagi sínu er hún að gera okkur sem erum talsmenn þess að fara í aðildarviðræður erfitt fyrir.

Ég undirstrika það að í meðförum utanríkismálanefndar hefur málið batnað mikið, sérstaklega er tengist vegvísinum og ferlinu öllu, hvernig það ætti að vera. Aðkoma þingsins hefur líka verið aukin. Það er verið að tryggja það og kom í rauninni fram í fundinum hjá okkur í gær að það var beinlínis vantrú og vantraust á því að fela utanríkisráðherra allt þetta vald, einhverra hluta vegna. Það var dregið úr því valdi og ég fagna því sérstaklega og ég held að allir viti út af hverju það er.

Menn hafa verið að tala um Svíana og þennan hraða. Auðvitað er það alltaf þannig í alþjóðlegum samskiptum að menn þurfa að njóta skilnings á alþjóðavísu. Ég skil Samfylkinguna þannig að hún vilji fara og tala við Svía þegar þeir eru í forustu fyrir Evrópusambandið. Það kann að vera að það kunni að liðka fyrir málinu, flýta því o.s.frv. En mér finnast það heldur engin meðmæli með Evrópusambandinu að þegar ríki sækir um þurfi það að vera inn undir hjá einhverjum, það þurfi að vera í einhverri klíku til að það fái sanngjarna og réttláta meðhöndlun. Ég vona að þegar þar að kemur njótum við Íslendingar sannmælis á grundvelli þeirra eiginleika sem hin íslenska þjóð hefur yfir að ráða. Við vitum það líka að þegar við erum spurð hvað við höfum fram að færa, við Íslendingar, fyrir Evrópusambandið, þá eru svörin þau sem við höfum fengið í samtölum okkar við forustumenn innan Evrópusambandsins: Þið hafið vissulega mikla þekkingu á sviði orkumála, þið hafið mikla þekkingu á sviði umhverfismála, nýsköpunar o.fl., en þið hafið fyrst og síðast mikla þekkingu á sviði lýðræðis, þegar kemur til lýðræðishefðarinnar hér á landi. Það skiptir miklu máli að íslenska þjóðin hefur margt þar til málanna að leggja með sitt elsta þjóðþing. Þannig getum vonandi lagað eitthvað þann lýðræðishalla sem er innan Evrópusambandsins.

Ég ítreka það, frú forseti, að mín skoðun er sú að það hefði verið hægt að vinna þetta mál miklu betur af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það hefði verið nær að ríkisstjórnin hefði látið forustumenn stjórnarflokkanna sem eru í utanríkismálanefnd, formann og varaformann, einfaldlega vinna að þessu máli strax frá upphafi, því að þau gerðu sér far um að reyna að ná samstöðu, samvinnu í málinu öllu en uppleggið frá ríkisstjórninni var bara harðræði, skipunarvald, þvingunarúrræði eins og við upplifðum í morgun í annars hetjulegri ræðu hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar þar sem hann greinilega sagði bara það sem allir hafa vitað hér í marga, marga daga og vikur, að það er verið að reyna að segja fólki stjórnarmeirihlutans fyrir verkum af því að annars er hugsanlegt að stjórnin falli.

Ég vil fá tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu og mæli fyrir þeirri leið og tel mig hafa fært rök fyrir því, ég ítreka það. Ég ítreka að annars vegar eru menn hugsanlega að segja já við því að afsala sér fullveldi á ákveðnum sviðum og hins vegar er engin samstaða meðal ríkisstjórnarinnar, hvað þá innan þingsins, í þessu máli og því eigum við að leita til þjóðarinnar sem vill hafa meira um málin að segja í dag, meiri áhrif á líf sitt og starf. Þegar við sjáum rammann sem við sjálfstæðismenn bjóðum upp á, að þjóðin hafi upphafsorðið og þjóðin hafi lokaorðið, hver getur sagt nei við því? Ég held að enginn geti sagt nei við því að þjóðin eigi lokaorðið, hið raunverulega lokaorð, en fara ekki í kringum hlutina eins og menn hafa verið að gera hér í stjórnarmeirihlutanum.

Síðan er hitt varðandi bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Það rennur upp fyrir manni þegar maður fer yfir málið hvernig málflutningur stjórnarliða var í vor og síðan núna að menn eru hræddir við hugsanlegar kosningar of snemma. En er ekki stóra málið að leiða þetta mál til lykta í sem mestri sátt á þinginu og sem allra mestri sátt meðal þjóðarinnar? Það er ekki uppleggið hjá ríkisstjórninni í þessu máli eða neinu öðru á tímum þegar við þurfum á því að halda að hér sé kröftug pólitísk leiðsögn, ekki síst af hálfu ríkisstjórnarinnar sem sýnir það ekki heldur veður yfir stjórnmálaflokka en ekki síður þjóðina á slíkum tímum.

Gefum þjóðinni orðið. Leyfum henni að hafa upphafsorðið, leyfum henni að hafa lokaorðið. Annað er ekki boðlegt.

[17:10]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir er í því erfiða hlutverki að tala fyrir hönd stjórnmálaflokks sem er klofinn í herðar niður í því máli sem hér er til umræðu. Og um það er fjallað á heimasíðum og í fjölmiðlum víða um landið og hefur verið gert undanfarin missiri og undanfarin ár.

Sjálfstæðisflokkurinn býður upp á ferðalag án áfangastaðar í þessu máli en það dylst þó engum að hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir er sá þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem stendur okkur samfylkingarmönnum hvað næst í afstöðu sinni gagnvart Evrópusambandinu. Hver sá sem skoðar ummæli hv. þingmanns í gegnum tíðina um þetta efni sannfærist um það. Ég vil sérstaklega lesa ummæli sem höfð eru eftir hv. þingmanni í *Morgunblaðinu* þann 12. mars sl. „Við verðum að fá skýr svör“, sagði Þorgerður, með leyfi forseta. Hún sagði að tvíþætt vandamál mundi leysast með aðild að ESB, peningamálastefnan og gjaldmiðillinn og ekki síður orðspor okkar og viðskiptavildin. Getum við verið ein eða er betra fyrir okkur að vera í samstarfi við aðrar þjóðir?

Hver eru hin skýru svör sem hv. þingmanni verður svo tíðrætt um (Forseti hringir.) við þessum spurningum?

[17:12]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Um tíma var ég ekki viss hvort hv. þingmaður væri að móðga mig þegar hann sagði að skoðanir mínar væru oft nærri Samfylkingunni í þessu máli. Ég ætla hins vegar að benda honum á og ég vona að hann hafi hlustað á ræðu mína þar sem ég fór einmitt yfir það áðan að ég tel kostina m.a. við Evrópusambandið vera að þar felst ákveðin lausn í gjaldmiðilsmálum okkar Íslendinga en ekki síður að

orðspor okkar hefur beðið hnekki og ég tel að það skipti miklu máli að við njótum þess hugsanlega að vera innan Evrópusambandsins við þá uppbyggingu sem fram undan er.

Skýru svörin eru þau að ég vil fá þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Það hef ég sagt, og ef hv. þingmaður hefur farið yfir allt sem ég hef sagt m.a. á viðskiptaþingi þar sem ég sagði nákvæmlega þetta: Notum ferðina, kosningarnar, og spyrjum þjóðina að því hvort sækja eigi um aðild að ESB. Frá því hef ég ekki hvikað.

[17:13]

Róbert Marshall (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Er okkur þá ekki líka í lófa lagið að gera hið sama þegar kemur að öðrum kosningum, að kjósa án þess að vera með nokkur skýr fyrirheit eða áfangastaði í þeim kosningum? Er þá ekki hægt að kjósa í alþingiskosningum án þess að fyrir liggi stefna stjórnmálaflokka? Er þá ekki hægt að kjósa í alþingiskosningum án þess að það liggi fyrir hverjir skipi framboðslistana? Er hægt að gera þá kröfu til félagsmanna í stéttarfélagi að þeir taki afstöðu til kjarasamnings áður en samningurinn liggur fyrir?

[17:13]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er lagt síðan ég hef heyrt jafnmikla vantrú á íslensku þjóðina og í andsvarinu áðan. Þetta fannst mér lýsa vantrú á því að þjóðin gæti sagt um það hvort hún ætti að kjósa um aðildarumsókn að Evrópusambandinu eða ekki. (**RM:** Það er ekki rétt.) Mér fannst þetta lýsa ákveðinni vantrú en ég ætla að reyna að vera aðeins jákvæðari í svari mínu og benda hv. þingmanni á það að flokkur hans, Samfylkingin, var við stjórnvölinn ekki bara frá 1. febrúar heldur lengur, sem hann reyndar skammast sín fyrir af og til og vill alls ekkert við sína fortíð kannast.

Af hverju var flokkurinn ekki búinn að upplýsa þjóðina, fara af stað með ákveðið ferli og fleira til þess að þjóðin gæti tekið þessa upplýstu ákvörðun? Ég er hins vegar sannfærð um að þjóðin getur mjög auðveldlega, og hún vill það samkvæmt skoðanakönnunum, svarað því hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Þetta er ósköp einföld spurning. Og við eigum að leggja í þá vegferð með það að upphafsorðið á að vera þjóðarinnar og lokaorðið á að vera þjóðarinnar. Þetta er mjög einfalt.

[17:15]

Skúli Helgason (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar að vekja máls á þeirri hugmynd sem hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kynnir hér í dag og hefur kynnt áður sem er hugmyndin um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel að þessi hugmynd hafi þann stóra galla að þjóðin hafi einfaldlega ekki forsendu til þess að taka upplýsta afstöðu til málsins á þessu stigi málsins. Kostirnir sem lagðir yrðu fyrir hana yrðu í besta falli ófullkomnir og í versta falli misvísandi. Þeir eru ófullkomnir af því að þegar hún gengur að kjörborðinu í slíkri atkvæðagreiðslu er enginn samningur á borðinu. Það er ekkert fast í hendi sem þjóðin getur byggt ákvörðun sína á. (**Gripið fram í:** Hvernig komst Samfylkingin ...)

Við þekkjum gjörðir Evrópusambandsins. Við þekkjum Rómarsáttmálann. En við getum ekki litið fram hjá því að við þurfum að semja um aðlögun Íslands að þessum gjörðum, semja um 35 kafla sem taka á og tengjast grundvallarhagsmunum Íslands. Niðurstaðan er ekki gefin fyrir fram, hvað sem hver segir. Valkostirnir eru misvísandi (Forseti hringir.) því að þrátt fyrir allar skýrslurnar, bækurnar og greinarnar lifa tröllasögur og glansmyndir um Evrópusambandið góðu lífi, annars vegar um að við munum tapa yfirráðum yfir auðlindum (Forseti hringir.) okkar, hins vegar um að ESB sé allra meina bót. Hvort tveggja er rangt.

[17:16]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Einhverra hluta vegna komast stjórnmálaflokkar að niðurstöðu um það að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Eru þeir sem starfa innan stjórnmálaflokkanna svona miklu, miklu upplýstari en þjóðin sjálf að komast að niðurstöðu? (**Gripið fram í:** … trúarbrögð.) Sumir stjórnmálaflokkar hafa komist að þeirri niðurstöðu að hafa tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, aðrir ekki. Ég tel það skipta miklu máli að þjóðin fái þessa tillögu og ekki síst núna — ég tel það skipta miklu máli, ekki síst núna, að þjóðin fái þetta tækifæri að segja til um og hafa áhrif á framgang þessa máls þannig að við getum líka farið að tala um eitthvað annað þannig að líka Samfylkingin hafi ekki alltaf þessa fjarvistarsönnun: Það er ekki búið að útkljá ESB, við getum ekki rætt annað á meðan.

Ég treysti þjóðinni. Ef stjórnmálaflokkar geta komist að niðurstöðu um að það eigi að sækja um aðild að ESB þá treysti ég þjóðinni alveg til þess.

[17:17]

Skúli Helgason (Sf) *(andsvar)***:**

Það er mikill misskilningur að Evrópusambandið sé eitthvert sáluhjálparatriði fyrir Samfylkinguna og við höfum sýnt það með því að koma hér fjölmörgum málum í gegn á undanförnum vikum mjög hratt og vel í 100 daga áætluninni. Það er verið að vinna hér hratt og vel að málum. Hratt og vel skiptir einmitt máli í þessu samhengi. Hvers vegna viljum við eyða tíma að óþörfu í það að bjóða þjóðinni upp á ófullkomna eða misvísandi kosti í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar við vitum með skoðanakönnunum undanfarin ár að vilji þjóðarinnar er býsna skýr. Hún vill fara í þessar aðildarviðræður. Það liggur á borðinu. Það er engin ástæða til þess að eyða meiri tíma þegar heimilin og fyrirtækin eiga í vandræðum þegar við getum farið beint í viðræðurnar og fengið þær forsendur sem við þurfum til þess að þjóðin geti tekið upplýsta ákvörðun.

[17:18]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vilji þjóðarinnar er alveg skýr. Tæplega 80% þjóðarinnar vilja fá að kjósa um aðildarumsókn þannig að vilji þjóðarinnar er skýr í þessu máli.

Það er talað um tíma og þess vegna var mér svo tíðrætt um vinnubrögð í minni ræðu. Ef forsætisráðherra og ríkisstjórnin hefðu sýnt myndugleika strax núna í maí þegar þing var sett og sagt: „Gott og vel, við ætlum ekki að eyða

tíma þingsins í þetta mál, við ætlum að fela þjóðinni þetta, höfum þjóðaratkvæðagreiðslu um málið eigi síðar en 1. júlí“, þá væri þetta mál afgreitt í dag.

En af því að þetta mál er svo fast í hendi fyrir Samfylkinguna vill hún frekar eyða tíma þingsins og þjóðarinnar um leið í þetta mál í staðinn fyrir að fara beint í það og treysta þjóðinni til þess að kjósa um aðildarumsókn eða ekki. Ég tel að við hefðum getað unnið mikinn tíma ef Samfylkingin hefði komið einhvern tíma með einhverri reisn inn í þetta mál og sagt: „Gott og vel, okkar afstöðu þekkja allir en við ætlum að teysta þjóðinni af því að við fáum þannig sem mesta breiða pólitíska sátt í þessu máli líka.“ Það er líka þýðingarmikið.

[17:19]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir sitt innlegg í þessa þörfu og góðu umræðu hér á hinu háa Alþingi sem er svo sannarlega ekki tímaeyðsla, hvorki þingmanna né annarra, (**PHB:** Hefur ekkert annað að gera.) heldur birtingarmynd lýðræðisins á hinu háa Alþingi sem er, eins og varaformaður Sjálfstæðisflokksins hefur ítrekað í sínum ræðum, elsta þjóðþing í heimi.

Hér er talað eins og það hafi ekki farið fram kosningar 25. apríl síðastliðinn og eins og þar hafi flokkar ekki lagt sína stefnu í dóm kjósenda. Það var gert. (**Gripið fram í:** VG á móti, Samfylkingin með.) Þingmaðurinn veit fullvel að sú tillaga sem hér um ræðir verður afgreidd af hinu háa Alþingi einhvern tíma á næstu dögum. Þá mun auðvitað koma í ljós hver afstaða hinna kjörnu fulltrúa, sem voru kjörnir af þjóðinni 25. apríl síðastliðinn til þess að framfylgja stefnu sinna flokka og til þess að fylgja sannfæringu sinni (Forseti hringir.) eins og segir í stjórnarskránni, er.

[17:20]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér finnst alltaf svolítið skrýtið þegar þingmenn Samfylkingarinnar koma hingað upp og segja: „Það var kosið bara um ESB í þessum kosningum. Það var kosið um það að sækja um aðild að ESB.“ Ég kannast ekki við það. Ég efast um að hæstv. fjármálaráðherra kannist við að það hafi sérstaklega verið kosið um þetta mál. (**VigH:** Hann var á móti ESB.) Hann var á sínum tíma — og ég held að hann sé það enn þá — á móti Evrópusambandinu. En síðan eins og gengur og gerist í stjórnarmyndunarviðræðum þá fara menn í ákveðnar málamiðlanir.

Ég segi enn og aftur að mér finnst þetta vera spurning um vinnubrögð. Að heyra það aftur og sjá hvernig samstarfsflokkur Samfylkingarinnar — sem ég á reyndar ekki að bera neina umhyggju fyrir — en að sjá hvernig samstarfsflokkur Samfylkingarinnar engist hér vegna yfirgangs Samfylkingarinnar þegar menn vita að breið pólitísk samstaða mundi nást um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Af hverju fóru menn þá ekki strax í maí og spöruðu tímann í þá vegferð? Það hefði enginn getað sagt neitt af því að málið er upphaflega í höndum þjóðarinnar og hún mun síðan vonandi fá líka lokaorðið

[17:21]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég mundi fara varlega í að ræða hér um það hvernig fólk engist í stjórnarsamstarfi (**REÁ:** Ójá, við engjumst.) og hver kúgar hvern í því eins og hér hefur verið rætt svolítið í dag. (**VigH:** Er einhver vafi á því?) Það er ósköp einfaldlega þannig og svo virðist sem þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks geti ekki meðtekið það að hér er flutt tillaga um að leggja til að við sækjum um aðild að Evrópusambandinu. Hún er hér til afgreiðslu. Hér er stundin runnin upp til þess að taka afstöðu til þess hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Spurningin gæti ekki verið skýrari. Ábyrgð og hlutverk hinna kjörnu fulltrúa, hv. þingmanna á Alþingi Íslendinga er algjörlega skýrt.

[17:22]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og við heyrðum í morgun þá eru náttúrlega skiptar skoðanir um málið. Ég vona að menn muni greiða hér atkvæði eftir sinni bestu samvisku eins og allir kalla eftir.

Það var merkilegt að heyra talað um að menn engist. Já, það er alveg rétt eins og frammíkallið bar með sér að við engdumst undan ykkar samstarfi og þið eflaust líka. Það er bara þannig. Ég hélt að við værum að tala um ný vinnubrögð hérna. 1. febrúar var tilkynnt sérstaklega: Nú er ný verkstjórn á landsmálunum. Hvers konar nýja verkstjórn var það? Reyndar er þetta verkstjórn sem ég kannast ekki við. Þetta eru vond ný vinnubrögð. Það eru allir að kalla eftir samstöðu. Menn eru að kalla hér eftir pólitískri leiðsögn frá ríkisstjórninni af því að hún fer með framkvæmdarvaldið. Það er hún sem ber ábyrgð á aðildarumsókn gagnvart Evrópusambandinu eða ekki. Af hverju (Gripið fram í.) ekki að tala breiðar? Af hverju að þjösna (Gripið fram í.) þessu máli svona í gegn þegar menn vita — og menn í ríkisstjórnarflokkunum (Forseti hringir.) voru látnir vita um það strax í maí — að hægt er að ná breiðri pólitískri samstöðu um að fara strax með málið í þjóðaratkvæði.

[17:24]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni ágæta ræðu. Hún er minn fulltrúi í utanríkismálanefnd og mig langar til að spyrja hana hvernig starfið gekk fyrir sig þar.

Í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi frú forseta:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki.“

Síðan stendur í 13. gr., með leyfi frú forseta:

„Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“

Samninga við erlend ríki gerir því utanríkisráðherra og enginn annar.

Nú er það spurningin: Hér er verið að samþykkja tillögu til þingsályktunar þar sem bætt var við að utanríkisráðherra skuli hafa samráð við og fara eftir þessum tillögum hérna. Hvað gerist ef hann gerir það ekki? Hvað gerðist með einmitt Icesave-samkomulagið þar sem menn ætluðu að ráðherra mundi gera eitt og annað en svo bara skrifar hann undir og meira að segja stjórnarþingmenn veittu honum umboð til þess óséð. Þeir höfðu ekki séð samninginn. Hvað

gerist ef það kemur allt í einu samningur hérna sem hæstv. utanríkisráðherra hefur samþykkt og gert bara upp á sitt einsdæmi? Hann vill ganga inn, endilega. Hvað gerist þá?

[17:25]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Að öllu jöfnu samþykkir Alþingi vantraust á viðkomandi ráðherra og ríkisstjórnin fellur — það er svo einfalt — ef ráðherrann fer ekki eftir því sem Alþingi hefur samþykkt og sagt frá. Það er akkúrat (Gripið fram í.) þessi punktur sem varð til þess að utanríkismálanefnd dró einhverra hluta vegna úr því mikla valdi sem utanríkisráðherra átti að hafa í upphaflegu tillögunni og færði það í ríkari mæli til þingsins. Menn verða bara að geta sér til um af hverju það er.

Það ríkir ákveðið vantraust nefnilega á milli þingsins og ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega gagnvart utanríkisráðherra í þessu máli því að menn hafa ekki verið að koma hreint fram, hvorki í þessu máli né öðrum. Það er verið að efla þingið og aðkomu þess í þessari meðhöndlun. En það er alveg ljóst af minni hálfu að ef utanríkisráðherra fer út fyrir umboð sitt, fer út fyrir það sem er samþykkt hér á þingi, þá verður samþykkt vantraust á hann ef hann hefur ekki þær gáfur að segja af sér áður.

[17:26]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa forseta í upphafi máls síns.

[17:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta leiðir hugann að Icesave-samkomulaginu sem gert var þar sem ráðherrann skrifaði undir án þess að þingmenn hefðu séð samkomulagið. Hvað gerist ef það sama gerist núna, að utanríkisráðherra kemur með samkomulag og stjórnarflokkarnir veita honum umboð til að skrifa undir?

Það minnir líka á það sem gerðist í upphafi þessa fundar. Þá kemur einn þingmaður og segir að hann hafi fengið tilkynningu eða merki um að það yrðu stjórnarslit ef hann væri meðflutningsmaður á breytingartillögu. Það er nú allt lýðræðið og sannleiksástin og sannfæringarkrafturinn og allt það.

Gæti ekki nákvæmlega sama staða komið upp, þ.e. að stjórnarliðinu yrði bara tilkynnt að það yrðu stjórnarslit ef þeir ekki skrifi undir samkomulagið sem hæstv. utanríkisráðherra kemur með frá útlöndum, samið í hans vilja og hans anda?

[17:27]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Jú, þetta er náttúrlega það sem við erum að fjalla um. Það sem við höfum varðandi Icesave er að við höfum þetta tæki enn þá í hendi okkar, þ.e. að ýta á rauða takkann og segja nei við Icesave út af því að samningurinn er ekki góður. Við teljum að okkar hagsmunum sé ekki nægilega borgið og að ekki hafi verið farið eftir viðmiðunum sem Alþingi samþykkti á sínum tíma. Þetta eru allt hárréttar athugasemdir af hálfu hv. þingmanns.

Mér finnst stundum eins og ég sé að verja hæstv. fjármálaráðherra. Ég ætla samt ekki að segja það — ég er alveg sannfærð um að hann skrifar náttúrlega undir með fyrirvara og hann hefur sannfæringu fyrir því að þetta sé illskásti samningurinn sem við getum staðið frammi fyrir. Hann má eiga það að hann hefur sína sannfæringu á meðan samstarfsflokkur hans reynir að ýta öllu gubbinu yfir á hann. Hann er þó maður að meiri og reynir að standa við þennan samning meðan Samfylkingin í fyrri ríkisstjórn og í þessari ríkisstjórn segist stikkfrí, bendir á þau.

[17:28]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Við ræðum hér mjög stórt og erfitt mál. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að íslenska þjóðin er mjög klofin og skipt í afstöðu sinni til þess. Stjórnmálaflokkarnir eru að einhverju leyti allir klofnir. Innan þeirra finnast ólík viðhorf. Kannanir sýna að stuðningsmannabakland eða kjósendabakland allra stjórnmálaflokka í landinu er skipt. Samtök atvinnulífsins eru klofin þar sem ákveðnar greinar, fyrst og fremst sjávarútvegsgreinarnar og landbúnaðurinn, leggjast eindregið gegn aðild en aðrar greinar styðja hana, eins og Samtök verslunar og þjónustu og iðnaðurinn. Verkalýðshreyfingin hefur skiptar skoðanir á þessu máli. Væntanlega finnast innan flestra samtaka í öllum landshlutum og á vinnustöðum ólík sjónarmið í þessu máli. Þess vegna er vandasamt fyrir okkur sem þjóð að halda á því og það er erfitt á ýmsan hátt, meðal annars fyrir minn flokk, fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Við höfum þá mótuðu flokkslegu stefnu að það þjóni ekki hagsmunum Íslands best að ganga í Evrópusambandið. Við höfum rætt þetta og metið á hverjum tíma allt frá okkar stofnun og niðurstaðan hefur orðið sú hin sama. En hlutirnir þróast að sjálfsögðu og það gera þeir einnig innan okkar raða og þar er vissulega orðið meira um fólk sem nálgast þetta með því hugarfari að kannski eigi að láta á það reyna hvað þarna sé í boði. Eitt er víst og það er að þetta mál er uppi og hefur verið uppi og það mun ekki hverfa hverjar sem lyktir þess verða hér og nú. Við gerðum erfiða málamiðlun þegar gengið var til þessa stjórnarsamstarfs. Sumir mundu sjálfsagt kalla það fórn og menn spyrja eðlilega: Hvernig getur það verið að flokkur sem hefur það í sinni stefnu að meta það svo að hagsmunum Íslands sé ekki best borgið innan Evrópusambandsins standi að slíkum hlutum?

Því er til að svara og það er best að segja hlutina eins og þeir eru að án einhverrar lendingar eða málamiðlunar í þessu máli hefði í fyrsta lagi þessi ríkisstjórn ekki orðið til. (**VigH:** Það hefði betur verið svo.) Í öðru lagi er það þannig að þetta mál er uppi og ég held að öllum sé ljóst sem fylgst hafa með umræðum um það undanfarna mánuði og undanfarin missiri að að því var og að því er að draga að það verði til lykta leitt með einhverjum hætti. Við getum velt því fyrir okkur ef fyrri ríkisstjórn hefði lifað af síðastliðinn vetur, væri ekki alveg eins líklegt að svipuð staða væri þá uppi í málinu, að þar hefði allt stefnt í þá átt að látið yrði reyna á aðildarviðræður við Evrópusambandið? Margir telja að svo sé.

Við stöndum líka frammi fyrir þeirri staðreynd hér, samanber tillöguflutninginn og þær tvær tillögur sem eru

hér andlag umræðunnar í dag, að yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna og þingsins virðist telja að að því sé komið að láta á þetta mál reyna. Við ræðum hér stjórnartillögu um aðildarumsókn og við erum með tillögu frá tveimur af þremur þingflokkum stjórnarandstöðunnar um að undirbúa mögulega umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Það vísar eindregið í þá átt að þau veðrabrigði séu orðin að hér á þingi séu núna breytt hlutföll og mun meiri stuðningur við það að láta á þetta reyna og hefði þá ekki sú staðreynd, sá þingvilji með einum eða öðrum hætti fundið sér farveg nú á þessu kjörtímabili, nú á næstu árum? Ég held að það sé hinn pólitíski veruleiki sem við stöndum frammi fyrir.

Það er líka veruleiki að í öllum löndum, að minnsta kosti flestum þar sem ég hef skoðað það, hefur það alltaf verið umdeilt mál að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Það var það í Noregi þegar minnihlutastjórn lagði inn umsókn og flokkurinn sem að henni stóð var klofinn í málinu. Það var það í Tékklandi. Svo var í Svíþjóð á sínum tíma, í Austurríki. Það var það á Írlandi og svo framvegis. Það hefur alltaf verið þannig að um þessi mál, sem yfirleitt hafa klofið mjög bæði flokka og skipt þjóðum upp, að þá hafa aðstæður verið með einum og öðrum hætti slíkar. Þess vegna er það rangt sem hér er sagt að það sé eitthvert einsdæmi að aðildarumsókn beri að með þessum hætti og að bakland ríkisstjórnar standi ekki heilt að henni. Það er ekki svo. Þannig hefur það yfirleitt ekki verið.

Jú, jú, menn geta sagt að það sé ekki mjög trúverðugt að stjórnarflokkarnir sem með framkvæmdarvaldið fara séu með ólíka afstöðu til málsins og haldi öllum fyrirvörum til haga eins og við gerum sannarlega í krafti okkar stefnu og áskiljum okkur allan rétt í málinu. Hv. þm. Bjarni Benediktsson taldi vanta ákafann í málið. En er það endilega svo að vafinn, að fyrirvararnir, að gagnrýnin nálgun sé versti förunauturinn í leiðangri af þessu tagi? Liði mönnum endilega betur með að hér hefði náð saman eindreginn aðildarsinnahópur sem hefði átt sér það eina markmið að keyra Ísland inn í Evrópusambandið og hann hefði staðið að því að leggja inn umsókn og hann hefði farið með viðræður? Það skyldi nú ekki vera að það gæti bara reynst ágætt að þau skiptu sjónarmið sem eru í landinu um þetta mál eigi sér líka málsvara innan ríkisstjórnar og á Alþingi.

Við áskiljum okkur ekki bara rétt til þess að leggjast gegn samningsniðurstöðu, verði hún sú sem við teljum mörg hver líklegt, þ.e. að hún breyti litlu um það mat sem uppi hefur verið um hvað það þýði fyrir Ísland að ganga í Evrópusambandið. (**VigH:** Það er óábyrgt að tala svona.) Við áskiljum okkur líka rétt til þess á hverju stigi málsins sem er að leggja það til að samningaviðræðum verði hætt og það á Alþingi líka að gera. Ég fagna því að utanríkismálanefnd hefur styrkt aðkomu Alþingis að þessu máli og sett því skýrari ramma, meðal annars með þeirri breytingartillögu sem hún flytur. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að menn nálgist síðan málið þannig að þeir hefji viðræðurnar á því sem erfiðast er. Það á ekki að geyma það þangað til síðast að fara í viðræður um sjávarútvegsmálin, um landbúnaðarmálin og matvælaiðnaðinn. Þvert á móti á að mínu mati að leggja megináherslu á að fá stærstu spurningunum svarað sem fyrst og fá það skýrt fram hvort þær væntingar sem sumir hafa um að Ísland geti fengið þarna umtalsverðar varanlegar undanþágur frá meginreglum Evrópusambandsins séu raunhæfar eða ekki. Ef þær eru ekki raunhæfar er ástæðulaust að halda viðræðum áfram. Ég sé það ekki fyrir mér að nein ríkisstjórn leggi samning fyrir þjóðina og mæli með því að hann verði samþykktur sem felur í sér fullt afsal okkar á forræði í sjávarútvegsmálum, þá hluti fyrir landbúnaðinn sem ýmsir óttast og þar fram eftir götunum.

Að sjálfsögðu er margt fleira í þessu stóra máli sem þarf að huga vel að og það er farið mjög vel yfir það í nefndaráliti meiri hlutans. Það eru hlutir sem lúta að auðlindamálum almennt, að lýðræðinu, að valdaframsalinu, að félagslegum áherslum og að gjaldmiðilsmálum, sem að sjálfsögðu eru stór og mikilsverð mál og það er kostur ef það getur skýrst hverjar aðstæður Íslands yrðu í þeim efnum.

Ég hlýt að vara hér við því sem ég tel vera eina hættu þessa máls og það er oftrúin á að í þessu sé fólgin líkleg lausn á öllum okkar vanda. Það er tvennt sem ég held að þurfi að varast. Það er annars vegar oftrúin á að þetta mál í sjálfu sér spili mikið hlutverk í þeim vanda sem Ísland glímir við nú um stundir. Hann er hér. Hann er heima á Íslandi. Verkefnin eru hér sem við þurfum að takast á við næstu missirin og við eigum ekki að láta annað trufla okkur um of í þeim. Hitt eru óraunhæfar væntingar um að samningsniðurstaðan geti falið í sér einhver umtalsverð frávik frá meginreglum Evrópusambandsins. Ég hef hvergi fundið neinu stað sem bendir til þess að líklegt sé, svo dæmi sé tekið, að Ísland fengi til muna betri samning og fleiri undanþágur en Noregur fékk á sínum tíma, sérstaklega í seinni tilraun sinni, og vissu þá allir að Noregur þyrfti góðan samning ef líkur ættu að vera á því að norska þjóðin samþykkti hann.

Það er gott að um það er samstaða að íslenska þjóðin eigi í þessu máli síðasta orðið. Síðasta orðið, segi ég, og það tengist ekkert því hvort sú kosning fer fram fljótlega eftir að samningsniðurstaða liggur fyrir eða eftir að Alþingi hafi gert nauðsynlegar stjórnarskrárbreytingar. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að kosningin eigi að fara fram strax að hæfilegum tíma liðnum eftir að samningsniðurstaða liggur fyrir, komi einhvern tíma til hennar, hafi menn ekki dregið sig út úr umræðum áður. Það er vegna þess að ég gef mér — og ég hef engan heyrt halda neinu öðru fram — að það verði íslenska þjóðin með atkvæði sínu í þjóðaratkvæðagreiðslu sem ráði niðurstöðunni. Hafni hún samningsniðurstöðu er engin ástæða til að gera breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins sem þá er engin þörf fyrir. Þess vegna er það kostur, ótvíræður kostur, að bera málið strax undir þjóðina en ekki þegar Alþingi að alþingiskosningum liðnum hefði gert endanlegar breytingar á stjórnarskránni.

Kannski eiga þingmenn sem hér eru núna í öndverðum fylkingum — ekki endilega svo óskaplega ósammála, samanber ræður hér og tillögur — eftir að sameinast á nýjan leik í afstöðu sinni til þess ef til samningsniðurstöðu kemur og kannski eiga margir ólíklegustu vopnabræður eftir að verða þá í fylkingu sem leggst gegn niðurstöðunni og ræður þjóðinni frá því að ganga að samningnum.

Nú eru örlagatímar fyrir okkar þjóð. Við stöndum í harðri baráttu fyrir okkar efnahagslegu framtíð, efnahagslegu sjálfstæði, og sumir mundu vilja bæta stjórnmálalegu

sjálfstæði sjálfsagt þar við að einhverju leyti. Heimurinn er líka á tímamótum. Hann er í mikilli mótun. Við glímum við verstu kreppu í hagsögu seinni alda eða áratuga frá því fyrir 70–80 árum síðan. Eitt vitum við og það er að við lifum saman á þessum hnetti. Framtíð heimsins er þannig samofin og Ísland er og verður og ætlar sér að vera hluti af því. Við erum hluti af hinum tæknivædda samrunaheimi, og það er ekki spurning um það hvort við ætlum að eiga góð samskipti við okkar grannríki og umheiminn heldur hvernig, á hvaða formi það er. Enginn mælir gegn því að við þurfum að sjálfsögðu að eiga góð og sterk tengsl við Evrópu þar sem um 70% útflutningsviðskipta okkar liggja. Spurningin er bara um hvernig best sé um það búið og hvað þjóni okkar hagsmunum í þeim efnum.

Við eigum okkur örugglega öll drauma um það hvernig við viljum sjá heiminn og hvernig hann sé best saman settur. Án þess að gerast of hátíðlegur vil ég leyfa mér að segja að ég trúi á það að besta fyrirkomulagið sé frjálst bræðralag þjóða þar sem engin þjóð ber aðra ofurliði, hvað þá vopnum, þar sem þjóðir eiga með sér gagnkvæm, hagstæð viðskipti, samskipti og samstarf. (**VigH:** Er það svo nú?) Til þess þarf vissulega skipulag. Til þess þarf heimurinn og einstök svæði vissulega skipulag. En það þurfa ekki að vera yfirþjóðleg bandalög. Það er hægt að sjá það fyrir sér öðruvísi. Það er hægt að tryggja viðskipti með almennum leikreglum og samningum, þess vegna með heiminn allan undir, sem hugnast mér betur en tollabandalög og svæðisbundnar blokkir. Það er hægt að gæta öryggis og friðar í heiminum án þess að skipta honum upp í hernaðarbandalög. Satt best að segja hefur sú skipan mála gefist hörmulega.

Það er líka hægt að segja að mörgu leyti það sama um viðskiptablokkirnar. Þær hafa ekki reynst heiminum vel. Þær takast á. Þær draga upp landamæri og þá verða oft ýmsir út undan, þeir sem veikar standa að vígi. Við skulum ekki láta drauminn deyja um það að til sé annað og mögulega betra fyrirkomulag í þessum efnum en það sem við sitjum uppi með, sumpart arf frá liðnum tímum, orðið til við óheppilegar aðstæður í lok styrjalda eða viðskiptaátaka.

Evrópa þarf að sjálfsögðu að vinna saman öll, ekki bara 27 eða 30 eða 48 svæði, þess vegna alveg eins 70 eða 100. Þess vegna alveg eins Katalónía, Skotland, Færeyjar, Borgundarhólmur, sem í minni framtíðar-Evrópu mættu vera þar jafngildir aðilar og Ísland og þess vegna önnur smærri ríki sem ekki fer mikið fyrir um þessar mundir.

Að lokum trúi ég því að við séum sjálf okkar eigin gæfusmiðir, að við Íslendingar munum alltaf ráða mestu um það sjálf hvernig okkur vegnar og reiðir af, óháð því í sjálfu sér í hvaða form við bindum samstarf okkar við aðra. Örlög okkar að því marki sem það er í mannlegu valdi mótast af okkur sjálfum og því hvernig við stöndum að málum, hversu vel okkur tekst til, hversu farsæl við erum í okkar framgöngu allri. Þar hefði mátt takast betur til og svo sannarlega betur til núna hin síðustu ár.

Ég þarf ekki, frú forseti, og hef naumar aðstæður til að hafa um þetta miklu lengra mál. Ég deili niðurstöðu meiri hluta utanríkismálanefndar og er henni sammála og hef sömu afstöðu til málsins. Ég get gert rök meiri hlutans í öllum aðalatriðum að mínum og þó sérstaklega þau rök sem formaður utanríkismálanefndar, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, flutti hér í góðri framsöguræðu.

Að lokum vil ég þakka honum og öðrum nefndarmönnum í utanríkismálanefnd alveg sérstaklega fyrir mikla og góða vinnu. Það deilir enginn um það að hér hefur verið lagður mjög góður grunnur að framhaldi málsins og Alþingi þarf síðan að eiga ríka aðild, ásamt með öðrum sem að verkinu koma, að því að fylgja því fram á þeim grunni sem hér er lagður og vonandi tekst það vel. Mikið er í húfi. Ég get vissulega tekið undir það sem fleiri hafa sagt að það hefði verið æskilegra að ná um þetta mál breiðari samstöðu. Það hefði að sjálfsögðu verið betra ef það hefði náðst til fulls. Sjónarmið hafa þó verið sætt í verulegum mæli og hér hefur það komið rækilega fram, til dæmis hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, sem fagnaði því þó að margt hefði áunnist í því góða starfi sem utanríkismálanefnd hafði forustu um. Það er þrátt fyrir allt ekki svo óskaplega langt á milli sjónarmiða í þessum efnum, að einhverju leyti hvað varðar málsmeðferð og aðferðafræði, en ekki að því er virðist um grundvallarhagsmuni Íslands í málinu og þá er mikið fengið. Sé það svo að við séum sammála um að standa á þeim grundvallarhagsmunum sem hér eru skýrt upp dregnir og hverfa ekki frá þeim þarf ekki að hafa mjög miklar áhyggjur af málinu því að annaðhvort nást þeir þá fram í samningum eða gera það ekki og fari þannig ætti samstaðan að haldast og ekki verða mikið vandamál að útkljá þá málið á þann hátt að ekki hefðu náðst viðunandi samningar, að málið hefði verið reynt, þar með væri það frá, búið, og Ísland gæti snúið sér að öðrum hlutum.

[17:46]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er hálfslegin eftir þennan dag á Alþingi, í fyrsta lagi vegna þess, eins og ég hef minnst á áður hér í ræðu, að einn hv. þingmaður sá sig knúinn til þess að yfirgefa salinn og fara heim út af því að hann var ofurliði borinn af framkvæmdarvaldinu og í öðru lagi vegna útskýringa hv. formanns Vinstri grænna úr þessum ræðustól áðan þar sem hann reynir að koma sér undan ábyrgð sinni á því sem hann lofaði fyrir kosningar. Hann sagði sjálfur að þessi ríkisstjórn hefði ekki lifað nema samkomulag hefði verið gert við Samfylkinguna um að koma þessu máli hér á dagskrá með klofna ríkisstjórn og í andstöðu við sína flokksmenn, sem er mjög alvarlegt því að eins og við vitum öll gengu Vinstri grænir til þessara kosninga með ESB-aðild í andstöðu við ESB. Þess vegna langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig getur hann horft framan í kjósendur sína á (Forseti hringir.) deginum 10. júlí 2009 með þetta í farteskinu?

[17:47]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég lít ekki undan í þessu máli og ég get meira að segja horft í augun á hv. þingmanni. (**VigH:** Ég kaus þig ekki.)

[17:48]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var mjög stutt og snaggaralegt hjá hæstv. ráðherra. Hann þarf ekki að líta í augun á mér því að eins og gefur að skilja var ég ekki kjósandi hans. Ég spurði hann að því hvernig hann gæti þann 10. júlí 2009 litið í augu kjósenda sinn eftir þau orð og þá atburði sem hafa átt sér stað á hinu háa Alþingi í dag. Hvernig má það vera að hæstv. fjármálaráðherra gengur til þessara kosninga sem nýlega eru liðnar, lofandi kjósendum því að ESB sé ekki á dagskrá flokksins, vitandi annað sem hann tjáði okkur hér áðan því að hann sagði að þessi ríkisstjórn, sem var minnihlutaríkisstjórn áður og er það náttúrlega raunverulega í dag líka — því að ríkisstjórnin þarf að sækja sér fylgi til annarra flokka — hvernig getur hann staðið þennan dag, horft í augu kjósenda sinna og sagt: Ég sveik ykkur.

[17:49]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er nú svo að ég hef svolítið meiri reynslu af því að líta í augun á kjósendum en hv. þingmaður. Ég hef gert það alloft. Ég hef aldrei verið feiminn við að leggja mín verk í dóm kjósenda og ég hef gert það allmörgum sinnum eins og kunnugt er og það hefur bara gengið nokkuð vel satt best að segja og hér er ég enn.

Við töluðum að sjálfsögðu fyrir og út frá okkar stefnu í Evrópumálunum (**VigH:** Þetta er ekki ykkar stefna.) í aðdraganda kosninga. En við sögðum jafnframt að við hefðum mikinn hug á því að halda stjórnarsamstarfinu áfram og gera það að meirihlutaríkisstjórn sem var minnihlutastjórn í vetur og það tókst. (**VigH:** Þetta er minnihlutastjórn.) Það var öllum ljóst að þar á meðal mundi það kalla á að menn fyndu einhvern farveg fyrir þetta erfiða mál.

[17:49]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni, ágætri ræðu: „Án málamiðlunar um þetta mál hefði þessi ríkisstjórn ekki orðið til.“ Í morgun sagði hv. þm. Ásmundur Einar Daðason að ef hann hefði fylgt sannfæringu sinni hefði það þýtt stjórnarslit. Í *Morgunblaðinu* eða á mbl.is er haft eftir hæstv. ráðherra að það gangi ekki að þingmenn myndi bandalag gegn ríkisstjórninni. Því vil ég spyrja ráðherrann: Túlkar hæstv. fjármálaráðherra það sem bandalag gegn ríkisstjórninni ef einstakir þingmenn Vinstri grænna mundu kjósa með breytingartillögu hv. þingmanna Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu og fylgja sannfæringu sinni?

[17:50]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Ásmundur Einar Daðason mun fylgja sannfæringu sinni og greiða atkvæði samkvæmt henni og hann tók það hér skýrt fram að hann mundi greiða þessari breytingartillögu atkvæði. Það er nákvæmlega þannig sem frá málinu var gengið að menn greiða (**VigH:** Var gengið frá því?) hér atkvæði — þingmenn ganga hér óbundnir til atkvæðagreiðslu og efnislegrar afstöðutöku í þessu máli. Það er algjörlega á hreinu.

Ég bið hv. þingmann að hafa ekki endilega *Morgunblaðið* sem fyrstu heimild um mína afstöðu í þessu máli. Það er svolítið frjálslega frá sagt að ég hafi talað um að það gengi ekki að menn gerðu bandalög gegn stjórninni. Ég sagði að það væri auðvitað munur á því annars vegar að styðja breytingartillögu og flytja hana og það væri munur á því og að taka afstöðu til mála þegar kæmi að atkvæðagreiðslum í þingsalnum og hinu að dragast inn í einhvern hráskinnaleik stjórnarandstöðunnar sem þóttist ætla að sameinast hér um að flytja breytingartillögu um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. En hvar er sú samstaða núna þegar stjórnarandstaðan skilar þrískiptum nefndarálitum og aðeins (Forseti hringir.) einn flokkur stendur að (**Gripið fram í:** Það var af því að þingmaður Vinstri grænna var bugaður til að hætta við.) breytingartillögu um tvöfalt þjóðaratkvæði?

[17:52]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hæstv. fjármálaráðherra telur það sérstök tíðindi að stjórnarandstaðan skuli ekki sameinast í málflutningi sínum. Það er af sem áður var.

Það er athyglisvert líka að hæstv. ráðherra segir að ekki sé rétt eftir sér haft. Ég les hér upp úr mbl.is sem ég hef sem mína heimild hér, með leyfi forseta:

„Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir það ekki ganga að þingmenn flokksins séu að mynda bandalag gegn ríkisstjórninni.“

Það getur vel verið að þetta sé ekki rétt eftir haft en þá verður hæstv. ráðherra að eiga það við *Morgunblaðið* .

En það er athyglisvert líka að hann segir að þannig var frá málinu gengið. Sem sagt: „Ásmundur minn, þú mátt greiða atkvæði með tillögunni en þú mátt ekki beita þér fyrir þinni sannfæringu með því að sýna fram á það svart á hvítu að þetta sé það sem þú vilt og vilt beita þér fyrir.“ Þetta er þvert á það sem hann segir á hátíðastundum og jafnvel í (Forseti hringir.) stjórnarsáttmálanum að menn áskilji sér rétt til að berjast gegn ákveðnum hlutum og samningnum.

[17:53]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur misskilið mig. Þegar ég talaði um að þannig var frá málinu gengið átti ég við það samkomulag að tillaga um þetta mál yrði flutt. Þá var það gert mjög skýrt, ljóst, að því fylgdi ekki af okkar hálfu loforð um stuðning við hana. (Gripið fram í.) Ef menn muna blaðamannafundinn þegar ríkisstjórnin kynnti sínar áherslur í Norræna húsinu daginn sem hún var mynduð þá tók ég þetta mjög skýrt fram. (Gripið fram í.) Það kom mjög mjög skýrt fram og þannig er það og þannig verður það.

Ég get ekki sannara orð sagt en það að engar tilraunir hafa af minni hálfu verið gerðar til þess að fá einhverja þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að breyta um afstöðu sína í þessu máli. Hana gera þeir upp við

sig hver og einn eins og mun koma hér fram í atkvæðagreiðslum. (Gripið fram í.)

[17:54]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, hv. 1. þm. Norðaust., sem þingmann hvort hann vilji ganga í Evrópusambandið, hvort hann vilji að Ísland verði hluti af Evrópusambandinu. Ég vil ekki fá að heyra hvað Vinstri grænir vilja almennt séð eins og ég heyrði hérna áður í dag. Ég vil heyra hvað hv. þingmaður, hæstv. ráðherra vill í þessu sambandi.

Síðan vil ég biðja hann um að líta svo sem eins og 60 ár fram í tímann eins og ég bið aðra um að gera af því að við erum að taka afdrifaríka ákvörðun. Mundi hann sætta sig við tímabundnar — að við mættum ráðstafa fiskimiðum okkar tímabundið í 15 eða 20 ár? Er það nóg fyrir hæstv. ráðherra?

Síðan er það spurning: Finnst honum við hæfi eftir að hafa kynnst Icesave-málinu og allri þeirri kúgun Evrópusambandsins, Breta, Hollendinga og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og svo framvegis, finnst honum við hæfi í þeirri stöðu að ganga til samninga?

[17:55]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er afar fljótlegt að svara fyrstu spurningunni. Ég hef tilheyrt og tilheyri enn þeim sem telja það ekki hagstætt fyrir Ísland að ganga í Evrópusambandið þannig að þannig standa málin og ég er því andvígur.

Í öðru lagi tel ég að tímabundnar undanþágur þegar komi að mikilvægustu grundvallarhagsmunum okkar séu ekki nóg, ég tala nú ekki um ef þær yrðu jafntímabundnar og til dæmis var niðurstaðan í tilviki Noregs. Ég tel að við yrðum að fá varanlega viðurkenningu á einhverju sérstöku fyrirkomulagi, sérstöku svæði hvað varðar fiskveiðilögsöguna og forræðið þar. En er það þó þannig að af tvennu tel ég enn mikilvægara að Ísland nái að halda sjálfstæðum samningsrétti og geti sjálft gætt sinna hagsmuna og samið um sína hlutdeild, til dæmis í deilistofnum og öðru slíku. Það tel ég að sé eitt einstakt mikilvægasta hagsmunamál okkar gagnvart sjávarútveginum.

Í þriðja lagi varðandi misjafna reynslu af samskiptum við Evrópuþjóðir: Já, það má ýmislegt um það segja. En Evrópa er nú þarna og verður áfram og ekki ætlum við að segja okkur úr samfélagi þjóðanna. Við ætlum að eiga við þær viðskipti og þurfum að búa einhvern veginn um það þannig að það er það sem við erum að ræða.

[17:56]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hvers vegna í ósköpunum ætlar hæstv. fjármálaráðherra að sækja um aðild ef hann ætlar ekki ganga inn? Hvers vegna í ósköpunum ætla þeir þingmenn að sækja um aðild að Evrópusambandinu sem ekki ætla að ganga inn? Hvað halda menn að Evrópusambandið haldi um það þegar það fær þessa ræðu þýdda? Hér kemur náungi og hann ætlar að sækja um en hann ætlar ekki að ganga inn. Er hann að hafa okkur að fíflum? (**REÁ:** Ríkisstjórnin.)

Enn vil ég spyrja. Ég er sáttur við þetta með það tímabundna og allt það en Evrópusambandið getur breytt öllum sínum reglum. Það er verið að tala um að þeir ætli að breyta fiskveiðireglunum núna. Þeir geta þá breytt þeim til baka eins og þeim dettur í hug og þá yrðum við að vera með af því að þá erum við orðin svo háð þeim.

Svo vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er ekki ýmislegt annað að gera á Íslandi en að binda öll ráðuneyti og allt starfsfólk við það að sækja um Evrópusambandið næstu fjögur, fimm árin?

[17:57]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eitt af því sem skiptir máli þegar menn fara að skoða þetta betur er meðal annars þetta: Verður komið útgönguákvæði í regluverk Evrópusambandsins ef til þess kæmi einhvern tíma að Ísland færi að huga að inngöngu þangað? Um það er fjallað í nefndaráliti meiri hlutans. Það skiptir máli. Ég er enginn sérstakur aðdáandi Lissabonsamningsins og margt er í honum sem mætti vera öðruvísi mín vegna og hann er auðvitað hluti af samrunaþróuninni og öllu þessu. En það væri þó til bóta ef það ákvæði hans væri orðið að veruleika að menn ættu þarna útgengt með einhverjum eðlilegum hætti þannig að það skiptir vissulega máli.

[17:58]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra ágæta og yfirgripsmikla ræðu. Margt bar á góma. Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurningar. Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra nefndi að engin ríkisstjórn kæmi til baka hér með samning sem gengi gegn grundvallarhagsmunum þjóðarinnar í sjávarútvegsmálum. Gott og vel. Þá kemur þessi spurning: Hver leggur á það mat, hvaða aðili innan stjórnsýslunnar ákveður eftir að samningar hefjast og það kemur í ljós að við erum ekki að ná þeim samningsmarkmiðum sem sett eru fram, að skorið verði á og samningurinn verði þá ekki borinn undir þjóðina? Eða er það möguleiki að gerður verði samningur og hann kláraður, borinn upp fyrir þjóðina, samningur sem hluti ríkisstjórnarinnar eða jafnvel öll ríkisstjórnin er sannfærð um að sé ekki í samræmi við hagsmuni Íslands? Hvar og hvenær verður slík ákvörðun tekin? Ég held að þetta skipti töluvert miklu máli.

[17:59]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er að sjálfsögðu gild spurning. En ráð er fyrir því gert að hagsmunaaðilar eigi auðvitað greiðan aðgang að því að fylgjast með samningaviðræðunum, í öðru lagi að sjálfsögðu Alþingi sem er ætlað mikið hlutverk í þeim efnum og svo að sjálfsögðu þau stjórnvöld sem bera ábyrgð á samningsforsvarinu. Þessir aðilar til samans mundu væntanlega allir koma að því að meta framvindu

viðræðna og hvað væri að nást í þeim eða öllu heldur kannski ekki nást í slíku tilviki. Auðvitað gæti komið upp ágreiningur um að meta framhaldið. Það er augljóst mál. Það gætu orðið skiptar skoðanir um það hvort það væri full-reynt og menn ættu að hætta eða hvort það ætti að reyna að halda áfram. En það er nokkuð sem menn verða þá að takast á við eins og gengur, mundu væntanlega gera það á upplýstan og lýðræðislegan hátt.

[18:00]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel að við höfum tæpt hér á grundvallarmáli. Ég get ekki ráðið annað af svari hæstv. ráðherra en að menn hafi ekki alveg lagt línuna fyrir það hvernig taka eigi á slíkum vanda ef hann kynni að koma upp. Það er alveg augljóst að t.d. hagsmunaaðilar í sjávarútvegi eða landbúnaði kynnu að hafa allt aðra skoðun en t.d. þeir sem eru í forsvari fyrir verslun og viðskipti, ferðaþjónustu og annað. Eins liggur fyrir klofningur innan ríkisstjórnarinnar. Þess vegna kann auðvitað að koma upp mjög sérkennileg staða ef það er þannig að einhverjir aðilar til þess bærir að hafa áhrif á framgang mála vilja stöðva ferlið, aðrir vilja halda áfram og leyfa þjóðinni að taka afstöðu. Ég tel að þarna hefði þurft að vera búið, áður en af stað væri farið, að skapa einhvers konar ramma, ákvörðunarramma um þetta og enn og aftur tel ég að við séum að fara af stað í vegferð sem a.m.k. helmingur ríkisstjórnarinnar hefur ekki áhuga á að fara og að við séum ekki nægilega vel útbúin í þann leiðangur.

[18:01]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Áður en við gefum okkur að slík staða komi upp og að hún verði stórfellt vandamál þá eigum við ekki að útiloka þann möguleika að menn verði einfaldlega sammála um það ef komin væri upp slík staða í samningunum að það væri einsýnt. Ég get bara sagt fyrir mig að ef það lægi orðið algerlega fyrir hverju væri hægt að ná fram í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum og það væri óásættanlegt og þýddi algerlega óbreytta andstöðu beggja þessara mikilvægu atvinnugreina, þá er það afstaða mín að það eigi ekki að ganga yfir þær, þá á að láta staðar numið. (**Gripið fram í:** Og ekki kjósa …)

[18:02]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Það snertir framhald þessa máls en mér er tjáð að þessu mikilvæga máli, og það vita allir að þingfundir verða fram eftir kvöldi, að það eigi að halda áfram með þetta mál á morgun, ekki á mánudag. Þetta sýnir enn og aftur að menn ætla að knýja þetta mál í gegn. Menn eru í tímaspreng, menn ætla ekki að leyfa þingmönnum að fara eitthvað yfir helgina heldur aðallega að vinna í þessu máli. Ég trúi því ekki að þingið ætli að keyra málið í gegn á morgun, á laugardegi, í stað þess að halda áfram með eðlileg þingfundastörf á mánudegi. Ég spyr og vil fá svar frá forseta: Er það rétt, gott og blessað þótt fundað verði fram eftir kvöldi og hugsanlega fram á nóttina, að það verði haldið áfram með málið á morgun í stað þess að eðlileg þingfundastörf hefjist á mánudag og þannig verði unnið áfram með málið? Hvað liggur svona á?

[18:03]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti getur upplýst hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur að sitjandi forseta veit ekki hvort þingfundur verður á morgun eður ei en ég mun kanna það og láta upplýsingar ganga til baka þegar þær eru í höfn.

[18:04]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Hér um stórt og mikið mál að ræða og óhætt að segja að mjög margir eru búnir að bíða mjög spenntir eftir því að það komi inn til þingsins og eins eru einhverjir eflaust sem kvíða því líka þar sem málið er mikilvægt fyrir framtíð þjóðarinnar og mun skipta miklu máli og reyna á þingmenn og því er ekkert skrýtið við það að taugar sumra þingmanna séu býsna þandar þessa dagana. (Gripið fram í.) Nei, hæstv. utanríkisráðherra, en það er mér mikil ánægja að þú skulir vera kominn í salinn og ætlir að hlusta á ræðu mína.

Ég vil byrja á því í upphafi að lýsa áhyggjum mínum af þeirri stöðu og í raun lýsa yfir stuðningi við hv. þm. Ásmund Einar Daðason sem hér kom upp og sýndi að mér finnst mikinn karakter þegar hann lýsti því hvernig almennir þingmenn eru í raun beittir ofbeldi til að knýja þá til að hverfa frá þeim stjórnarskrárbundna rétti sem þeir hafa, þ.e. að fara eftir sinni sannfæringu. Ég ætla ekki að gera einum né neinum upp hver það var sem beitti þennan nýja þingmann slíku ofbeldi — við stöndum í sömu sporum, ég og Ásmundur, að vera nýir á þingi — en það er alveg ljóst að það var gert. Slíkur var heiðarleikinn í orðum hans.

Að þessu sögðu vil ég þakka formanni utanríkismálanefndar fyrir þá vinnu sem hann hefur lagt í þetta starf. Það verður ekki fram hjá því litið að búið er að leggja töluvert mikla vinnu í þetta en við erum örugglega ekki öll sammála um, eins og hefur komið hér í ljós, hvort sú vinna sé ásættanleg og niðurstaðan úr henni falli okkur öllum vel í geð. Mér finnst í raun sorglegt að svo mikil vinna eins og mér virðist hafa verið lögð í þetta mál skuli vera keyrð í gegn með þeim hraða sem hér er, þ.e. að keyra málið í gegn í dag og svo fram á morgundaginn. Mér finnst það í raun sorglegt, því að ég verð að viðurkenna það eftir að ég byrjaði að lesa þessi gögn í gærkvöldi held ég frekar en í fyrrakvöld, ég man það reyndar ekki alveg, að eftir því sem maður les þetta oftar þeim mun meira sér maður af hlutum sem þarfnast nánari skoðunar eða eru gagnrýniverðir. Ég ætla aðeins að hlaupa yfir nefndarálitið en vil byrja á því að nefna aðeins orð sem féllu í ræðu hæstv. fjármálaráðherra. Það er í fyrsta lagi það — það er verst að hæstv. ráðherra skuli vera farinn — að ég skildi ekki alveg og náði ekki alveg orðunum um Katalóníu. Ég vissi ekki að Katalónía væri sjálfstætt ríki. (Gripið fram í.) Já, það er kannski málið hvort hann hafi verið að lýsa því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að ríkisstjórnin styddi það að Katalónía yrði sjálfstætt ríki og bið ég þá fyrir kveðju til góðra vina minna á Spáni.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að

hlutirnir þróast hratt og taka breytingum. En mér þykir mjög sérkennilegt að það er stutt frá síðustu kosningum, 25. apríl var kosið, og umsnúningur hæstv. ráðherra og sumra í hans ágæta flokki í mjög mörgum málum hlýtur að nálgast það að vera heimsmet og ef ekki heimsmet þá Evrópumet, (**Gripið fram í:** Evrópusambandsmet.) Evrópusambandsmet líklega, því að fyrir 25. apríl og alveg fram að þeim degi gat fólk ekki trúað öðru en Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri algerlega mótfallin því að ganga í Evrópusambandið. Nú tekur sá flokkur forustu í því í raun að liðka til um að svo verði gert. Þetta er mikill umsnúningur. Ég skil vel og tek undir þau orð sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir beindi til ráðherrans áðan, hvernig hann gæti horft framan í kjósendur sína út af þessu.

Aðeins varðandi nefndarálit meiri hlutans. Þar er ítarlegur og mikill inngangur og greining á ýmsum málum og úr því kemur reyndar mjög lítil og að mér finnst snubbótt tillaga í raun út úr öllum þessum pappír, en á bls. 9 í álitinu kemur fram, með leyfi forseta:

„Meginþungi málsins frá degi til dags hvílir á samninganefnd, sem utanríkisráðherra skipar að höfðu samráði við ríkisstjórn …“

Það er sem sé okkar ágæti hæstv. utanríkisráðherra sem mun skipa þessa samninganefnd og ég ber ágætt traust til núverandi utanríkisráðherra og líklega kemur það og vonandi í hans hlut að skipa þessa nefnd, því að ég efast ekki um að hann muni gæta sannmælis og sanngirni í því. Þetta er hins vegar dæmi um það að hlutirnir eru ekki í mjög föstum skorðum þegar ráðherranum er veitt þetta vald. Ég hefði gjarnan viljað að Alþingi hefði þetta vald hjá sér. Síðan er fjallað um vinnubrögð og eitthvað slíkt en á bls. 10, neðarlega, segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur til að ráðherrar auk samninganamanna komi reglulega á fund utanríkismálanefndar, auk þess sem öll gögn sem lögð eru fram í aðildarviðræðum komi á borð nefndarinnar.“

Ég verð að biðja þá sem skrifuðu þetta ágæta nefndarálit forláts á því að þessu hvorki trúi ég né treysti. Ég get ekki treyst því að öll gögn verði lögð fram og það er einfaldlega vegna þess að við höfum reynsluna frá hinu svokallaða Icesave-samkomulagi, sem er afar illa unnið og hvorki fugl né fiskur, að þar eru ekki öll gögn lögð fram, gögnum er haldið frá þinginu. Ég vona að það sé ekki viljandi gert, ég vona að það séu mistök að menn haldi gögnum frá þinginu, en það er búið að ljóstra upp um gögn sem þetta átti við og því miður grunar mig að svo sé um önnur gögn og því hef ég ekki trú á og treysti ekki að þetta verði gert með réttum og sanngjörnum hætti.

Á bls. 13 í álitinu er talað um undirbúning fyrir mögulegar viðræður og þar stendur, með leyfi forseta, og nú ætla ég að leggja áherslu á mál mitt:

„Í öðru lagi hefur verið unnið að skipulagi aðildarviðræðna, þar sem starfsmenn ráðuneytisins hafa kynnt sér hvernig staðið hefur verið að aðildarviðræðum í öðrum ríkjum. Má þar nefna Möltu og Króatíu, auk Finnlands.“

Hér er loksins komin skýring á því hvað hæstv. utanríkisráðherra var að gera á Möltu þegar hans var hér sárt saknað. Hann var vitanlega að ræða þessi Evrópumál. Það er alveg ljóst þó að því hafi verið neitað eða menn ekki þorað að viðurkenna það þá var hann vitanlega að því og hefur örugglega gert góða ferð. (Gripið fram í.) Já, það þykir mér gott að heyra, hæstv. ráðherra.

Síðan er á bls. 14 atriði sem mér finnst skipta mjög miklu máli og er ein af ástæðum þess að mér finnst þessi nálgun og þessi tillaga allsendis ómöguleg. Það varðar þá meginhagsmuni sem hér er rætt um og þau skilyrði sem ég segi að eigi að vera og þau skilyrði sem voru samþykkt á flokksþingi framsóknarmanna og það voru skilyrði sem áttu að vera í viðræðum varðandi Evrópusambandið. Ég er ekki sammála því og mér líkar ekki sú túlkun sem hér er höfð uppi varðandi þessi skilyrði, því að ég vil benda á það og koma því á framfæri að ég var flutningsmaður þess á fyrrnefndu flokksþingi að þessi skilyrði yrðu sett þarna inn, útskýrði hugmyndina á bak við þau og fékk stuðning fyrir þeim. Ég vil leyfa mér að koma því á framfæri að markmiðið með skilyrðunum var alveg skýrt, það þýðir ekkert að vera að þynna það eitthvað út.

Hér stendur hins vegar, með leyfi forseta, það er verið að tala um meginhagsmuni:

„Þau verða hins vegar ekki sett fyrr en síðar í ferlinu þegar orðið er ljóst hvaða atriði það kunna að vera í raun sem kalla á samningaviðræður.“

Þetta finnst mér vera opinn tékki. Auðvitað þurfum við að ákveða fyrir fram hvað það er sem við viljum alls ekki gefa eftir og það eru þau skilyrði sem við eigum að fara með í svona viðræður. (Gripið fram í.) Ég ætla að halda aðeins áfram, ég ætla að koma inn á eina setningu sem mér finnst raunar mjög sérstök, með leyfi forseta, og hún er líka á bls. 14:

„Rétt er því að huga sérstaklega að því að tryggt verði að Íslendingar geti nýtt endurnýjanlegar vatnsafls- og jarðhitaauðlindir sínar til orkuframleiðslu og fjölbreytts iðnaðar. Í fljótu bragði virðist ekkert í reglum ESB hindra þetta …“

Í fljótu bragði — ég skil þetta þannig að menn hafi ekki gefið sér mikinn tíma til að fara yfir þessi mál og lýsi ég yfir miklum áhyggjum af þessu, því að eitt af grundvallaratriðum þess sem við þurfum að gæta að varðandi hagsmuni þjóðarinnar eru þessar auðlindir og það er eitt af þeim skilyrðum sem voru í ályktun frá flokksþingi framsóknarmanna.

Á blaðsíðu 15 er fjallað um sjávarútvegsmál. Þar er talað um meginmarkmið í samningaviðræðum, meginmarkmið. Þetta er óásættanlegt. Þarna á að vera algerlega klárt hver skilyrðin eru. Svo stendur, með leyfi forseta:

„Auk þess verði leitað eftir eins víðtæku forsvari í hagsmunagæslu í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi og kostur er ...“

Það á sem sagt ekki að halda því mjög fast til streitu. Það á að reyna að ná því svona eins og kostur er.

Síðan kemur, með leyfi forseta:

„Jafnframt verði haldið í möguleika á því að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi ...“

Þetta er að mínu viti allt of óljóst. Þó ég efist ekki um að hugsunin sé ágæt í þessu öllu saman þá er megin- og meiningarmunur á því hvort við eigum að skilyrða lykilþætti varðandi okkar undirstöður, okkar þjóðlíf eða hvort við eigum að vera með það í loðnum texta eins og hér og ég er

bara að lesa greinargerðina nota bene, ekki tillöguna sjálfa.

Síðan stendur á blaðsíðu 16, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að kröfum Íslendinga um forræði yfir sjávarauðlindinni verði haldið sem og rétti Íslendinga til að stýra sókn í veiðistofna er byggist á sjálfbærri þróun, ráðgjöf sérfræðinga og veiðireynslu.“

„Meiri hlutinn leggur áherslu á“ stendur þar. Þetta á að sjálfsögðu að vera algert skilyrði af okkar hálfu. Þetta á ekki að vera umsemjanlegt á nokkurn einasta hátt. Síðan segir áfram á blaðsíðu 16, um miðja síðu, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur einnig afar mikilvægt að Íslendingar fari með samningsforræði við stjórn veiða úr deilistofnum eins og hægt er og tryggi þannig sem best réttindi Íslands til veiða úr þeim,“

Þetta er ekki skilyrði. Þetta er mjög loðið. Hérna á að reyna eitthvað og ég get því miður ekki treyst því að þarna verði haldið fast um hlutina að fenginni reynslu af þessu Icesave-samkomulagi og tel því að hérna hefði þurft varðandi þetta atriði og önnur sem ég hef nefnt að það væri algert skilyrði.

Á blaðsíðu 17 er fjallað um landbúnað. Í raun langaði mig til að lesa allan þann kafla — en ég ætla ekki að gera það — því það er í raun full þörf á því. Í kaflanum er meðal annars talað um mjólkurframleiðslu og annan hefðbundinn búskap og að eitt af samningsmarkmiðum Íslands væri að styðja við það. Þetta er óskaplega fallegt. Síðan stendur, með leyfi forseta:

„Er því mikilvægt að leita allra leiða til að búa svo um hnúta að stuðningi við landbúnað verði sem minnst raskað þótt ljóst sé að ákveðin breyting í uppbyggingu styrkjakerfisins muni eiga sér stað með aðild að sambandinu.“

Það er sem sagt verið að segja að þeir sem styðja þetta meirihlutaálit séu tilbúnir — eða ég skil þetta þannig. Það getur vel verið að þetta sé mistúlkun hjá mér — að þeir séu tilbúnir að leggja núverandi landbúnaðarkerfi í púkkið til Evrópusambandsins og að landbúnaðarkerfinu verði einfaldlega breytt þannig að það verði eins og Evrópusambandið er með sitt og þar af leiðandi verulega hoggið í mjólkurframleiðsluna og þá búgrein og hér er ekkert farið eftir þeim viðvörunarorðum sem komið hafa frá Bændasamtökunum um landbúnaðinn. Ég skil því ekki hvernig menn geta sett þetta fram án þess að hafa algjörlega skilyrt hvernig þeir vilja sjá þetta verða og um hvað þeir vilji standa vörð. Þarna er að mínu viti verið að fórna landbúnaðinum, að fórna þessari grein landbúnaðarins í það minnsta.

Fyrst ég er að tala um þetta þá var í Bændablaðinu sem við fengum í dag eða gær minnst á forsíðu, held ég frekar, á skýrslu sem Hagfræðistofnun hefur unnið fyrir landbúnaðarráðuneytið eða utanríkisráðuneytið um áhrif þess á landbúnaðinn að ganga í Evrópusambandið. Þessi skýrsla, þessi drög eru óbirt. Ég er búinn að kalla eftir því að fá þessa skýrslu úr landbúnaðarráðuneytinu nota bene. Ég er ekki búinn að óska eftir henni úr utanríkisráðuneytinu. (**Utanrrh.:** Talaðu við ráðherra.) Þessi skýrsla er sögð vera vinnugagn eða vinnuskjal og ekki tilbúin. En eftir því sem mínar heimildir segja þá er þetta lykilgagn í því að ákveða og taka afstöðu til þess hvernig landbúnaðinum gæti reitt af hugsanlega innan Evrópusambandsins. (**VigH:** Ekki í fyrsta sinn sem skýrslum er leynt.) Nei, rétt hjá hv. þingmanni.

Síðan kemur á blaðsíðu 18, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur rétt að landbúnaðinum verði skapað svigrúm til aðlögunar að ESB sérstaklega með tilliti til ólíks styrkjakerfis og hnattrænnar stöðu.“

Það á sem sagt að aðlaga landbúnaðinn að ESB. Það á ekki að standa vörð um hann.

Hér er aðeins rætt um byggðamál í þessum kafla og minnst meðal annars á að tækifæri kunni að vera fyrir byggðirnar og ég skal viðurkenna að það er eitt af því fáa og líklega eina atriðið sem ég hef séð jákvætt við Evrópusambandið, þ.e. sú byggðaáætlun sem þeir starfa eftir. En því miður tel ég svo að þeir hagsmunir sem við leggjum að veði á móti, hagsmunir landbúnaðarins, hagsmunir sjávarútvegsins vegi meira en þessir styrkir. Því finnst mér algerlega ótækt að fórna þeim fyrir þetta.

Ég ætla aðeins að halda áfram með þetta. Hér er kafli um gjaldmiðilsmál. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum um hann. Ég fæ ekki betur séð en hann gangi einfaldlega ekki upp í okkar stöðu og sé í raun marklaus inni í þessu plaggi.

Þá er ég kominn að tillögu meiri hluta nefndarinnar. Ég vil taka fram að ég er algerlega á móti þeirri tillögu. Ég styð heils hugar það álit sem formaður Framsóknarflokksins kynnti í dag og þá túlkun hans sem hann hefur á þessu áliti og því hvernig hann hefur haldið á málum varðandi tillögu Framsóknarflokksins og stefnu hans. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild ...“

Á flokksþingi Framsóknarflokksins var samþykkt ályktun í þá veru að gengið skuli til aðildarviðræðna við Evrópusambandið og ég hef sagt það — verið getur að þetta sé hártogun hjá mér — en ég geri greinarmun á viðræðum, að óska eftir viðræðum eða fara í viðræður og sækja um aðildina. Ég geri greinarmun á því. Þetta er kannski langsótt. Ég viðurkenni það. En ég tel að þarna sé skýr greinarmunur á, því ef þú sækir um eitthvað þá ertu að óska eftir inngöngu en ef þú óskar eftir viðræðum þá ertu væntanlega að athuga hvað sé í pakkanum og hvað sé í boði eins og svo margir hér hafa sagt. (**Utanrrh.:** Á grundvelli samningsumboðs.) Það er nefnilega þannig að við verðum að sjá hvað er í boði. Ertu að vitna — fyrirgefðu — hæstv. utanríkisráðherra, í flokksþing, í ályktun Framsóknarflokksins. Já, þakka þér fyrir að gera það. Á grundvelli samningsumboðs sem fengið er, hvernig? Það er fengið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það er fengið með því að menn setjast niður, skilgreina þau skilyrði, þau samningsmarkmið og þau skilyrði sem eru fyrir því að ganga til viðræðna og það er ekkert óeðlilegt að sú viðræðunefnd sem fer af stað hafi eitthvert umboð. Það er ekkert óeðlilegt við það. Mér líkar því ekki hvernig snúið hefur verið út úr varðandi þessa flokksþingssamþykkt. Það þarf ekkert að koma á óvart að Framsóknarflokkurinn talar ekki einni tungu í þessu máli. Það er alveg ljóst. Það þarf ekkert að koma á óvart. En það hefur verið svoleiðis um langa tíð innan flokksins að það eru skiptar skoðanir. Það voru skiptar skoðanir um þessa túlkun eftir flokksþingið og það var strax byrjað af Evrópusinnum innan flokksins að mistúlka það sem samþykkt

var á þinginu og því miður er enn verið að því.

Við erum að ræða, eins og ég sagði áðan, um eitt af okkar stærstu hagsmunamálum eða það getur verið eitt af okkar stærstu hagsmunamálum fyrr og síðar. Það er einfaldlega þannig. Verið getur — sem ég óttast einna helst —að við séum að fara í vegferð núna með þessu áliti meiri hlutans sem muni reynast okkur dýrkeypt, því miður.

Í fyrsta lagi vantar, eins og ég hef komið að í ræðu minni, alveg skýra fyrirvara við það hvað við erum tilbúnir til að láta af hendi í slíkum samningaviðræðum. Ég hefði talið að það ætti að koma fram í tillögunni sjálfri. Þar stendur einfaldlega að það er samþykkt að sækja um aðild og svo er vísað í þessa stóru og miklu greinargerð sem er ágætlega unnin. En við höfum séð það oftar en einu sinni núna á þessu þingi — og þó er ég búinn að vera stutt — að greinargerðir sem eru gerðar og settar fram eru bara ekki virtar og þær halda ekki. Skemmst er að minnast umræðna og hægt að vísa í Brussel-viðmið varðandi Icesave og annað. Það er ekki tekið tillit til þeirra skilyrða sem við settum fram í þessari tillögu. Þau áttu að vera veganesti þeirra sem færu þarna að semja. Því vil ég segja að ég tel nokkuð ljóst að hugmyndir okkar framsóknarmanna og sú tillaga sem við fluttum á flokksþingi muni ekki ná hér fram að ganga og hljóta hér hljómgrunn. Mér sýnist að það sé því miður nokkuð ljóst. Við komum þeim inn í aðra þingsályktunartillögu sem fékk ágæta umfjöllun líka í utanríkismálanefnd og ber að þakka það. Ég tel því að af tvennu illu sé skynsamlegra og betra að fara þá leið sem hér hefur verið nefnd, þ.e. þjóðaratkvæðagreiðslu og kanna hug þjóðarinnar, hvað hún vill gera. Ég tel ekki að við höfum fengið það umboð að efna til þessara viðræðna án þess að vinna okkar heimavinnu betur eða þá að spyrja þjóðina þessarar spurningar. Af tvennu illu tel ég að það sé betra.

Niðurstaðan úr samningnum sem kemur væntanlega þarf vitanlega að vera borin undir þjóðina og vera bindandi. Ég kaupi það ekki að það eigi að vera ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla sem fjallar um endanlegan samning. Hún á að vera bindandi að mínu viti. Það hefur hér verið tæpt á öðru varðandi þetta. Ég skil heldur ekki og kaupi ekki þau rök sem hér hafa verið uppi á móti því að láta þjóðina greiða atkvæði um þetta. Einhverjir hafa hnýtt í Framsóknarflokkinn að þetta hafi verið nokkuð sem hann hafi verið með einu sinni og horfið frá. Það er ekkert að því, held ég, eins og sumir hafa bent á að taka upp gamlar hugmyndir ef þær eru góðar eða gamla siði ef annað betra býðst ekki. En þessi tillaga stjórnarmeirihlutans eða tillaga meiri hluta utanríkismálanefndar er ekki ásættanleg. Hún er of víðtæk, of opin og get ég því ekki samþykkt hana.

[18:27]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hans innlegg í þessa umræðu. Ég er býsna sannfærður um að skoðanir okkar eru í sjálfu sér ekkert mjög ólíkar í þessu efni enda berum við sömu Skagafjarðargenin báðir tveir að hluta til þannig að það þarf kannski ekki endilega að koma á óvart.

Varðandi flokksþing Framsóknarflokksins sem hér hefur verið drepið á finnst mér kannski að hin mismunandi túlkun sem kemur fram í þessari umræðu sé einkum á milli þingmanna Framsóknarflokksins sjálfra. Það er því ekki við okkur hina að sakast þó við misskiljum þetta eitthvað. Ég vil þó bara segja að það veldur okkur vonbrigðum að hv. þingmaður fellst ekki á að tekið sé mikið tillit til þeirra sjónarmiða sem þar komu fram því að ég hygg að það sé tekið á öllum efnisatriðum sem voru í samþykkt flokksþings Framsóknarflokksins og þeim séu gerð góð skil með ítarlegum hætti og eftir standi þá einungis spurningin um það hvort umboðið eigi fyrir fram að vera skilyrt við þau eða með (Forseti hringir.) þeim hætti sem við leggjum til. Ég kem betur að því í síðara andsvari.

[18:28]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þingmanni og formanni nefndarinnar að efnisatriði þau sem við höfum talað um eru í þessari greinargerð. En akkúrat í hans síðustu orðum kemur þessi meiningarmunur fram að við eigum, að okkar mati eða að mínu mati, að vera með fyrir fram mótuð skilyrði á hlutum sem við viljum bara alls ekki gefa eftir og það í rauninni samræmist á vissan hátt orðum hæstv. fjármálaráðherra áðan þegar hann talaði um sjávarútveginn, þ.e. ef það væri ljóst að sjávarútvegurinn þyrfti að gefa eftir þá mundum við bara slíta samningaviðræðum og allt væri búið. Ef við eru með þessa fyrirvara þegar við förum, þessi skilyrði alveg klár, þá mun þetta styðja skoðun ráðherrans. Það er alveg ljóst. Það mun styðja það og hjálpa til við að hverfa út úr þeim samningum sem teljast vondir.

[18:29]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil bara árétta það sem hefur áður komið fram í umræðunni og það er að viðræðurnar fara þannig fram að lagaumgjörð Íslands annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar eru bornar saman og það er fyrst þegar sú vinna hefur farið fram að menn átta sig á því nákvæmlega hvaða breytingar þyrfti að gera á Íslandi til þess að íslensk lög falli að lögum Evrópusambandsins. Það er ástæðan fyrir því að það er útilokað að setja algerlega niðurneglt fyrir fram hvaða skilyrði við ætlum að setja því það kann vel að vera að þeir meginhagsmunir sem við setjum fram geti rúmast innan þeirrar löggjafar sem gildir á vettvangi Evrópusambandsins. Það er líka ástæða fyrir því að við höfum sett skýrari ramma utan um þessa vinnu af hálfu meiri hluta utanríkismálanefndar í okkar breytingartillögu og tryggt aðkomu hagsmunaaðila og tryggt aðkomu allra stjórnmálaflokka á þingi að viðræðuferlinu vegna þess að við viljum að þetta samráð sé sífellt til staðar og að menn taki ekki ákvarðanir um að víkja frá þeim öðruvísi en að (Forseti hringir.) um það sé rætt á vettvangi Alþingis.

[18:30]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir hvað þeir vilja. Meiningarmunurinn er alveg kýrskýr. Hann er alveg ljós. Ég trúi því ekki og get bara ekki treyst því að meðan skilyrðin til dæmis

fyrir sjávarútvegi og landbúnaðinn, sem ég held að sé mjög einfalt að setja og koma fram í okkar flokksþingsályktun, þ.e. að þegar slík skilyrði eru ekki í tillögunni sjálfri og eru ekki niðurnjörvuð þannig að það komi skýrt fram að þessu séum við ekki til í að fórna þá gengur dæmið ekki upp. Þá erum við að fara of bratt. Menn hafa sagt að það sé fáránlegt að setja svona skilyrði þegar farið er í svona samninga. Ég er algerlega ósammála því. Ég tel mjög eðlilegt, ekki síst í svona veigamiklum samningum, að við ákveðum — þetta er ekkert mjög flókið — ákveðum hreint út, höfum það svart á hvítu hverju við viljum ekki fórna.

[18:31]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni ágæta ræðu. Ég vil spyrja hann beint út: Vill hv. þingmaður ganga í Evrópusambandið?

Svo vil ég benda á að það sem menn leggja áherslu á núna eins og sjávarútveg, orku, vatn og annað slíkt eru allt nýmóðinshugtök ef við hugsum í áratugum eða hundruðum ára, öldum. Ég minni á að árið 1262 skrifuðum við undir Gamla sáttmála. Fyrsta rafveitan var reist 12. desember 1904, þ.e. um 100 ár eru síðan raforkan varð hugtak og sjávarútvegurinn var engin auðlind fyrir þjóðina sem lifði við sult og seyru og missti menn á hverju ári í sjávarútvegi. Allt er þetta því nýmóðins- og skammtímahugsun. Ég vil spyrja hv. þingmann: Hvernig sér hann stöðu Íslands eftir 60 ár í Evrópusambandinu?

[18:33]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki ímyndað mér stöðu Íslands í Evrópusambandinu eftir 60 ár, hv. þingmaður, því ég er algerlega á móti því að ganga í Evrópusambandið. (Gripið fram í.) Ég get því bara ekki ímyndað mér það. Ég held því miður að ef við förum þá leið þá verðum við orðinn hluti af einhvers konar samsuðu, búin að tapa okkar þjóðareinkennum og öðru slíku.

Ég vil taka það fram fyrst ég er kominn í ræðustól að ég lagði mikið á mig á flokksþingi Framsóknarflokksins til að ná fram þeirri ályktun sem þar var gerð til að reyna að skapa sátt um þetta mál. Sú tillaga sem hér er liggur fyrir frá meiri hlutanum og meiri hluta í nefndarálitinu uppfyllir ekki það sem þar var gert, því miður. Hún uppfyllir það ekki. Ég get því ekki stutt þessa tillögu. Ef þessi tillaga hefði hins vegar verið samþykkt á flokksþinginu þá hefði ég að sjálfsögðu unnið eftir henni. En ég er andstæðingur Evrópusambandsins og er á móti því að ganga í Evrópusambandið.

[18:34]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er mjög athyglisvert. Mér sýnist að allir íslenskir stjórnmálamenn eigi við það að glíma að það er umræða um Evrópusamband nema í Samfylkingunni. Þar er engin umræða og hefur ekki verið í fjögur ár af því að þeir eru búnir að finna sannleikann og þeir trúa. Það eru trúarbrögð en ekki umræða og hvorki um kosti né galla. Þar eru bara kostir.

Hv. þingmaður lýsir því að hann fékk í gegn ákveðna tillögu sem í mínum huga gengur út á það að Evrópusambandið gangi í Ísland en ekki öfugt, sem sagt að Evrópusambandið uppfylli okkar skilyrði. Ég hef enga trú á að það gerist. Spurning mín til hv. þingmanns er eftirfarandi: Segjum að öll þau skilyrði yrðu uppfyllt sem hann hefur barist fyrir og lagt til, mundi hann þá ganga í Evrópusambandið og greiða því atkvæði? Og hvernig sér hann Ísland þá eftir 60 eða 100 ár í Evrópusambandinu?

[18:35]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ef öll skilyrði sem komu fram í flokksþingsályktun Framsóknarflokksins hefðu verið uppfyllt og hefðu náðst fram í viðræðum við Evrópusambandið þá tel ég mig ekki geta annað en að samþykkja að ganga þar inn. Ég gæti ekki staðið hér, held ég, og gert annað ef ég ætlaði að fylgja stefnu Framsóknarflokksins sem ég býð mig fram fyrir. Þá má spyrja: Hver er mín persónuleg stefna eða það sem ég skrifaði hér undir á Alþingi? Þetta þarf allt að tvinnast saman og fara saman.

Ég held hins vegar að Íslandi, hvort sem við lítum á sjávarútveg eða landbúnað, sé betur borgið utan Evrópusambandsins og við eigum ekki að vera að gæla við þessar hugmyndir þegar við getum ekki sett fram nákvæmlega hverju við viljum halda og hverju við viljum sleppa. Ég sé ekkert sem við viljum sleppa, sem við viljum láta af hendi til Evrópusambandsins. Og ég held að það væri mjög góður (Forseti hringir.) kostur fyrir Evrópusambandið að ganga í Ísland.

[18:36]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil andmæla harðlega því sem hv. þingmaður sagði um landbúnaðinn því að í þessu vandaða og vel skrifaða áliti er að finna einhvern þann besta kafla um landbúnaðar- og byggðamál sem ég hef lesið í úttektum um Evrópusambandið. Þar er tekið sérstaklega á landbúnaði og byggðum. Það er til dæmis eitt af skilyrðum fyrir stuðningi mínum við aðild og inngöngu í Evrópusambandið að það takist að verja og helst styrkja stöðu landbúnaðar og byggða landsins. Hérna er sérstaklega fjallað um fordæmið sem Finnar náðu, möguleikana á því að landið allt verði skilgreint sem norðurslóðalandbúnaður og ýmislegt annað er tínt til til þess að verja landbúnaðinn, fæðuöryggið, byggðirnar. Ég held og trúi því, þangað til annað kemur í ljós, að í aðild geti falist mikil sóknarfæri fyrir byggðir Íslands. Auðvitað verðum við að verja ýmislegt í aðildarviðræðunum sem snýr að landbúnaðinum, sérstaklega því sem snýr að framleiðslu á hvítu kjöti og einhverjum öðrum þáttum. En því vil ég mótmæla harðlega að landbúnaðinum sé í þessu áliti fórnað því utan um hann er sérstaklega (Forseti hringir.) vel haldið og það er einmitt sérstakt ánægjuefni.

[18:37]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Líklega erum við að túlka á sitt hvorn mátann þann texta sem er í þessu áliti. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa hér býsna hratt upp held ég því klukkan gengur:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að skýr stuðningur við mjólkurframleiðslu og annan hefðbundinn búskap verði eitt af samningsmarkmiðum Íslands.“ — Það eru engin skilyrði fyrir því. — „Það á t.d. við um afnám tolla þar sem tollverndin hefur verið ein af stoðum íslensks landbúnaðar, ekki síst hefðbundins landbúnaðar. Er því mikilvægt að leita allra leiða til að búa svo um hnúta að stuðningi við landbúnað verði sem minnst raskað þótt ljóst sé“ — þótt ljóst sé — „að ákveðin breyting í uppbyggingu styrkjakerfisins muni eiga sér stað með aðild að sambandinu.“ (Gripið fram í.)

[18:38]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held einmitt að í því að umhverfi breytist geti líka falist sóknarfæri fyrir byggðirnar og landbúnaðinn. Við getum ekki gefið okkur að staðan þurfi endilega að versna af því að í því að fá skilgreiningu sem norðurslóðalandbúnaður felst viðurkenning í því að Ísland megi styrkja sinn landbúnað, framleiðslutengja hann og svo framvegis umfram það sem Evrópusambandið gerir, af því að það er yfirleitt með styrkina í formi byggðagreiðslna svokallaðra. Ég held því að í þessu geti falist mikil tækifæri fyrir byggðirnar í landinu, mikil tækifæri fyrir landbúnaðinn um leið og við viðurkennum að sjálfsögðu að það séu ýmsar stöður í þessu sem við þurfum að verja sérstaklega sem snýr að landbúnaðinum eins og þetta blasir við í upphafi ferils. Þess vegna er það skilyrði og samningsmarkmið að verja og styrkja stöðu íslensks landbúnaðar. Þetta álit tekur kannski meira utan um landbúnaðinn og byggðirnar heldur en nokkurn annan þátt í þjóðlífinu. Í þessu vandaða áliti er lengri og ítarlegri og betri kafli um það en nokkurt eitt annað mál.

[18:39]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Evrópusambandið er þekkt fyrir að búa til svokallaða töskubændur, þ.e. bændur sem eiga lönd og eru með leiguliða sem búa þeim. Svo eru það töskubændurnir sem eiga löndin, búa á búgörðunum sem fá beingreiðsluna frá Evrópusambandinu.

Stærstu og mestu styrkþegar Evrópusambandsins eru stórfyrirtækin sem framleiða og sýsla með landbúnaðarvörur og það er hægt að lesa í ágætri úttekt Bændablaðsins. Mig langar bara að velta því upp að ef þetta er svona óskaplega gott og fínt, hvers vegna í ósköpunum stangast þá þessi skoðun þeirra — eða ég ætla ekki að spyrja að því, því líklega máttu ekki tala aftur, hv. þingmaður. Því ætla ég ekki að spyrja að því. Ég ítreka bara að Bændasamtökin hafa lýst yfir með eindregnum hætti skoðun sinni á þessu fyrirbæri, þ.e. Evrópusambandinu og því að ganga þar inn. Ég tel því miður að það sem hér stendur uppfylli ekki þær óskir sem þar komi fram. Í raun þvert á móti.

[18:40]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem nú aðeins til að lýsa aðdáun minni á spretthörku hv. þingmanns í túlkunarfræðum. Í ályktun um aðildarviðræður við Evrópusambandið frá Framsóknarflokknum segir, með leyfi forseta:

„Að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á grundvelli samningsumboðs frá Alþingi ...“

Þetta túlkar hv. þingmaður sem svo að þetta séu bara einhverjar saklausar viðræður. En túlkunarfræðin leyfir það ekki. Aðildarviðræður hljóta að fela í sér viðræður um aðild (Gripið fram í.) og samningsumboð hlýtur að fela í sér umboð til samninga sem er þá um aðildina sem viðræðurnar snerust um. Ég skil ekki hvernig hv. þingmaður getur komist að annarri niðurstöðu. En ég ætla ekki að spyrja hann út í það. Ég ætla bara að njóta þessarar túlkunarfræði.

Það sem ég ætlaði að spyrja hv. þingmann um er afstaða hans til bindandi eða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Er það virkilega þannig að ef þjóðin tæki ákveðna afstöðu í jafnstóru máli í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu að þá mundi hann fara gegn því á Alþingi Íslendinga?

[18:41]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Persónulega get ég lýst því yfir að ég mundi ekki gera það þannig. Ég mundi ekki fara gegn henni. Ég get hins vegar ekki talað fyrir alla aðra sem hér eru, 62 eða þá sem kunna að verða hér inni ef til þess kemur, sem gætu verið einhverjir aðrir þingmenn. Ég vona svo sannarlega að hæstv. utanríkisráðherra verði þá enn þá hér og ég helst líka þannig að við getum haft (Gripið fram í.) gaman af því að spjalla. Jú, ég meina það innilega. Ég vona að hann verði hér. (Gripið fram í.) En persónulega þá mundi ég að sjálfsögðu fylgja því eftir.

Ég vil afþakka ágæta ráðgjöf eða hvað ég á að kalla það, útskýringar hæstv. ráðherra sem stjórnmálaskýranda. Eins og fyrr kom fram hér í dag þá lýsti hann því yfir að hann væri að uppistöðu líffræðingur en ekki stjórnmálafræðingur. Því held ég að hann ætti að halda sig bara við það en ekki vera í stjórnmálaskýringum.

[18:42]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni frómar óskir í minn garð. Ég skildi hann svo, svo ég haldi áfram í túlkunarfræðinni, að hann óskaði eftir því að ég yrði á Alþingi (Gripið fram í.) þegar hann tæki þátt í því að afgreiða hér endanlega samning um aðild að Evrópusambandinu. (Gripið fram í.) Það þykir mér vænt um. En mér finnst enn vænna um það að hv. þingmaður sem er sannur lýðræðissinni lýsir því hér yfir að hann mundi ekki lítilsvirða vilja þjóðarinnar jafnvel þó um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu væri að ræða. Það finnst mér mikilvægt og ég spyr hv. þingmann hvort hann telji ekki að allir hans góðu félagar í Framsóknarflokknum séu sömu skoðunar.

[18:43]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra ætlast til býsna mikils þegar hann vill að ég svari fyrir aðra þingmenn. En eins og hann veit líklega manna best eftir góð kynni við framsóknarmenn að þá eru þeir mjög heiðarlegt

fólk sem tekur mið af því sem þjóðin óskar hverju sinni og vinnur fyrir sína þjóð og ber hag hennar fyrir brjósti. Ég treysti mér ekki til að svara þessu að öðru leyti, hæstv. ráðherra.

[18:44]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir beindi fyrirspurn áðan til hæstv. 1. varaforseta, Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, sem þá sat í forsetastóli um það hvort forseti hygðist hafa fund á morgun, laugardag og tók það sérstaklega fram að það væri að sjálfsögðu enginn bragur á því. Forseti ætlaði að kanna málið milli þess að ræðumenn kláruðu hér. Í millitíðinni hefur það komið í ljós að það var frétt í Ríkisútvarpinu, fyrsta frétt klukkan 2 í dag, þar sem greint var frá því að ákveðið hefði verið að hafa fund í fyrramálið. Klukkan 2 í dag hafði því hæstv. forseti þingsins greinilega tekið þá ákvörðun og ekki greinilega borið hana undir 1. varaforseta þingsins. Enn á ný þurfum við þingmenn að heyra um hluti eða eftir atvikum ekki heyra um hluti í fjölmiðlum. Þetta er að sjálfsögðu algjörlega óásættanlegt fyrir utan það hversu óásættanlegt það er að ætlast til þess að við séum að ræða þetta mikilvæga mál um mitt sumar á laugardegi. (Forseti hringir.) Hver er asinn? Er verið að reyna að hafa þessa umræðu þegar það er vitað að enginn er að hlusta (Forseti hringir.) þar sem þjóðin er upptekin af því að njóta sumarsins?

[18:45]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar um fundarstjórn forseta og þeirra upplýsinga sem komu fram hér hjá hv. þingmanni þá vil ég upplýsa að á fundi forseta og þingflokksformanna var þetta rætt. Því skal haldið til haga að við þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar, í það minnsta við hv. þm. Illugi Gunnarsson, mótmæltum því að fundað yrði hér á laugardag þar sem við teldum að þetta mál væri þannig vaxið og væri í eðlilegum farvegi og ætti því að koma á mánudaginn hér á dagskrá eins og önnur venjuleg mál. Ég man ekki klukkan þetta var. Það var um hálffjögur eða eitthvað slíkt sem þetta kom fram (**REÁ:** Eftir að …) svo því sé haldið til haga, hálffjögur.

[18:46]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er sérkennilegt að þurfa að slíta út hér um bil með töngum upplýsingar um það hvernig fundarstörfum þingsins eigi að vera háttað á næstu klukkustundunum. Þetta mál er þannig vaxið að ekkert knýr á um það, mér vitanlega að minnsta kosti, að umræðu um það ljúki í dag eða á morgun. Þess vegna væri út af fyrir sig mjög auðvelt að fresta fundinum einhvern tíma í kvöld og halda síðan áfram á mánudaginn. Þetta segi ég líka vegna þess að ég er fulltrúi í nefnd sem starfar á vegum forseta þingsins til að gera starfið á Alþingi fjölskylduvænna. Þetta er auðvitað ekki mjög gott innlegg í þá umræðu, meðal annars vegna þess að ef fólk á að skipuleggja og eiga gott fjölskyldulíf þá þarf það að hafa einhverja hugmynd um það hvernig vinnunni muni vera háttað. Það er enginn að telja það eftir sér að vinna langan vinnudag og leggja á sig mikla vinnu. Það er sjálfsagður hlutu. Hins vegar er það sjálfsögð krafa starfsfólks og alþingismanna að það liggi nokkurn veginn fyrir hvernig eigi að hátta (Forseti hringir.) störfum þingsins. Annað er að mínu mati virðingarleysi við þingið og (Forseti hringir.) virðingarleysi við alþingismenn.

[18:47]

Illugi Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Það er samhljómur meðal þingmanna um að sjálfsagt sé að flýta öllum þingstörfum en þó þannig að þau stóru mál sem hér eru til umræðu séu öll rædd í þaula og að við vöndum okkur mjög í þeim verkum sem fram undan eru. Það má ljóst vera, frú forseti, að umræður um Icesave-samkomulagið byrja vart í þingsal fyrr en í lok næstu viku en það má gera ráð fyrir því að það taki hv. fjárlaganefnd nokkra daga að klára sín verk að minnsta kosti. Fram að þeim tíma væri sjálfsagt að nota dagana mánudag, þriðjudag og jafnvel miðvikudag til að klára umræðuna um ESB-umsóknina. Það væri hinn eðlilegi framgangur málsins. Í staðinn er lagt upp með að vera fram að miðnætti í kvöld, hefja aftur fund kl. 10.30 á laugardegi og halda þeim fundi áfram fram eftir kvöldi. Þetta er hin undarlegasta og furðulegasta nálgun á (Forseti hringir.) það hvernig við eigum að vinna á Alþingi. Við hljótum að fá einhverjar betri skýringa en bara (Forseti hringir.) þær að menn vilji klára þingstörfin af því það er augljóslega nægur tími til að vinna þetta á mánudag, þriðjudag og (Forseti hringir.) miðvikudag.

[18:49]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Nú hefur það verið upplýst hér í þingsal að það eru ekki bara þingmenn sem eru beittir ofbeldi persónulega af ríkisstjórninni heldur erum við aðrar þingmenn beittir ofbeldi raunverulega af forseta þingsins. Úr því að hv. 1. varaforseti þingsins vissi ekki af þessu og ekki var búið að taka þetta fyrir á fundi forsetanefndar þá er þetta mál algerlega hreint með ólíkindum. Hvernig stendur á þessum vinnubrögðum? Hvernig má það vera í lýðræðisríki að svona sé farið með alþingismenn þar sem enginn asi virðist vera á þessu máli eins og hv. þm. Illugi Gunnarsson reifaði rétt í þessu? Ég óska eftir því, frú forseti, að þetta verði athugað. Það er hásumar. Hér er enginn að telja eftir sér að vinna. Það má ekki taka þessi orð þannig. En nú er hásumar. Margir þingmenn eru fjölskyldufólk og eiga börn. Ég óska eftir því að þetta verði endurskoðað og að þingfundi sem er áætlaður á morgun verði frestað til mánudags.

[18:50]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er engum leyndarhjúpi hulið hvernig eigi að haga þingstörfum eins og menn sögðu áðan. Það var rætt í dag á fundi þingflokksformanna og forseta þar sem forseti greindi frá því að fundað yrði hér fram að miðnætti í kvöld og á morgun. Ástæðan er sú að dagarnir eru dýrmætir og vilji þingsins stendur til þess að gefa þessu stóra máli, kannski stærsta máli síðari tíma, eins mikið svigrúm í þinginu og hugsast getur, morgundaginn, mánudaginn, þriðjudaginn, miðvikudaginn, allt eftir því hvernig

sem umræðunni vindur hérna fram. Hún á ekki að takmarkast við nokkurn skapaðan hlut annan en þann að þingmenn ræði það algerlega út og til hlítar. Eins og allir vita geta menn farið hér upp eins oft og þeir vilja þannig að umræður eiga sjálfsagt eftir að standa lengi. Þess vegna var ákveðið að funda á morgun. En sú ráðstöfun lá fyrir í dag klukkan fjögur. Það var rætt á fundi formanna þingflokka og forseta þannig að fyrir menn sem voru að spyrja eftir því áðan hvað ætti að gera í kvöld og á morgun þá liggur það alveg skýrt fyrir og lá fyrir í dag.

[18:51]

Forseti (Þuríður Backman):

Áður en fleiri þingmenn taka til máls um fundarstjórn forseta vill forseti fara yfir það sem fram hefur komið. Fyrr í dag, við upphaf þingfundar, var það samþykkt af þingheimi, þ.e. gefin heimild samkvæmt 4. mgr. 10. gr. þingskapa, að halda áfram fundi fram eftir kvöldi eftir klukkan átta. Eins var fundur með þingflokksformönnum í dag þar sem farið var yfir dagskrá þingsins og tillaga kom fram um að halda þingfund á morgun. Lyktir hafa orðið þær að halda þingfund á morgun. Þannig standa málin núna.

[18:52]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að við samþykktum að vera hér fram eftir kvöldi. Enginn gerir athugasemd við það. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sem nú víkur úr salnum kom hér og sagði: „Það er enginn leyndarhjúpur. Þetta var ákveðið á fundi þingflokksformanna klukkan fjögur.“ Nei, það er svo sannarlega enginn leyndarhjúpur, virðulegi forseti, vegna þess að þetta var í útvarpinu klukkan tvö, í útvarpinu klukkan tvö áður en hið málamyndasýnishornasamráð við stjórnarandstöðuna um skipulag þingsins er sett á svið. Það er fundað klukkan fjögur en þetta er í útvarpinu klukkan tvö. Svo er ekki fundað í forsætisnefnd sem þó formlega á að taka þessar ákvarðanir. Við mótmælum því að slík vinnubrögð séu viðhöfð, virðulegi forseti. En það er bara annar hluti málsins. Hinn hluti málsins er sá að eins og hefur verið bent á hér er engin ástæða til að þröngva þinginu, þingmönnum bæði og starfsmönnum þingsins, til að standa hér á laugardegi um hásumar þegar (Forseti hringir.) fólk hefur skyldur gagnvart sínum fjölskyldum og gagnvart sínum (Forseti hringir.) kjördæmum til að ræða mál sem við getum rætt fram í október (Forseti hringir.) þess vegna.

[18:53]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Mér sýnist að formaður þingflokks Samfylkingarinnar sé búinn að leysa þetta mál. Hann hefur greint frá því að ekkert liggi á að ræða þetta, að við getum rætt þetta næstu dagana, í næstu viku og þá er eðlilegast auðvitað að hverfa frá þeirri undarlegu hugmynd að halda fund á morgun.

Svo vil ég setja þetta mál í samhengi. Hér greindi hv. formaður þingflokks Samfylkingarinnar frá því að klukkan fjögur í dag, þegar vinnudegi venjulegs fólks á föstudegi er lokið, hefði verið ákveðið að halda fundinn á morgun. Nú vil ég enn rifja það upp að ég sit í nefnd á vegum hæstv. forseta og þessi hæstv. forseti gerði það að sérstakri stefnu sinni þegar hún tók við sem forseti núna í vor, greindi frá því í ræðu sinni að hún vildi leggja sig fram um að Alþingi gæti orðið fjölskylduvænlegur vinnustaður. Svona vinnubrögð eru ekki fjölskylduvænleg á nokkurn hátt. Þetta mál gerir allt starf okkar í þessari nefnd bókstaflega hlægilegt þegar vinnubrögðin eru með þessum hætti (Forseti hringir.) og að það skuli vera þessi (Forseti hringir.) forseti sem lýsir því yfir að hann vilji hafa hér fjölskylduvænan vinnustað, (Forseti hringir.) setur nefnd um málið og treður síðan á þessu eina baráttumáli sem hún lagði upp (Forseti hringir.) með í ræðu sinni í vor. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[18:54]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Þetta er nú bara ekki hægt. Hér kemur enn eina ferðina í ljós að verið er að fara á bak við þingið og það er ekki einu sinni haft fyrir því, ekki sýnd sú viðleitni að hafa samráð í umræðu um dagskrá sjálfs þingsins. Hvernig í ósköpunum eigum við þingmenn þá að trúa því að næstu árin verði haft reglulegt samráð við okkur um allt þetta ferli sem Samfylkingin er að leggja í (Gripið fram í.) í viðræður við Evrópusambandið og fullyrðir að á hverju stigi málsins verði þingið upplýst og samráð haft um alla skapaða hluti þegar ekkert samráð hefur verið haft við þingið um nokkurn skapaðan hlut og nú kemur í ljós að það er ekki einu sinni hægt að hafa samráð við þingmenn um dagskrá, vinnutíma þeirra sjálfra. Þetta er því ekki trúverðugt, frú forseti. (Gripið fram í.)

[18:55]

Illugi Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Greinilegt er að illa gengur að skipuleggja störf þingsins. Forseti þingsins lýsti því yfir í fjölmiðlum á dögunum að hún reiknaði með því að þingstörfum yrði lokið í næstu viku, jafnvel snemma í næstu viku og hæstv. fjármálaráðherra tók undir þau orð. Það sýnir að mínu mati algert skilningsleysi á stærð þeirra mála sem eru að fara nú í gegnum þingið. Ég vil að þessi mál fái eðlilega umræðu en ég kalla það ekki eðlilega umræðu að funda hér fram á miðnætti á föstudagskvöldi og hafa hangandi yfir þinginu annað eins á laugardegi. Það er undarlegt að kalla það eðlilega umræðu þegar fyrir liggur að þingið kemst ekki heim fyrr en Icesave-samkomulagið hefur verið afgreitt, þegar það liggur fyrir að margir dagar eru til ráðstöfunar í næstu viku til að fara í gegnum þessa umræðu með eðlilegum hætti eins og þessi umræða á reyndar skilið í ljósi mikilvægis þess. Hér á ekki að (Forseti hringir.) funda fram á nætur til að geta ýtt málinu í gegn á einhverjum (Forseti hringir.) hraða sem þingforseti telur að sé nauðsynlegur.

[18:57]

Forseti (Þuríður Backman):

Í ljósi þeirra umræðna sem hér fara fram um fundarstjórn forseta telur forseti að fundir þingsins og þingnefnda lýsi því ástandi sem er í þjóðfélaginu í dag og hér á þinginu og tekur tillit til þess. (Gripið fram í.)

[18:57]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta þessi síðustu ummæli hæstv. forseta fram hjá mér fara og læt sem þau hafi ekki verið sögð. Ég heyrði ekki betur en forseti væri að blanda sér í umræður með einhverjum hætti. En látum það vera. Þetta er allt hið einkennilegasta mál.

Fyrir liggur að af einhverjum ástæðum er lagt ofurkapp á að flýta umræðunni um þetta tiltekna mál. En það hefur ekki verið upplýst í þinginu með viðhlítandi hætti hvers vegna svo er. Hins vegar get ég getið þess þingmönnum til upplýsingar að í útvarpsfréttum núna klukkan sex upplýsti hæstv. forsætisráðherra um það hvers vegna liggi á. Hæstv. forsætisráðherra sagði nefnilega í viðtali við fréttamann Ríkisútvarpsins að Samfylkingin legði mikið kapp á að koma umsókn út þannig að hægt væri að taka hana fyrir á ráðherrafundi 27. júlí. (Gripið fram í.) Samfylkingin, hæstv. forsætisráðherra sagði Samfylkingin, (Forseti hringir.) ekki stjórnarflokkarnir, ekki ríkisstjórnin, Samfylkingin. (Forseti hringir.) Þetta eru skilaboð til Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[18:58]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Málin eru alveg hreint að verða hér öllum til skammar og í raun er maður hættur að geta hlegið að því hvernig staðið er að þessu öllu saman.

Ég vil líka minna (Gripið fram í.) þingmenn og þingheim á að venjulegir þingdagar eru ekki á föstudögum og laugardögum. Hér hafa vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar verið svo síðan hún tók við að það er dælt inn þungum og erfiðum málum á fimmtudagskvöldum og föstudagsmorgnum til þess að sleppa við sem mestar umræður í þingsal. Ég minni á að þetta eru ekki þingdagar, hvorki föstudagar né laugardagar. Þetta er hreint algjörlega til skammar.

Þetta voru einstaklega athyglisverðar upplýsingar hjá þeim hv. þingmanni sem talaði á undan mér. Óskandi væri að Samfylkingunni mundi liggja jafnmikið á að taka á málefnum fjölskyldna og heimila í landinu. Þá værum við líklega í annarri stöðu.

[Fundarhlé. — 19:00]

[19:32]

Jón Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil blanda mér í umræðuna um þingstörfin og taka undir með þeim þingmönnum sem hér hafa gert athugasemdir við fundartíma þingsins. Það hefur komið fram í umræðum hér í dag að það er mikill yfirgangur af hálfu ríkisstjórnar og meirihlutaflokkanna gagnvart sínum þingmönnum og sá yfirgangur og ókurteisi kemur nú fram í þessum fundartímum hér á föstudagskvöldi, annarri helgi í júlí, og á laugardegi fram á kvöld. Látum vera að þingið þurfi að vinna eðlilega að sumri til við þær erfiðu aðstæður sem eru í samfélaginu. En þessi framkoma er náttúrlega engan veginn boðleg gagnvart þingmönnum og ekki síst, virðulegi forseti, gagnvart starfsmönnum þingsins. Í þessum hópi er fjöldi fólks sem á sínar fjölskyldur og það eru ekki margar helgar yfir sumarið sem fólk hefur hér til að taka sér frí (Forseti hringir.) með sínum fjölskyldum, þingmenn til þess að sinna þingstörfum úti í kjördæmum og hitta þar sitt fólk meðal annars. (Forseti hringir.)

Ég vil fordæma þessi vinnubrögð af hálfu meiri hlutans í þinginu og hvetja fólk til þess (Forseti hringir.) að breyta nú um og taka tillit (Forseti hringir.) þó ekki væri nema til starfsmanna þingsins (Forseti hringir.) og fjölskyldna þeirra og leyfa þeim að komast í frí þessa helgi.

[19:33]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti. vill áminna hv. þingmenn um að halda ræðutíma.

[19:33]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég vil hér aðeins um miðbik þessarar umræðu segja mitt álit á þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Það er auðvitað alveg ljóst að ég styð þessa tillögu eins og hún kemur frá nefndinni. Ég vil líka, þó að það komi kannski ýmsum þingmönnum á óvart, þakka undirtektirnar við þessa tillögu. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, frú forseti, að þessi umræða hafi sýnt það svart á hvítu að þrátt fyrir það sverðaglam sem hér er stundum á Alþingi og hefur verið í þessari umræðu þá er miklu skemmra á milli manna en margir telja. Ég tel að þegar maður sker til hjartans og nýrnanna þær ræður sem hér hafa verið fluttar og reynir að skilgreina þær þá komi í ljós að þrátt fyrir átökin sem hér hafa verið sé það samt sem áður þannig að hér á þinginu sé möguleiki til þess að ná góðri samstöðu um þetta mál. Þó að einstaka þingmenn séu þessu mjög mótsnúnir og noti þetta í tengslum við önnur mál sem hér eru til umræðu til þess að vega að ríkisstjórninni þykist ég samt sem áður skilja það á máli til dæmis forustumanna stjórnarandstöðuflokkanna sem hafa talað að hægt er að ná ágætri samstöðu um þetta mál. Það hefur tekist hingað til í meðförum þingsins.

Þar á mest hrós skilið hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar. Ég hef setið hér og tekið eftir því sem utanríkisráðherra og upphaflegur flutningsmaður þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir í svolítið breyttu formi að þeir sem hafa notið verkstjórnar hans í utanríkismálanefnd eru sammála um að hann hafi af hófsemd og yfirvegan unnið þá vinnu sem menn féllust á í hinni upphaflegu verkáætlun í nefndinni, þ.e. að freista þess að þætta saman þessar tvær tillögur sem hér hafa verið til umræðu. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi tekist vel.

Ég vek sömuleiðis eftirtekt á því að það kemur glöggt fram í nefndarálitum beggja minni hluta í nefndinni að menn telja að öll álitaefni hafi verið rædd — í öðru segir öll, í hinu næstum því öll — og að þeim hafi verið gerð góð skil. Hin upphaflega tillaga stjórnarandstöðunnar fól það í sér að tekin yrði saman greinargerð um helstu hagsmuni Íslendinga að því er varðaði Evrópusambandið og sömuleiðis að það yrði gerður vegvísir. Hvort tveggja liggur fyrir. Það er sláandi þegar maður skoðar málsefnin að nefndarálitin sem koma frá 1. og 2. minni hluta fjalla fyrst og fremst um form. Þar er ekki um að ræða neina sérstaka efnislega andstöðu við tillöguna sjálfa og það er ákaflega athyglisvert.

Sömuleiðis er annað athyglisvert þegar maður skoðar málin sem tengjast nefndinni. Það eru álitin sem henni hafa borist. Ég tel að það sé sérstaklega lofsvert af hálfu nefndarinnar að hún bæði sendi málið til umsagnar fjölmargra aðila en hún gerði annað, sem hefur ekki verið gert frá því að heilbrigðis- og trygginganefnd var hér að fjalla um gagnagrunn á heilbrigðissviði (Gripið fram í.) skömmu fyrir síðustu aldamót og formaður þeirrar nefndar var einmitt núverandi utanríkisráðherra. Þá auglýsti hún gagnvart þjóðinni að allir þeir sem vildu senda inn umsagnir eða koma að máli við nefndina fengu það. Það tók ærinn tíma og miklu lengri tíma en það hefur tekið núna hjá utanríkismálanefnd. En utanríkismálanefnd fór þessa leið líka þannig að það var beinlínis kallað eftir álitum. Ég held að álitin sem hafa komið og ég held að ég hafi farið yfir þau flest — ætli þau hafi ekki verið 55–60 — af þeim voru kannski sex sem beinlínis tóku afstöðu gegn Evrópusambandinu af þeim sem skrifleg lágu fyrir. Afgangurinn tók annaðhvort ekki afstöðu eða var beinlínis með. Ef maður skoðar úr hvaða geirum þessi álit koma þá tengjast þau fyrst og fremst sjávarútvegi og landbúnaði og kemur engum á óvart. Við vissum þegar við gengum til þessarar umræðu að þetta yrðu málin sem um yrði deilt. Þetta eru líka hin málefnalegu rök sem helst hafa verið tínd til hér í umræðunni í dag af hálfu þeirra sem hafa efasemdir um tillöguna sem við erum að fjalla um.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson, sömuleiðis kollegi hans, formaður Framsóknarflokksins, formaður þingflokks framsóknarmanna sem hélt hér gagnmerka ræðu áðan, fjölluðu efnislega fyrst og fremst um þetta tvennt. Það var eins og við sem börðumst fyrir þessari tillögu hér í upphafi sögðum: Þetta eru málin sem menn munu lenda í togstreitu við Evrópusambandið um og það þarf ekkert að fara í neinar grafgötur með það.

Eigi að síður held ég að máli skipti samstaðan sem mér finnst að öðru leyti hafa birst í þessu. Hún kemur mér ekki á óvart. Þegar ég skoða það sem þingheimur hefur verið að segja og flokkarnir sem eiga hér fulltrúa á hinu háa Alþingi hafa verið að álykta um þá er það mín skoðun að á þinginu sé mjög sterkur meiri hluti fyrir því að sækja um aðild að Evrópusambandinu og leggja niðurstöðuna í dóm þjóðarinnar. Ef ég mundi koma hér með möppuna mína, sem ég er reyndar með, og lesa upp það sem einstakir þingmenn hafa sagt, meira að segja hinn bjartleiti þingmaður Vestfirðinga, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem á fundi með Heimssýn talaði með þeim hætti að hann útilokaði þetta ekki eins og hann gerði jafnan áður — en það væri hægt að fara mjög vandlega yfir til dæmis þingmenn Sjálfstæðisflokksins og það eru ákaflega margir þar sem með einhverjum hætti hafa lýst því yfir að þeir vilji fara þessa leið.

Ef maður skoðar síðan Framsóknarflokkinn þá hafa af þeim níu þingmönnum Framsóknarflokksins (Gripið fram í.) sem eiga sæti á hinu háa Alþingi, sex, þar á meðal hv. þm. Vigdís Hauksdóttir, á einhverju stigi máls — sá hv. þingmaður sem ég nefndi hér sérstaklega (Gripið fram í.) gerði það reyndar þremur dögum fyrir kosningar — lýst yfir fylgi við að fara þessa leið.

Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur innan sinna vébanda stóran hluta af forkólfum atvinnulífsins hefur alltaf viljað skoða þetta með opnum huga. Þeir sem hafa tekið við forustuhlutverki í Sjálfstæðisflokknum í dag hafa jafnan nálgast þetta mál með opnum huga og jákvæðum alveg eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson gerði í ræðu sinni í dag þar sem hann tók það skýrt fram að þrátt fyrir þá afstöðu sem Sjálfstæðisflokkurinn tók á sínum landsfundi væri það mál stöðugt orpið undir blákalt mat á hagsmunum. Það má auðvitað rifja það upp að sá ágæti formaður Sjálfstæðisflokksins talaði með mjög jákvæðum hætti um upptöku evru og aðild að Evrópusambandinu skömmu fyrir landsfundinn.

Ég skil hins vegar þá afstöðu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur í þessu máli. Hann tók ákvörðun um það á sínum landsfundi að rétt væri að fara þá leið sem hann hefur lagt hér til í tillöguformi, þ.e. leið tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég skil það mætavel að forustumenn hans verða eðlilega að fylgja samþykktri stefnu flokksins og leggja þá tillögu fram, og það hefur komið fram að ýmsir í öðrum flokkum styðja þetta líka. Þetta er hið lýðræðislega ferli og hér á hinu háa Alþingi munum við taka ákvörðun um það hvort það verður farin leið tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu eða ekki. Ég er henni algjörlega mótfallinn og það hefur komið alveg skýrt fram hér í ræðum í dag, meðal annars hjá formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að stjórnarflokkarnir eru sammála um það — gagnstætt því sem ýmsir stjórnarandstæðingar hafa sagt hér í dag — þeir eru sammála um að eina leiðin til þess að þjóðin geti tekið upplýsta ákvörðun (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) sé að sótt verði um aðild þannig að menn viti að hverju þeir ganga, það sé á þeim grundvelli sem menn geta tekið upplýsta ákvörðun. Þetta eru stjórnarflokkarnir sammála um um leið og þeir hafa lýst því alveg skýrt yfir að þeir virði rétt hvors annars til þess síðan að fylgja niðurstöðunni eða ekki. En til þess að gefa fólki lýðræðislegan kost á því að taka slíka ákvörðun þá er þetta leiðin. Þetta er nánast sama leið og hægt er að lesa á heimasíðu Borgarahreyfingarinnar um það hvernig hún vill afgreiða þetta mál. Hv. þm. Þór Saari flutti meðal annars ræðu um það hér í dag.

Það sem ég á erfiðast með að skilja í þessari umræðu hér er vitaskuld afstaða Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn er sá flokkur sem á umliðnum árum ásamt Samfylkingunni hefur tekið hvað eindregnasta rökræðu innan sinna vébanda um Evrópusambandið. Það var einmitt fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, sem lagði fram grundvöll að ákveðnum lausnum sem tengjast hinu erfiða deilumáli sem líklegt er að komi upp millum okkar og Evrópusambandsins nái tillagan fram að ganga, þ.e. um sjávarútvegsmál. Það var Halldór Ásgrímsson sem lagði ákveðinn grunn að því sem menn hafa verið að velta fyrir sér sem lausn í þeim málum. Sömuleiðis hefur annar formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, verið einn af skynsömustu mönnunum sem hafa tekið þátt í umræðu um Evrópusambandið hér og það var hann sem í reynd vann alla grunnvinnuna undir afstöðuna sem Framsóknarflokkurinn síðan tók á landsþingi sínu í vetur.

Ég taldi í framhaldi af málflutningi Framsóknarflokksins hér á þinginu, yfirlýsingum einstakra þingmanna hans og náttúrlega ekki síst ályktun flokksins um aðildarviðræður við Evrópusambandið að innan Framsóknarflokksins væri jákvæður vilji til þess að fara í þennan leiðangur.

Ástæðan er auðvitað sú að það sagði alveg skýrt í kosningastefnuskrá Framsóknarflokksins að hann vildi að það yrði sótt um aðild, að farið yrði í aðildarviðræður við Evrópusambandið á grundvelli tiltekins samningsumboðs frá Alþingi.

Í ályktuninni segir þetta bara mjög skýrt. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á grundvelli samningsumboðs frá Alþingi ...“

Og svo framvegis. (**Gripið fram í:** Lestu allt ...)

„... sem tryggi hagsmuni almennings og atvinnulífs og þá sérstaklega sjávarútvegs (Gripið fram í.) og landbúnaðar ...“

Síðan í tillögunni er talað um ákveðin skilyrði sem flokkurinn setur fyrir þessum leiðangri sínum eða þátttöku í honum. Ég ætla að koma að þeim rétt á eftir. En það segir líka í niðurlagi ályktunarinnar, með leyfi forseta:

„Fyrstu skref.

Þessi helstu samningsmarkmið, sem og önnur sem skilgreind verða í samvinnu hagsmunaaðila og stjórnvalda, með sem víðtækastri samstöðu, verði lögð til grundvallar því umboði sem samninganefnd Íslendinga fari með í samningaviðræður við Evrópusambandið.“

Með öðrum orðum, það er ekki verið að klappa í stein óhagganleg ófrávíkjanleg skilyrði af hálfu Framsóknarflokksins vegna þess að landsfundur hans sjálfs segir að þetta verði lagt til grundvallar ásamt ýmsum öðrum pörtum og skilgreinir þetta sem markmið í samningum. Þess vegna vil ég leyfa mér að segja að ég tel að ef menn ætla að lesa þessa ályktun á óskaplega venjulegan hátt þá komast þeir að því að sá flokkur sem samþykkti þetta er varfærinn hófsamur flokkur sem hefur jákvæðan vilja til að nálgast Evrópusambandið með þessum hætti sem ég hef hér verið að lesa upp. Með því vitaskuld til að halda hagsmunum Íslendinga til haga setur hann ákveðin skilyrði fyrir þessari afstöðu sinni sem hann kallar sjálfur hluta af samningsmarkmiðum sem eiga að vera grundvöllur umboðs samninganefndarinnar. Þess vegna kemur það mér mjög á óvart að menn skuli hér reyna að hártoga þetta eins og mér fannst hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson, sem flutti að öðru leyti skelegga og fína ræðu, gera áðan. Mér var óskiljanlegt að komast að því að hann túlkar þetta með þeim hætti að það eigi ekki að fara í aðildarviðræður heldur bara viðræður og að samningsumboðið sé umboð um eitthvað allt annað en samninga. Það er ekki hægt að túlka þetta svona. Flokkar sem taka þátt í umræðu um jafnafdrifarík og mikilvæg mál verða að standa við það sem þeir segja.

Það er einmitt þannig að það hefur komið fram af hálfu þeirra sem hafa tekið þátt í að móta stefnu Framsóknarflokksins í þessum málaflokki að þeir skilja þetta nákvæmlega eins og ég skil þetta, þ.e. tveir hv. þingmenn Framsóknarflokksins komu hér upp í dag og lýstu því yfir að sú tillaga sem er afurð þeirrar vinnu sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur stýrt og utanríkismálanefnd á heiður skilinn fyrir að hafa innt af höndum, félli nákvæmlega að þessari ályktun Framsóknarflokksins. Þetta er dómur tveggja, eins nýs og annars gamals, fyrrverandi ráðherra um hvað hér sé á ferðinni. Ég get vel skilið að menn fari eftir sannfæringu sinni og ef sannfæring manna í einhverjum tilteknum málum fer á svig við yfirlýsta stefnu flokka þá tel ég að menn eigi sannarlega að geta tekið sér það leyfi að halda sinni sannfæringu. Ef það er þannig að þingmenn Framsóknarflokksins séu ósammála stefnu flokksins þá verður bara svo að vera. En mér finnst ekki hægt að koma hingað og halda því fram að Framsóknarflokkurinn hafi í reynd gert samþykkt um eitthvað allt annað. Þetta er yfirlýsing af hálfu Framsóknarflokksins.

Frú forseti. Án þess að ég ætli að taka of mikinn tíma í það þá eru þarna ákveðin skilyrði sem öll er að finna í nefndarálitinu, þ.e. það er verið að tala um það af hálfu Framsóknarflokksins að það eigi að vera skýr og einhliða úrsagnarréttur Íslands úr Evrópusambandinu. Þetta á að vera partur af heildarmyndinni. Þetta er þegar viðurkennt. Þetta er ekki í aðalsáttmála ESB í dag. En við höfum séð dæmi um þetta gerast eins og til dæmis með Grænland og þetta er almennt viðurkennt. En þetta er hins vegar að finna í Lissabon-sáttmálanum og allar líkur, öll rök hníga að því að hann muni hafa tekið gildi þegar við ljúkum samningaviðræðum ef allt gengur að óskum og ef þessi tillaga verður hér samþykkt.

Sömuleiðis er talað um það hjá Framsóknarflokknum — þetta er annað skilyrða af sex eða sjö — að það verði staðfest að Íslendingar haldi veiðirétti sínum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og fiskveiðistjórn verði áfram innanríkismál enda styðjist hún við reglur ESB um stöðug hlutföll, nálægðarreglu og Lúxemborgarsamkomulagið. Þetta er nánast það sem stendur og er að finna í nefndarálitinu. Sömuleiðis er að finna í nefndarálitinu það skilyrði Framsóknarflokksins sem lýtur að fæðuöryggi, þ.e. að það verði tryggt viðurkennd nauðsyn á sérstökum ákvæðum vegna fámennis þjóðarinnar. Þetta geta menn lesið í nefndarálitinu. Sömuleiðis geta menn lesið það næsta skilyrði númer fjögur hjá Framsóknarflokknum að íslenskur landbúnaður verði skilgreindur sem heimskautalandbúnaður. Sömuleiðis er talað um það í nefndarálitinu að í upphafi viðræðna verði gerður stöðugleikasamningur við Evrópska seðlabankann sem tryggir stöðugt gengi íslensku krónunnar. Það er að finna þarna þó það megi að vísu — nú man ég ekki lengur í hvoru minnihlutaálitanna, að minnsta kosti í öðru þeirra — finna ákveðnar efasemdir um að þetta geti gengið upp. Sömuleiðis er að finna sérstakan kafla í nefndarálitinu þar sem fjallað er um varðstöðu, um íslenska þjóðmenningu, þjóðtungu og þjóðhætti. Allt, hvert einasta atriði nema eitt úr skilyrðum Framsóknarflokksins er að finna í nefndarálitinu. Þetta eina sem er ekki beinlínis að finna með þessum hætti er skilyrði sem stenst ekki einu sinni ákvæði EES, þ.e. að það verði staðfest að vegna aðstæðna á Íslandi og fámennis þjóðarinnar þá geti Íslendinga sett ákveðin lög um forgangsrétt manna, um lögheimili og fasta búsetu á Íslandi til þess að eiga ráðandi hlut í jarðeignum, lóðum, fasteignum og fyrirtækjum. Þetta gengur ekki upp gagnvart EES í dag og er að því leytinu til fingurbrjótur. En samt er meira að segja komið til móts við þetta í nefndarálitinu þannig að ég tel að hv. formaður utanríkismálanefndar hafi nánast beygt sig aftur á bak til að koma til móts við Framsóknarflokkinn. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið hárrétt hjá honum. Ég tel nefnilega að það sé nauðsynlegt að hvernig sem við skylmumst hér á Alþingi Íslendinga um

þetta mál þá verðum við þegar þeirri orrahríð er lokið að horfa til framtíðarinnar og velta fyrir okkur hvað sé hagsmunum Íslands fyrir bestu. Ef Alþingi tekur þessa ákvörðun í lok þessarar umræðu þá er það, eins og formaður Framsóknarflokksins og líka Sjálfstæðisflokksins sögðu báðir í dag, þá er það hagsmunum Íslands fyrir bestu að sem flestir verði samferða í því ferðalagi og það takist að ná sem breiðastri samstöðu. Það skiptir máli.

Þá hafa komið fram efasemdir um það meðal annars hjá formanni Framsóknarflokksins um að jafnvel þó að menn leggi af stað með þetta skýrt afmarkaða umboð, eins og mér finnst nefndarálitið frá hv. utanríkismálanefnd vera, þá verði það nú samt þannig að ekki sé á vísan að róa vegna þess að sá sem stýrir þessu ferli er jú utanríkisráðherra sem gæti kiknað í hnjánum og verið kannski vondur samningamaður og kannski er hann bara hinn versti fóli eftir allt saman. Nú er við þessu er lítið að gera. Stjórnskipunin gerir einfaldlega ráð fyrir því að framkvæmdarvaldið leiði þetta. Hins vegar gerir nefndarálitið og forskriftin á samningaferlinu sem er að finna sem afrakstur vinnu utanríkismálanefndar sitt besta til að stramma af þennan karl sem nú stýrir utanríkisráðuneytinu, þ.e. það er lagt fyrir með mjög aðdáunarverðum og vel útfærðum hætti hvernig samráðið á að vera við þingið. Þar kemur algerlega skýrt fram að haft verður samráð við utanríkismálanefnd eða fulltrúa hennar í sérstökum starfshópi, vinnuhópi þar sem fulltrúar allra flokkanna eiga sæti, áður en menn móta samningsaðstæður, áður en þeir fara í vinnu við sérhvern kafla, áður en þeir loka kaflanum þannig að Alþingi hefur fulla vitneskju á hverjum tíma um hvað er að gerast. Eftir sem áður er samt sá möguleiki uppi sem hv. þingmaður Sigmundur Davíð Gunnlaugsson nefndi hér og reyndar líka formaður Sjálfstæðisflokksins, að það gæti samt sem áður gerst að utanríkisráðherra og samninganefndin mundi taka ákvarðanir sem þeim væru ekki þóknanlegar og sem þeir teldu vera í andstöðu við hagsmuni Íslendinga. Það er mögulegt. En telja menn að það sé líklegt að það gerist í mörgum málum? Telja menn að utanríkisráðherra eða samninganefnd sem veit að hún er að tefla máli inn í þjóðaratkvæðagreiðslu og veit að hún þarf að hugsa um endataflið og ná jákvæðri niðurstöðu mundi gera sér leik að því að verða viðskila við hinar pólitísku hreyfingar á Alþingi í mörgum málum? Hugsanlega í einhverjum, en það er engin lógík í því að það gerist í mörgum málum og þess vegna er ekki lógík í þessari niðurstöðu hjá þessum ágætu mönnum. (**Gripið fram í:** Er lógík í Icesave?) Hins vegar skil ég ótta þeirra og ég skil kvíða þeirra og ég er þeirrar skoðunar að hinir pólitísku flokkar á Alþingi eigi að hafa raunverulega aðkomu að þessu. Þess vegna finnst mér að þeirra vilji eigi með einhverjum hætti að endurspeglast í því hvernig samninganefndin er samsett. Þetta finnst mér að skipti máli og ég vil segja þetta við þingið bara til að undirstrika það frá mínum bæjardyrum að mér er full alvara í því, þó að ég sé handhafi framkvæmdarvaldsins, að afhenda með vissum hætti þinginu tækifæri til að hafa bæði tá á hemli og hönd á stýri. Það skiptir máli. Þetta er ferðalag sem við verðum að fara í saman ef Alþingi tekur á annað borð ákvörðun um að við leggjum í það. Það er ekki búið að taka ákvörðun um það. Ég er þess mjög, mjög fýsandi. Það hefur komið fram. En ég tel að það varði líka þjóðarheill og heill landsins að jafnvel þeir sem greiða atkvæði gegn þessari tillögu, að þeir samt sem áður með tilliti til hagsmuna þjóðarinnar og þess hvernig við getum náð bestri niðurstöðu til að koma með heim — ég tel að þeir séu fólgnir í því að pólitísku flokkarnir taki þátt í þessu ferli af heilum huga. Það skiptir mjög miklu máli.

Ég lýsti því hér í minni framsögu fyrir tillögunni sem var flutt fyrir einhverjum vikum að það væri einbeittur vilji minn til að hafa sem best samstarf við þingið. Ég lýsti þeim vilja með útfærðari hætti í utanríkismálanefnd og lagði síðan í kjölfar þess fram ákveðið plagg um það hvernig ég gæti hugsað mér það. Ég varð ekki var við að það væri andstaða við það í nefndinni og sú útgáfa og niðurstaða — við getum sagt ákvörðun — sem utanríkismálanefnd hefur tekið og birtist í nefndaráliti meiri hlutans — og ekki eru neinar athugasemdir við það gerðar í hinum nefndarálitunum hvað þennan þátt varðar — hún er mér að skapi. Þar að vísu mundu einhverjir segja að væri fullítarleg forskrift um þetta nána samráð. En ég er til í það. Ég vil hafa þetta svona og ég vil bara undirstrika það að lokum að þegar við erum búin að ræða þetta á þinginu, þegar við erum búin að taka ákvörðun þá skiptir það máli fyrir landið okkar, fyrir þjóðina okkar að allir taki þátt í þessu ferli. Þannig er hægt að tryggja að útkoman verði okkur hagfelldust.

[19:58]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú mun hæstv. utanríkisráðherra væntanlega fara til Brussel með bréf þar sem hann sækir um. Heldur hæstv. ráðherra ekki að menn verði hissa í Brussel þegar þeir fá þýðingu á ræðu hæstv. fjármálaráðherra í dag um að hann ætli ekkert að ganga inn? Verða menn ekki hissa þegar eitthvað fólk er að sækja um en ætlar ekki að ganga inn?

Svo talaði hæstv. ráðherra mikið um lýðræðislegt ferli og þróun. Ég minni á yfirlýsingu Ásmundar Einars Daðasonar í dag þar sem hann segir: „Þá barst mér til eyrna að slíkt gæti valdið stjórnarslitum.“ Og hann fór út og er kominn í heyskap. Er þetta þessi lýðræðislega þróun? Hv. þingmaður heldur því meira að segja fram að meiri hluti sé á Alþingi fyrir einhverri annarri lausn, þ.e. tvöfaldri atkvæðagreiðslu. Hvað segir hæstv. ráðherra um þetta?

[19:59]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held ekki að það sé meiri hluti fyrir þessari tilteknu lausn sem hv. þingmaður talar um. En það kemur bara í ljós og þá verða menn að vinna úr þeirri stöðu sem þá kann að koma upp. Ég get ekki fullyrt um það en ég held að svo sé ekki.

Að því er varðar þessi samskipti þess þingmanns sem nú er í heyskap að því er hv. þm. Pétur H. Blöndal upplýsir við framkvæmdarvaldið þá vil ég bara segja að ég minnist þess ekki að hafa talað við þann ágæta þingmann sem mér er að öðru leyti hlýtt til í viku eða tíu daga. Ég hef hitt hann hér á göngum. Ég hef aldrei á ævinni hringt í hann, aldrei reynt að kúga hann eða berja hann til einhverra pólitískra ásta.

Svo spyr hv. þingmaður mig hvað ég haldi að þeir segi í

Brussel yfir ræðu hæstv. fjármálaráðherra. Við því hef ég bara eitt svar. Það eru fordæmi fyrir því úr öðrum löndum að ráðherrar, meira að segja þungavigtarráðherrar, hafi frá upphafi til enda ferlis verið andsnúnir því að viðkomandi þjóð gengi í Evrópusambandið.

[20:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ákváðu þeir ráðherrar í þeim löndum að sækja um eins og hér er? Sá sem ákveður að sækja um ætlar ekki að ganga inn. Það á við um fjölda þingmanna.

Svo vil ég spyrja annars. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu 13. nóvember: „Ég kyssi ekki á vönd kvalara minna," og átti þá við Breta og Hollendinga og allt það ferli. Hvernig finnst hæstv. ráðherra að fara núna til Brussel eftir allt það ferli? Ég minni á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, töfina þar, það er blindur maður sem ekki sér og á ég þá ekki við að blindir menn sjái ekki illa. Ég á við að það er vitlaus maður sem ekki skilur það sem þar var á bak við.

Svo var líka spurningin um Icesave og þá kúgun: Er (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra virkilega tilbúinn til að sækja um aðild að þessum klúbbi?

[20:01]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Á mínútu get ég ekki svarað öllum þeim fullyrðingum sem komu fram hjá hv. þingmanni. Er ég tilbúinn í að sækja um aðild að þessum klúbbi? Liggur svarið ekki í augum uppi? Ég lagði fram tillöguna sem verið er að ræða hér, ég er búinn að halda 20 mínútna ræðu um mína breyttu útgáfu á því. Já, ég er tilbúinn til þess. (**PHB:** Kyssa á vöndinn?)

Hv. þingmaður, frú forseti. Það vill svo til að það var ráðherra á þeim tíma sem ekki vildi kyssa á vönd kvalara sinna, sem ekki vildi fá mennina sem hv. þingmaður segir að hafi látið svipuna ganga á okkur til að koma og vernda okkur líka. Það var hin fullkomna niðurlæging. Hv. þingmaður skal muna úr hvaða flokki sá maður var og hverjir það voru sem ekki vildu það. (**PHB:** Hver kyssir núna á vöndinn?)

[20:02]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við sáum hina mjúkmálu útgáfu af hæstv. utanríkisráðherra og var vandséð eftir að hafa hlýtt á ræðu hans hvers vegna við værum yfir höfuð að ræða þetta mál. Þetta var silkipúða- og bómullarútgáfan, en ég ætla ekki að fara í deilur við hæstv. utanríkisráðherra um efnisatriði. Við komum áreiðanlega að því síðar í umræðunni. Það eru ákveðin atriði sem ég vildi reyna að glöggva mig á. Hæstv. ráðherra er skákmaður og ræddi um endatafl. Við þurfum að hugsa um endataflið, en við þurfum líka aðeins að átta okkur á miðtaflinu.

Ég velti fyrir mér hvað ráðherra var margmáll um skilyrði sem eru fólgin í nefndaráliti, binda þannig hendur samningamanna Íslands og þar af leiðandi hæstv. ráðherra. Ég velti fyrir mér hvernig við verður brugðist ef sú staða kemur upp að menn sjá fram á það í samningaviðræðum miðjum að þessi skilyrði verði ekki uppfyllt. (Forseti hringir.) Hvernig mundi þá hæstv. utanríkisráðherra bregðast við sem forustumaður af hálfu ríkisvaldsins (Forseti hringir.) í þessum viðræðum?

[20:03]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit ekki alveg hvernig ég átti að skilja upphaf að annars ágætri ræðu hv. þingmanns. Hann hefur setið með mér á þingi í á sjöunda ár og hann á að þekkja það að þetta er mín daglega framkoma sem hann kallar silkipúðaframkomuna. Svona umgengst ég bæði þá sem ég elska og líka þá sem ég á í höggi við. (**Gripið fram í:** Nú?) En ég fylgi líka því boðorði að elska fjandvini mína, þá er ég að tala um pólitíska, ég á enga að öðru leyti.

Hvernig yrði brugðist við ef sú staða kæmi upp? Við skulum vona að það gerist ekki en þá er það þingið sem hefur komið að þessu máli og veitir umboðið með samþykkt sinni hér. Það yrði einhvers konar samvinna, samspil á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvaldsins ef málið tefldist í þá stöðu að við teldum að það væri einsýnt að ekki næðust fram vilji okkar og þarfir í slíkum samningum. En ég á ekki von á að það gerist. Ég get skýrt fyrir hv. þingmanni síðar af hverju.

[20:04]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér finnst mikilvægt að við ræðum þetta atriði dálítið á þessu stigi áður en við veitum umboð til samningaviðræðna vegna þess að svipuð sjónarmið komu fram hjá hæstv. fjármálaráðherra fyrr í dag en hann var kannski skýrmæltari en hæstv. utanríkisráðherra. Ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi en svo að hann teldi að samningaviðræðum yrði hætt ef það væri ljóst að þau viðmið sem sett eru fram í þingsályktunartillögunni næðust ekki í samningaviðræðunum. Þá velti ég fyrir mér hvort það samræmist því yfirlýsta markmiði tillögunnar sem mikið hefur verið hamrað á, að það væri nauðsynlegt að þjóðin fengi tækifæri til að skera úr um málið með þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá spyr ég: Er sá vilji til að ljúka málinu með þjóðaratkvæðagreiðslu svo skýr að menn muni klára samninga jafnvel þótt þeir séu andvígir þeim, (Forseti hringir.) að menn muni undirrita samninga, koma svo heim og segja: „Ekki samþykkja þá"?

[20:06]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ástæðan fyrir því að ég tel að þessi staða muni ekki koma upp er sú — ég var byrjaður á að skýra það í fyrra andsvari mínu — að reynslan sýnir að Evrópusambandinu tekst í samningum við umsóknarríki jafnan að búa til þær lausnir sem hafa dugað. (**PHB:** Ekki í Noregi.) Nema þá, það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni. Þar er reyndar ákveðin reynsla sem við getum lært af, en ef hv. þingmaður er að velta því upp að sú staða komi upp að framkvæmdarvaldið og löggjafinn í sameiningu komist með einhverjum hætti að þeirri niðurstöðu að það eigi að

hætta samningum en vilji eigi að síður leggja þá niðurstöðu í þjóðaratkvæði verð ég að viðurkenna að ég hef aldrei hugsað þá hugsun eins og mér virðist hv. þingmaður gera. Þetta er hugmynd sem vert er að skoða ef sú staða kemur upp en ég á ekki von á því.

[20:07]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Vegna orða hæstv. utanríkisráðherra þess efnis að hv. formaður utanríkismálanefndar hafi þurft að beygja sig aftur á bak til að þóknast framsóknarmönnum veit ég svo sem ekkert um það, né heldur hvort hann hafi af völdum Samfylkingarinnar þurft að beygja sig í einhverja aðra átt.

Mig langar að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir að fara svona vel yfir málið í upphafi, stefnu okkar framsóknarmanna og skilyrði, en segja líka að hann sagði nefnilega nánast sannleikann í þetta skiptið þegar hann sagði orðið „nánast“. Það stendur nánast það sama í greinargerð meiri hlutans og í samþykktum framsóknarmanna. Það er nefnilega munur þar á. Í þessari greinargerð er skilyrðunum algjörlega hafnað og vísað til þess að þau eigi að vera til hliðsjónar en ekki sem skilyrði og það er munurinn sem við, mörg hver, (Forseti hringir.) framsóknarmenn, lítum á að sé sá munur sem við getum ekki sætt okkur við.

[20:08]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að ég hafi aldrei logið, hvorki að hv. þingmanni né nokkrum framsóknarmanni á allri minni lífsfæddri ævi þannig að það er óþarfi fyrir hv. þingmann að taka það sérstaklega fram að ég hafi sagt satt núna.

Út af þessari ályktun sem hv. þingmaður er viðkvæmur fyrir að sé túlkuð með þeim hætti sem ég hef gert kemur tvennt til sem veldur túlkun minni. Í fyrsta lagi segir alveg skýrt þegar búið er að taka saman öll þessi skilyrði í ályktun Framsóknarflokksins að þetta séu samningsmarkmið og þau verði lögð til grundvallar. Það þýðir samkvæmt hefðbundnu íslensku máli að þetta er það sem menn eiga að nota í samningum. Þetta á að vera grundvöllurinn en þetta er ekki óhagganlegt, þetta er ekki meitlað í stein. Ég þarf þar að auki ekki að túlka þetta neitt fyrir hv. þingmann. Aðrir góðir framsóknarmenn, og handgengnari honum en ég, hafa túlkað þetta með nákvæmlega sama hætti, tveir hér í dag. Það er helmingurinn af þeim sem hafa talað í dag af (Forseti hringir.) hálfu Framsóknarflokksins.

[20:09]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég held að hæstv. utanríkisráðherra ætti að halda sig við sínar túlkanir og leyfa okkur framsóknarþingmönnum að hafa okkar eigin skoðanir og standa við okkar eigin sannfæringar eins og á að gera.

Mig langaði reyndar að koma upp áður en ég fór í þessi andsvör við hæstv. ráðherra og spyrja hann út í aðra hluti, eins og að það er augljóst að við erum í erfiðri stöðu og þurfum að leita allra leiða. Mig langar að heyra álit hans á því hvort utanríkisráðuneytið hafi velt því fyrir sér að bera saman inngöngu okkar í NAFTA og hugsanlega upptöku dollars eða aðrar þær leiðir, eins og t.d. einhliða upptöku dollars eða evru, sem valkosti við þessa Evrópusambandsaðildarumsókn. Mig langar að heyra hvort í þá vinnu hafi verið lagt af hálfu utanríkisráðuneytisins og hæstv. ríkisstjórnar. Ég held að uppi á borðum sé sú staða að við getum engri leið hafnað og (Forseti hringir.) þurfum að skoða þær allar. Þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn m.a. verið tilbúinn að skoða aðildarumsókn að Evrópusambandinu, þar með talinn ég.

[20:10]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Síðustu orðin í ræðu hv. þingmanns glöddu mig töluvert mikið. Ég skildi hann þannig að vegna þeirrar stöðu sem uppi er varðandi myntina væri hann tilbúinn að skoða aðild að Evrópusambandinu. (Gripið fram í.) En hv. þingmaður spurði mig hvort utanríkisráðuneytið hefði t.d. látið skoða upptöku dollars og inngöngu í NAFTA eða einhliða upptöku evru. Það er alveg ljóst að a.m.k. í minni tíð hefur hið fyrra ekki verið skoðað. Hitt hefur verið í almennri umræðu í samfélaginu og starfsmenn mínir hafa tekið þátt í ráðstefnum einhvers konar og aflað upplýsinga fyrir þá sem hafa skoðað einhliða upptöku evru. Við þekkjum niðurstöðuna, það er leið sem menn telja ekki færa.

[20:11]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra hefur farið um víðan völl í dag og titlað sjálfan sig með ansi mörgum starfsheitum. Ég er nú komin með nýjasta nafnið og það er framsóknartúlkur. Ég held að hæstv. utanríkisráðherra ætti frekar að halda sig við stefnu síns flokks en að túlka annarra manna stefnu. Hins vegar til að svara því sem hæstv. utanríkisráðherra hefur talað um, að skilyrði séu ekki skilyrði hjá Framsóknarflokknum, bendi ég á að sumir töldu eftir okkar góða flokksþing að Framsókn vildi ekki fara í ESB og skilyrðin væru það ströng að það væri ESB sem þyrfti að sækja um aðild að Íslandi þannig að því sé haldið til haga hvernig túlkun á ýmsum ákvæðum er.

Nú er komið að spurningunni sem ég ætla að bera upp við hæstv. utanríkisráðherra: Telur hann að hann sjálfur og hæstv. forsætisráðherra njóti trausts á alþjóðavettvangi og í Evrópu þar sem þessir sömu aðilar áttu bæði aðild (Forseti hringir.) að ríkisstjórninni þegar hér fór allt í kaldakol?

[20:13]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi þau skilyrði sem hv. þingmaður nefnir rifjaði ég það upp fyrir henni að hún sagði ekkert um skilyrði þegar hún var í sjónvarpsþætti með mér þremur dögum fyrir kosningar og lýsti því yfir að hún væri fylgjandi því að (Gripið fram í.) látið yrði reyna á aðild. (**SDG:** Þetta er einhver þráhyggja.) (**VigH:** Þráhyggja.) Ég tek mark á því sem Framsóknarflokkurinn segir, (**SDG:** Gott.) og oft segir hann það með þeim hætti að það verður mér minnisstætt. (**VigH:** Svaraðu spurningunni.)

Spurningin var sú hvort ég teldi að ég og hæstv. forsætisráðherra nytum trausts úti í Evrópu. Ja, ég kem ekki hingað og segi af eða á um slíkt, en ráðlegg hv. þingmanni að nota þau alþjóðlegu tengsl sem Framsóknarflokkurinn hefur í gegnum það alþjóðasamband sem hann á aðild að til að kanna það. Ég get ekki sagt henni til um það hvort ég nýt trausts eða ekki. Ég naut einu sinni dágóðs trausts í Framsóknarflokknum en það er kannski liðið. (Gripið fram í.)

[20:14]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér fer hæstv. utanríkisráðherra algjörlega undan í flæmingi. Auðvitað getur hann ekki svarað því sjálfur hvort hann njóti trausts úti í Evrópu eða á alþjóðavettvangi. (Gripið fram í.) En veit hæstv. ráðherra hvað hann ber mikla ábyrgð á því sem gerðist í haust þar sem hann sat í ríkisstjórn? Hér kemur Samfylkingin fram eins og hún hafi ekki átt aðild að ríkisstjórn fyrr en í vor og lætur alltaf eins og ekkert sé og að það sem misfórst sé Sjálfstæðisflokknum að kenna.

Hér situr hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson í þingsal. Hann ber heldur en ekki mikla ábyrgð á þessu og er í þeim flokki sem nú steðjar með þjóðina til Evrópu að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Getur ekki verið að fólkið verði hvumsa, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal bendir á, þegar ræður hæstv. fjármálaráðherra verða túlkaðar og þegar skoðað verður hver virkilega stýrir þessum umræðum, hæstv. utanríkisráðherra sem var (Forseti hringir.) utanríkisráðherra í ríkisstjórninni þegar hér fór allt í kaldakol, þegar það sér að hann situr þar enn?

[20:15]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég rifja bara upp hið góða spakmæli: Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum. Mér kemur ekki til hugar að halda því fram hér að Framsóknarflokkurinn sem var tólf ár í ríkisstjórn beri nokkra ábyrgð á því. Hann gerði örugglega ekki neitt sem kynni með einhverjum hætti að hafa leitt til þessarar stöðu sem við erum í. Það var örugglega ekki ráðherra Framsóknarflokksins sem lagði (Gripið fram í.) fram til dæmis frumvarp til laga um innstæðutrygginguna og svo framvegis og ég er alveg sannfærður um það að Framsóknarflokkurinn á ekki nokkra sök á þessu. (Gripið fram í.) Hann er örugglega eini flokkurinn sem er fullkomlega syndlaus. Það vita allir.

Hv. þingmaður kemur og spyr um traust á mér eftir að hafa sjálf sagt að vitaskuld sé ég ekki rétti maðurinn til þess að meta álit annarra á mínu trausti. Ég var búinn að segja það við hv. þingmann: Ég held að hún eigi bara að leita einhverra annarra leiða til þess. Ég hef að minnsta kosti eitt af því sem þarf í svona starf og það er sjálfstraust. (Gripið fram í.)

[20:16]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Eins og margoft hefur komið fram í umræðum hér í dag lagði landsfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í mars síðastliðnum áherslu á að aðild Íslands að ESB eigi að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það hefur jafnframt verið stefna hreyfingarinnar að hagsmunum Íslands væri best borgið utan ESB. Ég tel nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar vera í samræmi við þessa ályktun landsfundar þar sem hún er fyrst og fremst tillaga um hvernig staðið verði að aðildarviðræðum og viðurkenning á rétti þjóðarinnar til að taka afstöðu til samnings um aðild Íslands að ESB.

Margir hafa gagnrýnt einstaka þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrir að tala um að vera á móti ESB og samþykkja síðan að farið verði í aðildarviðræður. Þessi tvískipta afstaða okkar Vinstri grænna skýrist meðal annars af því að þjóðin jafnt sem stjórnmálaflokkar samanstanda af fólki sem hefur ólíka afstöðu til ESB-aðildar. Þess má meðal annars geta að margir stjórnmálaflokkar í Noregi og Svíþjóð sóttu um aðild þrátt fyrir það þar væru innan borðs mjög skiptar skoðanir um umsókn eða um aðildarviðræður við ESB.

Nýleg viðhorfskönnun sýndi til dæmis að hópur kjósenda VG sem vill aðildarviðræður er stærri en sá sem er andvígur. Þessi niðurstaða er í samræmi við samræður mínar við marga kjósendur Vinstri grænna fyrir nýliðnar kosningar í Reykjavík. Þessir kjósendur lýstu áhyggjum sínum af því að þingflokkurinn mundi koma í veg fyrir að þjóðin fengi tækifæri til að sjá og kjósa um aðildarsamning við ESB. Þess má jafnframt geta að margir kjósendur lögðu áherslu á að mikilvægt væri að Vinstri græn veittu Samfylkingunni aðhald í samningsferlinu.

Ég ítreka að ástæða þess að ég styð aðildarumsókn er að ég tel þjóðina ekki geta tekið upplýsta afstöðu til málsins nema fyrir liggi þeir skilmálar sem Ísland verður að undirgangast með aðild. Skilmálarnir komast ekki á hreint nema eftir aðildarviðræður við ESB. Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla um málið mun að mínu mati veikja samningsstöðu okkar gagnvart ESB. Ég styð því málsmeðferð sem felur í sér að fyrst verði farið í aðildarviðræður og síðan verði niðurstaðan lögð fyrir dóm þjóðarinnar um leið og hún liggur fyrir. Ég tel jafnframt að þjóðaratkvæðagreiðsla henti ekki eins vel til að skera úr um vilja þjóðarinnar hvað varðar málsmeðferð eins og varðandi niðurstöðu slíkrar málsmeðferðar.

Spurningin um hvort viðunandi niðurstaða fáist um grundvallarhagsmuni Íslands kemur ekki endilega í ljós fyrr en aðildarsamningur liggur fyrir. Þó hefur ítrekað komið fram, meðal annars í máli Olli Rehn, stækkunarmálastjóra Evrópusambandsins, að engin fordæmi væru fyrir varanlegum undanþágum frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu sambandsins. Aðeins með aðildarviðræðunum er hægt að fá niðurstöðu í hverjir kostir aðildar eru, en um leið þarf skilyrðislaust að halda til haga sérstökum íslenskum hagsmunum, einkum þeim sem lúta að nýtingu og stjórn auðlinda.

Kostir aðildar sem nefndir hafa verið eru meðal annarra lægra vöruverð, lægri vaxtakostnaður, þátttaka í stefnumótun innan ESB og áhrif á lög og reglur ESB sem við höfum ekki í dag þrátt fyrir að hafa innleitt um 70% þeirra reglna og tilskipana. Í mínum huga skiptir miklu máli að aðild Íslands að ESB mun tryggja annars vegar þátttöku okkar í atvinnustefnu og félagsmálastefnu ESB og hins vegar innleiðingu regluverks er varðar réttindi minnihlutahópa á vinnumarkaði.

Ég tel ekki rétt að fresta aðildarumsókn á meðan verið að vinna að bráðaaðgerðum í efnahagsmálum þar sem mjög brýnt er orðið að finna lausn á gjaldeyriskreppunni. Við erum í dag að glíma við tvíburakreppu, þ.e. bæði bankakreppu og gjaldeyriskreppu. Gengi krónunnar hefur fallið um 118% gagnvart evru síðastliðin tvö ár og stöðugt þarf að herða viðurlög sem koma í veg fyrir útstreymi fjármagns til að varna frekari gengislækkun krónunnar. Gengishrapið skýrist meðal annars af því að krónan er ekki lengur gjaldgengur gjaldmiðill á alþjóðafjármálamörkuðum, með öðrum orðum, íslenska krónan er rúin trausti sem tekur marga áratugi að endurvinna.

Reynsla þjóða af álíka mikilli gengislækkun er því miður sú að mjög erfitt er að stoppa hana og enn erfiðara er að tryggja verulega gengishækkun. Seðlabanki Íslands gerir nú ráð fyrir að ekki verði hægt að afnema gjaldeyrishöftin fyrr en eftir nokkur ár. Ástæðan fyrir því er sú að mikill þrýstingur er á gengi krónunnar og það stafar meðal annars af 300 milljörðum sem bíða eftir að komast út úr hagkerfinu og að skuldabyrði þjóðarinnar er risavaxin og það eitt mun þýða verulegt útstreymi fjármagns á næstu árum.

Ef við viljum ekki búa við gjaldeyrishöft næstu árin eru aðeins tvær lausnir í sjónmáli, annaðhvort að leita eftir stuðningi ESB við krónuna og taka síðan upp evru eða taka einhliða upp annan gjaldmiðil. Í nefndarálitinu kemur fram að gera eigi viðræður um gjaldmiðilsmál að forgangsverkefni í viðræðuferlinu. Skýrt er kveðið á um að leita eigi eftir samkomulagi við ESB og Evrópska seðlabankann um stuðning við krónuna á næstu missirum. Einhliða upptaka annars gjaldmiðils en krónunnar þýðir að nota þarf gjaldeyrisvarasjóðinn til að skipta út krónum fyrir annan gjaldmiðil. Við núverandi aðstæður mun skiptigengi krónunnar verða lágt sem þýðir í raun að fjármagnseigendur munu tapa þar sem eigur þeirra verða lítils virði eftir að búið er að skipta þeim yfir í annan gjaldmiðil. Skuldabyrði fyrirtækja og heimila mun hins vegar léttast. Auk þess verða ekki lengur til varasjóðir í landinu til að verja viðskiptabankana áhlaupi spákaupmanna, viðskiptabanka sem í dag eru rúnir öllu trausti.

Virðulegi forseti. Komi í ljós að ESB og Evrópski seðlabankinn muni ekki styðja gengi krónunnar og að ekki verði hægt af hálfu Íslendinga að fullnægja skilyrðum Maastricht-samkomulagsins er ljóst að innganga í Evrópusambandið er gagnslítil. Verði það niðurstaðan tel ég samningaviðræðunum sjálfhætt og að Íslendingar eigi að snúa sér af fullum þunga að því að endurreisa efnahagslífið og íslenskt samfélag óstuddir.

[20:25]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég spyr hv. þm. Lilju Mósesdóttur eins og aðra þingmenn hvort hún vilji ganga í Evrópusambandið, hvort hún vilji sjá Ísland í Evrópusambandinu eftir 10, 15, 20, 50 eða 100 ár, til að reyna að fá þetta yfir á lengri tíma af því að við erum að sækja um aðild að heilu ríkjabandalagi. Við erum ekki að skreppa í sumarleyfisferð.

Síðan varð ég fyrir miklum vonbrigðum með að hagfræðingurinn segir að aðalmálið sé evran. Hún meira að segja kom með töfrasprota Harry Potters hérna eins og samfylkingarmaður, um lægra vöruverð, lægri vexti og áhrif innan Evrópusambandsins.

Í fyrsta lagi fáum við ekki evruna nema við uppfyllum Maastricht-skilyrðin. Ég held að það sé alveg borin von. Það eru mörg ríki sem bíða eftir því að fá evru og fá hana ekki. Það er fráleitt að Ísland fengi hana á undan þeim. Síðan byggir lægra vöruverð á því að menn ætla sér að breyta landbúnaðarstefnunni. Við getum breytt öllu sjálf, tollunum og öllu saman sjálf. Við þurfum ekki að ganga í Evrópusambandið til þess. Lægri vextir? Vextir eru ekkert annað en verð á peningum og háð framboði og eftirspurn. Ég veit ekki hvernig hv. þingmaður ætlar að leysa málið með verðtrygginguna til dæmis. Það eru einkasamningar. Það þarf að leysa það áður en við tökum upp evru.

Síðan segir hún að stuðningur hennar við Evrópusambandsaðild sé aðallega bundinn gjaldmiðilsmálum. Ég vil spyrja hv. þingmann. Stór hluti okkar vanda er einmitt Icesave sem kemur frá Evrópusambandinu, sem byggir á óbilgirni Evrópusambandsins gagnvart Íslandi og skilningsleysi á okkar högum. Á hún von á því virkilega að Evrópusambandið fari að styðja við krónuna?

[20:27]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði hvort ég vildi fara í Evrópusambandið. Ég tel ekki rétt að upplýsa um þá skoðun mína vegna þess að ég mun þegar niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar liggur fyrir beygja mig undir þá niðurstöðu hvort sem það verður að Ísland fari inn í Evrópusambandið eða standi fyrir utan.

Hvað varðar kosti þess að ganga í Evrópusambandið þá byggi ég listann á meðal annars úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Þar kom fram að vöruverð lækkar yfirleitt þegar lönd ganga í Evrópusambandið, meðal annars vegna þess að um er að ræða meiri innflutning frá löndum Evrópusambandsins til þeirra landa sem hafa gengið inn.

Hvað varðar afstöðu mína um hvort hagstætt sé að ganga í Evrópusambandið eða alla vega að hefja samningaviðræður við ESB um upptöku evrunnar þá lít ég svo á að upptaka evrunnar sé bara einn möguleiki af mörgum og að tímabært sé að kanna hvort það sé raunhæfur möguleiki á þessari stundu. Ég tel að með því að setja þetta atriði í forgang þá muni niðurstaða fást fljótlega eða með haustinu og ef hún er neikvæð tel ég að ríkisstjórnin eigi að kanna aðra möguleika hvað varðar upptöku annars gjaldmiðils.

[20:29]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Samkvæmt stjórnarskránni sem við höfum svarið eið að ber þingmönnum að fara að sannfæringu sinni en ekki einhverri skoðanakönnun hjá þjóðinni. Ég var að spyrja að sannfæringunni, til hvers þingmaðurinn sé á Alþingi. Er hún ekki að leiða þjóð sína? Á hún ekki að hafa sannfæringu þannig að þjóðin fylgi henni eða fylgi henni ekki? Ég var dálítið hissa á því að þingmaðurinn gefi ekki upp sannfæringu sína sem hún virðist þá ekki hafa.

Svo er það spurningin um Icesave og afstöðuna til Evrópusambandsins. Mér finnst alveg fráleitt í núverandi stöðu að sækja um eftir að hafa fengið þá meðhöndlun hjá Evr-

ópusambandinu sem við höfum fengið síðan hrunið var. Það er enginn skilningur, engin þekking og bara akkúrat — Hollendingar láta okkur Íslendinga meira að segja borga 7 milljón evrur fyrir umstangið hjá sér. Þvílík er niðurlægingin. Í þennan klúbb erum við að sækja um að ganga. Ég vil fá að vita hvort hv. þingmaður sé bara að sækja um eða hvort hún ætli virkilega að ganga í Evrópusambandið.

Svo er það spurningin sem ég ætlaði að koma með að lokum um alla þá vinnu sem þessi aðildarumsókn leggur á öll ráðuneyti á Íslandi, þ.e. vinna og peningar, ferðalög, hótel og svo framvegis sem þetta kostar á sama tíma og það liggur reiðinnar ósköp á að koma bönkunum í gang, að gera einfalda hluti sem hæstv. ríkisstjórn sem hv. þingmaður styður hefur frestað aftur og aftur. Hún er búin að fresta aftur og aftur nauðsynlegum aðgerðum, að taka á bönkunum til dæmis og er með eitthvað allt annað alltaf í gangi, að koma einhverjum seðlabankastjóra út eða eitthvað annað sem hefur ósköp lítið að gera með hag heimila og fyrirtækja á Íslandi.

[20:31]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér finnst afskaplega erfitt að skýra frá afstöðu minni í dag þar sem hún er ekki fullmótuð. Hún mótast ekki fyrr en ég fæ í hendurnar þann samning sem þessar aðildarviðræður eiga að leiða til. Ég mun kynna mér samninginn vel áður en ég móta mér skoðun og jafnframt heyra í kjósendum mínum um afstöðu þeirra til hans.

Hvað varðar meðhöndlun Breta og Hollendinga á okkur í Icesave-málinu þá er ég sammála hv. þingmanni um að hún sé fordæmalaus og velti því oft fyrir mér hvort þeim hefði leyfst að bregðast við á þennan hátt hefðum við verið innan Evrópusambandsins (**PHB:** Það er …) og við stóðum fyrir utan Evrópusambandið, hv. þm. Pétur Blöndal. Ég hef starfað lengi fyrir Evrópusambandið og reynsla mín af því starfi er sú að yfirleitt leitar framkvæmdastjórn ESB sátta meðal aðildarlanda þegar upp rís einhver ágreiningur. Ég tel að það hefði verið reynt lengur og meira að ná sáttum í Icesave-málinu ef við hefðum verið innan Evrópusambandsins, sem dæmi.

[20:33]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vildi koma upp og þakka hv. þm. Lilju Mósesdóttur fyrir greinargóða, skýra og málefnalega ræðu um það sem við hér ræðum, aðild Íslands að Evrópusambandinu, og þó sérstaklega fyrir umfjöllun hennar um krónuna og stöðu gjaldmiðilsins. Hún minnti okkur á það sem stundum gleymist, að krónan hefur fallið gagnvart evru um 118% á sl. tveimur árum, og hún minnti okkur líka á annað sem ekki hefur kannski verið mikið í umræðunni í dag en skiptir auðvitað grundvallarmáli fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs, að ef ekki er hægt að renna stoðum undir krónuna og koma okkur svo upp nýjum, sterkum, nothæfum gjaldmiðli þá mun þjóðin þurfa að búa við gjaldeyrishöft jafnvel um einhverra ára skeið, og enginn held ég að treysti sér til að spá fyrir um hversu lengi það standi.

Þetta minnir einnig á það, frú forseti, að ferlið sem Alþingi Íslendinga ákveður vonandi að leggja upp í nú á næstu dögum snýst um að vera í samskiptum og náinni samvinnu við önnur ríki í Evrópu. Snýst um það að halda Íslandi opnu fyrir fólki, fyrir fyrirtæki, fyrir peningum. Þetta snýst um það að endurreisa efnahagslíf Íslands.

[20:35]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Í þeirri miklu umræðu sem hefur átt sér stað undanfarin ár um Evrópumálin og tengsl Íslands við Evrópusambandið hafa orðið til alls konar hugtök sem hafa gengið eins og rauður þráður í gegnum umræðuna, tekið breytingum í áranna rás eins og gengur en nokkur hafa fest sig í sessi, t.d. hugtökin samningsmarkmið, samningsumboð og vegvísir, öll gætu þau mögulega átt við þá tillögu sem við erum að ræða. Í dag var í raun og veru búið til nýtt hugtak til að lýsa því sem við erum að fjalla um, þá tillögu sem er til meðhöndlunar í þinginu, og það er lýsing hæstv. fjármálaráðherra, formanns VG, á ástæðu þess að við værum yfir höfuð að ræða þessi mál hér. Það sem hæstv. ráðherra sagði okkur var að forsendan fyrir myndun ríkisstjórnarinnar var að gengist yrði undir það að leggja fram tillögu af því tagi sem við ræðum í dag.

Þá liggur það fyrir að þessi tillaga er ekki endilega vegvísir, ekki endilega samningsmarkmið, ekki endilega samningsumboð heldur aðgangskort VG að ríkisstjórninni. Þetta minnti mig dálítið á liðna tíð þegar ég var, þótt ótrúlegt kunni kannski að hljóma, í barnastúkunni Lilju nr. 26 í Bolungarvík. Þá var það þannig að til að geta komist á fundi þar þurfti maður að kunna leyniorð sem við innvígðir fengum. Þannig er þetta núna, þetta er eins konar leyniorð, ESB, sem menn verða að geta tautað með nægilegum sannfæringarkrafti til að fá seturétt við ríkisstjórnarborð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Þannig er þetta mál til komið eins og við vitum. Þetta eru í sjálfu sér ekki ný sannindi en það hefur þó alla vega verið staðfest og fært í búning í gögnum Alþingis að málið er þannig til komið að það er aðferð við að mynda ríkisstjórn. En það er ekki þannig, eins og hefur verið gjarnan haldið fram og m.a. var haldið fram hér fyrr í dag, að skortur hafi verið á því að Evrópumálin væru á dagskrá. Þau hafa verið á dagskrá og eru auðvitað á dagskrá. Það sem menn hafa hins vegar sagt í þeim efnum er að aðild að Evrópusambandinu væri ekki á dagskrá að mati tiltekinna stjórnmálaflokka, eins og Sjálfstæðisflokksins, en auðvitað hafa Evrópumálin verið linnulaust rædd á undanförnum árum.

Ég hef áður rifjað það upp að þegar ég sat í Evrópunefnd undir forustu Björns Bjarnasonar, þáverandi hæstv. dómsmálaráðherra, og með núverandi hæstv. utanríkisráðherra og menntamálaráðherra svo dæmi séu tekin, þá held ég að yfir okkur hafi nánast gengið þegar við fengum lista yfir öll þau mál, allar þær skýrslur, allar þær bækur og meiri háttar ritverk sem hafa verið unnin um stöðu Íslands innan Evrópusambandsins. Þannig að það er ekki neinn skortur á framboði af umræðu. Mér hefur stundum fundist reyndar að það væri talsverður skortur á eftirspurn eftir þessari umræðu en það er önnur saga. Þessi mál hafa verið mikið rædd. Það hefur mjög margt skýrst. Okkur eru margir kostir betur ljósir núna en áður. Aðalatriðin eru auðvitað alveg orðin ljós og þau munu ekki breytast í samningavið-

ræðunum. Við vitum nokkurn veginn hvað upp úr pottinum kemur þannig að sú röksemdafærsla að það að leggja fram umsókn sé aðferð við að fá vita hvað okkur verði boðið upp á, gengur að mínu mati ekki upp.

Mér finnst sú hugmynd að sækja um eingöngu til að sækja um, í þeim tilgangi að skýra málin, vera miklu líkari því sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason orðaði það, þetta er einhvers konar pólitískt bjölluat. Það að láta opna fyrir sér dyrnar án þess að maður ætli nokkuð að fara inn. Ég held að hæstv. ráðherra hafi átt kollgátuna og ef það er ætlunin að leggja fram beiðni um samningaviðræður við Evrópusambandið á þeim grundvelli þá erum við að leika undarlega leiki sem ég held að eigi almennt talað ekki við hjá siðuðum þjóðum. Það hlýtur auðvitað að vera þannig að þeir sem ætla sér að ganga til viðræðna við Evrópusambandið gera það af fullri alvöru.

Það sem við lögðum til á sínum tíma þegar þessi mál voru upphaflega rædd í vor var þingsályktunartillaga sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn urðu sammála um og gekk í sem skemmstu máli út á að ef til þess kæmi að mögulega færu menn í viðræður við Evrópusambandið um aðild ætti að gera það með þeim hætti að fara mjög rækilega yfir málin, setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni okkar, vinna vegvísi, svo ég noti það hugtak aftur, að mögulegri aðildarumsókn sem tæki til umfjöllunar um öll álitamál varðandi upphaf aðildarviðræðna o.s.frv. Í sjálfu sér má segja sem svo, vilji maður vera mjög sanngjarn, að það plagg sem liggur fyrir núna, álit meiri hluta utanríkismálanefndar, sé tilraun til að setja upp vegvísi að því hvernig við gætum staðið að því að fara í slíkar viðræður. Það má segja að að þessu leyti sé málið nokkuð skýrara en það var þegar tillagan var lögð fram. Ég tek undir það að álit meiri hluta utanríkismálanefndar sé vel unnið plagg. Það er ítarlegt og greinargott á margan hátt. Það ber þess hins vegar mikil merki að það er tilraun til að bræða saman mjög ólík sjónarmið, enda liggur það fyrir að þeir stjórnmálaflokkar sem bera ábyrgð á þessari tillögu og standa að henni í meginatriðum hafa mjög skiptar skoðanir á því hvernig eigi að vinna gagnvart Evrópusambandinu. Við vitum að Samfylkingin, sem er burðarásinn í þessari tillögu, hefur verið eindregið þeirrar skoðunar á undanförnum árum að skilyrðislaust eigi að ganga til samningaviðræðna við Evrópusambandið. Hún hefur eins og allir aðrir slegið varnagla varðandi tiltekin hagsmunamál Íslands en engu að síður hefur Samfylkingin haft þetta mjög eindregið á stefnuskrá sinni.

Vinstri grænir hafa hins vegar gengið allra flokka lengst í andstöðu sinni við Evrópusambandið. Það er ekki þannig að þeir hafi viljað sérstaklega opna á einhverjar slíkar viðræður. Þeir hafa sagt sem svo, ef ég hef skilið þessar ályktanir þeirra rétt, að ef til þess kemur þurfi að útkljá málið í þjóðaratkvæðagreiðslu og um það er í sjálfu sér ekki mikill ágreiningur, hygg ég, en þar hefur hins vegar andstaðan verið langsamlega grimmust.

Þegar við vorum að ljúka skýrslu Evrópunefndarinnar vorið 2007 tókst samstaða milli Sjálfstæðisflokksins og VG um minnihlutaálit varðandi afstöðuna til Evrópusambandsins. Hins vegar herti VG mjög á afstöðu sinni til að undirstrika m.a. sérstöðu sína gagnvart Sjálfstæðisflokknum og lagði til að gengið yrði enn þá lengra og sagði sem svo að EES-samningurinn væri langt frá því að vera gallalaus, byggðist um of á forræði Evrópusambandsins, og að það gæti þjónað hagsmunum Íslands betur en ESB-aðild að þróa EES-samninginn í átt til einfaldari tvíhliða ramma um viðskipti og samvinnu. Með öðrum orðum, sú samrunaþróun, eða Evrópuþróun, sem hófst með tilkomu EES-samningsins í upphafi 10. áratugar síðustu aldar var að mati VG ekki hin æskilega niðurstaða heldur bæri að þróa þetta í þveröfuga átt við það sem lagt er til með þessari tillögu. Það var í raun og veru verið að leggja til einhvers konar 180° beygju í gagnstæða átt við stefnumótunina sem hér liggur fyrir. Þess vegna er mjög eðlilegt að þegar við lesum þetta plagg sjáum við margt í því sem er þannig að menn eru greinilega mjög efins. Það birtist líka í upphaflegu tillögunni þar sem, eins og hér hefur verið nefnt, er talað um að málsaðilar áskilji sér rétt til að fylgja samningsniðurstöðunni eða tala gegn henni.

Það er að mínu mati mjög undarlegt ef þeir sem taka þátt í samningaviðræðum hafa ekki skuldbundið sig til að hlíta niðurstöðunni. Málsaðilar er hugtak sem er notað í þessu sambandi en hlýtur að þýða ríkisstjórnin því að það er ríkisstjórnin sem auðvitað ber ábyrgð, eins og hæstv. utanríkisráðherra sagði í umræðunum, þó að það verði vitaskuld reynt, geri ég ráð fyrir, að hafa gott samstarf við Alþingi og raunar kveðið á um það í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar, en það breytir ekki því að ábyrgðin og forræðið verður hjá utanríkisráðherra. Þess vegna væri það mjög sérkennilegt ef málsaðili, ríkisstjórnin, sem kæmist að tiltekinni niðurstöðu, t.d. að leggja samning fyrir þjóðina og Alþingi, mundi ekki fylgja þeirri niðurstöðu eftir. Ég er alveg sannfærður um að Evrópusambandið mundi aldrei undirrita slíkan samning. Evrópusambandið mundi auðvitað ætlast til þess að ríkisstjórn sem gerði samninginn væri tilbúin til að fylgja honum eftir, því það er auðvitað svo að samningaviðræður sem þessar eru í eðli sínu flóknar og erfiðar og menn munu ekki leggja fram þá vinnu og það pólitíska kapítal, ef ég má orða það svo, sem þessu fylgir ef ekki væri alveg skýrt af hálfu þeirra sem við væri að semja að þeir fylgdu þá samningsniðurstöðunni. Þetta er svipað og maður gæti ímyndað sér ef verkalýðshreyfing og vinnuveitendur væru að semja og annar hvor samningsaðilinn segði eftir að búið væri að skrifa undir samninga: Við erum ekki endilega vissir um að við munum fylgja þessu eftir og reyna að fá þetta samþykkt í okkar baklandi. Það sjá auðvitað allir í hendi sér að svona geta menn ekki unnið. Þess vegna er ákvörðun um að fara til Brussel með ásetning um að reyna að freista þess að ná samkomulagi og vera þá tilbúinn til að bera á því alla pólitíska ábyrgð.

Eitt atriði hefur lítið borið á góma í þessari umræðu sem að mínu mati hefur þó verið bæði málefnaleg og góð og það er kostnaðurinn við umsóknina sjálfa og það mikla álag sem umsóknarferlið og vinnan við umsóknina mun hafa í för með sér fyrir okkar litla og veikburða stjórnkerfi. Það hefur oft verið rætt um þann kostnað sem íslenski ríkissjóðurinn verður fyrir ef við verðum aðilar að Evrópusambandinu. Ef ég man rétt var verið að tala um að nettókostnaður gæti verið á bilinu 10–12 milljarðar kr. fyrir okkur. Þá munu menn svara sem svo að á móti komi einhver annar

ávinningur sem þjóðin hefur af þessu. En út af fyrir sig held ég að þetta hafi ekki verið vefengt. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands komst að þessari niðurstöðu og það er rakið meðal annars í skýrslu Evrópunefndarinnar hvernig að þeirri niðurstöðu var komist. Það er önnur saga. En hitt er mál sem við verðum líka að ræða og ræða algerlega opinskátt og það er bæði kostnaðurinn og álagið sem stjórnkerfið okkar verður fyrir meðan á samningaviðræðunum okkar stendur.

Þegar þessi mál eru skoðuð verð ég að segja eins og er að það kemur mér dálítið mikið á óvart hvað þessi mál eru illa útskýrð. Það blasir til dæmis alls ekki við, hvorki við lestur kostnaðarumsagnar utanríkisráðuneytisins né þegar lesið er kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins, hver hinn endanlegi kostnaður er. Það er greinilegt á öllu að verið er að reyna að draga úr því hver þessi kostnaður í rauninni verður með því að fela hann í alls konar hlutum til að hann komi ekki með eðlilegum hætti upp á yfirborðið. Fjármálaráðuneytið segir um þetta mál að matið sem það leggur á kostnaðinn sé bæði gróft og með mjög miklum skekkjumörkum. Þetta er ekki viðunandi. Það er ekki til það ómerkilega stjórnarfrumvarp sem lagt er fram á Alþingi að því fylgi ekki ítarlegt kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins hverju sinni. Ráðherrar sem ekki ganga frá slíku sem fagráðherrar eru gerðir afturreka við ríkisstjórnarborðið með sín mál. Þannig var það að minnsta kosti. Í rauninni er það lögformleg skylda að slíkt kostnaðarmat liggi fyrir. Ég tel að það sé mjög gagnrýnisvert þegar við erum að taka ákvörðun, ekki síst á svona tímum, um að ganga til þessara viðræðna að ekki liggi fyrir mjög vel útfært og áreiðanlegt kostnaðarmat á þessu máli vegna þess að við erum ekki að tala um neina smápeninga. Ef við skoðum mat fjármálaráðuneytisins á þessu þá kemur það til dæmis fram að mat þeirra á kostnaðinum er að hann geti numið á þessu tímabili 2009–2012 alls tæplega milljarði kr. Það sem kallað er annar kostnaður utanríkisráðuneytisins er 300 millj. kr., kostnaður hjá öðrum ráðuneytum 100 millj. kr. og þýðingarkostnaður 590 millj. kr.

Nú vil ég undirstrika það sem ég sagði að það er skoðun fjármálaráðuneytisins að mat utanríkisráðuneytisins sé gróft og með miklum skekkjumörkum. Ég vek líka athygli á því að í þessu mati eru undanskildir mjög stórir póstar. Það er til dæmis ekkert mat sérstaklega lagt í þessum kostnaðarliðum af hálfu utanríkisráðuneytisins á ferðakostnað. Þess vegna er líklegt að reikna megi með mjög miklum skekkjumörkum þar. Það er ekkert sérstakt mat lagt á hjá utanríkisráðuneytinu um sérfræðiþjónustu sem þurfi að kaupa. Það er talað um það í mati fjármálaráðuneytisins að þessi kostnaðarliður geti verið mjög umtalsverður.

Utanríkisráðuneytið nálgast þessi mál þannig að þeir reyna að ímynda sér að það megi meira og minna leysa þau með því að færa fólk til í verkefnum, bæði í stofnunum og í ráðuneytum varðandi allan undirbúning þannig að fólk sem núna starfar að einhverjum tilteknum málaflokkum innan ráðuneytanna og í stofnunum sem heyra undir þessi ráðuneyti og láta sig þessi mál sérstaklega varða, megi flytja til. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir væntanlega að um það verði tekin ákvörðun að einhver verkefni sem nú er verið að sinna í stofnunum — svo ég nefni stofnanir sem ég kannast aðeins við — eins og Matvælastofnun, Hafrannsóknastofnun, Matís eða einhverjum öðrum stofnunum sem starfa undir öðrum ráðuneytum en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, þ.e. að þetta fólk hverfi frá verkefnum sínum í þrjú ár meira og minna til að sinna því að undirbúa samningaviðræðurnar við Evrópusambandið. Með öðrum orðum þá er verið að taka um það pólitíska ákvörðun án þess að það sé sagt berum orðum að hverfa frá einhverjum verkefnum sem unnið er að nema menn séu þá að segja að það sé svo létt og lítið vinnuálag í þessum stofnunum og ráðuneytum að menn geti nú bara bætt þessu einfaldlega á sig. Ég þekki það vel til í stjórnsýslunni, hjá Stjórnarráðinu og stofnunum þess að ég veit að þar er fólk að vinna hörðum höndum og það er í raun verið að tala um að færa fólk úr þessum verkefnum. Þetta vitum við auðvitað að er algerlega óraunhæft. Fiskifræðingarnir sem meta stærð fiskstofnanna munu ekki hætta því til að undirbúa umsóknina úti í Brussel. Fólkið hjá Matvælastofnun sem fylgist með öryggi matvæla hættir ekki að fylgjast með því til að vinna að undirbúningi varðandi umsóknina í Brussel. Það er ekki þannig. Þetta er bara dulinn kostnaður sem er verið að reyna að sópa undir teppið, láta eins og menn hafi ekki tekið eftir honum, ekki orðið varir við hann til að þetta mál líti eitthvað betur út.

Sumir segja kannski að þetta sé allt saman aukaatriði, að þetta séu ekki stóru málin í þessari stórkostlegu sýn að gerast aðili að Evrópusambandinu. En ég vil segja að þegar við erum að tala um beinharða peninga upp á 1 milljarð kr. að mati fjármálaráðuneytisins með miklum skekkjumörkum, grófa nálgun og þegar við bætum síðan við allri þeirri óvissu sem ég var að rekja þá eru þetta þó peningar, sérstaklega hjá þjóð sem býr núna við það að við erum að skera niður, að hækka skatta, leggja byrðar á almenning og fyrirtæki af ástæðum sem öllum eru ljósar.

Það er til dæmis ljóst að í dag er staðan sú að við erum varðandi okkar þýðingarvinnu sem er nauðsynleg vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið langt á eftir. Við eigum mikla vinnu óunna við að þýða gerðir og tilskipanir Evrópusambandsins sem við erum að lögtaka. Það er búið að fjölga mikið starfsfólki í þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins og eins og ég les út úr þessum umsögnum utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að ráða þurfi 24 þýðendur til viðbótar og umfang þýðingar sé samtals 30–50 þúsund blaðsíður. Af því að hér er rithöfundur inni væri hægt að margfalda þetta og átta sig á því að þetta eru kannski, eigum við að segja, svona 100 myndarlegar skáldsögur þó ég sé ekki að segja að tilskipanir Evrópusambandsins séu skáldsögur. En það er dálítið áhugavert hvernig utanríkisráðuneytið nálgast svo þetta verkefni upp á 30–50 þúsund blaðsíður með 24 viðbótarþýðendum. Nú ætla ég að leyfa mér, með leyfi virðulegs forseta, að vitna beint í það sem segir í áliti utanríkisráðuneytisins:

„Í því samhengi er rétt að hafa í huga að með þessu verkefni mun skapast atvinna fyrir háskólamenntaða stétt þýðenda en auk þess má nefna að sú staðreynd að ESB mun við mögulega aðild Íslands þurfa á sérhæfðri túlka- og þýðendaþjónustu að halda á íslensku kallar á það að íslenskir háskólar skipuleggi nám á þeim sviðum sem skapa mun

aukin tækifæri fyrir tungumálamenntað fólk.“

Af því að ég er gamalreyndur þingmaður sem hefur stundum fjallað um atvinnumál þá hefði þetta heitið í þeim kokkabókum átak til atvinnusköpunar og er út af fyrir sig ekki ómerkilegra en margt annað í þessum efnum. En þetta er ég bara að draga fram þó ég geri ráð fyrir því að margir munu reyna að blása á þetta og telja að þetta ekki mikið mál. Ég vil hins vegar draga fram að það liggur þá fyrir að við erum að tala um væntanlegan lágmarkskostnað upp á milljarð kr. og væntanlega með öllum þessum skekkjum, með öllu því sem verið er að sópa undir teppið erum við að tala um miklu hærri upphæðir og síðan að því frátöldu, sem ég nefndi lauslega áðan, mun auðvitað skapast gríðarlegt álag í stjórnkerfinu. Við erum að fara inn á brautir sem við þekkjum ekki vel og það þarf að vinna upp þessa þekkingu, afla hennar og það skapar gífurlega mikið álag í stjórnkerfinu. Ég þekki það sjálfur. Við erum með tiltölulega lítil ráðuneyti þar sem bara sumarleyfistími og slíkt skapar mikið álag og gerir það að verkum að ýmis verkefni frestast. Því sjáum við þegar svona er verið að gera að það mun hafa heilmikið í för með sér fyrir stjórnsýsluna í landinu.

Virðulegi forseti. Ég hef sérstaklega velt fyrir mér í þessu sambandi því sem snýr að sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Þar er margt í sjálfu sér spaklega sagt og reynt, svona eins og hæstv. utanríkisráðherra hefði kannski orðað það, að róa fyrir allar víkur til að tryggja að engu sé gleymt þegar verið er að fjalla um hvaða hagsmuni menn eigi að verja, hvað menn verði að tryggja þegar gengið er til viðræðna við Evrópusambandið. Það er farið mjög nákvæmlega yfir það hvaða verkefnum til dæmis í sjávarútvegsmálum menn þurfi að sinna, hvaða hagsmunum í landbúnaðarmálum við eigum að sinna. Ég verð að segja eins og er að þegar maður les þetta þá finnst mér einhvern veginn að ekki sé verið að tala um þetta Evrópusamband sem við erum vanir að tala um og köllum því oft því að það sem verið er að tala um í þessu sambandi er ekki Evrópusambandið sem staðsett er úti í Brussel. Þetta hlýtur að vera eitthvert allt annað Evrópusamband. Það er eins og við séum ekkert að sækja um aðild að ESB í Brussel eins og við höfum talað um heldur eitthvert allt annað Evrópusamband sem lýtur allt öðrum pólitískum lögmálum sem eru með allt aðrar „interessur“.

Nú hef ég nokkrar áhyggjur af því að þegar hæstv. utanríkisráðherra skrifar bréfið sitt til Brussel og biður um áheyrn hjá því æruverðuga valdi þar úti að þá verði addressan á bréfinu röng, hún verði ekki Berlaymont, 200 Wetstraat/Rue de la Loi — nú vona ég að menn fyrirgefi minn franska framburð sem ég lærði fyrir 35 árum hjá Bryndísi Schram og verður ekki á hennar reikning skrifað þó þetta sé ekki mjög vel fram borið — heldur verði þá addressan einhver allt önnur því hér er verið að fjalla um hlutina með allt öðrum hætti en við þekkjum í rauninni í Evrópustefnunni í sambandi við sjávarútvegsmálin og landbúnaðarmálin og ætla ég að fara yfir það fáeinum orðum.

Á blaðsíðu 15 í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar er sagt sem svo, með leyfi virðulegs forseta:

„... meiri hlutinn telur að með þessu“ — sem vísað var til, svona almenn stefnuyfirlýsing — „megi tryggja að breytingar sem verða á fiskveiðistjórn hér á landi verði að undirlagi íslenskra stjórnvalda og áhrif landsins aukist á þessu sviði í Evrópusamstarfi. Þá verði forræði þjóðarinnar tryggt yfir sjávarauðlindinni og þannig búið um hnútana að framlag sjávarútvegsins til efnahagslífsins haldist óbreytt.“

Þetta eru gríðarlega háleit markmið. En eru þessi markmið eitthvað nálægt veruleikanum sem við erum að fjalla um? Er líklegt að við getum tryggt að þær breytingar sem verða á fiskveiðistjórn hér á landi verði að undirlagi íslenskra stjórnvalda þegar við erum komin undir hina sameiginlegu sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins? Er líklegt að við getum tryggt aukin áhrif okkar á framkvæmd sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins eða að forræði þjóðarinnar verði tryggt yfir sjávarauðlindinni? Allir sjá auðvitað að þetta er kafli sem markast af fullkominni óskhyggju.

Það er til dæmis talað um í þessu sambandi að það væri raunhæft að lögsaga okkar verði skilgreind sem sérstakt íslenskt fiskveiðistjórnarkerfi. Þetta er dálítið kunnuglegt. Þetta hafa menn reynt að segja áður. En það er margbúið að fara yfir þetta og meira að segja í skýrslu Evrópustefnunefndarinnar og þar er vakin athygli á því að þessir möguleikar, að skilgreina fiskveiðilögsöguna sem sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði sem lúti okkar stjórn, geti byggst á tveimur tegundum sérstakra stjórnunarsvæða, annars vegar er um að ræða líffræðilega viðkvæm svæði og dæmin sem menn nefna eru mjög takmörkuð svæði, mjög skilgreind takmörkuð svæði. Það er alveg ljóst, eins og bent er á í þessari skýrslu, að þetta gæti átt við um tiltekin afmörkuð svæði við Ísland en alls ekki íslenska landgrunnið né íslensku efnahagslögsöguna því að auðvitað er ekki hægt að færa fyrir því rök að það sé í heild líffræðilega viðkvæmt svæði sem við erum búin að stunda veiðar á með ýmsum veiðarfærum öldum saman. Það liggur í augum uppi. Við erum væntanlega að tala hér um þá einhver hólf, svipuð hólf og við erum með hér og þar í lögsögu okkar en annað ekki.

Síðan er hitt sem gæti þá átt við um þetta sem hér er verið að leggja til. Það er það sem kallast sérstök stjórnarsvæði sem byggjast á efnahagslegum og landfræðilegum aðstæðum. Dæmin um slíkt í Evrópusambandinu byggjast á hafsvæðum sem eru við mjög afskekkt, einangruð lítil lönd þar sem er óhagsætt veðurfar, efnahagslífið háð örfáum tegundum framleiðsluvara og svo framvegis. Við erum að tala hér um skínandi fátæk svæði. Það á auðvitað ekki við um Ísland.

Í þessum óskhyggjukafla er líka talað um að mikilvægt sé að Íslendingar fari með samningsforræði við stjórn veiða úr deilistofnum. Þetta vitum við líka að á sér ekki stað. Það er margföld reynsla fyrir því. Evrópusambandið fer með samningsumboð og algjört forræði varðandi þessa deilistofna fyrir þau lönd sem eru aðilar að Evrópusambandinu. Ég hef sjálfur setið fundi þar sem sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandsins hafa verið og þeir lúta bara valdboði og hneigja sitt höfuð þegar sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins talar fyrir þeirra hönd í þessum málum. Það er bara þannig. Við eigum stöðugt samskipti við Evrópusambandið, ekki einstök lönd Evrópusambandsins, þegar verið er að fjalla um svokallaða deilistofna á hverju einasta ári þannig að fyrir þessu er margföld reynsla.

Nákvæmlega sama gildir þegar við ræðum um að við getum ef til vill fengið einhverja undanþágu varðandi svigrúm fyrir erlendar útgerðir eða fjárfesta hér á landi. Þessu er slegið þarna fram. Það liggur líka fyrir að þetta er slíkt grundvallaratriði í Evrópusambandslöggjöfinni, þ.e. frelsi til þess að fjárfesta yfir landamæri, að ljóst er að það er úti á túni enda er um leið þegar nánar er lesið í þessu áliti meiri hlutans dregið mjög í land og sagt: „Kannski verðum við að ná þessu með öðrum aðferðum. Kannski verðum við að gera það með einhverjum þeim aðferðum sem þar eru nefndar og eru þær aðferðir sem Bretar hafa beitt til þess að reyna að búa til einhverja byggðafestu varðandi sjávarútveginn við Bretland. En allir vita auðvitað að það hefur verið til lítils og nánast algjörlega óbrúklegt mál.

Megingallinn við álit meiri hluta utanríkismálanefndar í sambandi við landbúnaðarmálin er að þar er aðalatriðinu sleppt. Þar er því sleppt sem er kjarni málsins þegar kemur að landbúnaðinum og er á vissan hátt ástæðan fyrir því að sumir hv. þingmenn tala um að aðild að Evrópusambandinu geti lækkað hér matvöruverð. Það er sú staðreynd að daginn sem við gerumst aðilar að Evrópusambandinu er tollvernd gagnvart íslenskum landbúnaði lokið. Þetta er grundvallaratriði. Við erum að vísu núna með matvælafrumvarp frá hæstv. ríkisstjórn sem gengur út á það að innleiða matvælalöggjöfina. En það er gert hins vegar með þeim hætti að svína á matvælalöggjöf Evrópusambandsins og hverfa frá því eða taka ekki tillit til þess sem er aðalatriðið í þeirri matvælalöggjöf. En látum það liggja á milli hluta. Hitt er það að í þessu áliti er skautað fram hjá aðalatriði málsins sem er það að tollverndin fellur niður. Þess vegna er það svo að í raun er þessi kafli býsna fátæklegur að þessu leytinu. Það er ekki fjallað um þetta atriði. Hins vegar er velt upp ýmsum möguleikum á því að við getum skilgreint landbúnað okkar sem einhvers konar heimskautalandbúnað eins og gerðist í Finnlandi. En afleiðingin fyrir finnskan landbúnað varð ekki mjög burðug og þegar tekið er tillit til þess að við Íslendingar búum við mjög mikla tollvernd er alveg ljóst að okkar landbúnaður færi mjög illa.

Á sínum tíma var farið mjög ítarlega yfir þessi mál í skýrslu þáverandi hæstv. utanríkisráðherra Halldórs Ásgrímssonar um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi og þar var komist að klárri niðurstöðu um þetta, um nánast allar tegundir landbúnaðar, að sá landbúnaður mundi ekki standast þá miklu áraun sem yrði ef Íslendingar gerðust aðilar að Evrópusambandinu.

Það er sama hér varðandi sjávarútveginn að þar er ýmsu slegið fram en síðan dregið dálítið í land þegar þeir sem skrifa þennan texta hafa áttað sig að þetta er kannski ekki líklegt til að standast. Ég vil til dæmis vekja athygli á þessum orðum í álitinu, með leyfi virðulegs forseta:

„Á sama hátt telur meiri hlutinn ríka ástæðu til að kanna að verði til hlítar hvort sérákvæði Rómarsáttmálans um eyjar og héruð sem eru í mikilli fjarlægð frá meginlandi Evrópu geti átt við um stöðu Íslands. Telur meiri hlutinn að sérstaða Íslands geti átt ýmislegt sameiginlegt með þeim fjarlægu eyjum og héruðum, sbr. ákvæði 299. gr. Rómarsáttmálans,“ — en síðan er varnaglinn sleginn — „þótt hafa verði í huga að félags- og efnahagsleg staða Íslands er ólík þeim svæðum sem ákvæðið á við um.“

Þetta er auðvitað kjarni málsins. Það er ekki verið að tala um landsvæði eins og okkar í þessari tilteknu ívitnuðu grein Rómarsáttmálans. Það er verið að tala um fátæk héruð þar sem aðstæður eru ólíkar okkar. Með öðrum orðum, þegar við tölum um þessa tvo meginþætti, sjávarútvegsmálin og landbúnaðarmálin, er alveg ljóst að sú umfjöllun byggir á hreinni óskhyggju. Vegvísir sem byggist á óskhyggju þegar menn fara af stað í samningaviðræður er ekki mjög líklegur til þess að skila árangri. Við munum þá fara fram með hugmyndir sem við vitum fyrir fram innst inni að verða slegnar út af borðinu á fyrsta fundi og það tel ég að sé mjög slæmt.

Virðulegi forseti. Vandinn við Evrópusambandsmálin er sá að gríðarlegt ósætti ríkir um það mál. Við þekkjum að þetta ósætti hefur komið fram í umræðunum í dag og í hvert skipti sem þessi mál hefur borið á góma og það er grundvallarágreiningur um þessi mál milli flokka, jafnvel innan flokka, og meðal þjóðarinnar. Þetta hefur glögglega komið fram í hvert skipti sem hefur hert á umræðunni um Evrópusambandsmálin. Þess vegna tel ég að það skipti gríðarlega miklu fyrir okkur þegar þessi mál ber hér á góma og þegar við reynum að taka ákvarðanir um það hvernig við ætlum að haga okkar samstarfi í Evrópusambandinu að við reynum að vanda okkur sem best og reynum eins og við getum að skapa sem mesta sátt um Evrópumálin þegar við leggjum af stað í þá vegferð sem ríkisstjórnin vill að við gerum með því að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þess vegna er það að mínu mati algjört grundvallaratriði að áður en við göngum til þessara viðræðna — verði það niðurstaða þingsins að það verði gert — að þá tel ég að það sé algjört grundvallaratriði að áður en það gerist verði leitað eftir, við getum sagt, samningsumboði þjóðarinnar til þess að árétta hver sé skoðun þjóðarinnar í þessum efnum vegna þess að að mínu mati væri það mjög vont verklag ef við legðum af stað með aðildarumsókn til Evrópusambandsins til dæmis í blóra við vilja þjóðarinnar. Það væri ekki gott upphaf þessarar miklu vegferðar og gæti örugglega haft ýmislegt illt í för með sér. Þess vegna skiptir miklu máli að til staðar sé mjög skýrt umboð áður en verður farið af stað í hugsanlegar aðildarviðræður. Þannig fengi þjóðin sjálf að ákveða hvort lagt verði af stað í þessa miklu ferð.

Ég trúi því ekki að að minnsta kosti þeir sem tala því máli að þjóðin þurfi að fá að vera með í ráðum frá upphafi leggist gegn þessari tillögu. Þetta er eðlileg lýðræðisleg tillaga sem ég trúi að þingið muni að lokum staðfesta. Ég er sammála hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni um að það sé örugglega og klárlega pólitískur meiri hluti fyrir þessu. Það er einungis spurning um það hvort ríkisstjórninni muni takast að beygja menn til fylgis við það að hafna þessari tillögu. Það mun koma í ljós einhvern tíma í næstu viku þegar við greiðum um þetta atkvæði væntanlega ef umræðu verður þá lokið. En fyrr kemur það auðvitað ekki í ljós. Ég trúi því að í rauninni sé um þetta pólitískur meiri hluti.

Hitt er að þegar menn leggja síðan af stað í þessar samningaviðræður, þó að þeir fari af stað með þessi óraunhæfu draumórakenndu markmið í stórum málaflokkum eins og sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálum, alveg eins og ég hef rökstutt hérna í máli mínu, þá er það auðvitað þannig að ef niðurstaða næst og menn koma heim með samning sem

þeir vilja að verði samþykktur er langsamlega eðlilegast að það verði gert eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur sagt, þ.e. með því að leggja hann fyrir þingið og að lokum verði það síðan þjóðin sem staðfesti hann með sinni ákvörðun. Þannig hafa menn almennt gert þetta. Þannig var þetta gert til að mynda í Noregi, og þess vegna felldu Norðmenn slíkan samning. Þeir höfðu lokasvarið. Þetta er ekki spurning um hvort þjóðaratkvæðagreiðslan eigi að vera ráðgefandi eða ekki. Þjóðin hlýtur að hafa síðasta orðið.

Það er dálítið skrýtið að hlusta á umræður um að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla geti gegnt sama hlutverki. Af hverju er hún þá ráðgefandi? Er það ekki þannig að ef menn ætla að taka fullt tillit til þjóðarinnar þá hljóti sú þjóðaratkvæðagreiðsla að vera í eðli sínu bindandi? Það er eðlilegast. Við vitum líka að það þarf að breyta stjórnarskránni. Aðild að Evrópusambandinu mun fela í sér valdaafsal, fullveldisafsal. Um það er í raun enginn ágreiningur. Menn hafa margoft rætt um það hvernig þyrfti að breyta stjórnarskránni og textar hafa verið settir niður á blað sem við höfum rætt hér í þinginu. Það er alveg ágreiningslaust. Í sjálfu sér má deila endalaust um réttmæti þessa. En kjarni málsins er sá að það þarf að breyta stjórnarskránni og við vitum að samkvæmt stjórnarskránni í dag þarf að staðfesta síðan á tveimur þingum. Ég held þess vegna, yrði það niðurstaðan að fara í þessar viðræður og yrði það niðurstaðan að samningur fengist sem ríkisstjórn á þeim tíma vildi fá staðfestan, að þá væri þetta eðlilegasta verklagið.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið yfir nokkur atriði sem mér finnst máli skipta í sambandi við Evrópumálin. Ég hef verið að reyna fremur að einskorða mig við umræðu sem ekki hefur átt sér stað fram að þessum tíma. Ég hef farið nokkuð rækilega yfir ýmislegt sem mér finnst vera vanreifað í bæði áliti utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins varðandi kostnað við aðildarumsóknina, það álag sem verður í stjórnkerfinu, þær hugsanlegu breytingar sem verða á starfi einstakra stofnana og ráðuneyta sem afleiðing af því að við erum að hefja þessa miklu vinnu. Aðalatriðið í mínu máli hefur snúið að þessum tveimur málaflokkum, sjávarútvegi og landbúnaði, vegna þess að ég tel að það felist allt of mikil óskhyggja og draumórakennt tal í áliti meiri hlutans að þessu leytinu. Þetta eru ekkert óeðlileg markmið. Það er ekkert óeðlilegt að við viljum verja það að við höfum forræði yfir okkar stofnum, að við höfum forræði yfir deilistofnunum, að við getum sjálf ráðið því hvernig við skipum okkar fiskveiðistjórn og það er einmitt af þeim ástæðum sem ég og margir fleiri hafa meðal annars verið andsnúnir því að ganga í Evrópusambandið vegna þess að við höfum ekki haft neina trú á því að við gætum viðhaldið þessu innan Evrópusambandsins og það er ekkert sem bendir til þess. Það þarf ekki sérstakar samningaviðræður til þess að leiða það fram. Það blasir svo við og hefur margoft komið fram í þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin.

Nákvæmlega sama máli gegnir um landbúnaðinn. Þar er skautað fram hjá því sem er aðalatriði málsins, sem er kjarni málsins, að um leið og við göngum í Evrópusambandið verðum við að hverfa frá þeirri miklu tollvernd sem við höfum.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að annar stjórnarflokkurinn, VG, Vinstri grænir, hefur á undanförnum missirum mjög talað um að það þurfi að auka tollvernd gagnvart landbúnaði. Í þau skipti sem við höfum rætt matvælalöggjöfina á þinginu þá hefur það verið eitt kjarnaatriðið í málflutningi VG að meðal annars væri ekki nægilega vel séð fyrir tollverndinni gagnvart íslenskum landbúnaði. Ég er að vísu ekki sammála því. En þetta er þeirra skoðun. Mér er ekki kunnugt um að hún hafi breyst. Þess vegna hefur það vakið mikla undrun hjá mér hversu menn eru tilbúnir á þeim bæ þrátt fyrir allt að undirgangast þessa vegferð sem verið er að leggja í til þess að treysta, til þess að tryggja sér aðgöngumiða og fá leyniorðið sem gerði þeim kleift að komast inn í ríkisstjórnarherbergið.

[21:15]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður kom inn á mjög athyglisverðan punkt, sem var vöruverð sem töfrasprotaaðdáendur, hv. þingmenn sem trúa á Evrópusambandið, eru sífellt að tala um og hann sagði — og talaði þá væntanlega af reynslu sem fyrrverandi hæstv. landbúnaðarráðherra — að þetta byggist á því að tollar verði felldir niður gagnvart landbúnaði.

Nú hafa menn mikið rætt, og hv. þingmaður gerði það líka, um kostnað og álag á stjórnsýsluna meðan á ferlinu stendur en spurningin er um kostnaðinn eftir að gengið er í Evrópusambandið. Hvað það er metið mikið, hvað það er mikill kostnaður, hvort hv. þingmaður viti hvað það er mikill kostnaður og hvernig hann er í samhengi við það sem mundi kosta að við niðurgreiddum sjálf fyrir landbúnaðinn það sem um er að ræða, þ.e. felldum niður alla tolla og bættum bændum það upp með sama styrkjakerfi og Evrópusambandið og gætum þar af leiðandi náð þessu vöruverði niður án þess að ganga inn í Evrópusambandið. Þar með væri horfinn sá töfrasproti Harry Potters sem ég hef sagt að hv. þingmenn sem eru aðdáendur Evrópusambandsins séu stöðugt að sveifla.

[21:16]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að svara dálítið eftir minni en eins og ég best man þetta var talið á sínum tíma að mati Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands að kostnaðurinn við aðildina að Evrópusambandinu gæti verið 10–12 milljarðar kr. árlega. Margt hefur breyst síðan. Við erum væntanlega ekki með sömu þjóðarframleiðslu og við vorum þegar þessi útreikningur var gerður en það hefur líka ýmislegt breyst í Evrópusambandinu. Það hefur stækkað og kostnaðurinn við rekstur þess er orðinn meiri þannig að við getum væntanlega talað um að kostnaðurinn yrði á þessu bili.

Ég mundi hins vegar ekki mæla með því að við gengjum í að aflétta þeirri innflutningsvernd sem landbúnaðurinn hefur nú og taka í staðinn upp þessar greiðslur. Ég held að um það sé ekkert pólitískt samkomulag, auk þess að eins og sakir standa núna í ríkisfjármálum geri ég ekki ráð fyrir því að um það geti orðið nein niðurstaða. En þetta er kannski fyrst og fremst af tilraun hálfu hv. þingmanns til að vekja athygli á þeirri þverstæðu sem er í þessari umræðu um Evrópumálin.

[21:17]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er einmitt þess vegna sem ég vakti athygli á þessu. Ég hef ekki heyrt þessu sjónarmiði mikið haldið á lofti í umræðunni í dag og ég vil þá líka spyrja um hinn töfrasprotann, sem er lægri vextir.

Nú er það þannig að þegar einhver borgar vexti er einhver annar sem fær þá. Við Íslendingar höfum haft allt of lítinn sparnað og allt of mikla eyðslu. Hvernig heldur hv. þingmaður að það virki á íslenska lántakendur þegar þeir geta farið að taka evrulán, með miklu lægri vöxtum væntanlega eins og er verið að lofa, og hvort sparnaðurinn muni þá aukast — sem er náttúrlega þverstæða — eða hvort eyðsla muni aukast og hvaða afleiðingar það hafi til langtíma, upp á væntanleg gjaldþrot, yfirfjárfestingu og annað slíkt?

[21:18]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ljóst mál að ef peningar væru ódýrari mundi það að öðru jöfnu leiða til meiri eftirspurnar eftir þeim. Við þurfum í sjálfu sér að reyna að gera peningana ódýrari til að koma af stað virkara efnahagslífi hjá okkur þannig að miklir hagsmunir eru í því fólgnir að lækka vextina.

Hins vegar mega menn ekki gleyma því að til þess að við fengjum evruvexti, eða vexti eins og tíðkast á evrusvæðinu, erum við væntanlega að tala um margra ára feril. Við erum svo fjarri því að uppfylla þau skilyrði sem við þurfum að uppfylla áður en við getum orðið aðilar að myntbandalaginu að það er ekki nein lausn á því sem við erum að fást við núna.

Svo má ekki gleyma einu. Það er að í þessari kreppu, sem er líka evrópsk kreppa, hefur vaxtamunurinn aukist milli þeirra ríkja sem eru öflugust innan Evrópusambandsins og hinna sem standa veik. Það hefur verið mat margra hagfræðinga að á meðan peningar voru alls staðar fáanlegir á lágum vöxtum út um allan heim — sem varð náttúrlega að lokum banabiti fjármálakerfisins hér — hafi vaxtamunurinn verið óeðlilega lítill en hann er hins vegar orðinn mjög mikill núna. Ef við tökum dæmi um lönd eins og Þýskaland eða Frakkland og berum þau svo saman við Grikkland, Spán eða Ítalíu þá er himinhrópandi vaxtamunur á milli þessara landa.

[21:20]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Mikið hefur verið rætt um þessa tillögu sem liggur fyrir þinginu. Það er hásumar, sólin skín, spáð er góðu veðri á morgun og alla helgina og hér erum við í næturvinnu að tala um þessa þingsályktunartillögu á meðan heimilin í landinu brenna, á meðan fjölskyldurnar í landinu eru örvæntingarfullar yfir afborgunum næstu mánaða. Frú forseti. Þetta er algerlega til skammar, þessi forgangsröðun, hvernig þessi ríkisstjórn fer með sína eigin landa. Asinn er svo mikill við að komast á lendur Evrópusambandsins að ríkisstjórnin hefur ekki tíma til að hugsa um sitt eigið fólk. Í hvaða landi búum við eiginlega og hvernig stendur á þessu? Það er hásumar og hér erum við. Klukkan er að verða hálftíu á föstudagskvöldi. Við erum hér að ræða Evrópusambandið en ekki það sem skiptir máli.

Framsóknarflokkurinn hefur samþykkt tillögu sem hefur verið mjög til umræðu og ég ætla að fara yfir á eftir ef mér vinnst tími til. En Evrópusambandsaðild er ekki tímabær núna. Sem þingmaður fæ ég senda fjölmarga pósta í hverri viku þar sem fólk spyr mig: Hvað á að gera í þessu landi? Hvernig á ég að fara að því að borga næstu afborgun? Þjóðþekkt fólk og óþekkt, fólk sem ég þekki og fólk sem ég þekki ekki. Ríkisstjórnin áttar sig ekki á því hvaða vanda við stöndum frammi fyrir. Þetta er áherslumálið sem skal keyrt í gegn. Það er hásumar, dagurinn er 10. júlí, takið eftir, 10. júlí. Þetta er til skammar. Ég hef aldrei talið eftir mér að vinna, enda stend ég hér og er stolt af því að geta gert íslensku þjóðinni gagn. Það eru áherslurnar á málinu sem ég gagnrýni, það er flýtimeðferðin sem er gagnrýni verð og er þessari ríkisstjórn til skammar, sérstaklega í ljósi þess að hún stendur ekki einu sinni einhuga að málinu. Hér er minnihlutastjórn — ef fólk hefur ekki áttað sig á því. Hér þarf ríkisstjórnin að sækja styrk sinn út í þingsal til stjórnarandstöðunnar í máli eftir máli. Minnihlutastjórn er starfandi í ýmsum málaflokkum því eins og við vitum er annar ríkisstjórnarflokkurinn margyfirlýstur Evrópuandstæðingur. Þannig var farið með flokkinn í gegnum kosningar. Formaður Vinstri grænna, hæstv. fjármálaráðherra, upplýsti í umræðunum í dag að hann hefði vitað fyrir fram að ef þessi ríkisstjórn ætti að halda velli eftir kosningar yrði þetta Evrópusambandsmál að vera á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Formaðurinn hélt því leyndu fyrir kjósendum Vinstri grænna alveg fram á síðasta dag. Margir sem höfðu samband við mig, bæði fyrir og eftir kosningar, voru að íhuga að kjósa Vinstri græna af því að þeir voru eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem var búinn að gefa út þá yfirlýsingu að hann væri alfarið á móti ESB. Líklega hafa einhverjir þeirra látið til skarar skríða og kosið þann ágæta flokk.

Stjórnmálaflokkurinn Vinstri grænn er góður flokkur og aðhyllist að mörgu leyti sömu kenningar og Framsóknarflokkurinn. Að mörgu leyti eru þetta mjög áþekkir flokkar. En í síðustu kosningabaráttu skildu leiðir að nokkru þar sem flokkurinn tók svo einarða afstöðu á móti ESB. Þetta er mjög athyglisvert, sérstaklega í ljósi þess sem hæstv. fjármálaráðherra sagði í dag, að hann væri að leyna kjósendur, og að sjálfsögðu það fólk sem var í framboði fyrir flokkinn, upplýsingum um hvað væri að brjótast í kolli hans. Jú, frami hans í pólitík, ráðherrastóllinn og ríkisstjórnarsamstarfið við Samfylkinguna gilti meira en umboðið sem hann fékk í kosningunum á fölskum forsendum. Þetta er hræðilega sorglegt mál, sérstaklega þegar við skoðum af hvaða rótum þessi stjórnmálaflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, er stofnaður af því að leiðir skildu fyrir 10 eða 12 árum þegar Samfylkingin var stofnuð, út af Evrópumálum. Þá var stofnaður nýr róttækur stjórnmálaflokkur. Nú eru þessir flokkar komnir saman í ríkisstjórn, eru búnir að mynda vinstri velferðarstjórn er mér sagt þó að ég sjái þess engin merki eins og ég hef kynnt mér og þekki velferðarstjórnir. En hæstv. fjármálaráðherra er kominn heim með flokkinn, heim í heiðardalinn, heim undir verndarvæng kratanna og er nánast með sömu stefnu og þeir miðað við það sem hefur komið hér fram, m.a. í Evrópumálum.

En allt skal selt fyrir samstarfið og persónulegan metnað hæstv. fjármálaráðherra til að hafa ráðherrastólinn kláran fyrir sig. En svo vill til að hvorki Evrópusambandsaðildarumsóknin né Icesave-málið snýst um þessa ríkisstjórn og þaðan af síður um hæstv. fjármálaráðherra eða höfuð hans eða hvort honum er vært á þessum ráðherrastóli, eins og hann hefur gefið sjálfur í skyn í fjölmiðlum þá leggur hann sjálfan sig undir. Takk fyrir, góðir landsmenn, hann leggur sjálfan sig undir. Ég grínaðist með þetta um daginn og ég spurði líka hverjum væri ekki alveg sama þó að svo væri. En fólk verður að meta hvort svo mikill fórn sé í hæstv. fjármálaráðherra að þetta sé á vetur setjandi, málin sem hann stendur frammi fyrir og er algerlega búinn að skipta um skoðun í svo sætir algerri furðu. Maður er stundum alveg gáttaður á því sem hæstv. fjármálaráðherra er búinn að éta ofan í sig af fullyrðingum. Ég hef rifjað örlítið upp í blaðagreinum hvernig hann hefur á nokkrum vikum algerlega snúist öndverður í skoðunum sínum. Eina skýringin sem ég finn fyrir þessu er að ráðherrastóllinn sé svo mikilvægur fyrir persónulegan metnað hans að það eigi að fórna bæði þjóð og landi fyrir þann metnað.

Það sem skiptir mestu máli í þessari umræðu er hvernig fólkið í landinu hefur það því að eins og ágætur maður sagði þegar Evrópusambandið var til umræðu á sínum tíma, þá ættum við að sækja um aðild að Evrópusambandinu í styrkleika okkar en ekki veikleika. Frú forseti. Við erum á hnjánum sem þjóð og hvernig eigum við að geta tekist á við samningamenn Evrópusambandsins — samninganefndirnar sem fara frá Íslandi með þá reynslu í farteskinu sem samninganefndin kom heim með gegnum Icesave-samningana? Núna fyrir helgina upplýstist í þinginu að Íslendingar hefðu eytt 10–20 millj. kr. í samningaviðræðurnar meðan Hollendingarnir einir eyddu rúmlega milljarði íslenskra króna í þær. Hvernig eigum við, svona lítil þjóð sem raunar hefur ekki fjármagn til að reka ríkið þannig að hægt sé að standa við lögbundnar skyldur þess, hvernig eigum við að geta mætt þessum hákum sem eru þarna úti, frekar en í Icesave-málinu? Þetta er ofboðsleg bjartsýni og með ólíkindum hvernig þetta mál er komið fram en hæstv. utanríkisráðherra hefur verið sprækur í dag. Hann hefur verið flissandi kátur yfir þessu máli enda er þetta eina stefnumál Samfylkingarinnar og, eins og ég skrifaði í blaðagrein fyrr í sumar, ef hún kemur ekki þjóðinni inn í Evrópusambandið getur hún lagt sjálfa sig niður því að þetta er eina stefnumál hennar og lausn hennar á öllum vandamálum er að ganga í ESB.

Þegar ég hitti í kosningabaráttunni ágæta frambjóðendur Samfylkingarinnar á fundum var nánast alveg sama hvað um var spurt. Ef það sneri að efnahagsmálum eða einhverju öðru sem laut að stjórninni í landinu þá var svarið alltaf ESB. Þetta var álíka frasi eins og — ég verð að skjóta því að, frú forseti, þegar ég er að tala um þetta — þetta var svipaður frasi eins og þegar spurt var um velferðarmál, hvað ætti að gera í velferðarmálum og hvernig heilsugæslan yrði, þá var frasinn: Það er eitt svar við því, það er heilög Jóhanna. Svona er þetta skrýtið með þennan flokk sem heitir Samfylkingin. Fékk 29,8% fylgi í kosningunum — ég óska til hamingju með það ef ég hef ekki gert það áður — en við erum sem sagt að sækja um aðild að Evrópusambandinu þar sem drifkrafturinn er tæp 30% af fylgi flokkanna í kosningum í vor. Enda finnur maður alveg og sömuleiðis aðilar sem ég hef talað við og hafa rætt við mig, að það vantar að allan eldmóð og áhuga í þessa umsókn. Hann er ekki fyrir hendi. Hvernig á enda að vera hægt að fara af stað með svo stórt mál þar sem helmingur samstarfsflokksins fylgir ekki með? Þetta er alveg hreint með ólíkindum.

Ég segi svo sem ekkert að eldmóðinn vanti í hæstv. utanríkisráðherra né sjálfstraust, eins og hann sagði sjálfur áðan. Hann trúir því að hann hafi traust erlendis þrátt fyrir að hann hafi verið utanríkisráðherra í stjórninni sem fór á höfuðið, sem setti allt saman hér á annan endann (**Gripið fram í:** … þingmaðurinn að meta sjálf.) en hann vantar alls ekki sjálfstraustið. Ég met það.

Ég var líka að setja mig, hæstv. utanríkisráðherra, í þau spor hvernig það verður þegar farið verður að bera saman nafnalistana, þegar þeir fara að sjá hverjir áttu þátt í hruninu og hverjir stóðu á vaktinni, (**Utanrrh.:** … Framsóknarflokkinn.) því að allt er þetta nú — fyrirgefðu, hvað segirðu? (**Utanrrh.:** Þá þýddi ekki að senda Framsóknarflokkinn.) Þú sagðir að vísu sjálfur hér í dag að það ætti að vera fjölskipað stjórnvald sem færi til Brussel og þá — (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill minna hv. þingmann á að tala við …)

Já, afsakið. Hæstv. utanríkisráðherra sagði sjálfur hér í dag að það ætti að vera fjölskipað stjórnvald sem leiddi þessar viðræður úti í Brussel og mér skildist að Framsóknarflokkurinn fengi kannski einn fulltrúa þótt ekki væri meira. (**Utanrrh.:** Árni og Sigmundur.) Þú ert að beina því … að það þýddi ekki að — afsakið, hæstv. utanríkisráðherra vill meina að Framsóknarflokkurinn eigi ekki fulltrúa til að fara þarna út en nú er hann búinn að nafngreina einstakling þannig að hæstv. utanríkisráðherra hlýtur að treysta Framsóknarflokknum til einhvers. (**Gripið fram í:** … með Sigmundi?) (**Gripið fram í:** En Sjálfstæðisflokkurinn ekki?) Ég nefndi að þetta væri fjölskipað stjórnvald þannig að þetta hlýtur að koma í ljós, en traustið vantar algjörlega hjá manni, eins og þjóðinni allri. Traustið fór í hruninu, ekki síst traustið til þeirra aðila sem sátu á þingi og báru ábyrgð á því sem gerðist. Þá vísa ég fyrst og fremst til ráðherra Samfylkingarinnar sem fóru með efnahagsmál og utanríkismál.

Þegar nefndarálit meiri hlutans er lagt fram, upp á 60 blaðsíður hvorki meira né minna, fullt af froðusnakki eins og við höfum séð frá hv. Samfylkingu áður, fer maður að efast enda fer ég á eftir yfir (**Gripið fram í:** Þú ert fyrsta manneskja sem segir það.) hvað virkilega stendur í þessum pappírum sem koma frá Samfylkingunni og hálfum Vinstri grænum. Hér kemur fram hvað það er sem skiptir máli í þessu öllu saman. En fyrst ætla ég að ... (**ÁÞS:** Þetta eru öll skilyrði Framsóknarflokksins.) Ég á eftir að fara yfir skilyrði Framsóknarflokksins enda eru þau skýr. Að vísu er það kannski óþarfi af því að hæstv. utanríkisráðherra er eiginlega orðinn framsóknarmiðill, framsóknartúlkur. Ég mundi bjóða hæstv. utanríkisráðherra að ganga í Framsóknarflokkinn af því hvað hann hefur mikinn áhuga á honum (**Utanrrh.:** Þið hafið aldrei viljað mig.) en ég geri flokknum það ekki, þannig að það tilboð kemur eiginlega ekki til greina.

Það er eins og hæstv. ríkisstjórn átti sig ekki á út á hvað lýðveldisskipan gengur né að hér sé í gildi stjórnarskrá, slíkur er asinn. Undir venjulegum kringumstæðum ætti þetta ákvæði, um að afsala sér valdi, að vera inni í stjórnarskránni. En svo við förum fyrst yfir hvernig valdinu er skipt hér á landi þá er í 2. gr. stjórnarskrárinnar kveðið skýrt á um þrígreiningu ríkisvaldsins. Þar segir að forseti Íslands og Alþingi fari saman með löggjafarvaldið, forseti og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvaldið og svo séu dómstólarnir sjálfstæðir.

Hér hefur verið gengið á þessa þrískiptingu. Framsóknarflokkurinn hafði m.a. á stefnuskrá sinni fyrir kosningar, og barðist fyrir því á þinginu, að hér yrði stjórnlagaþing svo að hægt væri að koma einhverju viti í stjórnarskrárbreytingarnar sem hefur verið reynt að gera undanfarin ár en ekki tekist þar sem pólitískir hagsmunir eru svo miklir. Þeir sem hafa verið settir í þessa nefnd hafa ekki náð neinum árangri vegna þess að það er alltaf stoppað. Þarna var fundin leið til þess að ná fram breytingum en hún var ekki tekin upp og ekki samþykkt. Þessi yfirgangur framkvæmdarvaldsins við löggjafarvaldið hefur valdið mér miklu hugarangri og ég óttast hvernig þetta er orðið.

Framkvæmdarvaldið kemur hér inn með nánast alla löggjöf. Löggjafinn á að samþykkja lögin en ég bendi á það … — Frú forseti, er hægt að hafa einn fund í salnum? — Takk.

Framkvæmdarvaldið á að sjá um framkvæmdir en löggjafinn á fyrst og fremst að setja lög. Löggjafarvaldið á ekki að taka ákvarðanir fyrir framkvæmdarvaldið eins og liggur fyrir í þessari tillögu. Hér er lögð fram þingsályktunartillaga sem ríkisstjórnin stendur ekki einhuga að baki, henni er skutlað inn í þingið og stólað á að stjórnarandstaðan komi að málinu og bjargi ríkisstjórninni fyrir horn. Þá er löggjafinn farinn að taka ákvarðanir fyrir framkvæmdarvaldið af því að þetta er ósk hluta framkvæmdarvaldsins en ekki þess alls. Þetta er afar sérkennileg staða og einsdæmi.

Svo get ég ekki látið hjá líða að tala um framkvæmdarvaldið og yfirgang þess. Alveg ágætis hv. þingmaður gekk á dyr í dag vegna þess að aðilar í framkvæmdarvaldinu höfðu beitt hann svo miklum þrýstingi að hann treysti sér ekki til að sitja hér í salnum og fylgja sannfæringu sinni í umræðu, honum hafði verið hótað svo mikið. Þetta er alvarlegt. Ég sagði í ræðu fyrr í dag að ég hefði orðið sorgmædd yfir þessum tíðindum og ég varð líka sorgmædd yfir því að forsetinn greip ekki inn í og gerði fundarhlé til að kanna þetta mál. Ef framkvæmdarvaldið gengur fram með hótunum af þessu tagi er löggjafarvaldið farið fyrir lítið.

Nú er komið að því sem ég hef óttast svo mjög eftir að ég var kjörin þingmaður, að þurfa að bera þinglega ráðherraábyrgð á ríkisstjórninni af því að hún er ekki fær um að sjá um sín mál sjálf eða að koma stefnumálum sínum í gegn. Hér situr minnihlutastjórn í nokkrum málum.

Annars staðar á Norðurlöndunum eru mjög virkar og sterkar stjórnarskrár. Stjórnarskráin okkar er mjög góð en hún er orðin öldruð, frá 1944, og inn í hana vantar t.d. ákvæði um það þegar vald er framselt til alþjóðlegra stofnana og yfirþjóðlegra stofnana. Það er vandamálið sem við stöndum frammi fyrir, ég er óþreytandi við að benda á að þetta ákvæði er ekki í stjórnarskránni okkar og þessi aðildarumsókn að Evrópusambandinu er komin allt of langt miðað við stjórnarskrána.

Úr því að ákvæði um framsal valds til yfirþjóðlegra og alþjóðlegra stofnana er ekki í stjórnarskránni verður tillagan sem liggur fyrir, um að fara með málið í þjóðaratkvæðagreiðslu að afloknum aðildarviðræðum, verði það samþykkt hér, ekki bindandi eins og margoft hefur komið fram.

Óskastaða mín, og það sem ég hef lagt til í nokkur ár, er að stjórnarskránni verði fyrst breytt með ákvæði um valdaafsal. Þá væri jafnframt sett inn í stjórnarskrána ákvæði um að ef þetta vald væri framselt færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Þjóðin sjálf mundi taka lokaákvörðun og úrslit atkvæðagreiðslunnar mundu gilda. Reynt var að breyta stjórnarskránni hér fyrir síðustu kosningar. Lítil áhersla var lögð á þetta ákvæði og stjórnarskrárbreytingar náðust ekki í gegn þannig að nú er farin baktjaldaleið að þessu, að sækja fyrst um aðild, sem er að mínu mati brot á stjórnarskrá eins og margir stjórnskipunarfræðingar töluðu um þegar EES-samningurinn var samþykktur. Margir komu fram og töldu að það hefði verið brot á stjórnarskrá og að valdaframsalið hefði verið of mikið. Náist samningar skal koma með þá heim, breyta stjórnarskránni undir miklum þrýstingi frá Evrópusinnum og Evrópuandstæðingum, sem kann ekki góðri lukku að stýra, og áður en það er gert á að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort ganga eigi inn eða ekki. Sú atkvæðagreiðsla getur aldrei orðið annað en ráðgefandi fyrir stjórnvöld. Ég segi hér og nú að þeim stjórnvöldum sem sitja við stjórnartaumana, verði þau við völd þá, treysti ég ekki til þess að fara að vilja þjóðarinnar af því að það er búið að svíkja allt sem hægt er að svíkja. Við sjáum það best á Icesave-samningnum. Það var farið af stað með ákveðið mál og ákveðin markmið en allt saman var svikið.

Undir þessa stjórnarskrárhugsun taka bæði Björg Thorarensen og Davíð Þór Björgvinsson í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Þar eru ýmis stjórnskipunarákvæði reifuð, mjög góð og holl lesning. Það eru t.d., svo ég vitni hérna aðeins í hvernig þetta er annars staðar á Norðurlöndum, efnislega áþekk ákvæði í stjórnarskránum þar.

Til dæmis er ákvæðið að finna í 93. gr. stjórnarskrár Noregs, það var lögtekið af Stórþinginu 1962 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Til þess að tryggja alþjóðafrið og öryggi eða efla alþjóðlega réttarskipun og samvinnu getur Stórþingið samþykkt með 3/4 atkvæða að alþjóðasamtök, sem Noregur er aðili að eða vill gerast aðili að, geti á efnislega afmörkuðu sviði farið með þær valdheimildir sem ella heyra undir valdhafa ríkisins.“

Þarna eru rökin komin fyrir því sem stjórnarliðar hafa haldið fram, og þá sérstaklega þeir aðilar Vinstri grænna sem eru meðmæltir þessari tillögu, að Norðmenn hefðu farið klofnir í aðildarumsókn. Gjarnan er talað um að Gro Harlem Brundtland hafi ekki haft flokkinn á bak við sig. Því er til að svara, ég hef reynt að svara þessu en ekki fengið hljómgrunn, að afsalsákvæðið var inni í stjórnarskránni hjá þeim og ekki nóg með að valdaafsalsákvæðið sé í stjórnarskránni heldur er það ákaflega vel varið í Stórþinginu, þannig að við getum séð hvað við erum að fara kolvitlausa leið að þessu. Hún hafði trú á Evrópusambandinu, að það gæti gert eitthvað fyrir Noreg. Valdaafsalsheimildin var

í norsku stjórnarskránni og hún fer með þetta þarna út ásamt nokkrum þingmönnum, nær einhverjum samningi, kemur með hann heim og hann er felldur í annað sinn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Á þessu er stór munur, að fara með klofinn flokk og ákvæðið til staðar í stjórnarskránni. Hér höfum við ekki slíkt ákvæði í stjórnarskránni, hér er stjórnskipanin byggð svo upp en þetta er stórt mál og stjórnskipunarfræðingar eru sammála um að þegar svona stórt mál er á ferðinni beri ríkisstjórninni að standa að því heil og óskipt.

Við höfum dæmi frá síðustu árum um hvernig gengið hefur að ná þessu ákvæði inn í stjórnarsáttmála. Þetta er í þriðja sinn sem Samfylkingin fer í ríkisstjórn og fyrst núna sem hún kemur þessu inn í stjórnarsáttmála. Frú forseti, fyrirgefðu, þetta heitir víst ekki stjórnarsáttmáli, þetta heitir samstarfsyfirlýsing og eftir því sem ég hef heyrt frá innsta koppi í Vinstri grænum er það vegna þess það væri ekki hægt að kalla þetta ríkisstjórnarsáttmála út af akkúrat þessu ESB-ákvæði. Þess vegna var ákveðið að hafa þetta svona frjálslegt, þetta væri samstarfsyfirlýsing, enda hefur maður sjaldan séð jafnmikið frelsi og miklar andstæður í einum stjórnmálaflokki sem stendur þó að því að reka hér ríkið og vera hluti af framkvæmdarvaldinu. Þetta var nú aðeins um þetta.

Þá langar mig til þess að fara hér örlítið inn á þetta nefndarálit. Ég fór að lesa mér til — þetta er mjög vel unnið, ég er ekki að gera lítið úr því — lesa mér til um hvernig meiri hluti utanríkismálanefndar álítur að ferli umsóknar sé. Það er mjög jákvæð greinargerð sem fylgir með tillögunni, minnir mikið á greinargerðina með Icesave-samningnum. Þetta er hvatningarlesning og það jákvæða dregið fram enda er það vissulega vilji meiri hluta utanríkismálanefndar að þetta mál nái í gegn.

Það er ansi skemmtilegt sem kemur fram hér, með leyfi forseta, ég vitna óbeint í fund sem sendiherra Íslands í Brussel kom á, um tímasetningar aðildarumsóknarinnar, hvort þær mundu skipta máli eða ekki skipta máli.

Ríki skiptast á formennsku í ESB á hálfs árs fresti og svo heppilega vill til fyrir suma að Svíar tóku við formennsku 1. júlí þessa árs, núna fyrir 10 dögum. Svo segir í framhaldinu að að mati ýmissa gesta — og auk þess sendiherra — sem komu á fund nefndarinnar mundi það skipta verulegu máli fyrir Ísland að aðildarumsókn sé lögð fram í formennskutíð Svía.

Frú forseti. Ég skil ekki svona dylgjur því að grunnur Evrópusambandsins byggist á meðalhófi og jafnræði. Þessi Svíagulrót er fyrir neðan allar hellur, að reyna að telja þingmönnum trú um að það skipti einhverju máli að Svíar sitji þarna þegar aðildarumsóknin er lögð fram. Þetta tekur ekki nokkru tali, þetta er ekki málflutningur sem er boðlegur íslenska þinginu, hvað þá heldur íslensku þjóðinni. Það sem Evrópusambandið gengur út á er meðalhóf og jafnræði. Þau ríki sem eru komin inn í sambandið sjá um að meðalhóf og jafnræði sé í heiðri haft. Ríkin sem hafa komist í gegnum smugurnar og uppfyllt þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að komast inn í Evrópusambandið, passa upp á að það sé jafnræði milli þeirra og ríkja sem koma ný inn.

En varðandi þennan Svía sem hefur haldið þessum rökum fram — og einnig gestir sem hafa komið að heimsækja þingflokk Framsóknarflokksins — mér þóttu það nánast vera dylgjur með umsóknina að Svíar þyrftu að vera þarna. Hins vegar runnu á mig tvær grímur þegar fóru að berast af því fregnir að viðkomandi aðili, sem er tekinn við formennsku, hafi bloggað á heimasíðu sinni að það væri mikill fengur í því að fá Ísland inn í Evrópusambandið. Það væri mikill fengur fyrir Evrópusambandið að Ísland gengi þar inn til að gæta og styrkja hagsmuni Evrópusambandsins í Norðurhöfum. Maður er ekki fæddur í gær. Ég hef bent á það alla kosningabaráttuna og síðan ég settist á þing að Evrópusambandið er auðlindasnautt. Evrópusambandið vantar auðlindir. Þetta eru ef til vill sameiginlegir hagsmunir en hagsmunir Evrópusambandsins eru meiri en okkar af inngöngu okkar.

Eins og hv. þingmaður kom inn á áðan var fátt um svör þegar hæstv. utanríkisráðherra var spurður hvort búið væri að líta til annarra átta en til Evrópusambandsins. Af hverju hefur ekki verið litið til þess hvort við eigum eitthvað sameiginlegt með NAFTA? Af hverju hefur ekki verið litið til þess hvort við getum komið á einhverju samstarfi með norðurslóðaþjóðum? Hér er alger einstefna. Það er ekkert annað í boði hjá stjórnvöldum en að ganga í Evrópusambandið. Við liggjum á mótum fleka Ameríku og Evrópu og hér er alltaf látið eins og Evrópa sé það eina sem við getum hallað okkur að.

Kaupmannahafnarviðmiðin eru á bls. 6. Þau eru frá 22. júní 1993 og þau gera hvorki meira né minna en að skera úr um hvort ríki fullnægi skilyrðum aðildar að ESB. Nú skulum við setja okkur í spor þjóðarinnar. Við skulum hugsa í eina mínútu um hvað við skuldum mikið, hvernig þjóðin stendur, hvernig heimilin standa, ástandið allt og þær hörmungar sem þjóðin gengur núna í gegnum. Skilyrði fyrir aðild að ESB eru skilgreind svona í Kaupmannahafnarviðmiðunum, með leyfi forseta:

„Aðild tilskilur að umsóknarríki búi við stöðugar stofnanir sem tryggja lýðræði, …“ Sáum við ekki í dag hvað gerðist hér? Er það lýðræðisríki þegar þingmenn eru múlbundnir af framkvæmdarvaldinu svo eitt dæmi sé tekið? Réttarríkið, ég hef bent á það í óteljandi ræðum hér á Alþingi að réttarríkið er í hættu því hér eru sett lög sem fara á svig við stjórnarskrá, lög sem uppfylla ekki stjórnarskrá. Hér er ástandið orðið þannig að ekki er hægt að fullnægja refsingum, varðandi fangelsin. Réttarríkið er í stórkostlegri hættu, ég hef bent á það.

„… mannréttindi og virðingu fyrir minnihlutahópum og vernd þeirra …“ Ég fellst alveg á að við berum virðingu fyrir minnihlutahópum og höfum það að leiðarljósi en ég velti fyrir mér mannréttindunum. Flokkast það undir mannréttindi í ríki að þegnarnir eru það illa staddir að þeir hafa ekki í sig og á? Eru það mannréttindi að hér hækkuðu skuldir sumra heimila um 60–80% og þeir aðilar og þær fjölskyldur sem búa í þessu húsnæði völdu að fjárfesta frekar í steypu heldur en leggja peningana í banka? Eru það mannréttindi að fólk getur tæpast tórt hér á landi? Jú, úrræði ríkisstjórnarinnar voru lenging lána, frysting, fresta vandanum. Þetta eru ekki mannréttindi að mínu mati. Hér er þjóðin bundin á klafa, ríkisstjórnin gerir ekkert til að rétta fólki hjálparhönd. Umsókn um aðild að Evrópusambandinu hlýtur að redda þessu.

Höldum áfram með Kaupmannahafnarviðmiðin: „… markaðshagkerfi, sem og getu til að standast samkeppnisþrýsting og markaðsöfl innan sambandsins.“ Hér á ríkið orðið allan rekstur. Hvernig í ósköpunum eigum við að geta uppfyllt þetta skilyrði? „Aðild gengur út frá getu umsjónarríkis til að fylgja skyldum aðildar, þar með talið að gangast undir markmið um pólitískt og efnahagslegt bandalag og myntbandalag.“ Frú forseti, ég ætla ekki einu sinni að ræða hvenær við getum að öllum líkindum tekið upp evru. Maastricht-skilyrðin eru svo óralangt í burtu en eins og ágætur ungur þingmaður sagði í þingflokknum okkar: „Almáttugur, ég verð orðinn sjötugur þá.“ Og ég hugsaði með mér að ég væri eldri en hann.

Þá spyr ég eins og áður í ýmsum málum, t.d. í Icesave-deilunni, þegar komið hefur í ljós að þjóðarbúið skuldi meira en þessi 240% sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að þanþol þjóðarinnar sé: Er málið kannski þannig vaxið að við uppfyllum ekki skilyrðin sem Evrópusambandið setur okkur? Erum við þá stödd á sama reit og með Icesave-samninginn, að það benda allar líkur til að Icesave-samninginn sé ekki hægt að samþykkja á Alþingi því að skilyrðin í honum eru þegar fallin úr gildi? Segja ekki Kaupmannahafnarskilyrðin að við eigum engan séns í þetta? Er þá ekki skynsamlegra að eyða á næstu mánuðum og næstu árum fjármunum, þeim tíma og þeirri orku í annað en þessa aðildarumsókn? Er ekki betra að kæla þau í 2–3 ár og reyna að nota þessa fjármuni, orku, peninga og mannafla í að koma þjóðinni á fætur? Er það ekki betra? Ég spyr. Þessi gagnrýni hefur greinilega ekki farið fram í utanríkismálanefnd því hér stendur, með leyfi forseta: „Ekki þarf að efast um að Ísland uppfyllir Kaupmannahafnarviðmiðin.“ Ég spyr: Með hvaða gleraugu var fólk að vinna þessar tillögur? Þetta er blekking. Hér eru blekkingarstjórnvöld við stjórnvölinn. Ég hef bent á það áður. Það er farið illa með íslensku þjóðina, íslenska þjóðin er hunsuð, henni er ekki hjálpað og svona lagað er borið á borð fyrir okkur sitt hvora vikuna í þinginu. Hér er unnið á nóttunni, hér er unnið um helgar um hásumar bara til að koma þessum málum áleiðis. Þetta er algerlega með ólíkindum.

Nú ætla ég að taka fyrir bls. 39. Hún er það sem skiptir máli í þessari tillögu. Bls. 1–38 skipta engu máli. Bls. 40–60 skipta engu máli því að þetta er greinargerð með þingsályktunartillögu. Það sem felst í að leggja fram þingsályktunartillögu þarf að koma fram í texta tillögunnar til að textinn fái vægi. Greinargerð skiptir afar litlu máli, alveg eins og með lagasetningu og lög, greinargerðin með lögunum er ekki lagatexti. Oft er að vísu í dómsmálum farið í greinargerðina til að finna út hugsun og vilja löggjafans, hvað hann átti við með þessari og þessari lagagrein, en greinargerð er ekki lög. Greinargerð er ekki lagasetning. Eins er það með þetta mál. 60 blaðsíður á pappír með yfirlýsingum, velviljayfirlýsingum. Jú, einhverjum skírskotunum í skýrslur sem ég geri ekki lítið úr. Já, 60 blaðsíður á pappír, frábært. Vinstri grænir fara með umhverfisráðuneytið.

Að endingu kemst utanríkismálanefnd að því að það séu … ein, tvær, þrjár, fjórar línur sem á að fara með til Brussel undir forustu hæstv. utanríkisráðherra, sem var utanríkisráðherra þegar hrunið varð. Bretar, Hollendingar og Þjóðverjar sækja okkur til saka, þeir eru í deilu við okkur. Hér er háð stríð án venjulegra vopna. Við ætlum að senda hæstv. utanríkisráðherra til Brussel að semja við þessar þjóðir um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Frú forseti, þetta er afar ótraustvekjandi. Ég veit ekki alveg á hvaða leið við erum. Þingið mun þó fyrir rest útkljá þetta.

Tillaga framsóknarmanna sem samþykkt var á flokksþingi er afdráttarlaus. Hæstv. utanríkisráðherra hefur tekið það ómak af mér að reifa hana og óþarfi að reifa hana aftur fyrir þinginu en hún byggist á því að Framsóknarflokkurinn vill sækja um aðild að Evrópusambandinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem eru í nokkrum liðum. Þar vegur að sjálfsögðu hæst fullveldið okkar og óskorað forræði yfir auðlindunum. Auðlindirnar megum við aldrei láta af hendi. Svo er þar ákvæði um landbúnað og sjávarútveg, svo ég tæpi á því helsta. Þetta er alveg skýrt og þarf ekki að túlka neitt frekar þrátt fyrir góðan vilja utanríkisráðherra við að reyna að leita fylgis við sína tillögu, af því að innan ríkisstjórnarinnar er ekki full mæting í atkvæðagreiðsluna um að fara þessa leið. Á hátíðisdögum er talað um að þingmenn ríkisstjórnarflokkanna eigi að fá að greiða atkvæði eftir samvisku sinni og sannfæringu, en sannfæring þeirra og samviska má samt ekki ganga svo langt að þeir geti staðið með öðrum þingmönnum að breytingartillögu við tillöguna sem hér liggur fyrir. Ég sé engan mun á þessu. Hér er heft frelsi þingmanna, stjórnarskrárbundinn réttur þeirra til að taka þátt í störfum Alþingis. Þetta er sorglegt en svona fór þetta í dag. Framkvæmdarvaldið fer offari.

Frú forseti, nú hef ég í aðalatriðum farið yfir þau mál sem mér finnst athugaverð í þessu nefndaráliti og lýsi því hér með yfir að ég áskil mér rétt til að bæta við í frekari umræðu um þetta mál því eins og tilkynnt var í morgun og þingmenn vita þá hafa þingmenn rétt til að koma oftar en tvisvar sinnum upp í síðari umr. um þingsályktunartillögur.

[21:59]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir afskaplega yfirgripsmikla, góða og ástríðufulla ræðu. Það var meining á bak við þessa ræðu og það er ánægjulegt. Hún kom inn á mjög margt sem er athyglisvert eins og til dæmis þessa tilvísun í Svía einhvern sem er að stjórna einhvers staðar, eins og það skipti einhverju máli. Mér skilst að þetta sé frjáls klúbbur, allt voðalega lýðræðislegt og fínt og það skiptir akkúrat engu máli hvort það er Svíi sem er þarna í forsvari eða einhver annar. Mér finnst það mjög athyglisverður punktur. Ég hafði ekki áttað mig á þessu. En menn eru í rauninni að segja að þarna sé eitthvað annað á ferð en lýðræði og frjáls samtök þjóða. Það skiptir máli hver sé í forsvari og það er ekki gott. Það er mjög slæmt.

En mig langar að spyrja hv. þingmann að öðru sem hún kom líka inn á og það er spurning um stjórnarskrána. Við þingmenn höfum svarið eið að stjórnarskránni og hér er verið að leggja til að Alþingi álykti um að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og svo framvegis. Megum við gera þetta? Allt í einu kviknaði hjá mér spurning: Má þetta, frú forseti? Ef við göngum í Evrópusambandið, er ekki verið að afsala sér til dæmis rétti til að gera samninga við önnur ríki? Er ekki verið að afsala

sér fullt af ákvæðum stjórnarskrárinnar sem nauðsynlegt er að breyta áður en við getum sótt um? Má Alþingi yfirleitt leggja til nokkuð sem brýtur stjórnarskrána? Þetta var mikið rætt á sínum tíma í sambandi við öryrkjadóminn og fleiri mál, kvótadóminn og svo framvegis og þá brá Alþingi skjótt við og leiðrétti viðkomandi lög sem Hæstiréttur dæmdi að væru andstæð stjórnarskránni. Ég vil spyrja hv. þingmann: Getur það verið að þessi umsóknarbeiðni brjóti gegn stjórnarskránni?

[22:01]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir. Eins og ég kom inn á í máli mínu áðan er það mín skoðun að þessi aðildarumsókn brjóti stjórnarskrána því eins og ég rakti í ræðu minni þá höfum við ekki þetta fullveldisákvæði sem til dæmis hin Norðurlöndin hafa í sinni stjórnarskrá. Það er alveg klárt. Þessi umræða fór mjög mikið fram hér þegar EES-samningurinn var samþykktur akkúrat líka á þessum forsendum, hvort það mundi ganga of langt því við höfðum ekki þetta fullveldisafsal í stjórnarskránni.

Stjórnvöld þau sem nú ríkja — og ég hef aðeins verið að benda á það í mínum ræðum að réttarríkið sé í hættu. Þetta er akkúrat dæmi um að réttarríkið okkar sé í hættu. Hér er vaðið yfir stjórnarskrána og opinberar reglur sem hafa gilt hér í marga tugi ára með til dæmis þessu atriði hér.

Vissulega er það rétt sem hv. þingmaður segir um það að þegar í ljós kemur að stjórnarskrárbundinn réttur var brotinn á öryrkjum varðandi tekjutengingu við maka þá brást líka löggjafinn við. Við getum ekki brugðist við með þessum hætti þar sem stjórnarskráin er sett af stjórnskipunarvaldi sem eru tvö þing og kosningar á milli. Þess vegna var svo mikilvægt að ná þessari stjórnarskrárbreytingu inn fyrir kosningarnar núna áður en þessi hringekja fór öll af stað. Ferlið er svona núna: Að sækja um aðild að Evrópusambandinu, samningar, komið heim með samning. Það á að leggja hann í þjóðaratkvæðagreiðslu sem er ekki bindandi fyrir stjórnvöld. Sé samningurinn samþykktur í ekki bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu þá þarf að rjúfa þing, breyta stjórnarskrá og breyta þá fullveldisafsalinu. Þetta er kolvitlaus leið og ég hef margbent á þetta. Ég fór í utanríkismálanefnd og talaði fyrir þessu þar og það er náttúrlega ekki hlustað á þessi rök frekar en annað.

[22:03]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég man gjörla þá umræðu sem var út af kvótamálinu, hæstaréttardóminn um kvótamálið og sömuleiðis um öryrkjadóminn. Ég man eftir því hvað mikið var um heitingar þingmanna og ég man einstök ummæli þingmanna, sérstaklega Vinstri grænna um að menn væru að brjóta stjórnarskrána. Ég man eftir því hvað menn flýttu sér mikið við að breyta þeim lögum sem Hæstiréttur dæmdi andstæð stjórnarskránni.

Hér er hreinlega verið að leggja til frá Alþingi sjálfu að það eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu sem við megum ekki gera. Það er mjög athyglisverður punktur og spurningin er: Getur einhver að samþykktri þessari tillögu farið í mál og kært? Ja, hvern? Ráðherrann sem fer út, hæstv. utanríkisráðherra fyrir að ætla sér að brjóta stjórnarskrána meðvitað? (Gripið fram í.) Þetta er mjög athyglisvert. Ég held að menn þurfi að skoða þetta dálítið vel áður en þetta verði samþykkt og (Gripið fram í.) vegna þess — þetta er ekki til að hafa í flimtingum, frú forseti. Við höfum ekki svona í flimtingum, eins og hæstv. utanríkisráðherra vill gera. Við erum að tala um stjórnarskrána. Og þó það séu á henni gallar og þó ég hafi barist fyrir því í vor að menn samþykktu breytingu á 79. gr. þannig að auðveldara yrði að breyta stjórnarskránni héðan í frá — ég reyndi eins og ég mögulega gat að sannfæra menn um að breyta. (Gripið fram í.) Það tókst ekki að breyta 79. gr. þannig að ferli (Gripið fram í.) stjórnarskrárbreytinganna yrði einfaldara. (Gripið fram í.) Frú forseti. Er ég ekki með orðið eða? (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti biður þingmenn um að gefa ræðumanni hljóð.)

Já, ég ætla að vona að ég fái svona tíu sekúndur í viðbót.

Ég barðist fyrir því í vor að 79. gr. yrði breytt þannig að hægt yrði að breyta stjórnarskránni á auðveldan hátt með þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú er það ekki hægt og ég sé ekki hvernig í ósköpunum menn með virðingu fyrir stjórnarskránni geta farið til Brussel og gert einhvern samning um aðild að bandalagi vegna þess að það brýtur stjórnarskrána.

[22:06]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er það sem er að í þessu máli, þ.e. að ekki sé heimild í stjórnarskránni til að fara út með þennan samning því það er ekkert fullveldisafsalsákvæði í stjórnarskránni. Ég hef margbent á þetta. Ég hef margbent á þetta í blaðagreinum og ég skrifaði fyrir kosningar og ég skrifaði eftir kosningar um þetta. En það er gott að nú er ég að fá hér hljómgrunn.

Varðandi breytingarnar sem stóðu til hér fyrir síðustu kosningar á 79. gr. stjórnarskrárinnar þá er ég ekkert voðalega hrifin af því að slaka eitthvað á því að stjórnarskrárgjafinn eigi að gefa eftir. Stjórnarskráin er til þess að vernda réttindi þegnanna í hverju ríki fyrir sig sem hefur stjórnarskrá í lýðræðisríkjum. Stjórnarskrárgjafinn er þannig, eins og ég lýsti áðan, að það þarf samþykki tveggja þinga með kosningar á milli. Það að breyta stjórnarskránni á að vera erfitt því að stjórnarskráin er til að vernda þennan rétt. Við viljum ekki sitja uppi með að hér á landi verði ríkjandi stjórnvöld sem geti tekið þennan rétt af fólki með einfaldri lagasetningu. Við höfum dæmi úti í Evrópu um brjálaða einræðisherra og annað. Stjórnarskránni á að vera erfitt að breyta. (Gripið fram í.) Já, hafa þröskuld og henni á að vera erfitt að breyta. En þá komum við aftur að hinu að það er að mínu mati stjórnskipunarbrot að fara af stað með þetta með þessum hætti. Norðurlöndin hafa þessi ákvæði í stjórnarskránni, ekki Ísland. En það er litið fram hjá þessu eins og svo mörgu öðru á Íslandi í dag undir stjórn þessarar ríkisstjórnar, undir stjórn Samfylkingarinnar sem er búin að vera aðili að þremur ríkisstjórnum. Það er alltaf verið að tala um að þeir sem ríktu áður hefðu verið svo slæmir.

Frú forseti. Hér er verið að brjóta stjórnarskrána. Ég er að segja ykkur það. En það er litið fram hjá því.

[22:08]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða fundarstjórn forseta í framhaldi af umræðum sem áttu sér stað fyrr í kvöld þar sem athugasemdir voru gerðar við að fyrirhugað væri að halda fund á laugardegi. Við þingmenn höfum fengið þær upplýsingar frá þeim forsetum sem þá sátu að það væri ákvörðun sem ekki yrði breytt að hér ættu að fara fram þingfundir á morgun. En ég verð að vekja athygli á því að það hefur ekki komið fram af hálfu forseta hvers vegna þá brýnu nauðsyn ber til að halda fundi á laugardegi sem auðvitað er mjög óvenjulegt í störfum þingsins og hlýtur að teljast til undantekninga.

Nú liggur ekkert fyrir um það hvenær þingi lýkur og (Forseti hringir.) vandséð er hvaða aðstæður reka þingið til að funda á laugardegi í þessu máli.

[22:09]

Illugi Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem hv. þm. Birgir Ármannsson hefur fært hér fram um stjórn þingsins og fundarstjórn. Ég hef áður í kvöld lýst þeirri skoðun minni að eðlilegt væri í ljósi þess að við munum ekki geta tekið fyrir Icesave-samningana svonefndu fyrr en undir lok næstu viku að öllum líkindum, í ljósi þess að þingið hefur mánudag, þriðjudag, miðvikudag og jafnvel lengur til að ræða ESB-málið, að við ræðum það á þeim þingtíma sem má kalla eðlilegt að fundartími sé hafður á og við keyrum þessa umræðu í kvöld ekki inn í nóttina umfram það sem nauðsynlegt er og séum ekki að funda síðan strax í framhaldinu, úr því að við höfum ákveðið að vera hér fram á kvöld, (Forseti hringir.) að funda strax í framhaldinu á laugardegi. Ég held að hægt sé að gera þetta með betri og heppilegri hætti fyrir Alþingi Íslendinga.

[22:10]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að hann hafði gert þingflokksformönnum grein fyrir því að fundað yrði á föstudag og laugardag um þetta mál. Það er ekki ljóst hvenær Icesave-málið kemur úr nefnd. Sömuleiðis á eftir að ræða ýmis önnur mál og forseti telur það skyldu sína að halda vel áfram þannig að þingið verði ekki að störfum fram í ágúst.

[22:11]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti vísar til þess að nauðsynlegt sé að halda hér vel á málum vegna þess að ýmis mál séu í deiglunni, ýmis mál séu í meðferð í þinginu og það er rétt. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að tvö þingmál eru langstærst. Það er þetta mál sem við ræðum í kvöld og Icesave-málið. Nú liggur alveg fyrir að Icesave-málið verður ekki tilbúið úr nefndum fyrr en, eins og hv. þingmaður Illugi Gunnarsson nefndi, hugsanlega í lok næstu viku. Það er því engin leið að átta sig á því hvað vakir fyrir stjórn þingsins þegar efnt er til fundar á laugardegi eins og um væri að ræða einhverjar brýnar dagsetningar eða tímasetningar sem þyrfti að halda. Ef eitthvað annað býr að baki, eins og til dæmis það sem hæstv. forsætisráðherra sagði í útvarpsfréttum í kvöld um að Samfylkingin (Forseti hringir.) legði áherslu á að ljúka málum hér til að hægt væri að standast einhverjar tímasetningar, þá væri rétt að hæstv. forseti upplýsti um það.

[22:12]

Illugi Gunnarsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Enn og aftur vil ég ítreka að ég tel að hægt sé að stýra störfum í þinginu þannig að við náum öllum þeim markmiðum sem við ætlum okkar og þau eru fyrst og fremst að vanda málsmeðferð í því máli sem hér er til umræðu og í Icesave-málinu svokallaða. Önnur mál skipta auðvitað miklu máli en þessi tvö eru í forgrunni.

Ég tel að það séu ekki merki um vönduð og yfirveguð vinnubrögð að funda fram að miðnætti — við höfum verið að funda töluvert fram eftir að undanförnu — og hefja svo aftur fund á laugardegi, laugardagsmorgni. Ekkert liggur annað fyrir en að fundað verði fram eftir kvöldi annað kvöld. Ég fæ ekki séð að það séu markviss vinnubrögð eða til þess fallin að tryggja það að hér fari fram málefnaleg og yfirveguð umræða. Það er lítill bragur að því að Alþingi Íslendinga stýri málum eins og raun ber vitni.

[22:14]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég sagði fyrr í dag undir þessum dagskrárlið að óskandi væri að ríkisstjórnin mundi fylgja málefnum heimila og fjölskyldna jafn vel eftir og hún gerir í þessum málum því hér er þingað á föstudögum og laugardögum. Ég minni á að föstudagar og laugardagar eru ekki lögbundnir þingfundadagar.

Ég vil einnig minna frú forseta á að er hún tók við þessu embætti ætlaði hún að innleiða nýja fjölskylduvæna stefnu, skipaði til þess starfshóp sem hefur hist tvisvar og þetta er það sem hefur komið út úr stefnumiðum forseta Alþingis. Ég harma þetta, frú forseti. Ég harma þessi mál.

[22:14]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Nú er klukkan orðin korter yfir tíu og við erum að ræða mál sem í raun er mælt í áratugum eða öldum. Við erum að tala um að sækja um aðild að ríkjabandalagi suður í Evrópu fyrir íslenska þjóð og það er verið að tala um eitthvað sem á að taka áratugi og vara í aldir. Ef það liggur svona mikið á að það þurfi að ræða þetta á föstudagskvöldi og laugardegi þá er eitthvað að. Það er eitthvað annað á bak við það heldur en það sem menn eru virkilega að — menn segja ekki allan sannleikann í því. Ég hefði miklu frekar viljað vinna í dag og á morgun og sunnudaginn að hag heimila og fyrirtækja.

[22:16]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill segja við hv. þingmenn sem gagnrýna fundarstjórn forseta að ekki er bæði sleppt og haldið í þessum efnum. Bæði er forseta álasað fyrir að gefa ekki nógu langan tíma til umræðunnar og einnig fyrir það að heimila umræðu svo lengi að menn geti talað lengi. Þarna stangast því á þær kröfur sem koma fram hjá þingmönnum.

Forseti hefur fylgst með umræðum í allan dag og í kvöld og hefur fundist bara nokkuð góður bragur á umræðunni.

[22:16]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég held að beiðnir um það að menn fái að ræða hér hlutina almennilega og fái til þess nægan tíma snúi einmitt að því að umræðan sé sem mest upplýsandi og til þess fallin að það starf sem hér er verið að vinna skili sem mestu. Hverju skilar það, frú forseti, að halda þinginu hér fram að miðnætti á föstudagskvöldi um mitt sumar og ætla að kalla þingið hingað um helgi? Það að ræða mál ítarlega snýst ekki bara um það að ræða það í langan tíma samfleytt. Það snýst um að aðstæður séu slíkar að hægt sé að ræða það vel. Til þess að ræða það vel, jú, þá þarf langan tíma en það þarf líka að gefa svigrúm inn á milli til þess að menn geti þá borið saman bækur sínar og unnið vinnu sína almennilega. Starf þingmanna felur jú reyndar fleira í sér en að sitja hér í þingsal svoleiðis að ég mundi gjarnan vilja að þingmenn fengju tækifæri til þess, eins og til stóð hjá mér til að mynda um helgina, að fara á fundi úti á landi (Forseti hringir.) og hitta þar fólk svo að við séum ekki hér einangruð í afmörkuðum hópi heldur getum haft umræðuna víðari.

[22:18]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil í tilefni af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um hríð á ellefta tímanum á föstudagskvöldi um hábjargræðistímann nefna það að ég geri engar athugasemdir við það að við séum hér að störfum á kvöldfundi að sumri til. Þó að veðrið sé gott þá er það bara einfaldlega þannig að hér starfar sumarþing hins háa Alþingis og það hefur alltaf verið þannig þegar stór mál eru á dagskrá á hinu háa Alþingi að þau taka tíma og þá er brugðið á það ráð að halda kvöldfundi og jafnvel helgarfundi. Það er nú ekkert nýtt í því. Mér finnst það óneitanlega svolítið skondið ef menn eru að kvarta undan því að þurfa að halda ræður í sólinni af því að vetri til kvarta þeir stundum undan því að þurfa að halda ræður í myrkri. En svona er það nú misjafnt hvernig liggur á hv. þingmönnum.

Til að snúa mér að efni máls, frú forseti, þá hef ég hlýtt af athygli á ræður þær sem haldnar hafa verið hér í dag. Ég vil segja eins og hæstv. utanríkisráðherra að það sem kemur mér kannski ekki á óvart en það sem mér finnst gleðilegt við þá umræðu sem hér fer fram er hversu mikill samhljómur er í raun í ræðum þingmanna sem hér hafa talað í dag. Þó svo að menn stilli sér upp í hanaslagi eða einhverja aðra slagi þá er það í raun þannig — ég nefndi það líka þegar þingsályktunartillagan var hér til fyrri umræðu 28. maí síðastliðinn — að í raun erum við á einu máli um hvaða hagsmuni þarf að standa vörð í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Menn deila reyndar um aðferðir og vinnubrögð og svona ýmislegt annað sem reyndar hefur verið rætt í þaula í hv. utanríkismálanefnd á undanförnum sex vikum. En í grunninn er samhljómur í máli þingmanna og gildir þá einu úr hvaða stjórnmálaflokki þeir koma.

Auðvitað er hér um stórpólitíska ákvörðun að ræða. Ég er félagi í stjórnmálahreyfingu sem hefur haft það á sinni stefnuskrá að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu og semji um aðild og ég vil að aðildarsamningur sé borinn undir þjóðina til samþykktar eða synjunar. Ég hef verið þeirrar skoðunar líklega í hartnær 20 ár að þetta sé nokkuð sem Íslendingar eigi að gera og það er ekki vegna þess að ég hafi í 20 ár verið þeirrar skoðunar að Evrópusambandið mundi bjarga okkur frá sjálfum okkur. Það mun ekki gera það. En ég hef allan þennan tíma verið einlæglega þeirrar skoðunar að Ísland eigi samleið með öðrum Evrópuþjóðum sem sjálfstætt og fullvalda ríki í náinni samvinnu um ákveðin atriði og að sú samvinna fleyti okkur áfram, ekki bara efnahagslega heldur líka lýðræðislega og styrki stöðu okkar í samfélagi þjóðanna. Með slíkri samvinnu heyrist rödd Íslands betur og að Ísland hafi meira að segja í slíkri samvinnu en að standa utan hennar.

Menn hafa varið miklum tíma hér á hinu háa Alþingi í gegnum árin í að reikna sig inn eða út úr Evrópusambandinu. Vissulega má tína til bæði ávinning og kostnað af slíku samstarfi. Það á við um allt sem við gerum. Það á við um allar pólitískar ákvarðanir sem eru teknar hér á þessari löggjafarsamkomu. En ákvörðunin um að ganga í Evrópusambandið eða stefna að samstarfi í Evrópusambandinu er ákvörðun um samastað. Hún er pólitísk ákvörðun um ferli um það hvert þessi þjóð vilji stefna bæði til skamms og langs tíma. Kannski væri hyggilegra ef við gæfum okkur betri tíma hér við þessa umræðu til að ræða um einmitt þetta í stað þess að vera svolítið upptekin, að því er mér finnst, af aukaatriðum í þessari umræðu. Ég ætla ekki að standa hér og dæma orð annarra hv. þingmanna heldur einfaldlega að lýsa þeirri skoðun minni að verði það niðurstaða hins háa Alþingis að sækja um aðild að Evrópusambandinu nú í sumar þá markar það að mínu viti mikil tímamót í sögu Íslands og lýðveldisins, gleðileg og tímabær, og það mun gefa okkur skýrari sýn, skýrara verklag, jafnvel meira aðhald um sum þau verkefni sem hér þarf að inna af hendi og það mun senda mjög skýr skilaboð til allra okkar nánustu samstarfsþjóða og viðskiptalanda um það hvert við stefnum. Það skiptir líklega mestu núna að það komist skýrt til skila þannig að Ísland geti aftur unnið sér traust og tiltrú í samfélagi þjóðanna.

Það hefur nokkuð verið rætt um það hér í dag að mikill asi hafi verið í umræðu og í vinnu utanríkismálanefndar. Eins og ég nefndi áðan var mælt fyrir tillögunni, hæstv. utanríkisráðherra mælti fyrir þeirri tillögu sem hér ræðir um 28. maí síðastliðinn. Síðan eru liðnar um það bil sex vikur eða einn og hálfur mánuður og haldnir hafa verið upp undir 20 fundir ef ég man rétt í utanríkismálanefnd, langir, góðir, efnismiklir, með fjölda gesta, fjölda umsagna og í raun hefur verið rætt í þaula það sem hægt er að ræða áður en gengið er til þess verks að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Við vitum auðvitað að ferlið sem síðan tekur við skiptir miklu meira máli en það ferli sem við höfum nú gengið í gegnum á undanförnum vikum, samningaferlið sjálft, hvernig við byggjum það upp, hvernig samningaviðræðurnar fara fram og hvernig því vindur fram. Þar mun reyna á stjórnvöld, ríkisstjórn, Alþingi, hagsmunasamtök, alla sem hafa hagsmuna að gæta og þeir, leyfi ég mér að fullyrða, eru þorri þjóðarinnar í þessu stóra máli.

Ég geri þennan tíma að umræðuefni vegna þess að það kom fram í umfjöllun nefndarinnar á einum fundinum að þegar frændur okkar í Noregi ákváðu í annað sinn að sækja um aðild að Evrópusambandinu árið 1992, held ég að það hafi verið, þá flutti forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, stefnuræðu um það í Stórþinginu norska 16. nóvember. Umræður um umsókn fóru fram í þinginu þrem dögum síðar eða 19. nóvember og umsókn Noregs til Evrópusambandsins var send út 24. nóvember sama ár, 1992. Ég hygg að þingmenn allir hér séu sammála um að Norðmenn og norska þingið ástundi lýðræðisleg, gegnsæ og góð vinnubrögð. Alla vega þekki ég það ekki að öðru. En það tók Norðmenn átta daga að fara í gegnum þetta ferli. Svo tók við undirbúningsferlið sem tók um það bil hálft ár og svo samningaferli sem tók um það bil eitt ár. Þegar samningur var í höfn var svo gengið til þjóðaratkvæðis. Ég man ekki nákvæmlega hvað margir mánuðir liðu þangað til það var gert. Það gæti hafa verið um það bil hálft ár. Allt þetta ferli varði því í um það bil tvö ár hjá Norðmönnum sem ég held að sé ágætisviðmið fyrir okkur að notast við ef menn vilja gera sér grein fyrir því í hvaða rúmi og tíma og í hvaða tímaramma við erum að vinna.

Þetta segi ég einungis til þess að undirstrika það að utanríkismálanefnd Alþingis hefur unnið afar vel. Þar hafa allir fulltrúar lagt sig fram af heilindum við að afla upplýsinga, fara ofan í saumana á þeim spurningum sem vakna við þá ákvörðun sem Alþingi stendur frammi fyrir, þ.e. að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég hygg að þessi vinna hafi verið nauðsynleg, hún hafi verið nefndinni til sóma og auðvitað mun Alþingi og hv. þingmenn búa að þeirri vinnu og þeim gögnum sem aflað hefur verið og að upplýsingum sem fram koma í nefndarálitum frá hv. utanríkismálanefnd.

Eins og gefur að skilja í langri og mikilli umfjöllun nefndarinnar um þessa þingsályktunartillögu kom margt fram og margir gestir vöktu athygli nefndarmanna á mikilvægum og athyglisverðum atriðum. Mig langar til að rifja upp afstöðu Sammála-hópsins svokallaða sem er hópur áhugafólks um aðild að Evrópusambandinu, margra forsprakka úr atvinnulífinu. Þeir komu til fundar við nefndina eins og margir aðrir. Þar var mætt fólk sem hefur gríðarlega góða innsýn í rekstur fyrirtækja, stöðu atvinnulífsins og við hvað er að glíma í íslensku atvinnulífi eftir bankahrunið í haust. Eins og fram kom í máli hv. þm. Lilju Mósesdóttur þá erum við ekki bara að glíma við bankakreppu heldur erum við líka að glíma við gjaldeyriskreppu og það er staða sem fáar þjóðir hafa verið í, þó einhverjar. En það er afar, afar snúin staða og það eru ekki margar leiðir út úr slíkri stöðu.

Á þessum fundi var skiljanlega og eðlilega rætt mikið um gjaldmiðilsmálin og það var rætt mikið um krónuna og nefnd til samanburðar við þá leið sem við í Samfylkingunni tölum fyrir, þ.e. að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka á endanum upp nýjan gjaldmiðil, evru, með öllu sem því fylgir, hver hin leiðin væri. Stundum hefur verið kallað eftir því hér í þingsal að við þurfum að hafa plan B eða varaáætlun eins og við nefnum það líklega á íslensku og það mundi þá væntanlega vera krónuleiðin ef ég má nefna hana því nafni. Hver er þá krónuleiðin sem gæti boðist ef við förum ekki þá leið sem hér er til umfjöllunar og gæti skilað okkur nýjum og nothæfum gjaldmiðli?

Væntanlega mundu áfram vera gjaldeyrishöft um langa hríð. Þau mundu leiða til enn verri lífskjara og enn meiri lífskjaraskerðingar en þeirrar sem nú þegar hefur orðið. Óþarft er að minna á það að á síðastliðnum tveimur árum hefur krónan fallið um 118%. Sammála-hópurinn benti á þá augljósu staðreynd, þó að hún sé ekki mikið í umræðunni, að það er erfitt fyrir fyrirtæki og jafnvel ómögulegt að starfa í landinu nema að til sé framvirkur gjaldeyrismarkaður, eins og það heitir á máli þeirra. Til hvers þarf hann? Jú, til þess að endurfjármagna. Endurfjármögnunarvandinn er grundvallarvandi íslenskra fyrirtækja um þessar mundir. Endurfjármögnunarvandinn er þessi mikli vandi sem stærstu fyrirtæki landsins standa frammi fyrir og það eru til dæmis fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga, eins og orkufyrirtækin, Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun og önnur slík og önnur stórfyrirtæki, einkafyrirtæki líka. Hvað gera menn ef þeir leysa ekki þennan vanda á næstu árum eða næstu mánuðum og missirum?

Eins og þessu var lýst fyrir hv. utanríkismálanefnd þá getur krónuleiðin, eins og ég kýs að kalla hana, ekki leitt til annars en þess að við siglum hagkerfi okkar og samfélagi endanlega í strand í efnahagslegu tilliti. Þeir sem leggjast gegn því að farin sé sú leið að í gegnum aðild að Evrópusambandinu munum við á endanum komast í myntsamstarf og koma okkur upp nothæfum gjaldmiðli sem menn treysta og efnahagslífi og fyrirtækjum sem menn treysta sér til að fjárfesta í, þeir sem vilja fara aðra leið en þessa og væntanlega þá krónuleiðina, því að ég sé ekki að það séu neinar aðrar leiðir færar þótt ýmsar hafi verið nefndar, þeir verða þá að skýra það út fyrir kjósendum, fyrir þjóðinni til hvers það getur leitt og hvers vegna það sé betri leið en sú sem hér er lögð til. Þetta var um gjaldmiðilsmálin.

Auðvitað er ekki hægt að fara inn á öll þau efnisatriði sem nefndin hefur fjallað um. En það vill stundum gleymast í umræðunni um Evrópusambandið að hún snýst um fleira en viðskipti og gjaldmiðil og samstarf á markaði. Eitt af því sem Íslendingar mundu semja um og þyrftu að yfirtaka færu þeir í Evrópusambandið er náttúruverndarlöggjöf Evrópusambandsins. Við höfum í umhverfismálum innleitt svo að segja alla umhverfislöggjöf Evrópusambandsins á undanförnum 15 árum en náttúruverndin hefur staðið út af.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands — og það er mat þeirra sem að mínu mati gleggst þekkja til — stendur með leyfi forseta:

„Að mati Náttúrufræðistofnunar er margt í löggjöf Evrópusambandsins sem yrði til verulegra bóta fyrir náttúrufræði og náttúruvernd verði af inngöngu Íslands í Evrópusambandið.“

Svo er vísað til umsagnar eða bréfs sem var sent að beiðni forsætisráðuneytis þar sem beðið var um upplýsingar um áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Þetta er reyndar bara eitt dæmi um það sem þarf að takast á við og semja um í aðildarviðræðum. En þetta er hins vegar, eins og á reyndar við um ýmsa fleiri málaflokka innan Evrópusambandsins, ekki mikið í umræðunni og ekki nokkuð sem fólk er hér að fjalla um á hverjum degi en engu að síður afar mikilvægur málaflokkur.

Það sama má segja um — og ég man að ég kom inn á það við fyrri umræðu um þessa þingsályktunartillögu — loftslagsmálin og viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir. Það var líka rætt ítarlega í hv. utanríkismálanefnd. Ég veit ekki hvort allir hv. þingmenn hafi gert sér grein fyrir því en hafnar eru formlegar viðræður við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um náið samstarf í loftslagsmálum, svo náið að það gæti leitt til þess, hvernig sem afgreiðsla þessarar tillögu fer, að þá færu Íslendingar í samstarf á sviði loftslagsmála við Evrópusambandið sem þeir væru aðildarríki.

Annað sem hv. þingmenn hafa kannski ekki rætt mikið hér í dag en var líka rætt í hv. utanríkismálanefnd er þátttaka og áhrif á sveitarstjórnarstigið sem er mjög öflugt og mikilvægur, hvað eigum við að segja, þátttakandi, aðili að samstarfi Evrópuþjóða. Sveitarstjórnarmenn og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa mikinn áhuga og að sjálfsögðu skoðanir á því hvað lúti beint að starfi sveitarfélaganna og löggjöfinni og rammanum um þau og það er ekki lítið sem nú þegar hefur bein áhrif á sveitarfélögin sem hefur komið í gegnum EES-samninginn. Það var fróðlegt og gagnlegt að fá þær upplýsingar og líka að hlýða á mál forsvarsmanna sveitarfélaganna sem hafa greinilega sett sig mjög vel inn í það starf sem Evrópusambandið vinnur á sveitarstjórnarstiginu enda hefur Samband íslenskra sveitarfélaga haldið úti starfsmanni og skrifstofu í Brussel um nokkurra ára skeið, hygg ég að sé, og það hefur greinilega skilað sér mjög vel til þessa stóra hagsmunafélags sveitarfélaga.

Mig langar einnig að gera að umræðuefni það er lýtur að þjóðaratkvæðagreiðslu og breytingum á stjórnarskrá. Við vörðum að sjálfsögðu miklum tíma í þá umfjöllun í utanríkismálanefndinni og fengum alla helstu þjóðréttarfræðinga landsins til okkar. Minnisblað frá Björgu Thorarensen prófessor og Davíð Þór Björgvinssyni, dómara við Mannréttindadómstólinn í Evrópu, liggur fyrir í gögnum nefndarinnar. Þar er mjög skýr lýsing á því hvað gera þarf og ég hygg að þingmenn þekki það mjög vel og hefur nokkuð verið rætt um það hér í kvöld hvernig og hvenær þurfi að breyta stjórnarskrá vegna valdaframsals.

Nú geta menn deilt um röð atburða eða röð ákvarðana. Við ræddum það fram og til baka í nefndinni. En það breytir því ekki, eins og kemur fram í minnisblaði frá Björgu Thorarensen og Davíð Þór Björgvinssyni, að ákvörðunin um að sækja um aðild að Evrópusambandinu er pólitísk. Hún er pólitísk og hún verður aldrei neitt annað en pólitísk. Hvað síðan tekur við, hinar stjórnskipulegu breytingar og þau verkefni sem við öll vitum að við þurfum að ganga í er auðvitað samkomulagsmál á þingi, þ.e. í hvaða röð það er gert. Mikið var um það rætt í nefndinni hvenær í þessu ferli best væri að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um fyrirliggjandi aðildarsamning. Menn voru ekki á einu máli um það hvar væri best að hafa hana í röðinni. Afstaða manna virtist stýrast aðallega af því hvort menn litu svo á að þjóðaratkvæðagreiðslan yrði að vera bindandi samkvæmt stjórnarskrá eða ráðgefandi. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þótt niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu sé lagatæknilega séð ráðgefandi þá sé hún móralskt bindandi fyrir stjórnmálamenn. Vera kann að þingmenn aðrir séu á öðru máli. Eitt af því sem við veltum upp í umræðum í nefndinni var að vegna þess að nú er stjórnarskrárgjafinn tvö þing og við höfum ekki breytt því enn þá illu heilli — það er mín skoðun — þá gæti að loknu aðildarviðræðuferli og þegar samningur liggur fyrir farið fram kynning á honum og það mætti sjá fyrir sér að þá hefðu líka farið í gegnum þingið þær breytingar á stjórnarskrá sem Alþingi vill gera. Segjum að það sé kannski tveggja ára ferli fram undan. Síðan yrði gengið til alþingiskosninga og greidd atkvæði um samninginn á sama degi. Síðan er það nýs þings að staðfesta stjórnarskrárbreytingar og að staðfesta þá með þeim inngöngu í Evrópusambandið ef það yrði niðurstaðan og þá er ég að tala um að það yrði jákvæð niðurstaða. Þetta eru atriði sem verða njörvuð niður verði það niðurstaða hins háa Alþingis að sækja um aðildina og þá fer hér af stað viðamikið undirbúningsferli bæði hjá löggjafanum og hjá framkvæmdarvaldinu sem tekur nokkra mánuði þar til formlegar aðildarviðræður hefjast.

Frú forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að kafa dýpra ofan í efnisatriði þessa máls að svo stöddu. Það er nú verkefni hv. þingmanna úr öllum flokkum að taka afstöðu til þeirrar tillögu sem fyrir liggur um að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu og gangi til aðildarviðræðna. Það er í sjálfu sér einföld tillaga og auðskiljanleg. En það breytir því ekki að hún er tímamótaákvörðun stórpólitísk sem gæti haft meiri áhrif á framtíð og vegferð íslensku þjóðarinnar en við getum á þessari stundu sagt fyrir um.

[22:45]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir afskaplega mjúka og fagra ræðu. Hún sagði að það væri samhljómur í umræðunni í dag. Ég frábið mér, frú forseti, að mér séu lögð þau orð í munn.

Ég hef alla vega verið á móti þessari umræðu. Ég hef verið á móti því að ganga í Evrópusambandið. Ef hv. þingmaður skyldi nú ekki hafa heyrt það. Og svo er um fleiri. Hæstv. fjármálaráðherra er líka á móti því að ganga í Evrópusambandið ef hv. þingmaður skyldi ekki hafa heyrt og það eru fleiri, miklu, miklu fleiri. Einn ungur þingmaður gekk út úr salnum í dag og hann sagði: „Mér barst til eyrna að slíkt gæti valdið stjórnarslitum.“ Það sagði hann. Hann var kúgaður til að fara út. Þetta er samhljómurinn sem hv. þingmaður heyrir. Ég er svo aldeilis gáttaður.

Síðan segir hv. þingmaður að þetta sé spurningin um ákvörðun um samastað. Minn samastaður hefur alltaf verið á Íslandi og hvergi annars staðar. Þar er minn samastaður og þar er mitt sjálfstæði og þar á ég heima. Ég á ekki heima í Brussel eða annars staðar í Evrópusambandinu. Það er mjög einfalt og ég ætla að biðja hv. þingmann að fara ekki að skjóta mér þangað.

Svo koma náttúrlega hótanirnar og loforðin, að taka upp evru. Hv. þingmaður veit það, frú forseti, að við tökum ekkert upp evru þó að við göngum í Evrópusambandið. Þó að við værum gengin í Evrópusambandið fyrir hádegi á morgun þá tækjum við ekki upp evru fyrr en eftir 30 ár, segir fjármálaráðuneytið, eftir 30 ár og aðrir hafa sagt tíu ár og ég segi sjö, út af Maastricht-skilyrðunum. Samt er hv. þingmaður að lofa þessu eins og Harry Potter. Það er bara niðurlægjandi fyrir þingið að heyra þetta aftur og aftur. Niðurlægjandi.

Svo kemur hv. þingmaður og lofar og hótar ef við ekki gerum þetta þá fari allt norður og niður. Ég á eftir að ræða um mannréttindin sem hv. þingmaður hefur (Forseti hringir.) margoft talað um.

[22:47]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vona að hv. þm. Pétur H. Blöndal sé ekki á móti því að við ræðum þingsályktunartillöguna sem hér liggur fyrir í þingsalnum, af því að ég gat ekki betur heyrt en að hann væri á móti því að ræða um efni máls, um umsókn eða aðild að Evrópusambandinu. Vel kann að vera að hann sé á móti því. Ég held líka að hv. þingmaður hafi ekki alveg verið að hlusta, frú forseti, því að ég sagði að það væri samhljómur í ræðum þingmanna hér þegar kæmi að því hvaða hagsmuna við ættum að gæta og hverjir væru þeir hagsmunir sem um væri að tefla. Ég hef hlýtt á næstum allar ræður sem haldnar hafa verið hér í dag og tel mig geta fullyrt að það hafi verið samhljómur með flestum þeirra. Nú kann að vera að það hafi ekki alveg verið algjör samhljómur. En það er nú einfaldlega mat manna eins og annað hvernig það liggur.

Svo vil ég, frú forseti, bara biðja hv. þingmann að leggja mér nú ekki orð í munn eða gera mér upp skoðanir, hvorki um Evrópusambandið né neitt annað. Ég er þeirrar skoðunar að pólitískur samastaður Íslands sé í nánu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir innan Evrópusambandsins. Ég hef verið þeirrar skoðunar í um það bil 20 ár eins og ég sagði í ræðu minni. Það er hvorki nýtt né breytt, og það að ég sé þeirrar skoðunar gerir það ekki að verkum að hv. þm. Pétur H. Blöndal geti ekki verið allt annarrar skoðunar, sem mér heyrist hann reyndar vera. Hann mun þá væntanlega lýsa þeirri skoðun sinni með því hvernig hann greiðir atkvæði um þessa tillögu.

[22:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ekki einu sinni samhljómur um þau skilyrði sem við ætlum að setja vegna þess að margir hv. þingmenn og ráðherrar, hæstv. fjármálaráðherra, vilja bara ekkert ganga í Evrópusambandið sama hvað í boði sé og þar á meðal er ég. Ég ætla að biðja hv. þingmann að segja ekki að það hafi verið þessi samhljómur í minni ræðu í dag. Ég er búinn að halda margar ræður, mörg andsvör og það er sko alls ekki samhljómur með því að ég fallist á skilyrðin fyrir því að ganga í Evrópusambandið. Ég vil ekkert ganga í Evrópusambandið þó að öll skilyrði yrðu uppfyllt. Það er mjög einfalt. Það er mjög einfalt og ég ætla að vona að það skiljist að það er ekki samhljómur með minni ræðu og ræðu hv. þingmanns.

Síðan kem ég að stjórnarskránni því að 23. janúar 2001 var Alþingi að ræða um örorkudóminn og þá segir hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, með leyfi frú forseta:

„Hið góða við þær rökræður sem hér hafa farið fram er að við hv. þm. höfum þurft að takast á við grundvallarspurningar um mannréttindi, um stjórnarskrána og um löggjöf sem samræmist stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.“

Svo áfram, með leyfi frú forseta:

„Það er ljóst að það gengur ekki að fara með fleipur þegar um er að ræða grundvallaratriði er varðar stjórnarskrá lýðveldisins.“

En hér er hv. þingmaður að segja: „Við erum að sækja um. Það er pólitík. Það er ekki lögfræði. Það hefur ekkert að gera með stjórnarskrána.“ Við erum að ákveða að fela ríkisstjórninni, hæstv. utanríkisráðherra — sem að sjálfsögðu er ekki viðstaddur — fela honum að sækja um. Hann má það ekki samkvæmt stjórnarskránni sem hv. þingmaður talar svo fagurlega um árið 2001. En það er víst einhver allt annar maður eða kona sem sagði það og búin að upplifa margt síðan og stjórnarskráin gildir ekki eins mikið.

[22:51]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég var nú búin að gleyma þessari góðu ræðu sem ég hef greinilega haldið þarna í janúar 2001 og heyri ekki annað en að hún standi bara óhögguð (**PHB:** Nú?) enda liggur það algjörlega fyrir að gerist Ísland aðili að Evrópusambandinu þá verður það ekki gert nema með stjórnarskrárbreytingu. (Gripið fram í.) Það var fjallað ítarlega um þetta mál í hv. utanríkismálanefnd. Enginn, enginn þeirra prófessora, þjóðréttarfræðinga, lagaspekinga eða annarra sem við töluðum við og fengum á okkar fund sagði að það væri stjórnarskrárbrot að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Enda hvernig mætti það vera, frú forseti? (Gripið fram í.) Hvernig mætti það vera að það að sækja um og semja og leggja svo samning í dóm þjóðarinnar og breyta síðan stjórnarskrá til samræmis við niðurstöðu þjóðarinnar, hvernig má það vera að það sé stjórnarskrárbrot að leggja upp í þá vegferð? (Gripið fram í.) Ég held að enginn hafi þennan skilning á stjórnarskránni (Gripið fram í.) nema kannski hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég veit það ekki.

Það er alla vega algjörlega á hreinu að færustu menn, færustu fræðimenn Íslands á þessu sviði eru á einu máli um að það að breyta stjórnarskránni sé ekki forsenda fyrir því að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

[22:53]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum, eins og þingheimur væntanlega veit orðið, þingsályktunartillögur tvær um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu frá okkur í stjórnarandstöðunni og um umsókn að Evrópusambandinu frá ríkisstjórninni. Þetta er svo sem búin að vera ágæt umræða. Hún hefur staðið í allan dag. Við höfum verið að kvarta yfir því í stjórnarandstöðunni að hún fari fram á þessum ókristilega tíma, ef svo mætti kalla það. Það er ekki svo að við teljum það eftir okkur heldur finnst mér hálfdapurt að vera hér klukkan fimm mínútur fyrir ellefu á föstudagskvöldi. Þrátt fyrir að þetta sé mikilvægasta mál Samfylkingarinnar, eina mál Samfylkingarinnar segja sumir, og hæstv. forsætisráðherra hefur lagt á þetta mikla áherslu að ekki sé minnst á hæstv. utanríkisráðherra, þá þykir þeim þetta ekki það mikilvægt að þau sitji hér og hlusti á það sem stjórnarandstaðan hefur fram að færa. (**Gripið fram í:** Ráðherra er að hlusta á þig.) Það er gott. Hér kallar hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir fram í að hann sé að hlusta á mig og það er ágætt. Ég er ekki að krefjast þess að hann sé ræstur út. En miðað við

þá áherslu sem að minnsta kosti annar stjórnarflokkurinn hefur lagt á þetta mál þá finnst mér hreint með ólíkindum hvað það er fámennt hér. En ég ætla ekki að vera eins og presturinn í kirkjunni að skamma þá sem eru viðstaddir. En ég vil vekja athygli á þessu.

Það hefur margt komið fram af því sem ég hafði hugsað mér að ræða hér og ég ætla ekki að endurtaka það neitt sérstaklega. Ég vil þó segja að ræða formanns Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarna Benediktssonar, var mjög yfirgripsmikil og hann fór vel yfir það nefndarálit sem minni hluti nefndarinnar lagði fram, 1. minni hluti, við sjálfstæðismenn. Ég get tekið undir allt sem þar var sagt og ætla ekki til að mynda að eyða miklum tíma í að endurtaka rökstuðning okkar sjálfstæðismanna fyrir þeirri áherslu sem við leggjum á tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu heldur vísa í það. Ég vil þó bara segja að í hnotskurn er það skilyrði okkar að láta þjóðina eiga fyrsta og síðasta orðið um það sem þetta snýst um.

Þetta er ótrúlega stórt mál og afar mikilvægt fyrir framtíð Íslands. Þetta er ótrúlega umdeilt og þetta sker flokka eins og hér hefur komið fram. Þetta sker þjóðina. Þetta sker ekki síst höfuðborg frá landsbyggð. Ég þekki það mjög vel sjálf vegna þess að ég, þar til nú fyrir tveimur mánuðum, var þingmaður á höfuðborgarsvæðinu fyrir Suðvesturkjördæmi en er núna þingmaður í Suðurkjördæmi, landsbyggðarkjördæmi og ég finn fyrir mjög miklum mun á málflutningi. Það má eiginlega segja að ég eigi betur heima í mínu nýja kjördæmi vegna þess að ég deili þeirri skoðun með miklum meiri hluta minna kjósenda sem ég hef verið í sambandi við og hitti í kosningabaráttunni að ég er ekki hlynnt aðild okkar að Evrópusambandinu. En við erum ekki endilega að ræða það hér. Við erum að ræða um það hvernig og hvort við eigum að sækja um. Ég get alveg fallist á það og hef sagt það held ég úr ræðustól á Alþingi og í ræðum annars staðar og alveg örugglega einhvers staðar í fjölmiðlum að mér þykir til þess vinnandi að klára þetta mál, ljúka því, koma því út úr heiminum með því að fara í gegnum þetta ferli, sækja um. Ég tek undir það sem hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði fyrr í umræðunni að eins og staðan er í dag er ég sannfærð um að þjóðin mundi fella slíkan samning. Þá værum við búin að fara í gegnum þá æfingu og fá þá niðurstöðu. Ég get alveg tekið undir það.

En það skiptir öllu meginmáli hvernig sú aðildarumsókn og hvernig það ferli fer fram og það erum við að ræða hér í dag og um það snýst ekki síst ágreiningurinn, meira að segja á milli þeirra — það hafa verið túlkunarmeiningar hér á stefnu Framsóknarflokksins. Hæstv. utanríkisráðherra hefur gefið sig út fyrir að vera einhver sérstakur túlkur á þeirra stefnu. Því hafa framsóknarmenn andmælt. En framsóknarmenn vilja sækja um aðild. Það er í þeirra stefnu. En jafnvel þeir og ríkisstjórnin geta ekki sammælst um þetta mál eins og það liggur fyrir í dag. Af hverju er það? Jú, það er vegna þess að búið er að gera þetta þannig að undirbúningurinn, framkvæmdin og málsmeðferðin er slík að um þetta er engin sátt og það hefur ekkert, jafnvel þó hv. utanríkismálanefnd hafi unnið vel — allir nefndarmenn hafa sagt það og tekið undir hver með öðrum um það og ég get svo sem vottað það fyrir mína parta að ég hef setið nokkra fundi nefndarinnar sem varamaður í utanríkismálanefnd og ég get alveg vottað um að það verklag sem ég var vitni að var ágætt — en þrátt fyrir það hefur ekki náðst að skapa sátt um það hvernig og hvort við eigum að gera þetta og með hvaða hætti. Það er ömurlegt til þess að hugsa vegna þess að við vitum það öll og það er deginum ljósara að eins og ástandið er í þjóðfélaginu núna þá vantar okkur ekki fleiri ágreiningsmál. Við þurfum að þjappa íslensku þjóðinni saman. Við þurfum að ná hér samstöðu. Ég er þeirrar skoðunar og ég er algjörlega sannfærð um að hægt hefði verið að ná sátt á milli þeirra sem eru hlynntir, stuðningsmenn aðildar og þeirra sem eru andvígir aðild. Sáttin hefði getað falist í þessari tvöföldu atkvæðagreiðslu sem við sjálfstæðismenn leggjum til vegna þess að þá væri umboðið skýrt, umboð þjóðarinnar til þeirra sem færu fyrir Íslands hönd að semja væri þá skýrt. Þar fyrir utan væri þá hægt að gera þetta þrátt fyrir pólitískan ágreining. Þrátt fyrir að ríkisstjórnin væri klofin þá væri umboðið skýrt og það kæmi beint frá þjóðinni. Þetta held ég að hefði getað verið algjör sáttargjörð í málinu. En það mátti ekki ræða og Samfylkingin í sinni hrikalegu óbilgirni í þessu máli hefur ekki mátt heyra á að minnst að gefa eftir nokkuð af þeirra kröfum og skilyrðum gagnvart þessu máli. Það er rétt sem hér hefur komið fram að samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn engist. Hann engist yfir því að það er verið að traðka á þeirra stefnu. Þeir hafa þurft að gefa eftir í öllum meginatriðum. Það er algerlega augljóst og það var svo áberandi í morgun þegar hv. þm. Ásmundur Einar Daðason kom og sýndi ótrúlegan kjark og sagði það hreint út að honum hefði borist það til eyrna að ef hann tæki þátt í þeirri málsmeðferð sem hans sannfæring sagði honum að hann vildi gera þá hefði það þýtt stjórnarslit. Nú vill enginn kannast við að hafa sagt þetta. Ég átti orðaskipti hér við hæstv. fjármálaráðherra og hafði eftir honum úr *Morgunblaðinu* þar sem hann segir að það væri — hvernig orðaði hann það? — að það væri ekki eðlilegt að — ég ætla að hafa þetta rétt eftir honum — að það væri ekki eðlilegt að menn mynduðu bandalag. Hann segir það ekki ganga að þingmenn flokksins séu að mynda bandalag gegn ríkisstjórninni. Nei, nei, það gengur náttúrlega ekki. En gengur það eitthvað frekar að menn séu hér látnir greiða atkvæði gegn sannfæringu sinni eða haga sér gegn sannfæringu sinni? Mér finnst það ekkert ganga heldur. Vinstri grænir eru því þarna snúnir algerlega niður.

Hæstv. fjármálaráðherra spurði líka í sinni ræðu hvort ef sú ríkisstjórn sem var hér fyrir daga minnihlutastjórnarinnar hefði haldið, gæti þá verið að við værum samt að ræða þetta? Gæti verið að við hefðum ekkert komist undan því? Gæti verið að þetta hefði verið óumflýjanlegt? Það getur vel verið. Það getur vel verið að Sjálfstæðisflokkurinn hefði líka verið svínbeygður af Samfylkingunni. Ég ætla ekki að útiloka það miðað við hvernig þeir hegðuðu sér í stjórnarsamstarfi. Ég get alveg sagt það hér að okkur leið ekkert vel í því samstarfi vegna þess að það voru engir samningar virtir um þau mál sem ágreiningur var um. Það var hjakkað og hjakkað. Ég hef sagt að það fór hrollur niður eftir bakinu á mér einhvern tíma í vetur eftir að minnihlutastjórnin tók við og við hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason áttum hérna orðaskipti þegar ég spurði hvort stefna Vinstri grænna í ESB-málum hefði breyst. Þetta var

að sjálfsögðu fyrir kosningar og hann kom hérna og sagði skýrt: „Nei, nei, að sjálfsögðu hefur hún ekki breyst.“ En hvað gerðist þá? Þá kom þáverandi hv. varaþingmaður Mörður Árnason og túlkaði stefnu Vinstri grænna. Hvað sagði hann? „Ja, sko, þeir segja þetta kannski svona en innst inni vilja þeir fara.“ Hann sagði þetta ekki með þessum orðum en þetta var það sem lá í orðunum. Ég man að hann kallaði þingmenn samstarfsflokksins þjóðernisvitleysinga ef mig misminnir ekki. Þetta var mjög smekklegt. Gott og vel. Þetta er sú meðferð sem Samfylkingin notar greinilega á sína samstarfsmenn. Ég verð eiginlega að segja það hér að ég er fegin því að Vinstri grænir en ekki við sjálfstæðismenn verða fyrir þeirri meðferð.

Það má ekki heyra á þessa tvöföldu atkvæðagreiðslu minnst. Það liggur svo mikið á. Það er svo mikill asi. Það hefur verið upplýst að það sé út af því að koma þarf umsókninni inn fyrir 27. júlí. Það má engan tíma missa. Það mátti ekki klára málið í utanríkismálanefnd og hafaríið allt þegar þingfundi var frestað fram og til baka og tilkynnt um fundi sem voru svo aldrei boðaðir ber þess öll merki að málinu var ekki leyft að klárast. Af hverju ekki? Það er út af því að Svíarnir eru með formennsku og það þarf að koma þessu inn fyrir 27. júlí vegna þess — og þar kemur niðurlægingin algerlega fram — að þeir þora ekki að taka sénsinn á því að við komumst inn í Evrópusambandið nema í gegnum klíku hjá Svíunum. Það er öll sannfæringin. Þetta er hreint út sagt ömurlegt. Af hverju skyldi það nú vera? Það er vegna þess að Samfylkingin hefur ekki neitt plan B. Þetta er svo mikið lífsspursmál fyrir Samfylkinguna að það verður að reyna að fá frændur okkar Svía til að hjálpa okkur inn, leiða okkur inn eins og eitthvert ölmusufólk. Mér finnst það niðurlægjandi. Ég verð að segja það. Ég vil, ef við einhvern tíma ákveðum að taka þátt í þessu bandalagi, að við gerum það vegna þess að við teljum okkur eiga erindi þar inn, ekki vegna þess að einhver Svíi geti hjálpað okkur, með allri virðingu fyrir Svíum sem eru besta fólk. Tímasetningin er hreint ótrúleg. Að það liggi á að sækja um núna strax á meðan hinu stóra, risavaxna Icesave-máli er enn ólokið finnst mér líka hreint með ólíkindum. Að við klárum það ekki og það að við séum að eyða dýrmætum tíma núna í þetta mál á meðan því er enn ólokið finnst mér hreint með ólíkindum. Þetta er um málsmeðferðina sem ég vildi sagt hafa og ég get ekki látið hjá líða að ítreka það að áherslan á þetta núna er hreint út sagt ótrúleg.

Mig langar líka, frú forseti, að nota tíma minn hér aðeins til að fara yfir kostnaðinn við þetta allt saman, ekki við aðildina sjálfa heldur kostnaðinn við aðildarumsóknina. Fram kom í fréttum að grundvöllurinn að öllu hafaríinu í utanríkismálanefnd var sá að hv. þm. Guðfríði Lilju Grétarsdóttur varð það á að óska eftir að fjármálaráðuneytið gæfi aðeins ítarlegri upplýsingar um kostnaðinn við allt þetta bix. Gleymum því ekki hvaða tíma við erum að lifa. Við erum að lifa tíma — ég ætla að setja þetta hérna aðeins í samhengi — við erum að lifa hérna tíma þar sem ríkisstjórnin, sú sama ríkisstjórn og er nú að fara að sækja um aðild að Evrópusambandinu, gengst fyrir vegna alvarlegrar stöðu ríkisfjármála miklum niðurskurði og skattahækkunum, niðurskurði í velferðarkerfinu, niðurskurði í heilbrigðis-, mennta- og félagskerfinu. Ég ætla að lesa aðeins úr skýrslu hæstv. fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum sem hann lagði fyrir um daginn og við ræddum í skýrsluformi. Með leyfi forseta, segir hér:

„Það er ásetningur stjórnvalda að þær aðhaldsaðgerðir og niðurskurður útgjalda hins opinbera bitni sem allra minnst á hag heimilanna og velferðarþjónustu, einkum í félags- og heilbrigðismálum, og að félagslegt öryggi allra sé tryggt. Jafnframt að grunnþjónusta á borð við starfsemi skóla verði varin. Til að svo geti orðið ber brýna nauðsyn til þess að það fé sem varið er til verkefna og þjónustu hins opinbera verði nýtt svo vel sem kostur er.“ — Ég ætla að fá að endurtaka þetta: — „… nýtt svo vel sem kostur er. Óhjákvæmilegt er að í því skyni verði fyrirkomulag og forgangsröðun í opinberum rekstri tekin til gaumgæfilegrar skoðunar. Nýta þarf öll færi til hagræðingar og nýsköpunar í ríkisrekstrinum.“

Þetta er sem sagt fjármálaráðherrann að setja ríkisfjármálin í samhengi.

Ég ætla líka, með leyfi forseta, að lesa upp úr grein í *Morgunblaðinu* frá því sunnudaginn 5. júlí síðastliðinn. Þar er talað um öryggi borgaranna og fámenni í lögreglunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar er lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH) gert að skera niður um 130 milljónir á þessu ári og 320 á því næsta. Við því er lítið annað í boði en að lækka launakostnað, sem er um 80% af útgjöldunum.“

Ég held áfram í greininni. Þá er viðtal við Snorra Magnússon, formann Landssambands lögreglumanna, og hann segir, með leyfi forseta:

„„Við óttumst því miður að ástandið sem var hér í febrúar endurtaki sig í einhverri mynd,“ segir Snorri. Í því samhengi má ekki gleyma óeirðakostnaði sem stjórnvöld hafa þurft að leggja til lögreglunnar á þessu ári. Við nýja uppreisnaröldu gæti hann slagað hátt í 200 milljónir.“

Áfram heldur greinin, með leyfi forseta:

„Þegar skera á niður um 320 milljónir á einu ári hjá einu lögregluembætti, LRH, hvernig á að forgangsraða? Hverju á lögreglan að sinna og hvenær er útkallið ekki á hennar verksviði?“

Þetta er það sem lögreglan er að velta fyrir sér þegar henni er gert að spara 320 millj. kr. á þessu ári. En hvað gerist þá? Þá leggur þessi sama ríkisstjórn fram umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Kostnaðarmatið fylgir sem fylgiskjal IV í greinargerð ríkisstjórnarinnar. Fylgiskjal IV er kostnaðarmat vegna aðildarviðræðna við ESB frá utanríkisráðuneytinu. Síðan er reyndar fylgiskjal V sem er yfirferð fjárlagaskrifstofu á kostnaðarmati utanríkisráðuneytisins vegna aðildarumsóknar að ESB. Ég vil eiginlega leyfa mér að kalla það hirtingu fjármálaráðuneytisins á utanríkisráðuneytinu fyrir vanbúið kostnaðarmat vegna þess að það er alveg með ólíkindum að hér er ekkert fast í hendi. Jú, þeir tala um það í upphafi að óvissan sé mikil. Það er reyndar alveg rétt. En það er eins og menn séu ekki alveg að kveikja á þessu öllu saman. Í yfirferð fjármálaráðuneytisins segir að áætlaður þýðingarkostnaður sé á árunum 2009–2012 samtals 590 millj. kr., 300 millj. kr. eru kallaður annar kostnaður utanríkisráðuneytisins, 100 millj. kr. eru kostnaður hjá öðrum ráðuneytum. Þýðingarkostnaður er

langstærsti hlutinn eða 590 millj. kr. Samtals eru þetta 990 millj. kr., næstum því 1.000 millj. kr. Ég minni bara á að lögreglunni var gert að skera niður um 320 millj. kr. á þessu ári. En þetta eru 990 millj. kr. á þessum fjórum árum.

Það vekur mikla eftirtekt hvað þarna er tekið til og hver óvissan er í matinu. Í fylgiskjali V segir, með leyfi forseta:

„Mat utanríkisráðuneytisins er því mjög gróft og með mjög miklum skekkjumörkum.“

Ég mundi segja að það væri síst nógu sterkt til orða tekið. Það segir hérna líka, með leyfi forseta:

„Það sem utanríkisráðuneytið fellir undir annan kostnað í sínu mati má segja að sé í rauninni beinn kostnaður vegna aðildarviðræðna við ESB. Helstu þættir sem eru taldir hafa áhrif á þennan kostnað eru; starfsmannakostnaður, ferðakostnaður, aðkeypt sérfræðiþjónusta (innlend og erlend) og tímalengd viðræðna.“

Allir aðalþættirnir í þessu máli eru þarna sem sagt sem annar kostnaður og eru ósundurliðaðir og talað er um að þetta sé allt með mjög miklum skekkjumörkum. Síðan — og það vekur mikla eftirtekt hjá mér — segir hér undir liðnum starfsmannakostnaður, með leyfi forseta:

„Til að mæta þessu gerir utanríkisráðuneytið ráð fyrir því að færa starfsfólk úr öðrum verkefnum en einnig að starfsfólk taki tímabundið á sig meira álag. Fyrirséð er dregið verður saman í vissum verkefnum t.d. vegna þróunaraðstoðar og að það ætti að gera utanríkisráðuneytinu kleift að færa mannskap yfir í aðildarviðræðurnar. Ekki liggur þó fyrir á þessu stigi hvernig ráðuneytið ætlar að gera þetta, þ.e. hvaða verkefni nákvæmlega verða lögð til hliðar til að manna aðildarviðræður.“

En bíðið nú við, átti ekki að gera þetta hvort sem er? Átti ekki hvort sem er að spara í þróunarkostnaði? Var það ekki bara út af því sem ég las upp áðan, almennri hagræðingu í ríkisrekstrinum vegna erfiðrar stöðu ríkisfjármála? Mig minnti það, virðulegur forseti, og það var þess vegna sem ég fór á netið, af því að mig minnti að það hefði jafnvel komið einhver tilkynning. Ó jú, hér er komin tilkynning sem ég fann á vef utanríkisráðuneytisins frá 19. júní. Hún er ekki orðin mánaðargömul, sú tilkynning. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á næsta ári sker utanríkisráðuneytið niður rekstrarútgjöld um 10% til viðbótar áður ákveðnum sparnaði. Einnig er tilkynnt um 190 millj. kr. viðbótarsparnað vegna yfirstandandi árs.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Einnig verða verulega dregin saman framlög til þróunarsamvinnu og friðargæslu á meðan Íslendingar ganga í gegnum efnahagslegar þrengingar en aukið verður við að nýju þegar efnahagslífið verður komið á réttan kjöl.“

Það var nefnilega það sem mig minnti. Þarna á að spara þennan kostnað margoft. Þetta er svona hókus pókus sparnaður. Það er búið að ákveða að spara og hagræða út af erfiðri stöðu ríkisfjármála en til þess að aðildarumsóknin kosti okkur nú ekki neitt þá á bara að færa til fólk, fólkið sem á að vera farið út úr ráðuneytinu samkvæmt fréttatilkynningunni væntanlega, þá á það allt í einu að fara að spara hér. Hvað rugl er þetta? Þetta er ekkert annað en einhver hókus pókus vinnubrögð og brellupólitík. Þetta er brellupólitík sem ég gef ekkert fyrir. (Gripið fram í.) Þetta er barbabrella, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Þetta er barbabrella og þetta eru fullkomlega óboðleg vinnubrögð. (**PHB:** Ef þetta væri það eina.) „Ef þetta væri það eina,“ kallar hér hv. þm. Pétur Blöndal. Ég ætla að halda áfram í kostnaðarmatinu vegna þess að þetta er nefnilega alveg stórkostleg lesning.

Hvað halda menn að þurfi að eyða í svona umsókn? Það er fullt af fólki sem þarf að ferðast. Það er fullt af fólki sem þarf að ráða til að koma með sérfræðimat af ýmsu tagi. (**SDG:** Borða snigla.) „Borða snigla“ og eitthvað, kallar formaður Framsóknarflokksins fram í. Það getur vel verið að það sé partur af þessu. Við vonum nú að vegna hagræðingar og sparnaðar og ráðdeildar sleppi þeir þeim máltíðum. En þó veit maður aldrei.

Hér stendur, með leyfi virðulegs forseta, um ferðakostnaðinn:

„Ekkert sérstakt mat á þessum kostnaðarlið liggur fyrir hjá utanríkisráðuneytinu miðað við fjölda ferða og má því reikna með miklum skekkjumörkum í þeim lið.“

Það held ég nú. Það er bara dálítið verið að skjóta á þetta. Þetta er nefnilega undir liðnum Annar kostnaður, sem er í heildina — hvað var það? — 300 milljónir á fjórum árum.

Allt í lagi, við skulum sjá hvernig sérfræðikostnaðinum reiðir af, með leyfi forseta:

„Ekkert sérstakt mat á þessum kostnaðarlið liggur fyrir hjá utanríkisráðuneytinu. Þessi kostnaðarliður getur orðið umtalsverður. Það er þó álitamál eftir því hversu víðtæk samningsmarkmiðin verða og hversu mikið bakland sérfræðinga talin verður þörf á. Mögulegt væri að sækja að einhverju leyti í reynslu og þekkingu hinna Norðurlandanna án mjög verulegs tilkostnaðar og hafa utanríkisráðuneytinu borist tilboð um slíka aðstoð.“

Ja, fínt, Svíarnir ætla aftur að redda okkur. Þeir ætla bara að gera þetta frítt og þá þurfum við ekkert að hafa neinar áhyggjur af því. Þarna er sem sagt ekkert sérstakt mat.

Tímalengdin, þar eru þeir að miða við að þetta taki 18 mánuði. Allt í lagi.

Síðan er þetta alveg stórkostlegt vegna þess að hér eru upplýsingar fyrir nánara kostnaðarmat. Þá er talað um að það sé mikil óvissa um hvað aðildarviðræðurnar gætu að lokum kostað. Það skyldi þó ekki vera?

Ég ætla að lesa hér upp heilan kafla vegna þess að ég get ekki umorðað þetta þannig að þetta hljómi eins dásamlega og þetta hljómar hér, með leyfi forseta:

„Einn helsti óvissuþátturinn er hvernig eigi að skipuleggja og nálgast aðildarviðræður. Ódýrasta nálgunin væri einföld umsókn þar sem ekki væri lögð mikil áhersla á samningsmarkmið og samningsviðræður.“ — Það væri ódýrasta nálgunin, dásamlegt. — „Hinn póllinn væri að farið væri í aðildarviðræður með mjög víðtæk samningsmarkmið þar sem fátt væri undanskilið og að þau væru undirbyggð með mjög mikilli sérfræðilegri greiningu, erlendri ráðgjöf og virku baklandi.“

Ég vona svo sannarlega að það sé sú umsókn sem við leggjum fram vegna þess að ég veit ekki betur en að í umræðunni hérna í dag hafi komið fram að það sé einmitt nákvæmlega það, þ.e. öll þessi skilyrði, öll ófrávíkjanlegu

skilyrðin sem við áttum að setja til að geta stokkið út um leið — eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði hérna í dag — ef við náum ekki markmiðum okkar í sjávarútvegsmálum því þá ætlum við bara að hætta og fara. Það hlýtur að þurfa að undirbyggja það með einhverjum hætti. Það hlýtur að þurfa að hafa mjög víðtæk samningsmarkmið þar sem fátt er undanskilið og að þau verði undirbyggð með mjög mikilli sérfræðilegri greiningu, erlendri ráðgjöf og virku baklandi. Ég bara rétt ætla að vona það þannig að það kostar svolítið.

Ég ætla að fá að halda áfram, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er að stórum hluta pólitísk álitamál hvar umfang aðildarviðræðna væri staðsett á þennan mælikvarða gagnvart kostnaðarmatinu.

Þannig að það er bara skilið eftir í einhverju tómarúmi.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Lausleg skoðun bendir til að kostnaðurinn gæti orðið umtalsvert meiri miðað við að meiri þungi verði lagður í viðræðurnar.“

Mér finnst þetta líka stórkostleg setning. Þetta er algjörlega stórkostlegt. Svo höldum við áfram, með leyfi forseta:

„Vegna þessara álitamála og óvissuþátta og þar sem afar lítil greining á hugsanlegri framkvæmd aðildarviðræðna hefur farið fram á þessu stigi hjá utanríkisráðuneytinu liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar til að hægt sé að setja fram viðhlítandi kostnaðarmat.“

Hér er ekkert „bottom line“ eins það heitir á góðri útlensku.

Vegna þess að talað var um að þessi annar kostnaður væri ferðakostnaður, starfsmannakostnaður og allt þetta þá segir hér svona til þess að klára hringinn, með leyfi forseta:

„Til þess þyrfti að fá frekari svör um m.a. eftirfarandi atriði:“

Og þá eru listaðir fjórir punktar og hverjir eru þeir? Starfsmannakostnaður, ferðakostnaður, aðkeypt sérfræðiþjónusta og reynsla annarra þjóða.

Punkturinn er því sá að það mat sem hér er lagt til grundvallar er þó upp á 990 milljónir. Við erum ekkert að gera lítið úr þeim kostnaði. Mér finnst hann alveg nægur, en niðurstaðan af þessu, og því hef ég fært hér rök fyrir, er að þessar 990 milljónir eru skot í algjörri blindni. Það er algjörlega verið að skjóta út í loftið á eitthvað sem er fullkomlega vanmetið og við getum algjörlega verið viss um að þetta fer langt fram úr þessari áætlun. Það eina sem ekki er óvissa um í þessu kostnaðarmati er að það mun margfaldast í meðferð þessa máls. Og þegar við erum komin af stað er ekkert hægt að stoppa og segja: „Heyrðu, þetta er orðið svo dýrt. Nú skulum við taka ódýru nálgunina á þetta.“ Það er ekkert hægt. Þess vegna er algjörlega óásættanlegt að þingið sé beðið um að heimila þessu sama fólki í utanríkisráðuneytinu að sækja um aðild að Evrópusambandinu án þess að þessi kostnaður sé betur skilgreindur. Ég segi bara: Sendum þetta fólk heim og biðjum það að gjöra svo vel að meta þetta.

Hér segir að það þurfi að kanna umfang og kostnað við aðildarumsóknir annarra þjóða. Af hverju í ósköpunum er ekki búið að gera það? Það er grundvallarforsenda fyrir þessu. Þessi hókus pókus sparnaður hjá utanríkisráðuneytinu sem ég nefndi hérna áðan er eitt atriðið. Ég ætla bara í tölum að nefna það að fyrir árið 2009 á að skera niður í utanríkisráðuneytinu um 80 milljónir, fyrir 2010 á að skera niður um 648 milljónir. Það á að skera niður í utanríkisráðuneytinu um 648 milljónir en svo á að fara að bæta árið 2010 200 milljónum plús 180 milljónum í þýðingarkostnað, sem kemur væntanlega inn í ráðuneytið líka. Þetta er því allt saman komið á hvolf og er fullkomlega óboðlegt.

Áfram með niðurskurðartölurnar. Setjum þetta allt í samhengi. Við erum að tala um 990 milljónir á fjórum árum. Við skulum sjá, fyrirhugaður niðurskurður í ríkisútgjöldum eftir ráðuneytum. Eigum við að grípa niður til dæmis niður í heilbrigðisráðuneytið? Bara frá 1. júlí 2009 á að skera niður um 250 milljónir, í félags- og tryggingamálaráðuneytinu um 130 milljónir á þessu ári, 881 milljón á næsta ári í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Þá rak ég nefnilega augun hér í viðtal við hæstv. félagsmálaráðherra, sem er jú einn helsti talsmaður þess að við förum í þessar viðræður. Hann segir í grein í *Morgunblaðinu* föstudaginn 10. júlí, í dag, með leyfi forseta:

„Hann segir búið að finna leiðir til að mæta þeim 130 milljónum sem ráðuneytinu er gert að spara í rekstri seinni hluta þessa árs, án þess að það komi niður á þjónustu.“

Hér er haft eftir honum beint, með leyfi forseta:

„„Tæplega milljarðs niðurskurður rekstrargjalda á næsta ári er hins vegar ómögulegur án þess að skerða þjónustuna að einhverju leyti. Ég hef lagt á að það áherslu að þjónusta við fatlað fólk sé ekki skert nema það sé sýnt gífurlegt aðhald í öðrum ríkisrekstri á móti,“ segir Árni Páll og bendir á að sá rammi sem lagður var upp með, að velferðarstofnanir skæru niður um 5% virðist ekki hafa skilað sér.“

Ég ætla að fá að endurtaka það sem hæstv. ráðherra segir hér, með leyfi forseta:

„Ég hef lagt á að það áherslu að þjónusta við fatlað fólk sé ekki skert nema það sé sýnt gífurlegt aðhald í öðrum ríkisrekstri á móti.“

990 milljónir, og ég endurtek að það er stórkostlega vanáætlað. Ég get ekki litið svo á að það sé gífurlegt aðhald í öðrum ríkisrekstri á móti þannig að hvað segir hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra þegar þetta er sett í samhengi? Hvar ætlar hann að skera niður á móti? Meira í sínu ráðuneyti? Einhvers staðar þurfa peningarnir að koma. Ég las áðan úr skýrslu hæstv. fjármálaráðherra og ég ætla að endurtaka það líka hér. Þar er verið að tala um niðurskurðinn, með leyfi forseta:

„Til að svo geti orðið ber brýna nauðsyn til þess að það fé sem varið er til verkefna og þjónustu hins opinbera verði nýtt svo vel sem kostur er.“

Þetta, virðulegur forseti, kemur frá sömu ríkisstjórn, frá ráðherra í sömu ríkisstjórn sem veigrar sér ekki við því að leggja hátt í 1.000 milljónir í aðildarumsókn, bara umsóknina. (**PHB:** Og ætlar ekki að ganga inn.) Gerum okkur grein fyrir því. Ég vona bara að hv. þm. Pétur Blöndal taki — vegna þess að tími minn fer bráðum að renna hér á enda — taki fyrir kostnaðinn við inngönguna sem samkvæmt Evrópuskýrslunni síðan 2007 var um það bil 14–20 milljarðar — ég man nú ekki töluna en það er eitthvað á þeim skala — á ári.

Við skulum ekki gleyma því að þetta mál er dýrt og

þetta mál er þannig að það þarf að vanda til þess og það erum við sjálfstæðismenn segja, ef við ætlum að sækja um í Evrópusambandinu þá þurfa allar þessar staðreyndir að liggja fyrir. Og þetta eru enn ein rökin fyrir tvöfaldri atkvæðagreiðslu og því að leyfa þjóðinni að ráða vegna þess að við getum sagt við þjóðina — spurt er hvaða forsendur þjóðin hafi til að meta hvort við eigum að fara í viðræður eða ekki — en við getum spurt þjóðina hvort hún sé tilbúin til að leggja þúsund milljónir samkvæmt þessu plani — ég leyfi mér að segja tvö þúsund milljónir — í það á næstu fjórum árum á meðan við verðum í dýpstu kreppunni, hvort hún sé tilbúin til að gera það og þurfa að skera niður þjónustu við fatlað fólk á sama tíma. Þetta er spurning sem ég treysti þjóðinni algjörlega fullkomlega til þess að svara. Þessu getum við ekki horft fram hjá í þessu samhengi. Það þarf að leggja á þetta áherslu því þetta er illa unnið.

Ég vek athygli líka á því varðandi þessa yfirferð mína að nefndin hefur unnið þetta í mánuð og talað er um að haldnir hafi verið 20 fundir og að fjöldi gesta hafi komið. Hvenær kemur þetta smámál sem kostnaðurinn er inn í nefndina? Hvenær er yfirferð fjárlagaskrifstofunnar dagsett? 8. júlí 2009. Í dag er 10. júlí. Þetta kostnaðarmat er síðan 8. júlí og málið var afgreitt út í gær. Hver er umsögn og hver er meðferð nefndarinnar? Hver er gagnrýnin hugsun nefndarmanna sem skoðuðu þetta kostnaðarmat? Með allri virðingu fyrir því góða fólki sem situr í utanríkismálanefnd þá leyfi ég mér að efast um að nokkur umræða hafi farið fram um það vegna þess að það hefur líka komið fram í fjölmiðlum að hv. þm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir bað um þetta mat á fundinum þegar allt varð vitlaust og eftir því sem mér skilst þá hafa ekki verið miklar efnislegar umræður í nefndinni síðan þá. Ég bið fólk sem betur veit um að leiðrétta mig ef svo er ekki. En ég leyfi mér að halda því fram, virðulegur forseti, að þetta sé óboðlegt. Og þó að það væri ekki nema fyrir þessa ástæðu eina þá segi ég að þinginu beri hreinlega skylda til þess að leyfa íslensku þjóðinni að velja um það hvort hún vilji fara þessa leið eða ekki. Það kemur ekkert annað til greina. Þetta kostnaðarmat upp á 990 milljónir er í besta falli óskhyggja. En ég vil frekar kalla það hókus pókus kostnaðarmat og brellupólitík sem er aðeins sett hér fram til þess að villa um fyrir fólki. Þá er ég ekki að álasa starfsmönnum utanríkisráðuneytisins heldur átel ég þá pólitík sem ríkisstjórnin beitir í þessu máli.

Virðulegur forseti. Nú er ég að renna út á tíma og ég var rétt að byrja. Ég segi bara að sem betur fer var ræðutíminn tvöfaldaður vegna þess að mér er mikið niðri fyrir. Ég átti eftir að ræða um sjávarútvegsmálin. Ég átti eftir að ræða um hvað ég óttaðist í sambandi við það að senda fólk út í heim til að semja, fólk sem hefur einhvern veginn alltaf það að markmiði að ná samningum hvað sem það kosti. Ég óttast það. Ég óttast að það sem hæstv. fjármálaráðherra talaði um hérna, að við mundum snúa við um leið og við sæjum að við næðum ekki okkar markmiðum, þ.e. ég óttast að það verði ekki þannig. Ég óttast varðandi öll þessi fögru fyrirheit um að koma með allar upplýsingar fyrir þingið, að það verði bara ekkert þannig.

Ég óttast að við stöndum frami fyrir því einn góðan veðurdag að hérna verði kominn samningur. Ég ætla ekki að líkja honum endilega við Icesave-samninginn. En það verður á sama grunni reynt að selja íslensku þjóðinni þann samning eins og verið er verið að segja núna: „Þetta er besti hugsanlegi samningurinn sem við getum fengið. Hann er ekki gallalaus. Við reyndar missum yfirráðin yfir fiskveiðistjórninni. En ég meina, það er bara sumt sem maður þarf að gefa eftir.“ Og íslenska þjóðin verður látin kjósa um þetta og ég treysti íslensku þjóðinni til þess að taka réttar ákvarðanir. En ég óttast þetta verði ferlið. Mér finnst sorglegt til þess að hugsa, virðulegur forseti, ef við getum ekki — ég er sammála hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni því að ég hef trú á því að meiri hluti þingsins hafi sannfæringu fyrir tvöfaldri atkvæðagreiðslu. Ég heiti á þingmenn að greiða atkvæði samkvæmt bestu sannfæringu sinni vegna þess að mikið er í húfi og við þurfum að skoða þetta betur. (Forseti hringir.) Það þarf að skoða kostnaðinn. Þetta mál er ekki tækt til þess að hleypa því svona eins og ríkisstjórnin leggur til.

[23:33]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir velti því fyrir sér hversu mikla umræðu greining á kostnaðarmati hefði fengið í utanríkismálanefnd. Því er fljótsvarað. Málið var hreinlega alls ekki rætt í utanríkismálanefnd. Hv. þm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir ítrekaði fyrri beiðni sína, beiðni sem hún lagði fram strax við upphaf umræðu um málið um kostnaðarmat. Sagan af því hvað fylgdi í kjölfarið er alþekkt. Svo var kallaður saman fundur morguninn eftir, eftir að fundarfall varð vegna þess að hv. þingmaður bar fram þessa sakleysislegu beiðni og tilkynnt að kostnaðarmat sé komið og sagt: Skilum ályktun út úr nefndinni. Engin umræða. Svoleiðis var nú það.

Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir hefur greinilega unnið heimavinnuna sína. Hún rakti mjög áhugaverðar upplýsingar um kostnaðarmatið, mjög mikilvæga og ítarlega greiningu á því og gagnrýni, og ég held að það sé alveg óhætt að segja að þetta sé varlega áætlað, ég held að það sé ekki ofsögum sagt. Hvernig var með kostnaðarmatið varðandi umsóknina um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, hversu mikið fór það fram úr áætlun, hversu mörg hundruð prósent? Ég er dálítið hræddur um að það sama eigi við hér. En hér kemur hv. þingmaður með þessa fínu greiningu klukkan langt gengin í 12 á miðnætti á föstudagskvöldi og það er enginn til að svara fyrir þetta. Hér er enginn stjórnarliði sem ætlar að reyna að bera í bætifláka fyrir þetta mat eða reyna að útskýra fyrir okkur hvort eitthvað hafi verið rangt í þessu mati. Hvers lags eiginlega umræða er þetta um mál sem er líklega það mikilvægasta sem þingið hefur nokkru sinni rætt? Og hvaða rök eru fyrir því að halda þinginu fram að miðnætti þegar enginn er til að svara fyrir svona grundvallarupplýsingar?

[23:35]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það var eins og ég óttaðist. Hér kemur hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og staðfestir það sem ég hélt fram að það var engin umræða um kostnaðarmatið í utanríkismálanefnd. Og það er algerlega hárrétt

sem þingmaðurinn bendir á að það er ömurlegt til þess að hugsa að við séum að ræða þetta hérna á föstudagskvöldi 10. júlí á heitasta degi sumarsins þegar fólk er að hugsa um allt annað en 1.000 millj. sem á að henda í umsókn um Evrópusambandið.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sem situr í utanríkismálanefnd og er hér í hliðarsal og eini fulltrúi stjórnarflokkanna í þessum sal, hefði kannski getað komið og farið í andsvar við mig og leiðrétt eða staðfest það sem ég hef verið að halda fram. Ég fer fram á það við þingmanninn að hún beiti sér fyrir því að einhver sem ber ábyrgð á þessu máli komi og geri grein fyrir þessu vegna þess að mér finnst þetta háalvarlegt mál. Og gleymið því ekki, eins og hv. þm. Pétur Blöndal hvíslaði að mér meðan hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var að tala, allur þessi kostnaður og Steingrímur ætlar ekki einu sinni inn. Hæstv. fjármálaráðherra ætlar ekki einu sinni inn í Evrópusambandið þannig að þarna getur fjármálaráðherra sparað 1.000 millj. á einu bretti, reyndar ekki sparað, ekki eytt þeim. Þessi hagfræði á kannski við hjá einhverri konu sem kaupir sér stundum skó af því að þeir eru á útsölu og sparar mjög mikið á því. Þetta er málið, hæstv. fjármálaráðherra er ekki sannfærður um að við eigum að fara inn í Evrópusambandið en hann er tilbúinn til að spandera í óskhyggju 1.000 millj., í raunveruleika einhverju miklu meira, til þess að athuga hvort svo megi verða.

[23:38]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir er mjög kurteis þegar hún bendir á að hæstv. fjármálaráðherra ætli sér einmitt ekki að nota þessa vinnu sem verður svona dýr á nokkurn hátt. Þvert á móti, hann ætlar að beita sér fyrir því að þessi vinna verði öll til einskis, að hún fari í ruslið. Þetta er náttúrlega algerlega galið. Annar stjórnarflokkanna talar þannig að þessi vinna verði að eiga sér stað til þess að við getum náð þeim áfanga að þessir sömu þingmenn geti beitt sér fyrir því að hún fari ekki í ruslið. Hvers lags nálgun er þetta eiginlega í þessu stóra máli? Getur hv. þingmaður tekið undir það með mér að þetta nái ekki nokkurri einustu átt?

[23:39]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það get ég svo sannarlega. Ég get tekið undir með hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni að þetta nær ekki nokkurri átt og þetta er algerlega fráleitt. Því segi ég það að íslenska þjóðin á að fá að kjósa um það hvort hún er tilbúin að verja slíkum upphæðum í þetta mál eða ekki. Það sem sagt er í kostnaðarmatinu frá fjármálaráðuneytinu um ódýrustu nálgunina og dýrustu nálgunina — og ég ber mikla virðingu fyrir þeim sem hafa skrifað þetta og er ekki að setja út á mína gömlu vinnufélaga í fjármálaráðuneytinu á nokkurn hátt — er skrípatexti. Það er alger skrípaleikur að halda því fram að við getum farið í einhverja ódýra nálgun á þessu máli vegna þess að ef við færum í ódýrustu nálgunina sem er hérna, þá stendur: „Ódýrasta nálgunin væri einföld umsókn þar sem ekki væri lögð mikil áhersla á samningsmarkmið og samningsviðræður.“ Það sér hver heilvita maður hver niðurstaðan af slíkum samningaviðræðum yrði. Auðvitað þyrftum við að fara í dýrustu nálgunina vegna þess að við höfum svo ströng skilyrði, vegna þess að við höfum svo skýr markmið og höfum svo mikla hagsmuni af því að þetta verði gert rétt.

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að þetta nær engri átt og það verður að koma í veg fyrir þetta.

[23:40]

Útbýting:

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 38. mál, brtt. VigH, þskj. 266.

Gjaldeyrismál, 137. mál, þskj. 262.

Hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana, 108. mál, svar samgrh., þskj. 259.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 23:42.

---

39. FUNDUR

laugardaginn 11. júlí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266. — Frh. síðari umr.

2. Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 250. — Frh. síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.
Siv Friðleifsdóttir, 6. þm. Suðvest.

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266.

og

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Þáltill. utanrrh. o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 250.

[10:32]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það er sérlega ánægjulegt að fá á þessum fallega laugardegi að fjalla um það nefndarálit sem

hér liggur fyrir um aðildarumsókn að Evrópusambandinu því að fyrir okkur í Samfylkingunni er þetta nefndarálit auðvitað með sínum hætti Óðurinn til gleðinnar. Hefur verið sérlega ánægjulegt að fá að taka þátt í umfjöllun utanríkismálanefndar um málið undanfarnar vikur og ég vil byrja á því að þakka samnefndarmönnum fyrir málefnalega umfjöllun og gestum fyrir innlegg þeirra í þessa umræðu og formanni og varaformanni nefndarinnar fyrir ítarlega og góða vinnu að því nefndaráliti sem nú liggur fyrir Alþingi að taka afstöðu til.

Það er auðvitað gríðarlega mikilvægt að í stórum álitaefnum eins og hér eru á ferðinni, álitaefnum sem hafa verið til umræðu í íslensku samfélagi um langt árabil og eru auðvitað skoðanir skiptar á, að í þeirri endurskoðun á íslensku samfélagi og skipan þess og þeirri stefnu sem bæði við sem þjóð og sem einstaklingar þurfum að marka okkur til framtíðar eftir það hrun sem hér hefur orðið, þá er gríðarlega mikilvægt að við náum niðurstöðu, náum að marka leiðina í jafnmikilvægum lykilákvörðunum og þeim sem hér eru á ferðinni.

Evrópusambandið hefur auðvitað verið mjög umdeilt á Íslandi og í stjórnmálaumræðu á Íslandi og það hefur kannski vakið nokkra furðu hversu rólegt hefur verið í kringum framlagningu þessa máls og umfjöllun alla, í raun og veru hversu litlar deilur hafa risið í samfélaginu, hér á þinginu og í nefndarstarfinu um málið allt þegar til þess er litið hversu umfangsmikið það er og hversu mikil áhrif þess munu verða eða geta orðið á öllum sviðum samfélagsins, og þegar tillit er tekið til þess hversu harðvítugar deilur hafa oft og tíðum skapast um aðild að alþjóðasamstarfi eins og hér um ræðir og tekist á heitar tilfinningar og harðar rökræður. Ég held að ein helsta ástæðan fyrir því hversu friðsælt hefur verið í kringum umfjöllun þessa máls sé sú að í raun og veru séu bæði fylgjendur og andstæðingar aðildar að Evrópusambandinu því fegnir að málið sé að komast í farveg, að það sé verið að setja af stað leiðangur sem mun enda með því að tekin verði ákvörðun um annaðhvort að sækja um aðild að Evrópusambandinu og haga þá málefnum okkar í samfélaginu með hliðsjón af því eða að niðurstaðan verður sú að þjóðin vill ekki aðild að Evrópusambandinu og þá getum við skipað okkar málum út frá því.

Ég held að það sé þess vegna umtalsverður stuðningur við málið, bæði í röðum fylgismanna og andstæðinga Evrópusambandsaðildar. Það er full ástæða til að undirstrika það að það mál sem hér liggur fyrir snýst auðvitað ekki um það að ganga í Evrópusambandið eins og út af fyrir sig ýmsir af þingmönnum stjórnarflokkanna hafa undirstrikað. Hér er auðvitað á ferðinni mál um að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Auðvitað hlýtur í flestum tilfellum að felast í því að menn hafi þá afstöðu að ef við náum verulega góðum samningi og þeim skilyrðum sem hver og einn fyrir sjálfum sér setur um það hvað þarf að felast í aðildinni til að hann geti fellt sig við hana, þá viljum við ganga inn. Svo verður auðvitað að reyna á það í aðildarviðræðunum hversu gengur að ná samningunum og ýmsum þeim skilyrðum sem menn hafa áhuga á. En auðvitað er það líka til í þeim hópi sem hér er einfaldlega lýðræðisáhuginn á málinu, þ.e. áhugi á því að setja af stað ferli sem lyktar einfaldlega með því að þjóðin fær að taka afstöðu til þess álitaefnis sem hér er og þingið eigi ekki að hafa forræði fyrir þjóðinni í þessu stóra máli heldur eigi hún sjálf að fá að hafa það forræði í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fyrir þeim sem hér stendur er aðild að Evrópusambandinu gríðarlega mikilvæg fyrir Ísland. Að því gefnu að við fáum varðveitt forræði og eignarhald á auðlindum okkar og viðurkenningu á ýmissi sérstöðu þá eru í því fólgnir miklir kostir að gerast aðili að Evrópusambandinu. Sambandið sjálft hefur ýmsa kosti og býsna merkilega sögu sem líka er vert að líta til. Ein af ástæðunum fyrir því að sá sem hér stendur er svo mikill stuðningsmaður Evrópusambandsins og aðildar að því er sú að Evrópusambandið er auðvitað í grunninn og í upphafi hugsjónin um frið í okkar heimshluta. Það var myndað til að skapa grundvöll fyrir frið í okkar heimshluta eftir að sá heimshluti var illa leikinn í átökum æ ofan í æ með þeim hörmulegu afleiðingum sem það hafði fyrir fólk ekki bara á meginlandinu heldur líka hér uppi í Norðurhöfum. Sá leiðangur hefur til þessa heppnast býsna vel. Með því að skapa gagnkvæm hagsmunatengsl, með því að fella burt viðskiptahöft, með því að auka og skapa gagnkvæma viðskiptahagsmuni, með því að stuðla að menningarsamskiptum, menntasamstarfi, vísindasamstarfi, samstarfi yfir landamæri á öllum sviðum samfélagsins þá leggja menn auðvitað grunninn að varanlegum friði vegna þess að með samskiptunum styrkja þeir hina gagnkvæmu hagsmuni og þörfina fyrir að allir standi vörð um friðinn í álfunni. Það eru auðvitað miklir hagsmunir okkar Íslendinga alveg eins og það eru miklir hagsmunir fólksins á meginlandinu.

Sjálfstæðisbarátta okkar hefur líka í raun alltaf byggst að verulegu leyti á því hversu mikið við höfum sótt í það þegar við höfum haft kjark, þrek og þor til að fella niður viðskiptahindranir við útlönd, til að auka viðskiptafrelsi í viðskiptum okkar við okkar helstu markaði. Það sýnir sagan okkur að voru mikilvæg skilaboð þeirra sem hér fóru fyrir í sjálfstæðisbaráttunni. Og þeir áfangar í Íslandssögunni frá því að við fengum fullveldi þar sem við höfum borið gæfu til að fella burt viðskiptahindranir og viðskiptahömlur hvers konar við okkar helstu viðskiptamarkaði eru skref sem hafa orðið til þess að efla hér efnahagslegar framfarir og með því að styrkja sjálfstæði okkar sem þjóðar. Sjálfstæði er auðvitað nokkuð annars konar hugmynd í samfélagi 21. aldarinnar en hún var í upphafi síðustu aldar því að í dag felst sjálfstæðið í því að vera virkur þátttakandi í alþjóðastofnunum og jafnvel á tímum að framselja hluta fullveldisins til slíkra stofnana en einmitt þannig standa menn vörð um sjálfstæði, enda dettur auðvitað engum í hug að halda því fram að nokkurt þeirra 27 ríkja sem eru aðilar að Evrópusambandinu t.d. sé ósjálfstætt ríki þar með. Þvert á móti eru auðvitað norrænu ríkin, Danmörk, Svíþjóð og Finnland ekkert síður sjálfstæð ríki eftir inngöngu sína í Evrópusambandið en fyrir.

Það er líka ástæða fyrir okkur til að líta til þess, Íslendinga, að tvö þeirra ríkja, bæði Svíþjóð og Finnland, tóku sína miklu stefnumarkandi ákvörðun í kjölfar viðburða þar sem líkjast að ýmsu leyti þeim atburðum sem hér urðu í vetur, þ.e. fjármálakreppunni í Svíþjóð og kreppunni í Finnlandi á sinni tíð. Þó er það auðvitað svo að það efna-

hagsáfall sem hér reið yfir í vetur er langtum, langtum stærra en þær þjóðir þurftu að glíma við og efnahagur okkar, gjaldmiðill okkar og staða í alþjóðasamfélaginu miklu veikari en þeirra ríkja var nokkru sinni. Við munum það auðvitað, þó að við viljum kannski ógjarnan rifja það upp, að í vetur reyndum við það nokkuð hvert einangrunarstefnan leiðir ríki og hvert hroki leiðir ríki, og framganga okkar hafði auðvitað verið með þeim hætti að hún hlýtur að kalla á nokkuð gagnrýna endurskoðun okkar, bæði menningarlega, pólitískt og auðvitað ekki síst í viðskiptalífinu þar sem menn höfðu sumpart gengið fram gagnvart veröldinni eins og hér væri einhver sjóræningjaklettur úti í hafi þaðan sem víkingar gerðu út til að gera strandhögg í öðrum löndum í útrásinni og hertækju hvern kastalann á fætur öðrum hvort sem þeir hétu Magasin eða eitthvað annað.

Í október horfðumst við í augu við það að fjármálakerfi okkar hrundi og satt að segja var ekki mikinn stuðning að hafa. Satt að segja var hér allt í býsna mikilli tvísýnu um lágmarksaðdrætti að landinu og um lágmarksöryggi í samfélaginu. Þeir sem voru á vaktinni þá hljóta auðvitað alltaf að vera sér meðvitaðir um það að slíkt getur gerst, vonandi sem allra sjaldnast, vonandi á margra áratuga fresti en ef og þegar slíkt gerist þá skiptir ekki síst gríðarlegu máli að eiga í öflugu og nánu samstarfi og samvinnu við aðrar þjóðir. Það er fullvissa mín að sá leiðangur sem við erum að leggja af stað í sé alvarleg tilraun til þess að styrkja og efla slíkt samstarf til að við eigum betri og sterkari bandamenn ef slíkar aðstæður skapast hér einhvern tíma aftur, en auðvitað líka vegna þess að í honum er að sækja tæki til að forðast það að lenda aftur í slíkri aðstöðu eins og við höfum lent í.

Eitt af þeim tækjum, og það er kannski eitt af því jákvæðasta sem við höfum séð við að hefja aðildarferlið, er gjaldmiðillinn. Það er sú staðreynd sem við upplifðum á eigin skinni á liðnu ári að í nútíma alþjóðlegu hagkerfi er einfaldlega ekki hægt að reka íslensku krónuna. Það hefur sýnt sig, og það í sjálfu sér getur hver maður séð í hendi sér, að þjóð, þótt hún sé sterk og öflug og búi að glæsilegri sögu og menningu, fallegri náttúru og miklum auðlindum, sem telur aðeins 0,3 milljónir manna getur einfaldlega ekki ein og sér varið gjaldmiðil á höfum heimsins ef svo má segja af því að einn einasti gjaldeyriskaupmaður á gengisborðunum í kauphöllunum getur velt og vaggað þeirri mynt. Íslenskur almenningur er auðvitað nú að súpa seyðið af því að verulegu leyti því að hér voru spákaupmenn, ekki erlendir gjaldeyriskaupmenn sérstaklega heldur allt eins innlendir, sem tóku stöðu ýmist með eða á móti þessum veika gjaldmiðli og hirtu milljarða og milljarðatugi í hagnað af hverjum viðskiptunum á fætur öðrum og tóku út úr efnahagnum og skildu eftir sem skuldir á almenningi á Íslandi.

Þegar menn líta yfir sögu íslensku krónunnar og skoða sveiflur hennar þá felst auðvitað þar í ákveðin aðlögunarhæfni að sveiflum í efnahagsástandi því að sannarlega sveiflast krónan mjög upp og niður, en það gerir auðvitað líka að verkum að heimili og fyrirtæki í landinu hafa um langt, langt skeið, ég leyfi mér að segja áratugaskeið, ekki búið við eðlilegt umhverfi til að gera áætlanir um framtíð sína, skipuleggja og byggja upp. Það er sannfæring mín að það hafi haft neikvæð áhrif á menningu okkar á öllum sviðum. Sá efnahagslegi veruleiki sem hefur gert það að verkum að öll áætlanagerð og öll festa í framkvæmd áætlana, allur agi í því að fylgja áætlunum og starfa að sígandi lukku sinni, skref fyrir skref og ár eftir ár, að það að hinar efnahagslegu aðstæður hafa ekki boðið upp á það, hafi því miður haft neikvæð áhrif fyrir menningu okkar. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að við verðum á þessu sviði, í gjaldeyrismálunum, hluti af stærri heild, hluti af agaðri markaði, hluti af sterkum gjaldmiðli þar sem eru líka lágir vextir eins og er á evrusvæðinu, þeir lágu vextir sem íslenskt atvinnulíf þarf á að halda til vaxtar og viðgangs, því að það vaxtastig sem íslenska krónan býður þeim upp á í dag er auðvitað gríðarlega hátt. Þegar við horfum til þess að það eru fyrirtækin og fólkið í fyrirtækjunum sem eiga að standa undir vaxandi verðmætasköpun á næstu árum og áratugum vitum við auðvitað öll hve miklu máli skiptir að skapa þeim þessar aðstæður.

En það er ekki aðeins af fjárhagslegum eða efnahagslegum ástæðum og ekki heldur bara fyrir hugsjónina frið sem það er sannfæring mín að þessi leiðangur sé hinn rétti, það er einfaldlega sú afstaða okkar jafnaðarmanna að við erum félagshyggjufólk. Við á Íslandi höfum tekið ákvörðun um að vera hluti af hinum evrópska markaði. Nauðsynlegt skref í framhaldi af því er að verða hluti af hinu félagslega skipulagi sem er sett yfir þann markað vegna þess að eins og við höfum fengið að reyna svo beisklega þá er það þannig að markaðir bresta og sá markaður sem við vorum á brast og hér varð verulegt áfall í atvinnulífinu. Það félagslega skipulag sem menn hafa yfir mörkuðum er annars vegar til að hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem þar er til að leitast við að varna því að markaðsbrestir verði. Það kalla menn stundum með nokkurri fyrirlitningu eftirlitsiðnað eða skrifræði, og oft er þannig talað um Brussel í þessum sal m.a., en hvað hefðum við þurft annað en meira eftirlit og skrifræði til að koma í veg fyrir að þau fráleitu glappaskot sem menn gerðu í aðdraganda bankahrunsins ættu sér stað? Auðvitað er þetta einfaldlega nauðsynlegt fyrir okkur. Þegar við erum orðin hluti af hundraða milljóna markaði þá gerist það að hér geta starfað fyrirtæki sem starfa á tug og hundraða milljóna mörkuðum. Hér getur það gerst að starfi kaupsýslumenn sem hafi fleira fólk í vinnu en býr á Íslandi og til að geta haft eftirlit með og veitt aðhald slíkum risafyrirtækjum þá er okkur einfaldlega mjög mikilvægt að vera líka hluti af stærri heild, að vera líka hluti af þessum eftirlitsiðnaði og skrifræði, sem menn tala stundum um með svo mikilli fyrirlitningu, að vera líka hluti af stóru myntbandalagi, að vera líka aðili að Evrópska seðlabankanum og njóta stuðnings af slíkum sterkum aðila og líka, eins og kannski hefði verið gott í Icesave-málinu, að geta skotið málum sínum til Evrópudómstólsins ef á þarf að halda eða tekið mál upp við samstarfsþjóðir sínar innan sambandsins.

Það er líka gríðarlega mikilvægt að þróa í tengslum við markað og skrifræði yfir einum markaði lýðræðisskipulag og það skipulag hefur sannarlega verið að þróast í Evrópusambandinu en þar má auðvitað enn stíga mörg skref og stærri til að efla og styrkja lýðræðisstarfið innan bandalagsins og ég held að við getum orðið mikilvægur hluti af því.

Það er líka — vegna þess að það er mikilvægt fyrir okkur að eiga aðild að sambandinu — mikilvægt fyrir okkur að

geta beitt okkur til að hafa áhrif á stefnu sambandsins í mikilsverðum málum fyrir okkur vegna þess að þar er að finna það afl og þann kraft í alþjóðasamskiptum og samningum og samstarfi sem mikla þyngd hefur og miklu skiptir. Er skemmst að minnast þess mikla brautryðjendastarfs sem sambandið hefur unnið í mesta og stærsta verkefni okkar samtíma sem varðar íslenskt samfélag auðvitað gríðarlega miklu og langtímahagsmuni kynslóðanna sem á eftir okkur koma, en það eru loftslagsmálin þar sem róttæk og sterk stefnumörkun Evrópusambandsins hefur leitt alla vinnu á alþjóðavettvangi í þeim málum og er nú að skila fleiri áföngum eins og sést af fundi iðnríkjanna átta nú í vikunni.

Ég vona, virðulegur forseti, að við berum gæfu til að afgreiða þessa tillögu á næstu dögum í þinginu svo hún megi komast til þess forusturíkis sem nú er í Evrópusambandinu, Svíþjóðar, og það megi takast að haga þannig málum að áætlun um aðildarviðræður geti legið fyrir í desembermánuði næstkomandi og við getum síðan í framhaldi af því hafið viðræður og lokið þeim svo fljótt sem verða má. Ég held að við þær aðstæður sem nú eru skipti það einfaldlega gríðarlega miklu máli að fá niðurstöðu í þennan leiðangur og ekki síst að kanna til þrautar hvort okkur meðan á inngöngu stendur og á fyrstu árunum þar á eftir geti boðist eitthvert það skipulag utan um myntkerfi okkar sem geti stutt okkur út úr þeim erfiðleikum sem við erum í. Gjaldeyrishöftin sem við nú búum við eru náttúrlega algerlega óþolandi umhverfi fyrir samfélagið allt og ekki síst fyrir atvinnulífið og munu hamla vexti og viðgangi þess á næstu árum ef við sköpum ekki einhverja aðra úrlausn í þeim efnum. Það er auðvitað eitt af þeim stóru hagsmunamálum sem til umræðu verða í aðildarviðræðum.

Ég treysti því sömuleiðis að tillögur um að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu sem kallað er — þ.e. þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort menn eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamning, sem er algerlega sérískenslensk hugmynd og ég hygg að hafi hvergi komið til framkvæmda neins staðar — muni ekki eiga hér fylgi að fagna. Ég undrast það nokkuð að hún sé flutt fram af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins á Alþingi, ekki síst eftir að hafa í nóvembermánuði síðastliðnum lesið ágæta grein eftir bæði formann þess flokks og þingflokksformann, hv. þingmenn Bjarna Benediktsson og Illuga Gunnarsson, sem töldu ekki að landsforustan þyrfti neitt umboð frá þjóðinni í slíkri atkvæðagreiðslu til að hefja samningaviðræður um þessa mikilsverðu hagsmuni heldur væri það einfaldlega verkefni stjórnmálaforustunnar í landinu að fara í þær viðræður og fá niðurstöður úr þeim um það hvernig hagsmunum Íslands gæti verið skipað innan Evrópusambandsins og síðan gæti þjóðin tekið afstöðu til þess. Það er öllum ljóst sem fylgjast með stjórnmálum á Íslandi hvað þar gerðist. Þar var auðvitað haldinn landsfundur og forustunni því miður settar nokkrar skorður í því hvernig halda mætti á málinu og stefna um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu samþykkt þvert gegn vilja a.m.k. ýmissa í henni án þess að ég vilji fullyrða um þá tvo sem hér fyrr voru nefndir.

Það er líka leiðinlegt að sjá hinn nýja Framsóknarflokk eða hluta hans ætla að fylkja sér um þá leið eftir að hafa, eins og mér skildist, hafnað henni og tekið upp stefnu um það að fara eigi í aðildarviðræður svo seint sem í febrúar á þessu ári. En auðvitað virðist þessi leiðangur meira og minna markast af því að stjórnarandstaðan fellur í þá gryfju í þessu mikilsverða hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar að taka ekki efnislega afstöðu til þess heldur reyna að finna leið til að sækja að stjórnarmeirihlutanum vegna þess að hún veit sem er að þar eru skiptar skoðanir um þetta mál eins og víðast í samfélaginu. Í stað þess að taka þátt í því og skapa breiða samstöðu um það að leiða þetta mál til lykta með málefnalegum hætti í aðildarviðræðum og þjóðaratkvæðagreiðslu, kýs hún að nota það í pólitískri refskák og klækjabrögðum eins og svo mjög reyndust okkur til ófarnaðar hér áður fyrr. En það er út af fyrir sig bara lýðræði og ég vona að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þeirri viðleitni heldur megi þessi leiðangur verða settur af stað sem allra fyrst.

[11:00]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir ræðuna. Hún var athyglisverð. Hún fjallaði kannski minnst um tillöguna sem hér liggur fyrir heldur var hún auðvitað fyrst og fremst trúarjátning hv. þingmanns um Evrópusambandið og er vandséð að samningaviðræður geti leitt til nokkurrar þeirra niðurstöðu sem hv. þm. Helgi Hjörvar gæti ekki fallist á vegna þess að meginniðurstaðan og megininþemað í ræðu hans var það að ESB leysti allan vanda.

Ég ætla ekki að fjalla nánar um það, heldur ekki þó að ég reyndar verði að taka undir þann óð til gleðinnar sem varðaði viðskiptafrelsi sem kom fram í ræðu hv. þingmanns og ég skil svo að hafi verið sérstök skilaboð til samstarfsflokks hans í ríkisstjórn. Ég get tekið undir mjög margt sem hann sagði í því sambandi.

En ef við bara veltum fyrir okkur því máli sem hér liggur fyrir og geymum okkur skylmingar um Evrópusambandsaðildina sem slíka, sem er umræða sem við fáum áreiðanlega tækifæri til þess að fara yfir síðar, þá velti ég fyrir mér af því að hv. þingmaður hefur komið mjög að þessu máli hvort hann geti hugsanlega frætt mig um atriði sem mér fannst nokkuð óljóst eftir umræðu hér í gær. Það er spurningin um hvaða stöðu meiri hluti utanríkismálanefndar sér fyrir sér ef svo virðist í samningaviðræðum að þær leiði ekki til ásættanlegrar niðurstöðu miðað við þá forskrift sem gefin er í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Öðrum þræði er talað um að þetta mál verði að leiða til lykta endanlega með þjóðaratkvæðagreiðslu. (Forseti hringir.) Hvað gerist hins vegar ef samningaviðræður virðast ekki ætla að leiða til ásættanlegrar niðurstöðu miðað við fyrir fram gefna forskrift?

[11:03]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Víst er það rétt að ég fjallaði nokkuð um Evrópusambandið sem þá hugsjón sem það er og held að það sé sannarlega sjónarhorn sem eigi að halda til haga hér í umræðunni. En auðvitað er það ekki þannig að það leysi allan vanda. Enn þá er á Ítalíu til að mynda, sem er aðili að Evrópusambandinu, starfandi mafía, skipulögð glæpasamtök

þrátt fyrir aðild þeirra að Evrópusambandinu. Ýmis önnur óáran er bæði þar og í öðrum ríkjum Evrópusambandsins. Ég er engu að síður viss um að þeim tekst betur að fást við viðfangsefni sín með evrunni í dag en þeim gekk áður með lírunni og sögufrægt varð svipað og með íslensku krónuna nú.

Hvað varðar það ef ekki næst að mati samninganefndarinnar ásættanleg niðurstaða miðað við það sem hér er lagt upp með þá er það auðvitað eins og oft er um „hvað ef“-spurningar, nokkuð sem stjórnmálaforustan þarf að taka afstöðu til ef og þegar þar að kemur, enda er það auðvitað þannig að þó að viðræður geti gengið hratt fyrir sig kannski á næstu tveimur til þremur árum þá geta þær líka dregist í lengri tíma. Ef þær skila ekki þeim árangri sem ætlast er til þá gera menn væntanlega hlé á þeim og ræða það aftur í sínum ranni hvernig á því skuli haldið. Af hálfu Íslendinga, mín og annarra, er kannski mikilvægast grundvallaratriði forræðið yfir auðlindunum og eignarhaldið á auðlindunum og það er ekki bara vegna aðildar að Evrópusambandinu heldur líka vegna þess að við höfum svo beisklega uppgötvað að við höfum tapað auðlindunum í hafinu. Þær voru einkavæddar af Sjálfstæðis- og (Gripið fram í.) Framsóknarflokki og þær (Forseti hringir.) voru veðsettar erlendum kröfuhöfum upp úr skýjunum.

[11:05]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að spurningin sem ég spurði er nokkurs konar „hvað ef“-spurning og segja má að allt þetta mál sé s „hvað ef“-mál vegna þess að við erum að fjalla um framtíðina og við erum að fjalla um óvissa framtíð. Áður en við leggjum af stað í leiðangurinn, svo ég noti nú orðalag hv. þingmanns, sem var á þann veg að hér væri um leiðangur að ræða, þá er rétt að menn átti sig á því og hugi að því hvernig brugðist verði við undir þeim kringumstæðum sem ég nefndi. Meiri hluti utanríkismálanefndar telur mjög mikilvægt við afgreiðslu málsins frá nefndinni að setja fram, við getum kallað það skilyrði, við getum kallað það markmið — við getum valið hvaða orð sem við viljum — en það er auðvitað meginþemað í áliti utanríkismálanefndar, þ.e. meginniðurstaða utanríkismálanefndar er að breyta tillögu utanríkisráðherra þannig að ekki sé um að ræða fullkomlega opna heimild heldur að setja henni nokkrar skorður. Þá er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvað gerist. Hvað ef menn átta sig á því á miðri leið að þessi markmið náist ekki? Ætla þeir engu að síður að klára samningagerð og undirrita samninga til þess að geta fullnægt því háleita markmiði að láta þjóðina eiga endanlegt val í þjóðaratkvæðagreiðslu?

Ég spurði hv. utanríkisráðherra að þessu í gær og mér heyrðist hv. utanríkisráðherra bara ekki hafa hugsað þennan möguleika. (Gripið fram í.) Honum fannst það svo til óhugsandi að sú staða gæti komið upp að ekki næðist ásættanleg niðurstaða eftir því sem ég skildi hann rétt. En ég velti því fyrir mér hvernig hv. þm. Helgi Hjörvar sem þekkir vel til þessara mála telji að við ætti að bregðast.

[11:07]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmann á að ávarpa eða nefna ráðherra sem hæstv. ráðherra.

[11:07]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er rétt að í nefndaráliti okkar í meiri hluta utanríkismálanefndar er farið býsna ítarlega yfir ýmis samningsmarkmið, samningsmarkmið, auðvitað ekki skilyrði. Enda er það ástæðan fyrir því að hv. formaður Framsóknarflokksins, að sögn, treysti sér ekki til þess að vera með á álitinu því að það er auðvitað sett fram sem samningsmarkmið en ekki sem skilyrði. Það er ástæða þess að gert er ráð fyrir svo nánu samráði við Alþingi í ferlinu sem raun ber vitni í álitinu og þeim tillögum sem hæstv. utanríkisráðherra lagði upp með, að í þeim viðræðum geta komið upp ýmis álitamál. Þar getur skapast vandi í viðræðunum eins og alla jafna þegar um jafngríðarlega umfangsmikla hagsmuni er að ræða. Þess vegna höfum við ekki svarað slíkum „hvað ef“-spurningum fyrir fram enda kann það ekki góðri lukku að stýra í utanríkismálum frekar en einkamálum.

Þess vegna er einfaldlega sett upp fyrirkomulag til þess að tryggja að þingið, einkum í gegnum utanríkismálanefnd, hafi býsna góð tæki til þess að fylgjast með framgangi viðræðnanna og bregðast við þeim álitaefnum sem upp kunna að koma í þeim.

[11:09]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ræða hv. þingmanns var stöðluð ræða hv. samfylkingarmanns. Hún byrjaði á að fjalla um kostina við evruna. Hún byrjaði svo að ræða um áhrifin sem 300 þúsund manna þjóð hefði á þetta mikla batterí og svo voru útmáluð þau ósköp sem gerðust ef við gengjum ekki þarna inn. Það var sem sagt verið að lofa og hóta. Þetta var stöðluð ræða og þannig eru þær allar.

Ég skil ekkert í hv. formanni efnahags- og skattanefndar að tala um evruna þegar hann veit að við tökum hana í fyrsta lagi upp eftir fjögur ár. Fjármálaráðuneytið segir 30 ár. Ég segi sjö, átta ár. Það er engin lausn að ganga í Evrópusambandið varðandi það sem hv. þingmaður segir með lága vexti og svo framvegis. Vextir eru ekkert annað en það sem menn borga fyrir fjármagn. Einn fær vexti og annar borgar vexti. Ef of fáir spara eins og er á Íslandi þá eru vextir háir nema þá að menn fari að flytja inn evrur í stórum stíl og mynda skuldsetningu hjá þjóðinni. Þannig mundu lágir vextir virka á Íslandi. Ég bara frábið mér það að menn séu að tala um það sem einhverja lausn á vanda Íslendinga núna, sem stendur kannski yfir í tvö, þrjú ár, að ræða um þetta.

Svo um áhrifin. Ég minni á það að fallið í haust var vegna gallaðra reglna Evrópusambandsins og vegna hótana þessa sama sambands og vegna hótana þess inni í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hv. þingmaður er virkilega að leggja til að Íslendingar gangi inn í þann klúbb sem er búinn að meðhöndla þjóðina þannig af skilningsleysi og áhugaleysi og bara hreinlega af græðgi — að láta okkur borga eitthvað

sem við eigum ekki að borga. Mikið af þessum vanda er vegna þess að ráðherra Samfylkingarinnar, hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra þá (Forseti hringir.) gekk til viðræðna með þá vissu sannfæringu að við ættum að borga.

[11:11]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Nú kemur hv. þingmaður mér á óvart og er í algerri mótsögn við alla sína orðræðu í þessum umræðum, en ég hef fylgst ágætlega vel með innleggi hv. þingmanns í hana. Hann hefur hér aftur og aftur komið og kallað eftir því að menn ættu að fjalla um þetta mál til margra alda, um þær hugsjónir sem hér væru undir, en að þessi umræða snerist bara um einhverja skammtímahagsmuni og núið.

Ég reyndi einmitt að verða við þeim óskum um að fjalla um þær hugsjónir sem að baki byggju og langtímahagsmuni. En þá kemur hv. þingmaður hér upp og kallar um það að við verðum ekki búin að taka upp evruna að hans áliti fyrr en eftir sjö til átta ár og þess vegna tjói ekkert að tala um evruna í þessum samningi. En við, hv. þingmaður, erum hér að tala um langtímahagsmuni þjóðarinnar til áratuga og alda og gjaldmiðillinn skiptir máli í því samhengi. Ég ætla ekki að rengja þingmanninn um að það geti tekið sjö til átta ár að taka upp evruna. Við værum þá búin að taka hana upp ef það hefði verið hafinn sá leiðangur þegar við í Samfylkingunni lögðum hann til og við hefðum haft hana hér síðasta haust í okkar erfiðleikum og styrkinn af Evrópska seðlabankanum.

Það er auðvitað vont að það skyldi ekki vera gert strax þegar við lögðum það til. En það er skárra en ekkert að gera það núna því að það hefur áhrif á langtímahagsmuni okkar um áratugaskeið. Þingmaðurinn veit að í millibilsástandinu, þessi sjö, átta ár, þá getur Evrópusambandið hjálpað okkur við að halda utan um íslensku krónuna í einhvers konar EMR I eða III eða hvað við viljum kalla það og stutt einhver vikmörk á krónunni sem gæti gert það að verkum að við gætum fallið frá þeim gjaldeyrishöftum sem ég veit að eru eitur í beinum hv. þingmanns rétt eins og mínum, enda veit hann eins og ég að þau skaða (Forseti hringir.) íslenskan efnahag á hverri klukkustund sem þau gilda.

[11:13]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hvernig stendur á því að við erum hér á laugardegi, sumardegi að ræða þetta mál? Hvernig stendur á því ef það er svo mikið langtímamál? Af hverju getum við ekki rætt það í haust eða í vetur eða þegar við erum búin að leysa vanda heimilanna og fjölskyldnanna sem brýnt er að leysa en ekki er gert? Hvernig stendur á því? Það er vegna þess að einhver Svíi, einhver persóna, veitir einhverju forstöðu. Það liggja sem sagt einhver reiðinnar ósköp á af því að menn ætla að nýta sér einhverja persónulega klíku. Það þýðir að Evrópusambandið er ekkert lýðræðislegt. Það er ekki sama hver er formaður þar.

Menn keyra þetta áfram núna til að nota núverandi stöðu, til þess að nota það að þjóðin er að leita að skammtímalausn. Það er ekkert annað á bak við þetta. Ef ekki væri þessi vandi sem Evrópusambandið skapaði á Íslandi með röngum reglum og með offorsi og með því að ráðast á Íslendinga út af Icesave-málinu og vegna linkindar íslenskra ráðamanna á þeim tíma — maður spurði sig stöðugt: Í hvaða liði var hæstv. viðskiptaráðherra á þeim tíma, sérstaklega hvað varðar yfirlýsingar hans í *Morgunblaðinu* 13. október?

Þetta allt saman gerir það að verkum að menn nota sér það núna á laugardegi að keyra málið í gegn til þess að nýta sér það að mikil vandræði eru á Íslandi. Eftir þrjú, fjögur ár þegar þjóðin er komin út úr þeim dal sem hún er í hafa menn ekki lengur áhuga á að ræða þetta. Ég fullyrði það. Þá hafa menn ekki lengur áhuga á að ræða þetta þegar við erum búin að bjarga efnahagnum upp úr þessum öldudal.

Þess vegna er Samfylkingin núna að keyra á þetta mál á laugardegi, þ.e. til þess að nýta sér stöðuna, kreppuna, og lofa og lofa annars vegar og hóta og hóta hins vegar ef menn skyldu nú ekki fallast á tillögu þeirra.

[11:15]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þetta er nú býsna ósanngjörn lýsing hjá hv. þingmanni. Þingmaðurinn veit sem er að við erum hér komnir, alþingismenn Íslands, á sumarþing til þess að hlaða þær vörður sem þarf að hlaða í landi þar sem efnahagurinn hefur hrunið, sem fela í sér trúverðuga efnahagsstefnu, áætlun um endurreisn landsins og langtímastefnu sem skapað getur tiltrú í alþjóðasamfélaginu. Það gerum við með því að taka af festu á ríkisfjármálunum. Það gerum við með því að endurreisa bankakerfið í landinu og það gerum við með því að leggja af stað í þennan leiðangur (Gripið fram í.) og með því að efla gjaldeyrisforðann sem við þurfum til skamms tíma og ýmsum öðrum þeim ráðstöfunum sem við grípum til á þessu sumarþingi. Það er eðlilegt að við þurfum að taka til þess laugardag eins og nú. Það er eðlilegt að við getum þurft að taka til þess allt sumarið og þinga hér allan júlímánuð og allan ágústmánuð og allan septembermánuð. Okkur er engin vorkunn að því, síst mér og hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem stóðum hér vaktina í október og berum þess vegna auðvitað gríðarlega mikla ábyrgð.

Það sem skiptir máli er ekki hvernig hægt sé að redda þessu núna á tveimur til þremur árum því að það er mikið óraunsæi hjá hv. þingmanni að halda að við getum reddað efnahagsvandanum (Gripið fram í.) hér á tveimur til þremur árum. Við þurfum að skapa hér aðstæður til langtíma, til áratuga, almenn skilyrði fyrir íslenskt atvinnulíf og framtíðarsýn sem gerir það að verkum að það sé eftirsóknarvert fyrir fyrirtæki að starfa hér. Til þess verðum við að skapa stöðugleika, þann stöðugleika sem íslenska myntsamfélagið hefur aldrei getað boðið atvinnulífinu.

[11:17]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Eins og fram hefur komið ítrekað í máli hv. þingmanna er hér um að ræða eitt af þeim stærstu málum sem hafa komið fyrir Alþingi til ákvörðunar og ekki óeðlilegt að það muni taka nokkurn tíma að fara í gegnum öll þau sjónarmið sem þarf að líta til. Ég vil í upphafi máls míns taka undir þakkir til hv. formanns utanríkismálanefndar fyrir hans vinnu. Vinnan í nefndinni hefur gengið vel.

Sjálfur sat ég nokkra fundi nefndarinnar og varð ekki var við neitt annað en að þar væri vel haldið á málum og allt gert til að vinna þetta mál þannig að Alþingi gæti síðan tekið nokkuð góða afstöðu til þess máls á þeim gögnum sem þar hafa verið unnin.

Ég hef verið þeirrar skoðunar og hef skýrt frá þeirri skoðun opinberlega að fyrr eða síðar hlyti svo að fara að Ísland sækti um aðild að ESB. Ég hef byggt þá skoðun mína á tvennu. Annars vegar er það svo að okkur hefur gengið alveg frámunalega illa að stjórna peningamálum þjóðarinnar. Ég hef um langa hríð verið afskaplega ósáttur við það hvernig Seðlabanki Íslands rak sína peningamálastefnu og á sama tíma tel ég að hið opinbera, ríkið og sveitarfélögin, hafi ekki stutt þó þá viðleitni sem kannski var innan Seðlabankans til að ná þeim árangri sem stefnt var að. Þetta segi ég svona vegna þess að stundum efaðist maður um að Seðlabankanum væri sjálfrátt með þessa hluti af því að í grunninn var jú stefna Seðlabankans sú að Ísland tæki lán í útlöndum til að styrkja gengi krónunnar til að halda niðri verðbólgu. Með öðrum orðum, að taka lán í útlöndum til að halda niðri verðbólgu. Mér og mörgum öðrum þótti það algjörlega einsýnt að slík peningamálastjórn gæti aldrei staðist. En hið opinbera hjálpaði ekki heldur til. Útgjöld hins opinbera jukust alveg gríðarlega á síðustu árum til margra þeirra málaflokka sem okkur eru afskaplega kærir, velferðarmála, heilbrigðismála, samgöngumála, menntamála og allra þessara hluta sem við erum svo sammála um að þurfi að gera. En samanlögð áhrif þessa, samanlögð útgjaldaáhrifin voru til þess að auka allt spennustig. Með þessu var grafið undan íslensku krónunni og síðan þegar hið skelfilega hrun varð hér í haust tók steininn úr. Uppi geta menn haft rökstuddar efasemdir um það hvort möguleiki sé að koma íslensku krónunni aftur á koppinn. Ég reyndar er þeirrar skoðunar að hægt sé að sjá fyrir sér sambland hagstjórnar og peningamálastjórnar þannig að menn geti náð krónunni eðlilegri. Það er mjög erfitt og ég hef ekki enn þá séð neina greiningu frá Seðlabanka, ríkisstjórn eða neinum öðrum slíkum aðila um það hvernig ný peningamálastefna og samspil hennar við opinber fjármál ættu að virka til að hægt væri að gera það. Með hverjum deginum sem líður flækjumst við lengra og dýpra inn í haftakerfið með íslensku krónuna og það verður alltaf lengra til lands, til baka.

Þetta sjónarmið hefur aðallega ráðið því að ég hef velt fyrir mér hvaða leiðir standi okkur Íslendingum opnar og séu mögulegar hvað varðar okkar myntmál. Ein leið er sú að taka upp einhliða gjaldmiðil. Ég er þeirrar skoðunar og hef lýst henni að ég tel að það sé mjög torsótt að taka evru upp einhliða í ósátt við ESB. Pólitískar afleiðingar þess gætu orðið afskaplega slæmar. Þær mundu hafa áhrif á samstarf okkar innan EES og þar með raunverulega loka þeirri leið. Hin leiðin væri sú að taka upp dollar og í sjálfu sér er alveg ástæða fyrir okkur til að íhuga það mjög vel og mjög vandlega. Ég mun síðar í ræðu minni koma aftur að því sem snýr að evrunni.

Hitt atriðið sem hefur fengið mig til að komast að þeirri niðurstöðu að fyrr eða síðar yrði að sækja um aðild að ESB er það að við þurfum að ná einhvers konar botni í þetta mál. Það þarf að gerast að þjóðin taki afstöðu til málsins, að við sjáum nákvæmlega hvað slíkur aðildarsamningur hefur í för með sér og síðan væri hægt að taka afstöðu til þess samnings. Ég hef á hinn bóginn lengi vel verið í hópi þeirra sem hafa miklar efasemdir um að hægt sé að ná samningi við ESB sem sé þannig vaxinn að nokkrar minnstu líkur væru á því að íslenska þjóðin mundi segja já við slíkum samningi. Ég hef miklar efasemdir um það vegna þess að þeir hagsmunir sem undir liggja hjá okkur, sérstaklega í sjávarútvegsmálum, líka í landbúnaðarmálum og á ýmsum öðrum sviðum, eru bara þannig vaxnir að það er mjög erfitt að sjá fyrir sér að menn samþykki þær breytingar sem óumflýjanlegar eru og sem mundu fylgja því að við gengjum í ESB. Stundum er þannig talað að af því að við Íslendingar séum svo klókir samningamenn, við séum svo fylgin okkur og svo framvegis þá hljótum við einhvern veginn að geta samið okkur í gegnum þetta allt saman. En það er mikill munur á til dæmis EES-samningnum og því samningaferli sem lá þar að baki og síðan því að sækja um aðild að ESB. Þar er nefnilega allur munurinn á. Annars vegar var samningur og hins vegar er umsókn um aðild. Aðildarumsókn snýst einmitt um að fá að ganga í klúbbinn. Það er ekki umsókn um að fá að breyta öllum reglum klúbbsins. Ég vara því við því að stjórnmálamenn tali héðan úr þessum ræðustól og annars staðar þannig að íslenska þjóðin geti vænst þess að það verði einhverjar stórfelldar breytingar gerðar á löggjöf og lagaramma ESB til þess að auðvelda okkur inngöngu. Ég vara við því að búa til slíkar falsvæntingar.

Þá kemur að þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að sá aðdragandi og sá málatilbúnaður sem hér er hafður vegna mögulegrar aðildarumsóknar sé ekki þannig vaxinn að hægt sé að segja já við þessari tillögu eða styðja hana. Hvers vegna er það? Í fyrsta lagi er augljóst að ríkisstjórnin er klofin í þessu máli. Enginn reynir einu sinni að draga dul á það. Stjórnarliðar sjálfir játa það og viðurkenna, reyna auðvitað að fegra eins og þeir geta. (Gripið fram í.) En það er augljóst að þessi ríkisstjórn er klofin og alveg niður í rót. Ég tel afskaplega óheppilegt við slíkar aðstæður, að ríkisstjórn sem á greinilega svo óskaplega erfitt með að koma sér saman um þetta mál, sé í forustu fyrir því að fara í þessar samningaviðræður þegar jafnólík sjónarmið liggja að baki og hefur komið fram í máli hæstv. utanríkisráðherra annars vegar og hins vegar í máli hæstv. fjármálaráðherra. Þetta eru algjörlega pólarnir í umræðunni. Þess vegna tel ég eðlilegt, og ekki bara eðlilegt heldur nauðsynlegt, að leita víðtækara umboðs, að þjóðin verði spurð hvort hún vilji fara í þessa vegferð og þar með er komin upp allt önnur staða. Þar með er komin upp allt önnur staða fyrir ríkisstjórnina til að fylgja eftir þessu máli.

Það hefur líka komið fram í umræðunni, og verið mjög athyglisvert, meðal annars í svari hæstv. fjármálaráðherra við andsvari mínu við ræðu hans í gær þar sem hæstv. ráðherra sagði aðspurður að ef í það stefndi að þeir samningar sem unnið væri með væru einfaldlega ekki nógu góðir fyrir þjóðina, að þeir fullnægðu ekki hagsmunum íslensku þjóðarinnar, þá væri sjálfhætt, menn kæmu ekki heim með samning sem væri þannig að hann væri að mati þá væntanlega hæstv. fjármálaráðherra ekki nægilega góður. Hinum megin við það sama borð og þeir sitja sem eiga að taka ákvörðun um það hvort halda eigi áfram samningaviðræð-

unum mun — haldi þessi ríkisstjórn áfram að sitja — situr hæstv. utanríkisráðherra sem virðist hafa allt aðrar skoðanir á því hvaða svigrúm og við hvað hægt sé að lifa þegar kemur að regluverki ESB. Sérstaklega rekur mig minni til ágætra ummæla hæstv. utanríkisráðherra um sjávarútvegsmál og möguleika Íslendinga til að búa við það kerfi. Ríkisstjórnin ætlar því að fara í þessa vegferð klofin niður í rót, hafandi lýst því yfir meðal annars hæstv. fjármálaráðherra að samningaviðræðum verði hætt ef þannig horfir fram að það sé ekki hægt að ná fram markmiðunum og það er fullkominn klofningur í ríkisstjórninni um það hvernig muni á það eiga að horfa.

Í öðru lagi er það þannig að þegar þessir flokkar sem nú mynda ríkisstjórnina gengu til kosninga þá var annar flokkurinn mjög ákveðinn í því að það ætti að sækja um aðild að ESB og er þá vægt til orða tekið en hinn flokkurinn var mjög ákveðinn í því að það ætti ekki að sækja um aðild að ESB og er þá aftur nokkuð vægt til orða tekið. Ekki er hægt að halda því fram að niðurstaða þessara kosninga hafi með nokkru móti gefið til kynna að það ætti að sækja um aðild þegar menn líta á samsetningu ríkisstjórnarinnar. Á móti kemur að Framsóknarflokkurinn og Borgarahreyfingin höfðu léð máls á slíku, Framsóknarflokkurinn reyndar með gífurlega ströngum skilyrðum sem má líkja við það að hugmyndin gengi út á það að Evrópusambandið gengi í Ísland en ekki öfugt. En gott og vel, menn voru þó skýrir í sinni afstöðu. En þeir tveir flokkar sem mynduðu ríkisstjórnina geta ekki haldið því fram að þeir hafi haft umboð kjósenda sinna til að fara af stað í þessa vegferð. Það veikir enn frekar málatilbúnað ríkisstjórnarinnar og um leið þá möguleika sem ríkisstjórnin hefur til að fara í þessa erfiðu og flóknu samninga.

Í þriðja lagi verður það að segjast eins og er að tímasetningin er afskaplega óheppileg svo ekki sé meira sagt. Hér stöndum við í miðjum Icesave-deilunum þar sem Evrópusambandið er einn aðili máls augljóslega og hefur beitt okkur Íslendinga mikilli hörku í samningaviðræðunum. Ég held að það sé ekki óeðlileg krafa að þjóðin fái að segja sína skoðun á því hvort hún vilji við þessar aðstæður sækja um aðild eða hvort hún vilji þá í það minnsta klára þá samninga — ef þeir samningar verða gerðir á annað borð — að það mál verði frágengið áður en menn senda inn umsóknina. Það væri alveg eðlileg krafa. En það er mikill flýtir í málinu og hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að það sé vilji Samfylkingarinnar að umsóknin fari út í næstu viku. Gott og vel, það er staðan. Ég tel að þau atriði sem ég hef nefnt hér skýri það mjög vel hvers vegna við sjálfstæðismenn höfum lagt á það áherslu að það verði þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort við viljum sækja um.

Síðan snýr alveg sérstök umræða að hinni stjórnskipulegu meðferð mála þegar samningur liggur fyrir. Við það gerum við sjálfstæðismenn miklar athugasemdir. Við teljum að það verði að búa mál þannig að þjóðin eigi síðasta orðið, að þannig sé um hnúta bundið að enginn vafi geti leikið á því að síðasta orðið um það hvort Ísland gerist aðili að ESB eða ekki verði þjóðarinnar. Sú aðferð og sá málatilbúnaður sem glittir í í greinargerðinni frá meiri hluta utanríkismálanefndar bendir til þess að menn ætli sér að fara aðra leið. Þar eru reyndar alveg furðulegar vangaveltur um það sem kallað er móralsskylda þingmanna að fara eftir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu og er áhugavert að velta því öllu saman fyrir sér svolítið. Í fyrsta lagi hefur það komið fram í þingsölum að minnsta kosti í einu tilviki þar sem hv. þingmaður hefur verið spurður sérstaklega um þetta mál, hvort að hann hyggist fara eftir slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu gangi hún gegn samvisku hans og sannfæringu. Svar þess þingmanns var afdráttarlaust nei, enda er það svo, hv. þingmenn, að stjórnarskrá lýðveldisins er einu sinni þannig að menn eru bundnir sannfæringu sinni, ekki kjósendum heldur sannfæringu sinni. Og það er alveg furðulegt að sjá það bara á prenti frá meiri hluta utanríkismálanefndar að menn telja að það sé einhvers konar mórölsk binding í því hvernig slík þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram eða hver niðurstaða hennar yrði. Menn geta líka skoðað hvaða mögulegu aðstæður geta myndast. Hér gæti til dæmis farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla á grunni þeirrar aðferðar sem ríkisstjórnin virðist leggja upp með, þ.e. ekki bindandi heldur ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla. Segjum sem svo að hún fari mjög tæpt, það sé ekki jafnvel mikil þátttaka, hún rétt uppfylli einhver lágmarksskilyrði og jafnvel að það séu engin lágmarksskilyrði. Segjum að atkvæðagreiðslan fari þannig að 50,1% segi nei og 49,9% segi já. Gefum okkur það nú að þingmeirihlutinn sé þannig saman settur að meiri hluti þingmanna hafi sannfæringu fyrir því samt sem áður, þrátt fyrir þessa naumu niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslunni, fyrir neiinu, að það sé samt sem áður rétt að segja já við samningnum. Þá getur sú staða komið upp að Alþingi ákveði að Ísland gangi í ESB þrátt fyrir að þjóðaratkvæðagreiðsla sem var jú bara leiðbeinandi hafi sagt annað. Svo getur auðvitað hin niðurstaðan orðið að þjóðaratkvæðagreiðslan segi já og Alþingi segi nei. Einhverjar yfirlýsingar forustumanna ríkisstjórnarinnar um að þetta hljóti að verða bindandi niðurstaða fyrir alla stjórnmálamenn og stjórnmálaflokka eru alveg út í hött eins og hefur komið svo skýrt fram nú þegar í þingsalnum þegar einn stjórnarliða var spurður nákvæmlega þessarar spurningar, enda væri bara slíkt brot á stjórnarskránni. Þetta atriði og þau atriði sem ég hef reifað áður gera það því að verkum að þrátt fyrir að ég telji að það hljóti að koma að því að við Íslendingar sækjum um aðild að ESB þá skiptir máli hvernig það er gert, hvernig það er undirbúið og undirbyggt og sú leið sem ríkisstjórnin hefur verið að fara er óásættanleg.

Þá vil ég víkja máli mínu að ESB og hvað skipti máli fyrir okkur þegar við vegum og metum hvort við viljum ganga inn í þetta samband. Þá er fyrst til að taka það sem margrætt hefur verið í þessum sal, þ.e. spurningin um evruna. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé það einasta sem gæti skipt máli fyrir okkur og verið hagkvæmt fyrir okkur að ná í með því að ganga inn. Það er engin launung á því að íslenska krónan hefur reynst okkur erfið. Það væri heilmikið unnið með því að hafa stöðugri gjaldmiðil eins og til dæmis evruna. En mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir því að það er ekki heldur gallalaus lausn. Sú lausn að taka upp evruna leggur engu minni byrðar á hið opinbera hvað varðar hagstjórn og hvernig hagstjórn er háttað. Við sjáum það bara í mörgum þeirra landa sem nú þegar hafa tekið upp evruna og eru innan ESB að þar geta

menn heldur betur runnið til á svellinu og jafnvel dottið niður með miklum dynk. Er nærtækt dæmi Írland þar sem írska hagkerfið á í miklum erfiðleikum núna vegna þess að þróun evrunnar miðað við pund og dollar er írskum útflutningi afar óhagstæð. Það þýðir að útflutningur hefur verið að dragast saman, atvinnuleysi að aukast, að efnahagsörðugleikar írsku þjóðarinnar hafa verið að magnast. Samdrátturinn hefur orðið meiri og meiri og það er mjög erfitt fyrir írsk stjórnvöld að grípa til nokkurra þeirra efnahagsaðgerða sem snúa þessari þróun við af því að vandinn felst í þróun evrunnar sem Írland hefur afskaplega lítil áhrif á. Rétt er að taka það fram úr því að ég nefni hér stöðu Íra að evran gat ekki bjargað írska bankakerfinu vegna þess að til þess að koma í veg fyrir hrun írska bankakerfisins þurfti írska ríkið að ábyrgjast allar skuldir írsku bankanna. Þrátt fyrir það að evran væri lögeyrir írsku þjóðarinnar þurfti slíka aðgerð til til þess að bjarga bankakerfinu. Þannig var staða Íra.

Staða Spánverja er jafnvel verri. Þar er nú um 20% atvinnuleysi. Spánverjar þekkja auðvitað á eigin skinni atvinnuleysi en höfðu náð heilmiklum árangri sem nú virðist vera fokinn út í veður og vind og atvinnuleysið fer stigvaxandi og efnahagsörðugleikar Spánverja gætu orðið umtalsvert miklu verri. Enn á ný er erfitt fyrir Spánverja að bregðast við stöðu mála og gæti jafnvel orðið enn erfiðara þegar fram líða stundir þegar vextir munu hækka í Evrópu sem ég tel algerlega fyrirsjáanlegt í ljósi þess hversu miklu fjármagni hefur verið pumpað inn í hagkerfið af seðlabönkum bæði Evrópu og Bandaríkjanna. Fram undan eru augljóslega vaxtahækkanir sem munu reynast því ríki mjög erfiðar.

Það felast því bæði kostir og gallar í því fyrir Ísland að taka upp evruna. Gallarnir fyrir okkur eru einmitt þeir að þar með fer ákveðinn sveigjanleiki úr kerfinu. Menn geta bara velt því fyrir sér hver staða okkar væri núna hvað það varðar að til dæmis hefur orðið mikið verðfall á mikilvægum afurðum okkar, útflutningsafurðum eins og saltfiski. Verð á saltfiski hefur fallið um tugi prósenta og sama gildir reyndar um aðrar sjávarvörur sem við höfum selt á erlenda markaði að það hefur orðið mikið verðfall á undanförnum mánuðum og missirum. Ef við byggjum við evruna sem hefur verið að styrkjast þá sjá menn í hendi sér hvaða afleiðingar það hefði haft fyrir þá grein. En á móti kemur — ég viðurkenni það fúslega — að við stöndum frammi fyrir því að íslenska myntin, af þeim orsökum sem ég ræddi áðan, er svo stödd að það þarf gjaldeyrishöft utan um hana og það er ekkert við það búandi. Þess vegna, enn og aftur, hef ég verið tilbúinn til að fallast á að rétt sé að skoða þá leið sem felst í ESB-aðild til að menn geti þá lagt mat á það og tekið þá hana af borðinu ef þeir segja að ekki sé hægt að fara hana vegna þess að hagsmunum Íslands sé bara einfaldlega ekki borgið innan ESB.

Ég vil líka taka það fram varðandi evruna að þegar menn segja, margir hv. þingmenn og aðrir álitsgjafar úti í þjóðfélaginu, að kosturinn við að sækja um aðild sé sá að um leið og við eru komin inn þá grípi Evrópski seðlabankinn utan um okkur, tekur okkur í sinn náðarfaðm og að það muni hjálpa okkur svo hratt að losna við höftin. Þá verða menn að muna að þegar þeir fara í ERM II kerfið þá hafa þeir vissulega aðgang að Evrópska seðlabankanum þannig að þeir geti tekið þá lán. En það eru lán sem þarf að borga til baka. Þannig er að íslenska þjóðin þarf að halda gengi krónunnar innan ákveðinna vikmarka 15% upp og annarra 15% niður á við. Innan þeirra marka þarf að halda krónunni til þess að við byrjum að fullnægja Maastricht-skilyrðunum, fyrir utan auðvitað skuldastöðu og annað slíkt. En það mun kosta mikla peninga. Það getur kostað reyndar alveg gríðarlega fjármuni sem alla þarf að greiða til baka þannig að það eina sem gerist með því að fara inn í ERM II er að við höfum aðgang að lánsfé. Gott og vel, það er kostur en það er ekki það stórkostlega bjargráð sem sumir ímynda sér.

Vil ég þá nefna reynslu Letta sem áttu von á því að geta tekið upp evruna árið 2008. Reynsla þeirra er — hver? Hún er ekki svo ósvipuð okkar. Þeirra staða er sú að það var gríðarleg hækkun á húsnæðisverði. Það var gríðarlegur vöxtur í fjármálastarfsemi. Það varð hrun hjá þeim þannig að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varð að koma þeim til hjálpar. Ríkisstjórnin féll í kjölfar óeirða í janúar síðastliðinn. Vandamál þeirra eru jafnvel umtalsvert verri en okkar af því að við eigum þó miklar auðlindir til að nota til að vinna okkur út úr þeim vanda sem við búum við. En því er ekki til að dreifa í jafnríkum mæli í Lettlandi. Þar eru menn í ERM II. Þar eru menn í forsal evrunnar. Samt sem áður ganga þau áföll yfir sem ég lýsti. Enn og aftur brýni ég hv. þingmenn að vekja ekki hjá íslensku þjóðinni falsvonir um að það sé leikur út úr þeirri stöðu sem við nú erum í að sækja um aðild. Það kann að hjálpa. En vera kann líka að það hjálpi lítið og jafnvel ekki neitt. Menn verða að hafa augun opin í þessu.

Síðan vil ég segja um evruna að það er líka rétt að hafa í huga að við erum að horfa til langs tíma. Ég heyri á ræðum margra hv. þingmanna sem vilja ganga í ESB að þeir gera sér vel grein fyrir því að hér er fyrst og síðast um langtímamál að ræða. Þá þurfum við líka að horfa aðeins til langtímahorfa vaðandi framtíð ESB og hvert það stefnir. Til dæmis er rétt að velta því aðeins fyrir sér hvernig evrunni mun reiða af í þeim hildarleik sem nú stendur yfir og þar er rétt að horfa til þess að langflest ríki ESB eru komin út fyrir Maastricht-skilyrðin. Maastricht-skilyrðin voru sett vegna þess að menn sögðu: Grundvallarforsenda fyrir því að evran gangi upp er að menn geti ekki leikið þann leik að taka ekki ábyrgð á sínum ríkisfjármálum, þ.e. leyfa sér að reka sinn eigin ríkissjóð með miklum halla en njóta stöðugs gengis evrunnar vegna þess að aðrir í myntsamstarfinu sýni aga í sínum ríkisfjármálum. Til þess að koma í veg fyrir þetta voru Maastricht-skilyrðin sett, þ.e. til að tryggja að allir færu eftir þessum reglum til þess að undirbyggja þannig stöðu evrunnar. Allt þetta kerfi er nú undir brot og slit og það skiptir miklu máli hvernig Evrópuþjóðunum tekst að vinna akkúrat úr þessari stöðu. Rétt er því að hafa þetta í huga þegar við veltum fyrir okkur evrunni og mikilvægi hennar fyrir okkur.

Síðan, frú forseti, tel ég rétt að víkja nokkrum orðum að meginhagsmunamálum okkar Íslendinga. Hlýt ég þá að staðnæmast fyrst við sjávarútvegsmálin. Augljóst er að mikil samstaða um er það hér í þingsalnum að þeir mikilvægu hagsmunir sem Ísland á og sú mikla auðlind sem við búum að er þannig þjóðinni mikilvæg að ekki er hægt að sjá fyrir sér að við afsölum okkur forræði yfir auðlindinni

til annars ríkis eða ríkjasambands. Þetta er grundvallaratriði. Jafnvel má halda því fram að sú kynslóð Íslendinga sem nú lifir í landinu hafi einfaldlega ekki rétt til þess og leyfi að afsala sér yfirráðunum yfir þessari auðlind fyrir hönd komandi kynslóða. Það er í það minnsta mikið umhugsunarefni.

Enn á ný minni ég á að forustumenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, virðast hafa mjög ólíkar skoðanir á því við hvað hægt sé að búa þegar kemur að regluverki ESB í þessum málum. Hugmyndin er sú virðist vera að ef samningurinn virðist ekki fullnægja þörfum okkar Íslendinga þá sé engin ástæða til að halda samningaviðræðum áfram og menn hætti leik. Enn á ný kemur fram um leið og maður byrjar að skoða það sem snýr að sjávarútvegsmálunum að það er svo augljóst að strax mun reyna akkúrat á þennan ágreining, því miður. Hæstv. fjármálaráðherra lagði reyndar áherslu á það í sinni ræðu hér í gær að menn ættu að byrja á þeim kaflanum vegna þess að ef menn sæju þar fram á að komast hvorki lönd né strönd þá væri þessu öllu saman sjálfhætt.

Enn á ný vil ég vara við því að menn gefi þjóðinni falskar væntingar um að það sé hægt að fá Evrópusambandið til að gjörbreyta sjávarútvegsstefnu sinni eða veita varanlegar undanþágur. Ég tók eftir því í ferð sem ég fór með Evrópunefnd Alþingis hér fyrir nokkrum mánuðum til Brussel til að ræða þar við forráðamenn sambandsins að ítrekað kom þar fram, bæði á opinberum fundum og í persónulegum samtölum að menn gætu beðið um alls konar undanþágur en þeir gætu bara ekki beðið um varanlega undanþágu, það væri lykilatriði.

Síðan hjó ég eftir því í áliti meiri hlutans að þar var það nefnt að í því væri nokkur vörn fyrir Íslendinga hvernig skipað væri málum í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar væru ákveðin réttindi tryggð. Ég held að þetta sé mýrarljós vegna þess að hvað svo sem þeim sáttmála líður þá er það þannig að við erum að sækja um aðgang að ákveðnum klúbbi og við munum ekki ryðjast þangað inn með lagarökum. Við munum ekki koma og segja: Við viljum ganga inn í ESB og hér eru nú ýmis alþjóðleg lög og í krafti þeirra skuluð þið veita okkur þetta og veita okkur hitt. Augljóslega gengur það ekki þannig vegna þess að þá værum við auðvitað ekkert að sækja um aðild að þessum klúbbi og þessi klúbbur mun ekkert veita okkur aðild á slíkum forsendum. Mér finnst þetta vera dæmi um það hversu langt menn telja sig geta teygt sig og vilja teygja sig til þess að leysa það sem mér sýnist nú vera hið óleysanlega. En gott og vel, við munum láta á þetta reyna og það verður svo þjóðin sem tekur sína endanlegu ákvörðun.

Sama gildir reyndar um ákvarðanir um samninga um veiðar úr deili- og flökkustofnum. Slíkar veiðar eru orðnar mjög mikilvægar fyrir okkur Íslendinga og ætli það sé ekki þannig að um það bil einn þriðji af tekjum sjávarútvegsins kemur vegna veiða úr slíkum stofnum. Engum vafa er undirorpið að gerist Ísland aðili að ESB fer samningsforræðið yfir þeim veiðum frá okkur Íslendingum og til ESB. Um það þarf enginn að efast. Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir þessu frá því að þeir fara af stað í þessa vegferð og mun að sjálfsögðu verða eitt af þeim málum sem þjóðin þarf síðan að skera úr um, þ.e. hvort hún sætti sig við þá niðurstöðu sem kemur.

Sama gildir um landbúnaðinn. Forustumenn landbúnaðarins sem mættu á fundi hjá utanríkismálanefnd höfðu miklar áhyggjur af þróun mála og sögðu í raun að þeir gætu vart hugsað sér það að leggja upp nein sérstök samningsmarkmið fyrir ríkisstjórnina í málinu, þeir væru bara á móti því að sótt væri um aðild vegna þess að þeir gátu ekki séð neitt annað en að það mundi reynast landbúnaðinum mjög þungt að ganga inn. Vissulega hafa ríki eins og Finnland og fleiri fengið ákveðnar undanþágur sem byggja á hinum svokallaða heimskautabúskap en meira að segja að því virtu mátti skilja á forustumönnum landbúnaðarins að það mundi reynast Íslendingum erfitt.

Að lokum vil ég nefna eitt sem mér er nokkuð hugleikið hvað varðar Evrópumálin og Evrópuþróunina að það einmitt skiptir máli hvert þetta samband stefnir, þ.e. munum við horfa á samband þar sem samvinnan mun aukast og dýpka eftir því sem fram líða stundir eða mun núverandi ástand verða leiðandi fyrir sambandið næstu áratugina eða mun það draga úr samvinnu sinni og færast kannski meira í áttina að því fyrirkomulagi sem er um Evrópska efnahagssvæðið á grundvelli EES-samningsins? Um þetta er erfitt að spá. En þetta skiptir miklu máli fyrir þjóð sem vill ganga inn í ESB. Erum við að ganga í ríkjabandalag sem stefnir að því að þróast í áttina að því sem við sjáum til dæmis í Bandaríkjunum þar sem alríkið er ráðandi og ríkin raunverulega bara hluti, stjórnsýslueiningar innan þess en ekki sjálfstæð ríki eða erum við að horfa á einhverja aðra þróun sem sennilega væri okkur flestum Íslendingum meira að skapi?

Þá er rétt að horfa til þess að þegar ESB tók upp eina mynt, evruna, þá var þar með stigið mjög stórt skref í áttina að auknu og dýpra samstarfi á milli ríkjanna í efnahagsmálum sérstaklega, í ríkisfjármálum. Mín spá er sú að það muni líka ýta undir aukið samstarf í skattamálum. Allt mun þetta leiða til aukins samruna bæði á breiddina og á dýptina. Þá kemur upp mjög áhugaverð spurning um hvernig mönnum takist að tengja saman aukið vald í Brussel, efnahagslegt, pólitískt vald, við lýðræðið og svo er það aðkoma almennings í löndunum að því valdi. Það er erfitt mál því að til þess að menn geti kosið saman þá þurfa þeir að eiga sameiginleg málefni til þess að það sé einhver merkingarbundin kosning. Það getur reynst erfitt til dæmis fyrir kjósendur í Finnlandi að finna hinn sameiginlega grunn með kjósendum í Grikklandi, Frakklandi, eða hvar sem það er, þannig að þeir skynji sig sem hluta af heild.

Þess vegna hefur Evrópusambandið brugðist við með til dæmis Lissabon-samningnum og var það hugsað í fyrirrennara þess samnings sem var einhvers konar vísir að stjórnarskrá að það skiptir einmitt máli að búa til ýmsar þær stofnanir innan ESB sem leggja grunn að sameiginlegum viðmiðum og að sameiginlegri hugmynd um hvað það sé að vera Evrópubúi. Það væru þá hlutir eins og auðvitað fáninn, þjóðsöngur, sameiginleg utanríkisstefna, sameiginleg mynt, sameiginlegur forseti, sameiginleg ríkisstjórn og svo framvegis. Þetta er ekkert ósvipað því sem við sjáum i Bandaríkjunum. Einmitt á grundvelli þessa hljóta menn að velta fyrir sér hver þróunin verði. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að með því stóra skrefi að evran var tekin upp þá hljóti

sambandið að þróast í átt til aukinnar samvinnu bæði á breiddina og dýptina, að það sé það afl sem muni reka sambandið áfram í þá áttina. Þetta þurfum við að hafa í huga þegar við sendum inn umsókn um aðild að ESB.

Að lokum, frú forseti, þar sem tími minn er nú við það að renna út þá vil ég ítreka þakkir mínar til utanríkismálanefndar og nefndarmanna þar fyrir það góða starf sem þar var unnið. Ég ítreka einnig að það mun valda mér miklum vonbrigðum ef þær breytingartillögur sem við sjálfstæðismenn höfum lagt hér fram verða ekki samþykktar af því að ég tel að með því að samþykkja þær — bæði að þjóðin fái að segja skoðun sína á því hvort við eigum að sækja um og að tryggt verði að þjóðin eigi síðasta orðið þegar kemur að því að ákveða hvort ganga eigi í ESB eða ekki — að verði þær samþykktar þá sé hægt að sjá fyrir sér breiða pólitíska samstöðu um þetta mál. Þannig væri hægt að ná þeirri samstöðu. Ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir hafa enn þá tækifæri til þess ná þeirri samstöðu, taka tillit til þessara breytingartillagna og fara af stað í þessa vegferð með ríka pólitíska samstöðu að baki sér. Á því yrði mikill munur miðað við það sem því miður er lagt hér upp með.

[11:58]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Nokkur atriði, frú forseti, vildi ég gera hér að umræðuefni. Í fyrsta lagi tel ég að þingmaðurinn hafi tekið heldur ónákvæmt til orða um afstöðu mína til ESB og sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna og tengsl Íslands við það hugsanlega í framtíðinni. Í öðru lagi er ég honum algjörlega sammála um að menn eigi að gæta að því að búa ekki til óraunhæfar væntingar til dæmis um afleiðingar evrunnar. Í þriðja lagi finnst mér sem innan í hjarta þingmannsins ómi nú ákveðinn óður til gleðinnar. Ég kemst ekki að annarri niðurstöðu eftir að hafa hlustað á hann.

Mig langar aðeins að fara yfir það sem hv. þingmaður hefur sagt um evruna núna og áður. Hann hefur lengi verið þeirrar skoðunar að við þurfum að skipta um gjaldmiðil. Hann sagði hér í ræðu sinni í upphafi að hann teldi að í stöðunni væri það kannski besti kosturinn ef hægt væri að taka upp evruna. Hann sagði hins vegar að það væri alls ekki hægt að taka hana upp einhliða, meðal annars vegna afstöðu og andstöðu Evrópska seðlabankans. Hann komst að þeirri niðurstöðu undir miðbik sinnar ræðu að það sem þyrfti að gerast væri að það yrði látið reyna á aðild að ESB og síðan þyrfti þjóðin að taka afstöðu til þess, hugsanlega með þeim umbúnaði sem kemur fram í breytingartillögum þeirra. En svo sagði hann að hann hefði mjög miklar efasemdir um að þjóðin samþykkti samninginn. Hann taldi sem sagt að hann yrði felldur og þá þyrfti að skoða aðra kosti eins og til dæmis dollarann, sagði hann.

Ef þetta er svona, ef hann telur nú þegar, jafnvel þrátt fyrir þær breytingartillögur sem hann hefur sett fram, að þjóðin muni ekki samþykkja samning að Evrópusambandinu þá spyr ég hv. þingmann, af því að hann er lógískur og greindur ungur maður á uppleið: Af hverju leggur hann þá bara ekki til að Íslendingar taki upp dollarann? Það er hin eina lógíska niðurstaða af ræðu hv. þingmanns. Ég spyr hann: Af hverju sveipaði hann þá niðurstöðu öllum þessum umbúnaði? En þetta var kjarninn í því sem hann var að segja ef ég reyni bara að greina það svona út frá þeirri sömu rökræðu og hann beitti í sinni ræðu.

[12:00]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hvað varðar ummæli hæstv. utanríkisráðherra um sjávarútvegsmálin held ég að minni mitt bresti ekki, en að fyrir nokkrum árum hafi komið fram að hann væri sammála þeim sjónarmiðum að erfitt væri að fá varanlegar undanþágur en að hægt væri að sníða mál þannig að við gætum búið við regluverkið sem Evrópusambandið byggi við í sameiginlegri fiskveiðistjórnarstefnu sinni. Nú kann að vera að mig misminni en ég man ekki betur en að svo hafi komið fram hjá ráðherranum, en þá var hann reyndar hv. þingmaður.

Varðandi evruna, þá er það alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir að það sem hefur valdið því að ég hef ljáð máls á að eðlilegt sé að við sækjum um aðild að ESB snýr einmitt að þessum vandamálum sem við eigum í hvað varðar myntina. Ég tók það fram í ræðu minni að ég væri þeirrar skoðunar að menn gætu séð fyrir sér eitthvert fyrirkomulag í hagstjórn sem gerði það að verkum að hægt væri að búa við íslensku krónuna. Slíkt fyrirkomulag kallar á mikinn aga, mikla festu, og ég hef enn þá ekki séð, hvorki hjá Seðlabankanum né frá ríkisstjórninni, nein þau plön eða þá aðferðafræði sem menn geta byrjað að ræða til þess að skoða þann valkost. Ég vil sjá hvernig slíkur samningur liti út sem við gætum gert við Evrópusambandið. Hvort menn væru tilbúnir til þess að færa þær fórnir sem í honum fælust — að mínu mati alveg örugglega — sem snúa að sjávarútvegsmálum sérstaklega og hins vegar þá kosti sem gætu fylgt því að taka upp evruna. Á sama tíma segi ég reyndar að það er ekki gallalaust fyrirkomulag.

Reynist það ekki ganga eftir, sem ég tel mjög líklegt eins og hæstv. ráðherra benti réttilega á, stöndum við frammi fyrir ákveðnum valmöguleikum. Einhliða upptaka evru í andstöðu við ESB, sem ég tel að sé allt að því útilokuð, upptaka dollars sem þá væri einn kosturinn eða þá að menn haldi áfram að vinna með íslensku krónuna, en geri það ekki eins og gert var hér áður fyrr, það er þó ljóst í mínum huga.

[12:02]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það sem hv. þingmaður hefur eftir mér um sjávarútveginn er ekki ónákvæmt. Það er alveg rétt hjá honum að ég hef orðað þetta með þeim hætti að jafnan þegar ég hef sagt að við þurfum ekki á varanlegum undanþágum að halda hef ég bætt við að í ljósi reynslunnar telji ég að hægt verði að fá sérlausnir sem byggjast á núverandi reglum og líka eins og þær eru að þróast í grænbókinni.

Komum þá aftur að evrunni. Það hefur enginn Íslendingur, nema hugsanlega formaður Sjálfstæðisflokksins, talað jafnsterklega fyrir þeim ávinningi sem væri hægt að fá af upptöku evrunnar eins og hv. þm. Illugi Gunnarsson. Þegar hann talar um að menn eigi að gæta þess að skapa ekki óraunhæfar væntingar minni ég hann á þær greinar og þau

viðtöl sem tekin voru og skrifuð af honum og hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins. Þar voru það þeir sem bjuggu til töluvert sterkar væntingar um hverju væri hægt að ná fram með upptöku evrunnar.

Ég vísa síðan til þess að — reyndar spyr ég hv. þingmann: Var það þá svo að hann hafi talað um þetta í aðdraganda landsfundar Sjálfstæðisflokksins, en verið á þeirri skoðun sem hann lýsir hér, að það sé ekki nokkur vegur að fá þetta samþykkt hér á Íslandi? Þá mundi maður nú segja að hv. þingmaður hafi verið að tala í plati en ég veit að hann gerir það ekki. Ég vek hins vegar líka eftirtekt á þeim væntingum sem koma fram í tillögunni sem hann stóð að varðandi Evrópusambandið, þ.e. þar er bara í gadda slegið að menn ættu að láta á það reyna í aðdraganda og upphafi slíkra samningaviðræðna að ná samkomulagi við Evrópska seðlabankann um stuðning við núverandi stöðu okkar og íslensku krónunnar. Hv. þingmaður virðist því hafa verið þeirrar skoðunar fyrir sex vikum að eftir nokkru væri að slægjast í þeim efnum.

[12:04]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Fyrst hvað varðar þá fullyrðingu hæstv. utanríkisráðherra að hann hafi ekki heyrt aðra Íslendinga tala fastar fyrir evru og kostum hennar en þann sem hér stendur (**Utanrrh.:** Nema Bjarna.) nema Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, þá verð ég að segja að það skýrir hið hamingjusama líf sem hæstv. ráðherra virðist eiga. Það segir mér að hann sleppur við að hlusta á eigin flokksmenn, það er auðvitað öfundsvert hlutskipti og vildi ég gjarnan eiga orðastað við ráðherrann um hvernig hann fer að þessu. En gott og vel.

Hvað varðar evruna endurtek ég þetta: Það eru augljóslega kostir við upptöku evru og líka gallar. Evra verður ekki tekin hér upp á Íslandi nema við göngum inn í ESB, að ég tel og hef fengið fyrir því sannfæringu. Að ganga í ESB þýðir að við þurfum að öllum líkindum, og ég tel það langlíklegast, að fórna yfirráðum okkar yfir fiskveiðiauðlindinni. Ég tel, og það er þess vegna sem ég var þeirrar skoðunar að það ætti að sækja um, að við þurfum að sjá nákvæmlega hvernig slíkur samningur lítur út þannig að þjóðin að endingu geti fellt sinn dóm. Það er lykilatriði.

Verði niðurstaðan sú að þjóðin segi: Við viljum ekki gefa frá okkur þessi fullu yfirráð, við teljum okkur ekki geta búið við þær tímabundnu undanþágur sem verða veittar þá er það niðurstaðan og menn verða að vera tilbúnir til þess að leita annarra leiða. Þá eru tvær leiðir í boði, alla vega þegar horft er til næstu ára, þ.e. að búa áfram við íslensku krónuna og þá með allt öðruvísi framkvæmd peningamálastefnunnar og samspili hennar við ríkisfjármálin en verið hefur — eða einhvers konar einhliða upptaka á annarri mynt, dollara eða hvað það nú er.

Aðalatriðið er að þetta hef ég og margir aðrir sett fram í ljósi þeirra aðstæðna sem hafa þróast hér á undanförnum mánuðum og missirum. Það er engin þversögn fólgin í þessari afstöðu þegar menn síðan segja: Sá málatilbúnaður sem ríkisstjórnin hefur um það hvernig á að sækja um aðild að ESB er ófullnægjandi (Forseti hringir.) hvað varðar upphaf málsins og endi þess, rétt þjóðarinnar til að segja sína skoðun, hvort við eigum að fara inn í sambandið og hvernig við eigum að taka á samningnum.

[12:06]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hafa margir slegið í og úr í Evrópumálum á síðustu mánuðum og kannski ekki skrýtið af því að hér er um að ræða nokkuð umfangsmikið og flókið mál. Þingmaðurinn flutti áðan ágæta málsvörn þeirra sem hafa efasemdir um flest sem að þessum málum lýtur. Eitt mikilvægt nefndi hann sérstaklega, þ.e. að ná breiðri samstöðu, pólitískri og úti í samfélaginu, um að sækja um aðild. Það er nákvæmlega það sem gerðist í vetur og hefur gerst á liðnum árum í umræðunni um Evrópumálin. Æ fleiri hafa komist að þeirri niðurstöðu að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu, leiða það til lykta í samningaviðræðum og ganga síðan með samninginn til þjóðaratkvæðis.

Síðan geta menn deilt hér um formið á þessu öllu saman og um ýmis tæknileg atriði, dregið upp svartar myndir af auðlindaafsali og bandaríkjum Evrópusambandsins, en ekkert bendir til þess að þau séu að myndast heldur þvert á móti að bandalagið sé að þróast í hina áttina, en miklu skiptir hin breiða samstaða sem þingmaðurinn talaði um áðan. Þess vegna var mikið ánægjuefni hvernig hann og félagar hans gengu fram í vetur þegar þeir sögðu að tími væri kominn til þess að taka þetta mál út fyrir flokkafarveginn, svo ég vitni beint í þingmanninn úr fréttum Ríkisútvarpsins 13. desember.

Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Flokkarnir geta haft sína afstöðu í þessu máli, Sjálfstæðisflokkur og aðrir. Aðrar þjóðir eins og Norðmenn hafa í tvígang tekið þetta út úr flokkafarvegi og farið með þetta í lýðræðislegan farveg sem er skynsamlegur og málið einfaldlega það stórt að flokkarnir eiga ekki að sitja á því.“

Ég er honum hjartanlega sammála, hef talað fyrir sama sjónarmiði í mörg, mörg ár. Þess vegna undrar mig hvað þingmaðurinn telur úr Alþingi Íslendinga að fara þessa leið, að sækja um aðild, ná samningi og fara með hann fyrir þjóðina, þegar ekkert hefur í sjálfu sér breyst annað en að rökin og samstaðan um að sækja um aðild virðist hafa aukist í samfélaginu og vísa ég þar aftur í (Forseti hringir.) greinaskrif og samflot verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda.

[12:09]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson tæpti á er mergur málsins. Við sjálfstæðismenn höfum leitað mjög eftir því hér í þinginu að ná þverpólitískri samstöðu um þetta mál. Við höfum nefnilega sagt: Það er ekki sama hvernig þetta er gert.

Ég fór í ræðu minni yfir hvers vegna við flytjum þær breytingartillögur við tillögu ríkisstjórnarmeirihlutans sem við höfum gert, þ.e. að í fyrsta lagi fái þjóðin að segja skoðun sína á málinu, að við tökum þetta upp úr flokkafarveginum, úr þessum erfiðu aðstæðum sem augljóslega hafa myndast á Alþingi, eins og kom fram í umræðunni í gær, færum þetta til þjóðarinnar og segjum: Takið þið ákvörðun óháð flokkum, óháð flokksböndum, um hvort við eigum að

sækja um aðild að ESB eða ekki. Síðan þegar samningurinn liggur fyrir segjum við við þjóðina: Það eruð þið sem eigið síðasta orðið, ekki stjórnmálaflokkarnir, ekki stjórnmálamennirnir heldur þjóðin. Þannig er sáttagjörðin sem við bjóðum hér ríkisstjórninni, þær tillögur sem við setjum fram. Ég skora á hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson og aðra þingmenn stjórnarliðsins að veita brautargengi breytingunum sem við sjálfstæðismenn höfum lagt upp með, því bara þannig er hægt að ná fram sátt í samfélaginu um þetta mál. Sátt hér í sölum Alþingis og á meðal þjóðarinnar. Það skiptir máli og enn er tækifæri til þess, allt þar til við komum að þeim punkti að hér verða greidd atkvæði. Eftir það, fari svo að okkar tillögur verði felldar, er augljóst að ríkisstjórnin hefur valið leiðina sem ég vara við, að festa málið í flokkapólitík og ráðast fram með offorsi. Það er ekki heillavænlegt.

[12:11]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er einmitt ekki það að tefla málinu með þessum hætti fram sem þingmaðurinn hv. varaði við fyrr á þessu ári. Þá talaði þingmaðurinn um að sótt væri um aðild og segir orðrétt í einhverjum greinanna og viðtalanna að í kjölfarið skuli fara með samninginn til þjóðaratkvæðis. Það er ekki í andstöðu við tillöguna sem hér liggur fyrir heldur felur boðuð breytingartillaga sjálfstæðismanna um tvöfalt þjóðaratkvæði kúvendingu frá fyrri afstöðu þeirra félaga sem núna fara svo prýðilega fyrir sínum flokki. Þeir töluðu um að sækja um aðild, semja og fara með samninginn fyrir þjóðina. Um það sjónarmið þeirra, mitt og svo margra hér á þingi og utan þings hefur skapast býsna breið pólitísk samstaða og þarf svo sem ekki að vitna í einstaklinga eða samtök sem hafa talað fyrir því, hvort sem er úr sammala.is eða innan Samtaka atvinnulífsins, ASÍ eða svo margra annarra úti um allt samfélagið sem vilja fara þessa leið. Þeir hafa margir hverjir efasemdir eins og þingmaðurinn um hvað við fáum fram í samningi sem lýtur að auðlindayfirráðum, stöðu landbúnaðarins og mörgum hinum viðkvæmari þáttum þjóðlífsins sem við teljum að verði að vernda sérstaklega í samningaviðræðum en við náum ekki að draga fram fyrr en eftir samningsumræðurnar.

Þess vegna undrar mig þessi breytta afstaða forustumanna sjálfstæðismanna frá nokkurra mánaða gömlum ummælum þeirra um að við ættum að taka þetta upp úr flokkafarveginum með því að sækja um aðild og ganga síðan til þjóðaratkvæðis, t.d. eins og þeir sögðu sjálfir í janúar: Burt séð frá því hvað landsfundur sjálfstæðismanna ákveður að gera eigum við samt að sækja um aðild, ganga síðan til þjóðaratkvæðis. Þess vegna er það kúvending frá fyrri afstöðu að vilja fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu og flækja þjóðina inn í atkvæðagreiðslu — um hvað? Um efnisatriði (Forseti hringir.) máls sem liggja ekki fyrir?

[12:13]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er að hvorki ég né hv. þm. Bjarni Benediktsson höfðum ímyndunarafl til þess að sjá fyrir að hér í landinu yrði ríkisstjórn sem einsetti sér að sækja um aðild að ESB en væri klofin gjörsamlega niður í rót í málinu og að hana mynduðu þeir tveir sem í kosningabaráttunni höfðu lengst hvor frá öðrum um þetta mál. Annar flokkurinn sagði: við verðum að sækja um ESB nú þegar, og hinn flokkurinn sagði: við skulum aldrei sækja um ESB. Þeir flokkar mynduðu síðan ríkisstjórn og þegar fyrir liggur að þessi ríkisstjórn er jafnklofin og fram hefur komið hér í þinginu á síðustu sólarhringum er sérstök ástæða til þess að horfast í augu við og játa að sú staða er uppi. Að menn segi, til þess að ná fram breiðri pólitískri sátt og einmitt til þess að losa okkur upp úr flokkaförunum: Úr því að svona er í pottinn búið, úr því að þessi staða myndaðist í kjölfar þess að þessi ríkisstjórn komst til valda, þá förum við með þetta mál til þjóðarinnar og biðjum um hennar skoðun.

Á sama tíma bætast við þau rök að við erum í Icesavedeilunni miðri og ég held að það væri algjörlega eðlilegt að þjóðin fengi að segja sína skoðun líka á því hvort hún vilji sækja um aðild að þessu bandalagi, m.a. í ljósi þessarar deilu, hvort hún vilji ekki jafnvel að sótt verði um síðar, þegar deilan hefur verið til lykta leidd.

Það hafa því, hv. þingmaður, ýmsir þeir atburðir átt sér stað á þeim mánuðum sem liðið hafa frá því að ég og hv. þm. Bjarni Benediktsson skrifuðum okkar greinar sem hafa gert það að verkum að við teljum nú lykilatriði til að ná fram sátt í málinu að sú leið verði farin sem birtist í breytingartillögunum sem við höfum lagt fram hér á þingi.

[12:15]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að endurtaka þakkir mínar til hv. utanríkismálanefndar fyrir hennar yfirferð yfir málið. Ég sat sem varamaður í nefndinni einn eða tvo fundi og fylgdist með því hve vel var á málum haldið frá upphafi til enda. Það hefur gengið sem rauður þráður í gegnum umræðurnar í dag og í gær að þingheimur almennt er mjög sáttur við þá vinnu sem fór fram í nefndinni um þetta umfangsmikla, flókna og erfiða mál. Það er ekkert sjálfgefið að það takist að halda jafnvel utan um málið í þingnefnd þegar málið er jafnumdeilt og umfangsmikið og þetta mál svo sannarlega er og eiga formaður og varaformaður nefndarinnar að sjálfsögðu sérstakar þakkir skildar fyrir það.

Þingmenn hafa í ræðutíma sínum að sjálfsögðu fjallað um ýmis atriði máls allt frá formi og tæknilegum atriðum til efnisinnihalds málsins. Ég ætla að staldra við einn þátt sem mér er sérstaklega hugleikinn og snýr að landbúnaðar- og byggðamálum af því að þó að kostirnir við hugsanlega aðild séu augljóslega ýmsir þá þarf að sjálfsögðu að gæta að mörgu og felast í ákveðnar ógnanir við stöðu núverandi mála. Þar á ég sérstaklega við landbúnaðarmálin. Forusta Bændasamtakanna og, held ég megi segja, þorri starfandi bænda í landinu, alla vega mjög margir — og þekki ég þá marga og er í ágætum reglulegum samskiptum við mikinn fjölda bænda þar sem ég bý að hluta til í dreifbýlinu, í sveitinni — þar eru miklar efasemdir um aðild þó því fari svo fjarri að allir bændur séu á móti aðildarumsókn eða hugsanlegri aðild heldur hafa þeir efasemdir út af stöðu sinnar greinar. Þær efasemdir eru fullkomlega réttmætar. Því var það ánægjuefni að í því nefndaráliti sem við ræðum í dag er sérstaklega vel tekið utan um og fjallað um landbúnaðarmálin annars vegar og byggðamálin hins vegar. Í

mörgum úttektum sem fram hafa farið á kostum og göllum aðildar og aðildarumsóknar að Evrópusambandinu hafa menn oft farið býsna hratt yfir þessa þætti og ekki farið ígrundað eða djúpt í þá. En hér er það gert með miklum ágætum og segir í álitinu að af þeim umsögnum sem bárust nefndinni megi ráða augljóslega að það eru verulegar áhyggjur meðal forsvarsmanna í landbúnaðinum um áhrif aðildar ESB á íslenskan landbúnað. Þess vegna þurfum við að taka heiðarlega og vandaða umræðu um það hvaða kostir annars vegar og hvaða gallar hins vegar felist í aðild að Evrópusambandinu fyrir íslenskan landbúnað.

Auðvitað má nefna einn höfuðkost hugsanlega fyrir þá grein eins og alla aðra atvinnustarfsemi í landinu, þ.e. stöðugur gjaldmiðill, lægra vaxtastig og stöðugleiki í efnahagslegu umhverfi. Það má að sjálfsögðu draga það strax fram sem kost fyrir landbúnað rétt eins og alla aðra atvinnustarfsemi af því að auðvitað er landbúnaðurinn fyrst og fremst öflug atvinnugrein í okkar landi þó hún sé um leið alveg gífurlega mikilvæg atvinnugrein. Þetta er sú atvinnugrein sem stendur undir byggðum landsins. Án öflugs landbúnaðar væru sveitir landsins meira og minna mannlausar. Þetta er sú grein sem tryggir okkur að stærstum hluta fæðu og fæðuöryggi Íslendinga. Stuðningur minn við inngöngu í Evrópusambandið hefur alltaf verið skilyrtur við það að staða landbúnaðarins yrði varin til hins ýtrasta í samningaviðræðum og staða landbúnaðar og byggðanna mundi batna í heild sinni en ekki versna.

Auðvitað mun umgjörð landbúnaðar og stuðningsins breytast við inngöngu í ESB. Þess vegna þótti mér sérstaklega athyglisvert að lesa álitið og ætla ég að fjalla aðeins um þennan kafla og, eins og ég sagði, nota tíma minn í þetta skiptið, í fyrstu ræðu minni við þessa 2. umræðu um tillöguna til að fjalla um landbúnaðar- og byggðamálin. Við höfum haft tilhneigingu til þess á liðnum árum, og það er ekkert undarlegt við það, að fjalla mest um gjaldmiðilsmálin Hv. þm. Illugi Gunnarsson fór alveg prýðilega yfir það. Auðvitað hafa umræðurnar um það áreiðanlega kveikt hjá einhverjum óraunhæfar væntingar en öðrum ekki. En hið augljósa blasir við að þorri Íslendinga vill leita leiða til að efla stöðugleika í samfélaginu. Meðan við búum við lítinn gjaldmiðil sem er auðvelt fyrir einstaka spákaupmenn innlenda og erlenda að taka niður með stöðutöku þá er það að sjálfsögðu tilræði við fullveldi Íslendinga þegar því er svo fyrir komið. Það sem nú er áætlað að leita þessara leiða, að sækja um aðild að Evrópusambandinu, ganga til viðræðnanna og leggja samninginn fyrir þjóðina, er að sjálfsögðu fyrst og fremst viðleitni, pólitísk vegferð til að efla, varðveita og að mörgu leyti endurheimta efnahagslegt fullveldi þjóðarinnar sem við höfum lent í miklum erfiðleikum með í þeim fjármálahamförum sem núna ríða yfir heiminn og sérstaklega yfir okkur meðal annars út af því að við erum fámenn þjóð, 300 þúsund manns sem reynist að sjálfsögðu erfitt að verja lítinn sjálfstæðan fljótandi, sem var þá, gjaldmiðil þegar slík ósköp ganga yfir og þegar óprúttnir aðilar taka stöðu gagnvart gjaldmiðlinum og leika sér þannig með hann og gera hann að leiksoppi óforsvaranlegrar framkomu og hegðunar.

Þetta er einn angi málsins og um hann hefur verið fjallað mikið, reyndar mest. Þetta er drifkraftur umræðunnar, þ.e. það sem menn kölluðu hlutfallsvanda á milli atvinnulífs, fjármálakerfis annars vegar alþjóðlegs og hins vegar gjaldmiðils og myntsvæðis. Það að komast í skjól á stóru myntsvæði með ýmsum kostum eins og lægri vöxtum, afnámi verðtryggingar og stöðugleika er að sjálfsögðu nokkuð sem þorri landsmanna vill skoða. En hitt er alveg rétt að í því felast líka ágallar eins og þingmaðurinn nefndi áðan, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, að það geti verið kostur fyrir útflutninginn að gengi sé á tímabilum lágt og þar með innkoman meiri og svo framvegis. Það eru kostir og gallar við þetta allt saman. Ég ætla að fjalla um byggðamálin og landbúnaðinn að meginhluta.

Eins og ég nefndi áðan hafa ýmsir forustumenn í landbúnaði verulegar áhyggjur af hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu. Þau sjónarmið ná að sjálfsögðu langt út fyrir þá sem starfa við landbúnað af því að stuðningur við íslenskan landbúnað nær langt út fyrir þá sem byggja sveitirnar eða starfa í greininni. Stuðningur við íslenskan landbúnað og hina dreifðu byggð Íslendinga er mjög almennur á Íslandi sem betur fer og verður vonandi lengi áfram. Við eigum að gera allt sem við getum til að efla stöðu byggðanna, standa vörð um íslenskan landbúnað, efla stöðu hans og styrkja. Þess vegna tel ég að með aðild geti falist ýmisleg sóknarfæri fyrir byggðirnar dreifðu og landbúnaðinn, nýsköpun í dreifbýli, möguleikar sem gætu verið miklu fleiri en hafa komið fram í umræðunni. En um leið verðum við að sjálfsögðu að átta okkur á því hvaða ágjafir gengju yfir með lægri tollum og minni framleiðslutengdum stuðningi.

Öflugur íslenskur landbúnaður skiptir okkur gífurlega miklu máli og er snar þáttur í mótun byggðar í landinu, eins og segir í álitinu, og hefur ekki bara hlutverki heldur mjög ríku hlutverki að gegna til framtíðar þegar kemur að veigamiklum þáttum í umhverfismálum, skógrækt, landgræðslu, endurheimt votlendis, landbúnaðarlandslagi, menningu og ferðaþjónustu fyrir landið allt. Landbúnaðurinn gegnir að sjálfsögðu því meginhlutverki fyrir dreifðar byggðir Íslands að auk þess að vera hluti af menningu og lífsafkomu þjóðarinnar þá tengist að sjálfsögðu fjöldi afleiddra starfa landbúnaði beint og óbeint og heilu þorpin, bæirnir úti um allt Ísland byggja tilveru sína á þjónustu við landbúnaðinn beint eða óbeint. Þess vegna þurfum við að taka þennan þátt í umræðunni sérstaklega fyrir, þ.e. hvernig ætlum við, kæmi til aðildar, að verja stöðu byggða og landbúnaðar?

Meiri hlutinn í nefndinni leggur í nefndaráliti sínu áherslu á að skýr stuðningur við mjólkurframleiðslu og annan hefðbundinn búskap verði eitt af meginsamningsmarkmiðum Íslands. Það er algert grundvallaratriði að það verði eitt af skilyrðunum og samningsmarkmiðunum að tryggja grunnstuðninginn áfram. Það á til dæmis við um afnám tolla eins og segir í álitinu þar sem tollverndin hefur verið ein af stoðum íslensks landbúnaðar ekki síst hefðbundins landbúnaðar og þess vegna er mikilvægt að leita leiða til að búa svo um að stuðningi við landbúnaðinn verði sem allra minnst raskað af því að við gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því að það kemur til breytinga á stuðningnum. Samningsmarkmiðin og samningsferlið felst í því að semja um það hvernig stuðningnum verði háttað og hvernig raskið verði sem minnst fyrir greinina, með hvaða

hætti við getum eflt hana við þessar breytingar af því að ég held að í þessum breytingum og þessu breytingaferli felist gífurleg tækifæri fyrir íslenska landsbyggð í nýsköpun og uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra og nýrra atvinnuhátta.

Þróun landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins hefur verið með þeim hætti að eiginleg framleiðslustýring hefur verið lögð af í formi kvótasetningar og mjólkurkvóti verður, segir í álitinu, afnuminn frá 2013. Því er ekki lengur um að ræða, eins og ég nefndi áðan, framleiðslutengda styrki til bænda eins og við þekkjum í hluta af okkar landbúnaðarumhverfi þegar kemur að framleiðslu á sauðfé og mjólk þar sem styrkirnir eru framleiðslutengdir. Þess í stað er bændum tryggð ákveðin lágmarksafkoma í formi beingreiðslna sem er byggð á sögulegri framleiðslu. Það er að mörgu leyti mjög skynsamleg þróun í stuðningi að styðja við afkomu bænda með þeim hætti þar sem bændur geta ráðstafað fjármagninu meira eftir hentugleikum en framleiðslutengingunni einni saman. Síðan er gefið ákveðið svigrúm fyrir framleiðslutengda styrki norðan 62. breiddargráðu eins og komið er að í álitinu sérstaklega og vísað er í sem fordæmis Finna. Það er mjög mikilvægt fordæmi og gefur landbúnaðinum okkar íslenska ekki bara svigrúm til aðlögunar heldur bendir til hvaða sérstöðu Íslendingar gætu notið við aðildarumsókn og inngöngu í Evrópusambandið. Fordæmi þau sem sköpuð hafa verið í aðildarsamningum ríkja eins og Finnlands munu án efa verða mikill styrkur fyrir Ísland þar sem ástæða er til að ætla að meðal annars verði unnt að skilgreina allt landið sem norðurslóðalandbúnað. Það er gífurlega mikilvægt atriði. Þar erum við ekki að tala um einhverjar óraunhæfar væntingar um varanlegar undanþágur eða neitt slíkt heldur skilgreiningu á landinu öllu sem harðbýlu svæði, norðurslóðalandbúnaði sem gæti skapað grundvöll til að styrkja íslenskan landbúnað til dæmis með framleiðslutengdum styrkjum umfram það sem almennar reglur Evrópusambandsins kveða á að það geri alla jafnan. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Þetta eigum við að leggja mikla áherslu á ef Alþingi samþykkir það að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu, þ.e. að standa þannig með öllum hugsanlegum ráðum vörð um stöðu íslensks landbúnaðar og það hvernig við getum skapað okkur stöðu til að styrkja okkar landbúnað áfram með framleiðslutengdum hætti umfram það sem almennt tíðkast innan Evrópusambandsins og það mundum við gera með þessum hætti, með skilgreiningu á norðurslóðalandbúnaði og landinu sem harðbýlu svæði. Þetta eru fordæmi sem Finnarnir og innganga Finna í sambandið á tíunda áratugnum gefa okkur til kynna að Íslendingar geti fengið. Þess vegna er það eitt af samningsmarkmiðum okkar sérstaklega að fara þessa leið.

Ýmislegt annað má nefna sem skiptir miklu máli fyrir íslenskan landbúnað. Við þurfum að taka sérstaklega utan um landbúnaðinn og það er skilyrði fyrir stuðningi margra hér við inngöngu — þó við styðjum það að sótt verði um aðild núna — það er að landbúnaðurinn verði varinn og hann komi sterkari út úr ferlinu sem grein í heild sinni og byggðir landsins almennt komi sterkari út úr þessu. Ég tel að það felist mikil sóknarfæri fyrir byggðirnar í aðild að Evrópusambandinu. Það kemur að sjálfsögðu í ljós þegar samningurinn liggur fyrir og við þurfum að gæta sérstaklega að því.

Í umfjöllun utanríkismálanefndar kom skýrt fram eins og kemur fram í álitinu hversu tengd byggðamálin eru við landbúnað innan ESB. Þeir nátengja málin, eins og ég gat um áðan, með því að leggja af framleiðslutengda styrki og taka upp byggðatengda styrki í staðinn sem eru vissulega byggðir á sögulegri framleiðslu. Innan ESB hefur verið dregið mjög úr beinum stuðningi og stuðningur hefur þess í stað verið aukinn hvað varðar byggðaþróun, umhverfisverkefni og aðra nýsköpun í dreifbýli sem er alveg sérstaklega jákvætt og reynsla margra þjóða af aðild að sambandinu, Íra, Finna og margra annarra, hefur verið sú að aðildin hefur gert þessum stóru og oft dreifbýlu löndum það kleift að byggja upp öflugt net fjarskipta, samgangna og ýmissa annarra innviða og grunnstoða sem gera þjóðinni kleift að efla byggðirnar allar mjög verulega. Þessi breyting getur fallið mjög vel að þróun íslenskrar byggðastefnu enda hafa margir sveitarstjórnarmenn og þeir sem fara með byggðamálin í okkar samfélagi, ekki síst sveitarstjórnendur úti um allt land, litið með jákvæðum hætti til inngöngu í Evrópusambandið út af byggðastefnu sambandsins sem um margt er til mikillar fyrirmyndar. Aðkoma hagsmunaaðila að styrkjakerfi ESB er að sjálfsögðu mikilvæg í byggðamálum eins og í landbúnaðarmálum og kemur það fram í mati meiri hlutans og líkast til er umfjöllun um landbúnaðarmál ekki síst tengd þessari nýsköpunarstefnu sambandsins í byggðamálum. Að sjálfsögðu er einboðið að sveitarfélögin munu gegna lykilhlutverki í viðræðum um byggðamál, enda verði hagsmunir sveitarfélaga og byggða aldrei aðgreindir og að mati meiri hlutans kemur hérna fram að það þurfi að tryggja byggða-, umhverfis-, atvinnu-, og nýsköpunarstuðning til dreifðra byggða.

Allt frá því að stækkunarferli sambandsins hófst í byrjun sjöunda áratugarins þegar Írar og margar aðrar þjóðir, Bretar, gengu inn hefur Evrópusambandið haft í forgrunni efnahagslega uppbyggingu á þeim svæðum aðildarríkjanna sem lakast standa efnahagslega enda er meginmarkmið sambandsins að tryggja annars vegar frið í álfunni og hins vegar hagsæld og velferð allra aðildarríkjanna Þetta eru þau tvö meginmarkmið — af því að formaður Sjálfstæðisflokksins nefndi það í gær að menn verðu ekki nægjanlega miklum tíma í að ræða grundvallarhugsjónirnar á bak við Evrópusambandið þá þarf að draga það sérstaklega fram að kjarni sambandsins er, eins og frægt er, annars vegar að tryggja frið í álfunni á meðal hinna stóru þjóða og hins vegar að auka, varðveita og byggja upp hagsæld allra ríkja álfunnar, að hver þjóð hjálpi annarri til hagsældar og velferðar og þess vegna hefur byggðastefna sambandsins skipt svona miklu máli. Það er augljóst að sveitarfélögin munu gegna lykilhlutverki í viðræðunum um byggðamál, enda verða hagsmunir sveitarfélaganna og byggðanna mjög samofnir að þessu leyti.

Nú er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2007–2013 verði varið alls 350 milljörðum evra til byggðamála. Stærsti hluti þess fjár rennur til nýrra ríkja í Austur-Evrópu sem komu nýlega inn í sambandið og lakast standa efnahagslega af þeim 27 löndum sem núna eru aðilar auk Spánar, Portúgals, Grikklands og Möltu sem fá talsvert ríkulega af þessum styrkjum. Auk þess eru verulegir fjármunir til ráðstöfunar í öðrum ríkjum ESB, segir í álitinu, á tilteknum forsendum

sem meðal annars mundu ná til Íslands að óbreyttum reglum. En þrátt fyrir augljósa áherslu á dreifbýli vegna tenginga við landbúnað og sjávarútveg þá kemur fram í umfjölluninni um landbúnað í álitinu að full ástæða sé til að ætla — og það er fullyrt hér — að unnt verði að skilgreina landið sem harðbýlt svæði og landbúnaðinn sem norðurslóðalandbúnað. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli í þessu sambandi öllu og er algert grundvallaratriði í því meginmarkmiði okkar að verja og helst bæta stöðu íslensks landbúnaðar og byggðanna allra í heild sinni. Þess vegna leggur meiri hlutinn í áliti sínu áherslu á að byggðamál, styrkjakerfi og skilgreiningar landsvæða verði skoðuð heildstætt og skoðunin nái til landsins alls þar sem áhersla verði lögð á landfræðilega sérstöðu Íslands og breytta efnahagslega stöðu þjóðarinnar.

Fram undan er að sjálfsögðu hjá okkur endurmat á landbúnaðarstefnunni og hefur staðið yfir í mörg ár hvort sem okkur líkar það betur eða verr út af alþjóðlegum samningum. Skiptir þá hugsanleg aðild að Evrópusambandinu ekki máli í því sambandi. Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins hefur verið löguð að fyrirhuguðum breytingum á hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi sem margir þingmenn sem hér eru í salnum nauðþekkja af starfi undanfarinna ára. Þar er stuðningurinn, eins og ég nefndi áðan, ekki lengur tengdur framleiðslu heldur er það sem kallast í þeirri vinnu grænir styrkir. Ég hef persónulega verið fylgismaður þess að við fetum okkur í átt frá framleiðslutengdum styrkjum í mörgum greinum til grænna styrkja sem næðu til fleiri greina. En hitt er ljóst að það er nauðsynlegt og jafnvel áríðandi að halda úti framleiðslutengdum styrkjum til tiltekinna greina landbúnaðarins til að breyta ekki þannig grundvelli þessara greina eftir áralangt og áratugalangt fyrirkomulag á þeim málum þannig að greinarnar lendi í miklum vanda. Innan þessa ramma gætu fallið auk hefðbundins landbúnaðar sem felast innan stefnu Evrópusambandsins ótal verkefni sem mundu skapa fjölmörg ný störf í sveitunum, umhverfisverkefni eins og ég nefndi áðan, endurheimt á votlendi, matvælaframleiðsla sem nýtir staðbundin hráefni svo dæmi séu nefnd þannig að í byggðastefnu/landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins geta falist mjög fjölbreytt og margvísleg ný atvinnutækifæri fyrir íslenskan landbúnað og þá sem byggja dreifbýlið sem breikka þannig mjög atvinnulíf og atvinnuhætti sveitanna sem að vissu leyti hafa verið nokkuð einhæfir og að sumu leyti verið að þróast í háskalegar áttir á undanförnum árum. Kúabúum hefur til dæmis fækkað gríðarlega og við stefnum í að vera með örfá mjög stór kúabú sem eru að framleiða 500 þúsund til milljón lítra af mjólk á ári. Gömlu 100–200 þúsund lítra fjölskyldubúin heyra sögunni til að mestu leyti. Þetta er þróun til stórra verksmiðjubúa sem við þurfum að líta sérstaklega til inni í þessu ferli öllu saman. Aðildarumsóknin að Evrópusambandinu gefur okkur tilefni til þess að endurskoða þetta. Sem betur fer er mjög almenn og breið samstaða um það á Íslandi að standa vörð um landbúnaðinn og styrkja mannlíf og atvinnulíf í sveitum þannig að það fái staðist og geti að sjálfsögðu orðið sjálfbært og öflugt og þurfi ekki á styrkjum og stuðningi að halda. En við þekkjum það eins og staðan er núna og hefur verið að þessar greinar eru byggðar á ákveðnum undirstöðum og hluti þeirra eru framleiðslutengdir styrkir og það er ekki hægt að svipta þær greinar þeim stuðningi fyrirvaralítið þannig að þær féllu á hliðina um leið.

Landbúnaðarstefna okkar er í dag að mörgu leyti einhæf og misskilvirk. Hún styður ekki þann fjölbreytta landbúnað sem er í landinu heldur einblínir á dilkakjöts- og mjólkurframleiðslu. Mér finnst svo mikið fagnaðarefni við byggðastefnu Evrópusambandsins hvað þar er einblínt á fjölbreytni og fólkinu sjálfu látið það eftir að velja sér með hvaða hætti það vill byggja sveitirnar og byggja þar upp dreifbýli og atvinnuhætti en er ekki stýrt inn í það að framleiða tilteknar vörur. En um leið er mikilvægt að standa vörð um framleiðslu á kjöti og mjólk af því að þar erum við líka að tala ekki bara um atvinnulíf í sveitum heldur einnig fæðuöryggi okkar Íslendinga.

Kvótakerfið í mjólk hefur verið mörgum bændum hér óhagfellt líka og óbreytt stefna leiðir til áframhaldandi þróunar, eins og ég nefndi áðan, sem felur í sér marga ókostir. Það kallar á færri íbúa, fleiri svæði auð í sveitunum þannig að dýrara verður að halda þar úti þjónustu og þar með verður dreifbýlið veikara. Gegn þessu þurfum við einmitt að vinna. Við þurfum að efla dreifbýlið með öllum tiltækum ráðum. Þess vegna ver ég ræðutíma mínum í dag í að tala um að við verðum að verja stöðuna eins og hún er í dag og sækja fram. Ég tel að í aðild geti falist mikil sóknarfæri fyrir byggðirnar. Það sjáum við þegar samningurinn kemur heim og þess vegna er svo mikilvægt að í þessu nefndaráliti er það gert eitt af okkar aðalsamningsmarkmiðum, eitt af okkar meginmálum í aðildarviðræðum við Evrópusambandið að verja og efla íslenskan landbúnað. Þeir sem til þessara hluta líta og lýsa yfir þungum áhyggjum, eins og bændaforustan gerir, af mögulegri aðild Íslands að Evrópusambandinu og þeirri stefnumörkun stjórnvalda að sótt verði um ef þingið samþykkir — við þurfum að tala til þessa fólks. Við þurfum að sannfæra það um að við svo sannarlega hlustum á raddir þeirra, tökum áhyggjur þeirra mjög alvarlega og munum ekki láta þau sjónarmið, hagsmuni landsbyggðar, dreifbýlis og landbúnaðar verða afskipt í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Það er eitt af okkar meginmarkmiðum að ná því fram að landbúnaðurinn standi betur en ekki verr og þar með dreifbýlið allt. Það er ekki lögmál að landbúnaðurinn þurfi að gefa eftir við inngöngu í Evrópusambandið. En það er hins vegar hætta á því ef við gætum ekki að því í samningsviðræðunum öllum. Þess vegna þurfum við að leggja á það áherslu sérstaklega þannig að það verði klappað í grjót að staða hans verði varin eins og efni standa til.

Valkosturinn er að sjálfsögðu að þróa okkar kerfi í aðrar áttir og það verður alltaf nokkuð brött brekka af því að eins og ég nefndi áðan eru fyrirsjáanlegar breytingar á fyrirkomulagi okkar algjörlega óháð aðild að Evrópusambandinu og það veit forusta Bændasamtakanna mætavel og auðvitað eru menn þar að reyna að búa sig undir breytta tíma. En ný og framsækin landbúnaðarstefna gefur okkur færi á að styðja betur við vaxtarsprotana í atvinnulífi á landsbyggðinni og þeir eru fjölmargir. Það veit enginn betur en fyrrverandi ráðherra ferðamála sem hérna situr núna sem hæstv. utanríkisráðherra að þar eru vaxtarsprotarnir gífurlega margir og mikið af góðum og glæsilegum hlutum að

gerast á landsbyggðinni. Það er auðvelt að rækta sprotana þannig að þeir fái rótum skotið og dafni vel. En það þarf hins vegar að gera með pólitískum hætti. Það er verið að gera það og það þarf að gera það miklu betur af því að það eru ekki bara hagsmunir núverandi bænda að skilgreina þessa hluti upp á nýtt heldur hagsmunir okkar allra. Sannarlega eru það hagsmunir ferðaþjónustubænda, hrossabænda og margra annarra búgreina sem njóta einskis stuðnings frá hinu opinbera, hvorki með beinum né óbeinum hætti, alls ekki. Þetta eru búgreinar sem standa algjörlega á eigin fótum. Það þekkjum við sem stundum hrossaræktina í fristundum að þar eru engir styrkirnir. Þar eru menn að byggja upp viðskiptasambönd innan lands og utan, vanda sig við að rækta glæsilega og góða gripi og ná þannig markaðshlutdeild og athygli erlendis og innan lands á þessari ræktun og framleiðslu. Þetta eru greinar sem svo sannarlega þarf að halda utan um líka eins og alla hina vaxtarsprotana. Ferðaþjónustan hefur verið vaxandi búgrein. Hún líður að sjálfsögðu líka fyrir erfiða stöðu sem skapast af ýmsum öðrum vandkvæðum og getur tekið miklum stakkaskiptum til hins betra við aðild að Evrópusambandinu. Helsti kosturinn við landbúnaðarstefnu ESB að mínu mati er að hún styður sérstaklega við staðbundna búvöruframleiðslu og tengingu hennar við ferðaþjónustu í nágrenni framleiðslunnar. Í því til dæmis eru mikil sóknarfæri fyrir ferðaþjónustuna sem búgrein innan Evrópusambandsins.

Þegar þessar breytingar sem nokkuð fyrirsjáanlegar eru á umhverfi landbúnaðarins ganga yfir eru flestir af þeim bændum sem ég hef rætt málið við á þeirri skoðun að staða landbúnaðarins yrði þá miklu betri innan ESB heldur en einir og óstuddir utan þess fyrirkomulags þegar höggið ríður og þessar breytingar þurfa að ganga í gegn út af alþjóðaviðskiptasamningum. Ég held því að það sé ekki bara mikilvægt heldur mjög áríðandi fyrir íslenskan landbúnað og íslenskt dreifbýli að þessi mál verði leidd til lykta, að gengið verði til viðræðna, að við sjáum hvað við fáum út úr því og síðan kjósum við Íslendingar allir um það hvort við göngum þarna inn eða ekki.

Ísland getur svo sannarlega tryggt þessa hagsmuni ef vel gengur í samningaviðræðum. Það er ekki mikill bragur að því, eins og sumir hafa talað hér í umræðunum bæði í andsvörum og ræðum, að tapa samningaviðræðunum fyrir fram. Það er sjálfsögð krafa okkar að látið sé reyna á þessa hluti hvort sem við beinum sjónum okkar að gjaldmiðilsmálum, vaxtastigi, verðtryggingu og almennu fyrirkomulagi peningamála eða lítum til búgreinanna, byggðanna og allra hinna þáttanna. Það sem skiptir mestu máli í þeim viðræðum sem mögulega eru fram undan ef Alþingi samþykkir það að sótt sé um aðild að Evrópusambandinu er, eins og ég nefndi áðan og hef fjallað um í ræðu minni í dag, að verja stöðu landbúnaðarins, tryggja að hann komi sterkari og öflugri út úr aðild heldur en hann stendur núna, að við sækjum fram fyrir byggðirnar allar í heild sinni, mótum nýja og öfluga og kraftmikla byggðastefnu sem færir okkur öflugt fjölbreytt atvinnulíf á landsbyggðinni, annars vegar þetta og hins vegar það að yfirráðin yfir auðlindunum séu varin fullkomlega. Áhyggjur efasemdarmanna um aðild snúa að sjálfsögðu að auðlindayfirráðum, fullveldinu og stöðu landbúnaðarins. Ég tel sjálfur að með því að deila fullveldi okkar með öðrum 27, eða hvað þau verða mörg, fullvalda ríkjum muni fullveldi okkar að sjálfsögðu með einhverjum hætti breytast. En að það muni eflast. Við afsöluðum okkur fullveldið að einhverju leyti með EES-samningnum. Það er mikill lýðræðishalli á þessu fyrirkomulagi eins og það er í dag. Þetta er mjög óheppilegt fyrirkomulag að því leytinu ef litið er til lýðræðismálanna. Eins og hv. formaður Sjálfstæðisflokksins nefndi hérna í gær þá væri það einn af kostunum við inngöngu að við fengjum nokkra þingmenn á þingið, hefðum aðgang að viðræðunum og lagasetningaferlinu. Þetta taldi formaður Sjálfstæðisflokksins í gær sem einn af höfuðkostum þess sem möguleg innganga gæti fært okkur. Ég tek undir það.

Nefndarálitið fjallar ágætlega um öll þessi mál, orku- og auðlindamálin, fullveldismálin. Skora ég á sem allra flesta að kynna sér þetta vandaða yfirgripsmikla og góða álit sem tekur hispurslaust á mögulegum kostum og göllum aðildar, hættunum og sóknarfærunum og dregur þar ekkert undan. Hérna segir í álitinu á einum stað, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að við þessa ítarlegu skoðun kom ekkert fram“ — ekkert fram — „sem gefur ástæðu til að ætla að aðild að ESB hefði áhrif á íslenska hagsmuni á ...“ — sviði orku- og auðlindamála — „og bendir í því sambandi einnig á að fyrirkomulag eignarhalds náttúruauðlinda er ekki viðfangsefni ESB heldur alfarið á hendi aðildarríkjanna þar sem innri markaðslöggjöfin tekur ekki á eignarhaldi.“

Allt bendir til þess að við munum ná ágætri stöðu þegar kemur að því. Við þurfum að tryggja forræði okkar yfir auðlindunum. Við verðum að tryggja stöðu byggðanna og taka umræðu um það hvernig fullveldismálum er fyrir komið með aðild. Það mál breyttist verulega þegar við gerðum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið fyrir fimmtán árum síðan þó það hafi fengið allt of litla athygli í rauninni í umræðunni með hvaða hætti var verið að koma þeim hlutum fyrir þá, með þeirri aukaaðild sem reyndist okkur að mörgu leyti mjög vel en að öðru leyti illa. Það þýðir ekki að tala um það núna að það hefði verið miklu heppilegra að ganga alla leið þá og sækja um aðild og kjósa um hana. En nú stöndum við á tímamótum. Hérna er eitt stærsta og mikilvægasta mál síðari tíma í meðförum Alþingis og núna við 2. umr. Umræðan hefur verið hófstillt og yfirveguð og hún hefur endurspeglað, finnst mér, þá breiðu samstöðu sem þrátt fyrir allt, þrátt fyrir opinbera stefnu einstakra stjórnmálaflokka í þessum málum, þá breiðu samstöðu sem hefur skapast úti í íslensku samfélagi til að sækja um aðild, láta reyna á það með þeim hætti og ganga síðan til þjóðaratkvæðis um samninginn.

Mér finnst umræðan hér, sú málefnalega að mestu leyti, hófstillta og ágæta umræða sem hefur staðið núna á annan þingdag endurspegla þessa staðreynd alveg prýðilega. Við höfum farið býsna langt í þessari umræðu á síðustu árum. Það hefur farið fram umræða um Evrópumál úti um allt samfélag í mörg ár. Nú erum við á Alþingi í rauninni að safna þessari umræðu saman, safna rökunum saman og þekkingunni sem hefur byggst upp á þessum málum hjá fjölda sérfræðinga, hjá fjölda áhugamanna um þessi mál á mörgum umliðnum árum. Nú erum við að safna þessum rökum saman um leið og við göngum til atkvæða um það

eftir einhverja daga hvort Alþingi álykti að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Það er vissulega ein stærsta ákvörðun sem Alþingi hefur tekið í mörg ár, ein af þeim stærstu. Þær hafa verið margar stórar á síðustu mánuðum og eru fleiri stórar og afdrifaríkar fram undan. En þetta er örugglega ein af stærstu og mikilvægustu ákvörðunum Alþingis. Þess vegna er ánægjulegt að á bak við þá ákvörðun — hvort sem menn segja já eða nei — liggur sú vandaða og djúpa og yfirgripsmikla vinna sem utanríkismálanefnd lagði í málið á síðustu vikum. Það er Alþingi Íslendinga til sóma að vel hefur verið staðið að þessu máli alveg frá upphafi til þessa dags. Þess vegna göngum við til atkvæðagreiðslunnar eftir nokkra daga með þá fullvissu í huga að vel hafi verið unnið að þessu máli, að vel hafi verið staðið að þessari miklu vinnu og þar á nefndin, eins og hefur komið fram hér sem rauður þráður í gegnum umræðuna eins og ég nefndi í upphafi ræðu minnar, almennt miklar þakkir skildar og fólk og þingmenn úr bæði stjórn og stjórnarandstöðu hafa ítrekað það. Hér er um að ræða sögulegt stórmál. Við ræðum það af vandvirkni og yfirvegun. Það hefur verið gert í dag og í gær og við munum gera það áfram svo lengi sem þingmenn telja að umræða hér þurfi að standa um þetta mál.

[12:51]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir mjög gott yfirlit hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um möguleg áhrif á landbúnað og byggðamál kæmi til þess að Íslendingar samþykktu aðild að ESB. Ég verð að segja eins og er að ég er mjög sammála hv. þingmanninum um marga hluti hvað varðar einmitt mikilvægi þessa málaflokks og fagna því reyndar að heyra að í þeim ranni sem hv. þingmaður kemur úr, þ.e. úr Samfylkingunni, eru í það minnsta uppi raddir, m.a. hv. þingmanns, um mikilvægi þessara mála. Löngum hefur borið á því að okkur hefur þótt skorta nokkuð upp á skilning á einmitt stöðu landbúnaðarins og mikilvægi hans, sérstaklega í byggðaþróuninni, frá þeim annars ágæta stjórnmálaflokki. Þess vegna er þetta ánægjuefni.

Ég tel þó reyndar, þar sem hv. þingmaður talaði ítrekað um stöðu byggðanna, að aldrei verði hægt að ræða þetta mál nema einmitt í samhengi við sjávarútveginn og mögulega stöðu hans innan ESB vegna þess að hann er jú lykilbreytan í þessu, hryggjarstykkið í byggðum landsins, þorpin, sjávarþorpin, kauptúnin og kaupstaðirnir, allt er þetta auðvitað hið mikilvægasta og svo samblandið og samþættingin við landbúnaðinn.

Ég vil byrja á því að spyrja hv. þingmann: Ef hann sér á upphafsstigum samningsins eða þegar menn hafa fjallað um landbúnaðarþáttinn að ekki sé að myndast sú staða eða sá samningur sem hann telur boðlegan fyrir íslenskan landbúnað, mun hann þá beita sér innan síns flokks og við sína ráðherra til þess að ekki verði þá lengra haldið í samningsgerðinni og samningurinn (Forseti hringir.) komi þá ekki til þjóðarinnar heldur verði látið staðar numið?

[12:53]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil fyrir það fyrsta taka undir það sem þingmaðurinn sagði, þessum málum hefur almennt verið gefinn allt of lítill gaumur í íslenskri stjórnmálaumræðu á liðnum árum. Mjög sjaldan á þeim tíma sem ég hef starfað hérna hafa verið einhverjar yfirgripsmiklar umræður um byggðamál almennt eða landbúnaðarmál. Þess vegna finnst mér það sem miklum stuðningsmanni landbúnaðar og dreifbýlis á Íslandi kærkomið tækifæri að ræða þau mál af því að byggða- og landbúnaðarmál snerta svo sannarlega mögulega aðild að Evrópusambandinu. Menn hafa yfirleitt fjallað um þau út frá því að raskið fyrir landbúnaðinn og greinina verði svo mikið að það verði aldrei ásættanlegt fyrir landbúnaðinn. Ég er persónulega algjörlega á öndverðri skoðun, ég held að í þessu felist svo mikil sóknarfæri fyrir byggðirnar.

Þingmaðurinn spurði hvort ég mundi beita mér fyrir því að samningsviðræðum yrði þá hætt. Ég held að vinnan verði þannig að við munum fylgjast með og ef við teljum ekki fullnægjandi stöðu í einhverjum málaflokki munum við beita afli okkar til að fá menn til að taka betur á þar og sjá hvort við náum ekki árangri í því. Ég átta mig ekki alveg á því nákvæmlega hvernig ferlið fer fram. Ég mundi aldrei styðja aðild að Evrópusambandinu ef ekki hefði tekist að ná viðunandi og góðum árangri fyrir landbúnaðinn og byggðirnar (Gripið fram í.) þannig að ég held að svar mitt felist í rauninni í því. Ég mundi aldrei veita slíkum samningi stuðning minn ef við hefðum ekki náð að tryggja hagsmuni byggðanna og landbúnaðarins með fullnægjandi hætti, og viðvarandi að mínu eigin áliti. Ég held að það sé alveg afdráttarlaust svar hvað það varðar.

[12:55]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ástæða þess að ég spurði hv. þingmann þessarar spurningar var ummæli hæstv. fjármálaráðherra hér í gær þar sem hann lýsti því yfir að nauðsynlegt væri að byrja einmitt á landbúnaðarmálunum og sjávarútvegsmálunum því að ef það sýndi sig að það stefndi í að ekki væri hægt að ná ásættanlegum samningi væri engin ástæða til að halda áfram og menn mundu ekki bera samninginn til þjóðarinnar.

Ástæðan fyrir því að ég hnykki á þessu er akkúrat sá vandi sem upp er kominn í ríkisstjórninni, hún er klofin í málinu. Annar flokkurinn vill alls ekki ganga í ESB og hefur haft það á stefnuskrá sinni alla tíð að það sé gjörsamlega ósamrýmanlegt íslenskum hagsmunum að ganga inn. Hinum megin er ríkisstjórnarflokkur sem hefur lagt alla áherslu á að ganga inn í ESB. Þess vegna mun óhjákvæmilega myndast sú staða þá þegar samningaferlið verður komið af stað að annar flokkurinn — rétt eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði hér í gær — mun þá mjög auðveldlega komast að þeirri niðurstöðu að ekki verði lengra haldið, ekki sé hægt að semja lengur vegna þess að það sé augljóst að ekki sé hægt að fullnægja þeim kröfum sem sá flokkur gerir um íslenska hagsmuni. Þær kröfur liggja allar fyrir í stefnu Vinstri grænna, það er alveg augljóst mál. Og það er alveg augljóst mál að stefna þess flokks er sú að það eigi alls ekkert að ganga inn í ESB vegna þess að þær kröfur sem sambandið gerir eru einfaldlega óásættanlegar fyrir Ísland. Hinum megin er síðan Samfylkingin.

Þess vegna, hv. þingmaður, höfum við sjálfstæðismenn

sagt: Þessi málatilbúnaður, þessi staða, þessi klofningur inni í ríkisstjórninni gerir það að verkum að menn geta ekki farið af stað með þeim hætti sem ríkisstjórnin ætlar sér. Þess vegna gerum við þær breytingartillögur sem við höfum gert varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu í upphafi máls og síðan það að tryggja að þjóðin fái sagt síðasta orðið.

Vill nú hv. þingmaður ekki lýsa því bara hér yfir að í nafni einmitt þess að það sé nauðsynlegt að búa til breiðari sátt, (Forseti hringir.) ná málinu upp úr hjólförum stjórnmálaflokkanna, muni hann styðja tillögur okkar sjálfstæðismanna hér við atkvæðagreiðsluna?

[12:58]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nei, ég mun ekki styðja þær breytingartillögur. Þingmaðurinn hefur gert talsvert úr því að flokkarnir hafi hvor sína afstöðuna til aðildar en við getum tekið mýmörg dæmi, t.d. þegar Norðmenn sóttu um, þá var norski verkamannaflokkurinn sem þá var við völd í Noregi klofinn í málinu, ef svo má segja, ungliðahreyfingin fór hamförum á móti aðild meðan flestir hinna voru með. Hinu sama hefði verið til að dreifa ef sótt hefði verið um fyrr á þessu ári. Þingmaðurinn lagði það sjálfur til í janúar að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu burt séð frá afstöðu ríkisstjórnarflokkanna, burt séð frá því hvaða afstöðu landsfundur sjálfstæðismanna, sem átti að halda í janúar, hefði tekið, það yrði samt sótt strax um aðild til að ná málinu upp úr flokkahjólförunum og síðan yrði farið með samninginn fyrir þjóðaratkvæði. Þetta er nákvæmlega í rauninni sú sama skoðun og ég hef, burt séð frá því hvaða afstöðu einstakir þingmenn og ráðherrar hafa til málsins af því að þetta mál mun alltaf, kannski sem betur fer og eðlilega, verða þverpólitískt.

Við þekkjum öll fólk úr öllum flokkum sem er bæði með og á móti þessu máli, fullt af sjálfstæðismönnum styður það mjög einbeitt að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Við þurfum ekki einu sinni að telja upp nöfnin hér, fyrrverandi þingmenn og þekktir og öflugir forustumenn í Sjálfstæðisflokki eru einbeittustu talsmenn þess að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu strax í dag. Þetta vita sjálfstæðismenn sjálfir þannig að málið er fyrir löngu komið upp úr hjólförum flokkanna og það er miklu breiðari samstaða úti í þjóðfélaginu á bak við aðildarumsókn en speglast nákvæmlega í afstöðu þingflokkanna. Það er miklu þrengri prófíll á málið. Sjálfstæðisflokkurinn á þingi endurspeglar ekki (Forseti hringir.) vilja sjálfstæðismanna úti í samfélaginu til þessara mála.

[13:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get ekki tekið undir þau ummæli hv. þingmanns að umræðan sé Alþingi til sóma. Hún hófst með því að einn þingmaður lýsti því yfir að honum hefði borist til eyrna að það yrðu stjórnarslit ef hann stæði við sannfæringu sína og stæði að breytingartillögu. Hann hefur ekki sést við umræðuna síðan hann lýsti því yfir.

Ræða hv. þingmanns var góð varðandi landbúnaðinn. Í henni var fullt af loforðum. Hann ætlar að breyta öllum bændum í styrkjafræðinga. Það er reyndar farið að kenna það við háskóla á Íslandi hvernig maður sækir um styrki í Evrópusambandinu og það getur vel verið að það sé nokkuð sem lokkar menn til fylgis. En hann sagði að margir væru búnir að tapa samningunum fyrir fram.

Þessi umræða fer fram í skugga Icesave. Síðastliðið haust var hv. þingmaður hæstv. viðskiptaráðherra, stóð vaktina — og tapaði fyrir fram. Hann stóð vaktina ásamt Jóni Sigurðssyni sem var þá formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Í tímariti Landsbankans birtist við upphaf Icesave-reikninganna í Hollandi viðtal við eftirlitsmanninn Jón Sigurðsson þar sem hann segir að fjármál íslensku bankanna séu í grundvellinum heilbrigð. Þetta var eftirlitsaðili sem vissi miklu betur. Hv. þingmaður stóð vaktina ásamt Jóni Sigurðssyni sem var bæði formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins og í bankastjórn Seðlabankans í þessu máli og þáverandi viðskiptaráðherra var með yfirlýsingu í *Morgunblaðinu* 13. október. Þar segir, með leyfi forseta:

„Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir þessa lausn óumflýjanlega. Um sé að ræða þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafi þurft að semja um.“

Hann gafst upp fyrir fram. Hvernig ætlar hann að semja um Evrópusambandið, sá maður sem gefst upp fyrir fram og lýsti því yfir viku eftir hrun að Íslendingar bæru ábyrgð á 600 millj. kr. Icesave-reikningum sem við erum núna að glíma við (Forseti hringir.) og þessi fundur er haldinn í skugga af?

[13:02]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vesæll hefur málflutningur hv. þingmanns oft verið, ekki síst þegar hann stóð hér fyrir aðförinni að sparisjóðunum sem að lokum kostaði þá lífið. Maðurinn gekk hér fram af þvílíkri hörku, allt í nafni frjálshyggjunnar og fjárins án hirðisins til að rústa heilt sparisjóðakerfi, kemur hér svo upp og lætur eins og hann beri þar enga sök á málum. Ef hann ætlar að fara að vitna í einhverja fleiri sem að hans mati töpuðu fyrir fram skaltu bara líta þér nær, kæri hv. þingmaður, og vitna í þína eigin flokksbræður áður en þú gerir þig að enn þá minni karli en þú raunverulega ert.

Við skulum hins vegar ræða byggðamálin áfram af því að spurningin beindist að þeim. Ég ræddi hér aldrei um að bændur breyttust í styrkjabændur. Ég dró upp mynd af því kerfi sem sambandið hvíldi á sem væri ekki framleiðslutengt heldur byggðatengt og gerði þar með kerfinu kleift að styrkja nýsköpun og atvinnuhætti í sveitum óháð framleiðslu á einni eða tveimur tegundum greina. Svo máttu, kæri félagi, hv. þingmaður, snúa út úr þeim orðum mínum eins lengi og þú vilt og fara í andsvör við alla 63 þingmennina, eða 62 að þér undanskildum, nema þú viljir spyrja sjálfan þig líka, og spyrja hvernig sambandið líti út eftir 60 ár og 100 ár. Það er orðið aðhlátursefni úti um allt samfélag hvernig þingmaðurinn gengur fram í andsvörum.

[13:03]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti minnir þingmenn á að nota viðeigandi ávarpsorð þegar þeir ávarpa hver annan, ekki nota 2. persónu.

[13:04]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum að fjalla um þetta mál á laugardegi sem er afskaplega óvenjulegt og það er vegna þess að það liggur svo mikið á að koma málinu fram. Ég vildi beina athyglinni að því að við gerum þetta vegna þeirra vandræða sem reglur Evrópusambandsins hafa komið okkur í og ofbeldisins sem það beitti okkur í haust, þetta sama bandalag, í gegnum Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til aðstoðar Bretum og Hollendingum með gjaldeyrishöftum á Ísland sem hv. þingmanni er kunnugt um, í skugga þessara atburða þar sem hv. þingmaður stóð vörð og vaktina og gafst upp fyrir fram.

Í skugga þess ætlar hann að sækja um aðild að þessum sama klúbbi. Hvernig gengur það upp? Hvernig gengur það upp þegar hæstv. utanríkisráðherra fer þar fyrir? Flestir eða allir vita hvaða afstöðu hann hefur til Evrópusambandsins, hann ætlar að fara inn — og Samfylkingin ætlar að fara inn, þetta eru trúarbrögð. Það er ekkert rætt um kosti og galla, það er bara rætt um kosti. Í skugga þessa sækja menn um aðild að þessum klúbbi á hnjánum eftir að hafa orðið fyrir þvílíku áfalli, að hluta til vegna aðgerða og galla í regluverki Evrópusambandsins. Þá ætla menn að sækja um og svo er því lofað að breyta eigi íslenskum landbúnaði í styrkþega, skilgreina íslenskan landbúnað sem harðbýlt svæði o.s.frv., gera íslenska bændur að bótaþegum frá Evrópusambandinu.

[13:05]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil vel að hv. þingmaður fari um víðan völl og sé vanstilltur venju fremur daginn eftir að Alþingi Íslendinga samþykkti neyðaraðstoð til sparisjóðanna sem hann gekk gegn af þvílíkri hörku ásamt félögum sínum að kostaði sparisjóðakeðjuna alla lífið. Ég skil vel að hv. þingmaður sé vanstilltur, (**PHB:** Það kemur þessu máli ekki við.) ómálefnalegur og fari um víðan völl þannig að varla sé hægt að greina orðaskil í því sem upp úr honum stendur. Hann talar um 10–15 aðskilin mál í einu andsvari. Við vorum að ræða byggðamál og ESB en þá vatt hann sér hingað og þangað, sneri út úr orðum mínum og sagði að ég væri að boða að allir bændur gerðust styrkjabændur. Ég dró þvert á móti upp þá mynd sem Evrópusambandið hefur byggt á, að efla atvinnulíf í sveitum þannig að það verði sjálfbært með því að byggja upp öflugt fjarskiptakerfi, samgöngukerfi, innviði og grunnstoðir samfélagsins sem landbúnaðarstefnu Sjálfstæðisflokksins hefur mistekist svo hrikalega að gera á Íslandi. Ætli sú landbúnaðarstefna hafi ekki farið nær því að gera bændur að sérstökum styrkjabændum en sú evrópska, landbúnaðarstefna þess hv. þingmanns sem gekk fram á orði í nafni frjálshyggju en á borði í allt öðrum málum bundinn á klafa þröngra sérhagsmuna? Afleiðingarnar blasa við öllum þótt hann vilji kenna öðrum um flest. En líttu þér nær, hv. þingmaður, og róaðu þig eftir ríkisaðstoðina við sparisjóðina.

[Fundarhlé. — 13:08]

[13:34]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Enn á ný er forgangsröðun íslenskra ráðamanna á villigötum. Sumarþingið er á villigötum. Við þingmenn erum á villigötum. Þjóðin er ráðvillt og á meðan hrynja fyrirtækin og innviðir samfélags okkar eins og spilaborgir.

Forgangsröðun sumarþings ætti að vera eftirfarandi: Endurreisn fjármálakerfisins, lækka stýrivexti, lækka raforkuverð til landbúnaðar, tryggja að björgunarnetin sem sett voru út til að aðstoða fjölskyldur landsins í þeirri neyð sem þær eru að kljást við séu ekki full af götum, frysta eigur auðmanna, yfirheyrslur og gæsluvarðhald á þeim sem vitað er að stunduðu ólöglega fjármálastarfsemi og tóku virkan þátt í mesta hrunadansi sögunnar, rjúfa hagsmunatengsl milli þingheims og viðskiptaheims, styrkja forvarnastarf og virkja þá sem nú þegar eru á atvinnuleysisskrá, búa til atvinnuskapandi umhverfi og tryggja að meiri hluti íslenskra fyrirtækja fari ekki á hausinn.

Er hæstv. ríkisstjórn fyrirmunað að skilja að almenningur er að gefast upp? Það skiptir fólk sem er að berjast við að eiga fyrir mat ekki neinu máli hvort við förum í aðildarviðræður í dag eða eftir eitt ár. Það mun ekki gera neitt til að hjálpa þeim sem þurfa aðstoð núna. Það hafa komið fram góðar lausnir frá öllum flokkunum sem vel ætti að vera hægt að nota til að vinna að sameiginlegum lausnapakka sem allir flokkarnir kæmu að og bæru sameiginlega ábyrgð á. Það ætti að leggja eins þunga áherslu á það og lagt hefur verið á að finna samhljóm um þingsályktunartillögu til að ganga til aðildarviðræðna við ESB.

Því miður var sá samhljómur innantómt hjóm því að það er einfaldlega þannig, frú forseti, að ríkisstjórnin vill hreinlega ekki hlusta á áköll þjóðarinnar um aðgerðir sem gefa fólki tilefni til að leggja á sig erfiðleika til endurreisnar. Aðildarviðræður við ESB, sem munu kosta þjóðarbúið gríðarlega mikla fjármuni á meðan niðurskurðar er krafist af slíkum þunga að fólk flýr landið unnvörpum og er skaðleg aðför að velferðarkerfinu, er ekki rétt forgangsröðun.

Af hverju er farið af stað í þetta ferli með slíkum ofsa? Sumarþing var kallað saman til þess eins að vinna að ESB-málinu og það er bara ekki hægt að bjóða þjóðinni upp á slíkar áherslur. Það hefði verið afsakanlegt að leggja ofuráherslu á þetta mál ef við byggjum við eðlilegar kringumstæður en við vitum öll að þannig er það einfaldlega ekki. Hér er allt hrunið og fólk er ráðvillt og hrætt um hvað framtíðin beri í skauti sér. Það er fullkomlega óábyrgt að tala um aðildarviðræður sem einhverja allsherjarlausn og í fullkominni mótsögn við það sem sagt er um eðli þessara aðildarviðræðna.

Ég skildi þetta ferli á eftirfarandi hátt og veit um fjöldann allan af fólki sem skildi þetta á sama hátt fyrir kosningar. Við sækjum um aðild að ESB en þetta eru í raun og veru eins konar könnunarviðræður þar sem við fáum að sjá hvað er í boði en við erum samt eiginlega ekki að sækja um aðild að ESB heldur kanna hvort kröfum okkar verði mætt. Ef okkur líkar illa við þann samning sem okkur verður boðinn getum við alltaf afþakkað og haldið áfram þar sem frá var horfið. Við erum sem sagt að fara í könnunarviðræður því að það er ekki víðtækur meiri hluti, hvorki á Alþingi né

meðal þjóðarinnar, um stuðning við að ganga í Evrópusambandið.

Mér þóttu þetta ágæt rök en síðan hafa runnið á mig tvær grímur. Því meira sem ég hef hugleitt þetta ferli því sannfærðari er ég um að það er algerlega ábyrgðarlaust og sýnir umheiminum enn og aftur að hér býr þjóð sem er ekki fær um að axla ábyrgð eða taka afdráttarlausar ákvarðanir. Við erum sem sagt að fara að ganga til aðildarviðræðna án þess að vilja ganga í ESB. Hvaða rugl er það? Annaðhvort sækir maður um aðild og er á leiðinni í ESB eða maður sækir ekki um aðild.

Þegar hæstv. forsætisráðherra kynnir samþykkt þingsins um að ganga til aðildarviðræðna er ég alveg sannfærð um að hún muni ekki segja við Evrópusambandið að við ætlum að sækja um aðild en bara til að athuga hvort þau fallist á allar okkar kröfur og án þess í raun og vera að hafa fullt umboð frá þinginu um vilja til að ganga í Evrópusambandið. Forsætisráðherra ætti einmitt að segja sannleikann. Hæstv. forsætisráðherra ætti einmitt að segja að okkur sé engin alvara með þetta, við séum bara að sjá hvort við fáum ekki sérmeðferð eins og við erum svo vön að fá af því að við erum svo spes. Mér finnst það fullkomlega óábyrgt að halda því fram að það að sækja um aðild muni hjálpa okkur ef við ætlum svo bara að hafna þessu því það er alveg ljóst að við munum ekki fá neina sérmeðferð. Það hefur aldrei verið gerður neinn sérdíll um sjávarútvegsmál hjá ESB og það yrði með sanni alveg stórmerkilegt ef svo yrði og alveg örugglega eitthvað annað sem þá hengi á spýtunni.

Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra hvort það sé skynsamlegt að sækja um aðild núna ef það er næsta ljóst hvað við munum fá og ekki fá út úr því. Það er ekkert flókið að finna út hvað það er sem við fáum út úr svona ferli og nánast eins nákvæmt og skoðanakannanir og því óafsakanlegt að eyða a.m.k. þúsund milljónum í slíkt og eyða dýrmætum tíma þingmanna í nefndarsetur, svo ég tali ekki um starfsfólk stofnana á vegum ríkisins sem koma að umsóknarferlinu. Áætlað er að setja á laggirnar fjöldann allan af nefndum og ég get eiginlega ekki ímyndað mér hvað þetta kostar allt saman í raun og veru. Ég hefði frekar haldið að skynsamlegt væri að kynna með sanni fyrir þjóðinni hvað það er sem við ætlum okkur að gera og segja má að sú vinna sem nú þegar hefur farið fram sé fullkomið verkfæri til að styðja við ef kosið verði um það í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort þjóðin vilji leggja höfuðáherslu núna á að sækja um aðild og fræða almenning um hvað slíkt felur í sér.

Að sækja um aðild hlýtur að þýða að við viljum ganga í ESB. Þar eð ég hef ekki umboð frá kjósendum mínum til að taka slíka ákvörðun mun ég styðja tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu sem hægt væri að stefna saman eigi síðar en í kringum upphaf haustþings. Þau rök að við verðum að sækja um á meðan Svíar eru í forsæti, eru ekki nægilega góð rök í mínum huga. Þó að ég sé meðvituð um að gott sé að hafa rétt fólk á réttum stað á réttum tíma sem okkur er vinveitt og skilur hinn sérstæða hugsunarhátt ætla ég rétt að vona að Svíar séu ekki eina þjóðin sem er okkur vinveitt í Evrópusambandinu og gæti aðstoðað okkur við að ganga í ESB ef þjóðin mundi kjósa að gera það.

Frú forseti. Í utanríkismálanefnd var setið á fundum nánast daglega undanfarnar vikur til að taka á móti umsögnum og tillögum um úrbætur á þeirri þingsályktunartillögu sem lögð var fram í 1. umr. um þetta mál. Ég má til með að hrósa formanni nefndarinnar fyrir vönduð vinnubrögð við að viða að upplýsingum um það sem gestum fannst mikilvægt að væri tekið tillit til í vegvísinum sem samninganefndir eiga að fara eftir. Þá var ánægjulegt að sjá að tillögur Borgarahreyfingarinnar um að lýðræðisumbætur séu hluti af álitinu, eins og t.d. stofnun Lýðræðisstofu sem mun hafa það hlutverk að miðla óhlutdrægum upplýsingum til almennings um fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB-samninginn. Lýðræðisstofan verður vonandi hornsteinn lýðræðislegs og hlutlauss upplýsingaflæðis fyrir almenning er varðar mál sem tekin verða fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslum framtíðarinnar.

Það er margt að athuga við þær hefðir sem hér hafa verið viðhafðar um nefndarstörf og fannst mér það sérstaklega áberandi í þessu málefni því að upplagið var að komast að niðurstöðu sem allir í nefndinni gætu sætt sig við. Það var því ömurlegt að upplifa það að við nefndarmenn fengum lítil tök á að ræða saman ólíka þætti álitsins og fara yfir það saman í eins og eina dagstund. Þess í stað var lokaniðurstaða álitsins unnin á hundavaði og rýrði alla þá góðu vinnu sem hafði þegar átt sér stað. Gleymum því ekki að þær ákvarðanir sem hér eru teknar varða alla þjóðina og þetta mál er ein stærsta ákvörðun sem þjóðin mun taka saman og mun hafa mikil áhrif á líf okkar allra. Hvort heldur það er til góðs eða ills er ekki mitt að meta enda er nokkur ágreiningur um hvaða gagn eða ógagn Evrópusambandsaðild muni hafa fyrir þjóðarhagsmuni. Það er ótækt að ég hafi ekki fengið tíma til að skoða álitið í þaula áður en mér var gert að svara því hvort ég vildi vera með á meirihlutaálitinu, því setti ég fyrirvara á minn stuðning við það.

Æruverðugi forseti. Nú hef ég lesið nefndarálitið í þaula og er ánægð með flesta þætti þess og ég sé að tekið hefur verið tillit til þeirrar viðbótar sem við í Borgarahreyfingunni óskuðum eftir. Það sem ég er ekki ánægð með er ef til vill ekki endilega innihaldið heldur það sem vantar inn í álitið. Það er nefnilega svo að í álitinu er hvergi fjallað um hvað við höfum fram að bjóða sem viðbótarstjarna í Evrópusambandsflaggið. Það er eingöngu fjallað um það sem við viljum en ekki hvað við höfum að gefa. Það finnast mér alröng skilaboð að senda út í alþjóðasamfélagið.

Höfum við eitthvað að bjóða Evrópusambandinu sem þeir hafa ekki nú þegar? Eigum við eitthvað sem aðrar þjóðir vildu hafa með í sínum sameiginlega evrópska ranni? Mér detta nokkrir hlutir í hug þegar ég leiddi hugann að þessu, t.d. sú staðreynd að við höfum aðgang að einstakri og ósnortinni náttúru og erum enn nokkuð laus við mengun þó að við séum fjarri lagi eins ómenguð og ímyndarfræðingar þjóðarinnar vilja halda fram. Við eigum gott vatn og meira en nóg af því og enn er mikill fiskur í sjónum. Við erum vel staðsett, miðja vegu milli Evrópu og Bandaríkjanna og hér höfum við komið upp víðtækri þekkingu á hvernig má nýta orkuauðlindir okkar, sér í lagi það sem við köllum sjálfbæra orku. Þá höfum við þekkingu og reynslu af því að stýra viðamiklum sjávarútvegi. Til okkar hefur verið leitað varðandi rannsóknir á jarðvísindum og við höfum nokkra sérstöðu varðandi þá þekkingu. En okkar allra verðmætasta eign, ef eign mætti kalla, er hið óbeislaða hug-

arflug og sköpunarkraftur sem hefur með sanni sett þjóðina á hið alþjóðlega kort. Nú þegar eru fjölmargir einstaklingar sem hafa skapað þjóðinni mikil verðmæti með því að virkja þessa þætti þjóðarsálarinnar.

Frú forseti. Um langa hríð hefur verið hart barist um ESB hérlendis á meðal hagsmunaaðila á meðan meginþorri þjóðarinnar veit lítið sem ekkert um hvað það þýðir í eiginlegri merkingu að vera með eða ekki. Lítið hefur farið fyrir því að útskýra fyrir þjóðinni á hvaða forsendum við sækjum um aðild. Fyrir kosningar voru aðildarviðræður kynntar sem könnunarviðræður þar sem við gætum enn og aftur sýnt algjört ábyrgðarleysi með því að vilja bæði halda og sleppa á sama tíma — bara svona til að skoða hvað er í boði, sem þó allir vita hvað er. Þetta „haltu mér, slepptu mér-viðhorf“ er ekki það sem þjóðin þarf að sýna umheiminum í dag. Við höfum verið gagnrýnd fyrir ábyrgðarleysi á alþjóðavettvangi og ættum því ef við ætlum að sækja um aðild að ESB að vilja með sanni ganga í bandalagið. Það er skortur á skýrum vilja stjórnvalda, það er skortur á skýrum vilja þjóðarinnar sem mun gera þessar aðildarviðræður að enn einum smánarbletti á þjóðinni sem þarf á því meira en nokkru öðru að halda að sýna að hún er ekki samansafn tækifærissinna.

Ég get ekki stutt umsókn um aðildarviðræður án þess að kanna vilja þjóðarinnar til þess. Sumum finnst ég vera að stuðla að sóun á fjármunum og vera hrædd við að styggja einhvern með því að fara fram á þessa leið en ég get með sanni sagt að ég er aðeins að hugsa um hag þjóðarinnar. Mitt hlutverk hér er að tryggja að stórar ákvarðanir fari ekki í gegnum þingið án þess að það sé alveg ljóst að bak við þær sé einarður og skýr vilji þjóðarinnar til þess. Ég held að við séum enn á villigötum um ESB-málin. Ég held að við þurfum fyrst að taka upplýsa ákvörðun um hvort við viljum fara í ESB eða ekki. Það þarf að skoða betur á hlutlausan hátt hvað það þýðir, kosti og galla þess án þeirrar heittrúarstefnu sem hefur einkennt þetta mál hjá bæði nei- og jáfólkinu.

Ég er enn nokkuð klofin innra með mér varðandi ESB. En ég get sagt heils hugar að fenginni reynslu að við leysum ekki vandamál okkar með því að takast ekki á við þau sjálf. Við verðum fyrst að takast á við þá víðtæku spillingu sem hér þrífst. Við þurfum að horfast í augu við siðrofið og þá firringu sem leiddi okkur inn í hrunið. Við verðum að taka til í okkar garði áður en við viljum fá að sameina hann annarra manna görðum því að það er ekki sanngjarnt að flytja með okkur illgresi og arfa og hafa ekkert annað að gefa en einmitt það.

Tökum okkur þann tíma sem til þarf. Sinnum samfélaginu, sem hreinlega brennur af reiði og vonleysi, gefum þjóðinni von. Vinnum saman að ásættanlegum lausnum heima fyrir og prófum að þiggja aðstoð frá erlendum sérfræðingum áður en við ætlum að setja fullveldi okkar undir þing margra þjóða og munum hafa lítið um okkar mál að segja þó að við séum „stórasta land í heimi“. Ef við kunnum ekki að vinna saman hér heima hvernig í ósköpunum eigum við að geta unnið með — hvað eru þetta margar þjóðir, 27 þjóðir? — að jafnmikilvægum hlutum og þeim er snerta fullveldi þjóðarinnar. Síðasti samningur sem ritað var undir fyrir hönd þjóðarinnar í alþjóðasamhengi var ekki beint til að auka tiltrú mína á getu ráðamanna til að passa upp á þjóðarhagsmuni í návígi við gamla nýlenduherra.

Frú forseti. Ég virði þá vinnu sem lögð hefur verið í þá ályktun sem hér er fjallað um. Ég mun bera enn meiri virðingu fyrir þessu þingi ef hæstv. ríkisstjórn gefur þingmönnum sínum hið sama frelsi til að kjósa eftir eigin samvisku og hún krefst af okkur í minni hlutanum varðandi þetta mál.

[13:49]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég virði fullkomlega skoðanir hv. þingmanns og henni ber að fara að samvisku sinni. En ég dreg í efa að hún geti haldið því fram að hún verði að taka þessa tilteknu afstöðu sem hún sagði vegna þess að hún hafi ekki sagt kjósendum sínum frá því fyrir kosningar vegna þess að Borgarahreyfingin sagði með mjög skýrum orðum hvaða leið hún vildi fara varðandi Evrópu fyrir kosningarnar. (Gripið fram í.) Mig langar (Gripið fram í.) þá að lesa upp lítið plagg sem er tekið af heimasíðu Borgarahreyfingarinnar. Það birtist þar 24. apríl, daginn fyrir kosningar. Það er grein eftir Þór Saari þar sem hann fjallar með svofelldum orðum um stefnu Borgarahreyfingarinnar. Ég tók það svo að hann væri að tala þar í orðastað hennar vegna þess að þar segir svona, með leyfi forseta:

„Stefna Borgarahreyfingarinnar í Evrópumálum er að ekki sé hægt að taka afstöðu til málsins nema að undangengnum aðildarviðræðum. Að þeim loknum mun aðildarsamningurinn verða kynntur öllum landsmönnum með beinum kynningum um allt land og með víðtækri umræðu og fjölmiðlaumfjöllun í allt að sex til tólf mánuði ef með þarf. Að þeirri kynningu lokinni yrði svo samningurinn borinn undir þjóðaratkvæði.

Þetta er skynsöm leið og í raun eina færa leiðin ef menn yfirhöfuð hafa áhuga á að velta fyrir sér framtíðarkostum Íslands og taka raunhæfa afstöðu til þeirra.“

Þetta er birt á heimasíðu Borgarahreyfingarinnar daginn fyrir kosningar. Þetta er nánast sú leið sem mörg okkar hér erum sammála. Og til að klykkja út þá birtir Þór Saari eftirfarandi tilvitnun í Herbert Spencer, með leyfi forseta:

„Til er sú afstaða sem virðir allan fróðleik að vettugi, hunsar öll rök og festir manninn ætíð í kviksyndi fáviskunnar ævina á enda. Þetta er sú afstaða að vera á móti einhverju án þess að hafa kynnt sér það.“

[13:51]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það væri verulega ánægjulegt ef við værum einmitt með svona foringja sem réði öllu. Þetta er afstaða Þórs Saaris. Þetta er ekki í stefnu Borgarahreyfingarinnar. Hann má fyllilega vera frjáls að hafa þessa afstöðu. Það er bara þannig að innan Borgarahreyfingarinnar er bæði mikið af Evrópusinnum og mikið af fólki sem er ekki Evrópusinnar og ég áskil mér þann rétt að hafa ekki nákvæmlega sömu skoðun og Þór Saari í þessu máli og þó ég væri sammála honum þá er þetta ekki í stefnu Borgarahreyfingarinnar og er hvergi í því plaggi sem við köllum stefnuskrá okkar.

[13:52]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir einlæga ræðu og ágæta. Mig langar til að koma inn á kostnaðinn sem hv. þingmaður nefndi lauslega. Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir fjallaði um það í gærkvöldi að kostnaðurinn við þessa aðildarumsókn væri áætlaður tæplega milljarður. Hún gat þess hins vegar að sú umsögn væri mjög veikburða og mundi örugglega tvöfaldast þegar fram liðu stundir þannig að við erum að tala um 2.000 millj. kr. á sama tíma og verið er að skera velferðarkerfið niður og hækka skatta.

Nú spyr ég: Finnst hv. þm. það skynsamleg afstaða að fara út í könnunarviðræður þegar meira að segja sjálfur hæstv. fjármálaráðherra hefur lýst því yfir, síðast í gær, að hann ætli ekki að ganga inn? Hann ætlar sem sagt að setja peninga, 2.000 millj. kr. í því mikla peningahallæri sem við búum við í dag í þetta og svo ætlar hann ekki að ganga inn. Er þetta ekki röng fjárfesting?

Svo er það spurningin um það sem við getum gefið. Það er mjög góð spurning. Hvað getum við gefið Evrópusambandinu? Ég hugsa að þeir sjái að við getum gefið þeim orku, auðlindir, fiskveiðar og mannauð. Ég held nefnilega að til framtíðar verði orkan okkar mjög verðmæt fyrir Evrópusambandið í orkuþjáðum heimi og þeir mundu miklu frekar vilja kaupa eða taka orku frá Íslandi með einhverjum neyðarlögum eftir 20 ár heldur en fá einhverja orku frá Rússlandi sem er miklu leiðinlegra. Þeir mundu líka vilja senda togara hingað frá Spáni til að veiða þorsk því það vantar mat í Evrópu. Svo er vatnið okkar náttúrlega alveg óborganlegt fyrir Evrópu því það er ekki mjög hreint vatn þar víða. Svo vil ég spyrja hv. þingmann: Vill hún sjálf að Ísland verði aðili að Evrópusambandinu eftir tíu ár?

[13:54]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir spurningarnar. Varðandi kostnaðinn þá finnst mér það ekki vera aðalatriðið þó svo mér finnist það ansi dýr könnunarleiðangur og spurning er hvort maður geti kannað þessi mál á annan hátt. Mér finnst tímasetningin mikilvægust. Er þetta rétti tíminn á meðan allt brennur hér? Væri ekki nær að nota alla þá orku, tíma og peninga í að endurreisa til dæmis bankakerfið?

Varðandi það hvort ég mundi vilja ganga í Evrópusambandið þá er mér orðið ljóst eftir allar þessar nefndasetur um Evrópusambandið og allar þær upplýsingar sem ég hef viðað að mér að ég vil alls ekki fara í Evrópusambandið.

[13:55]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við erum þá tvö sem ekki viljum ganga í Evrópusambandið og það er ágæt byrjun. Þeir verða eflaust fleiri Íslendingar. En það sem hv. þingmaður kom ekki inn á — ég fellst alveg á þetta með kostnaðinn og orkuna aðallega, þ.e. þann mannauð sem við setjum í þessar viðræður á þessum tíma þegar svo mikið liggur við að koma bönkunum og atvinnulífinu og þar með heimilunum í gang, að þá séu menn að gæla við svona verkefni því alveg eins má sækja um eftir fimm ár eða þrjú ár eða hvenær sem er. Núna eru menn að setja ráðuneytin og allt saman á fullt við að sækja um. Það er þetta sem ég óttast kannski mest og tek undir það með hv. þingmanni.

Hún svaraði ekki einni spurningunni. Hún hefur kannski gleymt því. En það var um það sem við getum gefið. Það er ekki bara ósnortin náttúra því að ef miklu fleiri túristar koma til Íslands þá er hún ekki lengur ósnortin og hún er nú eiginlega hætt að vera það, því miður. Hún líður mjög mikið fyrir túrismann. Það bara er þannig. Ég held að túrisminn mengi hvað mest af öllum atvinnugreinum. Af honum er bæði sjónmengun og svo ekki síður bara hreinlega mengun, vegir, götur og fólk. En það sem ég held að Evrópusambandið sjái við Ísland sé orkan til framtíðar, raforkan og varmaorkan og síðan matur, fiskurinn sem við höfum hérna og er síminnkandi í Evrópu vegna stefnu þeirra í sjávarútvegsmálum. Þeir hafa stundað rányrkju varðandi fiskinn en við ekki. Og svo er það alveg sérstaklega vatnið sem þeir munu örugglega sækja í svo ég nefni nú ekki mannauðinn sem er að ég held mjög góður á Íslandi miðað við víða annars staðar.

[13:57]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég bið hv. þingmann afsökunar á að hafa gleymt að svara einni af spurningunum. Ég er sammála því að orkan okkar er án efa nokkuð sem gæti komið öðrum Evrópubúum að notum. Þá er annað, held ég, sem hefur eiginlega verið lítið í umræðunni. Stoltenberg kom á fund utanríkismálanefndar þegar við vorum nýbúin að setja þingið. Þá kom fram að norðurleiðin muni opnast í ár. Ég held að sú staða muni gjörbreyta okkar samningastöðu og það væri mjög gott að vera kannski búin að fá eins og eins árs reynslu á hvað það þýði í alþjóðlegu samhengi áður en við hefjum þessar viðræður.

[13:58]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birgittu Jónsdóttur fyrir að vekja athygli á tveimur grundvallarþáttum í þessu sambandi, annars vegar spurningunni um það hvort rétt sé að hefja aðildarviðræður þegar ekki er sannfæring á bak við og hins vegar hvort tímasetningin sé rétt.

Nú vitum við að það er rík sannfæring á bak við aðildarumsókn af hálfu Samfylkingarinnar, af hálfu tæplega þriðjungs þingsins. Það er djúp sannfæring fyrir því. Annars örlar ekki mikið á mikilli sannfæringu hjá öðrum á hinu háa Alþingi og það er alveg hárrétt sem hv. þm. Birgitta Jónsdóttir bendir á að það er ekki trúverðugt að hefja mikilvægar samningaviðræður með hálfum huga. Það er ekki mjög trúverðugt. Það er einfaldlega um það að ræða að þegar menn ganga til samningaviðræðna þá gera þeir það af alvöru og þess vegna undrast ég mjög afstöðu ýmissa úr ýmsum flokkum sem vilja ganga til samningaviðræðna til að sjá hvað sé í pakkanum án þess að hafa nokkra sannfæringu fyrir því að þeir vilji gerast aðilar að Evrópusambandinu. Það er þannig eins og hefur komið fram í þessari umræðu að Evrópusambandið er okkur ekki að öllu ókunnugt. Við þekkjum til regluverks Evrópusambandsins. Við þekkjum til starfshátta þess. Það eru mjög margir þættir sem við vit-

um um sem við þekkjum og getum áttað okkur á án þess að fara í aðildarumræður. Þeir sem eru þeirrar skoðunar að ekki eigi að ganga í þetta samband eins og það er hljóta að setja fyrirvara og hafa miklar efasemdir um að rétt sé að hefja viðræður við slíkt samband. Ég ætla ekki að nefna einstaka menn eða einstaka flokka í því sambandi. Ég ætla ekki að gera eins og hæstv. utanríkisráðherra sem nú hefur gengið úr salnum en hefur verið duglegur í dag við að nudda mönnum upp úr gömlum ummælum. Mér finnst það kannski ekki skipta máli. Mér finnst hins vegar að það hljóti að vera umhugsunarefni að minnsta kosti fyrir þá fjölmörgu hv. þingmenn sem hafa enga sannfæringu fyrir því að við eigum að ganga í Evrópusambandið að fara af stað í aðildarviðræður. Það er kjarnaatriði og ég þakka hv. þm. Birgittu Jónsdóttur fyrir að benda á þennan mikilvæga þátt sem hefur svolítið orðið útundan hér í umræðunni af því að menn hafa svolítið fest í að ræða jafnvel einstök tæknileg atriði.

Hitt atriðið snýr að tímasetningunni. Hafa má ýmis orð um það. En ég tek undir með þeim sem hér hafa talað og telja tímasetninguna hugsanlega ekki góða. Þetta er háð miklu mati en hlýtur að ráðast af því hverju menn ætla að ná fram með aðildarumsókn og aðild. En ég held miðað við stöðu okkar í dag og þau verkefni sem liggja fyrir íslensku stjórnkerfi og íslenskum stjórnmálamönnum að þetta sé ekki endilega réttur tími. Eins og hv. þm. Birgitta Jónsdóttir benti á er um það að ræða að við erum með fangið fullt af verkefnum sem við þurfum að leysa, bæði við sem sitjum á þingi og eins íslenska stjórnkerfið, ráðuneytin og stofnanir á þeirra vegum. Við erum að tala um að fara í nýtt risavaxið verkefni. Ég held að allir geti verið sammála um það þó við getum deilt um einstakar kostnaðartölur. Þetta er risavaxið verkefni og spurningin er sú hvort við erum akkúrat tilbúin til þess núna. Þetta eru tvö atriði sem hv. þm. Birgitta Jónsdóttir benti réttilega á og er mikilvægt að halda til haga í þessari umræðu.

Til að halda áfram að taka undir með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað í dag þá vil ég taka undir orð sem komu fram í ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar fyrr í morgun um að hér væri um að ræða eitthvert stærsta mál sem við höfum fengið til meðferðar á Alþingi. Ég held að við getum verið sammála um það hvaða skoðun sem við höfum á Evrópusambandsaðild að þetta sé mjög stórt og mikilvægt mál, hvaða skoðun sem við höfum á því og hvernig sem það leggst. Það sem við erum að leggja upp með er skref í átt að afar afdrifaríkri aðgerð. Auðvitað er ekki um það að ræða að aðildarumsókn feli í sér aðild, öðru nær. Allir hafa ítrekað þá fyrirvara sem enginn ágreiningur hefur verið um, að sú ákvörðun að fara í aðildarviðræður þýðir ekki aðild, að sjálfsögðu ekki. Það eru mörg önnur skref eftir á leiðinni eða á þeirri vegferð eða í þeim leiðangri, svo maður noti vinsælt orðalag í þinginu. Engu að síður er um að ræða stóra ákvörðun. Það er ákvörðun um að ganga til samkomulags um aðild að ríkjasambandi sem er umfangsmikið ferli og ágætlega rakið í ýmsum gögnum frá utanríkisnefnd hversu umfangsmikið það er og hversu erfitt sé að átta sig á einstökum atriðum og einstökum staðreyndum í því sambandi þannig að þetta er stór ákvörðun og þess vegna þarf að taka hana að afar vel yfirlögðu ráði. Þess vegna þarf að fara vel yfir alla þætti málsins áður en ákvörðun er tekin af því að það verður að vera alvara í umsókn ef af henni verður og þegar menn fara af stað í viðræður þá verða þeir að gera sér einhverja grein fyrir því hvernig þeir sjá fyrir sér að viðræðurnar gangi og hvernig einstakar ákvarðanir verði teknar í sambandi við ferlið.

Af því að ræðutími okkar er takmarkaður, þó forseti hafi af mildi sinni rýmkað hann nokkuð frá því sem ella hefði verið þá verð ég að takmarka mig við nokkra þætti þessa máls og mun þess vegna ekki ræða hér við þetta tækifæri kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu. Ég vil bara segja að auðvitað þekkja það allir sem hafa fjallað um þessi mál að Evrópusambandsaðild fylgja kostir og gallar. Síðan er það mat hvort kostirnir vegi þyngra eða gallarnir. Án þess að fara út í þetta vil ég geta þess að ég er þeirrar skoðunar að gallarnir vegi þyngra. Það er niðurstaða sem ég hef komist að eftir að hafa velt þessum málum fyrir mér lengi vegna þess að ég viðurkenni að það eru kostir og gallar, heimurinn er ekki fullkomlega svart/hvítur. Það er töluvert af gráum litbrigðum í þessu máli. En það er mitt mat að það sé ekki Íslandi til hagsældar til lengri tíma litið og raunar ekki til skemmri tíma litið heldur að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Nóg um það.

Ég ætla að fjalla um þá spurningu sem við stöndum hér frammi fyrir. Meginspurningin er: Eigum við að veita ríkisstjórninni heimild til að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið og ætlum við að setja ríkisstjórninni einhvern ramma, einhver skilyrði í sambandi við þessa aðildarumsókn? Við getum orðað það þannig: Ætlum við að binda hendur ríkisstjórnarinnar með einhverjum hætti þegar hún hefur forgöngu um viðræður verði tillagan samþykkt? Í þessu sambandi er fyrst kannski nauðsynlegt að átta sig á því hvernig menn sjái ferlið fyrir sér. Ég eins og aðrir hv. þingmenn þakka hv. utanríkismálanefnd og formanni hennar fyrir góða gagnaöflun og áreiðanlega vandaða málsmeðferð. Ég verð þó að segja, bara til að gera það á þessum punkti í ræðu minni, að ég tel að nefndin hafi ekki alveg lokið því starfi og að enn sé ýmsum spurningum í því sambandi ósvarað. Ég kem nánar að því á eftir.

Er við reynum að átta okkur á því hvert ferlið eigi að vera í þessu sambandi þá eru nokkrir þættir sem þarf að átta sig á. Í fyrsta lagi er það spurningin um hvernig ákvörðun eigi að vera tekin, hvernig eigi að taka ákvörðunina um aðildarumsókn. Í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þess hvernig fyrirkomulag viðræðna eigi að vera og þá er fyrst og fremst spurningin um aðkomu þingsins. Í þriðja lagi þarf að átta sig á samningsmarkmiðum eða eftir atvikum skilyrðum sem þingið setur framkvæmdarvaldinu varðandi samningaviðræðurnar. Í fjórða lagi þarf að huga að stjórnarskrárbreytingum sem eru nauðsynlegar í þessu ferli og í fimmta og síðasta lagi þarf að huga að þjóðaratkvæðagreiðslu, hvenær þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að fara fram og hvort þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að vera ráðgefandi eða bindandi. Auðvitað hanga þessar spurningar að mörgu leyti saman. En það má brjóta viðfangsefnið sem við stöndum frammi fyrir upp í þessa fimm þætti.

Varðandi fyrstu spurninguna, ákvörðun um aðildarumsókn, þá getum við sagt hér í þinginu að nú stöndum við frammi fyrir tveimur valkostum. Annar valkosturinn er sá

sem ríkisstjórnin leggur upp með, að þingið veiti ríkisstjórninni þessa heimild. Hins vegar er sú leið sem fram kemur í breytingartillögu minni hluta utanríkismálanefndar, breytingartillögu hv. þingmanna Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur að Alþingi taki ekki þessa ákvörðun nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem spurt verði hvort kjósendur séu tilbúnir til að samþykkja að farið verði í aðildarviðræður við Evrópusambandið. Í þessari spurningu kristallast sá ágreiningur eða þeir valkostir, getum við sagt, sem við stöndum frammi fyrir núna og rökin sem færð hafa verið fyrir því að fara þessa leið, að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort fara eigi í aðildarumsókn, eru skýr og koma fram í áliti minni hluta utanríkismálanefndar og ég hef litlu við það að bæta. Ég vil þó minna á það sem fram kom í ræðu hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur í gær að varðandi svona stóra ákvörðun er eðlilegt að þjóðin eigi bæði fyrsta og síðasta orðið. Ég held að með þeim orðum hafi hv. þingmaður náð utan um hugsunina á bak við þetta.

Frekari rökstuðningur er sá að málið er mjög umdeilt í þinginu, verulega umdeilt eins og hefur birst í þessari umræðu. Það liggur alveg ljóst fyrir að með niðurstöðu í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta atriði þá yrði niðurstaðan sterkari, síður til þess fallin að vekja deilur eða umræður heldur en ef niðurstaðan yrði ákveðin einvörðungu með naumum meiri hluta í þinginu. Það mundi með öðrum orðum styrkja niðurstöðuna hvort sem við förum í aðildarviðræður eða höfnum þeim ef niðurstaðan yrði í samræmi við niðurstöðu almennrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi hugmynd er ekki ný af nálinni. Af því að hæstv. utanríkisráðherra gengur í salinn kemst ég ekki hjá því að minnast á að einhvern tíma á sínum ferli hefur hæstv. utanríkisráðherra lýst því yfir að hann gæti vel hugsað sér að fara leið tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég minnist viðbragða hans við tillögu Björns Bjarnasonar vorið 2008 í þessum efnum þar sem hæstv. utanríkisráðherra sagði að vísu, svo öllu sé haldið til haga, að hann teldi tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu ekki nauðsynlega en gæti vel fallist þá leið ef hún væri til þess fallin að stuðla að meiri sátt um framgang málsins. Þetta sagði hæstv. utanríkisráðherra að minnsta kosti í einni ef ekki tveimur bloggfærslum á heimasíðu sinni í mars og apríl 2008 og vísaði jafnframt til þess að einhvern tíma hefði nú Samfylkingin haft þessa stefnu. En það sem hins vegar breyttist var að í stað þessa viðhorfs sem kalla má varfærnislegt viðhorf þá jókst trúarhitinn og sannfæringin mjög í Samfylkingunni þannig að þegar Samfylkingin var komin að niðurstöðu fyrir sig og forustumenn hennar þá hvarf áhuginn eða stuðningurinn við að fara leið tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu.

Nú er ekkert að því að menn skipti um skoðun. Ég hef oft skipt um skoðun í ýmsum málum, reyndar ekki Evrópumálunum. Hins vegar er ekkert að því að menn skipti um skoðun. En þeir verða hins vegar að átta sig á því að í hugum ýmissa annarra þá geta þau rök sem bjuggu að baki stuðningi við tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu hjá mönnum úr Samfylkingunni á árum áður alveg átt við í dag. Það eru rök í málinu. Ég minnist þess að hæstv. utanríkisráðherra vísaði einmitt til þess í skrifum sínum að það hefði verið afstaða Samfylkingarinnar að hægt væri að fara leið tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu einmitt til að tryggja að sem víðtækust sátt væri um það að fara í aðildarviðræður. Ég met það svo að það sé akkúrat sú staða sem er uppi í dag að til að tryggja að það sé sem víðtækust sátt um að fara í aðildarviðræður eða eftir atvikum hafna þeirri ákvörðun, þ.e. það mundi styrkja þá ákvörðun að leita álits þjóðarinnar í þeim efnum. Ég satt að segja undrast áhugaleysi samfylkingarmanna í dag á því að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um þessa mikilvægu ákvörðun sem er mikilvæg ákvörðun eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vísaði til áðan. Þetta er mjög mikilvægt mál, ákvörðun um að fara í aðildarviðræður. Það er mikilvæg ákvörðun. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom ítrekað inn á það í sínu máli. Ég undrast að hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem í ræðustól Alþingis og á öðrum vettvangi hafa á undanförnum árum verið miklir stuðningsmenn þess að fara með mikilvæg mál í þjóðaratkvæðagreiðslu skuli ekki styðja þá hugmynd nú. Ég undrast það.

Það er alveg ljóst að stórar ákvarðanir í Evrópumálum eru með stærstu ákvörðunum sem þjóðir taka. Þess vegna er mjög algengt, þó það hafi ekki farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarumsókn í nokkru Evrópulandi svo ég viti til, þá er mjög algengt að þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram um einstaka þætti í Evrópusamstarfinu. Það er ekkert óþekkt. Ef menn eru þeirrar skoðunar, ef þeir eru raunverulega þeirrar skoðunar að það eigi að bera stórar ákvarðanir undir þjóðina þá er þetta kjörið tækifæri til að gera það af því, eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson benti á áðan, að þetta er mjög stór ákvörðun „eitthvert stærsta mál sem hefur komið fyrir þingið í mörg ár,“ sagði hv. þingmaður. Kjörið mál til að fara með í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Rökin gegn því að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál hafa komið fram. Þau eru á þá leið að það sé svo flókið að taka afstöðu til þessa máls í atkvæðagreiðslu, þjóðin muni taka afstöðu á grundvelli tröllasagna og fagurra rósrauðra draumsýna, þess vegna verði ákvörðunin ekki yfirveguð, þess vegna verði ákvörðunin ekki byggð á nægilega traustum upplýsingum. Það er það sem sagt hefur verið í þessum ræðustól gegn því að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég verð að minna hv. þingmenn Samfylkingarinnar á að með þessum rökum er hægt að hafna flestum þjóðaratkvæðagreiðslum. Stórmál hafa yfirleitt á sér magar hliðar. Stórmál eru yfirleitt þannig að í þeim felst einhver óvissa. Það er alltaf einhver óvissa í sambandi við ákvarðanir sem teknar eru þannig að með þeim rökum sem hafa verið notuð gegn því að fara leið tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu er hægt að hafna öllum eða flestum þjóðaratkvæðagreiðslum. Ég velti því fyrir mér hvort þeir þingmenn og sá flokkur sem hefur hvað oftast, nema ef vera skyldi Vinstri hreyfingin – grænt framboð, talað um mikilvægi þjóðaratkvæðagreiðslna, að það eigi að taka ákvarðanir á einhvers konar agóru að forngrískri fyrirmynd eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson skrifaði lærðar greinar um fyrir nokkrum árum, þá undrast ég að þeir skuli alfarið hafna þeirri leið að veita þjóðinni tækifæri til að láta í ljós sitt álit um þessa mikilvægu spurningu, hvort við eigum að fara í aðildarviðræður eða ekki. Ég undrast það.

Ég hef persónulega, og það þekkir hæstv. utanríkisráð-

herra þar sem við ræddum þessi mál töluvert í stjórnarskrárnefnd á sínum tíma, verið í hópi þeirra sem hafa verið íhaldssamir gagnvart þjóðaratkvæðagreiðslum. Ég hef verið íhaldssamur. Ég hef alltaf sagt að ég teldi að þjóðaratkvæðagreiðslur ættu við í stórum málum en að það yrði að hafa þannig umbúnað að það væri ekki farið í þjóðaratkvæðagreiðslu nema um raunverulegt stórmál væri að ræða. (**Forsrh.:** Hver eru þau?) Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé stórmál. Ég er sammála hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni um að þetta sé stórmál af því tagi að það eigi heima í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er sammála því.

Svo ég haldi aðeins áfram þá er þetta það sem lýtur að ákvörðuninni um aðild, þ.e. annars vegar sjónarmiðið um að leita eigi álits þjóðarinnar á því hvort þessi stóra ákvörðun er tekin eða hvort þjóðin eigi að sætta sig við að meiri hluti þingsins hafi áhyggjur af því að hún hafi ekki forsendur til að taka þessa ákvörðun. Samfylkingin hefur komist að niðurstöðu í Evrópumálum. Samfylkingin komst að niðurstöðu fyrir mörgum árum í Evrópumálum. Samfylkingin hefur talið sig hafa forsendur til að komast að niðurstöðu. En Samfylkingin telur ekki að þjóðin hafi forsendur til að komast að niðurstöðu. Það er mjög athyglisvert.

Í annan stað ætla ég að nefna fyrirkomulag viðræðna og aðkomu Alþingis. Þar vil ég hrósa hv. utanríkismálanefnd. Ég tel að þar sé um að ræða jákvæðar tillögur og leiðsögn varðandi aðkomu Alþingis. Ég held að mikilvægt sé að aðkoman sé tryggð, að verði farið út í aðildarviðræður þá sé málið ekki á höndum utanríkisráðherra eins, hversu ágætur sem hann kann að vera, heldur komi þar fleiri að og þingið og fulltrúar þeirra ólíku sjónarmiða sem þar eiga sæti hafi aðkomu að ferlinu. Ég tel að þetta sé mikilvægt og mun kannski víkja örlítið að því síðar.

Í þriðja lagi ætlaði ég að nefna samningsmarkmiðin og skilyrðin og þar tel ég að hv. utanríkismálanefnd hafi líka unnið ágætt starf, safnað saman upplýsingum og vikið að þeim spurningum sem upp kunna að koma, nefnt í meginatriðum þá hagsmuni sem standa þurfi vörð um í aðildarviðræðum og allt er það ágætt og gott. Ég get hins vegar ekki annað en tekið undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni sem sagði hér í gær að í ákveðnum köflum liti út fyrir að þeir sem skrifuðu nefndarálitið ætluðu sér að sækja um aðild að einhverju öðru Evrópusambandi heldur en því sem er til húsa í miðborg Brussel. Skilyrðin eða markmiðin eru í mörgum tilvikum töluvert langt frá veruleikanum. Menn verða að hafa í huga, eins og nefnt hefur verið, að tökum við þessa ákvörðun á annað borð þá erum við að taka ákvörðun um að sækja um aðild að sambandi sem hefur sínar reglur, sem hefur sínar aðferðir, hefur sína stefnu og eins og aðrar þjóðir sem sækja um aðild að Evrópusambandinu þá eru menn að sækja um aðild að Evrópusambandinu eins og það er, ekki eins og það kynni að verða vonandi einhvern tíma í framtíðinni ef allir í Evrópusambandinu færu að óskum Íslendinga (**Gripið fram í:** Eftir sjö ár.) Eftir sex ár eða sextíu ár eða hvað menn vilja. Menn verða að horfa á veruleikann. Það er spurning hvort menn geti farið í þennan leiðangur, svo ég vísi aftur í það orðalag sem vinsælt er, ef þeir ætla sér að ná einhverjum markmiðum og setja sér einhver markmið í þessu sambandi sem segja má fyrir fram að séu óraunhæf. Varðandi þau samningsmarkmið eða skilyrði sem getið er um í nefndarálitinu þá verð ég líka að geta þess að í sumum atriðum er framsetning þeirra mjög óljós, að gæta þarf, huga þarf að og taka ber tillit til og eitthvað svona sem er eðlilegt orðalag en setur ekki fram mjög skýr markmið eða skýra skilmála. Það er kannski eðlilegt. En það er hins vegar rétt að hafa þetta í huga.

Það tengist spurningu sem ég hef spurt áður í þessari umræðu. Hvernig verður með farið ef menn sjá ekki fram á að geta uppfyllt þessi skilyrði eða ná ekki þessum markmiðum? Hver á að meta það? Hver á að taka ákvörðun um að hætta samningaviðræðum, svo ég vísi í orð hæstv. fjármálaráðherra frá því í gær? Hver á að taka ákvörðun um það? Hver á að taka ákvörðun? Hver á að taka af skarið ef til dæmis utanríkisráðherra er þeirrar skoðunar að viðræðurnar séu á góðri siglingu og við séum að ná öllu fram sem við viljum meðan fjármálaráðherra er þeirrar skoðunar að það sé ekkert að nást fram? Hvernig á með að fara? Þetta er atriði sem ég held að þyrfti að huga töluvert að. Það þarf að huga dálítið að þessu.

Það er líka ljóst að ef ákvörðun yrði tekin um að hætta viðræðum þá yrði ekki um að ræða neina aðkomu þjóðarinnar, ekki nema — eins og ég nefndi í morgun — ekki nema þá menn, til þess að gefa þjóðinni kost á að eiga síðasta orðið, ákveði bara að klára samninga þó þeir séu hundóánægðir með þá og sjái ekki fram á að ná neinum af þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér, menn bara klára samninginn, mæta á fund og undirrita án þess að meina nokkuð með því, koma síðan heim og segja: „Heyrðu, ég skrifaði undir samning sem ég er mjög ósáttur við. Ég meinti ekkert með því að skrifa undir. Ég ætla bara að hætta við þetta allt saman og vinsamlegast fellið þetta í þjóðaratkvæðagreiðslu.“ Þetta er mjög skrýtin nálgun og ég bið þá sem standa að nefndarálitinu og hæstv. ráðherra sem hér heyra til mín (Gripið fram í.) að koma að þessu með einhverjum hætti eða svara þessu með einhverjum hætti. Það er raunveruleg hætta eða raunverulegur möguleiki á að þessi staða komi upp einmitt vegna þess að handhafar framkvæmdarvaldsins og meiri hlutinn á þingi, meiri hluti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar er alls ekki einhuga í þessu máli. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru mjög heitir bæði í stuðningi og andstöðu við aðild að Evrópusambandinu. Þeir munu alveg örugglega líta mjög ólíkum augum á það hvernig miði í samningaviðræðunum. Það sem ég er að velta upp var kallað „hvað-ef“-spurning í morgun. Þetta er auðvitað „hvað-ef“-spurning. En á þessu er raunverulegur möguleiki ekki síst vegna þess að það er enginn einhugur í ríkisstjórninni í þessu málum. Það er enginn einhugur. Það má skilja orð margra þingmanna og ráðherra Vinstri grænna með þeim hætti að þeir vilji ekki aðild undir neinum kringumstæðum og það má skilja orð ráðherra og þingmanna Samfylkingarinnar þannig að þeir vilji aðild nánast hvað sem það kostar ... (**Gripið fram í:** Nei, nei, hvaða vitleysa.) nánast hvað sem það kostar og væri vissulega forvitnilegt ef einhver af talsmönnum Samfylkingarinnar í þessari umræðu gæti upplýst um það undir hvaða kringumstæðum þeir mundu hafna aðildarsamningi við Evrópusambandið, hvað væri svo hræðilegt í aðildarsamningi við Evrópusambandið

að það gæti orðið til þess að þeir höfnuðu því, hvaða kröfur Evrópusambandsins gætu verið óaðgengilegar fyrir ráðherra og þingmenn Samfylkingarinnar. Ég hef ekki orðið var við þau atriði í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Það er sagt: „Við eigum eftir að semja.“ En áður en menn semja verða þeir að setja sér markmið og þá hljóta þeir um leið að átta sig á því hvaða kröfur eða skilmálar af hálfu Evrópusambandsins væru þess eðlis að þeir gætu ekki fallist á þá. Það er partur af því að móta sér samningsmarkmið og væri mjög forvitnilegt — eins og ég segi — það væri mjög forvitnilegt ef talsmenn Samfylkingarinnar í þessari umræðu, hv. þingmenn, gætu upplýst um hvaða kröfur af hálfu Evrópusambandsins væru óaðgengilegar í þeirra augum, hvenær mundu þeir segja stopp. Ég undrast mjög að það hafi ekki komið fram í þessari umræðu en bíð spenntur eftir að heyra það hér síðar í dag.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að stjórnarskrárbreytingum í tengslum við hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. Í fyrsta lagi eru allir eða allflestir sem um þessi mál hafa fjallað, allir helstu fræðimenn landsins á þessu sviði, sammála um að aðild að Evrópusambandinu sé óheimil nema stjórnarskránni verði breytt þannig að heimilt verði að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana. Um þetta er ekki teljandi ágreiningur og ég hef ekki heyrt að um það sé ágreiningur um það í þessari umræðu. Sem sagt, áður en aðild verður að veruleika þá þarf að breyta stjórnarskránni. Margir eru reyndar þeirrar skoðunar og þar á meðal einn helsti stjórnskipunarfræðingur Samfylkingarinnar á síðari árum, hv. fyrrverandi varaþingmaður Kristrún Heimisdóttir, að staðan í dag, aðild okkar að EES-samningnum geri það einfaldlega að verkum að við verðum að breyta stjórnarskránni til að heimila framsal til alþjóðastofnana burt séð frá hugsanlegri ESB-aðild. Margir hafa haldið þessu fram. Ég hef ekki verið sannfærður um þetta. En þessu hafa margir haldið fram og hafa bæði vísað til EES-samningsins og raunar einnig til aðildar okkar að mannréttindasáttmála Evrópu. En þetta liggur fyrir. Það er athyglisvert að þessu sjónarmiði er hafnað í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Þar er einfaldlega sagt að ef við ætlum ekki að ganga í Evrópusambandið þá sé ekki nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni. Ég get tekið undir það. Engu að síður liggur fyrir að einhvern tíma í þessu ferli verðum við að breyta stjórnarskránni. Þá er spurning: Eigum við að gera það eftir að allar aðrar ákvarðanir hafa verið teknar í þessum málum eða eigum við að gera það áður en lokaákvarðanir eru teknar?

Ég sé að þeir lögfræðingar sem komu fyrir nefndina hafa talið að þetta væri í rauninni pólitískt mat, að það væri út af fyrir sig hægt að láta fara fram ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu og breyta síðan stjórnarskránni þannig að Alþingi geti fullgilt samninginn endanlega. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við það mat. Ég vil hins vegar lýsa því sem minni pólitísku skoðun að það sé eðlilegra að stjórnarskrárbreyting, ef hún á að koma til, verði ákveðin fyrr í ferlinu þannig að það sé alveg klárt að stjórnarskráin heimili framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana þegar aðildarsamningur er undirritaður. Ég held að þetta sé miklu betri og áferðarfallegri leið. Það er mín pólitíska skoðun og ég vil varpa því hér í þessa umræðu. Ég er ekki frá því að margir stuðningsmenn þessarar tillögu séu í hjarta sínu sammála mér um að stjórnarskrárbreyting ætti að eiga sér stað miklu fyrr í þessu ferli. Ég vildi gjarnan ef kostur er síðar í þessari umræðu kalla eftir rökum fyrir því að stjórnarskrárbreyting eigi sér ekki stað fyrr en allt sé klappað og klárt, allt sé um garð gengið þannig að stjórnarskrárbreyting verði bara svona einhvers konar formsatriði. Ég vildi gjarnan heyra það ef menn hafa velt þessum þætti fyrir sér.

Þetta tengist síðustu spurningunni sem ég nefndi um þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. hvenær hún eigi að fara fram og hvort hún eigi að vera ráðgefandi eða bindandi. Ég tek undir það sem fram kemur í áliti 1. minni hluta utanríkismálanefndar að eðlilegt sé að ganga þannig frá málum að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild og aðildarsamning að Evrópusambandinu verði síðasta orðið ef svo má segja, að þjóðin hafi síðasta orðið, að þjóðin taki endanlega afstöðu til þess. Á það hefur verið bent að upp geti komið kostuleg staða, skrýtin staða, erfið staða ef þjóðin kemst að einhverri tiltekinni niðurstöðu, hugsanlega með naumum meiri hluta í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, síðan verði farið í stjórnarskrárbreytingu, efnt til kosninga, nýtt Alþingi verði kjörið, þar verði hugsanlega naumur meiri hluti gegn aðild að Evrópusambandinu og Alþingi ákveði að virða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu þar af leiðandi að vettugi. Undir þeim kringumstæðum væri alveg ljóst að þjóðin hefði ekki síðasta orðið.

Þess vegna finnst mér betra að ganga þannig frá þessu að þjóðaratkvæðagreiðslan verði bindandi og það þarf að gerast með stjórnarskrárbreytingu. Þess vegna vísa ég til þess sem ég sagði áðan um að ég tel að stjórnarskrárbreytingar eigi að eiga sér stað fyrr í ferlinu en niðurstaða meiri hluta utanríkismálanefndar gerir ráð fyrir.

Ég ætla í lok ræðu minnar örlítið að víkja að kostnaðinum við aðildarumsókn. Ég tek undir það sem hefur komið fram hér í umræðunni að sé mönnum á annað borð alvara með að fara í aðildarumsókn þá er kostnaður auðvitað nokkuð sem menn geta ekkert verið að horfa í. Þó að um háar upphæðir sé að ræða eru þær ekki af þeirri stærðargráðu að þær eigi að ráða úrslitum. Ég er raunar þeirrar skoðunar að ef tekin verði ákvörðun um að fara í aðildarviðræður að Evrópusambandinu þá eigi ekkert að spara til að ná sem bestum niðurstöðum og vanda eins vel til verka og hægt er.

Utanríkisráðuneytið hefur lagt hér fram kostnaðarmat sem fjármálaráðuneytið hefur aðeins farið yfir. Segja má að niðurstaðan úr því sé sú að kostnaðurinn verði 590 milljónir í þýðingarkostnað, 300 milljónir í beinan kostnað utanríkisráðuneytisins og 100 milljónir í kostnað hjá öðrum ráðuneytum, 990 milljónir. Hæstv. utanríkisráðherra sagði í hádegisfréttum útvarps að hann ætti ekki von á því að kostnaðurinn yrði meiri og gerði sér jafnvel vonir um að hann yrði minni. Ég hef ekki hugmynd um á hverju hæstv. utanríkisráðherra byggir þá bjartsýnu spá. Ég bara tek undir sjónarmið sem komu fram hér í umræðum í gær hjá hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur og Einari K. Guðfinnssyni sem röktu ýmsa þætti sem þau töldu vanmetna eða væru afskaplega óljósir í þessu sambandi. Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Hver var heildarkostnaður við framboð okkar til

öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, kostnaður við lobbíisma út af því? (Gripið fram í.) Það er alveg rétt. Ýmsir flokkar bera ábyrgð á því máli. En sá kostnaður var umtalsverður. Hann nam allmörgum hundruðum milljóna ef ég man rétt — ég man ekki tölur í því sambandi — kannski 600–650 milljónir. Það var bara kostnaður við lobbíisma út af framboði okkar til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þurfum við ekki lobbíisma út af aðildarumsókn að Evrópusambandinu? Þurfum við ekki sendimenn til þess að tala Íslands máli hér og þar fyrir utan beinan kostnað (Gripið fram í.) við samninganefndir, starfshópa, sérfræðiráðgjöf og allan þann kostnað sem fjármálaráðuneytið rekur svo ágætlega í áliti sínu að er óljós?

Það er auðvitað umhugsunarefni sem fjármálaráðuneytið setur fram í lok kostnaðarmats síns svo ég vitni beint í það, með leyfi hæstv. forseta:

„Einn helsti óvissuþátturinn er hvernig eigi að skipuleggja og nálgast aðildarviðræður. Ódýrasta nálgunin væri einföld umsókn þar sem ekki væri lögð mikil áhersla á samningsmarkmið og samningsviðræður.“

Það er ódýrasta leiðin. Vill einhver fara þá leið? Það held ég ekki. Svo segir, með leyfi forseta:

„Hinn póllinn væri að farið væri í aðildarviðræður með mjög víðtæk samningsmarkmið þar sem fátt væri undanskilið og að þau væru undirbyggð með mjög mikilli sérfræðilegri greiningu, erlendri ráðgjöf og virku baklandi.“

Þetta held ég að sé sú leið sem flestir vildu fara. Þetta er miklu dýrari leið. Þess vegna deili ég á engan hátt því áliti sem kom fram í viðtali útvarpsins við hæstv. utanríkisráðherra áðan að það sé einhver von til þess að aðildarviðræðurnar verði undir því kostnaðarmati sem þegar hefur verið lagt fram. Ég hef áhyggjur af því að það verði þvert á móti miklu meira.

Það leiðir mig aftur að upphafi máls míns, þ.e. (Forseti hringir.) að ef við förum af stað í þessa vegferð eða leiðangur þá verður okkur að vera full alvara með því. (Forseti hringir.) Ég spyr hv. þingmenn: (Forseti hringir.) Er þeim full alvara ef þeir samþykkja að fara í aðildarumsókn?

[14:39]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Svarið við síðustu spurningu hv. þingmanns er já. Mér er fullkomin alvara með því að sækja um aðild að Evrópusambandinu og ég hef árum saman verið þeirrar skoðunar. Reyndar nýt ég þess heiðurs, sem ég er viss um að hv. þingmaður telur vafasaman, að vera sá þingmaður sem nú á sæti á Alþingi sem lengst hefur barist fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að vera kann svo að kostnaðurinn við umsóknina verði meiri en kemur fram. Eins og ég sagði að minnsta kosti í viðtalinu — ég veit ekki hvort það var birt vegna þess að ég hlusta ekki á sjálfan mig, ég hef enga sérstaka ánægju af því — í útvarpinu áðan þá sagði ég að ef viðræðurnar drægjust væri líklegt að kostnaðurinn yrði meiri. Ég gat þess jafnframt að í nokkuð umræddri kynnisför minni til Möltu var okkur bent á ákveðnar leiðir sem gera það hugsanlegt að við getum fengið þátttöku Evrópusambandsins í að mæta kostnaði við þýðingarnar. Það er langþyngsti pósturinn svo það eru rök sem hníga að því að hugsanlega, við vissar aðstæður, væri hægt að hafa þennan kostnað minni. Hann mundi örugglega verða minni ef hv. þingmaður mundi slást í för (Forseti hringir.) og hjálpa mér við að skapa breiða samstöðu um þetta mál.

[14:40]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég hef ekkert efast um afstöðu og einlægan vilja hæstv. utanríkisráðherra til þess að Ísland verði aðili að Evrópusambandinu. Ég hins vegar velti því fyrir mér hvort allir þeir þingmenn sem styðja tillögu hæstv. utanríkisráðherra séu jafneinlægir í sinni afstöðu. Ég hef heyrt hér ráðherra og þingmenn tala eins og þeir ætli að styðja þessa tillögu en lýsa sig jafnframt andvíga því að við náum endapunktinum. Það finnst mér sérkennilegt að vilja leggja af stað í leiðangur án þess að hafa áhuga á því að ná áfangastaðnum. Mér finnst það sérkennilegt. Þess vegna áréttaði ég það sem ég sagði að það er mikilvægt að fullur hugur sé á bak við aðildarumsókn ef menn á annað borð taka ákvörðun um að sækja um.

[14:41]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að það þarf að vera sem mestur þungi á bak við slíka umsókn. Þess vegna tel ég nú að Sjálfstæðisflokkurinn ætti þrátt fyrir allt að slást í för jafnvel þó að hann sé þeirrar skoðunar að það eigi að fara aðra leið en við. Þeir þingmenn sjálfstæðismanna sem hér hafa talað hafa ekki komið fram með efnisleg rök sem mæla gegn því að við förum í þennan leiðangur.

Hv. þingmaður, sem hélt hér snjalla ræðu áðan, var fyrst og fremst að gera athugasemdir við form, þ.e. hvernig þessi för ætti að verða. Hann gerði athugasemdir við þjóðaratkvæðagreiðslu og sömuleiðis hvenær stjórnarskrárbreytingar ættu að verða. Ég held að þegar við höfum gengið úr skugga um hvort þingmeirihluti sé fyrir tvöfaldri atkvæðagreiðslu eða ekki, og þegar þau úrslit liggja fyrir, og ef það verður svo að það nýtur ekki brautargengis hér þá held ég að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins ættu að skoða hvort það væri ekki í þágu þjóðarinnar sem heildar að reyna að koma með í þennan leiðangur og hafa áhrif á hann. Til er sá utanríkisráðherra sem hér stendur.

[14:42]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þarna kemur hæstv. utanríkisráðherra akkúrat að kjarna málsins. Vegna þess að hér (**Utanrrh.:** Eins og alltaf.) er engin samstaða í þinginu um endapunktinn og það er ágreiningur um marga þætti í þessu sambandi, grundvallarágreiningur, þá teljum við að málið sé þannig vaxið að tilefni sé til þess að leita eftir afstöðu kjósenda í landinu í þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort það eigi að fara í aðildarumsókn eða ekki. Við teljum að niðurstaða úr slíkri atkvæðagreiðslu, þó ráðgefandi sé, muni styrkja niðurstöðuna, hvort sem hún verður að fara í aðildarumsókn eða ekki.

[14:43]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson er mjög vel að sér um stjórnlög. Mig langar til að spyrja hann hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að út af fyrir sig er þjóðaratkvæðagreiðsla um samning um Evrópusambandið óþörf. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni til þess að ganga í Evrópusambandið.

Er það ekki líka rétt skilið hjá mér — og ég held að það sé samkomulag allra sem talað hafa um þessi mál í mörg ár — að allir stjórnmálaflokkar segja: „Við ætlum með þennan samning í þjóðaratkvæðagreiðslu?“ Þess vegna finnst mér hv. þingmaður gera lítið úr því með því að segja núna að kannski muni sú þjóðaratkvæðagreiðsla ekkert hafa að segja og ég vil fá rök hans fyrir því.

[14:45]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þó að mönnum finnist það ekki spennandi umræðuefni þá skiptir formið akkúrat aðalmáli. Ef þjóðaratkvæðagreiðsla um fullgerðan aðildarsamning fer fram áður en stjórnarskránni er breytt verður niðurstaðan aldrei nema ráðgefandi. Nýtt þing sem kosið yrði í sömu kosningum og stjórnarskrárbreyting á sér stað gæti tekið þveröfuga ákvörðun. Þingmenn verða þá auðvitað að gera upp við sjálfa sig hver fyrir sig hvaða afstöðu þeir taka á grundvelli sannfæringar sinnar, með eða móti aðild að Evrópusambandinu en þeir yrðu ekki með neinum formlegum hætti bundnir af niðurstöðunni.

Það er rétt sem hv. þingmaður sagði. Allir flokkar hafa lýst því yfir árum saman, trúlega allt frá gerð EES-samningsins, að aðild að Evrópusambandinu væri svo stór ákvörðun að hana þyrfti að bera undir þjóðina ef til þess kæmi. En það hefur enginn flokkur, nema kannski Samfylkingin, skuldbundið sig til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu með því að fara í aðildarsamninga.

[14:46]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hlýt að lýsa furðu minni á því að maður, og flokkur, sem er svo bundinn við formið og hefur ekki treyst sér til að skrifa undir mikið nefndarálit þar sem gengið var mjög eftir því að fá alla flokka til að samþykkja þá meginhagsmuni sem ætti að gæta í aðildarviðræðum við Evrópusambandið, skuli nú í þessari mikilsverðu umræðu binda sig við að halda atkvæðagreiðslu sem hann segir sjálfur að hafi ekkert að segja vegna þess að þingmenn og fulltrúar þjóðarinnar á þingi geti gert það sem þeim sýnist og farið að sannfæringu sinni. Mér finnst þetta algerlega hræðilega óskiljanlegt.

[14:47]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég get útskýrt þetta fyrir hv. þingmanni en ég veit ekki hvort hún verður sammála mér. Við sjálfstæðismenn leggjum þetta upp í tillögu okkar sem tvær þjóðaratkvæðagreiðslur um tvær mismunandi ákvarðanir: Annars vegar er ákvörðun að fara í aðildarviðræður og við leggjum upp með að það verði gert með ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Hins vegar er ákvörðunin um að gerast aðili að Evrópusambandinu. Það segjum við að verði að gerast með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, enda er það miklu stærri ákvörðun heldur en hin. Þar er um að ræða formlegt framsal fullveldis. Aðild að ríkjasambandi sem hefur allt aðrar afleiðingar heldur en sú fyrri. Ég held að þetta hljóti að vera fullnægjandi rökstuðningur af minni hálfu þó að hv. þingmaður Valgerður Bjarnadóttir kunni að vera mér ósammála í þessu efni.

[14:48]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og aðrir sem hér hafa talað er ég nokkuð hugsi yfir röksemdafærslu og málflutningi sjálfstæðismanna í þessu stóra máli. Ég hygg að einn hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Pétur H. Blöndal, hafi talað sig til hita í andstöðu sinni við inngöngu í Evrópusambandið á þessum síðasta sólarhring. Aðrir eru í forminu og þar er líka hv. þm. Birgir Ármannsson.

Ég hef aldrei á mínum 10 ára þingferli heyrt nokkurn sjálfstæðismann tala fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum. Ef eitthvað er hafa sjálfstæðismenn talað gegn þeim, alltaf þegar hingað hafa komið inn tillögur um slíkt. Nú er sagt að málið sé svo stórt að það verði að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu til að ákveða hvort sækja eigi um og mig langar að spyrja hv. þingmann: Hvað hefur breyst? Hvers vegna hefur grundvallarafstaða Sjálfstæðisflokksins breyst til þess að halda þjóðaratkvæðagreiðslu?

[14:49]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég óskaði eftir því að hæstv. utanríkisráðherra svaraði þessari spurningu síðar í þessari umræðu vegna þess að hæstv. utanríkisráðherra skrifaði fjölmargar greinar og flutti fjölmargar ræður um það í þinginu í vor hversu fylgjandi Sjálfstæðisflokkurinn væri þjóðaratkvæðagreiðslum.

[14:50]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Þetta svar, frú forseti, er verðugt lögfræðingi frá lagadeild Háskóla Íslands. Ég get ekki sagt annað. Algert bull og þvaður. Fyrirgefðu, frú forseti.

(**Forseti** (RR)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að gæta hófs í orðavali í ræðustól.)

Ég mun gera það, frú forseti. Hér hafa menn rætt í gegnum árin stórkostleg mál, stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar, Kárahnjúkavirkjun t.d., sem með góðum rökum má segja að hafi kynt hér þenslubálið þannig að allt hafi lagst á hliðina í íslensku samfélagi. Hefði kannski ekki verið ágætt, í ljósi þeirrar afstöðu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú komið sér upp, að leggja fyrir þjóðina hvort við ættum að fara í þá stóru framkvæmd áður en við stigum þau skref? Ég man ekki til að það hafi hvarflað að nokkrum manni. En líklega var hv. þm. Birgir Ármannsson ekki á þingi þá til að tala fyrir því en þá hefði hann gert það ef hann er samkvæmur sjálfum sér.

[14:51]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að svara hnútukasti frá hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur sem áreiðanlega voru sögð í miklum tilfinningahita vegna þess að ég hef trúlega komið við kaunin á Samfylkingunni þegar ég talaði um að undarlega horfði við mér að sá flokkur sem hefur hvað mest talað um þjóðaratkvæðagreiðslur á undanförnum árum, miklu meira heldur en ég og Sjálfstæðisflokkurinn það er alveg rétt, skuli ekki styðja tillögu okkar um að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Ég verð hins vegar að verja mig, ef svo má segja, með þeim orðum að hæstv. utanríkisráðherra, og hv. þingmaður má kalla það útúrsnúning eða bull eða hvaða orð sem hún velur í því sambandi, hélt langar og lærðar ræður um það í vetur (**Utanrrh.:** Og góðar.) og góðar, prýðilegar ræður. Skrifaði um það greinar, fleiri en eina og fleiri en tvær, í blöðin að sjálfstæðismenn væru einhvers konar frumkvöðlar í þjóðaratkvæðagreiðslumálinu. Jú, hæstv. utanríkisráðherra sagði það, við getum fundið það til, hæstv. forseti, þessar tilvitnanir …

(**Forseti** (RR)**:** Hljóð í salnum.)

… því hæstv. utanríkisráðherra sparaði ekki stóru orðin í þeirri umræðu og væri nær fyrir hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur að hlusta á leiðtoga sinn í þessu máli.

[14:53]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður ræddi um að skoðanir væru skiptar og jafnvel klofningur innan ríkisstjórnarinnar um málið sem hér er til umfjöllunar. Alla tíð hefur legið fyrir með hvaða hætti flokkarnir sem mynda núverandi ríkisstjórn hugsa sér að leiða þetta mál til lykta og kemur það ágætlega fram í samstarfsyfirlýsingu þeirra. En auðvitað eru skiptar skoðanir um þetta mál í öllum flokkum, þar á meðal í flokki hv. þm. Birgis Ármannssonar. Meira að segja eru þar skiptar skoðanir um þessa leið tvöfaldrar atkvæðagreiðslu, eins og má t.d. marka á því sem fyrrverandi formaður flokksins, Þorsteinn Pálsson, skrifar í Fréttablaðið í dag þar sem hann segir að engin rök standi til þess að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarumsókn. Mig langar að heyra viðhorf hv. þm. Birgis Ármannssonar til þessa og hvort hann sé ekki sammála mér um að skoðanir séu líka skiptar um þessa leið í hans eigin flokki þannig að það þurfi ekki að koma honum neitt á óvart að skiptar skoðanir kunni sömuleiðis að vera um nákvæmlega þetta atriði í öðrum flokkum. Eða er það kannski þannig að Sjálfstæðisflokkurinn einn hafi sérstakan rétt á því að skoðanir séu skiptar eða ólík sjónarmið í einstökum atriðum?

[14:54]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson má ekki misskilja mig sem svo að ég telji að það sé einhver skylda að menn hafi sömu skoðun í mismunandi flokkum. Ég held að innan flokka geti verið mjög skiptar skoðanir um þessi mál og það liggur fyrir að svo er. Það eru skiptar skoðanir í ríkisstjórninni og ég lýsi þessu sem staðreynd en er ekki að nota þetta til að stinga þyrnum í flokka eða ríkisstjórnina, það eru bara skiptar skoðanir. Við teljum að einmitt þess vegna sé mjög gott að fá niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál.

[14:55]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var einnig annað atriði sem kom fram í máli hv. þingmanns Hann talaði um sannfæringuna, hvernig menn gætu haft sannfæringu fyrir því að fara ekki inn í Evrópusambandið en stutt viðræður og sagðist ekki skilja það með öllu. Ég get sagt fyrir mína parta, og hef lýst í umræðunum, hver mín afstaða er til aðildar að Evrópusambandinu.

Ég hef sannfærst um það á undanförnum missirum, eftir því sem umræðan í samfélaginu um Evrópusambandsmálið hefur orðið meiri, að skynsamlegt sé að koma málinu í lýðræðislegan farveg og ráða því til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli haldbærra upplýsinga um hvað felst raunverulega í aðild. Ég tel mig vita býsna mikið um Evrópusambandið og hvað því fylgir en ég tel jafnframt mikilvægt lýðræðisins vegna að allir fletir þess séu reiddir fram og þjóðin hafi eitthvað í höndum til að kjósa um, sem sagt aðildarsamning, niðurstöður aðildarviðræðna. Svo taka menn auðvitað afstöðu til þeirra þegar þangað er komið og á það ekki líka við í Sjálfstæðisflokknum? Þar eru margir sem vilja aðild að Evrópusambandinu. Munu þeir ekki styðja það jafnvel þó að breytingartillaga þeirra nái hugsanlega ekki brautargengi í þingsal?

[14:56]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Auðvitað eru allir sammála um að ef farið verður í aðild að Evrópusambandinu verður það gert á grundvelli þjóðaratkvæðagreiðslu. Við höfum deilt um hvort rétt væri að hafa hana ráðgefandi eða bindandi og um ýmsa þætti í þessu sambandi sem skipta verulegu máli. Þess vegna held ég að ýmsir sem gætu hugsað sér að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið — ég get ekki talað fyrir alla, ég hef ekki spurt alla í mínum flokki um þetta, enda geri ég ráð fyrir að allir muni kjósa eftir sinni sannfæringu í öllum flokkum. Þess vegna get ég ekki svarað spurningu hv. þingmanns: „Hvað ef?“ … sem er vinsælt að nota hér í dag.

En það sem ég velti fyrir mér og velti upp hér, er að þeir sem hafa komist að þeirri niðurstöðu að það sé ekki æskilegt að fara í Evrópusambandið — ég undrast nokkuð að þeir skuli leggja upp með aðildarumsókn sem þeir hafa ekki sannfæringu fyrir að muni leiða til góðrar niðurstöðu.

Umræðu frestað.

[14:58]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 150. mál, frv. þskj. 267.

Fundi slitið kl. 15:05.

40. FUNDUR

mánudaginn 13. júlí,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266. — Frh. síðari umr.
3. Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 250. — Frh. síðari umr.
4. Fjármálafyrirtæki, frv., 150. mál, þskj. 267. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Siv Friðleifsdóttir, 6. þm. Suðvest.

Tilhögun þingfundar.

[15:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Þrátt fyrir 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag en til kl. 8 í kvöld.

Forseti vill láta þess getið að ekki er gert ráð fyrir fundi lengur en til u.þ.b. kl. 10 í kvöld. Forseti áformar að hafa atkvæðagreiðslur á nýjum fundum upp úr kl. hálffjögur.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Uppbygging á Þingvöllum.

[15:01]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra varðandi þann hörmulega bruna sem varð á Þingvöllum á föstudaginn þegar Valhöll brann, m.a. í ljósi ummæla sem voru höfð eftir hæstv. forsætisráðherra og einnig einstaka aðilum úr Þingvallanefnd og ríkisvaldinu: Hver er afstaða forsætisráðherra til uppbyggingar á svæðinu? Mér er kunnugt um að í forsætisráðherratíð Halldórs Ásgrímssonar var óskað eftir samráði við heimamenn, sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila á svæðinu en mér er ekki kunnugt um að síðustu þrjár ríkisstjórnir hafi haft slíkt samráð og vil því fá fram í þingsal hvort hæstv. forsætisráðherra hafi eitthvað á prjónunum í þeim efnum.

Það er óþarfi að tala um að í þeim þrengingum sem við búum við í dag og svartnætti hafi þetta í sjálfu sér verið áfall. Ég hitti margt fólk um helgina sem fannst táknrænn bruni að sjá Valhöll, hvaða skoðanir sem menn hafa haft á því húsi, brenna með íslenska fánann í forgrunni þegar við vorum hér inni að ræða Evrópusambandsmál með Icesave og annað þungt hangandi yfir okkur. Ég held að það væri kannski jákvætt að héðan kæmu jákvæð skilaboð um að við þyrftum að fara í uppbyggingu, ekki síst í byggingargeira þar sem arkitektar og skipulagsfræðingar eru á fyrsta stigi eðli máls samkvæmt, hvort við ættum ekki að efna til einhverrar samkeppni um að byggja þarna myndarlega upp. Þær hugmyndir sem voru uppi á árunum 2002 og 2003 voru ekki endilega að byggja þar upp hótel með gistiaðstöðu eins og við þekkjum í dag en klárlega byggja þarna upp aðstöðu þar sem almenningur, þjóðin, getur komið saman og fengið sér kaffi og annað í sama dúr. (Forseti hringir.) Mig langar að heyra þetta, hæstv. forsætisráðherra.

[15:04]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að sá atburður sem þarna varð er mikið áfall fyrir þjóðina. Valhöll er auðvitað mikilvægur hluti af þessum sögufræga stað og það var hrikaleg sjón að sjá Valhöll brenna þarna. Eins og hv. þingmaður nefnir þarf auðvitað að huga að framhaldinu og uppbyggingunni en ég held að við hljótum, og eigum, að taka okkur tíma til að velta fyrir okkur hvað eigi að koma í staðinn á Valhallarreitnum.

Ég hef þegar heyrt ýmsar hugmyndir frá fólki og tel alveg sjálfsagt, eins og hv. þingmaður nefnir, að skoða þetta í samráði við heimamenn líka og að þjóðin öll fái jafnvel að segja sitt álit á því hvernig hún vill sjá uppbygginguna á þessum stað. Ég held að við eigum að taka okkur góðan tíma í þetta. Það er alveg ljóst að við erum ekki með neitt fjármagn til staðar til að fara strax í uppbyggingu enda finnst mér ekki liggja neitt á því, það á fyrst og fremst að ganga vel frá þessum stað þar sem Valhöll stóð en síðan eigum við að huga að uppbyggingunni.

Eins og ég hef áður sagt held ég ekki að það sé sjálfgefið að við förum í sams konar uppbyggingu að því er varðar hótelrekstur eins og þarna hefur verið lengi, og held reyndar síður að það væri rétt. Ég held að fyrst og síðast eigum við að taka okkur góðan tíma í að skoða uppbygginguna á þessum stað eða þá öðrum ef menn vilja fara út í eitthvað svipað og verið hefur á Valhallarreitnum. Ég held að þennan reit eigum við að skoða alveg sérstaklega, hvernig við byggjum upp, og skoða í samráði við almenning og heimamenn. Síðan kemur Þingvallanefnd að þessu máli og ég tel að hún eigi að koma fljótt saman. Það á væntanlega að kjósa hana í þessari viku eða fljótlega og (Forseti hringir.) fara yfir stöðuna eftir þennan hrikalega bruna.

[15:06]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka svör hæstv. forsætisráðherra. Mér finnst reyndar mjög mikilvægt að við gefum strax út þau skilaboð að við hyggjumst nota þennan reit til uppbyggingar. Ég fagna því líka að hér skuli eiga að hafa samráð við heimamenn. Ég hef verið hluti af sveitarstjórnarstiginu á þessu svæði og við höfum saknað þess mjög að ekki hafi verið haft meira samráð við heimamenn, sveitarstjórnina. Í því ljósi langar mig að biðja hæstv. forsætisráðherra og þá Þingvallanefnd sem kosin verður að horfa aðeins í víðari áttir og til að mynda á þjóðgarðinn hjá Skotum, Loch Lomond, sem þeir opnuðu árið 2000. Þar er gríðar-

lega stórt svæði með um 18.000 íbúum og þar fær fólk bæði að lifa og starfa og byggja upp starfsemi. Stjórninni á því svæði er háttað þannig að heimamenn eru langstærsti aðilinn og koma þar beint að, en ekki einhver alþingismannakosin nefnd sem er út af fyrir sig ágætisaðferð. (Forseti hringir.) Ég hvet til þess að skoðaðar verði aðrar og uppbyggilegri aðferðir við samráð við heimamenn en gert hefur verið hingað til.

Aðildarumsókn að ESB og ríkisstjórnarsamstarf.

[15:07]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð og Vinstri grænir gáfu eftir í stjórnarsáttmálanum varðandi ESB var alveg ljóst af hálfu formanns Vinstri grænna og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þetta væri samkomulag um að þingið fengi þetta mikla og mikilvæga mál til meðferðar en ekki síður hitt sem kom m.a. fram í máli hæstv. fjármálaráðherra á föstudaginn þar sem hann hnykkti á því að þingmenn Vinstri grænna gætu að sjálfsögðu greitt atkvæði eftir sinni bestu sannfæringu og samvisku í þessu máli. Þetta áréttaði hann sérstaklega eftir þessa sérkennilegu en engu að síður athyglisverðu uppákomu sem átti sér stað á föstudaginn þegar hv. þm. Ásmundur Einar Daðason kom upp og talaði greinilega út frá sínu hjarta. Um leið dró hann fram að hann hefði í rauninni verið kúgaður til að vera ekki á þingmálinu með þingmönnum úr öðrum stjórnmálaflokkum á þingi eða í besta falli var honum hótað því að stjórnarslit væru hugsanleg ef hann yrði á þessari þingsályktunartillögu. Þessa sögu þekkjum við öll.

Í viðtali sagði hæstv. forsætisráðherra að ef þessi tillaga um ESB yrði ekki samþykkt á þingi kæmi upp ný staða hjá ríkisstjórninni. Hún var að segja, skilaboðin voru þau til Vinstri grænna og formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingríms J. Sigfússonar, sem hefur margítrekað að þingmenn Vinstri grænna eigi að greiða atkvæði í þessu mikilvæga máli eftir sannfæringu sinni og samvisku, að þá væri komin upp ný staða. Hvað þýðir það, hæstv. forsætisráðherra, er stjórninni þá sjálfhætt?

[15:09]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég held að enginn velkist í vafa um það að þegar þessi ríkisstjórn var mynduð var aðildarumsókn að því er varðar ESB mikilvægur þáttur í viðræðum sem fóru fram um stjórnarsáttmála eða samstarfssáttmála. Þar varð ákveðin niðurstaða sem fram kemur í samstarfssáttmálanum. Við vitum öll sem hér erum inni, og úti í þjóðfélaginu, að skoðanir eru skiptar milli flokkanna í þessu máli. Það hefur komið fram við umræðuna um þetta mál að skoðanir eru skiptar .

Einstaka þingmenn Vinstri grænna hafa lýst því yfir að þeir muni ekki greiða atkvæði að því er varðar ESB-tillöguna sem hér liggur fyrir. Það vitum við vel. Hv. þingmaður spyr sérstaklega hvað ég hafi átt við með að það væri komin upp ný staða ef þessi tillaga yrði ekki samþykkt. Ég held að ég þurfi ekki að skýra það neitt nánar. (Gripið fram í.) Ef það liggur fyrir að ekki verður samþykkt að fara í viðræður um aðild að ESB setjast menn yfir það, þá setjast stjórnarflokkarnir yfir það og meta þá stöðu sem þá verður komin upp. Ég held að það sé alveg ljóst að við hljótum að ræða það fyrst í okkar hópi áður en ég fer að lýsa einhverju yfir eins og mér fannst þingmaðurinn kalla eftir.

[15:11]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ég ætla að túlka þessi orð hæstv. forsætisráðherra, svona eftir á og reyna að greina kjarnann frá hisminu öllu. Hún var einfaldlega að segja það að hæstv. fjármálaráðherra getur svo sem sagt að þingmenn hans eigi að greiða atkvæði eftir sinni bestu sannfæringu og samvisku en það bara skiptir engu máli, þeir verða að gera svo vel að fylgja því sem ríkisstjórnin segir til að hún haldist. Mér finnst þetta slæmt, mér finnst þetta vond skilaboð til samstarfsflokksins. Við upplifum það að enn og aftur er Samfylkingin að kúga Vinstri hreyfinguna – grænt framboð í hverju málinu á fætur öðru. Í stóru málunum fá þingmenn stjórnarflokkanna ekki að tjá sig eins og þeir vilja. Það kemur upp ný staða ef menn kjósa eftir sannfæringu sinni og staðan er sú að þá hótar Samfylkingin Vinstri grænum stjórnarslitum.

[15:12]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Þessi síðustu orð hv. þingmanns eru hennar eigin orð sem ég tek ekki undir. Við erum ekki með neinar hótanir í garð samstarfsflokks okkar. Það er alveg ljóst. Vinstri grænir vita alveg hug okkar til þessa máls og ég vil segja það klárt og kvitt að það sem formaður Vinstri grænna hefur sagt, að þingmenn eigi að fylgja samvisku sinni í þessu máli við atkvæðagreiðslu, það eiga þeir að gera, og í öllum málum, skoða heildarmyndina og hvernig þeir vilja þá greiða atkvæði. Mér heyrist hv. þingmaður bera mikla umhyggju fyrir áframhaldandi starfi þessarar ríkisstjórnar þannig að við skulum vona að atkvæðagreiðslan verði með þeim hætti að þessi ríkisstjórn starfi áfram. (**Gripið fram í:** Nú?) (**Gripið fram í:** Ha?)

Uppgjör vegna gömlu bankanna.

[15:13]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Nú er gert ráð fyrir að uppgjörið vegna ráðstöfunar eigna og skulda gömlu bankanna til nýju bankanna ljúki eigi síðar en 17. júlí eða á föstudaginn. Samkvæmt upplýsingum sem komu fram á fundi viðskiptanefndar er ætlunin að flytja bæði slæmar og góðar eignir íslenskra fyrirtækja úr gömlu bönkunum yfir í nýju bankana í stað þess að skilja þær einfaldlega eftir í gömlu bönkunum að öllu eða einhverju leyti.

Ég spyr því hæstv. viðskiptaráðherra: Hefur samninganefnd ríkisins gefist upp á að reyna að skila einum eða tveimur af nýju bönkunum til kröfuhafa í stað þess að semja við kröfuhafa um verðmatið á eignum nýju bankanna?

Ég spyr því að það er mikill ávinningur fyrir íslenskt samfélag að fara þessa leið. Ég nefni sem dæmi að ef við færum þessa leið þyrfti eigið fjárframlag ríkisins að vera minna en gert er ráð fyrir, m.a. af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og kröfuhafar munu ekki aðeins njóta ávinningsins af rekstri bankanna heldur líka að taka á sig tapið. Síðan er líklegt að bankar í eigu erlendra kröfuhafa eigi auðveldara með að fá lán erlendis en bankar sem eru í eigu íslenska ríkisins.

Ég vil einnig spyrja hæstv. viðskiptaráðherra: Hver verður stærð efnahagsreikninga nýju bankanna og er gert ráð fyrir að ríkið leggi nýju bönkunum 280 milljarða kr. eða verður sú upphæð hærri?

Að lokum: Mun þetta framlag, þ.e. 280 milljarðar, duga fyrir afskriftum nýju bankanna og lánum sem færð hafa verið yfir frá gömlu bönkunum?

[15:15]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Það er vitaskuld rétt hjá hv. þm. Lilju Mósesdóttur að föstudagurinn nk., 17. júlí, verður að öllum líkindum talsverður merkisdagur í sögu íslenska bankakerfisins vegna þess að þá verður stórt skref stigið til þess að gera upp og skilja á milli gömlu og nýju bankanna. Það er jafnframt rétt hjá henni að það er í grundvallaratriðum gert eins og að var stefnt sl. haust, nýju bankarnir taka til sín íslenskar eignir, bæði góðar og slæmar, en í gömlu bönkunum verða fyrst og fremst eftir erlendar eignir. Þær forsendur eru því allar réttar, ég tek undir það.

Hins vegar vil ég ekki gangast við því að samninganefnd ríkisins — sem reyndar er ekki bara á forræði viðskiptaráðuneytisins, en látum það liggja á milli hluta — hafi gefist upp á að skila einum eða fleiri af nýju bönkunum til hinna gömlu. Það er enn á borðinu að kröfuhafar gömlu bankanna eða jafnvel gömlu bankarnir sjálfir eignist hlut, jafnvel 100%, í nýju bönkunum en það er ekki frágengið. Það er einfaldlega eitt af því sem enn er á borðinu og verður væntanlega ekki frágengið núna á föstudaginn en ég á ekki von á öðru en að sá möguleiki verði áfram inni í myndinni og að það verði jafnvel niðurstaðan varðandi einn eða fleiri banka.

Það er jafnframt rétt að rætt hefur verið um að 280 milljarðar verði eiginfjárframlag nýju bankanna frá hinu opinbera. Sú upphæð á ekki að ganga beint á móti afskriftum vegna lána sem ekki verða greidd að fullu, þær afskriftir eiga að eiga sér stað þegar eignirnar eru færðar frá gömlu bönkunum (Forseti hringir.) til hinna nýju eða gert er ráð fyrir þeim við það mat.

[15:17]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir greinargóð svör og vil í þessu sambandi minna á orð Görans Perssons sem kom hingað í haust og skýrði frá reynslu Svía af fjármálakreppunni þar í landi. Hann var með þau varnaðarorð að við skyldum passa okkur á að taka ekki of mikið á okkur af skuldum við endurreisn bankanna en ekki síst hvað varðar Icesave.

Það er nú orðið ljóst að kröfuhafar okkar eru ekki tilbúnir að gefa mjög mikið eftir af kröfunum vegna þess að þeir sjá hér miklar eignir, m.a. í lífeyrissjóðunum og líka mjög digran gjaldeyrisvarasjóð. Því tel ég mjög mikilvægt að farið verði varlega í að taka yfir slæm lán sem ættu að vera í þessum gömlu bönkum. Ég skora á hæstv. viðskiptaráðherra að hafa (Forseti hringir.) hagsmuni skattgreiðenda fyrst og fremst að leiðarljósi en ekki sanngirnissjónarmið.

[15:19]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég get að mestu tekið undir orð hv. þm. Lilju Mósesdóttur um nauðsyn þess að hið opinbera taki á sig sem minnst af þeim áföllum sem dunið hafa á íslenska fjármálakerfinu. Það er vissulega eitt af þeim mikilvægustu leiðarljósum sem horft er til við endurskipulagninguna. Ég get jafnframt tekið undir það að það væri að flestu leyti afar æskilegt ef erlendir kröfuhafar mundu verða beinir eigendur nýju bankanna þótt ekki væri nema að hluta. Það mundi auðvelda bönkunum aðgengi að erlendum mörkuðum, það mundi auðvelda okkur að gera upp í eins þokkalegri sátt og hægt er að vonast eftir við kröfuhafa gömlu bankanna. Það mundi þýða að álagið á fjárhag okkar allra, sameiginlegan fjárhag ríkisins, yrði minna en ella. Það væri því í alla staði ákjósanleg niðurstaða ef hægt er að semja um hana.

Kennitöluskipti skuldugra fyrirtækja.

[15:20]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. viðskiptaráðherra hljóðar svo: Hafa stjórnvöld sett stjórnum nýju bankanna reglur eða stefnu að vinna eftir varðandi kennitöluskipti skuldugra fyrirtækja?

Tilefni fyrirspurnarinnar eru fregnir í fjölmiðlum um að stórskuldug sjávarútvegsfyrirtæki hafi flutt bæði rekstur og eignir yfir á nýjar kennitölur með samþykki og vitund bankanna. Þar með hafi eignir, m.a. fiskveiðiheimildir, verið fluttar yfir á nýjan rekstraraðila en skuldir skildar eftir á gömlum kennitölum. Eins og ég sagði áðan mun þetta hafa verið gert með vitund og samþykki bankanna, m.a. Nýja Landsbankans og Íslandsbanka.

Þessar upplýsingar vekja áleitnar spurningar um stefnu og viðbrögð nýju bankanna sem nú eru í ríkiseigu og þar af leiðandi starfræktir á ábyrgð hins opinbera. Ég leyfi mér að fullyrða að íslenskur almenningur getur ekki sætt sig við þessi vinnubrögð, þau tilheyra óráðsíutímanum þegar menn gátu skotið sér undan ábyrgð á skuldbindingum. Nú er hrópað á nýja tíma og í ljósi þess óska ég nú svara frá hæstv. viðskiptaráðherra um viðbrögð við þessum upplýsingum.

[15:22]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Því er til að svara að stjórnvöld hafa ekki, svo mér sé kunnugt um, sett sérstakar reglur um þetta. Það getur vel verið að hin nýja og tilvonandi bankasýsla muni setja einhverjar slíkar reglur eða viðmið en það hefur ekki verið gert til þessa.

Hins vegar hefur þetta álitamál komið upp margoft og það er ekkert skrýtið þótt sitt sýnist hverjum þegar fyrrverandi eigendur, sem hafa í einhverjum tilfellum siglt fyrirtækjum í strand og skilið þau eftir stórskuldug, fá að endurreisa þau undir nýrri kennitölu. Það er auðvitað ekkert skrýtið þótt ýmsum sárni það hvort sem það eru starfsmenn eða keppinautar eða aðrir. Ég hlýt því að taka undir að það verður að stíga mjög varlega til jarðar í málum sem þessum.

Hins vegar verður einnig að hafa í huga að oft er það eðlileg leið til þess að bjarga verðmætum, þ.e. með því að gera fyrirtæki kleift að halda áfram í rekstri, að láta það skipta um kennitölu, eins og það er kallað, þar sem skuldir langt umfram greiðslugetu eru skildar eftir á gömlu kennitölunni og þess í stað er sett af stað nýtt fyrirtæki með nýja kennitölu og talsvert minni skuldir. Það kann því að vera eðlileg aðgerð til að bjarga verðmætum en það er þá mikið álitamál hvort eðlilegt er að fyrri eigendur taki við rekstrinum á nýrri kennitölu eða að nýir eigendur þurfi að koma til. Í sumum tilfellum kann að vera eðlilegt að fyrri eigendur haldi utan um reksturinn áfram einfaldlega vegna þess að þeir eru líklegastir til þess að búa til mest verðmæti úr eignunum en alls ekki öllum. Almennt tel ég að bankarnir ættu að hafa eins gagnsæja og augljósa stefnu (Forseti hringir.) varðandi þetta og hægt er þannig að ljóst sé eftir hverju er farið þegar er ákveðið er hvaða leið verður farin.

[15:24]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskiptaráðherra fyrir svör hans og tek undir það með honum að það er þá kannski ekki seinna vænna að bankarnir, þá fyrir tilstilli m.a. stjórnvalda, móti sér skýrari reglur og ef til vill siðareglur varðandi það hvenær eðlilegt er að samþykkja eða fallast á kennitöluflakk af því tagi sem lýst er í þeim fregnum sem ég vísaði til í fyrirspurn minni.

Ég tek undir það að breytingar á kennitölum þurfa ekki að vera saknæmar en þær geta ekki talist eðlilegur hluti af rekstrarhagræðingu og síst af öllu í því samhengi sem hér er rætt um. En ég ítreka að ég þakka fyrir svör ráðherrans.

Icesave og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

[15:25]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsætisráðherra vegna Icesave-samkomulagsins. Eftir einhverja daga munum við ræða það mál í þingsal og eitt af því sem haldið hefur verið fram í opinberri umræðu er að lyktir þess máls muni hafa mikil áhrif á áframhaldandi samstarf okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Jafnvel er látið að því liggja að það mundi vera erfitt að fá lán frá þeim sjóði ef Íslendingar samþykkja ekki Icesave-samkomulagið.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra fyrst hvort hún hafi gert gangskör að því að kanna þetta, hvort hæstv. ráðherra hafi spurst fyrir um það hjá kollegum sínum hvort þetta geti átt við rök að styðjast. Ef svo er, hvort hæstv. forsætisráðherra hafi þá beitt sér sérstaklega til þess að vinda ofan af þeirri ósvinnu sem í því væri fólgin ef Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði sjálfan sig að einhvers konar innheimtustofnun fyrir Breta og Hollendinga.

Jafnframt vil ég spyrja að því, og það er þessu tengt, hvort fram hafi farið einhverjar viðræður á milli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og starfsmanna hans annars vegar og Seðlabankans hins vegar um þann samning sem nú liggur fyrir og hvort hæstv. forsætisráðherra sé tilbúin til að beita sér fyrir því, hafi slíkar samræður farið fram, að minnisblöð og fundargerðir slíkra fundi verði þá birt okkur þingmönnum áður en við komum til fundar til að ræða þetta mál.

Það er mikilvægt að við fáum öll gögn í þessu máli. Það hefur verið mjög alvarlegur misbrestur á því. Það er nauðsynlegt til þess að við getum tekið endanlega og upplýsta ákvörðun í þessu máli að við skiljum hvort það sé virkilega svo að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi uppi hótanir, beinar eða óbeinar, um að það hafi áhrif á hvort þeir láni okkur ef við skrifum ekki upp á. Og jafnframt hvort farið hafi fram samræður, svo ég ítreki það, á milli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Seðlabanka Íslands hvað þetta mál varðar.

[15:27]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Að því er varðar það sem hv. þingmaður spyr um, hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi gert einhverjar kröfur eða tengingar á milli Icesave-samninganna og þeirrar endurskoðunar sem nú fer fram á því samkomulagi sem við höfum gert við AGS hafa þeir ekki verið með neinar hótanir uppi í þessu sambandi eða gert einhverjar kröfur um að við gengjum frá Icesave-samningunum fyrst. Að vísu hefur það komið upp í umræðum og viðræðum sem ég átti við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrr í sumar. Þeir hafa rætt það mál og sagt á þá leið að það mundi alla vega ekki greiða fyrir málum — ég man ekki hvernig það var orðað, en að það væri betra ef þetta mál væri leyst en ef það væri óleyst.

Varðandi það hvort farið hafi fram viðræður milli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Seðlabankans um þetta mál er það nú svo að þegar fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins koma hingað eiga þeir í miklum viðræðum við Seðlabankann og ég geri ráð fyrir því að þetta mál hafi borið á góma þar eins og mörg önnur stórmál. Icesave-samningurinn er náttúrlega stórmál þannig að ég geri ráð fyrir því að það hafi verið rætt.

Varðandi það að öll gögn komi fram í þessu máli hef ég verið talsmaður þess að öll gögn sem mögulegt er séu gerð opinber og það sé eins gegnsætt ferli í öllu þessu máli og hægt. er. Ef það eru einhver gögn sem ekki hafa komið fram enn þá sem ég get beitt mér fyrir að verði upplýst mun ég auðvitað gera það.

[15:29]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Hér hefur það komið skýrt fram hjá hæstv. forsætisráðherra að embættismenn sjóðsins hafa sagt í samtölum að það væri betra ef þessu máli væri lokið, að búið væri að ganga frá Icesave-samkomulaginu til að liðka fyrir samstarfinu við sjóðinn.

Á mannamáli þýðir það auðvitað að það er eitt af þeim skilyrðum sem sett eru, það er augljóst því að þegar fínir

embættismenn tala hvor við annan nota þeir einmitt svona orðalag, þá segja þeir einmitt: Ja, það væri æskilegra og betra.

Gott og vel. Ég vil þá líka nota þetta tækifæri og inna hæstv. forsætisráðherra eftir því hvort hún hafi kynnt sér hvert t.d. álit lagasviðs Seðlabankans væri á þessum samningi þegar heimilað var að íslensku samningamennirnir settu stafina sína undir það samkomulag sem gert var. Það er jú það svið sem hefur einna mesta reynslu af slíkri (Forseti hringir.) samningagerð og væri fróðlegt að vita hvort ráðherrann hafi kynnt sér álit þess áður en slíkt var heimilað.

[15:30]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að það komi fram að það var alls ekki þannig að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eða fulltrúar hans hafi sett þetta sem eitthvert skilyrði, eins og mér fannst hv. þingmaður setja það upp, það er bara langt í frá að þeir hafi gert það. Það var meira að segja undirstrikað að þeir væru ekki að setja fram neitt skilyrði í því efni þó að þeir segðu að það væri betra að búið væri að ganga frá Icesave-samningunum áður en endurskoðunin færi fram. Það er alveg ljóst.

Varðandi það hvort ég hafi kynnt mér lögfræðiálit Seðlabankans áður en samningurinn var undirritaður af samninganefndum Íslands gerði ég það ekki, ég hafði ekki kynnt mér það samkomulag eða álit lagasviðs Seðlabankans í þessu efni.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Frv. viðskn., 150. mál (laun í slitafresti). — Þskj. 267.

[15:31]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. 29. maí sl. var ákveðið með lögum á Alþingi að heimila skilanefndum fjármálafyrirtækja sem nutu heimildar til greiðslustöðvunar fyrir 20. apríl sl., sem var gildistökudagur laga nr. 44/2009, þar til skilyrði eru fyrir efndum krafna samkvæmt 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, 6. gr. nýju laganna, að greiða skuldir vegna launa, þar með talin laun í uppsagnarfresti, og vegna innlána sem veittur var forgangur með neyðarlögum með tilteknum skilyrðum. Þau skilyrði eru síðast í greininni sem samþykkt var, með leyfi forseta, „ef víst er að nægilegt fé sé til að greiða að fullu eða í jöfnu hlutfalli kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð“.

Frú forseti. Nú flytur hv. viðskiptanefnd tillögu til viðbótar við þessa heimild með röksemdum sem er að finna á þskj. 267. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum“ — það eru lög nr. 161/2002 — „sbr. 1. gr. laga nr. 61/2009, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Með sömu skilyrðum er slitastjórn fjármálafyrirtækis heimilt að greiða skuldir vegna launa, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti, frá gildistöku laga þessara fram til 31. desember 2009.“

Röksemdir fyrir þessu frumvarpi er að finna í greinargerð. Með frumvarpinu vill hv. viðskiptanefnd freista þess að treysta svo þær heimildir sem fyrir eru í lögum að fyrrverandi starfsmenn SPRON geti fengið greidd laun í uppsagnarfresti en á því hafa verið talin tormerki af slitastjórn SPRON.

[15:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður og formaður hv. viðskiptanefndar Álfheiður Ingadóttir fór hér yfir málið. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að við klárum þetta mál hratt og vel en verð þó að segja af þessu tilefni að þegar við gengum frá þessu máli fyrir nokkrum vikum — og þá var þetta keyrt í gegn á tveim dögum — bentum við í minni hlutanum í minnihlutaáliti á að það væri mikil hætta á því að þegar menn ynnu með þessum hraða mundu menn ekki ná þeim markmiðum sem lagt væri upp með. Því miður hefur það komið á daginn. Þess vegna erum við að ræða það hér. Þá er ég að vísu ekki bara að vísa í þann þátt sem sneri að launum í uppsagnarfresti, heldur höfðum við líka áhyggjur af fleiri þáttum en ekki var hlustað á okkur og málið var keyrt í gegn á þeim hraða sem ég nefndi.

Þrátt fyrir að við styðjum það að hér sé þá gengið fram og menn reyni að bæta fyrir þær brotalamir sem voru á málinu síðast vil ég nota tækifærið, virðulegi forseti, og biðja meiri hlutann aðeins að hugsa sinn gang. Núna er án ástæðu í viðskiptanefnd nákvæmlega verið að keyra á miklum hraða mál sem eru gríðarstór, hafa fengið litla umræðu í þinginu og meðal almennings, hvort sem það er um Bankasýsluna eða önnur mál. Sum eru orðin að lögum og það er svo sannarlega jafnmikil ef ekki meiri hætta á að við munum þurfa að fá þau mál hratt og vel inn sökum þess að menn unnu málin of hratt.

Hér er um að ræða skólabókardæmi um að það borgar sig að vinna mál vel og taka til þess nauðsynlegan tíma. Þess vegna er vinnulagið sem við erum með í þinginu eins og það er og það er hreinlega ekki gert ráð fyrir því nema í algjörum undantekningartilfellum að menn vinni hlutina á mjög miklum hraða.

Virðulegi forseti. Við í minni hlutanum styðjum það að þetta mál fari í gegn, munum samþykkja það og greiða fyrir því eins vel og við mögulega getum.

[15:37]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég tek undir með félaga mínum í Sjálfstæðisflokknum sem talaði á undan, hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, og kem upp til að ítreka það að minni hluti viðskiptanefndar stendur að þessu frumvarpi með meiri hlutanum til að greiða fyrir og hjálpa ríkisstjórninni út úr þeim vanda sem hún kom sér í með því að fara ekki nógu vel og vandlega yfir þær lagabreytingar sem gerðar voru 29. maí sl. Eins og sá sem talaði á undan benti á vöruðum við hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson við þessu og ég ætla, með leyfi forseta, bara til að ítreka það, að lesa upp úr nefndarálitinu sem við lögðum fram við það tilefni, með leyfi forseta:

„Að mati minni hlutans hafa ekki komið fram sannfærandi rök fyrir því að vinna málið í jafnmiklum flýti og gert

var. Helstu rökin sem nefnd hafa verið fyrir flýtimeðferðinni eru launagreiðslur til fyrrum starfsmanna tiltekinna fjármálastofnana á uppsagnarfresti. Minni hlutinn hefur skilning á því sjónarmiði. Efasemdir hafa komið um að umrædd lagabreyting muni nægja til þess að hægt verði að greiða út launakröfur og því alls óvíst að því markmiði laganna verði náð. Ef málið hefði komið fyrr inn í þingið og skipulegar hefði verið unnið að því hefði mögulega verið unnt að finna á þessu lausn. Minni hlutinn lýsti sig tilbúinn að koma að slíkri vinnu og ýmsar hugmyndir voru reifaðar sem ekki náðist að skoða.“

Þetta vildi ég lesa upp til að sýna svart á hvítu að við höfum bent á það oft og ítrekað í vinnu hv. viðskiptanefndar í vetur og sumar að það verklag sem þar virðist vera orðið gegnumgangandi, að keyra mál hratt í gegn, vanbúin oft og tíðum, getur komið okkur í vanda. Hér er verið að höggva á þann hnút þar sem slitastjórn SPRON benti réttilega á að lögin sem samþykkt voru fyrr í sumar náðu ekki til þar sem SPRON hafði aldrei farið í greiðslustöðvun en það var einmitt það sem stóð í þeim lögum. Slitastjórnin kom fyrir nefndina og greindi réttilega frá því að hún vildi allt fyrir umrædda starfsmenn gera — nema kannski það að brjóta lög. Ég skil það sjónarmið vel, enginn krafðist þess af henni að fara í lögbrot en þarna voru áhöld um lagatúlkun. Það er mikilvægt að lögin séu skýr þannig að ekki þurfi að koma til þess að menn séu í vafa um hvernig eigi að fara eftir þeim.

Ég ítreka að þetta sýnir fram á þörfina fyrir vandaða málsmeðferð. Við viljum greiða fyrir því að vandi þessara starfsmanna SPRON verði leystur og þess vegna munum við greiða fyrir meðferð þessa máls í þinginu í dag.

[15:40]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég kem upp fyrst og fremst til að taka undir með öðrum fulltrúum minni hlutans í viðskiptanefnd og lýsa því yfir að við munum að sjálfsögðu greiða þessu frumvarpi leið með því að samþykkja það hér. Það er þó mikilvægt að halda því til haga að við teljum að hægt hefði verið að halda mun betur á málum en gert hefur verið. En þetta er mál sem þarf að klára núna og því munum við ekki eyða miklum tíma í að ræða það nú en ég kem fyrst og fremst upp til að ítreka það sem áður hefur komið fram í ræðum okkar, að ný vinnubrögð sem svo mikið hefur verið rætt um á þessu þingi þurfa að líta dagsins ljós í verki en ekki bara orðum.

[15:41]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þremur þingmönnum sem hér hafa kvatt sér hljóðs fyrir stuðninginn við þetta mál og góð orð um að klára það hratt og vel.

Ég verð að gera athugasemd við að einhver sérstakur hraði við lagasetningu í lok maí hafi valdið því að nú þurfi að fara aftur inn í lögin. Við höfum margfarið yfir þetta. Ástæðan fyrir því að nú er farið í fjórða sinn inn í þessi lög frá setningu neyðarlaganna er fyrst og fremst hraðinn sem var við setningu neyðarlaganna. Það þurfti að fara inn í þau í nóvember til að skýra tiltekin atriði. Það þurfti að gera það aftur í apríl og aftur í maí.

Það gekk eftir sem sett var í lög 29. maí. Laun voru greidd út í þeim fyrirtækjum sem óskuðu eftir lagabreytingunum til þess og niðurstaða stjórnvalda hefur verið sú að heimild væri í lögunum til að slitastjórn SPRON gæti með sama hætti greitt fyrrverandi starfsmönnum þess fjármálafyrirtækis laun. Slitastjórnin var ekki á sama máli, eins og hér hefur komið fram, og því er þetta frumvarp flutt af viðskiptanefnd sem slíkri til að treysta þær heimildir sem fyrir eru og fyrst og fremst, eins og hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir sagði hér, til hagræðis fyrir starfsmenn til að þeir njóti launa sinna.

[15:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að þessi ræða kom nokkuð á óvart. Nú er minni hlutinn í þessu máli — eins og að vísu flestum, ef ekki öllum öðrum — að reyna að hjálpa formanni og meiri hlutanum í þessu tilfelli að bjarga sér út úr vanda sem þeir algjörlega komu sér í sjálfir. Þetta er einhvers konar hámark þrjóskunnar að koma fram og segja: Það að við skyldum gera þetta á tveim dögum var ekki ástæðan fyrir þessu. Það að við skyldum ekki skoða þetta var ekki ástæðan fyrir þessu, heldur eitthvað allt annað.

Virðulegi forseti. Þetta mál var keyrt í gegn á tveim dögum. Hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir las upp minnihlutaálitið þar sem nákvæmlega var rakið hvernig vinnulagið var og hvaða hættur voru fyrir hendi. Það kom því miður allt á daginn, því miður. Það er ekki gott, virðulegi forseti, ef hv. þingmaður, formaður nefndarinnar, getur ekki séð þessi augljósu sannindi. Ef svo er skýrir það að nokkru hvernig við vinnum í nefndinni núna, en því miður var það svo. Okkur þykir öllum miður að hér urðu mistök vegna þess að nefndin vann þetta allt of hratt og gat ekki skoðað alla þætti málsins. Við ættum að setja það sem markmið að koma í veg fyrir að það gerist aftur.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 15:44.

41. FUNDUR

mánudaginn 13. júlí,
að loknum 40. fundi.

Dagskrá:

Fjármálafyrirtæki, frv., 150. mál, þskj. 267. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjörgvS, EKG, GuðbH, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, IllG, JóhS, JRG, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SER, SII, SIJ, SF, SkH, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÞSa) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BjarnB, BVG, EyH, GLG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, KaJúl, RM, SDG, SJS, SVÓ, SSv, ÞKG) fjarstaddir.

Fjármálafyrirtæki, 2. umr.

Frv. viðskn., 150. mál (laun í slitafresti). — Þskj. 267.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 15:48.

42. FUNDUR

mánudaginn 13. júlí,
að loknum 41. fundi.

Dagskrá:

1. Fjármálafyrirtæki, frv., 150. mál, þskj. 267. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266. — Frh. síðari umr.

3. Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 250. — Frh. síðari umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjörgvS, EKG, GuðbH, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, IllG, JóhS, JRG, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÞSa) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁPÁ, ÁJ, ÁsbÓ, BjarnB, BVG, EyH, GLG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, KaJúl, RM, SJS, SVÓ, SSv, ÞKG) fjarstaddir.

Fjármálafyrirtæki, 3. umr.

Frv. viðskn., 150. mál (laun í slitafresti). — Þskj. 267.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjörgvS, EKG, GuðbH, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, IllG, JóhS, JRG, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BjarnB, BVG, EyH, GLG, HöskÞ, JBjarn, JónG, KJak, KaJúl, RM, SJS, SVÓ, SSv, ÞKG) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 268).

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266.

og

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Þáltill. utanrrh. o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 250.

[15:51]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Ég kem inn í þessa umræðu fyrst og fremst til að þakka fyrir það sem hefur komið fram af hálfu hv. þingmanna sem hafa tekið til máls í umræðunni til þessa sem eru allmargir og ég vil þakka fyrir að umræðan hefur verið meira og minna mjög málefnaleg að mínu mati. Menn hafa lýst skoðunum sínum og sjónarmiðum í þessu efni, skipst á skoðunum. En það eru allmörg atriði sem ég tel mikilvægt að bregðast við sem formaður utanríkismálanefndar vegna þess sem komið hefur hér fram.

Ég vil fyrst segja að það hefur verið rætt talsvert um að vandað hafi verið til vinnunnar á vettvangi utanríkismálanefndar. Sumir hafa reyndar orðað það þannig að fram undir það síðasta hafi verið settur meiri hraði í málið. Margir hafa harmað það og ég vil aðeins fara yfir það betur en ég gerði í framsöguræðu minni með þessu nefndaráliti.

Nefndin hefur haft þetta mál til umfjöllunar núna í um það bil sex vikur og ég tel að það hafi verið unnið mjög kerfisbundið. Ég vil taka það fram að strax í upphafi nefndarstarfsins lagði ég fram í nefndinni ákveðið vinnuskema með mínum hugmyndum um það hvernig umræðunni yrði háttað, hvenær yrðu haldnir fundir, hvaða daga yrðu haldnir fundir, hversu langir þeir voru áformaðir. Ég get fullyrt að það plan sem nefndarmenn tóku vel og gerðu ekki athugasemdir við gekk í meginatriðum eftir. Mér er til efs að þannig hafi oft verið unnið á vettvangi þingnefnda Alþingis að slíkt sé lagt fram í upphafi máls — ég sé að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir hristir höfuðið yfir því — en ég sagði að mér er til efs að þannig hafi oft verið unnið á vettvangi þingnefnda að strax í upphafi hafi verið lögð fram áætlun sem náði til mánaðartíma um það hvernig nefndin hygðist vinna. Ég held að ég geti staðið við það.

Þegar talað er um að það hafi verið hraði í lokin og menn hafi ekki haft tækifæri til að ræða ítarlega nefndarálitið sjálft þá vil ég upplýsa að í vinnu nefndarinnar lagði ég fram líka hugmyndir um uppbyggingu nefndarálits með kaflaskiptingu þannig að nefndarmenn gætu áttað sig á því hvernig hugmynd formannsins væri að vinna álitið. Við fengum margar heimsóknir og við ræddum kerfisbundið einstaka efnisþætti sem áformað var að taka til umfjöllunar í nefndarálitinu þannig að nefndarmenn gætu lýst skoðunum sínum. Varðandi það atriði að ekki hafi verið nægilegur tími til að fjalla um einstök mál, einstaka efnisþætti í nefndarálitinu sjálfu, þá kann vel að vera að einstakir nefndarmenn hefðu viljað fá rýmri tíma til þess. En ég get ekki látið hjá líða að geta þess líka að sumir nefndarfundir þar sem við vorum að ræða tiltekna efnisþætti urðu styttri heldur en áformað var vegna þess að umræðum um málið var lokið á viðkomandi nefndarfundi og menn töldu sig ekki þurfa að ræða þau frekar. Síðan var skrifaður texti í kringum þá umræðu og þau sjónarmið sem höfðu komið fram í samræmi við þann ramma sem áður hafði verið settur í starfi nefndarinnar. Afstaða mín er sú að allir efnisþættir málsins hafi fengið mjög góða umræðu og menn hafi lýst skoðunum sínum. Ég hygg að óhætt sé að fullyrða varðandi þau meginsjónarmið og meginhagsmuni sem lýst er í nefndarálitinu að Íslendingar mundu þurfa að gæta sérstaklega að þá hafi verið mikill samhljómur meðal allra nefndarmanna um þá þætti málsins. Það kom hins vegar í ljós undir það síðasta sem nefndin var með málið til umfjöllunar að skiptar skoðanir voru um málsmeðferðina sjálfa, þ.e. um þjóðaratkvæðagreiðslu og staðfestingarferlið.

Við ræddum þau mál á nokkrum fundum og það komu ýmsir, bæði fastir nefndarmenn en einnig varamenn í nefndinni og aðrir þingmenn sem tóku sæti á fundum utanríkismálanefndar — og af því að mér láðist að geta þess í framsöguræðu minni þá vil ég nota tækifærið hér og þakka þeim sérstaklega fyrir þátttöku á fundum nefndarinnar og framlag þeirra til þeirrar umræðu.

Nú er það auðvitað þannig að í máli af þessum toga var það ásetningur, held ég allra, í upphafi að reyna að ná sem breiðastri samstöðu í málinu. Ég held að það hafi í sjálfu sér tekist um efnisþætti málsins en ekki að sama skapi um hina formlegu hliðar, þ.e. formlegar leiðir í framhaldinu.

Ég ætla að nefna aðeins atriði sem komu frá stjórnarandstöðuflokkunum og liggja nú fyrir. Ég vil nefna til dæmis sérstaklega að Borgarahreyfingin lagði fram sínar hugmyndir um þætti sem þyrfti að gæta sérstaklega að. Það eru þættir sem varða lýðræðismálin sérstaklega, um það hvernig eigi að standa að þjóðaratkvæðagreiðslu, um að hún sé gegnsæ og opið allt það ferli, um upplýsingagjöfina til almennings, um erlenda ráðgjafa og fleiri slíka hluti. Þeim var almennt vel tekið og þá er alla að finna í nefndarálitinu, í umfjöllun nefndarinnar, ekki nákvæmlega með því sama orðalagi og kom fram í upphaflegri tillögu Borgarahreyfingarinnar. En allir efnisþættirnir eru þarna inni og það varð til þess að fulltrúi Borgarahreyfingarinnar ákvað að styðja málið með fyrirvara eins og fram hefur komið. Ég vil segja að mér finnst það sýna mikinn pólitískan þroska hjá Borgarahreyfingunni að taka einmitt þannig á málum, að taka efnislega afstöðu til þátta sem henni fannst mikilvægt að kæmu inn í nefndarálitið og við ræddum og komumst að mikilvægri niðurstöðu með það með hvaða hætti því yrði fyrir komið í nefndarálitinu og ég vil þakka sérstaklega fyrir það.

Ég ætla líka að víkja aðeins að sjónarmiðum sem Framsóknarflokkurinn hefur haft uppi. Þar má segja að útgangspunkturinn hafi verið samþykkt flokksþings Framsóknarflokksins fyrr á þessu ári þar sem samþykkt er að stjórnvöld skuli ganga til viðræðna við Evrópusambandið um aðild með tilteknum tilgreindum skilyrðum. Í lok þeirrar samþykktar er sagt að þetta séu þeir meginhagsmunir sem viðræðurnar eigi að grundvallast á. Í fyrri umræðu um þetta

mál kom meðal annars af minni hálfu fram og sömuleiðis af hálfu utanríkisráðherra að við teldum að þau sjónarmið sem koma fram í samþykkt Framsóknarflokksins væru þess eðlis að það væri nánast sjálfgefið að halda þeim til haga í vinnu nefndarinnar og í nefndaráliti. Ég held því að megi fullyrða að um alla, ef mér skjöplast ekki, að um alla efnisþætti í samþykkt Framsóknarflokksins sé fjallað í nefndarálitinu og að tekið sé undir þau sjónarmið. Ég kem aðeins betur að því. Þess vegna var það alla vega mín afstaða að það væri mikilvægt að þau kæmu þarna fyrir og þeim væri lýst.

Það má kannski segja að munurinn felist í því sem endurspeglast líka í breytingartillögu frá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur að í flokkssamþykkt Framsóknarflokksins er sérstaklega talað um að þetta séu þau skilyrði sem eigi að setja fram í umræðunum. Nú hef ég reynt að lýsa því í fyrri umræðu og í umfjöllun þetta mál á fyrri stigum og sömuleiðis á vettvangi nefndarinnar varðandi þetta sjónarmið að það geti verið snúið að af hálfu Alþingis að setja fram hlutina eða þessi meginsjónarmið, meginhagsmuni fram sem afdráttarlaus skilyrði strax í upphafi. Af hverju? Jú, vegna þess að viðræðurnar ganga fyrir sig með þeim hætti að menn bera saman löggjöf umsóknarríkisins og löggjöf Evrópusambandsins í hverjum málaflokki fyrir sig. Þegar sá samanburður hefur farið fram átta menn sig betur á því hvar löggjöfin er ólík, hvað Ísland í þessu tilfelli þyrfti að gera í sinni löggjöf, til dæmis í sjávarútvegsmálum, til að hún samrýmdist löggjöf Evrópusambandsins. Í sumum tilfellum er löggjöfin ólík en praxísinn, lagaframkvæmdin lík. Í öðrum tilfellum er löggjöfin sambærileg en lagapraxísinn ólíkur. Þetta þarf að greina og gerist það í ítarlegri vinnu samningsaðilanna. Á þessum tímapunkti, þegar þetta allt liggur fyrir og menn sjá nákvæmlega hverju Íslendingar mundu þurfa að breyta í sínu lagaverki taka menn afstöðu til þess hvað sé ásættanlegt fyrir okkur, hvaða breytingar við getum fellt okkur við að gera til að samrýmast löggjöf Evrópusambandsins, hvað við getum alls ekki fellt okkur við og mundum ekki samþykkja og um hvaða hluti við mundum vilja gera sérstaka samninga um.

Á þessu stigi málsins kemur í raun inn spurningin um hvaða skilyrði við ætlum að setja. Í nefndarálitinu er því lýst mjög ítarlega hvernig þessi vinna eigi að fara fram og hver aðkoma allra aðila eigi að vera við að móta þessa samningsafstöðu, ekki bara stjórnvalda, þ.e. ríkisstjórnarinnar heldur líka Alþingis og hagsmunaaðila á viðkomandi sviði. Við lýsum því hvernig þeir eru dregnir að málinu og við segjum það á blaðsíðu 14 í nefndarálitinu að að mati nefndarinnar verði ekki vikið frá þessum meginhagsmunum nema það sé rætt á vettvangi Alþingis. Þetta tel ég að sé sterkari fyrirvari en setja fram fyrirframskilyrði sem í raun er dálítið óljóst hvað felst í. Þegar menn segja það skilyrði að halda forræði yfir fiskveiðiauðlindinni þá segir ekkert nákvæmar í samþykkt Framsóknarflokksins í hverju það felist. Við reynum að lýsa því í nefndaráliti. Menn geta verið ósáttir við sumt af því sem þar er eða kannski ekki fullkomlega sammála en eins og ég horfi á málið þá er þarna miklu meiri og betri rammi utan um þessa vinnu. (**Gripið fram í:** ... breytingartillögu við þingsályktunartillöguna.) Við gerum breytingartillögu við þingsályktunartillöguna eins og hún kom frá utanríkisráðherra til að hnykkja á nákvæmlega þessu, að við vinnu stjórnvalda í þessu máli, verði tillagan samþykkt, að þá eigi að fara eftir þeim meginsjónarmiðum og verklagi sem nefndarálitið lýsir. Við erum sem sagt að þrengja rammann utan um umboðið sem stjórnvöld fá. Kalla má að það séu skilyrði, að verið sé að setja ákveðin skilyrði utan um það umboð sem stjórnvöld fá í þessu máli og það er búinn til mekanismi til að tryggja það að bæði allir stjórnmálaflokkar á Alþingi og hagsmunaaðilar á hverju sviði fyrir sig hafi aðkomu að þeirri umræðu. Ég tel að þetta sé að mörgu leyti betri leið og mér finnst hún koma fullkomlega til móts við það sem Framsóknarflokkurinn var með í sinni samþykkt. Þess vegna hlýt ég líka að kalla eftir því af hálfu Framsóknarflokksins hvernig framsóknarmenn sjái að þeir geti komið til móts við sjónarmið annarra í þessu máli ef þeir hafa áhuga á því vegna þess að það er auðvitað þannig í svona vinnu að allir leggja eitthvað í púkkið og menn reyna svo að finna sameiginlega lausn sem allir geta sameiginlega við unað.

Síðan aðeins um tvöföldu þjóðaratkvæðagreiðsluna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt til. Ég vil fyrst segja, af því að því hefur verið haldið fram í umræðu að þetta sé mál sem fleiri flokkar hafi verið með á sinni stefnuskrá, að ég hef ekki orðið var við annað en að Framsóknarflokkurinn til að mynda hafi horfið frá tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu. Á miðstjórnarfundi hjá þeim á síðasta ári var rætt um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. En það var síðan ekki inni í flokkssamþykktinni á þessu ári og formaður Framsóknarflokksins lýsti því hér í ræðu um málið að Framsóknarflokkurinn hefði horfið frá tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu þó einstakir félagar í flokknum eða þingflokknum geti verið þeirrar skoðunar að það sé góð leið. Við það geri ég engar athugasemdir nema síður sé. En ég hef ekki litið þannig á að það sé hin flokkslega samþykkt.

Hvað varðar til dæmis okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þá var tvöföld atkvæðagreiðsla rædd á flokksráðsfundi flokksins nú í desember. En það varð ekki niðurstaða flokksráðsins að fara hana og á landsfundi flokksins í mars var það heldur ekki niðurstaðan að hana ætti að fara. Við höfum sem flokkur því aldrei talað fyrir henni þó að einstakir flokksmenn eða þingmenn hafi frá einum tíma til annars sagt að þetta sé leið sem ætti að skoða sérstaklega. Ég vil bara draga þetta fram í fullri einlægni við hv. þingheim. Þessi viðhorf hafa verið uppi en þau urðu ekki niðurstaðan til dæmis hvað okkur varðar og mér sýnist að það sé einungis Sjálfstæðisflokkurinn sem beinlínis hefur gert flokkssamþykkt um að fara eigi þessa leið.

Varðandi síðan málsmeðferðina að öðru leyti, um þjóðaratkvæðagreiðslu í lokin, að þá hefur talsvert verið tekist á um hvort hún eigi að vera bindandi eða leiðbeinandi. Allir eru sammála um að aðildin að Evrópusambandinu, hugsanlegur aðildarsamningur verði lagður fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég lít svo á að það hafi í raun verið sagt í samþykktum flokkanna flestra að niðurstöður aðildarviðræðna eigi að bera undir þjóðina, þ.e. aðildarsamning, efnisatriði aðildarsamnings eigi að bera undir þjóðina í atkvæðagreiðslu. Ég tel mikilvægt að það sé gert þá þegar slíkur samningur liggur fyrir og það sé leiðsögn þjóðarinnar til Alþingis um það hvort halda eigi áfram og taka næstu

skref eða ekki. Ef þjóðin hafnar aðildarsamningi í atkvæðagreiðslu þá fari Alþingi ekki að taka einhver ný skref í málinu í átt að aðild, ef þjóðin samþykkir samning í atkvæðagreiðslu þá fari Alþingi að undirbúa næstu skref sem væru breytingar á stjórnarskránni sem heimiluðu eða gerðu aðild að Evrópusambandinu mögulega og það yrði farið yrði með slíka stjórnarskrárbreytingu eins og stjórnarskráin mælir fyrir um með þingrofi, nýjum kosningum og nýtt þing kæmi að því að fullgilda eða fullnusta stjórnarskrárbreytingar.

Ég hef sagt og ég vil sérstaklega beina þeim orðum mínum til þingmanna Sjálfstæðisflokksins að í slíkum stjórnarskrárbreytingum kemur ekkert í veg fyrir að menn skrifi inn í þær það sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að leggja til, þ.e. að fullgilding á aðildarsamningi eigi að fara í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu í lokin. En þá skulum við hafa það í huga hvernig svoleiðis bindandi atkvæðagreiðsla gæti farið fram og því er lýst í minnisblaði Bjargar Thorarensen prófessors og Davíðs Björgvinssonar, dómara við Mannréttindadómstólinn í Evrópu. Þar lýsa þau því að bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla geti fyrst farið fram eftir að það hafi komið ákvæði um hana inn í stjórnarskrá og að Alþingi mundi þurfa að fullgilda aðildarsamning að Evrópusambandinu með lögum og það væri í gildistökuákvæði slíkra laga að finna formúleringar um að lögin tækju þó ekki gildi fyrr en þau hefðu verið staðfest í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að óumdeilt sé að þetta mundi verða aðferðin. Þá segi ég: Mér finnst ekki eðlilegt að Alþingi taki ákvörðun um það á grundvelli aðildarsamnings að ráðast í slíkar breytingar að samþykkja lög sem mæla fyrir um aðild Íslands að Evrópusambandinu án þess að þjóðin hafi nokkurn tíma komið að því að kjósa um þann aðildarsamning. Mér finnst það ekki ganga alveg upp. Af hverju ætti ég til dæmis að samþykkja á vettvangi Alþingis lög um aðild að Evrópusambandinu sem ég ætlaði að vísu að setja undir þjóðaratkvæði í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að hafa fengið afstöðu þjóðarinnar til aðildarsamningsins sem slíks? Þess vegna tel ég að það sé algert lykilatriði að aðildarsamningurinn sem slíkur fari í þjóðaratkvæðagreiðslu og þá og því aðeins að þjóðin samþykki hann verði ráðist í næstu skref. Ég er reiðubúinn til að segja að ég mun fylgja vilja meiri hluta þjóðarinnar. Ég er reiðubúinn til þess fyrir mína parta. Ég er reiðubúinn til þess ef þjóðin samþykkir aðildarsamning að stuðla að því að sett verði á Alþingi lög til að fullnusta þann gjörning jafnvel þó það síðan verði með stjórnarskrárbreytingu kveðið á um að slík lög mundu þurfa að fara í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu í lokin. Þetta margsagði ég á fundum utanríkismálanefndar og spurði Sjálfstæðisflokkinn: Er Sjálfstæðisflokkurinn ekki reiðubúinn til að fallast á svona málamiðlun þar sem tekin væru annars vegar mið af þeim sjónarmiðum sem ég og fleiri höfum haft um að aðildarsamningurinn eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu og fallist á hugmyndir Sjálfstæðisflokksins um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni? Ég segi fyrir mína parta að ég hef lagt mig fram um það í þessari vinnu að ná breiðri samstöðu. Ég hef lagt mig fram um að miðla málum, að fá fram sjónarmið annarra og koma til móts við þau. En í þessu atriði hef ég því miður ekki fundið að það hafi verið neinn vilji til að koma til móts við okkur sem höfum talað þessu máli. Það finnst mér bagalegt vegna þess að ég ætlast að sjálfsögðu til þess ef menn reyna að miðla málum og finna lausnir til að ná breiðri samstöðu að allir leggi eitthvað í púkkið í því efni og það verð ég að segja alveg eins og er, frú forseti, að mér hefur fundist vanta á það.

Um það hefur verið spurt í þessari umræðu hvað gerist ef ekki verður ásættanlegur samningur í einhverjum samningskafla, ef stjórnvöld upplifa það þannig að þau komist ekki nægilega langt til dæmis í sjávarútvegsmálum eða landbúnaðarmálum í samningum. Hvað gerist þá? Þá segi ég: Ef það yrði tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem þjóðin samþykkir í upphafi að fara í aðildarviðræður þá getur enginn annar en þjóðin sjálf hætt þeim viðræðum. Þá verður að mínu viti Alþingi og ríkisstjórn að klára þær viðræður og koma með samning hversu slæmur sem hann kann að verða. Ef Alþingi hins vegar tekur ákvörðun um það að fela ríkisstjórninni að sækja um aðild þá getur ríkisstjórnin eða Alþingi tekið ákvörðun um að hætta þeim hvenær sem er í þessu ferli. Þetta sagði til dæmis hæstv. fjármálaráðherra í umræðum á föstudaginn og í framsöguræðu minni með þessu máli sagði ég meðal annars með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi vil ég einnig halda því til haga að stjórnvöld geta hvenær sem er dregið sig út úr aðildarviðræðum ef þeim þykir einsýnt að hagsmunum Íslands verði áfram betur borgið utan sambandsins eða fyrir liggi að ekki náist ásættanlegur aðildarsamningur. Þá gæti Alþingi jafnframt á hverju stigi málsins með sama hætti ályktað um að aðildarviðræðum skuli hætt. “

Þessi möguleiki væri ekki til staðar ef farið yrði í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamning í upphafi nema það sé þá gert með nýrri þjóðaratkvæðagreiðslu, að það sé þjóðin sjálf sem ákveði að hætta viðræðum. Sá sem hefur þær getur hætt, enginn annar. Ef þjóðin ákveður að setja þær í gang þá getur ríkisstjórnin ekki komið allt í einu og sagt: „Nú ætlum við að hætta.“ Hún verður að koma með samning „koste hvad det koste vil“ eins og maður segir. Þess vegna hef ég núna komist að þeirri niðurstöðu að best sé að Alþingi samþykki þetta skref með þeim hætti sem meiri hluti utanríkismálanefndar leggur til, með skýrari ramma utan um það umboð sem stjórnvöld setja, með skýra aðkomu Alþingis að viðræðuferlinu og hagsmunaaðila. Ég tel að það sé sterkast í þeirri stöðu sem við erum núna.

Rétt aðeins örfá orð um kostnað. Það hefur verið talað talsvert um kostnað hérna og að hann sé mikill við viðræðum. Já, hann er mikill við viðræður af þessu tagi. Það verður bara að segjast alveg eins og er. Alþingi verður að vera meðvitað um að ef það ákveður að fara í svona leiðangur þá mun það kosta umtalsverðar fjárhæðir. Því hefur verið lýst að þessi kostnaðaráætlun sé algerlega út úr kortinu. Ég get í sjálfu sér ekki fullyrt um það. Þarna hafa starfsmenn í ráðuneytinu sem hafa reynslu af málum af þessum toga gert sitt besta til að varpa ljósi á það hvaða kostnaður gæti hlotist af viðræðunum eins og þeim er lýst af hálfu stjórnvalda, þ.e. hvernig þær gengju fyrir sig og ég treysti því að þeir hafi lagt sig fram um það og gert sitt besta og ég ætla ekki að draga það í efa. Mér finnst að þeir sem koma og segja eitthvað annað, að þetta sé algjörlega út úr korti, að það sé ekki

nóg bara að segja það, menn verði þá að leggja fram einhver rök til stuðnings máli sínu. Vel kann að vera að þau séu til. En þau verða þá að koma fram í umræðunni. Menn verða að rökstyðja fullyrðingar sínar í þessu efni, ekki bara að slá þeim fram. Ég hef heyrt þingmenn og jafnvel ráðherra tjá sig um þetta með þeim hætti að mér finnst það ekki algerlega vera (**Gripið fram í:** Ertu að tala um ...) (**Gripið fram í:** ... að slá á puttana á ...) fullkomlega ábyrgt.

Svo hafa menn í þessari umræðu líka talsvert (Gripið fram í.) talað um sannfæringu og ég ætla að tala aðeins um hana. Það er sagt: „Menn eiga að fylgja sannfæringu sinni.“ Já, auðvitað eiga menn að gera það. Mér finnst stundum eins og undirtónninn sé dálítið sá að það séu bara þeir sem ætla ekki að fylgja meiri hlutanum í sínum þingflokki sem séu að fylgja sannfæringu sinni rétt eins og þeir sem eru, við getum sagt, fyrir meirihlutasjónarmiði í þingflokki hafi ekki sannfæringu í málinu. Ég hef sannfæringu í þessu máli og ég ætla að fara eftir henni.

Mín sannfæring er sú að við eigum að taka þetta skref núna að fara í viðræður við Evrópusambandið og leita leiða til þess að þjóðin geti kosið um niðurstöður slíkra viðræðna. (Gripið fram í.) Ég áskil mér allan rétt eins og við Vinstri græn og reyndar Samfylkingin líka gerum í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna til þess að berjast fyrir okkar málstað, okkar sjónarmiðum varðandi málið þegar efnisþættir þess liggja allir fyrir í aðildarsamningi. Við áskiljum okkur allan rétt til þess að sjálfsögðu. En sannfæring mín er sú að við eigum að koma þessu máli í þennan lýðræðislega farveg. Það hefur verið mikil umræða undanfarin missiri og ár um Evrópusambandsmálin og ég er kominn á þá skoðun að núna sé mikilvægt að fara að fá einhvern botn í þau með einhverjum hætti, eins og margir hafa sagt, og það sé best gert með því að fá nákvæmlega fram hvað felist í aðild að Evrópusambandinu, hvað nákvæmlega felist í þeim lausnum sem við fengjum til dæmis í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum, auðlindamálum, gjaldmiðilsmálum og öðrum málum sem við teljum mikilvæg. Við getum fabúlerað um það hvað sé líklegt og ég hef alveg skoðanir á því að það sé kannski ekkert óskaplega líklegt að við náum öllu því fram sem við mundum vilja fá fram. En ég vil fá það upp á borðið og ég vil að þjóðin kjósi um nákvæmlega það, um efnisatriði samningsins en ekki einhverjar spekúlasjónir sem margt getur svo sem verið til í en við vitum ekki fyrir víst.

Þetta þykja mér mikilvæg atriði, frú forseti, og ég vil svona um miðbik umræðunnar — án þess að ég viti nokkuð um hvað hún verður löng — en kannski um það bil um miðbik umræðunnar langaði mig til þess að koma þessum viðhorfum á framfæri, skýra aðeins betur vinnuna á vettvangi nefndarinnar og hvernig hún hefur farið fram. Ég er þakklátur fyrir vinsamleg ummæli margra þingmanna um það hvernig staðið hefur verið að þessari vinnu á vettvangi nefndarinnar. Ég tel að innstæða sé fyrir því, ekki bara hvað sjálfan mig varðar sem formann heldur alla nefndarmenn. Þar er enginn undanskilinn og eins og ég sagði í framsöguræðu minni þá tel ég að allir nefndarmenn og varamenn sem hafa setið fundi eigi hlutdeild í því nefndaráliti sem meiri hlutinn lagði hér fram þó að menn hafi ekki orðið sammála um niðurstöðuna, um málsmeðferðina í lokin.

Ég vil því þakka enn og aftur þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessu verki fyrir framlag þeirra. Ég tel að það hafi verið mikilsvert og ég tel að í þessu nefndaráliti sé safnað saman mjög mikilsverðum upplýsingum, hlutlausum upplýsingum. Sumir segja að ýmislegt sé fegrað í þessu nefndaráliti um Evrópusambandið og hverju við gætum hugsanlega náð fram. Það eru líka þarna býsna sterkir fyrirvarar við aðra hluti. Það hefur því verið reynt að halda jafnvægi í álitinu eins og hægt er. Sumir kvarta undan því að það ekki sé tæpt á mikilvægum hlutum eins og lýðræðinu á vettvangi Evrópusambandsins og að ekki sé nógu vel um það fjallað. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því. Ég dró suma hluti af því fram í framsöguræðu minni þegar ég sagði að þegar þjóðin tekur þetta mál til umfjöllunar og tekur afstöðu til þess þá væri mikilvægt að ræða ekki bara efnisatriði samningsins heldur líka þessi grundvallaratriði, grundvallarsjónarmiðin, hugsjónirnar sem sumir bera í brjósti varðandi þátttöku í Evrópusambandinu og aðrir bera í brjósti varðandi það að viðhalda og halda fullu sjálfstæði og fullveldi Íslands og láta ekkert það af hendi. Það eru alveg gild rök á báða bóga í þessari umræðu að sjálfsögðu og þetta þarf að gera og inn á þetta kom ég í framsöguræðu minni, hafi því ekki verið gerð nægileg skil í nefndaráliti.

Frú forseti. Ég vildi bara koma þessum atriðum á framfæri þegar hér er komið sögu í þessari umræðu. Ítreka ég þakkir mínar fyrir framlag nefndarmanna til vinnunnar og þakka hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni til þessa fyrir málefnalegt innlegg.

[16:21]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður sagðist hafa sannfæringu. Ég er enn að reyna að átta mig á því hver hún sé. Hann er eflaust mjög góður maður málamiðlana, hefur unnið frábært starf í nefndinni sem formaður, fundið sameiginlega lausn. En ég veit ekki enn hvaða sannfæringu hv. þingmaður hefur.

Hann vill að þjóðin fái að kjósa. Ég skil það. Síðan ætlar hann að fara að vilja þjóðarinnar. Ef hún vill ganga í Evrópusambandið þá vill hann ganga í Evrópusambandið. Nú langar mig til að spyrja hv. þingmann sem þingmann og sem einstakling sem fer eftir sannfæringu sinni: Vill hann sjálfur að Ísland verði hluti af Evrópusambandinu eftir segjum tíu ár? (Gripið fram í.)

[16:22]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom í andsvör við mig eftir framsöguræðu mína og var þá með heldur lengra tímaspan undir. Ég held að hann hafi verið að ræða um 60 ár þegar hann fjallaði um það þá. Ég svaraði þessari spurningu í andsvörum hér á föstudag. Ég sagði að mín skoðun væri hin sama og kemur fram í samþykkt Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég tel að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins. Ég tel að það sé mikilvægt að um þetta mál fari fram lýðræðisleg og opin umræða. Ég tel að það sé mikilvægt að málið verði leitt til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er mín sannfæring í þessu máli.

Ég hef líka þá sannfæringu að þjóðin eigi að ráða þessu og ég hef þá sannfæringu að það sé rétt að fara að vilja þjóðarinnar þegar hún kemur að borðinu og greiðir atkvæði um aðildarsamning, ef við komumst nú einhvern tíma á það stig í tilverunni að þá greiði hún atkvæði um það. Ég treysti mér til að segja að það sé ekkert slæm sannfæring að vilja fylgja vilja þjóðarinnar.

[16:23]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þingmenn og stjórnmálamenn eru leiðtogar. Þeir eru leiðtogar sem þjóðin fylgir. Ef hún fellst á stefnu þeirra og sannfæringu þá kýs hún þá menn á þing og treystir þeim til þess að vera leiðtogar. Mér sýnist að hv. þingmaður sé lýðtogi. Það er maður sem lýðurinn togar og það er leiðin til stefnuleysis, algjörs stefnuleysis, (Gripið fram í.) vegna þess að menn fara sitt á hvað eftir skoðanakönnunum. Mér finnst það ekki góð stefna. Mér finnst ekki góð stefna að koma hérna og segja: „Ég hef í rauninni enga skoðun. Ég vil fara í umræður um Evrópusambandið og ég fer eftir samþykktum Vinstri grænna og svo þegar þjóðin tekur ákvörðun um þetta eða hitt þá ætla ég að fylgja því.“

Menn eiga að hafa sannfæringu sjálfir, hvort þeir vilja ganga í Evrópusambandið eða ekki. (Gripið fram í.) Þeir verða að segja þjóðinni: „Ég vil að Ísland sé hluti af Evrópusambandinu,“ (Forseti hringir.) eða: „ég vil ekki að Ísland sé hluti af Evrópusambandinu.“

[16:25]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef sannfæringu í þessu máli og ég er búinn að vera að reyna að lýsa henni bæði í stuttu máli og löngu og ef hv. þingmaður er ekki ánægður með þá sannfæringu þá verður hann bara að eiga um það við sjálfan sig.

Mér heyrðist hv. þingmaður í raun vera að tala fyrir því að það ætti ekkert að fara að niðurstöðu þjóðarinnar ef þjóðin í þjóðaratkvæðagreiðslu tekur afstöðu til þessa máls, þ.e. ef þjóðin til dæmis samþykkir aðildarsamning þá ætti ekkert nauðsynlega að fara að þeirri niðurstöðu. Ég spyr: Til hvers þá að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu, ég tala nú ekki um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu?

Ég veit ekki betur (Gripið fram í.) en að allir stjórnmálaflokkar hafi lýst þeirri afstöðu sinni að þeir vilji að þetta mál verði útkljáð í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir vilja að þjóðin kjósi um það og þá finnst mér liggja nánast í þeim orðum sömuleiðis að stjórnmálamennirnir ætli sér að gera eitthvað með þá niðurstöðu, að þeir ætli að virða hana. Það er alla vega afstaða mín og sannfæring að rétt sé að gera það. Ef hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur einhverja aðra (Forseti hringir.) sannfæringu eða aðra skoðun á þessu er honum frjálst að hafa hana.

[16:26]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnst afskaplega sérkennilegt að hlusta á hv. þm. Árna Þór Sigurðsson og hann verður að útskýra það fyrir fleirum en hv. þm. Pétri H. Blöndal hver sannfæring hans sé í þessu máli. Það er í rauninni held ég einsdæmi að þingmaður hafi sagt að hann ætlaði bara alls ekki að greiða atkvæði samkvæmt sinni sannfæringu ef svo bæri undir. Það er það sem hv. þingmaður sagði.

Ég vil spyrja hv. þingmann. Ég ætla ekkert að reyna að fá út úr honum hvaða skoðun hv. þingmaður hefur og hver hans sannfæring sé. Það er búið að reyna það án árangurs. Hvort sem hv. þingmanni líkar það betur eða verr þá er hann að leggja til við þingið að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu. Þannig er það. Ég vil spyrja hv. þingmann: Truflar það hann ekki neitt að við erum að sækja um aðild að Evrópusambandinu á sama tíma og við erum í harðvítugum deilum, (Forseti hringir.) sem jafnvel sumir kalla stríð, við þetta sama Evrópusamband og forustuþjóðir þess í Icesave-málinu?

[16:27]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef ekki blandað þessum málum tveimur sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson nefndi saman með þeim hætti sem hann gerir. Hann lýsti því hér að það væri undarlegt að hlýða á mig. Það er þá örugglega ekki í fyrsta skipti sem honum finnst það. Við höfum oft hlýtt hvor á annan í gegnum árin og stundum ekki alveg skilið hvor annan eða hvert hinn væri að fara (Gripið fram í.) svo að það er ekkert alveg nýtt í þessu efni.

Ég neita því algerlega að ég hafi lýst því yfir að ég ætli ekki að fylgja sannfæringu minni í málinu. En sannfæring manns getur verið sú í tilteknum (Gripið fram í.) málum, eins og því sem hér er um að ræða, að maður vilji láta þjóðina taka af skarið í því hvað hún vill í þessu efni. Ég hef þá sannfæringu. Er það eitthvað verri sannfæring en sannfæring einhverra annarra, til dæmis sannfæring sjálfstæðismanna sem vilja tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu og mætti þá spyrja að því hvort í því fælist ekki hálfgert lýðtog, (Forseti hringir.) eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal komst að orði.

[16:28]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur bara ekkert val um hvort Icesave og ESB verði blandað saman. Hann hefur ekkert um það að segja. Það er bara þannig að við eigum í harðvítugustu deilum frá landhelgisdeilunni. Margir telja að nú sé meira undir en þá, hvorki meira né minna. Ég ætla ekki að leggja dóm á það. En hv. þingmaður getur ekkert valið það að honum finnist þetta ekki tengjast. Ég þekki engan mann sem telur að Evrópusambandið hafi komið fram af sanngirni við okkur í þessu máli, engan. Á sama tíma og svo er kemur hv. þingmaður hér upp og segir: „Við skulum sækja um aðild að Evrópusambandinu.“ Á sama tíma. Það er ekkert valkostur fyrir hv. þingmann að segja að hann vilji ekki blanda þessu saman. Dettur hv. þingmanni í hug, virðulegi forseti, að á tímum landhelgisdeilunnar hafi einhver stjórnmálamaður komið fram og lagt það (Forseti hringir.) til við þingið að við sæktum um aðild, nánara pólitískt samband við þær þjóðir sem við áttum þá (Forseti hringir.) í miklum deilum við, nánar tiltekið Evrópuþjóðirnar?

[16:30]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að biðja hv. þingmann um að hlusta grannt eftir hvað menn segja þegar þeir svara. Ég sagði að ég mundi ekki tengja þessi mál eða hefði ekki tengt þessi mál með þeim hætti sem þingmaðurinn gerði. Það þýðir ekki að það séu ekki snertifletir á þessum málum. Við erum að sjálfsögðu í viðræðum við Breta og Hollendinga um Icesave-málin. Evrópusambandið hefur komið að því máli en hér er auðvitað fyrst og fremst um það að ræða að leysa málin gagnvart þessum ríkjum og ég tel mikilvægt að við gerum það. Evrópusambandsmálið er þannig að ákveði Alþingi að fara skuli í viðræður tekur ferlið sem fer af stað alllangan tíma og svo taka menn afstöðu til þess þegar þar að kemur.

Ég tel ekki að það eigi að tengja þetta saman með þeim hætti sem þingmaðurinn gefur í skyn þegar hann segir að alls ekki megi leggja inn umsókn um Evrópusambandið núna af því að við eigum í þessari Icesave-deilu. Ef það er svo þá mundi ég gjarnan vilja fá það fram frá forustu Sjálfstæðisflokksins hvort það að við erum í deilu um Icesave-reikningana núna veldur því að hún vill ekki styðja þetta mál úr utanríkismálanefnd.

[16:31]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég ætla að gera kostnaðarmatið að umtalsefni og kem beint að efninu þar sem tíminn er stuttur. Í ræðu sinni sagði hv. þm. Árni Þór Sigurðsson tvennt varðandi kostnaðinn. Hann sagði annars vegar að Alþingi þyrfti að vera meðvitað um kostnaðinn vegna þess að þetta væri dýrt. Þá spyr ég þingmanninn: Finnst hv. þingmanni Alþingi vera meðvitað um þennan kostnað miðað við að mjög gagnrýnið kostnaðarmat og háð mikilli óvissu var lagt fram í utanríkismálanefnd 8. júlí sl. og var ekki rætt í nefndinni?

Í öðru lagi sagði þingmaðurinn að starfsmenn ráðuneyta hefðu gert sitt besta til að meta það. Ég dreg það ekki í efa og hef ekki gert í mínu máli. Þessir starfsmenn segja einmitt að vegna þessara álitamála og óvissuþátta og þar sem afar lítil greining á hugsanlegri framkvæmd aðildarviðræðna hefur farið fram, liggi ekki fyrir nægilegar upplýsingar til að hægt sé að setja fram viðhlítandi kostnaðarmat. Þar er líka talað um að nálgunin í viðræðunum skipti máli og talað um ódýrustu leið og dýrustu leið. Hefur sú pólitíska ákvörðun verið tekin hvort eigi að fara ódýrustu leiðina eða dýrustu leiðina?

[16:32]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Aðeins út af þessu með kostnaðarmatið: Ég vil taka fram að ég tel að kostnaðarmatið sem fylgir þessu nefndaráliti gefi okkur ramma eða vísbendingu um það af hvaða stærðargráðu þessir hlutir eru. Það er rétt hjá hv. þingmanni að líka kemur fram að vissir þættir séu háðir óvissu.

Hér er sagt að kostnaðarmatið hafi verið lagt fram 8. júlí. Ég vil taka fram að þetta er ekki alls kostar rétt. Kostnaðarmat utanríkisráðuneytisins, þar sem allar þessar tölur koma fram, var lagt fram 2. júlí og lagt til nefndarmanna. Það er yfirferð fjármálaráðuneytisins á kostnaðarmati utanríkisráðuneytisins sem barst 8. júlí. Mikilvægt er að þessu sé öllu til haga haldið þannig að menn segi ekki frá hlutum öðruvísi en þeir eru. Kostnaðarmat utanríkisráðuneytisins þar sem tölurnar eru reifaðar kom 2. júlí en yfirferð fjármálaráðuneytisins þann 8.

[16:34]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er bitamunur en ekki fjár vegna þess að í því áliti sem hv. þingmaður vísar til er líka talað um óvissuna og ekki lagt heildstætt mat á þetta og þar — ef við ætlum að fara út í það — er talað um hagræðingu á móti, sem ég benti í ræðu minni á að þegar hefði verið boðuð vegna þeirrar stöðu sem ríkisfjármálin eru í, þannig að þetta er ekkert svar. Ég spyr þingmanninn: Hefur verið tekin ákvörðun um nálgunina, ódýrustu eða dýrustu leiðina? Og ég spyr: Finnst þingmanninum að Alþingi sé meðvitað um þúsund milljóna kostnað og hvort það sé raunhæft eða ekki raunhæft miðað við þá umfjöllun sem þessi kostnaðarmöt, eða hvernig sem maður orðar það í fleirtölu, hafa fengið í nefndinni — sem mér skilst að sé engin?

[16:35]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á rétt ávörp gagnvart þingmönnum.

[16:35]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður segir að þessar tímasetningar séu bitamunur en ekki fjár. Það kann vel að vera en ég treysti því að þingmaðurinn vilji samt hafa það sem sannara reynist og vilji ekki draga upp þá mynd að kostnaðarmatið hafi ekki verið á borði þingmanna í utanríkismálanefnd.

Það er rétt að í kostnaðarmati utanríkisráðuneytisins er líka óvissa en það eru hlutir sem menn höfðu allnokkra daga — viku, áður en málið var tekið út úr nefndinni — til þess að gera athugasemdir við, spyrja frekar út í, en það var ekki gert.

Varðandi nálgunina hvað þetta snertir þá er þetta hluti af uppbyggingu viðræðuferlisins sem stjórnvöld í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis og hagsmunaaðila verða nákvæmlega að leggja fyrir sig. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það á þessu stigi málsins vegna þess að þetta er hluti af þeirri uppbyggingu viðræðnanna sem stjórnvöld í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis og hagsmunaaðila munu taka ákvörðun um.

[16:36]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns vil ég misnota aðstöðu mína til að fylgja eftir smáatriði sem varðar síðustu orðaskipti hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar og hv. þm.

Ragnheiðar E. Árnadóttur. Eiginlega held ég að mér hefði liðið betur ef hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefði svarað hv. þm. Ragnheiði E. Árnadóttur með þeim hætti að auðvitað yrði ekki farin ódýr leið, auðvitað yrði farin sú leið sem krefðist hvað vandaðastra vinnubragða, mestu sérfræðivinnunnar o.s.frv. en fjármálaráðuneytið bendir réttilega á að það sé miklu dýrari heldur en fara bara til Brussel og samþykkja allt sem Evrópusambandið segir.

En það er ekki það sem ég er kominn til að spyrja hv. þingmann um. Ég veitti því athygli að í svörum í óundirbúnum fyrirspurnatíma áðan sagði forsætisráðherra orðrétt: „Við skulum vona að atkvæðagreiðslan [þ.e. um ESB-málið] verði með þeim hætti að þessi ríkisstjórn starfi áfram.“ Hvernig skilur hv. þm. Árni Þór Sigurðsson þessi ummæli?

[16:37]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði í ræðu sinni jafnframt að ef niðurstaðan yrði sú að Alþingi hafnaði þessari tillögu mundu stjórnarflokkarnir að sjálfsögðu setjast yfir það mál og ráða ráðum sínum. Það held ég að við munum gera. Ég legg engan sérstakan skilning í þessi ívitnuðu orð forsætisráðherra, held frekar að þau hafi verið sögð að óhugsuðu og óathuguðu máli og sé enga ástæðu til að leggja í þau sérstaka merkingu um að í þeim felist skilaboð um að þetta mál verði að fást afgreitt hér ella séu dagar ríkisstjórnarinnar taldir, eins og hv. þingmaður var örugglega aðýja að. Þegar ríkisstjórnin var mynduð lá fyrir að í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs yrði ekki fullkominn stuðningur við að veita tillögu um þetta efni brautargengi og það lá alveg fyrir að af okkar hálfu var fyrst og fremst samkomulag um að málið kæmi inn í þingið til þinglegrar meðferðar og það hefði engin frekari áhrif. Ekki af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[16:39]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ef það er réttur skilningur hjá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni að þetta hafi verið einhvers konar mismæli — eða ég veit ekki hvernig á að túlka þessi orð hv. þm. — að þetta hafi einhvern veginn hrokkið út úr forsætisráðherra vanhugsað, er það væntanlega vegna þess að hana skorti þingreynslu og sé ekki vön að koma orðum sínum í hugsun.

Staðreyndin er auðvitað sú að hæstv. forsætisráðherra var spurð hvaða áhrif það kynni að hafa á ríkisstjórnarsamstarfið ef þingmenn Vinstri grænna yrðu hugsanlega til þess með atkvæðum sínum eða hjásetu að tillaga ríkisstjórnarinnar næði ekki fram að ganga og í lok svars síns sagði hæstv. forsætisráðherra: „Við skulum vona að atkvæðagreiðslan verði með þeim hætti að þessi ríkisstjórn starfi áfram.“ Hæstv. forsætisráðherra gerir með öðrum orðum ráð fyrir því að atkvæðagreiðslan geti hugsanlega farið einhvern veginn þannig að þessi ríkisstjórn starfi ekki áfram. Það er engin leið fyrir hv. þm. Árna Þór Sigurðsson að komast fram hjá þessu. Þetta er augljós hótun.

[16:40]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ítreka það sem ég hef sagt um þetta. Af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lá ljóst fyrir þegar við myndun ríkisstjórnarinnar að þingflokkur Vinstri grænna mundi ekki tryggja að þetta mál hlyti þá afgreiðslu eða niðurstöðu sem t.d. Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á, við mundum ekki geta tryggt það og að því gekk Samfylkingin. Hún gerði það þegar ríkisstjórnin var mynduð, ég reikna með að það standi af hálfu Samfylkingarinnar og kýs að leggja engan annan skilning í þetta en það sem var ljóst þegar ríkisstjórnin var mynduð og þessi sjónarmið komu fram af hálfu þingmanna Vinstri grænna.

[16:41]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér á Alþingi er oft hægt að gagnrýna málsmeðferð, hvernig nefndir taka á málum, en í þessu máli held ég að það sé ekki hægt. Það er búið að vinna mjög vel að því að skoða aðildarviðræður við ESB í utanríkismálanefnd, bæði er búið að leggja til grundvallar málið sem ríkisstjórnin sjálf lagði fram og eins líka mál nr. 54 sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn lögðu fram, og það er búið að reyna að samtvinna eins og hægt er þessa tvo texta eins og ég skil þann texta sem liggur til grundvallar núna. Ég held að þessi vinna hafi verið til fyrirmyndar. Margir fundir hafa verið haldnir, margir umsagnaraðilar gáfu álit sitt og margir gestir komu fyrir nefndina. Þetta er allt hægt að skoða í nefndarálitinu.

Það er líka ljóst, eins og hv. framsögumaður sagði áðan, að gert var plan um það hvernig nefndin ætti að vinna og það plan stóðst en það er mjög sjaldgæft. Ég man ekki til þess að gert hafi verið svona plan í nefndarvinnu hér áður og er kannski svolítið umhugsunarefni fyrir okkur þingmenn hvort menn eigi ekki að fara meira út í þessi vinnubrögð en við höfum gert hér áður, þ.e. að skilgreina miklu betur hvernig vinnutakturinn á að vera í nefndunum þannig að tímaáætlanir standist nokkuð vel.

Í 54. máli sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn lögðu fram um aðildarviðræður eru tvö meginatriði tilgreind í sjálfri þingsályktunartillögunni og síðan kemur greinargerð eins og gengur og gerist. Mig langar, virðulegur forseti, að fá að tipla á því sem kemur fram í tillögunni frá framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela utanríkismálanefnd Alþingis að undirbúa mögulega umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Nefndinni er falið eftirfarandi hlutverk:

1. Að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

2. Að vinna vegvísi að mögulegri aðildarumsókn sem taki til umfjöllunar öll álitamál varðandi upphaf aðildarviðræðna og hvernig að þeim skuli staðið, auk þess að fjalla um nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við staðfestingu mögulegs aðildarsamnings.

Nefndin ljúki framangreindum verkefnum sem allra fyrst og eigi síðar en 31. ágúst 2009.“

Hér er verið að segja að þeir sem skrifa undir þessa til-

lögu vilji að farið verði í að undirbúa mögulega umsókn um aðild og setja eigi saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum. Síðan eigi að búa til vegvísi um það hvernig þessari vinnu á að vinda fram eftir því sem nauðsyn ber til varðandi viðræðuferlið. Það eigi að drífa í þessu og klára þetta eigi síðar en 31. ágúst.

Þegar maður les nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar er alveg ljóst að þar endurspeglast nákvæmlega það sem segir í tillögu framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Það er verið að greina frá mikilvægustu hagsmununum og það er líka verið að búa til vegvísi. Það er því mín skoðun að niðurstaða meiri hlutans sé í anda þeirrar þingsályktunartillögu sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn lögðu fram, það er algjörlega verið að endurspegla hana þar. Fyrir það vil ég þakka. Mér finnst mjög gott að tekið hafi verið tillit til þessara sjónarmiða og hef reyndar heyrt af tali framsögumanns og annarra að það er ekkert svo mikill ágreiningur um þessa mikilvægustu hagsmuni, hann er eiginlega ekki til staðar. Menn eru meira eða minna sammála um hvað eru grundvallarhagsmunir Íslands. Það er kannski ekkert skrýtið þegar menn leggjast yfir málið af þeim þunga sem hér hefur verið gert að þetta verði niðurstaðan.

Í áliti meiri hlutans er fjallað um helstu og mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðunum. Þar er fjallað um sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, tungumálið og úrsagnarrétt og fleira sem kemur fram í ályktun flokksþings framsóknarmanna. Það er reyndar fjallað um meira í áliti meiri hlutans en flokksþing Framsóknarflokksins fjallaði um og það er ósköp eðlilegt. Flokksþing stendur í tvo daga, það er reyndar nefnd sem undirbýr ályktun o.s.frv. en þar fer mjög sjaldan fram eins mikil og nákvæm vinna og fer fram hér á vettvangi þingsins í svona stórum málum. Það er þess vegna ekkert skrýtið að niðurstaða meiri hluta utanríkismálanefndar sé víðtækari en ályktun flokksþings Framsóknarflokksins.

Það er fjallað um öll helstu grundvallarsjónarmið sem framsóknarmenn settu fram og skilyrði en það eru önnur atriði sem Framsóknarflokkurinn tók ekki á af eðlilegum ástæðum eins og ég hef tilgreint hér. Einn þingmanna okkar, hv. þm. Guðmundur Steingrímsson, skoðaði mjög náið niðurstöðu meiri hluta utanríkismálanefndar og ályktun flokksþings Framsóknarflokksins og komst að því að þarna standa nokkur mál út af sem eru í ályktun utanríkismálanefndar eða tillögugreininni og mig langar að lesa hvað það er.

Í tillögu meiri hlutans hér í þinginu er skilgreining á ferli viðræðnanna og aðkomu aðila. Hæstv. utanríkisráðherra fer með stjórnskipulega umsjón málsins, talað er um afmarkaða samningshópa með erlendum ráðgjöfum, samráðshóp með fulltrúum allra flokka og hagsmunahópa, upplýsingamiðlunarhóp, sérfræðingahóp, beina aðkomu Alþingis og utanríkismálanefndar að samningaviðræðunum, og að það eigi að vera styrkir til félagasamtaka til að koma sjónarmiðum sínum að. Ekkert af þessu er beinlínis í flokkssamþykktum Framsóknarflokksins.

Það er tekið á vatns- og orkuauðlindum og lögð er áhersla á „að Ísland geri fyllilega skýrt við samningaviðræður að ekki komi til greina að sáttmálar ESB mæli fyrir um eignarhald á þeim auðlindum er hér um ræðir eða nýtingu þeirra umfram það sem umhverfisreglur á hverjum tíma mæla fyrir um. Allar bollaleggingar um sameiginlega nýtingu eða annað slíkt væru óásættanlegar fyrir Ísland.“ Segir í áliti meiri hlutans. Framsóknarmenn tóku ekki beint á þessu í ályktun sinni.

Það eru líka tilgreind atriði um byggðamál og þar segir:

„Að mati meiri hlutans þarf að tryggja byggða-, umhverfis-, atvinnu-, og nýsköpunarstuðning til dreifðra byggða.“

Síðar segir að það sé „að mati meiri hlutans um að ræða svið sem afar mikilvægt er að setja í forgrunn og leggja mikið kapp á“ og að hér kunni „að skapast ný tækifæri til endurskipulagningar á byggðastefnu íslenskra stjórnvalda á grunni nýrrar hugmyndafræði, en slíkt hefur gefið góða raun í sumum aðildarríkjum ESB“. Brýnt sé að gæta hagsmuna landsbyggðarinnar í þessu sambandi og tryggja greiðan aðgang að því fjármagni sem hér um ræðir. Og meiri hlutinn telur „að í því efni eigi m.a. að horfa sérstaklega til þátta eins og nýsköpunar á landsbyggðinni sem hugsanlega gætu aukið fjölbreytni í atvinnutækifærum“. Framsóknarflokkurinn tók ekki beint á þessu máli í sinni ályktun.

Síðan er umhverfismálakafli og það er ítarlegur kafli um það hvaða hagsmunir eru í húfi á því sviði í samningaviðræðunum með tilliti til sérstöðu Íslands og skiljanlegra krafna um undanþágur og aðlaganir. Framsóknarflokkurinn tók ekki á því heldur í sinni ályktun.

Svo er kafli um almannaþjónustu og félagsleg málefni, og þar segir:

„Að mati meiri hlutans er það grundvallaratriði í þessu efni að hvert og eitt ríki geti haldið ákvörðunarvaldi um skipulag sinnar almannaþjónustu “

Og meiri hlutinn telur afar mikilvægt að verja hið norræna form félagslegrar almannaþjónustu. Það kemur líka fram þarna, virðulegur forseti, að meiri hlutinn leggur áherslu á að Íbúðalánasjóður haldi því rekstrarformi sem nú er og þeim ramma um lánveitingar sem nú gilda. Við framsóknarmenn tókum ekki beint á þessu í okkar ályktun.

Svo er kafli um öryggis- og varnarmál. Þar stendur að Ísland muni undir engum kringumstæðum koma á innlendum her eða taka þátt í samstarfi herja. Svo er líka fjallað um — svo ég taki út eitt og eitt dæmi um það sem fjallað er um í meirihlutaálitinu — einkasölu ríkisins á áfengi, að þá kom fram á fundum nefndarinnar að möguleg aðild Íslands að að ESB mundi engu breyta sem slík um einkasölu ríkisins á áfengi.

Virðulegur forseti. Ég hef tiplað hér á nokkrum atriðum í áliti meiri hlutans sem eru ekki ályktun Framsóknarflokksins, enda getur ekki stjórnmálaflokkur undir venjulegum kringumstæðum farið svona nákvæmt í málin eins og gert hefur verið í þinginu. Það má því segja að ályktun meiri hluta utanríkismálanefndar feli í sér það sem framsóknarmenn lögðu áherslu á en hún innifelur miklu meira. Hún er fyllri, hún er víðtækari og gefur skýrari leiðbeiningar um samningsumboðið sem við viljum veita.

Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir leggur fram breytingartillögu við breytingartillögu meiri hlutans. Sú tillaga sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir leggur fram er ályktun flokksþings Framsóknarflokksins, nánast orðrétt. Þó vantar eitt atriði í þá breytingartillögu sem flokksþingið samþykkti í byrjun

þessa árs og það er að framsóknarmenn sögðu að þeir vildu að það yrði staðfest vegna aðstæðna á Íslandi og fámennis þjóðarinnar að Íslendingar hefðu varanlegan rétt til að setja lög um forgangsrétt manna með lögheimili og fasta búsetu á Íslandi til að eiga ráðandi hlut í jarðeignum, lóðum, fasteignum og atvinnufyrirtækjum, enda styðjast slík ákvæði við núgildandi reglur á Álandseyjum, Möltu, Azoreyjum og víðar innan ESB. Þetta segir í samþykkt flokksþings Framsóknarflokksins. Reyndar var greitt atkvæði um þetta á flokksþinginu. Sumir vildu fá þetta fellt út á þeim grunni að þetta gengi lengra en EES-samningurinn, við erum eiginlega að bakka út úr EES-samningnum með þetta atriði. Það var reyndar fellt á flokksþinginu og þess vegna stendur það hérna, en í áliti meiri hlutans er tekið á þessu. Þar segir:

„Meiri hlutinn telur eðlilegt að horft verði til þess hvort skynsamlegt geti verið að fara fram á takmarkanir á rétti þeirra sem ekki hafa lögheimili og fasta búsetu á landinu til þess að eignast fasteignir hér á landi með tilliti til þess að viðhalda búsetu í sveitum.“

Álit meiri hlutans endurspeglar sem sagt alla punktana sem eru í ályktun flokksþings framsóknarmanna auk þeirra punkta sem ég taldi upp áðan, um umhverfisréttinn, almannaþjónustuna og það sem við tókum ekki beint á.

Auðvitað eru meginhagsmunirnir í sjávarútvegi og landbúnaði. Það eru viðkvæmustu hagsmunirnir og það ríkir bara almenn sátt í samfélaginu um það hvernig halda eigi á því, a.m.k. get ég ekki séð að það beri neitt á milli í því. Menn vilja ekki gefa það eftir til ESB í þeim viðræðum sem hugsanlega eiga eftir að fara fram.

Þá langar mig einnig að undirstrika að í nefndaráliti meiri hlutans er skýrt kveðið á um það að ekki megi víkja frá þeim meginhagsmunum sem eru skilgreindir í því plaggi nema þingið komi þar að og fari sérstaklega yfir þau mál. Það kemur fram á bls. 14, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn leggur meiri hlutinn áherslu á að ríkisstjórnin fylgi þeim leiðbeiningum sem gefnar eru með áliti þessu um þá grundvallarhagsmuni sem um er að ræða. Að mati meiri hlutans verður ekki“ — og ég undirstrika þetta — „verður ekki vikið frá þeim hagsmunum án undanfarandi umræðu á vettvangi Alþingis og leggur meiri hlutinn til að orðalagi þingsályktunartillögunnar verði breytt með hliðsjón af þessu.“

Svo er því breytt síðar í tillögugreininni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“ — Síðan bætist við, og ég ætla að vitna beint í það: „Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar.“

Þetta er nokkuð skýr texti og þó að þetta sé svona skýrt kusum við, sú er hér stendur og hv. þm. Guðmundur Steingrímsson, að fara sérstaklega upp í andsvar við framsögumann meiri hlutans, hv. þm. Árna Þór Sigurðsson, til að hnykkja á því hvernig bæri að skilja þetta. Þau svör sem voru gefin í upphafi umræðunnar voru á þá leið að þetta sé algjörlega skýrt: Þingið kemur að þessum málum. Ef reyna á að víkja eitthvað frá þessu samningsumboði þarf að fjalla sérstaklega um það á vettvangi þingsins, það er engin flóttaleið undan því. Við kusum að fara í andsvör til að ná þessu mjög skýrt fram. Það skiptir máli, þetta er ekki eitthvert hipsum happs sem framsögumaður getur leyft sér að segja í þessari umræðu þegar hann stendur fyrir máli sínu og kemur fram með nefndarálit meiri hlutans vegna þess að þau orð sem hér falla eru líka lögskýringargagn ef kemur til einhverra deilna um þetta síðar. Það skiptir því gífurlega miklu máli hvað hv. framsögumaður, Árni Þór Sigurðsson, hefur sagt hér um þetta atriði og mikilvægt að draga það fram eins og við hv. þm. Guðmundur Steingrímsson gerðum á fyrri stigum í umræðunni.

Varðandi tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu þá er ég búin að koma því sjónarmiði á framfæri fyrr, virðulegur forseti, hvaða álit sú er hér stendur hefur á því. Ég sagði, virðulegur forseti, í framsöguræðu með málinu þegar það kom til fyrri umr. og ætla að vitna í það, ég var þá líka að tala um tillögugreinina í máli 54 sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn lögðu fram af því að þessi tvö mál voru rædd saman:

„Ég skrifa samt undir þessa tillögu þó að ég sé þar ósammála einu atriði. Það er atriðið sem er um að það komi til greina að vera með tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Framsóknarflokkurinn ályktaði um það á sínum tíma á miðstjórnarfundi á síðasta ári en við breyttum um skoðun. Við teljum að ekki sé þörf á því.“

Svo hnykki ég á því aftur síðar í framsöguræðunni þegar málið var flutt hér fyrst.

Þegar maður skoðar gögn í þessu máli sést að á miðstjórnarfundi 3. maí hjá Framsóknarflokknum var ályktað um að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðstjórn Framsóknarflokksins telur eðlilegt að spurningunni um hvort stjórnvöld fái umboð til að ganga til aðildarviðræðna við ESB verði borin undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu óháð öðrum kosningum.“

Á þeim tíma þegar þetta var samþykkt, 3. maí 2008, fannst okkur þetta vera lýðræðisleg sáttaleið í þeirri stöðu sem við vorum í þá. Það var alveg ljóst að hluti framsóknarmanna var á móti því að fara í aðildarviðræður, hluti vildi fara í aðildarviðræður og þetta var niðurstaðan til þess að allir gætu verið sæmilega sáttir. Menn sögðu eiginlega að þeir væru sammála um að vera ósammála. Þetta var svona leiðin til þess, að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu.

Síðan var horfið frá þessari stefnu og það var gert áður en flokksþingið rann upp. Þegar maður fer að stúdera gögn sér maður að á miðstjórnarfundi 15. nóvember 2008 samþykkir miðstjórnin að flýta flokksþinginu. Það var m.a. vegna mikilla atburða í flokknum, þáverandi formaður hætti störfum og við tók varaformaður og menn vildu útkljá þessi formannsmál og ákváðu því að flýta flokksþinginu til að skera úr um þau og kjósa sér nýja forustu með gott umboð. Svo vildu menn líka taka á Evrópumálunum. Það var því samþykkt að flýta flokksþinginu. Hér kemur ályktunin, með leyfi forseta:

„Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins, haldinn 15. nóvember 2008, samþykkir að flokksþingi Framsóknarflokksins verði flýtt og það haldið í janúar 2009. Fyrir þing-

ið verður lögð tillaga þess efnis að gengið verði til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Afdráttarlaus afstaða stjórnmálaflokks til jafnmikilvægs álitaefnis verður að byggja á sem breiðustum grunni og það fæst einungis með umfjöllun, afgreiðslu og atkvæðagreiðslu hjá æðstu stofnun flokksins.“

Þarna er miðstjórnin sem sagt búin að segja að fyrir flokksþingið, sem verður í janúar, eigi að leggja fram tillögu um að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Það er síðan gert. Flokksþingið er haldið, kýs þar forustu og fer í umræðu um það hvernig halda eigi á þessum Evrópumálum.

Þá kemur að flokksþinginu sem var afar glæsilegt og vel lukkað. Sú tillaga sem lá til grundvallar fer í nefnd, kemur út, rætt er um hana í salnum og greidd atkvæði og tillagan fæðist. Ég er búin að skoða vídeóupptökur af fundinum, af því að það er oft þannig að maður gleymir ýmsu sem skeður á stórum og löngum þingum, og það var mjög fróðlegt. Þar verður sú atburðarás — það er ágætt að hafa þetta fyrir söguna, ég ætla að nota svolítið af ræðutíma mínum til að fara yfir forsöguna — að þegar kemur að þessum lið, þ.e. Evrópusambandssamþykktinni, er Elín Líndal þingforseti og það koma fram nokkrar tillögur. Fram kemur tillaga frá Austur-Húnvetningum — Sigfús Karlsson er einnig þingforseti þarna, það eru Elín Líndal og Sigfús Karlsson sem meira eða minna halda utan um þessa atkvæðagreiðslu — um að flokksþingið leggist eindregið gegn öllum hugmyndum um að Ísland gangi í ESB. Þessi tillaga er lögð fram af Austur-Húvetningum, nokkrum aðilum þar — ég man ekki nákvæmlega hvernig það var orðað, hvort þetta voru einhverjir einstaklingar eða félagið, en það var sagt í pontu að hún væri „frá Austur-Húnvetningum“.

Þessi tillaga er kolfelld. Önnur tillaga kemur líka fram frá Austur-Húnvetningum þar sem segir: „Einnig leggst flokksþingið gegn hugmyndum um aðildarviðræður.“ Þetta var túlkað af þingforsetum sem óbreytt stefna frá flokksþingi 2007, þannig að þau ákveða að markmiðskaflinn í drögum að ályktun sem lá fyrir flokksþinginu þarna, sem var búinn að fara í gegnum nefnd og allt það — að fyrst eigi að bera þann markmiðskafla upp og ef hann verði samþykktur sé hin ályktunin felld sjálfvirkt. Það er gert og markmiðskaflinn er borinn upp til atkvæða og samþykktur, þannig að það er þá fellt í leiðinni að flokksþingið leggist gegn hugmyndum um aðildarviðræður.

Markmiðskaflinn segir, virðulegur forseti, að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á grundvelli samningsumboðs frá Alþingi sem tryggi hagsmuni almennings og atvinnulífs og þá sérstaklega sjávarútvegs og landbúnaðar. Þá er fullveldi og óskorað forræði Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar grundvallarkrafa í þeim viðræðum. Viðræðuferlið á að vera opið og lýðræðislegt og leiði viðræðurnar til samnings skal íslenska þjóðin taka afstöðu til hans í þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar upplýstrar umræðu. — Þetta er sem sagt markmiðskaflinn sem þarna var samþykktur.

Síðan kemur næsti kafli í þessari ályktun um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Þá kemur fram breytingartillaga frá Gunnari Braga Sveinssyni, sem nú er hv. þingmaður. Hann leggur til að í stað fyrirsagnarinnar Leiðir, sem þá var, verði fyrirsögnin Skilyrði notuð í staðinn og svo koma nokkrir punktar um þau skilyrði. Það fer í atkvæðagreiðslu. Já segja 187, nei segja 156. Það eru því 187 framsóknarmenn sem segja já við því að hafa orðið „skilyrði“, þannig að orðið „leiðir“ fellur út og orðið „skilyrði“ stendur þar núna. Svo koma þarna nokkur skilyrði sem menn þekkja og hægt er að sjá í þingskjölum. Þannig var það.

Nokkrar umræður verða um alls konar orðalag sem ég ætla ekki að fara út í hér enda kemur það ekki beint við því máli sem við ræðum núna. Páll Magnússon leggur síðan fram tillögu um að náist ekki árangur í samningaviðræðum skuli slíta þeim og afsal auðlinda skuli ekki borið undir atkvæðagreiðslu í þjóðaratkvæði, þessi tillaga var dregin til baka.

Frá Eysteini Jónssyni komu tvær tillögur. Í fyrsta lagi: „Náist ekki þessi skilyrði — sem voru komin þarna fyrir ofan — verður samningurinn ekki lagður í dóm kjósenda.“ Þessi tillaga var líka dregin til baka. Eysteinn var með aðra tillögu, af því að fyrir neðan skilyrðin stendur — þetta eru lokin á ályktun framsóknarmanna, með leyfi forseta:

„Fyrstu skref. Þessi helstu samningsmarkmið sem og önnur sem skilgreind verða í samvinnu hagsmunaaðila og stjórnvalda með sem víðtækastri samstöðu verði lögð til grundvallar því umboði sem samninganefnd Íslendinga fari með í samningaviðræðum við Evrópusambandið.“

Þetta stóð í drögunum en Eysteinn Jónsson vildi taka þarna út orðið „samningsmarkmið“ og setja í staðinn „skilyrði“. Þá yrði þetta ekki: „Þessi helstu samningsmarkmið sem og önnur verði lögð til grundvallar o.s.frv.“ heldur „þessi helstu skilyrði sem og önnur o.s.frv“. Þetta fór í atkvæðagreiðslu og var ekki dregið til baka á þeim rökum að það þyrfti að vera samræmi, það stóð „skilyrði“ fyrir ofan og af hverju átti það ekki standa fyrir neðan líka og var alveg sjónarmið út af fyrir sig. Í fundargerðinni stendur: „Það var fellt með afgerandi hætti að breyta þessu orði „samningsmarkmið“ í orðið „skilyrði““. En þingforseti sagði: „Þetta er fellt, það er kristaltært“, svo að notuð séu hans orð.

Nú er spurning hvernig á að túlka þetta. Það stendur þarna: „Þessi helstu samningsmarkmið o.s.frv.“. Sumir hafa viljað skýra þetta, og ég veit að ég er komin ofan í mikla sagnfræði, sem svo: Ja, fyrst búið var að ná inn orðinu „skilyrði“ ofar skipti kannski engu máli hvað stæði þarna fyrir neðan. Það náðist að setja inn orðið „skilyrði“ og þá eru þetta ófrávíkjanleg skilyrði, það má ekki fara í viðræður nema það sé algjörlega klárt að svona verði þetta að vera.

Virðulegur forseti. Þetta er sem sagt niðurstaðan að framsóknarmenn samþykktu aðildarviðræður við Evrópusambandið. Þeir settu ákveðin skilyrði en þeir sögðu að fyrstu skrefin ættu að vera að þessi helstu samningsmarkmið sem og önnur eigi að vera skilgreind með hagsmunaaðilum og menn eigi að ná sem víðtækastri samstöðu og þetta eigi að vera grundvöllurinn að því umboði sem samninganefnd Íslendinga eigi að fara með.

Það er fyrir mér algjörlega ljóst að ályktun framsóknarmanna er í samræmi við álit meiri hluta utanríkismálanefndar en um þetta eru skiptar skoðanir í mínum flokki. Einhverjir hv. þingmenn, og ég ber fulla virðingu fyrir þeirra sjónarmiðum, telja að ekki sé gengið nógu langt í

áliti meiri hlutans, það sé gengið of stutt. Það sé vegna þess að þeir túlki það sem svo, og þeir eiga eftir að skilgreina það og það hefur verið gert hér af formanni okkar líka, að skilyrðunum sé ekki mætt. En ég hef alla vega fært rök fyrir því að ég tel að svo sé, að búið sé að skilgreina samningsmarkmiðin. Menn geta kallað það skilyrði ef þeir vilja eða ekki, það er svolítil hártogun hvernig ber að skilja það orð að mínu mati. En það er algjörlega ljóst að samningsmarkmiðin eru skilgreind og reyndar fleiri en við settum fram, við framsóknarmenn, af eðlilegum ástæðum, og það er ekkert hægt að hlaupa neitt frá því samningsumboði sem þingið gefur, ef þetta verður samþykkt hér, tillaga meiri hluta, nema þingið ræði það fyrst og þá verður einhver röksemdafærsla í kringum það, hvort menn eigi að hlaupa frá samningsumboðinu og af hverju eða ekki.

Ég vil líka, virðulegur forseti, draga hér inn í umræðuna að framsóknarmenn og sú er hér stendur hafa auðvitað fylgst með því að mörg mikilvæg hagsmunasamtök á Íslandi, sem skipta miklu máli, vilja skoða aðildarviðræður. Ekki er langt síðan yfirlýsing birtist í *Morgunblaðið* frá formönnum nokkurra slíkra samtaka. Í þeirri yfirlýsingu segir, með leyfi forseta:

„Stærsta hagsmunamál atvinnulífsins, launþega og atvinnurekenda er að tryggja starfsskilyrði sem gera íslenskum fyrirtækjum mögulegt að vaxa og dafna og skapa þannig atvinnu og hagsæld. Hér fara saman hagsmunir þeirra sem reka fyrirtæki og þeirra sem reka heimili og þurfa að sjá sér og sínum farborða. Nægir að nefna stöðugan gjaldmiðil, sanngjarna vexti, skaplegt matvælaverð og síðast en ekki síst gagnkvæmt traust sem er forsenda farsælla samskipta og viðskipta við umheiminn.“

Í þessari yfirlýsingu segir líka, með leyfi forseta:

„Þess vegna viljum við að þegar verði sótt um aðild að ESB og gengið frá aðildarsamningi þar sem heildarhagsmunir þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi.“

Síðar segir, virðulegi forseti:

„Ekki verður unað við að beðið verði lengur með að taka af skarið — biðin og frestun á því að taka á málinu er orðin lengri en góðu hófi gegnir. Tíminn skiptir höfuðmáli.“

Virðulegur forseti. Þeir sem skrifa undir þessa yfirlýsingu eru:

„Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs Íslands, Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, Kristinn Örn Jóhannesson, formaður VR, Kristján G. Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands, Margrét Guðmundsdóttir, formaður Félags íslenskra stórkaupmanna, Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu.“

Hér eru forustumenn mjög mikilvægra hagsmunasamtaka með ákall um það að farið verði í aðildarviðræður og menn gangi þannig frá því að það komi aðildarsamningur sem menn geta svo tekið afstöðu til í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta finnst mér skipta mjög miklu máli. Mér finnst skipta miklu máli að stjórnmálaflokkarnir og þingmenn festist ekki svo mikið ofan í sínum skotgröfum að þeir hlusti ekki á þegar svona mikil þungavigtarsamtök koma með slíkt ákall. Það á alla vega að hafa áhrif og það hefur haft áhrif á framsóknarmenn þegar þeir hafa verið að vinna með þessi mál í okkar flokki, og við höfum verið í góðu samráði við marga af þeim aðilum sem ég taldi hér upp til þess að reyna að finna út úr því hvað best væri að gera varðandi Evrópusambandið.

Það eru líka mikilvægir hagsmunaaðilar sem eru andsnúnir þessu. Ég vil nefna hér LÍÚ og Bændasamtökin og svo hef ég aldrei alveg áttað mig á því hvað BSRB vill. En það eru líka mikilvæg hagsmunasamtök sem vilja ekki fara í aðildarviðræður og vara mikið við því. En alla vega er mjög mikill þungi á bak við það að við förum í aðildarviðræður, það er alveg óumdeilt, virðulegur forseti.

Það hefur líka verið rætt um það hvort aðildarumsókn tengist Icesave-málunum og bankahruninu og það sé eitthvað að ýta okkur inn í Evrópusambandið og þetta sé allt meira og minna einhver einn pakki. Ég er ekki á þeirri skoðun, virðulegur forseti. Ég er eiginlega nokkuð viss um það, þó að ég auðvitað geti aldrei sannað það, að við værum að ræða hugsanlega umsókn að Evrópusambandinu, að fara í aðildarviðræður, þó að við hefðum ekki lent í bankahruninu. Ég held að það sé alveg ljóst. Þunginn hefur verið í þá áttina. Stuðningur við að þessi mál séu skoðuð hefur farið vaxandi. Ég vara því við því að menn tengi þetta of mikið saman. Auðvitað er kannski eðlilegt að menn geri það þegar menn eru svona uppteknir af jafnerfiðum málum og Icesave. En ég set ekki samasemmerki á milli þessara mála og tel að ekki eigi að skapa einhverja óþarfa tortryggni um þessi mál með því að blanda þessum málum of mikið saman. Það er bara ekki þannig. Við hefðum verið að ræða aðildarumsókn óháð því hvort við hefðum lent í þessu bankahruni eða ekki.

Virðulegur forseti. Hér áðan var rætt svolítið um nýyrði, orðin „leiðtogi“ og „lýðtogi“. Leiðtogi er sá sem leiðir þjóðina áfram eða leiðir hóp manna, en lýðtogi er sá sem þorir ekkert að segja hvað hann vill, hann vill bara að málið fari í þjóðaratkvæðagreiðslu og svo ætlar hann bara að gera það sem þjóðin sagði honum, þannig að lýðurinn á að toga hann. Ég held að þetta mál hljóti að vera þannig vaxið að menn sýni ákveðinn leiðtogaskap með því að ákveða að fara í aðildarviðræður. Lýðurinn er ekkert að toga beint í því — jú, jú, skoðanakannanir segja eitthvað, en ég meina, þingmenn verða að gera það upp við sig hvort þeir vilji fara í aðildarviðræður eða ekki. Síðan þegar komin er niðurstaða í viðræðurnar, það er kominn einhver pakki, þá er spurning hver er leiðtogi og hver er lýðtogi. Einhverjir munu þá gefa upp afstöðu sína og segja: „Heyrðu, þessi pakki er góður, ég ætla bara að samþykkja hann.“ Eða: „Þessi pakki er vondur, bara kæra þjóð, ekki samþykkja hann.“ Þá geta komið fram leiðtogar, þingmenn og aðrir í samfélaginu. En það getur vel verið að einhverjir kjósi að gefa ekki upp afstöðu sína og verði lýðtogar og segi bara: „Ja, þjóðin verður bara að ráða þessu. Við munum bara virða það. Ég vil ekkert segja mína afstöðu, já eða nei, til þessa pakka af því að mér finnst að þjóðin eigi bara að ákveða sig sjálf.“ Það er þá sem kemur í ljós hver er lýðtogi og hver er leiðtogi að mínu mati.

Eins og málið er vaxið núna finnst mér það vera svona

— af því að það var hv. þm. Pétur H. Blöndal sem sagði þetta hérna áðan, að það að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, er það ekki svolítið merki um lýðtog, að geta ekki gert upp við sig núna? Alla vega er ég algjörlega reiðubúin til þess að gera það upp við mig núna, án þess að fá einhverja leiðbeiningu um það í þjóðaratkvæðagreiðslunni, hvort við getum farið í aðildarviðræður eða ekki. Ég er tilbúin til þess að segja já við því.

Ég tel mikilvægt að við fáum botn í þetta mál. Við höfum rætt það í mörg ár í samfélaginu, okkur hefur greint mikið á um það hvað okkur býðst og hvað ekki og að mínu mati er farsælast fyrir okkur að fá botn í það. Ég hef sannfæringu fyrir því að rétti tíminn til þess að gera það sé núna og tel að við eigum að gera það hið fyrsta, málið sé algjörlega nógu þroskað til þess þannig að við getum farið í atkvæðagreiðslu. Sú er hér stendur mun samþykkja, eins og hér hefur komið fram áður, að fara í aðildarviðræður á grundvelli þessara skilyrða og meginsjónarmiða sem eru í áliti meiri hlutans og síðan verðum við að sjá hvað kemur út úr því. Þar er ákveðinn pakki á ferðinni eins og nefndarálitið er sett upp, það er ákveðinn pakki. Við förum í þessar viðræður á þessum grunni, það er allt innifalið sem þar stendur, hvorki meira né minna, og þar er líka aðferðafræði sem ég get fellt mig við, mjög mikið samráð við þingið, miklu meira en við höfum nokkurn tíma séð, og umboðið vel skilgreint, mikið samráð við hagsmunaaðila. Þjóðin getur síðan fengið að segja álit sitt í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu og algjörlega ljóst að hún er pólitískt bindandi þó að menn hafi verið að reyna að færa einhver rök fyrir öðru. Það er bara ekki þannig að ef við förum í þjóðaratkvæðagreiðslu, með þeim lúðrablæstri sem fylgir slíku, þá er það pólitískt útilokað að menn fari að gera eitthvað allt annað eftir næstu alþingiskosningar þó að einhverjir þingmenn hafi lofað þjóðinni að þeir muni gera hitt eða gera þetta. Það bara getur ekki verið að það sé hægt að færa einhver sterk rök fyrir því að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um svona stórt mál sé eitthvert plat, það getur bara alls ekki verið.

Virðulegur forseti. Ég er hér að ljúka máli mínu. Ég er tilbúin til að taka þessa afstöðu, fara í aðildarviðræður á grundvelli þessara meginhagsmuna. Ég veit að skoðanir eru mjög skiptar innan stjórnmálaflokkanna og líka í mínum flokki, margir þar sem vilja ekki undir nokkrum kringumstæðum fara í aðildarviðræður. Ég virði þau sjónarmið, ég er ekki sammála þeim, en tel komið að því að stíga þetta skref. Ég tel að það sé algjörlega í anda stefnu framsóknarmanna eins og hún hefur verið sett fram og ég hef fært rök fyrir í máli mínu.

[17:18]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég segi ekki sannara orð en að þetta hafi verið ein af málefnalegri og betri ræðum sem hafa verið fluttar við síðari umr. um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Margt fróðlegt og athyglisvert kom fram í máli þingmannsins sem rakti þetta alveg prýðilega. Frá því að við hv. þingmaður fórum að ræða þessi mál af og til í þinginu fyrir nokkuð mörgum árum síðan hefur gerst það sem hv. þingmaður kom nokkuð vel inn á, að býsna breið samstaða hefur skapast um málið úti í samfélaginu. Eins og menn sjá í þinginu er hún þvert á flokka og eftir á að koma í ljós hversu myndarlegur meiri hluti verður fyrir málinu en úti í samfélaginu virðist hafa skapast alveg prýðileg samstaða um að sækja um aðild og bera síðan með samninginn undir þjóðaratkvæði — sem er afskaplega skynsamleg leið.

Ég var mjög hrifinn af því hvernig Framsóknarflokkurinn lagði þetta upp á febrúarþingi sínu og dáðist nokkuð að því hvernig flokkurinn leiddi þetta til lykta, ekki síst þeim samningsmarkmiðum sem flokkurinn skilgreindi og utanríkismálanefnd tók mjög upp í sínu áliti, og fjallaði ítarlega um mörg af meginatriðunum. Ég get tekið undir að stuðningur minn við aðildarsamning, þegar hann kemur, er t.d. skilyrtur við að, eins og segir í ályktun Framsóknarflokksins: „Framleiðsla og úrvinnsla íslenskra búfjárstofna verði tryggð ásamt sérstöðu og hreinleika íslenskra búfjárstofna.“ Við verðum náttúrlega að ná því fram að Íslendingar einir hafi veiðirétt innan fiskveiðilögsögunnar, að staða landbúnaðarins og byggðanna sé ekki bara tryggð og varin heldur bætt og styrkt og svo mætti telja ýmislegt annað upp. Ég vil spyrja þingmanninn hvort hún telji ekki að samstaðan sé svo augljós, bæði hvað varðar skoðanakannanir og í yfirlýsingum eins og hún las upp áðan, að það þurfi enginn að efast um að meðal þjóðarinnar sé ríkur vilji til að sækja um.

[17:20]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er gaman þegar hv. þingmenn nota andsvarsformið í þeim tilgangi að fá betri upplýsingar. Sumir halda að andsvarsformið þurfi alltaf að vera í einhverjum stríðshasar en það er alls ekki svo. Menn eiga einmitt að nota það stundum á þennan hátt.

Það er mitt mat að meiri hluti sé fyrir því í þinginu að fara í aðildarviðræður. Það hafa alla vega tveir stjórnmálaflokkar afdráttarlaust sagt: Við viljum fara í aðildarviðræður. Það er Samfylkingin og framsóknarmenn. Við erum svo með þessi grundvallarsjónarmið og skilyrði í farteskinu. Kannski ekki alveg eins útfært hjá Samfylkingunni og hjá okkur. Framsóknarflokkurinn hefur lagt mjög mikla vinnu í undirbúning í þessum málum. Mikil skýrslugerð hefur farið fram á vettvangi flokksins um árabil og hann er kannski sá flokkur sem er best búinn undir að fara út í þessa umræðu.

Eins og ég tilgreindi í ræðu minni telja mjög stór hagsmunasamtök, forustumenn þeirra, að við eigum að fara í aðildarviðræður hið allra fyrsta þannig að ég held að það sé þokkaleg sátt um að fara í aðildarviðræður. Auðvitað geta skoðanakannanir sveiflast dálítið til og frá en það skiptir líka máli. Fólk hefur áhrif á aðra með skoðanakönnunum. Ég get nefnt sem dæmi að hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði í grein í *Fréttablaðinu* að hann teldi að til greina kæmi að fara í aðildarviðræður þrátt fyrir að hugsanlega mundi Sjálfstæðisflokkurinn segja að hagsmunum okkar væri betur borgið utan ESB. Þannig að ég held að það geti skapast alveg þokkalega góð samstaða um að fara í aðildarviðræðurnar.

En svo er stóra stundin þegar samningur er kominn og þá veit maður ekki lengur um samstöðuna. Þá er hann bara felldur eða samþykktur.

[17:22]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek undir að við aðstæðurnar sem uppi eru núna skiptir mestu máli samstaða í þjóðfélaginu um að sækja um aðild. Við sjáum síðan hvað kemur út úr samningnum. Til marks um samstöðuna sem skapaðist á síðustu 12–14 mánuðum um að sækja um aðild eru einmitt tilgreind greinaskrif þeirra félaga, hv. þm. Bjarna Benediktssonar og Illuga Gunnarssonar, um að óháð afstöðu einstakra flokksþinga bæri að sækja um aðild og fara í kjölfarið með málið í þjóðaratkvæðagreiðslu til að ná því upp úr hjólförum flokkanna, sem hafa haldið þessu máli í gíslingu í á annan áratug. Má deila um hvort það hafi verið mistök að sækja ekki um aðild á sínum tíma heldur gera samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég held að það hafi verið mistök en svoleiðis er sagan. Flokkarnir og þingið hafa haldið þessu máli í gíslingu síðan. Það er löngu tímabært að fara þessa leið.

Mál sem hefur stundum verið dregið til stuðnings því að sækja ekki um aðild er staða landbúnaðar og byggða. Ég held, eins og segir í álitinu, að það séu mikil sóknarfæri fyrir byggðirnar. Ýmislegt verður að varast. Það verða örugglega ágjafir á einhverjar greinar. Það kemur fram hvernig okkur tekst að verja þær en með því að fá skilgreiningu á íslenskum landbúnaði öllum sem norðurskautslandbúnaði gefst okkur færi á að styrkja áfram, t.d. framleiðslutengja, þær greinar sem við styrkjum nú. Hafa sérstakan stuðning við greinarnar eins og Finnar fengu fram. Finnska fordæmið var gífurlega mikilvægt í þessa veru eins og rakið er í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar.

Ég vildi varpa því fram við hv. þingmann hvort hann teldi að það væru öll efni til þess að þetta viðkvæma mál, sem snertir marga framsóknarmenn og marga Íslendinga aðra — hvort möguleg aðild mundi rústa íslenskan landbúnað. Hvort það stæðu ekki öll efni til þess að við gætum náð viðunandi, jafnvel býsna góðum, samningi hvað varðar byggðir og landbúnað.

[17:24]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að það séu miklar líkur á því að niðurstaða í samningaviðræðum verði til þess að rústa landbúnaðinn. Hver hefur hagsmuni af því? Ég sé það ekki. Framsóknarmenn fóru í gegnum þetta og við bendum á að skilgreina eigi landbúnað sem heimskautalandbúnað, eins og gert var á svæðum í Finnlandi. Undir það er tekið í nefndaráliti meiri hlutans. Alveg er ljóst að rök eru fyrir því að styrkja landbúnaðinn á Íslandi, það er kalt hérna, allt grær miklu minna og seinna. Það er líka mikilvægt að hér sé fæðuöryggi, það sást mjög vel þegar bankarnir hrundu að upp geta komið aðstæður þar sem við getum ekki treyst algerlega á innflutning. Ég hef þá trú að samningaviðræður geti skilað ásættanlegri, góðri niðurstöðu fyrir landbúnað — jafnvel betri en það. Það er voðalega erfitt að segja til um það en eins og málum er háttað þarf að styrkja íslenskan landbúnað. Tollarnir mundu falla niður þannig að hann yrði að styrkja með öðrum hætti.

Hins vegar, af því að við tölum mikið um samstöðu, það sem er veikt í þessu máli eru miklar deilur um málið innan ríkisstjórnarflokkanna. Talsvert sterkara hefði verið að geta farið til aðildarviðræðna með samstæða ríkisstjórn. Það er veikleiki að hún er ósamstæð en hinn pólitíski veruleiki sem við búum við núna er að hjá Vinstri grænum eru þingmenn sem eru mjög andsnúnir þessu og hafa sagt í ræðustól að þeir muni ekkert gera til að liðka fyrir aðildarviðræðum. Þetta er hinn pólitíski veruleiki en þetta er veikleikamerki.

[17:26]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að trufla þessar trúarjátningar Evrópusinnanna sem hér hafa heyrst undanfarið, 3–4 ræður, og spyrja hv. þingmann. Hann var eitthvað óhress yfir flokksþingi framsóknarmanna og var að lýsa því í hörgul. Ég hlustaði ekki mikið á það en hann sagði að við hefðum ekki lent í bankahruninu ef við hefðum verið í Evrópusambandinu. Hvað í ósköpunum (**SF:** Hvað segirðu?) —nú, þá þarf ég að fara í gegnum ræðuna betur, ég skildi það svo.

Hins vegar sagði hann að Icesave kæmi Evrópusambandinu ekkert við og umsjónin þar að. Kannast hv. þingmaður ekkert við að við fengum ekki fyrirgreiðslu í haust frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nema með töfum, að flestir töldu vegna Icesave-deilunnar, og líka að Evrópusambandið hafi rætt við fjármálaráðherra okkar um lausn á Icesave-deilunni? Þannig að Evrópusambandið sjálft stóð með Hollendingum og Bretum gegn Íslendingum í þessari deilu.

Svo vil ég spyrja hv. þingmann, þar sem hann vill fara yfir í styrkjafræði og að landbúnaðurinn njóti styrkjakerfis út af einhverjum vesaldómi, sem heimskautalandbúnaður, hvort hann sjái ekki ef hann lítur til lengri tíma, svona 60 ára — Evrópusambandið er mjög ungt, evran er ekki nema 7–8 ára — hvort hann sjái ekki ef hann lítur á söguna frá 1918 að íslenskt efnahagslíf hefur stórbatnað. Íslendingar hafa breyst úr því að vera fátækasta þjóð í Evrópu í að vera ein sú ríkasta, jafnvel eftir hrun. Hvort hann sjái einhverja ástæðu til að ganga í þetta samband yfirleitt og hver sú ástæða sé. Ég hef ekki heyrt enn þá hver hún er og hvort hann muni sætta sig við það að fá tímabundnar undanþágur eða geri kröfu um varanlegar undanþágur fyrir sjávarútveginn.

[17:29]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er rétt að ég kalla mig Evrópusinna en þar með segi ég ekki að við eigum að ganga inn í Evrópusambandið, það hef ég aldrei sagt. Ég hef alltaf sagt að við eigum að fara í viðræður og sjá hvað býðst, þar tökum við svo afstöðu. Það getur vel verið að þegar samningurinn liggur á borðinu segi ég að við eigum ekki að ganga þarna inn. Það fer eftir því hvað kemur út úr samningunum. Ég er alls ekki tilbúin til að kveða upp úr um það á þessari stundu. Ég kveð upp úr um það að fara í aðildarviðræðurnar á grundvelli ákveðinna sjónarmiða en síðan tökum við afstöðu þegar pakkinn er kominn á borðið, eins og það heitir.

Ég er alls ekki ósátt við flokksþing Framsóknarflokksins. Mér finnst það stórglæsilegt og frábært flokksþing. Ég var að rekja hvernig ályktun okkar varð til, fór í gegnum sögulegar staðreyndir. Það er ekki rétt, sem hv. þingmaður hélt, að ég hafi sagt að við hefðum ekki lent í bankahruninu

ef við hefðum verið í ESB. Ég sagði það alls ekki, ég veit ekkert um það. Ég sagði að það væru sterkar líkur á — og það er mitt mat, ég get ekki sannað það — að þó að við hefðum ekki lent í bankahruninu, hér hefði ekkert skeð, værum við samt að ræða um hugsanlega aðildarumsókn að ESB. Þetta er mál sem hefur verið í pólitískri umræðu í mörg ár. Af hverju hefur Framsóknarflokkurinn ályktað um það? Við ályktuðum að fara í aðildarumræður. Það var reyndar eftir bankahrunið en ég tel að við hefðum rætt um aðildarumsókn óháð því hvort við lentum í þessu bankahruni eða ekki. Menn mega ekki tengja þetta saman.

Ég kannast mjög vel við að IMF, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, tafði að láta okkur hafa lán vegna andstöðu ESB-ríkja og Noregs. Noregur var líka með í þeim pakka að einhverju leyti. Ég ætla ekki að lýsa því nákvæmlega en Evrópusambandið var ekkert að liðka til í þeim málum, alls ekki.

[17:31]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður svaraði ekki spurningunni um hvort hann teldi að undanþágur sem við fengjum, aðallega gagnvart sjávarútveginum, því það hafa menn horft mest á — líka í hans flokki — og landbúnaði, yrðu að vera varanlegar að hans mati. Hvort hann mundi aldrei samþykkja aðild að Evrópusambandinu ef undanþágurnar yrðu tímabundnar, segjum til 20 ára, 30 ára, 100 ára.

Síðan vildi ég spyrja hann nánar út í það, ef öllum skilyrðum sem hann og Framsóknarflokkurinn gera kröfu til, ef nammipokinn væri þannig að allt væri uppfyllt, mundi hann þá ganga í Evrópusambandið? Mundi hann vilja sjá Ísland sem hluta af Evrópusambandinu? Ef hann hugsar svo sem eins og, ég veit ekki hvað ég á að voga mér að fara langt fram í tímann með hv. þingmann en segjum svona 30–50 ár, hvernig sér hann þá fyrir sér Evrópusambandið? Eftir þá gífurlega hröðu þróun sem þar hefur átt sér stað síðustu 15–20 árin, evruna, Lissabon-samkomulagið, — þar er mikil þróun sem hefur átt sér stað, hvernig sér hann fyrir sér Ísland sem lítinn hrepp í risastóru ríki, sem Evrópusambandið er þá mjög líklega orðið, eins og Bandaríki Evrópu? Hvernig sér hann fyrir sér áhrif Íslands í Brussel og áhuga og þekkingu Brussel-búa á högum Íslendinga, hvort það verði ekki svipað eins og kansellíið í Kaupmannahöfn á sínum tíma?

[17:33]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ef öllum skilyrðum og meginmarkmiðum sem við höfum sett fram yrði fullnægt finnst mér mjög líklegt að ég mundi mæla með því að við gengum inn í Evrópusambandið, (**PHB:** Mjög líklegt? Hvar er sannfæringin?) já, mér finnst það mjög líklegt. Ég vil ekki kveða sterkar upp úr með það en mér finnst mjög líklegt að ég mundi gera það ef skilyrði okkar kæmust öll í gegn. Það er vegna þess að ég hef ákveðna sannfæringu fyrir því að við eigum heima í samstarfi Evrópuþjóða og að allt annað inntak sé komið í hugtökin samvinna, sjálfstæði og lýðræði en var á fyrri tíð. Mikil hnattvæðing á sér stað og ef okkar skilyrðum verður fullnægt eru líkur á að okkur reiði betur af í slíku samstarfi en ekki. Meiri líkur á að hingað mundi fólk vilja koma, fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum og taka þátt í að byggja upp með okkur. Mér fyndist það miklu líklegra heldur en ef við værum utan við. En þá er það þessi fyrirvari, skilyrðin okkar þurfa að koma samningsmarkmiði í höfn.

Ég vil ekki gefa eftir sjávarútvegsauðlindina. Ég vil benda á að í álitinu, sem er samningsumboðið, segir að meiri hlutinn telji: „að raunhæf leið til að tryggja forræði íslenskra stjórnvalda með framangreindum hætti innan íslenskrar efnahagslögsögu sé að lögsagan verði t.d. skilgreind sem sérstakt íslenskt fiskveiðistjórnarsvæði. Þannig verði réttindi ekki til staðar fyrir erlend fiskveiðiskip til veiða innan íslenskrar efnahagslögsögu úr staðbundnum íslenskum stofnum.“ Þetta er reyndar hugmynd sem Halldór Ásgrímsson, þáverandi formaður Framsóknarflokksins, kom með. Það eru nokkur ár síðan og merkilegt að upplifa að nú er þetta búið að skila sér inn í nefndarálit frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

[17:35]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það er magnað sitja hér og hlusta á fulltrúa Samfylkingarinnar fara ítrekað í ræðustól og lýsa því hvað mikill vilji sé meðal þjóðarinnar og alþingismanna til að sækja um aðild að Evrópusambandinu, á sama tíma og þessi ríki vilji endurspeglast í að milli 70 og 80% þjóðarinnar vilja kjósa um það. Komast að ákvörðun eftir ítarlega umræðu um hvort fara eigi í samningaviðræður við Evrópusambandið. Innan þingsins endurspeglast þessi umræða í hótun um stjórnarslit þegar menn innan stjórnarflokkanna voga sér að hafa einhverja aðra skoðun en hæstv. forusta. Þetta eru svo sem kunnugleg vinnubrögð frá hv. þingmönnum Samfylkingar og endurspeglast í ummælum hæstv. forsætisráðherra fyrir helgina þegar hún sagði að það væri Samfylkingin sem vildi ganga frá þessu máli strax. Samfylkingin ræður hér greinilega. Það var hnípinn formaður Vinstri grænna sem sat undir fordæmalausri yfirlýsingu hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar fyrir helgina. Formaður beygður af beygjuvél Samfylkingarinnar og alveg ótrúlegt að vinnubrögð hans, og þeirra sem hafa talað mest um gagnsæi og heiðarleika og að þingmenn verði trúir sinni sannfæringu, skuli koma fram með þessum hætti.

Hver er trúverðugleiki Vinstri grænna gagnvart kjósendum sínum? Hver er trúverðugleikinn gagnvart stefnu og kosningaloforðum? Ef rifjaðar eru upp allar fullyrðingar og yfirlýsingagleði formannsins, sem er talinn vera einna mestur ræðuskörungur á hinu háa Alþingi, hvað stendur þá eftir? Hvað stendur eftir í öllum ummælum hans um Evrópumál? Hvað stendur eftir af öllum ummælum hans um Icesave? Hvað stendur eftir af ummælum hans um sparisjóðamálið?

Hann sagði fyrir helgina að hann gæti auðveldlega horft í augun á kjósendum sínum. Getur hann það, þegar hann sem fyrir kosningar gaf hástemmd loforð um breytingar í sjávarútvegsmálum boðar svo fyrningarleið sem ætlar ekki að ganga upp og Vinstri grænir eru farnir að draga í land í ummælunum öllum um landbúnaðarmálin, matvælaframvarpið, ESB? Það er í sjálfu sér eðlilegt að skipta um skoð-

un, jafnvel í grundvallaratriðum, í stórum málum. En að skipta um heila kosningastefnu á tveimur mánuðum frá kosningum er alveg með ólíkindum og á örugglega ekkert fordæmi.

Það má sama segja um hv. þingmenn Borgarahreyfingarinnar. Slagorðin eru kunnugleg: þjóðin á þing, opna glugga að Austurvelli. Þau eru fallin á prófum. Nú er þjóðin ekki lengur nægilega góður ráðgjafi þrátt fyrir að vel unnar skoðanakannanir sýni að að mikill meiri hluti þjóðarinnar vill tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu um þessi mál. Vera má að Borgarahreyfingin hafi náð einhverjum skyndiprófum í aðdraganda kosninga og hér á fyrstu dögum þingsins en hún er fallin á sínu fyrsta alvöruprófi.

Forgangsröðun vinstri flokkanna í þessari samsteypustjórn þeirra er ótrúleg. Liggur lífið á í þessu máli? Er aðild líkleg til að breyta einhverju stórkostlegu í íslensku samfélagi? Samfylkingin trúir því og hefur ítrekað bent á að svo verði. Hún segir m.a., með leyfi forseta, í stjórnmálaályktun sinni: „Umsókn um aðild að ESB og undirbúningur að upptöku evru mun styrkja efnahag heimilanna og fyrirtækja í landinu þar sem gengi krónunnar er líklegt til að styrkjast og vextir að lækka vegna bættra lánskjara landsins erlendis. Staða heimilanna mun batna verulega með Evrópusambandsaðild þar sem matvælaverð, vaxtagjöld og almennar neysluvörur munu lækka auk þess sem verðtrygging leggst af með upptöku nýs gjaldmiðils. Full þátttaka í samstarfi Evrópuríkja mun auk þess tryggja áframhaldandi ferðafrelsi, aðgang að menntastofnunum og vísindasamstarfi og aðgengi að stærsta vinnumarkaði og markaðssvæði heims. Aðild að Evrópusambandinu er lýðræðismál sem mun bæta réttarstöðu launafólks og minnihlutahópa og styrkja öryggi þjóðarinnar.“

Já, hvað af þessu er nýtt og er líklegt að þetta með gengið og bætt lánskjör gangi eftir við það eitt að sækja um aðild að Evrópusambandinu? Hvað höfum við ekki í dag? Við höfum tækifæri til að lækka matvælaverð ef við kjósum svo og við höfum allt hitt, ferðafrelsið, aðgang að menntastofnunum og vísindasamstarfi. Hvað felst í því þegar sagt er „undirbúningur að upptöku evru“? Hvað er undirbúningur að upptöku evru? Hver eru Maastricht-skilyrðin? Halli á ríkissjóði má ekki vera meiri en 3% af landsframleiðslu og heildarskuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en 60% af landsframleiðslu. Verðbólga má ekki vera meira en 1,5% hærri en meðaltal verðbólgu í þremur löndum ESB þar sem hún er lægst og langtímavextir mega ekki vera meira en 2% hærri en í þeim löndum þar sem verðlag er stöðugast. Eigum við eitthvað að ræða þetta, virðulegi forseti? Þarf eitthvað að ræða þetta? Þetta eru atriði sem verða ekki uppfyllt hér á næstu árum og hvað liggur þá svona á, nema til að uppfylla draumóraóskir Samfylkingarinnar? Svíagulrótin er nefnd í því samhengi, að Svíar séu að taka við formennsku. Í mínum huga er það að snúast upp í Svíagrýlu sem við Íslendingar þekkjum kannski enn betur í gegnum tíðina. En þeir tóku við formennsku 1. júlí og að mati ýmissa gesta, eins og segir í greinargerð hv. utanríkismálanefndar, skiptir það máli fyrir Ísland að aðildarumsókn sé lögð inn í formennskutíð Svía, hinn 27. júlí verður næsti fundur sem væri gott að drífa þessa umsókn inn fyrir.

Aðrir sem komu fyrir nefndina voru þessu ekki sammála þannig að um þetta eru deildar meiningar. Er það virkilega þannig að Evrópusambandið sé einhver klíkustarfsemi að þessu leyti, að það skipti öllu máli hvaða þjóð fer með forræði eða formennsku í Evrópusambandinu eða í ráðherraráðinu þannig að það sé úrslitaatriði fyrir þessa þjóð hvenær hún leggur fram umsókn sína? Ég gef þá ekki mikið fyrir slíkan félagsskap. Það hefur verið talað mikið um kostnaðinn við að fara í þessar viðræður, að kostnaðurinn geti verið jafnvel á annan milljarð. Hæstv. utanríkisráðherra kemur sama tíma og segir nei, nei, nei, þetta verður miklu minna. Hann hafði skroppið til Möltu um daginn og rætt við Maltverja um Evrópusambandsmálið, væntanlega í umboði ríkisstjórnarinnar (**VigH:** Fjármálaráðherra vissi ekki af því.) og á sama tíma kemur það fram í málflutningi hans að Maltverjar hefðu talað um að við gætum fengið einhverja styrki. Við ættum að byrja svona samningaviðræður á að fá styrk frá Evrópusambandinu til að geta staðið í samningaviðræðum um málið. Hver er lágkúran í þessari ríkisstjórn? Hvernig væri að klára þetta atriði áður en farið er lengra, hvað þessi pakki kostar? Þetta eru, virðulegi forseti, upphæðir sem skipta miklu máli, sérstaklega nú á tímum. Draga mun verulega úr allri getu stofnana og ráðuneyta vegna samdráttar á næstu mánuðum og jafnvel árum. Er þessi ríkisstjórn búin að gleyma sínum upphaflegu markmiðum um skjaldborgina um heimilin og eflingu atvinnutækifæra? Hvar eru stóru orðin sem hún var kosin út á? Hver er reyndin? Skatta- og gjaldahækkanir, niðurskurður hjá þeim sem minnst mega sín í samfélaginu, öryrkjum og öldruðum. Það eru fyrstu skrefin hjá jafnaðarmannastjórninni, vinstri stjórninni. Boðun auðlindaskatta til að fæla nú örugglega frá alla þá sem hafa áhuga á að koma til Íslands með eflingu atvinnulífs í huga. Eftirgjöf á viðurkenningunni sem við hlutum í Kyoto-viðræðunum, gefa eftir ákvæðið sem við Íslendingar fengum, viðurkenninguna á því að stunda hér umhverfisvæna stóriðjuframleiðslu. Óraunhæfar leiðir í sjávarútvegsmálum. Geggjaðar kjarahugmyndir, virðulegi forseti, geggjaðar kjarahugmyndir gagnvart opinberum starfsmönnum sem munu hafa í för með sér atgervisflótta, besta fólkið okkar mun fara úr landi. Við getum ekki keppt ef þessi stefna nær fram að ganga.

Hvaðan fer fólkið fyrst? Jú, úr heilbrigðisþjónustunni, úr heilbrigðisgeiranum þaðan sem við viljum alls ekki missa það. Dæmin eru farin að sýna sig. Í fréttum hér fyrir helgina kom fram, virðulegi forseti, að ekki er sótt um sérfræðistöður sem hingað til hafa verið eftirsóttar af íslenskum sérfræðingum sem eru að koma úr námi erlendis. Launastefna þessarar vinstri stjórnar, jafnaðarmannastjórnar, er farin að segja til sín í lakara heilbrigðiskerfi.

Við verðum að vera samkeppnishæf. Við höfum grátlegt dæmi, efnahagshrunið og afleiðingar þess. Við vitum að Fjármálaeftirlitið var vanmannað af því að það gat ekki keppt við bankastofnanirnar. Það var uppeldisstöð fyrir bankana, þeir hirtu fólkið þaðan þegar það var komið með smáreynslu, af því að Fjármálaeftirlitið gat ekki keppt við þá í launum. Kannski er það grunnurinn að því sem varð. Ætlum við að láta það sama henda í öðrum opinberum rekstri?

ESB á að bjarga öllu og svört skóför Samfylkingarinnar liggja þvert yfir andlit Vinstri grænna. Svo mikið liggur við

að halda stólunum að í þessari tímamótavinstristjórn skal allt gefið eftir. Það er alveg ótrúlegt sem við verðum vitni að. Maður hefði eiginlega ekki trúað því upp á Vinstri græna að þeir gæfu svo auðveldlega eftir í grundvallaratriðum. Væri ekki nær að standa nú við prinsippin, dusta rykið af því sem sagt hefur verið og halda sig við kosningaloforðin?

Í kafla um skipulag viðræðna segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur einnig mikilvægt að aðkoma hagsmunaaðila að málinu og upplýsingamiðlun sé skýr og skilvirk á öllum stigum. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að ferlið sem sett verður upp í tengslum við aðildarviðræður verði eins gagnsætt og kostur er og að sem víðtækast samráð verði haft við hagsmunaaðila á breiðum grunni auk þess sem sérstök áhersla verði lögð á upplýsingamiðlun til almennings.“

Er þetta trúverðugt, virðulegi forseti? Er líklegt að þetta verði vinnubrögð Samfylkingarinnar í þessu máli? En eins og kunnugt er mun hæstv. utanríkisráðherra fara með yfirstjórn í þessum viðræðum. Hefur Samfylkingin sýnt það í Icesave-málinu (**Gripið fram í:** Nei.) þar sem kveðið var á um nákvæmlega sömu atriði? Hafa þau sýnt það þar sem þau leyna vísvitandi og óafvitandi upplýsingum frá hv. alþingismönnum? Reyndar er alveg með ólíkindum að upplifa hvað Evrópusinnarnir leggja mikla áherslu á að ganga frá Icesave-málinu strax og skilyrðislaust — í öllum flokkum, það á við okkur sjálfstæðismenn líka. Það eru Evrópusinnarnir í okkar flokki sem tala hæst um að það þurfi að ganga frá Icesave strax. Er samhengi á milli Icesave-samningsins og aðildarviðræðna við Evrópusambandið? Það hlýtur að læðast að manni sá grunur, virðulegi forseti.

Væri ekki rétt að forgangsraða öðruvísi og klára Icesave-málið áður en við förum í aðildarviðræður við Evrópusambandið? Ljúka því mikilvæga máli og láta reyna á samstarfið við þessar þjóðir, fyrrverandi nýlenduþjóðir með vinnubrögð sem sjást í vinnubrögðum gagnvart Íslendingum í Icesave-málinu? Viljum við aukið samneyti við þessar þjóðir ef slík vinnubrögð verða viðhöfð áfram? Mér er til efs, virðulegi forseti, að þjóðin hafi einhvern áhuga á því. Málið þarf ítarlegri undirbúning, það liggur ekki svo mikið á. Ég vil taka undir með hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem í fréttum fyrir helgina var hissa á ríkisstjórninni sem hann situr í og gaf henni ekki háa einkunn.

Þegar rætt er um meginhagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við ESB, sem er í VII. kafla í greinargerð um meginhagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við ESB segir m.a., með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við ESB. … Að mati meiri hlutans er afar mikilvægt að þeir meginhagsmunir sem lúta að aðildarviðræðum við ESB verði afmarkaðir og að á þeim byggist síðan nánar skilgreindari samningsmarkmið.“ Að sem sagt: „… meginhagsmunirnir sem lúta að aðildarviðræðum við ESB verði afmarkaðir og á þeim byggist síðan nánar skilgreindari samningsmarkmið. Þau verða hins vegar ekki sett fyrr en síðar í ferlinu þegar orðið er ljóst hvaða atriði það kunna að vera í raun sem kalla á samningaviðræður.“

Hvar er þetta fólk? Hvar hefur þetta fólk verið? Hefur það ekki kynnt sér þessi mál?

Reyndar segir í líka VII. kafla þar sem talað er um að ítarlega hafi verið farið yfir meginatriðin, með leyfi forseta: „Meiri hlutinn telur óhætt að fullyrða að sjávarútvegsmálin muni bera hæst í væntanlegum aðildarviðræðum við sambandið. Helgast það af mikilvægi málaflokksins fyrir íslenskt efnahagslíf.“

Þar segir áfram: „Samstaða var í nefndinni um meginmarkmið í samningaviðræðum við ESB varðandi sjávarútveginn. Þau lúta að forræði yfir sjávarauðlindinni með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. Það felur í sér forræði í stjórn veiða og skiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu … haldið í möguleika á því að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi.“

Svo segir áfram með leyfi forseta: „Meiri hlutinn telur að raunhæf leið til að tryggja forræði íslenskra stjórnvalda með framangreindum hætti innan íslenskrar efnahagslögsögu sé að lögsagan verði t.d. skilgreind sem sérstakt íslenskt fiskveiðistjórnarsvæði. Þannig verði réttindi ekki til staðar fyrir erlend fiskveiðiskip til veiða innan íslenskrar efnahagslögsögu úr staðbundnum íslenskum stofnum. … Í þessu sambandi telur meiri hlutinn mikilvægt að leggja áherslu á meginreglur hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem telja verður að tryggi ákveðin grundvallarréttindi sem ekki verða skert með reglum ESB, m.a. fullveldisréttinn um 200 mílna fiskveiðilögsögu.“

Hvað er verið að tala um að skilgreina þurfi samningsmarkmiðin síðar, virðulegi forseti? Þau liggja hér fyrir. Atriðin sem hér eru talin upp ganga þvert á stefnu Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum. Liggur ekki fyrir um hvað þarf að semja? Það segir í greinargerðinni sjálfri. Af hverju þarf þá að setja samningsmarkmið síðar í ferlinu? Svo mikið liggur á, virðulegi forseti, að komast til Brussel. Þetta er alveg með ólíkindum.

Ef aðilar eru sammála um atriðin sem ég hef farið hér yfir, virðulegi forseti, af hverju komum við þá bara ekki hreint og einbeitt til dyranna og segjum við samningsaðila okkar: Hér er ákveðin grundvallaratriði sem við viljum hafa alveg á hreinu að verða samningsmarkmið okkar Íslendinga? Ef við náum ekki árangri með þau þurfum við ekki að fara lengra. Þá þurfum við ekki að eyða í þetta einum eða tveimur milljörðum og allri þeirri vinnu og fyrirhöfn sem embættismenn og alþingismenn þurfa að leggja á sig og væri miklu betur varið í annað. Ef það lægi fyrir að Evrópusambandið væri tilbúið til þess að opna á viðræður við okkur um þessi atriði væri málið komið í ákveðinn farveg.

Hér er forgangsröðun, virðulegi forseti, með ólíkindum og allt í þágu Samfylkingarinnar, þágu þeirra sem sjá ekkert nema þetta blessaða Evrópusamband sem framtíð Íslands. Eru svo með innihaldslausar yfirlýsingar sem greinilega er ekkert að marka og reynt er að skauta fram hjá.

Setjum samningsskilyrði, segjum fyrir fram að hér ætlum við að draga mörkin.

Það er svo sem víðar í þessari greinargerð sem er farið aðeins í kringum málin, eins og þegar sagt er að samningsforræði Íslendinga verði að vera um samninga varðandi deilistofna, en eins og kunnugt er mun það færast til Evrópusambandsins samkvæmt reglum þess. Svo er laumað inn: „eins og hægt er“. Bíddu, hvað er átt við með því? Það

væri áhugavert að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, skýrði út fyrir okkur hvar mörkin liggja í hans huga.

Það vantar alla sannfæringu í þetta, virðulegi forseti, um varðstöðu um grunngildin sem þjóðin og langstærstur meiri hluti alþingismanna vill að séu höfð að leiðarljósi í þessum viðræðum. Það er verið að „kamúflassa“ þetta mál hér í gegnum þingið, ekkert annað, og allt fyrir það að Svíar eru að taka við formennsku. Þetta er eins „billegt“, virðulegi forseti, og það getur orðið. Þetta gerist á tímum sem þjóðin er við erfiðar aðstæður. Við höfum nóg að gera og þyrftum að gera miklu meira á ákveðnum sviðum.

Vinstri grænir, hv. þingmenn, falla hver af öðrum frá sannfæringu sinni, frá sannfæringu flokksins, markmiðum hans og stefnu. Samfylkingin hefur bara eitt markmið og það er að leggjast flöt, að komast í Evrópusambandið sama hvað það kostar, draumalandið skal það vera. Ég held m.a.s., virðulegi forseti, að einhverjir hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi talað um þetta nánast í þeim tón hér í ræðustól í þessari umræðu. Þeir eru komnir á bleikt ský, farnir að gleyma öllum grundvallaratriðum.

Þetta er í sjálfu sér ekkert betra, virðulegi forseti, en kommúnisminn var á sínum tíma hjá mörgum, er ekkert öðruvísi. Þeir sáu drauminn í austri, sáu kommúníska samfélag sem framtíðardrauminn. Ekki er ólíklegt að eins fari fyrir þeim og mörgum kommúnistanum, þeir verði sorgbitnir þegar aldurinn færist yfir vegna þess að draumurinn rættist ekki. Ég spái því að það sé alveg sama hvort við verðum í framtíðinni aðilar að Evrópusambandinu eða ekki, sama hvernig þessar fyrirhuguðu viðræður fara, þetta er ekki það draumaland og draumaumhverfi sem Samfylkingin hefur teiknað upp. Raunveruleikinn er allur annar og dæmin segja okkur það.

Ég hef miklar efasemdir um að við eigum eftir að ná þeim árangri sem við verðum að ná til þess að ásættanlegt verði að ganga til liðs við Evrópusambandið. Á það mun reyna með einum eða öðrum hætti en ég hef miklar efasemdir. Mér finnst svo margt vera óútfært hjá okkur þó að vinnan hafi verið góð. Hv. þingmenn í utanríkismálanefnd hrósa formanni nefndarinnar fyrir vinnubrögðin og þeir hafa lagt á sig mikla vinnu. Margir aðilar hafa verið fengnir til fundar við nefndina en þetta er líka stórt mál. Það eru í þessu hlutir, eins og ég nefndi áðan, um samningana um deilistofna, samningaforræðið um deilistofnana. Talað er um nýtingu sela og hvala sem er okkur mjög mikilvæg, en hún er í umhverfiskaflanum. Nýting þeirra hefur ekkert með umhverfismál að gera, þetta auðvitað á að vera í sjávarútvegskaflanum.

Ég hræðist auðvitað afleiðingarnar fyrir íslenskan landbúnað og deili ekki skoðun með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, 7. þm. Suðvest., þingmanni Framsóknarflokksins, þegar kemur að afleiðingum fyrir íslenskan landbúnað. Ekki þarf annað en kynna sér hvað Bændasamtökin hafa sagt til að gera sér grein fyrir því að engin ástæða er til að ætla annað en að afleiðingarnar fyrir íslenskan landbúnað verði alvarlegar, með tilheyrandi áhrifum á byggð og atvinnu í landinu. Landfræðilegar aðstæður eru ákaflega sérstakar hér. Við erum fámenn þjóð í stóru landi sem liggur tiltölulega langt frá mörkuðum þessara landa og það verða alltaf ákveðnir erfiðleikar. Engin tilviljun er að samstaða innan Bændasamtakanna, og m.a. á landsbyggðinni, skuli vera gagnvart þessu máli.

Hver eru helstu rök bænda? Matvælaöryggið mun skerðast, atvinna og byggðir verða í hættu og íslenskur landbúnaður mun veikjast. Kröfum um heilbrigði verður fórnað og niðurfelling tollverndar kæmi sér illa fyrir íslenskan landbúnað. Neikvæð reynsla nágrannaþjóða styður málstaðinn og hér er fákeppni í smásöluverslun sem veldur því að aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum mundi aðeins að óverulegu leyti skila sér í lægra vöruverði. Lítill skilningur er hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar á þessum rökum, enda virðast þeir hv. þingmenn ekki hafa miklar áhyggjur af þessari hlið málsins. En það er full ástæða, virðulegi forseti, til að hafa verulegar áhyggjur af íslenskum landbúnaði, ekki bara bændanna vegna heldur samfélagsins.

Í ræðustól áðan var rifjað upp hvað sjálfstæði okkar er mikilvægt. Eitt er fæðuöryggi, það að geta brauðfætt okkur og vera sjálfum okkur næg. Hvað segir í spá Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna? Í henni segir að alvarlegt ástand komi upp í matvælamálum heimsins innan 20 ára, jafnvel snemma á því tímabili. Við höfum séð sveiflur á undanförnum árum. Vel má vera að einhverjum þyki mjög óraunhæft að tala svona. En hvernig var með efnahagshrunið? Hefði einhverjum þótt það óraunhæft hefði því verið spáð? Já, það var ekki hlustað á slíkar spár. Hefði ekki einhverjum þótt það óraunhæft fyrir einhverjum árum síðan að íslenska bankakerfið mundi hrynja, að íslensku bankarnir yrðu að stærstum hluta galdþrota? Jú. Er þetta þá svo óraunhæft, eða er þetta markmið sem við þurfum að hafa í huga þegar við ræðum þessi málefni?

Það er dálítið sérstakt að fyrir liggur að skýrsla Hagfræðistofnunar, sem unnin var fyrir vinnuhóp utanríkisráðuneytisins um ESB og landbúnaðarmál. Í henni er gengið út frá svipuðu skipulagi eða fyrirkomulagi og er í Finnlandi. Henni var skilað frá Hagfræðistofnun um mánaðamót apríl/maí en hún er enn í drögum uppi í utanríkisráðuneyti og hefur ekki fengist afhent þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir því. Af hverju ekki? Af hverju eru ekki öll spil lögð á borðið? Er þetta ekki einn af þeim þáttum sem við verðum að hafa á hreinu þegar við tökum ákvörðun? Öflugur landbúnaður er ekki bara mikilvægur fyrir matvælaframleiðslu og atvinnusköpun. Í nýlegri skýrslu kom fram að hann er líka öflugasta tækið okkar til að draga úr heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda. Að því leyti kannski eitt af því mikilvægasta sem við stöndum frammi fyrir, sérstaklega ef markmið og stefna núverandi hæstv. ríkisstjórnar nær fram að ganga, að verða kaþólskari en páfinn í þessum málum og falla frá þeirri viðurkenningu sem við höfum fengið.

63% allra mögulegra aðgerða gegn útstreymi eru fólgin í landbúnaði og breyttri landnotkun. Það er ekki öðruvísi, virðulegi forseti, og ef við héldum í viðurkenninguna sem við fengum í Kyoto, gætum við aukið hagkvæma stóriðju og eflt atvinnulífið með þeim náttúruauðlindum sem landið býr að.

Virðulegi forseti. Ég treysti ekki þessum flokkum, svo ósamstiga sem þeir eru, til að fara með svona mikilvæg

mál. Draumsýn Samfylkingarinnar er óraunhæf að öllu leyti. Það vantar allt raunsæi í mynd þeirra og Vinstri grænir sýna að þeir standa ekki í fæturna, hvorki gagnvart stefnu sinni né kjósendum og þeim loforðum sem þeir hafa gefið. Hvernig eigum við að geta treyst þessu fólki til að fara núna fram í viðræðunum sem eru fram undan ef leið þess verður samþykkt? Hvernig eigum við að geta treyst því (**VigH:** Það er ekki hægt.) til að fara með þessi mál? Hver tekur ákvörðun um gang viðræðna? Hver tekur ákvörðun um það hvenær á að slíta viðræðunum, hvenær og hvernig á að halda áfram? Allt í umgjörðinni, virðulegi forseti, kallar á að þetta verði stöðugt ágreiningsmál, það verður engin samstaða. Það er engin sannfæring í málinu. Við verðum að setja okkur skýrari samningsmarkmið og skýr skilyrði. Þau liggja fyrir, ekki þarf annað en forgangsraða aðeins öðruvísi í greinargerð hv. utanríkismálanefndar þar sem hún segir sjálf að nefndin hafi orðið sammála um meginmarkmiðin, fara með þau og láta reyna á þau, áður en við hendum í þetta öllum milljörðunum sem við gætum svo vissulega notað í annað ef við höfum ekki erindi sem erfiði í þeirri ferð.

Ég held að við þessar aðstæður sé útilokað annað en leita til þjóðarinnar eftir umboði. Slík leið mundi kalla á mjög opna umræðu í samfélaginu og gefa því fólki sem færi í þessar viðræður — ef samþykktar yrðu — miklu skýrara umboð og skýrari línu, það væri miklu líklegra til að ná árangri í þessum samningaviðræðum, líklegra til að koma heim með samning sem yrði þá samþykktur, ef það næði svo langt. Með leiðinni sem valin er hérna og þeim vinnubrögðum sem er lýst í greinargerðinni, og maður veit í hjarta sínu að eiga eftir að ráða ferð í þessu máli, verður engin sannfæring, enginn grunnur undir þeim viðræðum sem fara fram í umboði ósamstiga ríkisstjórnar.

Áðan var talað um hvort fólk væri leiðtogar eða lýðtogar og að spyrja þyrfti þjóðina um alla skapaða hluti, til að mynda ef við færum í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér finnst þetta ansi ódýr nálgun á málið. Það er ekki þannig að ekki sé ástæða til að viðhafa alla fyrirvara í svo mikilvægum málum. Við erum að fjalla um, virðulegi forseti, tvö stærstu mál sem þingið hefur fjallað um í áratugi, þ.e. aðildarviðræður við Evrópusambandið og Icesave-málið. Er eitthvað óeðlilegt við það þegar óeining er svo mikil sem raun ber vitni að heilbrigð umræða sé sköpuð í samfélaginu og leitað eftir umboði? Nei, þá vill hæstv. utanríkisráðherra labba sig til Brussel og biðja um styrk til að geta farið í viðræður við Evrópusambandið. Það gefur okkur sterka samningsstöðu, virðulegi forseti. Það er líklegt að það leiði til þess árangurs sem svona viðræður ættu að leiða til. Nei, leiðtogi eða lýðtogi, það átti að fara í þessar viðræður af því að svo margir forustumenn hagsmunasamtaka, launþegasamtaka, hvettu til þess en það á ekki að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu þó að 70–80% af þjóðinni óski þess. Þarna er aftur ósamræmi í málflutningi, virðulegi forseti.

Ég segi bara í þessu máli: Við skulum flýta okkur hægt. Það hefur alltaf reynst best í stórum málum að anda svolítið í gegnum nefið, gefa sér tíma til að ígrunda málið og reyna að ná niðurstöðu sem er miklu breiðari sátt um en þá niðurstöðu sem hér er lögð til.

[18:11]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir ræðu hans. Hún var mjög yfirgripsmikil og efnishlaðin og hann bendir á ýmislegt sem ég er sammála í mörgu. Hraðinn og vinnubrögðin sem farið er fram með fyrir þingið í þessu máli eru alveg með ólíkindum.

Mig langar aðeins að spyrja hv. þingmann. Ég talaði hér á föstudag og fór yfir hin svokölluðu Kaupmannahafnarviðmið — sem eru grunnurinn að þessu öllu saman, og í raun og veru skref A — sem ekki virðist hafa verið tekið tillit til í utanríkismálanefnd vegna þess að þau hafa verið afgreidd með tveimur línum, að líklega mundum við uppfylla Kaupmannahafnarviðmiðin. Þar með afgreiðir utanríkismálanefnd, undir forustu Vinstri grænna, að við höfum þarna erindi, nú höfum við burði til að sækja um. En í Kaupmannahafnarviðmiðunum stendur, með leyfi forseta, að til að sækja um þurfi ríki „… að búa við stöðugar stofnanir sem tryggja lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og virðingu fyrir minnihlutahópum og vernd þeirra, markaðshagkerfi, sem og getu til að standast samkeppnisþrýsting og markaðsöfl innan sambandsins.“ Svo gengur aðild líka út á að umsóknarríki þurfa að hafa getu til að fylgja skyldum aðildar, svo sem að gangast undir markmið um pólitískt og efnahagslegt bandalag og myntbandalag . Þetta eru afar þröng skilyrði og skýr. Í fyrsta lagi, telur þingmaðurinn að þessi skilyrði séu uppfyllt nú þegar, þar sem staða okkar er afar bágborin? Svo er hitt: Hver er skoðun hans á síðasta skilyrðinu, með myntbandalagið? Við þurfum helst að uppfylla það við umsókn. Telur þingmaðurinn ekki að það sé fjarri lagi að við uppfyllum þessi skilyrði?

[18:13]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef auðvitað ákveðnar efasemdir um hvað þetta er léttvægt afgreitt í greinargerð hv. utanríkismálanefndar. Það er alveg rétt sem hér kom fram að þetta er afgreitt í tveimur línum, eins og leiða megi líkur að því að við munum uppfylla Kaupmannahafnarskilyrðin. Við hvað miða nefndarmenn þá? Við hvaða tíma? Mjög erfitt er gera sér grein fyrir því, með svo marga óvissuþætti í íslensku efnahagslífi, hvort eða hvenær við getum uppfyllt þessi skilyrði. Við munum á einhverjum tíma ná vopnum okkar, þó að það verði kannski ekki undir forsæti þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef ekki nokkra trú orðið á árangri hennar. En við munum ná vopnum okkar og þá munum við auðvitað ná að uppfylla þessi skilyrði. En þetta er engan veginn tímabært. Í ræðu minni áðan fór ég yfir Maastrichtskilyrðin og það er alveg augljóst að við eigum langt í land með einhverja möguleika á því að taka upp evru. Sú tálsýn og tálmynd sem hæstv. ríkisstjórn, og Samfylkingin sérstaklega, leggur á borð fyrir þjóðina er auðvitað ekkert annað en fals og kosningaloforð. Tálmynd og draumsýn sem munu ekki ganga upp.

[18:16]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er mergurinn málsins sem hv. þingmaður bendir hér á því að í greinargerðinni stendur,

með leyfi forseta:

„Ekki þarf að efast um að Ísland uppfyllir Kaupmannahafnarviðmiðin.“

Hér er hreinlega talað í nútíð. Hér er verið að blekkja enn á ný. Það sér hver heilvita maður að við uppfyllum ekkert Kaupmannahafnarviðmiðin í dag eins og þetta stendur. Hér stendur þetta á bls. 6 í þessu ágæta plaggi, að við uppfyllum Kaupmannahafnarskilyrðin. Er þetta ekki blekking? Er þetta ekki enn eitt sjónarspilið sem Samfylkingin ber á borð fyrir okkur þingmenn og þjóðina? Mér finnst afar léttvægt að afgreiða þetta með þessum hætti, og raunverulega ættum við þingmenn að fara fram á úttekt á því áður en málið héldi lengra í þinginu. Er ekki bara tímasóun að standa hér og ræða þessi mál á meðan það er augljóst að við uppfyllum ekki þessi Kaupmannahafnarskilyrði þar sem á að fara beint í aðildarviðræður verði þessi tillaga samþykkt? Ég er farin að efast stórlega um það eftir því sem dagarnir líða.

Eins og landsmenn vita hef ég lagt fram breytingartillögu við þessa þingsályktunartillögu og hún hefur vægast sagt fengið mjög góðar undirtektir. Ég er því ekkert svo viss um að þetta verði á endanum samþykkt enda eiga líka margir eftir að tala, margir eiga eftir að mynda sér skoðun. Hér er löng mælendaskrá þannig að við skulum spyrja að leikslokum.

Varðandi þetta ætla ég að spyrja á ný: Fyrst þetta plagg er hér í nútíð og meiri hluti utanríkismálanefndar telur að skilyrðum sé fullnægt, finnst ekki hv. þingmönnum rétt að þetta verði kannað áður en lengra er haldið? Ég tek undir að ég trúi á íslenska þjóð og eldmóð hennar. Við gerum þetta í framtíðinni en í þessari skýrslu er verið að tala um nútíðina.

[18:18]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að eyða í þetta miklum tíma. Ég er sammála hv. þingmanni. Þetta er í raun enn eitt atriðið sem segir okkur að það er ekki hægt að réttlæta þann hraða sem er á málinu og maður vill ekki trúa því að formennska Svía í þessu hafi svona mikið að segja. Það getur varla verið eitthvert úrslitaatriði í svo mikilvægu máli. Það er þá eitthvað mikið að í þessu Evrópusambandi ef slíkt er. (**VigH:** Sammála.)

Ég er sammála hv. þingmanni með það að þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf greinilega að vinna mun betur. Nefndin ætti að gefa sér þann tíma sem þarf til þess og við getum síðan skoðað þetta í framhaldinu. Það mun margt skýrast þegar samningsmarkmið okkar og skýr vilji þjóðarinnar er kominn fram í ákveðnum málaflokkum. Þá mun margt skýrast í þessu máli og um leið og menn leggja það á borðið fyrir viðsemjendur okkar í Brussel fáum við miklu skýrari svör, þá liggur þetta fyrir. Það eru þau vinnubrögð sem ætti að viðhafa í þessu, virðulegi forseti, flýta sér hægar og fara yfir ákveðin grundvallaratriði í þessu máli af miklu meiri varfærni og innsýn en gert hefur verið fram að þessu.

[18:19]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að biðjast afsökunar á því að þurfa að vera að ræða það mál sem er á dagskrá á sama tíma og Róm brennur. Á sama tíma og íslenskt efnahagslíf, atvinnulíf, heimilisrekstur, ekki síst í þéttbýli, engist sundur og saman er ég neyddur til þess að taka þátt í þessari umræðu sem er hvorki tímabær né skynsamleg. (Gripið fram í.) Ég fagna því að hæstv. utanríkisráðherra er kominn í salinn (**Utanrrh.:** Hlusta alltaf á þig.) og sýnir þó lit úr ráðherraliði en ég óska eftir því að virðulegur forseti kalli á forsætisráðherra til að koma í salinn því að ég þarf að spyrja hæstv. forsætisráðherra mjög alvarlegrar spurningar og krefst þess að það sé óskað eftir því að forsætisráðherrann mæti hér.

Það er sorglegt að aðalmarkmið hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnar Íslands í dag er að bíða eftir ESB-örkinni, og kannski er þinglið Samfylkingarinnar búið að hópast saman úti í Gróttu, ekki lætur það sjá sig hér nema í undantekningartilfellum þegar svo mikilvægt mál er til umræðu. Kannski er það búið að safnast saman úti í Gróttu og er að kíkja eftir örkinni frá Evrópusambandinu, ekki örkinni hans Nóa, heldur örkinni frá Evrópusambandinu. Þannig er staðan í dag og það verður að ganga til þessa verks, og til þessa leiks sem hér er spunninn, af fullri festu og fullri alvöru. Dugleysi ríkisstjórnar Íslands í dag, í skjóli væntinga frá Evrópusambandinu, er ævintýri sem á ekki við nein rök að styðjast, væntingar sem eru rakalausar og haldlausar í framtíð og sjálfstæði Íslands. Það veit hæstv. utanríkisráðherra að er satt og rétt, svo mikla reynslu hefur hann á hinum pólitíska vettvangi undanfarna áratugi.

Samfylkingin er núna að þjösna ákveðnu verklagi til inngöngu í Evrópusambandið, þjösna því í gegnum Alþingi á nákvæmlega sama stigi og forsætisráðherra Bretlands, Gordon Brown, beitti þjösnaskap gegn Íslendingum í fyrrahaust, á nákvæmlega sama hátt. Samfylkingin er búin að taka Vinstri græna í skreiðarpressu — (**Utanrrh.:** Í hvað?) skreiðarpressu og þar sitja þeir nú fastir og geta ekki einu sinni engst sundur og saman. Ég hef nú meiri trú á Vinstri grænum en svo að þeir nái ekki eitthvað að losa tökin áður en í fullt óefni verður komið.

Þeirri ríkisstjórn sem nú situr, þótt ekki væri nema vegna þess hve ósamstæð hún er í því grundvallarmáli fyrir íslenska framtíð sem hér er til umræðu, er ekki treystandi til að stýra könnunarviðræðum, umræðupólitík eða öðru í þessum efnum fyrir hönd íslenskrar þjóðar.

Aldrei í sögu Íslands, aldrei í sögu lýðveldisins Íslands, hafa komið jafnmargir nýir þingmenn inn á Alþingi til jafnerfiðra verka og nú er og það hefur aldrei skipt meira máli að þessir nýju þingmenn sem nú koma til starfa hafi sjálfstæða afstöðu, sjálfstæða þekkingu, sjálfstætt mat en láti ekki segja sér fyrir verkum. Það hefur aldrei verið eins mikilvægt, það er lenska í pólitíkinni að nýir þingmenn, nýliðar í flestum verkum og verkefnum fari sér hægt, láti þá reyndari segja sér fyrir verkum, leiðbeina, það hefur aldrei verið eins hættulegt og nú að fara þá leið. Nú reynir sem aldrei fyrr á sjálfstæði, dómgreind, brjóstvit, vilja og metnað þingmanna.

Við eigum ekki að láta kippa okkur af leið þótt við sitjum uppi í heiftarlegri brælu vegna yfirgangs og sprikls fjármálakúreka sem vaðið hafa uppi undanfarin ár. Við eigum að hrista það af okkur alveg eins og við eigum að takast á

við verkefnin, þótt það rigni og hellirigni í flekkinn gefumst við ekki upp. Við Íslendingar erum ekki fædd til þess að gefast upp. Þess vegna erum við Íslendingar, þess vegna eigum við ekkert erindi inn í hið nýja Sovét, Evrópusambandið, hið nýja Sovét sem er mun hættulegra en gamla Sovét, mun hættulegra vegna þess að það er svo mikið af falsvonum og gyllivonum sem fylgt er eftir án þess að nokkur fótur sé fyrir því. Uppstillingar, útstillingar, gjafapakkningar, tilboð sem engin innstæða er fyrir nema það að Evrópusambandið vill kokgleypa Ísland. (**Gripið fram í:** Já.) Ég hef sagt það áður, virðulegi forseti, ef Evrópusambandið fær tækifæri til að kokgleypa Ísland mun það ekki einu sinni hrækja beininu sem er í þeim fiski. Það mun bara kyngja því líka.

Þarna reynir á íslenska þingmenn í dag, að hugsa til enda, hugsa með ábyrgð en ekki falsvonum og gylliboðum.

Það gengur ekki að Samfylkingin skuli komast upp með það að setja Vinstri græna í skreiðarpressu og setja fullan hita og fulla pressu svo að ekkert lífsmark verður eftir. En það er ekki öll nótt úti enn.

Við stöndum að mörgu leyti nú í sömu sporum og 1262 þegar Íslendingar urðu þrælar undir erlendum þjóðum. Það tók okkur knöpp 700 ár að ná sjálfstæði aftur. Síðan eru liðin stutt 65 ár og við stöndum enn í þeim sporum að láta okkur detta í hug að ganga inn í samband sem mundi hrifsa til sín fullveldi Íslands, hrifsa til sín sjálfstæði Íslands vegna þess að sú umsókn mundi kosta þá fórn að afsala okkur rétti sem Íslendingar, sem lítil þjóð, sjálfstæð þjóð, þjóð sem vill virða tungu og menningu umhverfis okkar og láta ekki einhverja miðstýrða, náttúrulausa stjórnendur í Brussel koma okkur suður í þeim efnum.

Samfylkingin er staurblind í þessum efnum og það er með ólíkindum að heyra hvernig Samfylkingin tilkynnir að þetta hljóti að vera allt í lagi, þetta verði allt í lagi. „Þetta reddast.“ Einn af hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar sagði við mig fyrir nokkrum dögum: Við þurfum engar áhyggjur að hafa af sjávarútvegsmálunum, Evrópusambandið mun fela okkur Íslendingum að stjórna fiskveiðum í Evrópusambandinu. Hvað er að þessum mönnum? Hafa þingmenn, hvað þá ráðherrar, leyfi til þess að stilla upp svona falsvonum fyrir venjulegt fólk á Íslandi?

Þeir hafa ekki leyfi til þess. Þeir hafa ekki leyfi til þess, virðulegi forseti.

Það væri hægt að nota mörg orð um þessar falsvonir, en fyrst og fremst eru þær óraunsæjar, illa ígrundaðar og það er einhver bilun í þessari framsetningu. Það er einhver bilun sem er langt frá íslenskri rót og íslensku sjálfstæði. Það er sagt: Þetta verður allt í lagi, við höfum tök á þessu, við náum góðum árangri.

Þetta minnir á einn mætan Norðmann sem bjó í eina tíð á Ströndum, Einar Hansen hét hann — blessuð sé minning hans — hann fann alltaf lausn á öllu. En hann var skemmtilegur og hann vélaði ekki um sjálfstæði Íslands. Hann átti hund sem hann státaði af því að hlýddi öllu sem hann segði. Hann settist alltaf þegar honum væri sagt að setjast, alltaf. Einu sinni hitti ég Einar Hansen og spurði hann: Er það rétt að hundurinn þinn hlýði þér alltaf? Alltaf, sagði Einar. Og ef þú biður hann að setjast, sest hann þá? Alltaf eins og skot. Viltu láta hann setjast? Já. Sestu, hvutti. Hvutti, sestu. Sestu, hvutti minn. — Hann vill ekki setjast núna.

Einföld saga, einfalt sjónarmið, en þannig vinnur Samfylkingin í dag því miður. Hún er búin að lofa einhverju sem hún getur ekki staðið við og er að fórna í þeirri röð ekki bara tíma og hugsjón um sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, hún fórnar því að fólk sem á við erfiðleika að glíma á Íslandi í dag af alkunnum ástæðum, fyrirtæki og heimili, fá ekki eðlilega fyrirgreiðslu, eðlilega leiðsögn, eðlilega aðstöðu til að bregðast við þeim vanda sem við er að glíma.

Borgarahreyfingin sem kom inn sem svokölluð rödd þjóðarinnar að eigin sögn með opna glugga að Austurvelli stendur nú í þeim sporum að vera eins og sumarlamb leitt til slátrunar. Okkur sem erum alin upp í sveit þótti alltaf óskemmtilegt að heyra „sumarslátrun“, það var svo stuttur tími sem lömbin fengu í þeirri stöðu, en sumarlambinu er slátrað 3–4 mánaða gömlu. Þannig hefur Borgarahreyfingin að stórum hluta á Alþingi leitt sig sjálfa fram núna til slátrunar eins og sumarlamb og segir: Þetta Evrópusambandsmál er of flókið fyrir þjóðina, hún skilur það ekki svo við afgreiðum það. Þess vegna þarf ekki þjóðaratkvæðagreiðslu.

Guð hjálpi þessum vinnubrögðum.

Auðvitað eru margir kostir sem tengjast samvinnu við Evrópusambandið. Við höfum marga kosti sem tengjast EES-samningnum, viðskiptasamningum, samningum um þætti er lúta að sveitarstjórnum, menntamálum og rannsóknum. Við höfum alla kostina. Við höfum alla kostina sem sjálfstæð þjóð, lítil þjóð sem vill lifa áfram án þess að vera brotið tannhjól í tannhjólakerfi Evrópu. Við höfum þessa kosti, við þurfum ekki að fórna hjarta okkar fyrir það sem heitir Evrópuglimmer í dag, rauðvínspartý og eitthvað sem er óútskýrt og Samfylkingin hefur komist upp með að tuða á sýknt og heilagt án þess að fara málefnalega í það. Samfylkingin, einn íslenskra flokka, hefur fjallað um þetta mál mánuðum og árum saman án þess að færa rök fyrir því af hverju við ættum að sækja um. Það er bara: Það verður svo fínt.

Þetta er nokkuð sem maður þekkir stundum hjá snobbuðu, svokölluðu fínu, fólki en ekki venjulegu fólki sem er fullt af í Samfylkingunni. Þess vegna kemur þetta á óvart. Sem betur fer vill þorri Íslendinga ekki afsala sér fullveldi yfir Íslandi, vill ekki afsala sér um aldur og ævi réttinum til að stjórna fiskimiðum Íslands og fiskveiðum, hvað þá öðrum orkugjöfum, nýtingu þeirra í vatni, jarðgufu, sjávarföllum og fleiri þáttum sem Evrópusambandsþing gæti hvenær sem er, einn góðan veðurdag, sagt um: Nei, nú hentar það okkur með ykkur innan borðs, Íslendinga í Evrópusambandinu, að yfirtaka þessa þætti og nýta í þágu sambandsins. Þannig er raunveruleikinn. Og þegar hæstv. forsætisráðherra leyfir sér, virðulegi forseti, að segja ítrekað í fréttum að það sé sjálfsagt að fara í viðræður vegna þess að við vitum ekki hvað við fáum er hæstv. forsætisráðherra að segja ósatt. Allir sem hafa sett sig inn í þessi mál vita að grundvallaratriðin í inngöngu í Evrópusambandið sem varða auðlindir, fullveldi o.fl. mundu skerðast og skemmast verulega með aðild okkar að þessum pakka.

Það þýðir ekkert að segja: Þetta verður kannski allt í lagi. Það þýðir ekkert að hugsa um þetta mál eins og að Ís-

lendingar ætli að ganga inn í óvissupartý sem kunni að verða skemmtilegt. Þetta er miklu meira alvörumál en svo að menn geti talað svo léttúðlega og lokað augunum fyrir því að við erum að fjalla um fjöregg Íslands, sjálfstæði Íslands, þar sem auðlindir okkar, fiskimiðin, fjárfestingin í öllum byggðum landsins í landbúnaði, hvenær sem er kynni að koma upp að nýting auðlindanna í jörðu og undir sjó yrði hrifsuð úr höndum okkar. Við þekkjum hvernig til að mynda Evrópuþjóðir hafa náð tökum á kvótastöðu í fiskveiðimálum, til að mynda hjá Bretum sem hafa stórlega tapað stöðu í slagtogi með Evrópusambandsríkjunum.

Virðulegi forseti. Hvenær hafa Frakkar, Þjóðverjar, Hollendingar, Belgar, Spánverjar, Englendingar hugsað um annað en eigin hagsmuni númer 1, 2, 3, 4 og 5 í samskiptum við aðrar þjóðir? Aldrei. Það verður þó að virða til vorkunnar hinu gamla Sovéti að það freistaðist til þess að ná fram stefnumörkun í hinum kommúníska heimi, en stefnan reyndist ekki framkvæmanleg. Það voru þó gerðar tilraunir til þess en það er ekkert slíkt upp á teningnum í Evrópusambandinu, þar eiga stórþjóðirnar að ráða. Þær bíða átekta meðan þær ná tökum á ákveðnum þáttum og svo munu þær keyra yfir.

Það þarf ekkert að velkjast í vafa um þessa hluti. Ef menn eru inni í þessari sögu, þessari reynslu, persónuleika þjóðanna sem ráða mestu vitum við viðbrögðin. Þau sýndu sig best í bankahruninu á Íslandi í fyrrahaust þegar Bretar tóku stóru sleggjuna, stærstu sleggju sem völ var á, til þess að brjóta eitt lítið egg, Ísland, til þess að traðka á maríuerlunni í norðri og svo hoppuðu þeir eins og kengúrur á söngfuglinum Íslandi þegar þeir voru búnir að láta sleggjuna vaða.

Það eru mörg atriði í Evrópusambandsmálunum sem yrðu erfið fyrir Ísland, ekki bara þau sem ég hef nefnt, virðulegi forseti, til að mynda allt sveitarstjórnarkerfið, eftirlitskerfi ESA og margir þættir sem láta sig engu varða stöðu, stefnu, heill eða framtíð lítillar þjóðar í þessu sambandi. Eitt gott smádæmi má nefna frá Vestmannaeyjum þegar skipalyftan þar, eitt aðalatvinnufyrirtækið í Vestmannaeyjum, hrundi vegna skemmda af völdum jarðskjálfta. Núna eru nokkur ár liðin og enn hefur ESA ekki komist að niðurstöðu. Það er ámóta og að bátur komi vel lestaður að landi en það sé beðið í nokkur ár með að landa aflanum og spúla dekkið.

Þannig hefur Evrópusambandskerfið sýnt lit gagnvart Íslendingum. Við vitum nefnilega á hverju er von og þess vegna er hvorki tímabært né skynsamlegt að fara í þessar viðræður af því að höfum mörg miklu mikilvægari verkefni að vinna úr og takast á við en það verkefni sem hér er rætt og er nokkurra ára verkefni með allt of mörgum óvissuþáttum, en þó með það mörgum óvissuþáttum sem eru óhagstæðir íslensku samfélagi og framtíð Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar.

Hv. þm. Björgvin Sigurðsson sagði hér fyrr í dag að meiri hluti Íslendinga væri sammála aðild að Evrópusambandinu, það er beinlínis rangt. Hv. þingmaður hefur ekkert fyrir sér, ekkert, til að setja þau orð fram á hv. Alþingi.

Einn flokkur á Íslandi af fimm vill sleipulaust skauta inn í Evrópusambandið. Ég sagði sleipulaust vegna þess að það er ekkert sem mælir með því að það geti gengið eðlilega eða jákvætt fyrir Ísland og það er vont að skauta á sleipuleysi. Það gerir enginn, ekki einu sinni listskautahlauparar.

Við höfum þrjá þingmenn af 800. Það er nákvæmlega sama hlutfall og fjöldi Grímseyinga miðað við fjölda Íslendinga. Við yrðum Grímsey Evrópusambandsins. Það er út af fyrir sig allt í lagi, en ekki ef það kostar það að við fórnum fullveldinu, réttinum yfir því að lifa af, réttinum yfir því að byggja okkar menntakerfi og ríma við okkar möguleika, stefnu og vilja. Þá er það ekki þess virði.

Framkoma Evrópusambandslandanna í garð Íslendinga undanfarna mánuði sýnir að við eigum ekkert erindi hvorki í dans né faðmlag Evrópusambandsins, sem er grimmt, illa þenkjandi, ómanneskjulegt og með bullandi sýndarmennsku, Mið-Evrópublæ sem hefur aldrei hentað og mun aldrei henta Íslendingum.

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því að hæstv. forsætisráðherra kæmi í salinn vegna spurningar frá mér, en forsætisráðherra hefur ekki látið sjá sig og líklega er runnin upp sú stund að tími hæstv. forsætisráðherra er liðinn. Ég vildi spyrja hæstv. forsætisráðherra hvað hún segði um afskipti Norðurlandanna, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fleiri einstakra ríkja í því að hnýta saman kröfur á Íslendinga við lánamál sem eru af allt öðrum meiði og koma ekkert við hinu svokallaða uppgjöri á Icesave. Hvergi nokkurs staðar er fótur fyrir því, ekki stafur á bók í neinu er tengist Evrópusambandinu og plöggum þess, að íslensk þjóð eða Evrópusambandsþjóð beri ábyrgð á einkarekstri í viðkomandi landi. Það er hvergi til. Það er rétt sem íslenskir fræðimenn hafa sagt, lögfræðispekingar og aðrir, þetta ákvæði er ekki til. Það er ekki til og þá eigum við ekki að kyngja því. Svo láta Norðurlandaþjóðirnar, Norðmenn, Svíar, Danir og Finnar, hafa sig út í að ganga eins og hækjur undir vilja og nauðgun Evrópusambandsins í garð Íslendinga. Það er mín skoðun, virðulegi forseti, að Ísland eigi að segja við Norðurlandaþjóðirnar, þessar gömlu vinaþjóðir okkar sem virðast nú foknar út í veður og vind í þeim efnum, að ef þær ætla að nota Ísland sem peð á taflborði gagnvart Evrópusambandinu viljum við ganga úr norrænu samstarfi. Ég tel að við eigum að segja blákalt og ákveðið að við höfum ekki áhuga á að vinna í Norðurlandaráði með þjóðum sem lítilsvirða Ísland, keyra það niður, nota stórþjóðir í Evrópusambandinu sem skálkaskjól til að traðka á Íslendingum.

Norðurlandaþjóðirnar eiga síst af öllum þjóðum í heiminum að skipa Íslendingum fyrir og keyra Íslendinga niður á lægstu þrep og lága bekki. Þessar fjórar stóru Norðurlandaþjóðir ættu frekar að taka sér til fyrirmyndar Færeyinga sem komu af fullum drengskap, fullum metnaði og fullri virðingu fyrir Íslendingum til aðstoðar á ögurstundu þegar illa áraði í ranni á Íslandi. Nei, þá fara þessar gömlu norrænu þjóðir undir sængina og pilsfaldinn hjá Evrópusambandinu og lýsa yfir stuðningi við skilyrði um lántöku, að Íslendingar standi skil á nauðungarsamningum við Breta og Hollendinga, samningum sem eru, svo notað sé einfalt og klárt íslenskt orð, nauðgun, alvarleg nauðgun á heilli þjóð.

Auðvitað hefur forsætisráðherra engan áhuga, eins og dæmin sanna hér í dag, á að svara slíkum spurningum. Forsætisráðherra er á allt öðru plani vegna þess að forsætisráðherra er úti í Gróttu að kíkja eftir örkinni frá Evrópu. Svo á

að stökkva um borð og láta reka á reiðanum sem varðar heill og hamingju Íslendinga sjálfra.

Það er bullandi tenging á milli Icesave-samninganna og umsóknar um aðild að Evrópusambandinu. Það er alrangt hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, eins og kom fram hjá henni í þinginu í dag, að ekkert samband væri þarna á milli, það er bullandi samband. Það neistar á milli. Norðurlandaþjóðirnar, okkar fyrrum „kære brødre og venner“, létu sig hafa það að taka undir með orðum og aðgerðum ofstopamannanna.

Það er vonlaust ef menn hugsa um framtíð Íslands, hugsa um sátt sem þarf að ríkja í litlu ríki, litlu samfélagi eins og á Íslandi, að keyra fram með valdi, með skreiðarpressuaðferðum, hótunum, misnotkun á, við skulum segja, einhverju reynsluleysi nýrra hv. þingmanna, hóta þeim með því að öll nótt sé úti ef þetta samkomulag verður ekki samþykkt sem heitir aðgangsmiði að Evrópusambandinu, tengt Icesave-samningunum.

Það er sorglegt. Ég vitnaði til 1262 þegar sagt var að mætustu menn Íslands hefðu grátið vegna nauðungarsamninga um að falla undir skattáþján erlendra konunga. Við stöndum enn í þessum sporum. Sagan getur verið söm við sig. Þess vegna ríður á miklu að menn standi nú keikir, baráttuglaðir og bjartsýnir og horfi yfir brimskaflana til betri tíðar sem við eigum vissulega í vændum því að íslensk þjóð er ekki fædd til að bugast. Hún er fædd til þess að berjast, berjast í gegnum skaflana hvort sem það er fannfergi vetrarstormanna eða öldurnar í Atlantshafinu. Við höfum reynslu til þess, dugnað, þekkingu, við höfum ungt fólk sem er gulls ígildi, ungt fólk sem við eigum að stuðla að því að byggja vel í haginn fyrir þó að óvæntur brotsjór hafi riðið yfir samfélagið í tengslum við alþjóðlegan brotsjó en vissulega heimatilbúna skömm að hluta til.

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að ganga til þessa leiks sem varðar fullveldi Íslands og sjálfstæði nema með breiðri samstöðu. Það verður alveg klárt mál að þjóðaratkvæði ráði 100% á endanum hver niðurstaðan verður og hún er það ekki núna í framsetningu málsins hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er allt opið í báða enda og sagt: Ef og hú og ha og kannski og sussu og svei svei, sussu og svei svei. Það gengur ekki fyrir íslenska framtíð.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir orðaði það þannig að nú væri svo margt breytt, afstaða til sjálfstæðis, afstaða til samvinnu á alþjóðlegum vettvangi, væri breytt frá fyrri tíð. Ekkert hefur breyst. Ekkert hefur breyst nema það að stóru hákarlarnir hafa sem aldrei fyrr þétt og styrkt stöðu sína um heiminn allan. Það þarf ekki mikla reynslu eða eftirfylgni til að skynja hvernig stemman er söm við sig í þessum efnum. Þess vegna skiptir öllu máli að við verjum Ísland, verjum það með kjafti og klóm, hleypum okkur ekki út í samninga sem gera okkur að þurftarmönnum í Evrópu. Auðlindir okkar eru svo mikils virði að þó að við þurfum að halda sjó meðan þessi mikla bræla gengur yfir getum við horft björtum augum til framtíðarinnar og það er það sem skiptir máli af því að við eigum ekki bara von, við eigum vissu um að við komumst í gegnum þessa erfiðleika. Þess vegna þurfum við ekki að fórna neinu á altari Evrópusambandsins.

Yfirgangur með fullri aðild að Evrópusambandinu mundi ekki vagga Íslandi á eðlilegan hátt inn í framtíðina, mundi ekki vagga sjálfstæðri íslenskri þjóð, heldur gera okkur að litlu umsvifalandi í ríki sem er stjórnað af risunum í Evrópu. Þetta er það sem við verðum að horfast í augu við, þetta er það sem alþingismenn verða að horfast í augu við og við getum ekki farið inn í samningaviðræður án þess að nokkur markmið séu fyrir hendi, þetta er allt meira og minna opið. Það er eins og illa ígrundaður málfundur hvernig þetta mál er sett fram af hálfu flutningsmanna ríkisstjórnarinnar. Það er til skammar fyrir íslenska þjóð, fyrir íslenska tungu sem á að vera hægt að meitla í markvissara og ákveðnara form en flestar aðrar tungur.

Við skulum minnast þess að eitt íslenskt orð er ekki hægt að þýða yfir á erlenda tungu og kannski ber það vott um sérstöðu Íslands. Þetta er íslenska orðið „vinarþel“. Við skulum virkja í haga okkar fólks, við skulum taka afstöðu með okkar fólki, láta það ráða okkar sjónarmiðum, okkar markmiðum og okkar vilja til þess að standa keik og stolt sem Íslendingar inn í framtíðina.

[Fundarhlé. — 19:00]

[19:32]

Skúli Helgason (Sf):

Frú forseti. Við ræðum í dag eitthvert mikilvægasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar í bráð og lengd. Verkefnið sem fyrir okkur liggur er að ákveða hvort við sækjum um aðild að Evrópusambandinu. Sú þingsályktunartillaga sem hér er til umfjöllunar kveður á um að Alþingi feli ríkisstjórninni að sækja um aðild að ESB og síðan verði væntanlegur aðildarsamningur borinn undir þjóðaratkvæði.

Ég vil byrja á að þakka utanríkismálanefnd þingsins, formanni nefndarinnar og nefndarmönnum öllum jafnt stjórnar sem stjórnarandstöðu fyrir afar vandaða vinnu og viðleitni til að sætta ólík sjónarmið um meðferð þessa þýðingarmikla máls í framhaldinu. Sú viðleitni að freista þess að brúa þá gjá sem verið hefur milli fylgjenda og andstæðinga aðildar er afar mikilvæg fyrir framvindu málsins og ekki síður framtíðarhagsmuni þjóðarinnar. Það er alkunna að skoðanir eru skiptar meðal stjórnmálaflokkanna um aðild að Evrópusambandinu og það endurspeglast í viðhorfum almennings. Einmitt af þeim sökum er grundvallaratriði að allir stjórnmálaflokkar á Íslandi auk helstu hagsmunaaðila í samfélaginu komi að stefnumótun íslenskra stjórnvalda í mögulegum aðildarviðræðum, þar með talið endanlegri mótun samningsmarkmiða og forgangsröðun þeirra.

Nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar endurspeglar þessa sýn á mikilvægi víðtæks samráðs enda hafa tæplega áttatíu gestir komið fyrir nefndina frá samtökum launþega og vinnuveitenda, sveitarfélaga, hagsmunasamtökum í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, hreyfingum stuðningsmanna og andstæðinga aðildar, háskólum, stjórnsýslustofnunum, ráðuneytum og sendiráðum. Óskað var eftir umsögnum frá 102 aðilum og bárust umsagnir frá 57 þeirra.

Sú vinna sem farið hefur fram á vegum nefndarinnar gefur tóninn um það víðtæka samráð sem þarf að eiga sér stað um framgang Evrópumálanna en jafnframt er mikilvægt að undirstrika að þar með er málinu ekki lokið. Ef svo fer að tillagan um aðildarumsókn verður samþykkt í þing-

inu tekur við langt ferli samningaviðræðna þar sem víðtækt samráð á öllum stigum er ekki bara æskilegt heldur nauðsynlegt til að tryggja að sem víðtækust sátt verði um samningsmarkmiðin og það umboð sem samninganefndin fer með til Brussel. Þetta skiptir miklu máli því þó okkur greini á um afstöðuna til Evrópusambandsins þá eigum við öll sameiginlegt að vilja tryggja grundvallarhagsmuni Íslands.

Ég tel að nefndarálit meiri hlutans beri með sér að fulltrúar allra flokka hafi lagt sig fram um að draga fram þá meginhagsmuni sem þurfi að halda fram og tryggja í mögulegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Þar er forræði yfir auðlindum landsins grundvallaratriði og að mínu mati ófrávíkjanleg forsenda fyrir aðild okkar að Evrópusambandinu.

Sú kviksaga hefur lifað furðulega góðu lífi í umræðunni um Evrópumál á Íslandi, verið ein meginröksemd andstæðinga aðildar, að með aðild að sambandinu afsali Íslendingar sér forræði yfir auðlindum sínum. Ítrekað í ræðu og riti hafa sérfróðir aðilar hrakið þessa fullyrðingu en hún skýtur jafnan upp kollinum á ný rétt eins og arfinn í bakgarðinum. Það er því rétt að halda því til haga enn á ný að ekkert í gjörðum eða sáttmálum Evrópusambandsins styður þessa fullyrðingu. Þvert á móti er fyrirkomulag, eignarhald náttúruauðlinda ekki viðfangsefni Evrópusambandsins heldur alfarið á hendi aðildarríkjanna eins og bent er á í nýlegu riti Auðuns Arnórssonar stjórnmálafræðings og meirihlutaáliti utanríkismálanefndar aukinheldur.

Umræðan um afsal forræðis yfir auðlindum þjóðarinnar á vafalítið rætur að rekja til hagsmunaaðila í sjávarútvegi, einkum útgerðarmanna sem hafa horft til þeirrar staðreyndar að formleg ákvörðun um úthlutun aflaheimilda muni færast frá Íslandi til Brussel. Það er að forminu til rétt því að ráðherraráð Evrópusambandsins tekur ákvarðanir um skiptingu aflaheimilda úr fiskstofnum ESB-ríkja. En ályktunin sem dregin er um afsal forræðis yfir auðlindinni er hins vegar röng því við þá úthlutun miðar ráðherraráðið við regluna um hlutfallslegan stöðugleika, þ.e. ríki fái úthlutaðan kvóta í réttu hlutfalli við veiðireynslu útgerða í viðkomandi landi á umræddu hafsvæði undangengin ár.

Þegar kæmi að því að úthluta kvóta innan íslenskrar fiskveiðilögsögu yrði því litið til þess að Íslendingar einir hafa veitt innan íslenskrar landhelgi síðastliðin ár og reyndar áratugi og mundu því sitja einir að kvótanum á Íslandsmiðum. Fullyrðingar um að ESB-aðild feli í sér að hér fyllist allt að spænskum og breskum togurum sem muni hirða af okkur aflann í stórum stíl eiga því ekki við rök að styðjast.

Rétt er að halda því til haga að endurskoðun fiskveiðistefnunnar stendur nú yfir og á það hefur verið bent að ESB gæti tekið regluna um hlutfallslegan stöðugleika úr sambandi sem hluta af þeirri endurskoðun. Eins og fram kemur í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis frá mars síðastliðnum þá hefur framkvæmdastjórn ESB þegar kannað afstöðu aðildarríkja sambandsins til endurskoðunar þessarar reglu og niðurstaðan var afar skýr. Hún var sú að 26 af 27 ríkjum sambandsins höfnuðu því með öllu að endurskoða regluna um hlutfallslegan stöðugleika. Það bendir því allt til þess að þessi grundvallarregla verði áfram við lýði. Þrátt fyrir það er eðlilegt að samninganefnd Íslands hafi það sem eitt af sínum forgangsmarkmiðum í væntanlegum aðildarviðræðum að tryggja að reglan um hlutfallslegan stöðugleika gildi á Íslandsmiðum um ókomin ár.

Önnur helstu grundvallaratriði sem tryggja þarf í aðildarviðræðum eru reifuð í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar og ég mun ekki gera þau að sérstöku umtalsefni hér að öðru leyti en því að taka undir það sem segir í meirihlutaáliti nefndarinnar að lögð verði áhersla á að viðurkennd verði sérstaða íslensks landbúnaðar og heimild til sérstaks stuðnings sem landbúnaðar á norðurslóð hliðstætt því sem Finnar og Svíar fengu í sína aðildarsamninga.

Virðulegi forseti. Umræðan um aðild Íslands að Evrópusamrunanum hefur verið hluti af pólitískri orðræðu á Íslandi í rúma fjóra áratugi eða allt frá því að umræða stóð hér undir lok sjöunda áratugarins um hvort við ættum að gerast aðilar að því sem þá hét Efnahagsbandalag Evrópu. Niðurstaðan þá var að ganga í EFTA árið 1970 og síðar í Evrópska efnahagssvæðið árið 1992 en jafnan hafa íslenskir jafnaðarmenn verið í fararbroddi þeirra sem voru fylgjandi auknu samstarfi við Evrópuþjóðirnar. Fyrir því liggja margar ástæður að við jafnaðarmenn teljum rétt og eðlilegt að sækja um aðild að Evrópusambandinu, í fyrsta lagi sú skoðun að íslenskum hagsmunum sé best borgið í nánu alþjóðlegu samstarfi við þær þjóðir sem við eigum mest undir, bæði hvað varðar pólitísk samskipti í einstökum málaflokkum en ekki síður varðandi utanríkisviðskipti, en langstærstur hluti utanríkisviðskipta okkar er við ríki sambandsins.

Þetta sjónarmið vegur enn þyngra í dag eftir hrun fjármálakerfisins í haust. Að mörgu leyti hefur reynslan af hruninu mikla kennt okkur hve mikilvægt sé að eiga góð og náin samskipti við nágrannaþjóðir okkar og helstu viðskiptalönd. Um árabil hafa tekist á andstæð sjónarmið hér á landi um afstöðu okkar til umheimsins. Annars vegar eru þeir sem hafa talað fyrir efnahagslegum sjálfsþurftarbúskap Íslendinga, óbreyttu viðhaldi íslenskrar krónu og takmarkaðri samleið Íslendinga með nágrannaþjóðum í Evrópu. Hins vegar eru þeir sem vilja styrkja samband okkar við nágrannaþjóðir í álfunni með hliðsjón af því að eyþjóð í hnattvæddum heimi á afkomu sína og velferð ekki síst undir uppbyggilegum samskiptum og viðskiptum við grannþjóðir.

Við eigum val um það að standa í átökum við alþjóðasamfélagið eða leita eftir samstarfi með það fyrir augum að tryggja betur hagsmuni okkar. Ég legg áherslu á að báðar þessar leiðir byggja á sömu forsendunni sem er viðleitni til að verja grundvallarhagsmuni Íslands. Þeir sem halda öðru fram fara villir vegar ómeðvitað eða vísvitandi. En ég er ekki í nokkrum vafa um að það er í öllu falli líklegra til að þjóna framtíðarhagsmunum Íslands að fara samningaleiðina í samvinnu við aðrar þjóðir en að standa í illdeilum við þær.

Evrópusambandið er myndað sem svar við ógnaröld í samskiptum Evrópuþjóða í tveimur heimsstyrjöldum á síðustu öld og hryggjarstykki þess eru sameiginlegir hagsmunir aðildarríkjanna af því að tryggja frið og stöðugleika í álfunni. Ekkert er eins mikilvægt fyrir heimili og atvinnulíf í hnattvæddum heimi og stöðugleiki eða jafnvægi í efnahagsmálum. Það er forsenda þess að hægt sé að gera áætlanir um framtíðina. Þetta á við í ríkjum Evrópusambandsins og

þetta á sannarlega við hér á Íslandi.

Í öðru lagi hefur reynslan af EES-samstarfinu kennt okkur hve mikilvægt sé fyrir sjálfstæða þjóð eins og Ísland að hafa beina og milliliðalausa aðkomu að mótun þeirrar lagasetningar og annarra gjörða sem verða til á vettvangi Evrópusambandsins. Við höfum undanfarinn hálfan annan áratug innleitt þúsundir gjörða í íslenska löggjöf í gegnum EES-samninginn en höfum hins vegar ekki haft stöðu til að hafa bein áhrif á innihald þessara gjörða. Slíkt er óásættanlegt fyrir sjálfstæða þjóð sem vill berjast fyrir hagsmunum sínum í alþjóðasamfélaginu. Í þeim skilningi má halda því fram að fullveldi okkar hvað varðar mótun löggjafar sem hefur áhrif á samfélag okkar muni aukast við inngöngu í sambandið þó að auðvitað verði að halda því til haga á móti að aðild að Evrópusambandinu felur í sér afsal á hluta fullveldis eða nánar tiltekið hluta ríkisvalds til Evrópusambandsins.

Í þriðja lagi, og þau rök hafa verið fyrirferðarmest í umræðunni undanfarin missiri, eru þær ástæður sem tengjast gjaldmiðilsmálum og aðild okkar að myntsamstarfi Evrópuríkja. Því verður ekki lengur á móti mælt að íslenska krónan er ekki gjaldmiðill sem á framtíð fyrir sér á alþjóðlegum peningamörkuðum. Þróunin í gjaldmiðilsmálum á alþjóðavettvangi hefur verið í þá átt að færri og öflugri gjaldmiðlar hafa leyst þjóðargjaldmiðla af hólmi. Allt bendir til þess að sú þróun haldi áfram og hin bitra reynsla Íslendinga af gjaldeyriskreppu íslensku krónunnar undirstrikar að það er ekki boðlegt fyrir íslenska þjóð að bera þann þunga fórnarkostnað sem fylgir íslensku krónunni til frambúðar og felur í sér verulega gengisáhættu, verðtryggingu með öllum þeim kostnaði sem henni fylgir fyrir íslenskan almenning, að ekki sé talað um óstöðugt rekstrarumhverfi jafnt atvinnulífs og heimila.

Aðild Íslands að myntsamstarfi ESB er framtíðarmál sem vitanlega verður ekki að veruleika fyrr en að nokkrum árum liðnum þegar Íslendingar hafa uppfyllt svokölluð Maastricht-skilyrði um árangur í efnahagsmálum. Hins vegar er brýnt til skemmri tíma að fylgja því fast eftir í aðildarviðræðum við Evrópusambandið að leitað verði liðsinnis þess og Evrópska seðlabankans um stuðning við krónuna þangað til við höfum uppfyllt Maastricht-skilyrðin. Ótalin eru afleidd áhrif af upptöku evru, til dæmis á erlendar fjárfestingar en á það hefur verið bent af fræðimönnum að upptaka evru mundi auka verulega líkur á erlendri fjárfestingu hér á landi og gæti aukið utanríkisviðskipti um ríflega helming. Enn mætti nefna fleiri rök fyrir aðild sem eru væntingar um umtalsvert lægra matvæla- og vöruverð, niðurfellingu tolla á íslenskum afurðum, þar með talið sjávarafurðum og landbúnaðarafurðum, lægri skólagjöld í breskum háskólum fyrir íslenska nemendur og svo framvegis.

Virðulegi forseti. Forsvarsmenn Sjálfstæðisflokksins á þinginu hafa lagt fram breytingartillögu um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún felur í sér að áður en tillaga um aðildarumsókn nær fram að ganga verði efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort sækja skuli um aðild. Gagnrýnendur þessarar hugmyndar hafa bent á að þessi tillaga sé fordæmalaus. Engin þeirra þjóða sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu hafi farið þessa leið. Það segir sína sögu. En látum það liggja milli hluta í bili. Frumleiki getur verið hin besta dyggð og á alls ekki að útiloka að við Íslendingar séum einfaldlega betur nestaðir en aðrar þjóðir í því að finna upp á pólitískum nýjungum. Nú er ég almennt fylgjandi því að auka aðkomu þjóðarinnar að meiri háttar ákvörðunum varðandi þjóðarhag í bráð og lengd. Þess vegna hefur það allan tímann verið stefna Samfylkingarinnar að þjóðin fengi alltaf að kveða upp sinn dóm um aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hugmyndin um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu í þessu tiltekna máli um ESB-aðild hefur hins vegar þann stóra galla að þjóðin hefur einfaldlega ekki forsendur til að taka upplýsta afstöðu til málsins áður en aðildarviðræður hafa farið fram. Kostirnir sem lagðir yrðu fyrir þjóðina væru í besta falli ófullkomnir og í versta falli misvísandi. Þeir eru ófullkomnir af því að þegar þjóðin gengur að kjörborðinu í slíkri kosningu þá liggur enginn samningur á borðinu. Það er ekkert fast í hendi sem þjóðin getur byggt afstöðu sína á. Þó við þekkjum Rómarsáttmálann og gjörðir ESB þá liggur fyrir að við þurfum að semja um 35 kafla sem taka á flestum grundvallarhagsmunum Íslands og niðurstaðan er ekki gefin fyrir fram hvað sem hver segir. Þessir kostir í tvöfaldri atkvæðagreiðslu eru misvísandi því þrátt fyrir allar skýrslurnar, allar fræðibækurnar og blaðagreinarnar undanfarin 25 ár lifa tröllasögur og glansmyndir góðu lífi í Evrópuumræðunni á Íslandi, tröllasögur um að við munum tapa yfirráðum yfir auðlindum okkar eða jafnvel fullveldinu. Á hinn bóginn er glansmyndin af ESB sem allra meina bót. Hvorugt á við rök að styðjast en hætt er við að þegar enginn samningur er á borðinu verði slíkar ímyndir fyrirferðarmestar í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ef við förum í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu gengur þjóðin að kjörborðinu með bundið fyrir augun. Hún hefur engin óyggjandi svör við knýjandi spurningum um hvaða sérlausnum við gætum náð fram í aðildarsamningi Íslands sem eðli málsins samkvæmt yrði niðurstaða ítarlegra aðildarviðræðna milli samninganefnda okkar og Evrópusambandsins með aðkomu Alþingis, ríkisstjórnar og helstu hagsmunaaðila. En skiptir þjóðarviljinn þá engu máli? Jú, svo sannarlega og við förum býsna nærri því hver hann er gagnvart aðildarviðræðum því skoðanakannanir hafa verið gerðar ítrekað árum saman einmitt um þetta efni. Nær alltaf hefur birst skýr meiri hluti þjóðarinnar fyrir því að stíga þetta skref og hefur stuðningurinn gjarnan verið á bilinu 60–70% landsmanna. Það ætti að vera þingheimi mikilvægt veganesti þegar hann tekur ákvörðun um hvort hann eigi að greiða götu þessa mikilvæga máls sem getur varðað veginn til efnahagslegs stöðugleika fyrir Ísland á komandi árum út úr þeim beiska táradal sem við erum í í kjölfar bankahrunsins.

Virðulegi forseti. Við lifum í hnattvæddum heimi. Við lifum tíma þar sem fullveldi þjóða eru takmörk sett í ljósi þess að stærstu verkefni stjórnmálanna eru í eðli sínu alþjóðleg en ekki þjóðleg og þau verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki ríkja innan heimsálfa og milli heimsálfa. Engin þjóð er þess umkomin að leysa loftslagsvandann upp á eigin spýtur. Engin þjóð getur sigrast á hryðjuverkaógn heima í túnfætinum eða tryggt frið og stöðugleika í álfunni innan sinna landamæra. Engin þjóð getur sigrast á alþjóðlegu fjármálakreppunni ein síns liðs. Öll þessi vandamál og

mörg fleiri í samtímanum kalla á fjölþjóðlegt samstarf, úrræði og lausnir sem eru afrakstur víðtæks samráðs og samvinnu margra ríkja með ólíka sýn en sameiginlega grundvallarhagsmuni um jafnvægi og framfarir í þágu umbjóðenda sinna.

Við þingmenn eigum að gæta almannahagsmuna, almannahagsmuna í störfum okkar á Alþingi. Við komum að sönnu úr ólíkum áttum. Sumir hafa starfað í útgerð, aðrir eru bændur og enginn flýr sinn uppruna. En þegar við komum á löggjafarsamkunduna ber okkur að gæta hagsmuna allrar þjóðarinnar, ekki einstakra hagsmunahópa, stétta eða atvinnugreina. Þetta bið ég þingmenn að hafa hugfast þegar þeir greiða atkvæði um tillöguna um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Með henni er mörkuð skýr sýn til framtíðar og send afar mikilvæg skilaboð til umheimsins um að Ísland vilji taka fullan þátt í samstarfi Evrópuþjóða í framtíðinni því það er vænlegasta leiðin til að tryggja landsmönnum aftur stöðugleika og batnandi lífskjör hér á komandi árum.

[19:49]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Fögnuður minn yfir þeirri þingsályktunartillögu sem nú er til umræðu á Alþingi er mikill sem og þeirra fjölmörgu Evrópusambandssinna sem lengi hafa barist fyrir því að aðildarviðræður við Evrópusambandið kæmust á dagskrá hér á landi. Ég vil þakka hv. utanríkismálanefnd fyrir vandaða og málefnalega vinnu í sambandi við þessa þingsályktunartillögu og meiri hluta nefndarinnar fyrir ítarlegt og upplýsandi nefndarálit.

Við sem sitjum nú á Alþingi njótum þeirra forréttinda að fá að taka þátt í að endurreisa íslenskt fjármálakerfi og efnahag og fáum þannig tækifæri til að móta íslenskt samfélag til framtíðar. Það er mikið ábyrgðarstarf sem krefst þess að við hugsum ekki aðeins um skammtímahagsmuni heldur leitum langtímalausna á þeim gríðarlegu vandamálum sem blasa við okkur í dag. Skammtímalausnir geta reynst dýrkeyptar til lengri tíma litið þó þær kunni að virðast góðar og jafnvel nauðsynlegar í hita leiksins.

Eftir hrun íslenska fjármálakerfisins var sú stefna mörkuð að endurreisnin færi fram í gegnum samstarf við alþjóðasamfélagið. Við erum stolt af landi og þjóð og teljum okkur eiga fullt erindi við borðið þar sem ráðum er ráðið í milliríkjasamstarfi. Við erum vissulega lítil en við höfum sérþekkingu og reynslu á mikilvægum sviðum svo sem eins og í sjávarútvegi og orkumálum. Það er ekki síður mikilvægt fyrir okkur að njóta ávinnings af alþjóðasamstarfi enda hefur lítil þjóð eins og okkar ekki tök á sömu sérhæfingu á ýmsum sviðum og stærri þjóðir.

Frú forseti. Ég tel rétt áður en lengra er haldið að gera grein fyrir afstöðu minni til aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Það er auðvitað engum blöðum um það að fletta að ég er fylgjandi slíkri aðild og hef verið um árabil því ég tel að Evrópusambandið sé eftirsóknarverður samstarfsvettvangur fyrir Íslendinga og að hagsmunum okkar sé betur borgið innan þess en utan. Evrópusambandið er í eðli sínu friðarbandalag og varð til eftir hryllilegar styrjaldir í Evrópu. Kol- og stálbandalagið var sett á laggirnar til að efnahagslegum og pólitískum hagsmunum í tengslum við þessa mikilvægu framleiðslu stofnríkjanna væri fundinn farvegur í sameiginlegum stofnunum. Evrópusambandið hefur síðan þróast og er nú samstarfsvettvangur 27 ríkja sem hafa tekið þá ákvörðun að sum viðfangsefni þessara ríkja séu þess eðlis að hagsmunum þeirra sé betur borgið með sameiginlegu átaki heldur en takast á við þau hvert í sínu lagi. Það má því segja að ESB auðveldi þjóðum að vera þjóðríki og þau geti einbeitt sér að atvinnumálum, velferðarmálum og menningarmálum en efnahags- og pólitísk hagsmunamál gagnvart öðrum ríkjum séu meðhöndluð á friðsamlegum samstarfsvettvangi Evrópuríkja.

Í umræðunni um Evrópusambandið er oft látið að því liggja að ef Ísland verði aðili að Evrópusambandinu yrðum við kúguð af stærri og sterkari þjóðum og stundum er jafnvel átakalínunni stillt upp sem átökum milli Íslands og Evrópusambandsins í heild sinni. Ég hafna þessari skoðun alfarið og vil benda á að innan sambandsins eru 27 þjóðir sem ráða ráðum sínum og niðurstaðan á að þjóna hagsmunum sem flestra. Nú ætla ég ekki að leiða að því líkur að Evrópusambandið sé einhvers konar hálsaskógur þar sem bangsapabbi talar mildilega við deiluaðila og býður upp á fallega og einfalda lausn, ónei. En hagsmunabandalög byggja á því að allir fái vel við unað. Það er eins og í öðru samstarfi, nú eða hjónabandi, þú gengur til samstarfsins því þú telur þig fórna minni hagsmunum fyrir meiri.

Við í Samfylkingunni leggjum mikla áherslu á aðildarviðræður við Evrópusambandið. Við erum, eins og allir vita, Evrópuflokkur en það er ekki einvörðungu hugsjónin um að vera hluti af hinu evrópska samfélagi sem ræður heldur þær aðstæður sem nú eru uppi á Íslandi. Við teljum það efnahagslega nauðsyn að sækja um aðild að Evrópusambandinu og þar með hinu evrópska myntsamstarfi. Við teljum liggja á aðildarviðræðum því hagsmunir íslenskra fjölskyldna og atvinnulífs eru miklir í því að við getum tekið upp stöðugan gjaldmiðil sem ekki sveiflast eins og klukkukólfur, sem losar okkur við verðtrygginguna og sem auðveldar íslenskum fyrirtækjum viðskipti við útlönd og fjármagnsöflun.

Frú forseti. Það er ekki aðeins Samfylkingin sem leggur áherslu á Evrópusambandið. Flest samtök innan Samtaka atvinnulífsins eru sammála okkur og stærstu samtök launafólks á Íslandi, Alþýðusamband Íslands með yfir 100 þúsund félagsmenn eru fylgjandi Evrópusambandsaðild því þau telja launafólk njóta betri lífskjara með stöðugri gjaldmiðli. Auk þess er fjöldi fólks í öllum flokkum hlynntur Evrópusambandsaðild af ýmsum ástæðum.

Öllum er ljóst að upptaka evru tekur tíma en langtímaverkefni sem krefst þolinmæði og aga þarf að hefja. Það þýðir ekki að sitja hjá aðgerðalaus og segja að ferlið sé svo langt að ekki sé hægt að hefja það. Miðað við núverandi stöðu er líklegt að aðild að myntsamstarfinu geti í fyrsta lagi orðið að veruleika eftir fjögur ár. Mikil einföldun er hins vegar að túlka þetta sem svo að Ísland njóti ekki nokkurs hags af myntsamstarfinu fyrr en fengin er full aðild. Reynsla annarra umsóknarþjóða sýnir að þessu er einmitt öfugt farið. Umsókn um aðild að ESB er stefnumarkandi ákvörðun í efnahags- og peningamálum og eftir henni er tekið. Reynslan sýnir að gengi og vextir verða fyrir sterkum áhrifum þegar í umsóknarferlinu og enn frekar eftir að aðild

hefur fengist. Gengið verður stöðugra og vextir umsóknarlanda fara að leita í átt að því vaxtastigi sem ríkir á evrusvæðinu. Þetta stafar meðal annars af þeim stuðningi sem fólginn er í ERM II kerfinu en stjórnast einnig af væntingum um endanlega aðild að myntsamstarfinu.

Frú forseti. Það má ljóst vera að ég er mjög hlynnt Evrópusambandsaðild og vona svo sannarlega að Alþingi samþykki þingsályktunartillögu hæstv. utanríkisráðherra. Hitt er annað svo mál að ef svo fer að hún verði samþykkt er aðildarferlið rétt að hefjast og óvíst hver niðurstaðan verður. Ég er mjög vongóð um að með reynslumiklu og harðsnúnu samningsliði sem fer fram af stolti, víðsýni og stefnufestu fyrir Íslands hönd takist okkur að ná fram samningum sem verða íslensku þjóðinni til framdráttar. Sá samningur sem verður niðurstaða aðildarviðræðnanna verður síðan lagður í dóm þjóðarinnar sem mun vega hann og meta. Sá samningur verður síðan samþykktur telji þjóðin hann þjóna hagsmunum sínum en felldur ef við teljum hann ekki líklegan til að efla lífskjör okkar jafnt í efnahagslegu sem menningarlegu tilliti. Við í Samfylkingunni lítum á það sem skyldu okkar að fylgja málinu fast eftir því við teljum að aðild að ESB sé eitt brýnasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar og mikilvægt til að skapa tiltrú landsmanna á bjarta framtíð íslensks samfélags.

[19:58]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi ræða var eftir forskriftinni sem hv. samfylkingarþingmenn hafa notað, að það er lofað og það er hótað. En það vantaði eitt og það er að við hefðum áhrif í Evrópusambandinu. Menn hafa flestir sagt að við hefðum líka áhrif með þessum þremur eða fjórum þingmönnum af 600. Hv. þingmaður lofaði því að þetta losar um verðtrygginguna. Ég ætla að koma inn á þann punkt. Verðtryggingin var á sínum tíma tekin upp til að tryggja lífeyrissjóðina aðallega. Þeir brunnu upp í verðbólgunni og það eru alltaf tveir sem eiga aðild að verðtryggingu. Það er einn sem fær verðtryggingu, sparifjáreigandi, gamall maður eða gömul kona, lífeyrissjóður og annar sem borgar, lántakandi. Ég spyr hv. þingmann: Hvernig ætlar hún að leysa verðtrygginguna, alla þá einkasamninga sem eru í gildi um verðtryggingu þegar evran verður tekin upp? Á þá að gilda verðtrygging á evru eða hvernig ætla menn að leysa þetta? Þetta er alveg óleyst. Þetta þarf að leysa áður en skipt er um gjaldmiðil, ekki spurning.

Svo er það önnur spurning til hv. þingmanns. Á hvaða gengi á evru á að skipta? Ætla menn að taka núverandi gengi og keyra allar skuldir í innlendum krónum niður og allar inneignir líka eða hvernig ætla menn að fara að því? Þetta er líka óleyst.

Svo vil ég gjarnan spyrja hv. þingmann af því að allir flokkar ræða þetta fram og til baka um kosti og galla nema Samfylkingin. Hún ræðir bara kosti. Fyrir hana er þetta fundinn sannleikur. Hún þarf ekki að leita að sannleikanum lengur. Hún er búin að finna hann. Getur hv. þingmaður nefnt mér nokkra galla við aðild að Evrópusambandinu?

[20:00]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal spurði mig hér tveggja spurninga, annars vegar hvernig ég hygðist losa þjóðina undan verðtryggingu með evru. Hv. þingmaður veltir því upp hvort verðtrygging verði losuð af öllum skuldbindingum. Það er náttúrlega þannig, eins og hann kemur inn á í síðari spurningunni, að ef og þegar við tölum upp evru þá verður það á grundvelli þess að við höfum náð hér aga og stefnufestu í ríkisfjármálum og peningamálum. Við þær aðstæður skapast á markaði tiltrú markaðarins á að verðbólga haldist stöðug og lág. Við þær aðstæður er ekki þörf á verðtryggingu til þess að tryggja að aðilar á Íslandi hafi aðgengi að lánsfé. Verðtryggingin er trygging til þess að hægt sé að fá aðgengi að lánsfé þannig að sparnaður eða fjármunir þeirra sem veita lán gufi ekki upp. Þetta veit hv. þingmaður jafn vel og sú sem hér stendur.

En á hvaða gengi? Þetta er náttúrlega grundvallarspurning í þessari umræðu, frú forseti. Það er kappsmál að við þurfum að ná stöðugleika á íslensku krónuna. Við þurfum að koma henni í eins lága vísitölu og við mögulega getum. Að því verðum við að róa öllum árum. Það gerum við meðal annars með niðurskurði og aðhaldi í ríkisfjármálum. Það gerum við með endurreisn bankakerfisins til að afla fjármagns erlendis frá og það gerum við með ýmsum þeim erfiðu aðgerðum sem ríkisstjórnin er núna að takast á hendur.

[20:02]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi verðtrygginguna byggist afstaða hv. þingmanns á óskhyggju, byggir á því að fólk sem búið er að gera samning, segjum til 20–30 ára með því að kaupa til dæmis íbúðalánabréf, skuldabréf Íbúðalánasjóðs í því trausti að verðtryggingin haldi og hefur sætt sig við lægri vexti til þess að njóta verðtryggingar þannig að verðbólguskot eins og kom um síðustu áramót raski ekki og eyðileggi ekki sparnaðinn — þetta er vantrú íslenskra sparifjáreigenda á sparnað og það eru allt of fáir sparifjáreigendur á Íslandi ef hv. þingmaður skyldi ekki vita það. Hvernig ætlar hún að skapa þetta traust ef hún ætlar að byrja á því að taka verðtrygginguna burtu og lýsir því yfir?

Gengi evrunnar, fínt, þegar við verðum búin að ná upp trausti og því sem hv. þingmaður kallaði aga og stefnufestu. En við getum bara alveg eins gert það án þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Við getum ákveðið sjálf að beita aga og stefnufestu. (**Utanrrh.:** Þú sást hvernig það gekk hjá ykkur.) Þá mun gengið á krónunni væntanlega lagast og við þurfum ekki að taka upp evru.

Hv. þingmaður gleymdi að svara því hverjir væru gallarnir við Evrópusambandið eða kannski veit hún ekki af einum einasta galla.

[20:04]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður vænir mig um óskhyggju en varðandi þá vegferð sem við þurfum að fara í til þess að ná skikki á gengi íslensku krónunnar, ekki einvörðungu til þess að geta skipt henni yfir í evru heldur til þess að tryggja lífskjör heimilanna og lífvænleika íslenskra fyrirtækja þá vil ég halda því fram sem og margir hagfræðingar sem um þessi mál hafa fjallað að með því að stefna á Evrópusambandið og upptöku evru muni það hafa jákvæð áhrif á gengi

íslensku krónunnar og skapa trúverðugleika á íslenskan efnahag til framtíðar.

Varðandi verðtrygginguna og þá löngu föstu samninga þá er þetta flókið mál því að hér eru veitt löng lán í húsnæðislánum með föstum vöxtum og verðtryggingu. En ég skal benda á að víða í Evrópu eru breytilegir vextir sem eingöngu er hægt að festa til skemmri tíma og þá má taka upp samninga við þá sem eiga þessa samninga um breytilega vexti sem taka mið af aðstæðum hverju sinni. Ég lýsi því ekkert yfir að ég ætli að losa okkur við verðtrygginguna í einu vetfangi en með því að fara inn í það stöðuga umhverfi sem krafist er að hafa til þess að geta verið aðili að evrunni þá aukum við á trúverðugleika markaðarins.

Varðandi neikvæða þætti Evrópusambandsins sem hv. þingmaður innir mig svo ítarlega eftir þá sé ég ekkert mjög margt neikvætt við Evrópusambandið. Ég get til dæmis sagt að ég tel að með Schengen-samstarfinu sem við erum nú þegar aðilar að þá séum við að loka af fátækari ríki og hef áhyggjur af því. Ég hef áhyggjur af þeirri stefnu Evrópusambandsins til að mynda. En ég veit að í hans eigin (Forseti hringir.) flokki er fjöldinn allur af aðilum sem vill dengja yfir hann neikvæðum hliðum svo að ég ætla að halda mér við þær jákvæðu.

[20:06]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við erum hér að ræða aðildarbeiðni að Evrópusambandinu. Þetta er mjög stórt mál og sennilega það stærsta sem Alþingi hefur rætt mjög lengi. Það má eiginlega segja að ef við lítum á sögu Íslands — ég er gjarn á að líta dálítið til langs tíma. Ég er ekki að redda næstu viku þannig séð — og ef ég lít á sögu Íslands má segja að 1262 var Gamli sáttmáli samþykktur og þá gengust Íslendingar undir Noregskonung og síðan frá honum yfir til Danakonungs og varð úr því um 600 ára tímabil stöðnunar og mikillar fátæktar á Íslandi og er það hörmungarsaga öllsömul. Landsmönnum fækkaði. Þetta voru um 90 þúsund manns við lok þjóðveldistímans og er talið að þeir hafi farið niður í 70 þúsund þegar fæst var og fækkaði sem sagt. Það var ekki vegna þess að fólk flytti úr landi heldur vegna þess að fólk dó úr ófeiti eða hvað það var kallað.

Þetta var hörmungartími og þegar Danir réðu hér ríkjum fór margt á versta veg. Ég held að það hafi ekki verið vegna þess að Danir séu eitthvað sérstaklega illviljaðir menn eða illviljaðir nýlenduherrar. Ég held að þeir hafi frekar verið góðir nýlenduherrar. En það sem skorti á var áhugi þeirra og skilningur á vandamálum Íslands og þekking á því hvað var að gerast á Íslandi. Það vantaði gjörsamlega og það var enginn áhugi fyrir því.

Við fengum fullveldi 1918 og síðan sjálfstæði 1944 í miðri heimsstyrjöldinni og má kannski segja að við höfum notað það tækifæri. Dönum fannst það sumum ekki vera beint heiðarlegt. En þannig var það nú. Núna árið 2009 erum við að ræða það að ganga inn í Evrópusambandið og afsala okkur hluta af fullveldinu og hluta af sjálfstæðinu. Ég held að ekki sé um það deilt. Menn telja og vita að það þarf að breyta stjórnarskránni til þess að við megum afsala okkur fullveldi og sjálfstæði. Þetta ræðum við í dag.

Ef maður lítur á þessa sögu frá því að Ísland byggðist og til dagsins í dag má segja að frá 1262 hafi verið mikil stöðnun og fátækt. Margir telja að Íslendingar hafi verið ein fátækasta þjóð Evrópu þegar fullveldið fékkst 1918. En núna er Ísland með ríkustu þjóðum heims, þar af leiðandi Evrópu, og það jafnvel eftir hrun. Ég dreg því þá ályktun að það að við förum með eigin mál og eigið sjálfstæði og getum tekið á okkar vandamálum á okkar eigin forsendum sé ástæðan fyrir því hversu vel hefur gengið.

Aðrir segja að þetta skipti ekkert stóru máli vegna þess að allt sé svo breytt, það sé orðin einhver ógurlega mikil alþjóðavæðing og elskulegheit á milli ríkja og manna og fyrirtækja að þetta sé allt saman breytt og tímar eins og þegar Danir réðu ríkjum á Íslandi komi ekki aftur. Ég get á margan hátt tekið undir það. Ég held að bara internetið, sími og annað slíkt geri það að verkum að slíkir tímar koma ekki aftur, þ.e. þegar póstskipin komu á vorin kannski, stundum ekki. Þetta er því kannski ekki sambærilegt. En það sem er sambærilegt er að valdið fer frá Íslandi, ákvörðunarvaldið um ákveðna hluti fer frá Íslandi til Brussel og þar verða teknar ákvarðanir í stærri málum og til dæmis varðandi sjávarútveg, orkumál og annað slíkt.

Ef ég lít á sögu Evrópusambandsins þá er hún miklu styttri. Það má eiginlega segja að hún hafi byrjað fyrir 58 árum, 1951, með stofnun Kola- og stálbandalagsins. Síðan mynduðu sex stofnríki — það voru Belgía, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg, Holland og Þýskaland — gerðu sem sagt með sér Parísarsáttmálann. Í rauninni var hugsunin og hugsjónin á bak við það minningin um stríðið og það að reyna að koma í veg fyrir styrjaldir í framtíðinni. Það má eiginlega segja að þessi 58 ár hafi liðið án þess að styrjöld geisaði í Evrópu. Þannig má segja að þessu markmiði hafi verið náð enn sem komið er og ólíklegt kannski — og þó — en það er ólíklegt frekar að menn sjái fyrir sér stríð á milli Evrópusambandsþjóða.

Svo gerist það fyrir 52 árum að Kjarnorkubandalag Evrópu er stofnað og svo er Efnahagsbandalagið stofnaði 1957, sama ár, og segja má að það sé fæðingardagur Evrópusambandsins og það er eiginlega hálf öld síðan og er afskaplega stuttur tími í samanburði við Íslandssöguna, svo maður tali nú ekki um sögu Evrópu. Ég ætla ekki að fara dýpra í hana. Fyrst voru þetta sem sagt sex stofnríki og síðan bættust við þrjú 1973, fyrir 36 árum. Ég er að segja frá þessu, frú forseti, til þess að undirstrika hvað Evrópusambandið sé í rauninni ungt og hvað það breytist mjög hratt. Árið 1973, fyrir 36 árum bættust við Danmörk, Írland og Bretland og þá voru þau orðin níu. Svo kom Grikkland. Svo bættust við Spánn og Portúgal og þá voru þau orðin tólf fyrir 23 árum. Það eru sem sagt 23 ár síðan Evrópusambandslöndin voru tólf og þá var lagður grunnur að sameiginlegum innri markaði. Það var fyrst þá, fyrir 23 árum, sem var lagður grunnur að sameiginlegum innri markaði. Eldra er nú Evrópusambandið ekki. Síðan er sáttmálinn um Evrópusambandið samþykktur fyrir sautján árum, 1992, og svo Amsterdamsáttmálinn fyrir tólf árum, 1997, og þá voru aukin völd þings og fleiri málaflokkar felldir undir meirihlutaatkvæði í ráðherraráðinu. Þá fer þetta að taka á sig ákveðna mynd, svona ákveðna ríkismynd. Þá getur maður farið að tala um Evrópusambandið sem ekki bara lauslegt samband ríkja heldur var komið þarna þing sem var sameiginlegt fyrir allt

bandalagið. Svo er til dæmis ekki hjá Sameinuðu þjóðunum. Reyndar er þing þar. En það er ekki kosið til þess af aðildarþjóðunum. Það verður sem sagt heilmikil breyting með þessu.

Fyrir átta árum er Nice-sáttmálinn samþykktur og þá er undirbúin frekari stækkun. Svo er evran og Schengen tekið upp 2002, reyndar ekki fyrir öll ríkin. Það eru tólf ríki núna með evru og 22 plús tvö eru aðilar að Schengen-samkomulaginu. Það má því eiginlega segja að með evrunni hafi þetta virkilega þróast í átt til ríkis því að þá var komið þing og mynt. Maður spyr sig hvað eitt til viðbótar einkenni ríki. Það er kannski her. Menn eru stöðugt að ræða um að stofna her og það er kannski það sem skortir í dag.

Árið 2004, fyrir fimm árum, verður eiginlega sprenging í Evrópusambandinu því að þá voru tekin inn tíu lönd, flest frá fyrrum Sovétríkjum ekki öll reyndar. Kýpur og Malta voru ekki þaðan. Þá nánast tvöfaldaðist fjöldi ríkja og varð náttúrlega mikil breyting á Evrópusambandinu. Það eru bara fimm ár síðan, frú forseti. Það eru nú öll ósköpin sem við erum að tala um. Í Evrópusambandinu núna eru um það bil 500 milljón manns og í Brussel starfa 50 þúsund embættismenn alla daga, eru á fundum dag og nótt, ekki nótt kannski, en mikið á fundum og allir þessir embættismenn eru í rauninni alltaf að vinna að því að búa til ríki. Þeir eru að semja stjórnarskrá eins og Lissabon-sáttmálinn átti að vera og þeir standa fyrir kynningarherferðum og þeir búa sig undir aðildarkosningar. Til dæmis þegar kosið verður hér á Íslandi mun mikil kynningarstarfsemi fara í gang af hendi Evrópusambandsins og miklir peningar eru lagðir í svoleiðis áróðurs- og markaðsstarf til þess að stækka sambandið og þjappa því saman í ríki. Þetta er nokkuð sem margir hafa bent á sem ákveðna hættu.

Þrjú ríki bíða núna í ferli til viðbótar við þessi 27. Það eru Króatía, Tyrkland og Makedónía og svo kannski, ef við samþykkjum þessa beiðni, þá bætist Ísland við og þá verður eiginlega komið 31 ríki í Evrópusambandið.

Það sem ég er að segja með þessu er að Evrópusambandið er í miklu breytingaferli. Það er á fleygiferð í átt til ríkis. Ef við lítum á þetta svona er þetta ekkert annað en þróun í átt til ríkis og sú þróun verður sífellt sterkari. Minn fyrirvari við það að ganga í Evrópusambandið er sá að ég hugsa til miklu lengri tíma. Ég er ekki að hugsa um átta eða tíu eða tuttugu ár. Ég er að hugsa um 50 eða 100 eða 200 ár því að ef við göngum inn í Evrópusambandið og ef það skyldi nú hanga saman — sem er önnur spurning. Kannski hefur það vaxið of hratt. Kannski brotnar það innan frá vegna ofvaxtar og of hraðs vaxtar. Það er mikið rætt í Evrópusambandinu — en ef það þróast með sama hraða áfram þó ekki væri nema í 20 ár, 30 ár, 40 ár, þá er þetta orðið pikkfast ríki.

Þann 30. júní felldi stjórnlagadómstóll Þýskalands úrskurð um Lissabon-sáttmálann. Ég fæ reyndar dálítið ruglingskennda niðurstöðu af þeim dómi. En mér sýnist helst að hann segi að Lissabon-sáttmálinn sé ekki í andstöðu við þýsku stjórnarskrána en það þurfi að gera ákveðnar breytingar á henni og breytingar á lögum í Þýskalandi. En dómstóllinn tekur alveg sérstaklega fram að Þýskaland sé sjálfstætt ríki. Hann telur sig þurfa að taka það sérstaklega fram að Þýskaland sé sjálfstætt ríki en ekki sameinað Evrópuríki. Hann er því svona að reyna að spyrna við fótunum, sýnist mér, við þessari þróun í átt til ríkis en auðvitað er Evrópusambandið að þróast í átt til ríkis.

Ef við lítum á Evrópusambandið svona utan frá eins og við Íslendingar gerum þá er spurning: Hvað er þetta eiginlega? Mér sýnist að þetta sé svona: Fyrst var það stofnun til þess að varðveita til frið en svo fer það eiginlega að verða til þess að halda fátæklingum fyrir utan. Þetta er tollabandalag sem er til þess að vernda innlenda framleiðslu, sérstaklega landbúnað og annað slíkt, og halda vörum annarra fyrir utan með tollmúrum og svo framvegis. Ef ég væri mannvinur og annað slíkt, sem ég kannski er, þá mundi ég gagnrýna þetta mjög alvarlega, þ.e. að ríku þjóðirnar í Evrópusambandinu séu að reisa utan um sig tollmúra til þess að halda fátæka fólkinu fyrir utan. Það berast stöðugar fréttir af fólki sem er að flýja inn í Evrópusambandið utan frá, flýja mjög bágborin kjör í Norður-Afríku og annars staðar, sem reynir með öllum ráðum, jafnvel með lífshættulegum ráðum að smygla sér inn í Evrópusambandið.

Ég sagði í upphafi að Íslendingar hefðu fengið sjálfstæði og fullveldi og að með aðild að Evrópusambandinu verði þeir að afsala sér þessu fullveldi og sjálfstæði. Margir hafa sagt, og sumir jafnvel svona í hálfkæringi, að fullveldi sé eitthvað allt annað en það var og sé gamaldags fyrirbæri. Sumir segja jafnvel að menn hafi fullveldi til þess eins að afsala sér því, að menn hafi fullveldi til þess að geta hætt við að vera fullvalda. Það er dálítið merkileg hugsun. Sumir segja að fullveldi sé í rauninni ekki lengur til. Við gerumst aðilar að Sameinuðu þjóðunum og við samþykkjum mannréttindayfirlýsingar og annað slíkt og í hvert skipti sem við gerum það þá séum við að afsala hluta af fullveldinu og það sé eitthvað allt annað hugtak en það sem Jón Sigurðsson var að ræða um hérna þegar hann barðist fyrir sjálfstæði Íslands, að þetta sé orðið eitthvað mjög gamaldags fyrirbæri og eigi ekki lengur við.

Þó verður ekki fram hjá því litið að til dæmis Danmörk gerir ekki viðskiptasamninga við Tævan. Evrópusambandið sér um það. Þar af leiðandi er Danmörk ekki lengur eins alþjóðleg eins og hún var. Danmörk er orðin svona dálítið, hvað á ég að segja, heimsk í þeim skilningi að heimskur sé heimakær, sá sem fer aldrei út. Evrópusambandið er í reynd andstæða við það að vera alþjóðlegt. Það gengur eiginlega út á það að þjappa sér inn i einhverja blokk og þá má maður ekki hafa samskipti við það sem er fyrir utan. Maður hefur kannski meiri samskipti inni á heimilinu. En maður má ekki fara út. Íslendingar hafa núna heimild til að gera samninga við hvaða ríki sem er, hvar sem er. En ef það gengi í Evrópusambandið gæti það ekki gert slíka samninga þannig að aðild að Evrópusambandinu er í mínum huga einangrunarstefna en ekki alþjóðastefna þó að margir haldi því öndverða fram.

Það sem ég óttast mest í sambandi við Evrópusambandið er sem sagt ekki endilega að þetta sé ekki góður klúbbur. Ég hugsa að þetta sé tiltölulega þokkalega góður klúbbur. Ég hef búið sjálfur í Þýskalandi lengi og auðvitað þurfa svona risaríki að hafa mjög strangar reglur. Það er ljóst að eftir því sem ríki stækkar þeim mun minni verður borgarinn. Það verður minna svigrúm fyrir borgarana, þ.e. undanþágur og því um líkt. Það má eiginlega segja að menn séu

að velja á milli þess að vera stórt tannhjól í litlu úri eða að vera pínulítið tannhjól í risastóru úri og hafa þar af leiðandi afskaplega lítil áhrif á örlög sín og framtíð. Um það eru menn að velja í mínum huga. Það sem ég óttast mest er að eftir einhver ár — og það getur enginn sagt mér það eðlilega hvernig Evrópusambandið verður eftir 50 ár — að þá get ég séð fyrir mér að Ísland verði einhvers staðar á jaðrinum, alveg úti við röndina eins og Grímsey eða Raufarhöfn og hlutföllin í íbúafjölda svona svipuð og áhrifin verða sennilega svipuð og áhrif Raufarhafnar á stjórn Íslands. Auðvitað vita menn á Íslandi, hér í Reykjavík af Raufarhöfn og menn veita fé í höfn á Raufarhöfn og svo framvegis. En áhrif Raufarhafnar á stóru pólitíkina í Reykjavík eru eflaust ekki mikil ef menn fara að greina þau og ekki verða áhrif Íslands meiri í Evrópusambandinu. Jafnvel þó að við fengjum þrjú atkvæði af 600 þá vita allir hverjir borga. Það eru Þjóðverjar sem borga og það eru Frakkar sem borga næstmest og svo Bretar. Það er miklu meira tillit tekið til atkvæða sem þeir hafa, hlutfallslega þó miklu minna því að það er gífurlegur lýðræðishalli í Evrópusambandinu. Stjórnlagadómstóllinn þýski benti einmitt á þetta, þ.e. að Maltverji hefur miklu meira atkvæðavægi en þýskur kjósandi í Evrópusambandinu. Það er mikill lýðræðishalli. Íslendingar hefðu hlutfallslega miklu meiri áhrif í Evrópusambandinu en Þjóðverjar. Mér skilst að 1,8 milljónir Þjóðverja séu á bak við hvern þingmann á Evrópuþinginu á meðan þeir væru miklu færri hér á Íslandi, 60–70 þúsund, eitthvað svoleiðis. Það þýðir að hver Íslendingur hefði í raun samkvæmt því meiri áhrif en hver kjósandi í Þýskalandi. En menn vita hver ræður. Þjóðverjar ráða náttúrlega miklu meiru en atkvæðamagn þeirra segir til um.

Mikil umræða hefur verið um Evrópusambandið undanfarið í öllum flokkum og kannski sérstaklega eftir hrun. Fólk leitar að einhverri lausn, einhverju hálmstrái, einhverju sem losar það undan því ógnvekjandi ástandi sem ríkir í þjóðfélaginu, gjaldþrotum og atvinnuleysi sem við Íslendingar höfum lítt þekkt, ógnarmiklum skuldum heimilanna, sumra alla vega, og miklu óöryggi. Þá leitar fólk að einhverju skjóli, einhverri lausn. Mér finnst að fylgjendur Evrópusambandsins hafi færst í aukana undanfarið til að nota sér þessa stöðu til þess að keyra í gegn þessa umræðu og hér erum við komin í dag. Fylgjendur Evrópusambandsins — mikil umræða hefur farið fram í öllum flokkum nema Samfylkingunni. Þar er engin umræða um Evrópusambandið og hefur ekki verið í mörg ár — fylgjendurnir lofa stöðugu og lægra verðlagi, engri verðbólgu. Þessu er lofað. Þetta er standard frasi. Væntanlega eru þeir þá að lofa evru. En samt vita þeir — færð hafa verið fyrir því rök aftur og aftur — að evra verður ekki tekin upp, jafnvel þó að við gengjum inn í Evrópusambandið eftir ja, tvö ár, segja sumir að gæti gengið svona maxímalt — að við tökum ekki upp evruna fyrr en eftir — ja, fjármálaráðuneytið sagði 30 ár. Ég hef sagt sjö ár. Það verður einhvers staðar þar á milli sem við tökum upp evru ef við náum að uppfylla Maastricht-skilyrðin einhvern tíma og ef okkur verður yfirleitt hleypt inn í Evrópusambandið. Það er líka spurning.

Talandi um stöðugt og lægra verðlag þá gerist það ekki nema með eigin aðgerðum og það getum við alveg gert sjálf. Mér sýnist að þjóðin sé að vinna heilmikið í því að koma með stöðugt og lægra verðlag því að hún hefur mikið dregið úr neyslu og hún er farin að spara mikið. Allt saman bendir þetta í átt til stöðugra og lægra verðlags. Ég hugsa því að innan mjög skamms tíma munum við upplifa það að hér verði stöðugt og lágt verðlag. Auðvitað búum við við ákveðnar ógnir eins og Icesave-reikninginn sem ég kem inn á hérna á eftir.

Síðan lofa menn lægri vöxtum. Nú er að koma í ljós í Evrópusambandinu að það eru ekkert sömu vextir alls staðar. Hvernig skyldi nú standa á því? Þetta er sama evran. Hvernig stendur á því að í evrulandinu séu mismunandi vextir og að það fari vaxandi núna eftir kreppuna miklu? Það er vegna þess að traust manna á viðkomandi bankastofnunum er bara ekki meira í sumum löndum. Það er meira í öðrum löndum og þar eru vextirnir lægri. Menn geta því ekki einu sinni lofað hér á Íslandi lægri vöxtum þó að evran yrði tekin upp strax.

Svo spurði ég áðan um verðtrygginguna. Það er enginn búinn að segja mér hvernig menn ætla að leysa vandamálið með verðtrygginguna þegar evran er tekin upp. Í gildi eru verðtryggðir samningar, þ.e. skuldabréf sem Íbúðalánasjóður hefur gefið út og hann lofar að borga verðtryggingu og ákveðna vexti sem eru lágir vegna verðtryggingar á samningnum. Hvernig ætla menn að taka þann samning úr gildi? Verður það þá evra með verðtryggingu? Ég spyr. Mér finnst að menn hafi bara ekkert leyst þetta vandamál og ekki bent á neinar leiðir til þess. Við erum að tala um 20, 30, jafnvel 40 ára samninga.

Það sem ég get fallist á í rökum fylgjenda Evrópusambandsins er að skiptikostnaður atvinnulífisins minnkar. Menn vinna á sömu mynt og þeirra kaupendur vinna á, þ.e. ef þeir selja til Evrópusambandsins þá geta þeir gefið út evrur og notað evrurnar sjálfir þannig að vissulega eru töluverð þægindi af því, einhver, en ekki endilega.

Svo er standard frasi hv. samfylkingarþingmanna sá að við höfum áhrif í Evrópusambandinu. Ég er búinn að ræða það. Það held ég að sé draumsýn. Auðvitað held ég að snjallt fólk með góðar hugmyndir geti komið þeim hugmyndum á framfæri jafnt í dag sem aðra daga í Evrópusambandinu. Við höfum ákveðin tæki í gegnum Evrópska efnahagssvæðið til þess og menn þurfa ekkert endilega að vera þingmenn á Evrópuþinginu til þess að geta spjallað við mann og annan á þeim bæ.

Svo er það sem fylgjendurnir hafa sagt, þ.e. að þeir ætli sér að sækja um og tryggja sjávarauðlindir og orkuauðlindir varanlega. Það hafa allir þingmenn lofað mér hérna í dag. En svo veit ég hvað gerist. Það mun koma samningur og í þeim samningi er sagt að við getum veitt fisk í 20 ár algjörlega eins og hingað til. Og þar sem flest fólk hugsar mjög til skamms tíma þá er fyrir það 20 ár heil eilífð. En það áttar sig ekki á því að Evrópusambandið hugsar allt öðruvísi. Það hugsar: „Eftir 20 ár eru þessi 20 ár liðin og þá komum við og hirðum af ykkur fiskinn.“ Þetta óttast ég við það að sækja um aðild að Evrópusambandinu, þ.e. það verður gyllt fyrir mönnum að þeir séu búnir að fá undanþágu um þetta og hitt og að undanþágan sé til svo langs tíma að það sé eiginlega fyrir Íslendinginn nánast óhugsandi að hugsa hann til enda og það sé eiginlega allt að því eilífð og að menn muni fallast á slíka undanþágu. Þess vegna hef ég

alltaf talað um 20, 30 eða 40 ára tímabil og jafnvel 200 ára tímabil. Það hef ég gert til þess að láta fólk átta sig á því að það er ekki að fjalla um eigið líf heldur um afdrif þjóðarinnar til framtíðar eftir 100 eða 200 ár. Þegar við allir hv. þingmenn erum dauðir að þá mun íslenska þjóðin væntanlega vera áfram til staðar og við erum að taka ákvörðun um afdrif hennar nákvæmlega eins og var gert 1262.

Andstæðingar Evrópusambandsins eins og ég hafa bent á afsal fullveldis og sjálfstæðis og það að hagur Íslands sé háður því að menn geti haft áhrif á eigin mál beint og fljótt og hafi sem sagt eitthvað um eigin mál að segja. Svo hafa menn líka bent bara á þá staðreynd að Ísland hefur breyst úr því að vera ein fátækasta þjóð í Evrópu í að vera ein ríkasta eftir að við fengum fullveldi og sjálfstæði. Einhver kann að segja að það sé nú algjör tilviljun. Ég held ekki. Ég held að það sé vegna þess að við höfum um okkar eigin mál að segja. Það eru til lönd eins og Nýfundnaland sem misstu sjálfstæðið og eru í þeirri stöðu að þar er ákveðin stöðnun vegna þess að valdið er svo langt í burtu.

Það sem andstæðingarnir hafa sérstaklega bent á eru kannski auðlindirnar, að við munum missa þær. Mér finnst eiginlega of mikil áhersla lögð á það, frú forseti. Þær auðlindir sem við erum að tala svo mikið um voru ekkert auðlindir fyrir nokkrum árum eða nokkrum öldum. Raforkan eða fyrsta rafmagnið var framleitt á Íslandi fyrir rétt rúmlega 100 árum í Hafnarfirði og þangað til var fallorka vatnanna engin auðlind í sjálfu sér. Jökulvötnin voru meira að segja bölvaldur í sveitunum því að þau skáru í sundur sveitirnar og menn komust ekki yfir nema á einstaka stað yfir vöð með ferjumönnum. Eru frægar sögur af því og mörg slys hafa orðið í þessum fallvötnum þannig að þau voru ekki auðlind. Þau voru frekar bölvaldur. Eins er það með sjávarútveginn. Hann var ekki auðlind í þeim skilningi að hann gæfi einhvern auð því að þjóðin sótti sjóinn við mikla fátækt og mikið erfiði og mörg mannslát því miður. Þess vegna vil ég, frú forseti — ég skil nú ekkert í því hvað menn hafa lítið haldið upp á það að á síðasta ári dó enginn maður á sjó og þess vegna ætti virkilega að vera hátíð á Íslandi því að það hefur ekki gerst frá því að Ísland byggðist vil ég fullyrða, ekki eitt einasta ár hefur það gerst fyrr en árið 2008. Það er góð frétt í öllum slæmu fréttunum.

Við getum ekki rætt um Evrópusambandið nema fjalla um Icesave, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og hrunið. Það er nefnilega ákveðið samhengi þarna á milli. Við tókum upp reglugerðir Evrópusambandsins varðandi innlánstryggingar. Við tókum upp reglugerðir Evrópusambandsins varðandi frjálst flæði fjármagns og stofnun banka og annars slíks og íslenskir athafnamenn nýttu sér þetta ásamt mjög auðveldum aðgangi að fjármagni. Þeir voru sem sagt mjög duglegir við að taka ódýr lán í útlöndum og fjárfesta í útlöndum í gegnum íslenska banka. Þetta endaði með ósköpum eins og flestum er kunnugt því að menn tóku óskaplega mikla áhættu vegna krosseignarhalds og raðeignarhalds og þess að eigendur bankanna lánuðu sjálfum sér, sem mér finnst mjög varasamt og vafasamt og vona að það verði krufið til mergjar hvort það standist lög. Því varð kerfið eiginlega mjög viðkvæmt. Ef hreyft var við einum dóminókubbi hrundi næsti og svo næsti. Það gerðist einmitt með bankana. Þeir hrundu allir mjög hratt á einni viku í október. Það olli miklum vandræðum á Íslandi og ég held að eftir það hafi komið upp krafan um að finna einhverja lausn. Menn hafa mest kennt krónunni um, talið að þetta sé henni að kenna, og við viljum fá eitthvað annað, við viljum fá evru eða eitthvað gott, eitthvað stöðugt, einhvern sem styður okkur. Þess vegna er núna krafan um að ganga í Evrópusambandið eða alla vega skoða hvað Evrópusambandsaðild gefi, sem er dálítið skrýtið. Mér finnst mjög skrýtið að einhver ætli að skoða hvað Evrópusambandsaðild geti gefið en ætlar ekki að ganga inn. Margir hafa lýst því yfir að þeir ætli bara ekki að ganga inn. Þeim dettur það bara ekki í hug. En þeir vilja skoða hvað sé í pokanum, hvaða nammi sé þarna ofan í og svo framvegis.

Fasteignasalar þekkja þetta reyndar. Fólk kemur til að skoða íbúðir en ætlar ekkert að kaupa. Það er aðallega svona að skoða hvernig fólkið býr og hvers virði íbúðin þeirra sjálfs er. Þetta fólk er ekki vel séð hjá fasteignasölum og ekki heldur hjá seljendum eignanna. Ég hugsa að Íslendingar verði heldur ekki vel séðir í Evrópusambandinu ef þeir koma þangað bara til þess að kíkja á hvað þetta gefur en ætla ekkert að ganga inn eins og hæstv. fjármálaráðherra. Hann ætlar sér að sækja um. Hann ætlar að styðja aðildarumsókn. En hann lýsti því hér yfir að hann ætlaði ekki að ganga inn. Hann vill ekki sjá Ísland í Evrópusambandinu.

Það leiðir aftur hugann að því að hann ætlar sér samt að leggja í þetta 1.000 milljónir og hélt maður nú kannski að það væri lítið til af peningum í dag. Það er verið að skera niður þjónustu hér og segja upp fólki og alls konar vandræði eru í ríkisfjármálum og verður örugglega enn harðara í haust. Á sama tíma ætla menn að leggja í þetta 1.000 milljónir en ætla sér ekki að ganga inn. Það er hreinlega verið að henda peningum út um gluggann.

Sumir hafa sagt að aðfarir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í haust sem voru greinilega tengdar því að það ætti að þvinga Íslendinga til að taka upp Icesave-reikningana, þ.e. að þar á bak við hafi verið Bretar og Hollendingar og allt Evrópusambandið jafnvel, að þeir hafi í rauninni verið að þvinga Íslendinga til að taka á sig skuldbindingar sem þeir áttu ekki að taka og hugsanlega geta ekki tekið á sig. Þetta er klúbburinn sem við ætlum að ganga í.

Ég ætla að koma inn á eitt atriði, kannski ekki alveg að lokum en svona eiginlega, og það er stjórnarskráin íslenska. Við hv. þingmenn höfum svarið eið að stjórnarskránni og það er ákveðin stjórnarskrá í gildi í dag sem tryggir grunnréttindi, mannréttindi. Reyndar fjallar hún mest um forsetann og Alþingi. En henni er ætlað að tryggja ákveðin grunnréttindi og hún á að vera mjög óbreytanleg. Þingmenn hafa svarið eið að henni og hún er þarna. Svo eru menn núna að fara að samþykkja þingsályktun um að sækja um og skrifa undir samning við Evrópusambandið sem þeir vita að samræmist ekki gildandi stjórnarskrá. Menn vita það. Þeir eru sem sagt að fara að samþykkja þingsályktunartillögu sem brýtur gildandi stjórnarskrá. Ég held að þetta sé mjög varasamt, frú forseti. Ég held að það sé mjög varasamt að samþykkja þingsályktunartillögu sem brýtur stjórnarskrána, og gengur út frá því að henni verði breytt. Ég held að maður megi þetta ekki.

Hér voru í gildi lög sem brutu stjórnarskrána að mati

Hæstaréttar varðandi öryrkja og eins varðandi kvótamálið og það varð til þess að menn flýttu sér sem mest þeir máttu á Alþingi að breyta þeim lögum af því að þau meiddu stjórnarskrána. Hæstiréttur sem eins konar stjórnlagadómstóll dæmdi svo að þessi lög brytu stjórnarskrána og þá fór Alþingi svo hratt sem auðið var í að breyta þessu. Nú er verið að samþykkja þingsályktunartillögu sem brýtur stjórnarskrána, því að allir eru sammála um að aðild að Evrópusambandinu verður ekki samþykkt nema stjórnarskránni verði breytt á þann veg að hún heimili þetta framsal á fullveldi og sjálfstæði, að menn afsali sér fullveldi og sjálfstæði að einhverjum hluta. Ég veit ekki almennilega hvað menn hafa fyrir sér í því. Sumir segja að þetta sé bara pólitík. En ég tel nú að stjórnarskráin sé ekki pólitík. Stjórnarskráin er grundvallarlög landsins sem eru í gildi og eiga að vera í gildi eins og þau eru hverju sinni, frú forseti. Þeim verður ekki breytt nema að undangengnum kosningum og nýtt þing þarf að samþykkja stjórnarskrána. Henni hefur sem sagt ekki verið breytt og við megum ekki ganga í Evrópusambandið. Við megum ekki skrifa undir samning og samþykkja aðild að Evrópusambandinu.

Það var mjög miður í vor rétt fyrir kosningar er við ræddum þá einmitt breytingar á stjórnarskránni — ég lagði mikla áherslu á það og barðist fyrir því að menn breyttu eingöngu 79. gr. sem fjallar um breytingu á stjórnarskránni þannig að breytingin yrði ekki eins þunglamaleg og hún er í dag og það yrði ekki þannig að breyting á stjórnarskránni félli alltaf saman við kosningar til Alþingis þannig að þjóðin er í raun aldrei að greiða atkvæði um breytingar á stjórnarskránni. Hún er alltaf að kjósa fólk til þess að stjórna landinu næstu fjögur ár. Þar af leiðandi er breyting á stjórnarskránni í rauninni aldrei borin undir atkvæði almennings.

Ég vildi breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar þannig að hægt yrði að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, að breyting á stjórnarskránni krefðist þjóðaratkvæðagreiðslu en með háum mörkum þannig að það segjum helmingur atkvæðisbærra manna þyrfti að samþykkja breytingu á stjórnarskrá til þess að hún yrði gild, að það væri ekki nóg að 60% greiddu atkvæði og 31% samþykktu. Það finnst mér ekki nægilegt. Ég hefði viljað hafa þröskuldinn mjög háan en þannig að hægt verði að gera breytingar á stjórnarskránni og að þjóðin greiði atkvæði um það sérstaklega. Því miður varð ekki úr þessu sem þýðir að næstu breytingu á stjórnarskránni gerum við ekki fyrr en í lok þessa kjörtímabils eða þegar búið er að gera breytingar á stjórnarskránni þá þurfi strax að kjósa sem er mjög mikill þröskuldur í því að gera breytingar.

Ég sé ekki hvernig menn geta farið til Brussel, þ.e. hvernig Alþingi getur samþykkt þingsályktunartillögu sem brýtur núgildandi stjórnarskrá. Ég sé það ekki fyrir mér og mér finnst mjög alvarlegt ef menn ætla að gera það því þeir vita — það stendur út um allt í greinargerðum og annars staðar — að það þarf að breyta stjórnarskránni. En hvernig geta menn breytt stjórnarskránni ef þjóðin á að taka ákvörðun um það í kosningum? Ég sé ekki að slíkt sé hægt.

Svo er það spurningin: Hvað gerist ef þessi þingsályktunartillaga frá ríkisstjórninni er samþykkt, sem ég vona innilega að verði ekki. Þá er það þannig samkvæmt stjórnarskránni að forseti lýðveldisins gerir samninga við erlend ríki. Þetta er nú eitt af platinu í stjórnarskránni sem ég hef margoft bent á því að svo stendur í annarri grein — mig minnir að það sé 13. gr. — að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt. Þá erum við komin að því að það er utanríkisráðherra sem á að gera samninga við erlend ríki. Það er hann sem á að semja við Evrópusambandið um framkvæmd þessarar þingsályktunartillögu. Sá maður er náttúrlega mikill aðdáandi Evrópusambandsins. Hann er svo mikill aðdáandi Evrópusambandsins að ég treysti honum engan veginn til þess að semja við það. Það yrði þá nákvæmlega eins og þegar hæstv. ráðherrar Samfylkingarinnar voru að semja um Icesave. Þeir fóru þangað út með vissu um það að Evrópusambandið hefði rétt fyrir sér. Bréfaskriftir hæstv. viðskiptaráðherra á þeim tíma, Björgvins G. Sigurðssonar, sýna mér alveg greinilega að hann vissi að Evrópusambandið, eða Bretar og Hollendingar, hefðu rétt fyrir sér en Íslendingar rangt. Og eftir því varð niðurstaðan, því miður. Það er búið að vera þjóðinni afskaplega dýrkeypt.

Ég er að óttast að það sama muni gerast þegar hæstv. utanríkisráðherra fer að semja við Evrópusambandið, þ.e. að hann muni vera glaður að skrifa undir, ég segi ekki nánast hvað sem er. En hann verður ekkert mjög harður á sínu af því að hann trúir því að það sé gott að ganga í Evrópusambandið. Mér líst því ekkert á það samningslið sem verður sent út. Mér líst ekkert á það, því miður. Þó að menn hafi sett inn í nefndarálit utanríkismálanefndar að það eigi að hafa samráð við utanríkismálanefnd og allt slíkt reglulega þá þekkjum við svoleiðis ákvæði. Við þekkjum það líka að það er haft samráð til að tilkynna um eitt og annað.

Þá getur maður sagt að það sé þjóðin sem taki ákvörðun um þetta á endanum. Það er nú einmitt það sem ég óttast kannski hvað mest, því að Evrópusambandið hefur þvílíka peninga í markaðssetningu og það beitir þeim akkúrat í þeim löndum þar sem eru atkvæðagreiðslur af miklu ofurafli. Fjöldi Íslendinga er á launum hjá Evrópusambandinu í dag við alls konar rannsóknir og annað sem heitir háskólasamfélag, háskólasamstarf og annað slíkt. Þessir menn eru settir í að upplýsa þjóðina um gildi þess að ná fram því að við megum veiða fisk í 20 ár til dæmis, að það sé ógurlega mikils virði. Svo er keyrt á markaðsstarfið og aðrir sem eru á móti Evrópusambandinu hafa ekkert í þessa miklu fjármuni sem Evrópusambandið hefur og setur í markaðsstarf rétt fyrir kosningar. Þetta er þekkt. Þetta óttast ég við það að sækja um aðild að Evrópusambandinu, þ.e. að það verði þvílíkar hótanir og loforð þegar að kosningum kemur að menn muni hugsanlega ná árangri jafnvel þó að þjóðin í heild sinni vilji ekki ganga í Evrópusambandið. Það er mín tilfinning að Íslendingar vilji yfirleitt ekki afsala sér sjálfstæðinu sem þeir fengu fyrir löngu síðan og sérstaklega ekki minn flokkur.

Ég vil lýsa því yfir bara hér í lokin, frú forseti, til þess að það sé alveg á hreinu að ég er á móti því að ganga í Evrópusambandið og mun greiða atkvæði gegn tillögu ríkisstjórnarinnar.

[20:46]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Pétur H. Blöndal eigum það sameiginlegt að bera mikla virðingu fyrir stjórnarskránni. Ég vil mótmæla þeirri skoðun sem hann setti hér

fram, að það sé ekki hægt að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið að óbreyttri stjórnarskrá. Það er ekki minn skilningur og ég vil að það sé alveg skýrt. Ég þykist hins vegar vita og þykist ekkert vita, ég tel að það sé þannig og það er þannig eftir því sem ég les stjórnarskrána og hef fengið skýringu á henni, að áður en við göngum í Evrópusambandið og verðum þar fullir aðilar, þ.e. ef samningar takast þá þarf að breyta stjórnarskránni en ekki fyrr.

[20:47]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef við lesum þá þingsályktunartillögu sem við ræðum í dag er meiningin að sækja um aðild að Evrópusambandinu, nokkuð sem ekki má samkvæmt stjórnarskránni. Það á að fela utanríkisráðherra að sækja um aðild að Evrópusambandinu og jafnvel að skrifa undir eitthvað sem ekki má samkvæmt stjórnarskránni. Í mínum huga gengur þetta rökfræðilega ekki upp og ég á von á því að einhver kæri — ég veit reyndar ekki hver það ætti að vera — einhver kæri það þegar menn fara í að framfylgja þessari þingsályktun frá Alþingi sem brýtur stjórnarskrá. Ég minni á að Alþingi var mjög upptekið af því þegar Hæstiréttur felldi öryrkjadóminn og kvótadóminn að afnema þau ákvæði í lögum sem meiddu stjórnarskrána.

Nú er Alþingi að samþykkja — ef þetta verður samþykkt sem ég býst nú ekki við — nú er Alþingi að samþykkja þingsályktunartillögu sem brýtur stjórnarskrána sem er í gildi í dag. Ég vona að enginn sé efins um það. Það verður ekkert gengið í Evrópusambandið að óbreyttri stjórnarskrá þannig að aðildarviðræður eru bara tómt mál og brjóta stjórnarskrána. Ég tel að þetta sé atriði sem þingmenn þurfi að ræða miklu ítarlegar.

[20:49]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal í ljósi þess að við erum sannarlega í erfiðum málum og þurfum að horfa til allra átta, hvaða álit hann hafi á því að við skoðum aðra möguleika eins og til dæmis umsókn að fríverslunarsamningi Ameríku, NAFTA, upptöku dollars eða hugsanlega einhliða upptöku annars gjaldmiðils sem gæti í framtíðinni kannski stuðlað að þeim stöðugleika sem við erum fyrst og fremst að leita að. Að mínu mati er það fyrst og fremst fjármálalegur stöðugleiki sem við erum að leita að með aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Mér finnst í þessu máli eins og mörgum öðrum, eins og Icesave-málinu, að menn einblíni um of á einn möguleika, einn þátt og kanni ekki aðra mögulega útkomu fyrir íslenska þjóð samtímis. Auk þess finnst mér þetta hvatt dálítið hratt áfram þannig að við megum þola að vera rekin áfram nánast eins og hjörð til að afgreiða dálítið stór mál án þess að hafa opna valkosti uppi á borðinu hvað sé best fyrir þjóðina. Mig langar að heyra álit hv. þingmanns á því hvort hann hafi velt því fyrir sér hvaða aðrar leiðir við eigum til þess að ná fram fjármálalegum stöðugleika heldur en hugsanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið og aðild að því og tengingu við eða upptöku evru.

[20:51]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er hárrétt athugað hjá hv. þingmanni. Það er undarlegt að menn skuli einblína svona á eina lausn á vandamálum okkar, fjármálalegum vandamálum í leit að stöðugleika. Auðvitað gætum við séð margar aðrar leiðir og ég hef bent á það að ef við ætlum að uppfylla Maastricht-skilyrðin þá þurfum við að byggja upp stöðugleika áður. Við getum alveg eins gert það bara sjálf. Við getum ákveðið að uppfylla Maastricht-skilyrðin fyrir árið 2015 til dæmis. Við gætum líka tekið upp norska krónu, dollar eða eitthvað annað slíkt. Ég held reyndar að norska krónan sé mjög nálægt okkur vegna þess að Norðmenn eru bæði í sjávarútvegi og líka í orkuútflutningi eins og við Íslendingar og þar af leiðandi háðir svipuðum sveiflum.

Hv. þingmaður kom inn á eitt mjög athyglisvert og það er hvað þetta sé keyrt hratt áfram. Menn segja að það sé af því að einhver Svíi stjórni Evrópusambandinu sem stendur. Það segir mér að Evrópusambandið er eitthvert klíkusamfélag þvert á það sem menn segja í hinu orðinu, að þetta sé svona frjálst og þetta skipti ekki máli. En ég sé ekki þá hvaða máli það skipti þó Spánverji væri þarna í forsvari, hann ætti að taka okkur með jafnmiklum velvilja og einhver maður frá Svíþjóð. Mér sýnist að með þessu séu menn að segja að Evrópusambandið sé ekki jafnfrjálst samfélag þjóða og sagt er. Margir segja það og bara beint út að það sé vegna einhvers fundar núna 27. júlí að verið er að keyra þetta í gegn á Alþingi og kannski líka vegna þess að nú er hásumar og margir í fríum, þar á meðal fjölmiðlar, Kastljós og annað slíkt. Kannski er þetta bara trix til að ná þessu í gegn meðan fjölmiðlarnir sofa.

[20:53]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við lifum á sögulegum tímum. Alþingismenn Íslendinga þurfa nú á þessu sumarþingi að taka stórar og afdrifaríkar ákvarðanir sem varða alla framtíð íslensku þjóðarinnar. Það er mikilvægt að stjórnvöldum takist vel til með sín verk og að þau sýni kjark, áræðni, framsýni og þor við það að stjórna skútunni okkar í var. Tími er takmörkuð auðlind á þessum tímum og því gríðarlega nauðsynlegt að stjórnvöld forgangsraði verkefnum og einbeiti sér að því sem skiptir máli. Því er hálfskrýtið að standa á Alþingi í dag og ræða um Evrópusambandið, aðildarumsókn að Evrópusambandinu í miðjunni á storminum vegna þess að Evrópusambandið er ekki að fara neitt frá okkur og það er engin skyndilausn sem kemur til með að aðstoða okkur í þeim vanda sem við erum nú stödd í.

Virðulegi forseti. Á óvissutímum er jarðvegur fyrir ýmsar breytingar. Í slíku breytingaástandi og óvissuástandi geta hugmyndir sem annars ættu ekki upp á pallborðið skyndilega skotið upp kollinum og hlotið brautargengi. Við erum að upplifa þessa óvissutíma í dag. Afstaða landsmanna til ýmissa grundvallarmála hefur sveiflast gríðarlega undanfarna mánuði, allt eftir því hvar málið er á örmum fjölmiðlamanna þann og þann daginn. Ef á Alþingi væri stjórnmálahreyfing sem ætlaði sér að stjórnast eftir því hvað skoðanakannanir segðu þá ætti hún fullt í fangi með að lesa blöðin vegna þess að sveiflurnar eru það miklar.

Dæmi um slíkt er hugsanleg Evrópusambandsaðild Íslands. Aðild að ESB þýðir afsal á veigamiklum þáttum fullveldis þjóðarinnar og er markmið fullveldisframsalsins það að byggja upp stórríki. Er svo komið að landsmönnum þyki rétt að parkera unga íslenska þjóðfánanum og lýðveldismerkinu undir Evrópufána? Það þykir mér ekki.

Virðulegi forseti. Ég er á þeirri skoðun að hagsmunum íslensku þjóðarinnar sé best varið utan Evrópusambandsins. Við megum aldrei missa sjónar á heildarhagsmunum íslensku þjóðarinnar til lengri tíma þó að blási á móti í núinu. Að mínu viti er aðild að Evrópusambandinu ekki sú töfralausn á núverandi vanda sem margir talsmenn þeirrar lausnar tala um. Slík töfralausn er ekki til heldur þarf að takast á við verkefnin eins og þau liggja fyrir sjálf og byggja okkur upp á þeim sterka grunni sem við þó höfum.

Samfylkingin, einn flokka, hefur í ljósi þess óvissuástands sem hér ríkir gripið tækifærið og komið á dagskrá þingsins tillögu um aðildarumsókn að ESB með stuðningi Vinstri grænna, Vinstri grænna af öllum flokkum, þvert á fyrri yfirlýsingar þess flokks, háværar yfirlýsingar í síðustu kosningabaráttu, bæði í ræðu og riti gegn því að Ísland gangi í Evrópusambandið. Virðulegi forseti. Ýmislegt getur gerst á óvissutímum.

Nú hef ég fulla samúð með þingflokki Vinstri grænna í þessu máli. Ég hef séð það áður, frú forseti, hvernig Samfylkingin hefur beitt samstarfsflokka sína afarkostum þegar kemur að þessu eina máli Samfylkingarinnar, Evrópusambandsaðild. Þeir hafa æfingu í því að stilla fólki upp við vegg. En, virðulegi forseti, í dag er þörf á hugrökkum stjórnmálamönnum sem standa við sína sannfæringu og láta ekki kúga sig til hlýðni. Ég vil hugga þingmenn Vinstri grænna með því að það er líf eftir samstarf við Samfylkinguna. En það er bara snöggtum betra sérstaklega hvað varðar sjálfsvirðinguna ef menn hafa kjark til að standa með sjálfum sér og segja nei.

Farið hefur fram mikil umræða um ESB í kjölfar bankahrunsins en í raun hefur sú umræða öll snúist um gjaldmiðilsmál og upptöku evru. Staða krónunnar er veik og því eðlilegt að rætt sé um hvaða stefnu eigi að taka varðandi framtíð gjaldmiðilsins. Staðreyndin er hins vegar sú að til þess að geta tekið upp evru með aðild að ESB þurfum við að uppfylla Maastricht-skilyrðin eins og hv. þm. Pétur Blöndal fór vel yfir áðan. Vissulega eru Maastricht-skilyrðin góð og gild og vissulega skilyrði sem við ættum að stefna að því að uppfylla. Það er hverri þjóð mikilvægt að vera með stöðugan efnahag. Maastricht-skilyrðin eru í rauninni bara svona heilbrigðisvottorð um að efnahagslíf gangi vel. Bjartsýnustu menn, eins og hv. þm. Pétur Blöndal fór yfir í sinni ræðu, hafa gefið okkur um sjö ára tíma til að uppfylla þessi skilyrði. Aðrir sérfræðingar hafa spáð tíu árum, sumir þrjátíu árum þannig að það er enn og aftur augljóst, frú forseti, að við tökum ekki upp evru í gegnum aðild að ESB í skyndi. Það er margra ára verkefni.

Margir hafa í umræðunni lýst því yfir að þrátt fyrir augljósa galla ESB munu þeir ekki bíta á okkur þar sem við komum til með að fá svo mikið af undanþágum í samningaferlinu, að okkar sérstaða sé það mikil að við fáum gríðarlega miklar undanþágur. Frú forseti. Við sáum það nú hvernig samninganefndinni gekk í Icesave-málinu í að halda fram okkar sérstöðu þrátt fyrir að búið væri að skrifa undir sameiginleg viðmið þar um. Sagan segir okkur jafnframt að illa hefur gefist að óska eftir miklu af varanlegum undanþágum frá regluverki ESB. Viðmiðunarreglan gæti verið 10% kannski. En á móti kemur að slíkar undanþágubeiðnir lengja umsóknarferlið, geta lengt það um mörg ár. Miðað við flýtinn í þinginu, frú forseti, er augljóst að talsmönnum þessarar leiðar liggur mikið á og þeir fara þá varla að bíða í mörg ár með það, þ.e. að hafa samningaviðræður í gangi í mörg ár með öllum þeim viðræðum um undanþágur sem þeir talsmenn halda fram að hægt verði að ná.

Virðulegi forseti. Ef það hefur farið fram hjá einhverjum þá er það afstaða mín að aðild að Evrópusambandinu er ekki það sem ég tel að sé best fyrir hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Þá skoðun byggi ég á því að ég fór í gegnum mikla vinnu með flokknum mínum í janúar á þessu ári við að endurskoða afstöðu okkar í Evrópumálum, fara enn og aftur yfir afstöðu Sjálfstæðisflokksins sem hefur verið sú að okkar hagsmunum sé betur borgið þar fyrir utan. Gríðarlega mikil vinna fór fram og ferðast var hringinn í kringum landið til að tala við sjálfstæðismenn og fara yfir þessi mál. Ég byggi skoðun mína á því að það þjónar ekki hagsmunum íslensks landbúnaðar að ganga í Evrópusambandið. Það þjónar ekki hagsmunum íslensks sjávarútvegs að ganga í Evrópusambandið og varanlegt 10–12% atvinnuleysi í Evrópusambandslöndunum fellur mér ekki vel í geð. Kalt hagsmunamat segir mér því að tíma okkar sé betur varið fyrir utan Evrópusambandið.

Bændasamtök Íslands hafa fjallað mikið um aðild að Evrópusambandinu. Þau hafa lagt fram mikil plögg þar að lútandi og þeir reifa það meðal annars að reynsla nágrannaþjóða okkar varðandi landbúnaðinn sé ekki góð. Ég tek mikið mark á þessari vinnu og tel að landbúnaðurinn sem og sjávarútvegurinn hafi unnið gott starf í því að kynna fyrir okkur hvernig afstaða Evrópusambandsins gagnvart þessum stóru og mikilvægu atvinnugreinum á Íslandi sé.

Frú forseti. Jafnframt hefur lítið farið fyrir umræðunni hér um Lissabon-sáttmálann svokallaða og áhrif hans á ESB ef hann verður samþykktur. Þar er í rauninni um að ræða stjórnarskrá fyrir Evrópusambandið. Ef hann verður að veruleika og tekur gildi mun Evrópusambandið taka það miklum stakkaskiptum að í rauninni væri ekki lengur um ríkjasamband að ræða heldur sambandsríki. Með tilkomu Lissabon-sáttmálans verður Evrópusambandið gert að lögpersónu og breytingarnar eru slíkar að það er full þörf á að ræða þær hér þegar á þessu stigi málsins.

Virðulegi forseti. Alþingi situr nú á löngu sumarþingi og kemur ekki á óvart enda eru verkefnin sem fyrir íslenskum stjórnvöldum liggja ærin. Þau eru flókin og viðamikil. Ekki þarf að fjölyrða um þá stöðu og það óöryggi sem íslenskar fjölskyldur búa við í dag. Sama má segja um atvinnurekendur. En nú sitjum við hér, þingmenn þjóðarinnar, og ræðum um Evrópusambandið. Mér þykir það þyngra en tárum taki að við séum í þessari stöðu í dag, að ræða eina mál Samfylkingarinnar meðan það er fullt af öðrum verkefnum sem við ættum að vera að sinna. Forgangsröðunin er skrýtin. Það er skrýtið að vera hér með forgangsröðun í þágu Samfylkingarinnar en ekki í þágu þjóðarinnar.

Samningsstaða okkar Íslendinga gagnvart Evrópusam-

bandinu hefur að mínu viti aldrei verið jafnslæm og hún er nú. Við erum löskuð eftir stærsta efnahagsáfall síðari tíma í heiminum. Er Ísland í dag líklegt til að ná góðum samningum? Ég tel svo ekki vera.

Virðulegi forseti. Að mínu viti eru mikilvægustu verkefni stjórnmálamanna í dag þessi: Endurreisn bankanna, niðurskurður í ríkisfjármálum, endurreisn atvinnulífsins, aðgerðir í þágu heimilanna, ívilnandi aðgerðir til að greiða fyrir erlendri fjárfestingu, orkunýtingaráætlun til þess að skýrt sé hvernig við ætlum að nýta landið okkar okkur til hagsbóta og að skapa þannig aðstæður að hér skapist fleiri störf. Síðast en ekki síst þarf að skapa fólkinu í landinu örryggi og blása þjóðinni í brjóst von, von um að landið okkar og einstaklingarnir sem það byggja muni þrátt fyrir allt eiga hér bjarta framtíð í landinu okkar.

Virðulegi forseti. Grundvöllur þess að við náum þeim árangri við stjórn efnahagsmála sem leiðir til vaxtalækkunar og afnáms gjaldeyrishafta er að stjórnvöld nái tökum á ríkisfjármálunum — það er lykilatriði — og að sjálfsögðu að endurreisn bankanna verði lokið því áður en ríkisfjármálin og bankarnir komast í lag verða allar aðgerðir til bjargar heimilunum og atvinnulífinu máttlausar. Ég vil því enn og aftur, frú forseti, hér í þessum ræðustól nota tækifærið og minna á efnahagstillögur þingflokks Sjálfstæðisflokksins sem lagðar voru fram í þinginu í sumar. Markmið þeirra aðgerða sem þar eru lagðar fram eru að bæta stöðu heimila og fyrirtækja, endurheimta tiltrú á íslensku efnahagslífi, skapa sameiginlegan skilning á mikilvægi brýnustu aðgerða, tryggja hvata til atvinnusköpunar og hagvaxtar og skapa skilyrði til þess að Íslendingar verði að nýju í hópi samkeppnishæfustu þjóða í heimi. Af hverju erum við ekki frekar að ræða þau mál hér í dag? Af hverju erum við að eyða tíma þingheims í að ræða hugsanlega aðild að Evrópusambandinu? Frú forseti. Þetta er algjörlega ofviða mínum skilningi.

Frú forseti. Barátta okkar Íslendinga næstu mánuði felst í því að skapa fleiri störf. Ég tel að við eigum fjölmörg tækifæri til að byggja hérna upp sterkt og öflugt atvinnulíf. Forsenda þess að við náum tökum á því verkefni er að ríkisstjórnin einbeiti sér að þeim grundvallarviðfangsefnum sem fyrir liggja. Aldrei í sögunni hefur verið meiri þörf á atvinnuuppbyggingu og erlendir fjárfestar hafa sýnt mikinn vilja og mikla löngun til að koma hér að, sérstaklega í orkufrekum iðnaði. Þeir reka sig hins vegar á ýmsar hindranir þar sem umhverfið er ekki tilbúið að taka á móti þeim og stjórnsýslan er ekki klár. Það er brýnt að taka á þessu hið fyrsta og liðka fyrir því að erlent fjármagn streymi til landsins til að byggja upp atvinnutækifæri til framtíðar og skapa þjóðinni auknar gjaldeyristekjur. Það er lykillinn. Auknar gjaldeyristekjur eru lykillinn að því að við komum okkur upp úr þessu ástandi.

Virðulegi forseti. Við Íslendingar megum aldrei gleyma því að þrátt fyrir erfiða stöðu eigum við hér margar sterkar stoðir sem við byggjum á. Aldurssamsetning þjóðarinnar er hagstæð. Menntunarstigið er hátt. Við eigum hér miklar auðlindir, fiskinn í sjónum, vatnið og orkuna og við skulum aldrei gefa það frá okkur. Þetta eru vopnin og þetta eru stoðirnar sem við komum til með að byggja endurreisn okkar á. Vissulega fer uggur um mann þegar talað er um fyrningu í sjávarútvegi og þessi grundvallarútflutningsgrein okkar skelfur vegna þess að ríkisstjórnin er að leggja til aðgerðir sem beinlínis miða að því að vekja ójafnvægi í greininni. Þetta er gríðarlega alvarlegt. Ofan í það kemur svo þessi hugsanlega aðild að Evrópusambandinu sem ekki er til þess fallin að styrkja stoðir sjávarútvegsins.

Virðulegi forseti. Við skulum aldrei gleyma því að einstök þjóð byggir þetta land. Við erum harðger og dugleg og við höfum vilja sem enn hefur ekki verið brotinn á bak aftur, vilja til þess að sjá afrakstur eigin verka og njóta þeirra, vilja til að sjá sér og sínum farborða, til að auðga andann og mennta sig og verða með því færari til að afla okkur tekna, viljann til að nýta kosti landsins til að lifa af og auka lífsgæði fyrir okkur sjálf og fyrir komandi kynslóðir, viljann til frelsis og sjálfstæðis. Þennan vilja skulum við virða og tryggja að hann verði aldrei brotinn á bak aftur. Evrópusambandið mun ekki koma okkur til bjargar. Við þurfum að gera þetta sjálf. Það verður erfitt og mun taka virkilega á okkur. En auðlindirnar skulum við ekki gefa frá okkur og við skulum ekki raska jafnvægi þeirra. Framtak og framsýni einstaklinganna eru sterkustu vopnin í þeirri baráttu sem við eigum í. Þessi vopn skulum við virða og þeim skulum við beita.

Virðulegi forseti. Ljóst er af umræðu um aðild Íslands að Evrópusambandinu að undanförnu að ekki er einhugur í ríkisstjórninni um það hvort hagsmunum þjóðarinnar sé betur borgið innan eða utan ESB. Þjóðin virðist klofin í þessu stóra máli og það sem alvarlegra er, ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir á Alþingi standa ekki einhuga að þessu máli. Þeir treysta sér ekki til að bera pólitíska ábyrgð á þessari hugsanlegu aðildarumsókn. Það er alvarlegt mál. Það eru óvissutímar og þjóðin þarf ekki á því að halda að leiðtogar hennar eða ríkisstjórnarflokkarnir þori ekki að taka ákvörðun, geti ekki staðið á bak við þau mál sem lögð eru fram hér í þinginu.

Tillaga ríkisstjórnarflokkanna er þeim stóra annmarka háð að flutningsmenn hennar áskilja sér rétt til að leggjast gegn afurðinni, aðildarsamningnum þegar til ákvörðunar kemur um samþykkt hans eða synjun. Það hefur aldrei verið mikilvægara fyrir íslenskt samfélag en að hér ríki einhugur, einhugur um það hvert skuli stefna, einhugur um uppbyggingarferlið. Sú er því miður ekki staðan.

Nú er ekki tími til að ala á sundrungu og klofningi þjóðarinnar. Þjóðin þarfnast sterkra leiðtoga sem hafa skýra framtíðarsýn, framtíðarsýn sem byggir á sterkri sannfæringu og vekur von hjá fólkinu í landinu um að framtíðin okkar hér í þessu landi verði björt. Hér er verið að leggja til að lagt verði í leiðangur til Brussel til að leita samninga um fullveldisafsal þjóðarinnar án þess að hugur fylgi máli, að minnsta kosti ekki hjá öðrum stjórnarflokknum.

Virðulegi forseti. Þar sem ríkisstjórnin hefur ekki skýra sýn í þessu máli frekar en nokkru öðru mun ég styðja breytingartillögu formanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins um að viðhöfð verði þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu. Þjóðin þarf að koma að þessari ákvörðun þar sem Vinstri grænir hafa látið undan kröfu Samfylkingarinnar um að þau fái séð draum sinn rætast, drauminn um Ísland í ESB. Það gengur ekki, frú forseti, að Samfylkingin ein flokka fái vilja sínum fram-

gengt um aðildarviðræður þvert á raunverulegan vilja þingsins. Fólkið í landinu á það skilið að fá að segja sitt í þessu máli og þess vegna styð ég það að viðhöfð verði þjóðaratkvæðagreiðsla um hugsanlega aðildarumsókn.

[21:10]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér einstakt mál, mál sem lagt var af stað með sem þingsályktunartillögu á vegum ríkisstjórnarinnar þó svo að annar stjórnarflokkurinn vilji helst ekkert við það kannast eða kannast við málið. Ráðherrar og þingmenn flokksins hafa ýmist lýst yfir andstöðu við ályktunina eða á mjög svo loðinn hátt viðurkenna ábyrgð á að hún sé fram komin þó svo að ekki fáist upp gefið hvort þeir styðji málið. Undan er þó skilinn hv. þm. Ásmundur Einar Daðason sem hér í upphafi umræðu um þetta mál á föstudaginn gerði skýra grein fyrir afstöðu sinni og þeirri bóndabeygju sem Evrópusambandsmálið er í hjá einstökum stjórnarþingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Hinn stjórnarflokkurinn, Samfylkingin, stendur hins vegar heils hugar að baki þingsályktunartillögunni, nema hvað? Það hefur margoft komið fram að endurreisnarplan Samfylkingarinnar, endurreisn íslensks efnahags, er innganga í Evrópusambandið. Þar er ekkert plan B, ekki frekar en í Icesave-málinu.

Frú forseti. Það er engin launung á því að staða Íslands, staða þjóðarinnar er erfið, svo erfið að ekki er hægt að útiloka neina þá leið sem gæti hjálpað okkur út úr þeim vanda, út úr kreppunni sem við erum stödd í. Það þýðir á mannamáli að við verðum að skoða sem flesta möguleika. Einn möguleikinn er sá sem við ræðum hér, þ.e. aðildarumsókn að Evrópusambandinu og hugsanleg upptaka og/eða tenging við evru. Sú leið gæti verið þyrnum stráð. Við þekkjum hætturnar fyrir undirstöðuatvinnugreinar okkar, sjávarútveg og landbúnað. Þessar atvinnugreinar hafa lagt mikla vinnu og metnað í að skoða, ekki síst landbúnaðurinn, kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu og þeirra niðurstaða er skýr og vel þekkt. Gallarnir eru langtum stærri og munu að óbreyttu leggja einstakar greinar þessa atvinnuvegar í rúst.

Frú forseti. Við vitum að við erum ríkt land með miklar auðlindir, miklu ríkari en flestar Evrópuþjóðir, hvað þá þær þjóðir gömlu Austur-Evrópu sem sækja ýmislegt til Evrópusambandsins. Við erum fyrst og fremst að sækja fjármálalegan stöðugleika, nýjan gjaldmiðil. Af öllu öðru erum við í raun rík. Við eigum auðlindir til lands og sjávar, mannauð, lýðræðiskerfi, pólitískan stöðugleika, stjórnkerfi sem er með því besta sem gerist í heiminum, unga þjóð, kröftuga og mikil atvinnutækifæri, þ.e. ef við undanskiljum núverandi vandamál með bankahruni og heimskreppu. Staða okkar er því verulega önnur en annarra Evrópuríkja sem sækjast eftir inngöngu í Evrópusambandið. Því verðum við að spyrja okkur hvort einhverjar aðrar leiðir séu færar, hvort við þurfum ekki að skoða allar aðrar leiðir samtímis því að kanna aðild að Evrópusambandinu.

Ein leið væri sú — og finnst mér nauðsynlegt að hæstv. utanríkisráðherra og hv. formaður utanríkismálanefndar og nefndin öll skoði hana — þ.e. að skoða aðild að NAFTA, fríverslunarbandalagi Norður-Ameríkulanda og Mexíkós og hugsanlega upptöku dollars. Ég ræddi þetta við hæstv. utanríkisráðherra í andsvari við ræðu hans hér fyrr í umræðunni. Þar koma fram að í hans ráðherratíð alla vega hefði þessi kostur aldrei verið skoðaður. Þar með liggur sú spurning ósvöruð, ókönnuð hvort hagsmunum okkar þjóðar og lands væri ef til vill betur borgið með slíkum samningum. Þetta er í beinu framhaldi og eðlilegu af því sem við höfum áður rætt, að hér er einblínt, þ.e. stefna beint inn í Evrópusambandið. Það er stefna Samfylkingarinnar og aðrir möguleikar eru ekki uppi á borði. Aðrir möguleikar eru ekki einu sinni ígrundaðir og við höldum bara áfram á þessari einu leið, ýmist öll á sama báti eða þvinguð í þann bát alla vega.

Allar aðrar leiðir ætti jafnframt að skoða samhliða og ekki hafna neinni fyrir fram. Til dæmis mætti nefna einhliða upptöku annarra gjaldmiðla en evru og dollars eða evru og dollars og hugsanlega annarra gjaldmiðla ef álitið væri að það hentaði eftir nákvæma athugun. Ég tel að allt þetta þurfi að skoða samhliða því athuga það hvernig henti best að fara í þessar viðræður við Evrópusambandið. Við erum því miður þannig stödd, hin íslenska þjóð, að allar leiðir ber að skoða.

Frú forseti. Við erum hins vegar hér í dag eða þessa dagana að ræða þingsályktunartillögu um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Samhliða þingsályktunartillögu stjórnarflokkanna var kynnt þingsályktunartillaga frá Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum um aðra og, að mínu mati, mun betri málsmeðferð en fram kemur í stjórnartillögunni. Tillaga stjórnarandstöðuflokkanna er í anda þeirrar ræðu sem forseti lýðveldisins hélt í þessum stól við þingsetninguna. Hún var um að vanda undirbúninginn, búa ekki til gjá á milli hópa, skilja þjóðina ekki eftir í sárum, ná samstöðu og samvinnu bæði á þinginu og eins úti í samfélaginu öllu, hafa samráð við hagsmunaaðilana, hafa samráð við þjóðina um samningsskilyrði þannig að við þingmenn getum síðan tekið upplýsta ákvörðun um hvort við eigum að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið eður ei. Á sama tíma ætti að vera orðið ljóst hvaða aðrar leiðir sem ég nefndi fyrr í ræðu minni, þ.e. um hugsanlega tengingu við NAFTA og dollar eða einhliða upptöku annars gjaldmiðils, hvort þær leiðir væru færar, hvaða kosti og hvaða galla þær fela í sér. Þær leiðir þarf að kanna með jafnopnum huga og við gerum nú gagnvart mögulegri aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Helsti munurinn á þessum tveimur ályktunum liggur í aðferðafræðinni við málsmeðferð og þar af leiðandi trúverðugleika þess og/eða þeirra sem fara fyrir aðildarumsókninni. Þessi munur kemur meðal annars fram í minnihlutaáliti hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Skilyrði slíkra aðildarviðræðna yrði þó ávallt að samningsskilyrði væru skýr og búið væri að ná samstöðu um þau skilyrði sem landi og þjóð eru svo mikilvæg að þau yrðu ekki eftirgefanleg.“

Og, með leyfi forseta:

„Skýr samningsskilyrði eru þó ekki í áliti meiri hlutans þrátt fyrir viðamikla umræðu um hagsmuni sem standa skal vörð um ...“

Og síðar í sama áliti, með leyfi forseta:

„Telur 2. minni hluti að talsvert vanti upp á nægilega umræðu og leiðsögn um meginhagsmuni, samningsmark-

mið og áherslu á raunhæfa samninganiðurstöðu.“

Frú forseti. Eins og kemur fram í áðurnefndu áliti 2. minni hluta er einn mikilvægasti hlutinn við viðræðuferlið undirbúningurinn og kannski er sá hluti sá langmikilvægasti. Í Evrópusambandinu, eða Evrópusambandið sjálft, eru í raun og veru sérfræðingar í samningum við aðildarumsækjendur og eru þeir með vant atvinnumannateymi í því. Þeir eru sífellt að semja við aðrar þjóðir. Samninganefnd okkar þarf að geta setið við samningsborðið með skýr samningsskilyrði sem Alþingi hafi þá veitt nefndinni.

Í ljósi undangenginna atburða og umræðu sem hér hefur orðið um Icesave-samninginn ættum við að hafa lært að nauðsynlegt er fyrir þá aðila sem fara með samningsumboð fyrir Íslands hönd að hafa í farteskinu skýr skilaboð, skýr samningsskilyrði sem ekki megi gefa eftir. Ætli staða okkar nú væri ekki ögn betri ef það hefði legið fyrir áður en menn gengu til Icesave-viðræðnanna?

Við hverja erum við að fara að semja, frú forseti? Jú, við þekkjum samningsaðilana vel. Menningarlega og viðskiptalega höfum við átt samleið um langt skeið, um aldir. Við höfum unnið bæði með Evrópu og í Evrópumálum í langan tíma. Tilskipanir sem við höfum tekið upp í þinginu í hinum ólíklegustu málefnum hafa gjarnan eftirfarandi setningu einhvers staðar í greinargerðinni: Tilskipunin er sett til að samræma reglur aðildarríkjanna, eða bandalagsins eða að vísað er til hættunnar á flutningi vara, lífvera, vatns eða lofts yfir landamæri.

Því nefni ég þetta, frú forseti, að við verðum að gera okkur grein fyrir hvaða bandalag þetta er. Hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir fór vel yfir söguna í fyrri umr. um málið. Þau rök standa vel fyrir sínu, þ.e. eftir að Evrópa sameinaðist í Evrópusambandið hefur verið friður í Evrópu, alla vega í vesturhlutanum. Sameinuð Evrópa er sífellt að semja reglur sem snúa að því sama, að minnka líkurnar á ágreiningi nágranna vegna samkeppni, flutnings, ágangs, fólks, dýra, vöru, fjármagns, mengunar og svo mætti lengi telja. Við erum hins vegar, eins og við öll vitum, eyþjóð langt frá landamærum annarra ríkja Evrópu. Við ættum því að sækja okkur allar þær undanþágur frá EES-samningnum sem færar eru og hefðum átt að gera það í gegnum árin vegna þess og að þessu leyti eigum við ekki samleið með vandamálum Evrópu. Önnur sérstaða er lega landsins langt norður í Atlantshafi. Sú sérstaða skapar okkur enn frekar aðra aðkomu að málum, aðkomu þar sem hagsmunir okkar eru öðruvísi en flestra ef ekki allra annarra Evrópusambandsríkja, hagsmunir sem Evrópa á erfitt með að skilja og erfitt með að taka tillit til. Þar er auðveldast og nærtækast að nefna sjávarútveginn sem við lítum á sem auðlind en Evrópa hefur allt önnur sjónarmið í því sambandi.

Að teknu tilliti til þessarar augljósu sérstöðu Íslands og þeirrar staðreyndar að við erum rík af auðlindum er ekki nein furða að við teljum nauðsynlegt að vandað sé til undirbúnings aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Í þessu ljósi, virðulegur forseti, er rétt að rifja upp ummæli utanríkisráðherra Finna, Alexander Stubb, sem varaði við of mikilli bjartsýni varðandi Evrópusambandsumsóknarferlið í viðtali við *Morgunblaðið* 9. júní síðastliðinn og sagði, með leyfi frú forseta:

„Ef við horfum hins vegar til reynslu okkar Finna er afar mikilvægt að hafa í huga að aðildar- og umsóknarferlið er aldrei auðvelt. Menn skyldu ekki gera sér rósrauðar væntingar um að afgreiðsla umsóknar muni þegar í stað liggja fyrir eða að sjálfar aðildarviðræðurnar verði leikur einn.

Þvert á móti þá munu þær verða mjög erfiðar því grundvallarviðhorf Evrópusambandsins liggur fyrir: Það yrði hlutverk Íslands að fylgja reglum sambandsins.“

Í þingsályktunartillögunni og áliti meiri hlutans er fjallað í mörgum köflum og löngu máli um einstaka hluti sem gera þarf grein fyrir og menn telja meginhagsmuni Íslands. Þar á meðal er fjallað um landbúnað og sjávarútvegsmál. Í landbúnaðarkaflanum virðist svo vera eða maður getur lesið það á milli línanna að fyrst og fremst eigi að reyna að verja svokallaðan hefðbundinn búskap, svokölluð fjölskyldubú í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, en annað verði ekki hægt að verja með þessari aðild að Evrópusambandinu og upptöku Evrópusambandsreglnanna.

Hér er líka sagt um afnám tolla að þar sem tollverndin hafi verið ein stoð íslensks landbúnaðar þá sé mikilvægt að verja annan hefðbundinn búskap og að eitt af samningsmarkmiðum Íslands verði að verja það. Hér er þó undan skilið að meiri hlutinn virðist ekki gera sér grein fyrir því að mjólkuriðnaðurinn hefur skoðað það og dregið af þeirri skoðun þá ályktun að verulegur hluti af núverandi framleiðslu mundi hverfa úr landinu ef gengið yrði í Evrópusambandið og allur kjötiðnaðurinn hefur lýst því yfir að ef allt hvítt kjöt hverfi úr landinu þá muni kjötvinnslur landsins, sem eiga þá að nýta hefðbundið hráefni úr sauðfjár- og nautgriparækt, ekki lifa af. Í þessu plaggi, þó það sé hvergi nefnt, er því verið að tala um stóran hluta af landbúnaði eins og við þekkjum hann í dag og sem er vissulega fjölskyldubúskapur sérstaklega í samanburði við þau risavöxnu fyrirtæki sem starfa á Evrópusambandsmarkaðnum. Reyndar hefur komið í ljós að þau eru þeir aðilar sem njóta stærstan hluta Evrópusambandsstyrkjanna. En það hefur líka komið í ljós að reynsla Finna, Svía og eins vina okkar í Danmörku er sú að sífellt fleiri og fleiri dagar í hverjum mánuði hjá venjulegu fyrirtæki í landbúnaði fara í að sitja inni og fylla út skýrslur, umsóknir til að uppfylla það að geta fengið eðlilega styrki. Menn hafa farið að kalla þá töskubændur og er þetta ekki tegund af búskap sem ég held að neinir íslenskir bændur né reyndar þeir sem þetta hefur verið haft eftir, hinir skandinavísku frændur okkar og vinir, hafa sóst eftir. En þetta er eitt af því sem stendur ekki í þessu langa máli meiri hlutans.

Hér er heilmikið fjallað um fæðuöryggi og matvælaöryggi og það er út af fyrir sig ágætt. En ef samhliða því er verið að færa stóran hluta af matvælaframleiðslunni úr landi þá hverfur allur trúverðugleiki í því sem haldið er fram, þ.e. að hér eigi að tryggja fæðuöryggi. Í dag erum við í raun að framleiða einungis um 50% af þeim matvælum sem við þurfum á að halda í landinu og það er auðvitað alveg á mörkunum. Í skilgreiningum alþjóðasamfélagsins hefur verið talið að ekki megi fara neðar til að fæðuöryggi þjóðarinnar sé tryggt ef heimskreppa geisaði, eins og við sáum kannski nánast gerast í haust í bankahruninu, þar sem viðskipti milli landa mundu stöðvast að einhverju leyti, hvað þá faraldrar og farsóttir sem vissulega geta komið upp þó þeir hafi ekki komið upp á síðustu áratugum, jafnvel

tæplega 100 árum. En það þarf þó ekki að fara lengra aftur en svo. Því er alveg ljóst að við það að fara í aðildarviðræður og hugsanlega aðild að Evrópusambandinu erum við að fyrirgera landbúnaðinum enda er það skoðun landbúnaðarins eftir ítarlega athugun og þeir hafa mjög vel komið því á framfæri. Ég verð að segja alveg eins og er að þó svo að texti um landbúnað sé hér á hátt á aðra eða þriðju blaðsíðu þá er það ekki nóg ef menn tala ekki um hann af nægilegri þekkingu og setja ekki fram nægileg skilyrði til þess að annaðhvort stöðva viðræður eða þá að segja að út af þessu spori verði ekki vikið.

Frú forseti. Lokaorð mín eru hvatning til ríkisstjórnarflokkanna, ekki síst þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að koma okkur til aðstoðar í að vanda undirbúninginn enn frekar, meðal annars með því að setja skýr skilyrði í samráði við hagsmunaaðila inn í samningsumboðið. Það er ekki nægjanlegt að mínu mati að vísa í greinargerð um að fylgja skuli sjónarmiðum eins og fram koma í meirihlutaáliti eins og þar stendur og að í því sama áliti sé hafnað að fyrir liggi samningsskilyrði. Hér á blaðsíðu 14 í VII. kafla er talað um skilyrt umboð og þar er því hafnað að sett séu skilyrði fyrir fram og sagt, með leyfi forseta:

„Að mati meiri hlutans er afar mikilvægt að þeir meginhagsmunir sem lúta að aðildarviðræðum við ESB verði afmarkaðir og að á þeim byggist síðan nánar skilgreindari samningsmarkmið. Þau verða hins vegar ekki sett fyrr en síðar í ferlinu þegar orðið er ljóst hvaða atriði það kunna að vera í raun sem kalla á samningaviðræður.“

Ég er búinn að reyna að koma inn á í máli mínu varðandi landbúnaðinn að þar hefur verið farið vel yfir það, þ.e. hvað megi ganga langt, um hvað megi semja til að tryggja að hér verði landbúnaður og byggð í landinu eins og við þekkjum hana í dag og hve langt megi ganga og hvað megi ekki gera þannig að það þarf ekki að bíða í raun eftir neinu ferli síðar í samningaviðræðunum og meta það þá. Það er hægt að segja það fyrir fram. Sú vinna hefur farið mjög langt hjá Bændasamtökunum og ég held að við í þinginu eða í þessum aðdraganda hefðum átt að tryggja það enn frekar, fara yfir þau mál og setja þau skilyrði. Það sama á auðvitað að gilda um sjávarútveginn og aðra málaflokka sem við viljum standa sem fastast við og fyrir.

Frú forseti. Öllum er ljóst sem til samningagerðar þekkja að líkur á ásættanlegri og jafnvel góðri niðurstöðu aukast mikið við breiða samstöðu baklandsins — í þessu tilviki á ég við þing og þjóð — og eins ef skýr markmið liggja fyrir. Því legg ég til, frú forseti, að hv. utanríkismálanefnd reyni enn til hlítar að breikka bakland sitt með því að setja inn skilyrði sem við erum sammála hagsmunaaðilum um að við munum aldrei gefa afslátt á, setja slík skilyrði inn í þingsályktunartillöguna áður en við tökum ákvörðun um aðildarviðræður.

Hv. formaður utanríkismálanefndar á hrós skilið, og hann hefur fengið það í ræðustól Alþingis, fyrir myndarlega greinargerð og eins fyrir vinnulagið við umfjöllun um ályktanirnar báðar, þ.e. stjórnarályktunartillöguna og eins þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar eða stjórnarandstöðuflokkanna Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Ég vildi líka gjarnan geta hrósað hv. formanni fyrir niðurstöðu málsins og hvet hann því til dáða í því að ná breiðari samstöðu í þinginu með því að setja samningsskilyrði inn í breytingartillöguna. Það er hægt með því að taka breytingartillögu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur og fella hana inn í álit nefndarinnar. Þar koma fram þau meginmarkmið og þeir meginhagsmunir sem við erum, held ég og vona, að við séum öll tilbúin til að verja.

Frú forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um breytingartillöguna sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir lagði fram í sínu máli. Hún er í raun nokkurn veginn samhljóða ályktun sem við samþykktum á flokksþingi Framsóknarflokksins fyrr í vetur. Hún hljóðar svo í styttri útgáfunni, með leyfi forseta:

„Á eftir orðunum „Alþingi ályktar að“ komi (í stað orðalags í breytingartillögunni): Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á grundvelli samningsumboðs frá Alþingi sem tryggi hagsmuni almennings og atvinnulífs og þá sérstaklega sjávarútvegs og landbúnaðar. Þá verði fullveldi og óskorað forræði Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar grundvallarkrafa í þeim viðræðum. Viðræðuferlið verði opið og lýðræðislegt og leiði viðræðurnar til samnings skal íslenska þjóðin taka afstöðu til aðildarsamnings í þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar upplýstrar umræðu.“

Síðan fylgja þau skilyrði sem ég hef skilið svo að verði að liggja fyrir áður en við hefjum viðræðurnar til þess að umboð samninganefndarinnar sé skýrt og til þess að samninganefndin — þegar hún fer út eða hæstv. utanríkisráðherra fyrir hönd þings og forseta, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal upplýsti í sinni ræðu fyrr í kvöld — að þá séu þau skilyrði mjög skýr og að ekkert verði hægt að víkja frá þeim. Það þýðir að líkurnar á að hugsanlegur samningur sem mundi koma í kjölfarið á þessum viðræðum yrði með þeim hætti að hægt væri að leggja hann fyrir þjóðina og kynna og að á honum væru ekki neinir þeir gallar að við værum að semja frá okkur eign eða yfirráð yfir auðlindum til lands og sjávar.

Frú forseti. Ég hef hérna reynt í nokkru máli að koma hluta af þeim sjónarmiðum á framfæri sem ég tel mikilvæg okkur þingmönnum þegar við tökum ákvörðun um þetta mál. Ég sakna þess hins vegar þegar fyrir liggur svona stórt mál og búið er að leggja svona mikla vinnu í það og menn hafa gengið mjög langt í því, til dæmis hv. formaður utanríkismálanefndar, að segjast hafa komið til móts við allt og alla, að ekki sé stigið síðasta skrefið og það klárað. Ég ítreka orð mín nú í lok ræðu minnar um að hv. utanríkismálanefnd taki þær tillögur sem hér hafa komið fram um breytingar á milli umræðna til umfjöllunar og geri þær að sínum þannig að við, eða ég að minnsta kosti, gætum hugsanlega fellt okkur við þau skilyrði sem sett verða fyrir því að ganga til viðræðna við Evrópusambandið.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 21:39.

43. FUNDUR

þriðjudaginn 14. júlí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266. — Frh. síðari umr.
3. Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 250. — Frh. síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Valur Gíslason, 8. þm. Norðaust.

Störf þingsins.

Álit Seðlabankans um Icesave o.fl.

[13:31]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður og formaður utanríkismálanefndar, Árni Þór Sigurðsson, fer mikinn í fjölmiðlum í dag þar sem hann lýsir skoðun sinni á lögfræðingum Seðlabanka Íslands og þeim skoðunum sem þeir hafa lýst í minnisblöðum sem eru reyndar háð leynd um sinn í hv. fjárlaganefnd. Seðlabankastjóri kom sjálfur á fund fjárlaganefndar og gerði grein fyrir því hvaða skoðun Seðlabankinn hefði á því samkomulagi sem ríkisstjórnin hefur skrifað undir um Icesave. Farið var fram á það að minnisblaðið yrði geymt og síðan unnið betur að því hvað varðar einstakar tölur í álitinu. Hins vegar voru engar athugasemdir gerðar við þá skoðun sem fram kom af hálfu lögfræðinga Seðlabanka Íslands um það samkomulag og þann samning sem unninn hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég get ekki farið í það sem stendur í þessu minnisblaði enn þá. Ég á von á að þeirri leynd sem á því hvílir verði aflétt hið allra fyrsta enda hefur ríkisstjórnin margoft sagt að um þetta mál skuli engin leynd hvíla. En ekki hefði ég viljað fá þann dóm sem lögfræðingar Seðlabanka Íslands gefa samninganefnd fjármálaráðherra í þessu máli. Það þótti ekki ástæða til að tala við þá lögfræðinga sem hvað mesta þekkingu hafa á því að semja um lán fyrir íslenska ríkið. Þeir voru ekki spurðir að því hvað þeim fyndist um þetta. En hv. þm. Árni Þór Sigurðsson á ekki í vandræðum með að lýsa skoðunum sínum á þessu. Hann segir, með leyfi forseta, í fjölmiðlum í dag:

„Er þetta ekki bara fólk sem er enn þá í vinnu hjá gamla seðlabankastjóranum? Maður veltir því fyrir sér.“ — Og áfram heldur hann: „Það er einfaldlega verið að blekkja þingnefndirnar með þessum hætti. Ég velti fyrir mér hvort menn séu þarna á einhverju einkatrippi. Fyrir mér virðist sem viðkomandi starfsmaður sé enn að vinna fyrir Davíð Oddsson.“

Þarna er um að ræða Sigríði Logadóttur, aðallögfræðing Seðlabanka Íslands. Þetta fólk er auðvitað með Davíð Oddsson enn þá á heilanum. Það er ekki hægt að taka mark á því sem helstu sérfræðingar landsins á þessu sviði segja (Forseti hringir.) og þetta er fólkið, virðulegi forseti, sem ætlaði að fara með hagsmuni íslensku þjóðarinnar í samningnum við Evrópusambandið og það er ekki boðlegt eins og menn halda á þessu máli.

[13:33]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Hv. þm. Ólöf Nordal segir að ég fari mikinn í fjölmiðlum. Hv. þingmaður fór mikinn í ræðustól. Eins og henni er kunnugt um er ég frekar orðvar maður frá degi til dags og venjulega og það þarf býsna mikið til þess að mér verði misboðið. Málið er einfaldlega það í þessu samhengi að óskað var eftir því að lögfræðingar Seðlabankans kæmu á fund utanríkismálanefndar og gerðu grein fyrir áliti sínu á málinu og haft var samband við Seðlabankann og þess farið á leit að lögfræðingarnir kæmu á fund nefndarinnar og greindu frá viðhorfum sínum. Að sjálfsögðu tekur maður mark á þeim sjónarmiðum og þeim orðum og þeim skrifum sem frá lögfræðingum Seðlabankans koma.

Það sem ég gerði athugasemdir við er það að síðdegis í gær kom tölvuskeyti frá lögfræðingum Seðlabankans eða aðallögfræðingi Seðlabankans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við lögfræðingar Seðlabanka Íslands viljum undirstrika að á minnisblaði til utanríkismálanefndar er samantekt á því sem kom fram á fundinum þar sem lögfræðingar mættu sem gestir og ber ekki að líta á sem umsögn Seðlabankans sem slíka. Við viljum gjarnan að þetta komi fram hjá nefndinni. Verið er að klára vinnslu á umsögn Seðlabankans til fjárlaganefndar.“

Það var það sem ég var að gera athugasemdir við. Ég hafði staðið í þeirri trú að lögfræðingarnir væru að tala í umboði Seðlabankans og fyrir hönd hans og það er augljóst að þegar menn koma með þann hatt á fund nefndar þá gefur það umsögn þeirra tiltekna vigt. Ég er ekki að gera lítið úr þeim sjónarmiðum sem þau kunna að standa fyrir sem einstaklingar. (Gripið fram í.) þau eru að sjálfsögðu fullgild eins og hverra annarra sem eru kallaðir á fundi nefndarinnar og hafa skoðanir á þessu máli. (Forseti hringir.) Margir lögfræðingar hafa komið á fundi nefnda og haft mismunandi skoðanir á þessu máli. Þeirra sjónarmið er liður í því en augljóslega ekki skoðun Seðlabanka Íslands.

[13:35]

Skúli Helgason (Sf):

Frú forseti. Formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram tillögur á þinginu um svokallaða tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að ESB. Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn aldrei verið sérstaklega hallur undir þjóðaratkvæðagreiðslur þó að oft hafi komið upp í þjóðfélagsumræðunni krafan um að könnuð yrði með formlegum hætti afstaða þjóðarinnar til stærri mála. Mér dettur í hug í fljótu bragði þrjú mál sem hefðu verðskuldað þjóðaratkvæðagreiðslur á liðnum áratug. Í fyrsta lagi fjölmiðlamálið, í öðru lagi aðkoma Íslands að Íraksstríðinu og í þriðja lagi Kárahnjúkavirkjun.

Sjálfstæðisflokkurinn leiddi ríkisstjórn á þeim tíma þeg-

ar öll þessi mál komu upp og var í lófa lagið að bera þau undir atkvæði þjóðarinnar. Það kom þó aldrei til greina, ekki einu sinni þegar forseti Íslands hafði synjað fjölmiðlalögunum staðfestingar og stjórnarskráin kvað á um að þau skyldu borin undir þjóðina.

Nú bregður svo við þegar Sjálfstæðisflokkurinn er kominn í stjórnarandstöðu eftir rúmlega 17 ára samfellda stjórnarsetu að hann fær skyndilega svo brennandi ást á þjóðaratkvæðagreiðslum að hann leggur til að þjóðin verði spurð beint, ekki einu sinni heldur tvisvar í sama málinu, bæði fyrir og eftir að hún hefur öðlast forsendur til að taka upplýsta afstöðu. Nú eru allir flokkar sammála um það að leggja væntanlegan aðildarsamning við ESB í dóm þjóðarinnar þegar samningurinn liggur fyrir. En sú aðferð er í besta falli sérkennileg að spyrja þjóðina líka fyrir fram hvaða álit hún hefur á aðildarsamningi sem ekki hefur verið gerður, enda hefur engri þjóð dottið í hug að fara þessa leið fyrr en nú að hún skýtur upp kollinum á Íslandi.

Það merkilega er að formaður Sjálfstæðisflokksins var sjálfur þeirrar skoðunar fyrir örfáum mánuðum að einföld þjóðaratkvæðagreiðsla að loknum aðildarviðræðum væri nóg eða eins og hann sagði í blaðagrein í Fréttablaðinu 13. desember, með leyfi forseta: „Þær sérstöku aðstæður sem nú eru uppi kalla á að þjóðin öll taki í kjölfar aðildarviðræðna ákvörðun um þetta mikilvæga mál.“

Því langar mig að spyrja formann (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarna Benediktsson: Hvernig stendur á því að hann stendur ekki lengur við þá prýðilegu stefnumörkun sem hann kynnti í desember sl.?

[13:38]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja vegna þessara spurninga að fjölmiðlamálið, Íraksstríðið og Kárahnjúkar eru ekki mál sem eru sambærileg því sem við erum að ræða á þinginu þessa dagana, um mögulega umsókn að Evrópusambandinu. Í fjölmiðlamálinu var meiri hluti fyrir málinu á þingi. Það var meiri hluti á þinginu sem samþykkti að fara þá leið sem þar var lögð til. Mér kemur dálítið á óvart að hv. þingmaður skuli vera þeirrar skoðunar að Kárahnjúkamálið skuli vera þeirrar tegundar að þar hefði þurft að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla, sérstaklega þegar maður rifjar það upp að það var fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar sem tryggði nauðsynlegt atkvæði í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir því að sú framkvæmd gæti átt sér stað.

Ég hef talað fyrir því í umræðu um Evrópusambandsmálin að einföld þjóðaratkvæðagreiðsla kynni að vera nóg en það þarf að vera til staðar einhver lágmarkssamstaða um það á þinginu, einhver sem er tilbúinn til að axla hina pólitísku ábyrgð á málinu. Hér höfum við enga ríkisstjórn sem er tilbúin til þess. Við höfum tvo ríkisstjórnarflokka sem eru á öndverðum meiði í þessu máli. Annan sem ætlar að áskilja sér rétt alveg út í rauðan dauðann til að berjast gegn málinu og við höfum upplifað það í umræðu á þinginu að einstakir þingmenn eru undir ógnarþrýstingi að styðja málið gegn betri samvisku. Ég trúi því einfaldlega að við þessar aðstæður þar sem enginn breiður pólitískur grunnur er til staðar, hvorki er samstaða um það í ríkisstjórninni né á þinginu með hvaða hætti við eigum að leggja af stað í þessa ferð, þá sé nauðsynlegt að a.m.k. liggi fyrir stuðningur frá þjóðinni í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu áður en lögð er inn umsókn. Ég vek athygli á því að það er ekki einu sinni samstaða um það í þinginu hver formsatriðin eiga að vera og þá er ég t.d. að vísa til þess hvernig staðfestingu á samningnum (Forseti hringir.) eigi að vera háttað. (**Gripið fram í:** Er samstaða í Sjálfstæðisflokknum?)

[13:40]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Nú virðist vera að erlendar skuldir Íslands séu mun hærri en upphaflega var gert ráð fyrir þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom til landsins í nóvember sl. Þetta hefur fastafulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins staðfest sem og Seðlabanki Íslands á fundum efnahags- og skattanefndar og fjárlaganefndar og að mér skilst fjármálaráðherra líka í morgun. Það virðist samt ríkja mikil óvissa um bæði skuldastöðu íslenska þjóðarbúsins og skuldaþol þess og því langar mig til að spyrja, þar sem nú er liðinn rúmur mánuður frá því að skrifað var undir svokallað Icesave-samkomulag, og miðað við að við bíðum enn eftir þessum upplýsingum og við fáum gefið upp allt frá 160% til 300% af vergri landsframleiðslu, þá vildi ég spyrja hv. þm. Helga Hjörvar, þingmann Samfylkingarinnar og formann efnahags- og skattanefndar, sem á einmitt að fjalla eitthvað um efnahagsmál: Af hverju var skrifað undir samkomulagið áður en þessar upplýsingar lágu fyrir og telur hv. þingmaður og formaður efnahags- og skattanefndar að það sé ekkert samhengi á milli núverandi skuldastöðu og greiðslugetu og möguleika okkar á að standa við Icesave-samkomulagið?

[13:41]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það er fljótgert að svara spurningum hv. þingmanns. Það er rétt að Seðlabankinn hefur kynnt skuldastöðu og skuldaþol eins og staðan er í dag fyrir efnahags- og skattanefnd og fjárlaganefnd og mun kynna endanlegar tölur sínar í fyrramálið og birta síðan á blaðamannafundi í framhaldinu og þá gefst öllum almenningi tækifæri til að taka afstöðu til þeirra.

Hvað það varðar á hvaða grunni samninganefndin stóð þegar hún gekk frá sínum samningum þá hafði hún auðvitað beinan aðgang að tölum Seðlabankans og þeim upplýsingum sem voru fyrir mánuði síðan tiltækar um skuldastöðu þjóðarbúsins (Gripið fram í.) sem ég hygg að hafi verið býsna nálægt því sem hér um ræðir.

Mér er það ljóst að auðvitað hafa vakið nokkrar áhyggjur hjá heimsendaspámönnum í röðum þingmanna þær tölur sem Seðlabankinn lagði fram fyrir efnahags- og skattanefnd og fjárlaganefnd sem sýna auðvitað svo ekki verður um villst þá trú sem sérfræðingar bankans hafa á vaxtarmöguleikum íslensks atvinnu- og efnahagslífs og þeim (Gripið fram í.) möguleikum sem við höfum til að standa undir skuldbindingum okkar framvegis.

Ég vil hins vegar segja vegna þess sem barst í tal áður um lögfræðiálitið sem kynnt var fyrir okkur í utanríkismálanefnd í síðustu viku að Seðlabankaklúðrið í þessu lögfræðiáliti er auðvitað með miklum ólíkindum. Það að ríkis-

stjórnin leiti eftir fulltrúa bankans í samninganefndina (Gripið fram í.) og að sá fulltrúi ráðfæri sig ekki við lögfræðinga Seðlabankans sem er á sömu skrifstofu og hann og hann fylgi ekki fram þeim lagaskyldum sem á honum hvíla um það að fara í gegnum lögfræðiþátt málsins með lögfræðingum bankans, er auðvitað (Forseti hringir.) slíkt klúður að það hlýtur að vekja verulegar efasemdir um faglega hæfni Seðlabankans í afgreiðslum á þessu máli og ýmsum öðrum. (Gripið fram í.)

[13:44]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Nú eru fyrstu vikurnar liðnar síðan svokallað strandveiðifrumvarp tók gildi og um 400 bátar hafa fengið leyfi og haldið á sjó. Þetta hefur kallað yfir okkur tugi beiðna um aðstoð og hjálp á hafinu við landið, eins og fram hefur komið í fréttum undanfarið, með miklu og auknu álagi á Vaktstöð siglinga og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar og á björgunarbátaflotann í kringum landið. Flest hefur þetta farið vel sem betur fer og er það kannski fyrst og fremst að þakka góðu veðri en eins og alþjóð veit höfum við haft einmuna veðurblíðu á landinu undanfarnar vikur og á hafinu í kringum landið líka.

Það hefur líka komið fram að kvótinn sem er úthlutað og sóknin er þannig að í ólympískum veiðum þar sem kapphlaup er um veiðina þá klárast þetta aflamark fljótt. Þetta eru um 10 tonn í heildina á hvern bát sem ætla má að hefði annars getað veitt um 40–50 tonn. Nú er fram undan nýtt tímabil sem er í ágúst og þá getum við rifjað upp hvernig veður var í ágúst í fyrra. Ef við lendum í því sama núna munu bátar á norðvestursvæðinu ekki geta farið á sjó á Norðurlandinu og Vestfjörðum á meðan bátar á Breiðafirði geta verið að róa sleitulaust og veiða úr sameiginlegum kvóta þessara skipa. Þetta kallar á aukna hættu og aukin útköll og býður heim þeirri hættu að bátar fyrir norðan muni fara að sækja sjó í verri veðrum. Ég vil spyrja hv. varaformann sjávarútvegsnefndar hvort hún hyggist beita sér fyrir breytingum á þessu þar sem þessi augljósa hætta er fyrir hendi alveg sérstaklega á norðvestursvæðinu og hvernig hún hyggist þá bregðast við þeim aðstæðum sem uppi eru.

[13:46]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir að vekja athygli á reynslunni sem nú er smátt og smátt að koma í ljós af strandveiðunum. Ég get upplýst þingheim um að það er mikil ánægja með þessar strandveiðar, a.m.k. á því svæði sem ég þekki gerst til, þ.e. á norðvestanverðu landinu. Reynslan af þessu hefur verið góð, menn fiska vel, og það hefur verið eindæma veðurblíða sem hefur um leið ráðið því að það hefur verið mikil sókn á miðin og kannski mun meiri en menn sáu fyrir. Þessi aukna sókn á miðin kallar á eftirlit og það er sjálfgefið mál að ekki er hægt að slá af neinum kröfum hvorki um haffærni skipa né eftirlit með þeim og öryggismál öll sem varða þessar veiðar. Það er náttúrlega sérstakt úrlausnarefni sem fara þarf vel yfir og sérstaklega nú á þessum niðurskurðartímum hver staða Landhelgisgæslunnar er og annarra eftirlitsaðila varðandi þetta.

Að öðru leyti verð ég bara að segja það að mér sýnist reynslan af þessum strandveiðum vera góð. Það kemur reyndar í ljós að mikill hluti heildarmagnsins sem úthlutað var á svæðunum hefur verið veiddur á því svæði sem hér var rætt, þ.e. við norðaustanvert landið, og mér sýnist af þeirri reynslu að full ástæða sé til að huga sérstaklega að svæðaskiptingunni þegar kemur að því að bæta þetta annars ágæta fyrirkomulag sem nú hefur verið komið á með strandveiðunum.

[13:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli manna á orðum hv. þm. Helga Hjörvars til að byrja með en hann lýsti yfir fullkomnu vantrausti á norska lausamanninum í Seðlabankanum í ræðu áðan og efast ég um að menn hafi heyrt annað eins af hálfu stjórnarþingmanns gagnvart embættismanni og hér kom fram. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég ætlaði aðeins spyrja hv. þm. Lilju Mósesdóttur út í endurreisn bankanna og ástæðan fyrir því að ég vildi skiptast á skoðunum við hv. þingmann er sú að ég var mjög ánægður með fyrirspurn hv. þingmanns til viðskiptaráðherra í gær í tengslum við endurreisn bankanna og var það í anda þess sem við höfum talað fyrir, sjálfstæðismenn. Við sátum saman fund, ég og hv. þingmaður, í viðskiptanefnd þegar staða mála við endurreisn bankanna var kynnt en það á að ganga frá þeim málum á föstudaginn. Við höfum haft mjög miklar áhyggjur af gjaldeyrisójöfnuði sem felst í því að verði styrking krónunnar of mikil muni nýju bankarnir eins og lagt var upp með hreinlega verða óstarfhæfir eða gjaldþrota. Við spurðum sérstaklega út í þetta mál í hv. viðskiptanefnd og fengum þær upplýsingar, virðulegi forseti, að ef gengið styrkist um meira en 30% verði nýju bankarnir gjaldþrota. Þeir sem kynntu þetta fyrir okkur höfðu ekki áhyggjur af þessu máli sökum þess að Seðlabankinn hefði svo sterk tök til að halda gengi íslensku krónunnar niðri.

Virðulegi forseti. Ég hef gríðarlegar áhyggjur af þessu og ég hef áhyggjur af því að núna á sumarþinginu séum við ekki að ræða einmitt þessi stóru mál. Ég vildi því fá að vita hvert er sjónarmið hv. þm. Lilju Mósesdóttur í þessu máli nákvæmlega.

[13:50]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að vekja enn og aftur athygli á því að ljúka á endurreisn bankakerfisins á föstudaginn kemur. Það eru mörg álitaefni í því sambandi og ég deili áhyggjum hans af því að við séum að taka á okkur of stóran bita eða færa yfir eignir frá gömlu bönkunum yfir í nýju bankana sem eru allt of verðmiklar eða allt of dýrar m.a. vegna þess að ekki er tekið nægilega mikið tillit til gengisáhættunnar.

Það er vissulega rétt að Seðlabankinn hefur ekki áhyggjur af því að krónan muni styrkjast mjög mikið. Við búum við gjaldeyrishöft og það kom fram í máli seðlabankamanna að við getum átt von á því að þau verði að vera hér í nokkur ár í viðbót, m.a. vegna þess að við erum skuldsett þjóð sem þarf að borga hátt hlutfall af vergri landsfram-

leiðslu í afborganir og vexti af lánum. Til þess að tryggja þennan stöðugleika þarf líka að taka lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og nota þau lán sem fara í gjaldeyrisvarasjóðinn til þess að tryggja stöðugt gengi.

Ég vil bara leggja áherslu á það í sambandi við endurreisn bankanna að það má aldrei gleymast að það voru kröfuhafarnir sem við erum að semja við núna um verðmæti eignanna sem færast á milli gömlu og nýju bankanna en ekki íslenskir skattgreiðendur sem settu bankana á hausinn. (Gripið fram í.) Þeir lokuðu lánalínunum. (Gripið fram í.)

[13:53]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Mig langar að koma hér upp vegna ummæla formanns utanríkismálanefndar sem höfð hafa verið eftir honum úr þessum ræðustól vegna málefna Seðlabankans og þess álits sem hann hefur á lögfræðingum bankans og raunverulega beinist gagnrýnin helst að yfirlögfræðingi bankans. Hann lét hafa eftir sér eftirfarandi sem er á mbl.is í dag, með leyfi forseta:

„Er þetta ekki bara fólk sem er enn þá í vinnu hjá gamla seðlabankastjóranum?“

Hvernig getur hv. þingmaður rætt málin með þessum hætti? Gerir hann sér ekki grein fyrir hvaða ábyrgðarstöðu hann gegnir fyrir Alþingi?

Í leiðinni langar mig til að spyrja hann hvort hann telji að skipun Svavars Gestssonar sem formanns samninganefndar í Icesave-deilunni hafi byggst á faglegu mati á hæfileikum hans til þeirra hluta eða pólitík og mig langar til að hv. þingmaður beri þessi mál örlítið saman.

[13:54]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Hæstv. forseti. Ég get því miður ekki svarað hér fyrir hv. þm. Árna Þór Sigurðsson en ég ætla að fjalla um sama mál vegna þess að ég á sæti í fjárlaganefnd og þangað kom fulltrúi Seðlabankans og lagði fyrir nefndina álit sitt, annars vegar á skuldastöðu þjóðarinnar og hins vegar á lögfræðilega hluta Icesave-samninganna. Ég vil um þetta segja að þegar Seðlabankinn leggur fram álit með merki bankans þá er það álit Seðlabankans. Það er ekki persónulegt álit einstakra lögfræðinga. Mér þykir miður að við skulum vera að draga í efa hæfi þessara manna núna í þingsal. Við höfum gert athugasemdir við skuldastöðu Seðlabankans og þar ætla menn að reikna þetta aftur og ég veit að þar er fagfólk sem mun komast að faglegri niðurstöðu.

En mig langar til að benda á annað atriði og það er að Ragnar Hall og Eiríkur Tómasson komu ásamt Kristni Bjarnasyni fyrir nefndina í gær. Ragnar Hall og Eiríkur Tómasson lýstu mjög eindregið þeirri skoðun sinni að þeir teldu að gerð hefðu verið mikil og stór mistök við útreikning á kröfum Icesave-samninganna sem þýðir m.a. að það er ekki bara verið að svínbeygja okkur til að borga 20.887 evrur, það er verið að neyða okkur til að borga meira en það, meira en það sem segir í tilskipuninni. Þeir benda báðir á að það standi í tilskipuninni að túlka eigi lögfræðihlutann nákvæmlega eins og Ragnar Hall (Forseti hringir.) gerir í grein sem birtist bæði í Morgunblaðinu og í Fréttablaðinu.

[13:56]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég ætla að blanda mér í þessa umræðu og tala um sama mál og sá sem talaði hér á undan. Ég er svo fullkomlega gáttuð á þeim ummælum sem höfð eru eftir formanni utanríkismálanefndar í morgun að ég er næstum því orðlaus. Ég spyr: Hversu langt er hægt að seilast í andúð sinni á einum manni? Þarna var vegið að starfsheiðri fólks í Seðlabankanum. Hverjir aðrir en lögfræðingar í Seðlabankanum, á lögfræðisviði Seðlabankans, ættu að vera færir um að skrifa lögfræðiálit um tiltekin atriði? ég bara spyr. Eru það hagfræðingarnir sem eiga að fara að túlka lögfræðina? Nei, það hljóta að vera lögfræðingarnir.

Mér finnst að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, sem þessi orð eru höfð eftir, eigi að standa hér í ræðustól á Alþingi og biðja þetta ágæta fólk afsökunar. Hann segir hér að það sé ekki verið að gera lítið úr sjónarmiðum þessa fólks. Ég vil leyfa mér að hafa hér eftir honum, með leyfi forseta:

„Það dregur verulega úr trúverðugleika álitsins ef það er ekki unnið fyrir hönd stofnunarinnar heldur aðeins persónulegt álit viðkomandi starfsmanns. Það er einfaldlega verið að blekkja þingnefndirnar með þessum hætti. Ég velti fyrir mér hvort menn séu þarna á einhverju einkatrippi. Fyrir mér virðist sem viðkomandi starfsmaður sé enn að vinna fyrir Davíð Oddsson.“

Ef þetta er ekki að gera lítið úr sjónarmiðum fólks veit ég ekki hvað það er. Þetta er fullkomlega óboðlegt og þingmanninum til svo fullkomlega mikillar minnkunar að (**Gripið fram í:** Jafnaðarmannasjónarmið.) ég krefst þess að hann komi hér og biðji þetta fólk afsökunar.

Fyrir utan það, hvernig ætlar þingmaðurinn að leysa þetta vandamál sem nærvera Davíðs Oddssonar eða fjarvera í Seðlabankanum greinilega er? Maðurinn er hættur í Seðlabankanum. Hvað á að gera? Á bara að bomba bankann og byrja upp á nýtt?

[13:58]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, þó að ég geri kannski ekki orð hennar um bombur að mínum. Spurning hennar er auðvitað eðlileg í ljósi þessara fáheyrðu ummæla hv. formanns utanríkismálanefndar sem virðist hafa farið gjörsamlega á taugum í þessu máli. Hann virðist hafa farið gjörsamlega á taugum þegar hann áttar sig á því að það stendur ekki steinn yfir steini í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Það stendur ekki steinn yfir steini, það er alltaf að koma betur og betur í ljós og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur einfaldlega farið á taugum þegar hann áttar sig á því hve vondan málstað hann hefur í höndunum.

Ég held að umræðan um blekkingar sem hann væntanlega vill meina að starfsmenn Seðlabankans hafi haft í frammi með því að koma á einhvern hátt fram undir fölsku flaggi. Það er ekki hægt að skilja ummæli hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar öðruvísi en að hann hafi miklar áhyggjur af þeim blekkingum sem þingnefnd er beitt í þessu sambandi.

Þá væri ágætt ef hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefði sömu áhyggjur af því þegar jafnvel ráðherrar í ríkisstjórn-

inni verða berir að því að beita þingið ítrekað blekkingum í sambandi við Icesave-málið. Við höfum ekki tíma til að fara nánar yfir það núna en ég er tilbúinn í þær umræður. Ég er tilbúinn í að taka umræður t.d. um ýmis ummæli hæstv. fjármálaráðherra sem í ljós hefur komið að voru a.m.k. efnislega röng. Hvort þau voru vísvitandi röng veit ég ekki, en efnislega röng svör sem hann hefur gefið hér við fyrirspurnum ítrekað fyrir utan misvísandi ummæli fjármálaráðherra og forsætisráðherra í þessu máli sem ber þess merki á hvers konar brauðfótum (Forseti hringir.) allur þessi málflutningur er byggður.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Vinnubrögð stjórnarmeirihlutans.

[14:01]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég ætla að vona að forseti taki þessu ekki persónulega enda snýst erindið ekki um fundarstjórnina í dag, hún hefur gengið ágætlega. Þetta snýst um það að forsetinn, sem er æðsti vörður lýðræðis í landinu og fulltrúi allra okkar þingmanna, beiti sér, aðstoði þingið í þeirri stöðu sem er komin upp og magnast með hverjum deginum þar sem framkvæmdarvaldið er farið að kúga þingið. Við urðum vitni að ótrúlegum atburði fyrir nokkrum dögum síðan þegar stjórnarþingmaður lýsti því hvernig hann hefði verið kúgaður. Þingið er sett í þá stöðu að upplýsingum er haldið frá okkur, við þurfum að grennslast fyrir um það úti í bæ hvaða upplýsingar okkur vantar. Nú er komið í ljós að enn vantar fylgigögn við hollenska Icesave-samninginn og eflaust eitthvað fleira.

Það alvarlegasta er þó að nú er ríkisstjórnin farin að beita skoðanakúgun gagnvart fólki úti í bæ. Ríkisstofnanir mega ekki tjá sig öðruvísi en að stjórnin geti sætt sig við. Nú þarf þingið að grípa til sinna ráða, frú forseti.

[14:02]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Mér finnst virðulegur forseti ætla að skauta ansi billega fram hjá því sem kom fram hjá hv. þm. Sigmundi (**Gripið fram í:** Davíð Gunnlaugssyni.) Davíð Gunnlaugssyni, já.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill minna hv. þingmann á að nefna hv. þingmenn á tilhlýðilegan hátt fullu nafni og með ávarpsorðum í þingsal.)

Mér finnst virðulegur forseti ætla að skauta ansi billega fram hjá þeim fyrirspurnum sem voru lagðar fram og óska eftir því að forseti geri grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli. Við verðum ítrekað vitni að mjög annarlegum vinnubrögðum í þinginu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og nú af hálfu hv. þingmanna meirihlutaflokkanna, vinstri flokkanna, jafnaðarmannaflokkanna hér á þingi, í ummælum sínum um starfsmenn Seðlabankans. Mig langar að inna forseta eftir viðbrögðum við því hvernig hann hyggst beita sér í þessu máli.

[14:04]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim tveim ræðumönnum sem hér hafa talað. Í mínum huga er það afar mikilvægt að við gætum að ásýnd Alþingis, við gætum líka að því að hér fari fram málefnalegar umræður. Ef það er þannig að við fáum ekki gögn sem við biðjum um, ef þingmenn ríkisstjórnarinnar leyfa sér að gagnrýna á mjög ómálefnalegan og ómaklegan hátt þá sérfræðinga og starfsmenn sem vinna hjá ríkisstofnunum og eru einungis bundnir að veita fagleg ráð og skilja persónu sína fyrir utan það, þá er það grafalvarlegt mál. Þess vegna beini ég því til hæstv. forseta að hún aðstoði þingið í krafti embættis síns og leiðrétti svona vitleysu. Það er afar mikilvægt að við reynum á einn eða annan hátt að gæta að ásýnd Alþingis og það er í rauninni bara á færi hæstv. forseta að svo verði

[14:05]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti hefur meðtekið þessar ábendingar og tekur undir það að við þurfum öll að gæta að ásýnd Alþingis.

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266.

og

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Þáltill. utanrrh. o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 250.

[14:06]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu eitthvert það brýnasta mál sem hefur verið til umfjöllunar á Alþingi. Ég held að við þurfum að leita aftur til byrjunar 10. áratugarins þegar ákveðið var að samþykkja EES-samninginn til að finna sambærilegt mál. Reyndar verð ég að segja að Icesave-ríkisábyrgðin er að mínu mati jafnstórt mál vegna þess að þar getum við alþingismenn skuldbundið þjóðina og í raun steypt henni í fátækt næstu 20 árin. Ég óttast því miður að aðild að Evrópusambandinu í því árferði sem við búum við núna geti leitt til sömu niðurstöðu. Ég ætla að útskýra það í máli mínu á eftir.

Afstaða mín snýst um grundvallarhugmyndafræði. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að byggja landið þannig upp að allir, hvar sem þeir búa á landinu, fái notið sérstöðu sinnar og að við reynum að keyra á því góða sem er á tilteknum svæðum án þess að halli á önnur landsvæði. Því miður hefur reyndin verið sú að Stór-Reykjavíkursvæðið hefur sogað til sín stóran hluta af auðlindum landsbyggðarinnar, má kannski segja, vegna þess að þar er hið stóra markaðskerfi, ef stórt má kalla. Það sem ég óttast kannski

mest varðandi Evrópusambandið er að það er í rauninni byggt upp á þessum markaðslegu forsendum, þ.e. að fólk, þessar um það bil 500 millj. sem búa á Evrópusambandssvæðinu, fái búið við samkeppnisskilyrði, að fyrirtækin í öllum þessum löndum fái búið við sömu samkeppnisreglur þannig að hægt sé að keppa innbyrðis. Þetta er grunnstefið í fjórfrelsinu sem er svo mikilvægt í Evrópusambandsumræðunni allri vegna þess að út af því eru allar reglur Evrópusambandsins í rauninni leiddar. Ég velti því fyrir mér hvort Ísland, sem er statt í miðju Atlantshafi í órafjarlægð frá þessu hagkerfi, geti fengið notið þeirra kjara sem önnur fyrirtæki búa við sem eru stödd í Evrópu. Evrópusambandið hefur reynt að leiðrétta þetta á einhvern hátt með styrkjum fyrir þá sem búa á jaðri Evrópusambandsins en því miður, eins og þjóðir sem hafa nýlega gengið í Evrópusambandið hafa bent á, eru styrkirnir miklu fátæklegri en þeir voru í upphafi.

Að öðru leyti vil ég benda á að í mínum huga snýst þessi hugmyndafræði um það hvort við viljum búa til hagkerfi sem er algerlega með fasta krónu. Með öðrum orðum, verðbólgan verði lág og krónan föst en hagkerfið muni sveiflast á móti vegna þess að við verðum að horfast í augu við það að alveg eins og menn ræddu á 7. og 8. áratugnum þá er hagkerfið okkar þannig lagað lítið. Við erum með tvær grunnstoðir, sjávarútveg og nú áliðnað sem skaffar okkur útflutningstekjur á næstu árum en þegar verða sveiflur í þessum atvinnugreinum sem og öðrum þá mun það eitt gerast að mínu mati að atvinnuleysi mun aukast. Þá lendum við í sömu sporum og Spánverjar eru að gagnrýna núna og þeir segja: Við höfum engin tæki til að bregðast við þeirri efnahagskreppu sem núna er komin upp í heiminum vegna þess að evran fastsetur okkur algerlega og við getum ekki notað hagstjórnarleg tæki til að vinna bug á því gríðarlega mikla atvinnuleysi sem er nú viðvarandi. Á Spáni er það um 20%. Ég tel það meira virði, og það út frá því byggi ég þessa skoðun mína á Evrópusambandinu, að við séum með krónu eða gjaldmiðil sem endurspeglar hagkerfið og við getum notað þann gjaldmiðil til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Ég er þeirrar skoðunar að atvinnuleysi sé eitthvert það mesta böl sem sérhver maður getur lent í og ég held að við sem þjóð, fámenn þjóð í stóru landi þolum það verr en aðrar þjóðir. Íslendingar eru vanir að vinna og berjast fyrir sínum hagsmunum. Ef það er tekið af þeim held ég að við séum afar illa sett.

Ríkisstjórnarflokkarnir báðir hafa ákveðið að leggja fram þá þingsályktunartillögu sem er til umræðu. Einstakir þingmenn Vinstri grænna hafa lýst því yfir að þeir ætli að greiða atkvæði á móti þingsályktunartillögunni. Sumir hafa meira að segja gengið það langt að þeir segjast ætla að greiða atkvæði gegn samningi jafnvel þó að þjóðin samþykki fyrir sitt leyti samningana en eins og menn vita er þjóðaratkvæðagreiðslan ekki bindandi. Þeir ætla ekki að lúta sem sagt vilja þjóðarinnar og greiða atkvæði með henni, í samræmi við vilja hennar heldur ætla þeir að halda fast við afstöðu sína. Það sem gleymist hins vegar í þessu máli er að þeir eru þeir í ríkisstjórn, þessir þingmenn Vinstri grænna og þessi ríkisstjórn með fulltingi Vinstri grænna er að leiða málið inn til atkvæðagreiðslu. Það eru Vinstri grænir sem eru að leiða málið fyrir, eins og ég hef orðað það áður, aftökusveit þingsins vegna þess að það þarf í rauninni ekki marga til að reikna út hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Ég veit að þetta eru stór orð (Gripið fram í.) en málið er tapað um leið og er ákveðið að fara með það í atkvæðagreiðslu. Afstaða einstakra manna skiptir í sjálfu sér engu máli eftir á að hyggja þegar vitað er að meiri hluti þingmanna muni keyra þetta í gegn.

Hér hafa ýmsir, einkum þingmenn Samfylkingarinnar, verið að reyna á einn eða annan hátt að túlka stefnu Framsóknarflokksins. Það finnst mér afar undarlegt vegna þess að ég hef verið í þessum þingflokki hvað lengst af þeim þingmönnum sem eru í honum núna. Þó að ég hafi ekki margra ára þingreynslu eru þetta að verða nokkur ár. Mig langar í örstuttu máli að fara yfir tvær síðustu ályktanir flokksþings Framsóknarflokksins og taka kannski fyrst þá ályktun sem var við lýði áður en síðasta flokksályktun var samþykkt. Þetta er í rauninni sú ályktun sem ég tel að hafi verið megingrundvallarákvörðun flokksins en þar segir, með leyfi forseta:

„Samskipti Íslendinga við Evrópusambandið byggjast fyrst og fremst á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Full ástæða er til þess að þróa frekar það samstarf þar sem það á við. Langvarandi jafnvægi og varanlegur stöðugleiki í efnahagsmálum er ein meginforsenda hugsanlegrar aðildar að Evrópusambandinu.“

Þetta eru að mínu mati algjör lykilorð, frú forseti.

Svo segir:

„Þannig geta Íslendingar byggt ákvarðanir sínar á styrkleika og í samræmi við sinn eigin þjóðarmetnað sem frjáls þjóð.“

Síðan koma hér leiðir að þessari upplýstu umræðu, óháð flokkadráttum og ég ætla ekki að fara neitt nánar í það en vek athygli á þessum orðum: „Langvarandi jafnvægi og varanlegur stöðugleiki í efnahagsmálum er ein meginforsenda hugsanlegrar aðildar að Evrópusambandinu.“ Þessi skilyrði voru aldrei til staðar hér á síðustu árum og eru svo langt, langt, langt frá því að vera til staðar nú í augnablikinu og þessi skilyrði í rauninni hafa aldrei verið uppfyllt þannig að í sjálfu sér var aldrei grundvöllur fyrir því af hálfu flokksins út frá þessari ályktun að fara í viðræður við Evrópusambandið.

Svo gerist það á hinu fræga flokksþingi Framsóknarflokksins sem haldið var núna í janúar að flokkurinn tekur í rauninni nýja stefnu í Evrópumálum. Svo undarlega sem það kann að hljóma virðist mér að orðið „skilyrði“ þýði allt í einu eitthvað allt, allt annað en bara það sem það þýðir. Skilyrði er í rauninni eitthvað sem menn setja sér sem forsendur í samningaviðræðum, í samtölum, forsendur fyrir ákvörðun sem á að taka. Ef þetta eru skilyrði þýðir þetta ekki leiðir. Þess vegna hét þetta leiðir í gamla flokksálitinu en skilyrði í nýja álitinu. Það var að mínu mati grunnforsenda þess að meiri hluti flokksmanna ákvað að fallast á tillöguna.

Skilyrðin eru hörð og þau eru þannig að þingmenn bæði Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hafa sagt að þau séu það sterk að Evrópusambandið þyrfti að ganga í Ísland til þess að þau yrðu uppfyllt. En til þess var leikurinn gerður. Við eigum hér auðlindir til sjávar og sveita sem við getum ekki undir neinum kringumstæðum gefið eftir, jafnvel þó að það

væri bara lítið brot. Hvort sem menn vilja sætta sig við það eða ekki eru þetta einmitt þær auðlindir sem munu gera það að verkum að það verður gott að búa á Íslandi í framtíðinni. Að vísu segi ég þetta með þeim fyrirvara að við höfnum Icesave-skuldbindingunum vegna þess að þar er um svo miklar og stórar stærðir að ræða að ég efast um að við getum nokkurn tíma staðið undir þeim skuldbindingum og þá skiptir í rauninni engu máli hvort við eigum hér góðar auðlindir — sem reyndar hafa verið settar að veði í Icesave-samningunum.

Nú hafa þrír þingmenn Framsóknarflokksins lýst því yfir á þingflokksfundi og hér í ræðustól að þeir séu fylgjandi þeirri ályktun sem hér er til umræðu og muni greiða atkvæði með henni og gegn tvöföldu þjóðaratkvæðagreiðslunni. Ég segi: Það er allt í góðu. Þetta eru mál sem á ekki að ræða á flokkspólitískum grunni, eins og ég veit að hv. þingmaður Vinstri grænna er sammála mér um enda er hans flokkur algjörlega klofinn í afstöðunni, og ég held að það eigi ekki að reyna að nota þetta mál sem einhvers konar vopn í valdabaráttu innan hvaða flokks sem er enda stend ég í þeirri trú að það hafi ekki verið gert, ekki a.m.k. núna á síðustu vikum.

Hvernig er það þá með þessa þingsályktunartillögu sem nú liggur fyrir? Getur verið, eins og hefur verið fullyrt, að skilyrði Framsóknarflokksins komi fram í þeirri ályktun? Er það þannig að þessi afmörkuðu skilyrði Framsóknarflokksins komi fram í þingsályktunartillögunni? Ég segi: Svarið er nei, það er ekki. Það er hvergi í þingsályktunartillögunni hægt að finna skilyrðum Framsóknarflokksins stað. Í rauninni er bara ein málsgrein í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar sem sker algjörlega úr um þennan þátt.

Þar segir, með leyfi forseta, á bls. 24 þar sem fjallað er um skilyrt umboð (Gripið fram í.) :

„Nefndin ræddi um þann kost að setja umboði ríkisstjórnarinnar til að sækja um aðild að ESB afmörkuð skilyrði.“ — Það var rætt. — „Fram kom á fundum nefndarinnar að engin fordæmi væru fyrir því að ríki hafi sótt um aðild að ESB með ákveðnum skilyrðum.“

Síðan nefnt að Austurríki og Tékkland hafi í umsóknum sínum vikið sérstaklega að hlutleysi sínu og Tékkland hafi lýst nánar grunninum að aðildarumsókninni. Svo segir að að ekki sé hægt að segja að í þessum tveimur tilvikum hafi verið sett skilyrði:

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um þá meginhagsmuni sem stjórnvöldum ber að hafa að leiðarljósi í aðildarviðræðum við ESB. Mat meiri hlutans er að það sé fullnægjandi veganesti fyrir stjórnvöld og“ — lykilsetning, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, af því að þú varst að kalla hér fram í: „Mat meiri hlutans er að það sé fullnægjandi veganesti fyrir stjórnvöld og að tiltekin skilyrði í umboði ríkisstjórnarinnar muni ekki skila neinu umfram það.“ (**Gripið fram í:** Umfram það.) Umfram það.

Þetta verður ekki skilið nema samkvæmt orðanna hljóðan. (**Gripið fram í:** Lestu meira.) Það eru sem sagt engin skilyrði sett, (Gripið fram í.) það eru engin skilyrði. (**Gripið fram í:** Lestu meira.)

Síðan segir, alveg rétt og ég skal vera sanngjarn með það, að meiri hlutinn leggur til að fylgt sé þeim leiðbeiningum — nú heita þetta ekki lengur skilyrði, þetta eru orðnar leiðbeiningar — „sem gefnar eru með áliti þessu um þá grundvallarhagsmuni sem um er að ræða“.

Virðulegi forseti. Jafnvel þó að hv. formaður utanríkismálanefndar sé þeirrar skoðunar að hægt sé að túlka þetta þannig að skilyrðin séu þarna, jafnvel þó að það segi að þau séu ekki þarna, þá finnst mér það með hreinum ólíkindum. Ég ætla nefnilega að benda á máli mínu til stuðnings að þetta er nákvæmlega það sama og við stóðum frammi fyrir hér þegar við vorum að ræða Icesave-málið. Þar var þingsályktunartillaga um að Alþingi mundi ákveða að það yrðu hafnar einhvers konar samningaviðræður, studdar því að á bak við ályktunina væru einhvers konar Brussel-viðmið sem yrði algjörlega farið eftir í samningaviðræðunum.

Það var ekki gert. Nú er það samdóma álit þeirra lögfræðinga sem hafa farið yfir samningana að Brussel-viðmiðin muni ekki koma til skoðunar þegar samningarnir verða túlkaðir í framtíðinni. Meira að segja kemur fram í tölvupósti frá utanríkisráðuneytinu, mig minnir að það sé frá utanríkisráðuneytinu, að þeir vekja athygli á því að Brussel-viðmiðin hafi bara fokið út um gluggann.

Þá þurfa menn að átta sig á því að jafnvel þó að menn setji einhvers konar fyrirvara í umræðunni eða hugsanlegan fyrirvara í greinargerð þá skiptir það ekki máli þegar til kastanna kemur. Þingsályktunartillögur og lagafrumvörp á fyrst og fremst að skýra samkvæmt orða þeirra hljóðan. Þetta er meginregla í íslenskum rétti, þetta er meginregla í samningsrétti sem viðgengst í Evrópu. Það á að túlka þetta samkvæmt orðanna hljóðan og hv. þm. Árni Þór getur reynt að blekkja þjóðina og fleiri þingmenn með því að þessi skilyrði séu þarna einhvers staðar á bak við í leyni, í laumi, (Gripið fram í.) en þau eru það ekki, kannski líka vegna þess að það segir hér í nefndaráliti meiri hluta að það hafi verið ákveðið að setja ekki þessi sérstöku skilyrði. (Gripið fram í.) Já, þetta er ágætt nefndarálit, þess vegna er ég að vísa í það orða þess hljóðan.

Svo við setjum nú upp dæmið, hvað mun gerast í framtíðinni þegar búið verður að fara í þessar samningaviðræður og samningurinn liggur fyrir? Jú, þá mun gerast nákvæmlega það sama og með Icesave-samninginn. Menn munu segja: Það verður að samþykkja þennan samning, það verður að gerast jafnvel þó að skilyrðin séu hvergi, jú, reyndar leynast þau þarna kannski, hugsanlega (Gripið fram í.) alveg eins og með Icesave-samninginn, Brussel-skilyrðin eru þarna einhvers staðar kannski, e.t.v. ekki. Þau eru bara ekki. Þá mun reynt að troða því ofan í þjóðina að hún verði að samþykkja. Ef það gengur ekki mun hræðsluáróðurinn byrja alveg eins og í Icesave-málinu, að við séum nauðbeygð til þess að gerast aðilar að Evrópusambandinu, við séum nauðbeygð út frá efnahagslegum forsendum og þeir sem greiði atkvæði gegn samningnum séu að stofna þjóðinni í hættu alveg eins og er fullyrt núna með Icesave-samninginn.

Vandamálið með Icesave-samninginn er að það eru engin gögn og engin rök sem benda til þess að okkur sé einhver hætta búin við það að samþykkja hann ekki. Ég skal fallast á það að það verður ákveðin óvissa í gangi en það verður jafnvel meiri óvissa ef við samþykkjum Icesave-samninginn.

Ég er ansi hræddur um að við séum komin á þessa leið

og þá bið ég menn að íhuga mjög alvarlega hvað gerðist hér varðandi Icesave-skuldbindinguna og hvernig hefur verið staðið að þeim málum allan tímann. Ég verð að segja að fyrir mitt leyti skiptir í sjálfu sér engu máli hverjir halda á samningaviðræðunum fyrir hönd Íslendinga, ég held bara að við megum aldrei gera eins og var gert varðandi Icesave-samningana að menn verði ráðnir þar inn á pólitískum forsendum og það hafi verið látið hjá líða að ráða færustu sérfræðinga. Við verðum að vera með okkar færustu sérfræðinga í mögulegum samningaviðræðum, ef það verður samþykkt, sem eru ekki í pólitísku stappi heldur starfi einfaldlega á faglegum forsendum.

Kannski má benda á það, af því að menn hafa verið að ræða hvað það kostar að fara í aðildarviðræður þá erum við að tala um brotabrotabrotabrot af því sem við erum að ræða varðandi Icesave-samningana. Einn milljarður, tveir milljarðar skipta engu máli þegar við erum að kasta út tugum milljarða ef ekki hundruðum milljarða að óþörfu út af Icesave-samningunum. Það er m.a.s. þannig í Icesave-samningunum að við erum knúin til þess að borga meira en maður gæti talið eðlilegt að væri hægt að beygja okkur til, en það er annað mál.

Ég held að í ljósi þess að skilyrði Framsóknarflokksins er hvergi að finna þá sé rétt að þjóðin fari í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég var þeirrar skoðunar þegar ég hafði þá trú að menn mundu fara með skilyrðin í viðræðurnar og það væru forsendur sem menn mundu gefa sér og því væri óhætt að fara í aðildarviðræðurnar en ég tel það ekki lengur. Það hefur í rauninni verið sagt við þjóðina og margir trúa því að við getum farið og kannað það sem er í pakkanum, kannað á einhvern hátt hvað Evrópusambandið hefur upp á að bjóða. Ég held að þetta sé einhver stærsta blekking Íslandssögunnar. Við erum að fara í aðildarviðræður á þeim einu forsendum að við viljum fara í Evrópusambandið. Ef menn vilja kanna hvað þeir geta fengið þá hefði þeim verið í lófa lagið að senda fram sveit vaskra manna til þess einfaldlega að fá úr því skorið um hvað væri hugsanlega hægt að semja og hvað ekki. En um hvað erum við að semja? Ég ætla að koma inn á það aðeins á eftir.

Við verðum að halda lýðræðishugsjóninni á lofti. Þjóðin á að ákveða hvort hún á að fara í aðildarviðræður. Ég held að það sé mjög sanngjarnt. Ég held líka að þjóðin eigi að fá að kjósa um Icesave-skuldbindingarnar. Ég veit að hv. þingmenn Vinstri grænna voru eitt sinn sammála mér þó þeir virðist vera komnir á aðra skoðun. Formaður Vinstri grænna sagði eitt sinn, af því að nú er því haldið fram að þetta mál sé of flókið fyrir þjóðina, að þeir sem héldu því fram væru hjáróma og að ömurlegri málflutningur fyndist ekki. Nú eru Icesave-samningarnir of flóknir fyrir þjóðina en hvað er þá ESB-samningurinn?

Göran Persson sagði eitt sinn þegar hann hafði nýlega tapað þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort Svíar ættu að taka upp evru að hann teldi að samningar á Evrópska efnahagssvæðinu væru of flóknir fyrir þjóðina. Það sagði hann vegna þess að hann vissi að hann mundi tapa þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er mitt mat að það var eina ástæðan. Núna er Icesave sem sagt of flókið en ekki ESB. Það verður því miður að segjast alveg eins og er að þetta er einhver sorglegasti málflutningur sem hefur verið haldið uppi í sölum Alþingis og ég held að ekki þurfi að rökstyðja það neitt nánar.

Þá kem ég aftur að þessari fullyrðingu: Við vitum ekki hvað við fáum. Við fáum Evrópusambandið með öllu því sem það hefur upp á að bjóða. Evrópusambandið í sinni tærustu mynd. Einstaka þjóðir hafa haft fyrirvara og hafa fengið undanþágur en engin af þeim undanþágum er varanleg. Þær verða teknar til skoðunar og þá er alls kostar óvíst hvort við sem þjóð, Alþingi Íslendinga, fái einfaldlega að fjalla um það mál. Ef við ætlum t.d. að gefa eitthvað eftir af sjávarútvegsstefnu okkar, og ég get ekki séð annað en að við munum þurfa að gera það á einhvern hátt, munum við einfaldlega standa frammi fyrir því að það verður ákvörðun í Brussel sem mun leiða til þess að fyrirvaranum verður hent út. Ætla menn þá að fara út úr Evrópusambandinu? Það er hægara sagt en gert. Þá stöndum við líka uppi algerlega nakin á alþjóðavettvangi.

Hv. þingmaður Samfylkingarinnar, ég man ekki nafnið í augnablikinu, sagði að það væru fullvalda þjóðir sem væru aðilar að Evrópusambandinu og þær héldu fullveldi sínu. Hann viðurkenndi jafnframt, heiðarlega að mínu mati, að það væri verið að gefa eftir hluta af fullveldinu. Það verða menn að hafa í huga að við erum að gefa eftir hluta af fullveldinu, fullveldi sem við börðumst fyrir í mörg hundruð ár, fullveldi sem gerir þjóðina að því sem hún er í dag. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki skynsamlegt. Ég er þeirrar skoðunar að það sé alltaf betra að við tökum ákvarðanir út frá okkar eigin forsendum en við látum ekki yfir okkur ganga einhverjar ákvarðanir sem eru teknar á forsendum einhverra annarra. Ég vara við því að við tökum úr sambandi það löggjafarvald sem við höfum vegna þess að það hefur leitt til afar óhagstæðrar niðurstöðu, sérstaklega fyrir landsbyggð þessarar þjóðar en ég ætla að koma að því á eftir ef mér gefst tími þá í seinni ræðu.

Það er talað um að við vitum ekki hvað við fáum og við þurfum að kanna það. Þá verða menn að átta sig á því að við erum þátttakendur í Evrópska efnahagssvæðinu. Við erum þátttakendur í EES-samningnum. Við göngumst í rauninni undir allar tilskipanir og reglugerðir frá Evrópusambandinu sem eru gefnar út fyrir utan tvo þætti, sjávarútveg og landbúnað, bara þessa tvo þætti. Það eina sem við gætum þá hugsanlega samið um umfram þetta er krónan. Hvort við séum betur sett með evruna eða krónuna. Þrír þættir sem við þurfum að semja um, það er búið að ganga frá öllum hinum þáttunum. Við yfirtökum fjórfrelsið með öllum þess kostum og göllum. Ég vil bara leiðrétta þann misskilning vegna þess að hér er sagt, meira að segja af æðstu ráðamönnum þjóðarinnar, að við verðum einangruð ef við göngum ekki í Evrópusambandið. Erum við einangruð í dag með EES-samninginn? Nei, við erum það ekki. Ungmenni okkar, fyrirtæki, launþegar, verkafólk getur ferðast meðal allra aðildarríkja Evrópusambandsins og tekið sér þar búsetu og unnið þar. Fyrirtækin okkar geta stofnað útibú og dótturfyrirtæki allt á þessum reglum sem við höfum yfirtekið, reyndar með alvarlegum afleiðingum í Icesave-málinu.

Þá verðum við að taka til skoðunar og það er kannski eitt af því sem hefur ruglað svolítið umræðuna á undanförnum mánuðum að það hefur aldrei mátt gagnrýna þennan

EES-samning. Það hefur enginn mátt segja neitt slæmt um EES-samninginn jafnvel þó að hann vinni á margan hátt gegn hagsmunum Íslendinga. Það er nefnilega líka þannig að við tókum út að hluta eins og ég sagði áðan lagasetningarvald Alþingis. Ég ætla að rekja annars vegar góðu hliðarnar og hins vegar slæmu hliðarnar á EES-samningnum, byrja á slæmu og nefna sem dæmi að þegar Síminn var seldur stofnuðum við Fjarskiptasjóð. Þennan Fjarskiptasjóð átti að nota til að koma á internetsambandi í öllum byggðum landsins, gera allar byggðir landsins jafnsamkeppnishæfar. Það mátti hins vegar ekki beita Fjarskiptasjóði vegna þess að reglur Evrópusambandsins, sérstaklega fjórfrelsið bannar það að ríkið sé í samkeppni þar sem einkafyrirtæki eru fyrir á markaði. (Gripið fram í.) Já, ég ætla svo að koma inn á Íbúðalánasjóð á eftir. Það mátti ekki beita Fjarskiptasjóði sem þyddi það að við erum fyrst núna að fá almennilega nettengingu í byggðum landsins sem hefðu verið fyllilega samkeppnishæfar með mun ódýrari húsnæðisverð ef þessi tenging og þessi eðlilegi samskiptamáti hefði verið til staðar. Það voru reglur EES sem stóðu í vegi fyrir því.

Við getum líka nefnt Íbúðalánasjóð, aðförina sem var háð að Íbúðalánasjóði. Við framsóknarmenn höfum alltaf staðið vörð um Íbúðalánasjóð og teljum að það verði að vera sjóður sem tryggir fólki hvar sem það býr á landinu, hvernig sem það er í stakk búið efnahagslega, hvort það sé ríkt eða fátækt, það geti átt þak yfir höfuðið. Þess vegna höfum við barist fyrir því að Íbúðalánasjóður sé til. Hins vegar má færa rök fyrir því eins og Eftirlitsstofnun EFTA hefur bent á að hann sé í samkeppni við einkafyrirtæki. Það er því EES-samningnum að kenna að það hefur verið stríð um Íbúðalánasjóð. Ef við hefðum staðið frammi fyrir því að við hefðum misst hann út úr höndunum, ef við hefðum ekki haft Íbúðalánasjóð, hvar hefði þjóðin þá verið stödd með bankana í öllu sínu veldi og hvernig þeir höguðu sér á íbúðalánamarkaðnum? (Gripið fram í.) Það er gott, hv. þingmaður.

Mig langar að fara aðeins yfir þessa góðu hluti sem áttu að hafa komið með EES-samningnum. Við skulum aðeins rifja upp að fyrir nokkrum árum síðan voru menn að keppast um það hverjum væri að þakka íslenska efnahagsundrið. Einstaka menn sögðu að einkavæðingin hefði hjálpað til. Svo voru aðrir, sérstaklega samfylkingarmenn sem sögðu: Þetta er allt saman EES-samningnum að þakka. Það er EES-samningnum að þakka að hér er góðæri, að kaupmáttur launa hefur aukist o.s.frv. Nú hefur komið í ljós að efnahagsundrið var blekking, það var loftbóla. Getum við þá ekki gagnályktað og sagt: Var það EES-samningnum að kenna að svo fór sem fór? Var EES-samningurinn svo illa úr garði gerður að það hafi verið honum að kenna að við stöndum í þeim sporum sem við erum í dag? Munum þá að á grundvelli EES-samningsins voru íslensk stjórnvöld nauðbeygð til að selja íslenska ríkisbanka, nauðbeygð til að selja á grundvelli fjórfrelsis. Ríkið mátti ekki vera í samkeppni þar sem fyrir voru einkafyrirtæki. Þetta er stórmál.

Það var líka á grundvelli EES-samningsins sem einstakir bankamenn og útrásarvíkingar gátu stofnað útibú Landsbankans í Bretlandi, á grundvelli EES-samningsins. Þegar við förum yfir þessa sögu verðum við að leyfa okkur í umræðunni að gagnrýna EES-samninginn. Hvernig sem fer, hvort sem við förum inn í Evrópusambandið — reyndar er EES-samningurinn úti ef við förum inn í Evrópusambandið — en ef aðildarsamningi verður hafnað verðum við að skoða EES-samninginn, hvernig og hvort hann þjónar hagsmunum íslensku þjóðarinnar og það verður að gera út frá málefnalegum forsendum.

Ég hef stuttan tíma en vil koma inn á það í seinni ræðu að ræða krónuna. Samfylkingarmenn sérstaklega, og þar hefur kannski látið hæst fyrrverandi viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, hann hefur sagt: Krónan er ónýt. (Gripið fram í.) Varðhundur krónunnar sagði að hún væri ónýt. Ég benti á það í ræðu fyrr í vetur að ef fulltrúar þjóðarinnar kæmu fram og segðu alltaf að krónan væri ónýt, þá gæti hún ónýst af þeim sökum einum og sér. En krónan er í raun ekkert annað en gjaldmiðill sem á að endurspegla hagkerfið okkar og á í rauninni að sveiflast með hagkerfinu. Hún á að anda með hagkerfinu.

Einu sinni gátu Íslendingar handstýrt krónunni. Þeir gátu fellt hana með einu handtaki og menn hafa sagt að það hafi verið gott að losna við það. En af hverju gerðu menn þetta? Það var vegna þess að þenslan og vöruskiptajöfnuðurinn var svo óhagstæður Íslendingum og íslenskum útflutningsfyrirtækjum sérstaklega að það varð með ýmsum hætti að bregðast við. Þess vegna felldu menn krónuna. En af hverju gerðu menn það? Jú, það var til að koma í veg fyrir atvinnuleysið. Síðan tökum við upp EES-samninginn og setjum krónuna á flot. Ég held að það hafi einfaldlega verið gerð stór mistök þegar krónan hætti að endurspegla hagkerfi Íslendinga og þá vita menn hvað gerðist. Þegar þetta var gert óttuðust menn að erlendir óprúttnir aðilar mundu taka stöðu gagnvart krónunni og hún mundi veikjast þannig. Það voru Íslendingar sjálfir sem gerðu það, íslenskir bankamenn sem léku þann leik.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef sagt mjög skýrt mun ég ekki greiða atkvæði með þessari þingsályktunartillögu. Ég mun greiða atkvæði með tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að það sé sanngjarnt og ég skil ekki hvernig menn treysta þjóðinni á annan kantinn en ekki hinn kantinn. Af hverju treysta menn ekki einfaldlega þjóðinni til að taka ákvörðun hvort hún vilji fara í aðildarviðræður? Við höfum málefnalega umræðu, hvað við erum að gera, hættum blekkingaleiknum um að við þurfum að kíkja í pakkann, látum þjóðina skera úr. Það er lýðræðið, hæstv. forseti, og ég held að það sé það sem við þurfum kannski fyrst og fremst að gæta að á þessum tímum. Það er að við höldum í réttarríkið og lýðræðið.

[14:47]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni fyrir prýðilega ræðu og yfirgripsmikla þar sem hann fór víða yfir málið og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum og ég þakka fyrir það. Það er tvennt sem ég hefði viljað inna hv. þingmann eftir sem hann kom inn á. Það er í fyrsta lagi þetta með skilyrðin og skilyrta umboðið sem fjallað er um á bls. 14 í nefndaráliti. Þar var þó ein setning í lokin á þeirri efnisgrein sem hann var að vitna í þar sem hann var að tala um grundvallarhagsmunina sem hann las ekki.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Að mati meiri hlutans verður ekki vikið frá þeim hagsmunum án undanfarandi umræðu á vettvangi Alþingis og leggur meiri hlutinn til að orðalagi þingsályktunartillögunnar verði breytt með hliðsjón af þessu.“

Þarna er hugsunin að sjálfsögðu að setja skýran ramma, skýrari ramma utan um umboðið sem stjórnvöld eiga að fá. Þegar við erum búin að lýsa þessum grundvallarhagsmunum megi ekki víkja frá þeim nema Alþingi geri það með umræðu á sínum vettvangi, telur hv. þingmaður ekki að þá sé í raun verið að setja þau skilyrði sem fólust í hugmyndum Framsóknarflokksins frá flokksþingi hans? Það er alla vega minn skilningur að það sé verið að koma mjög til móts við þau orð og sumpart verið að ganga lengra en það skilyrði setur.

Svo er annað, það varðar tvöföldu þjóðaratkvæðagreiðsluna af því að hv. þingmaður talar um hana, að það eigi að leggja umsókn um aðildarviðræður í þjóðaratkvæðagreiðslu, ber þá ekki að skilja það þannig að þingmaðurinn telji að spurningin í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu yrði að vera skilyrt við skilyrði Framsóknarflokksins eins og þau koma fram á flokksþinginu? Eða ætlar hann að láta bara algerlega opið umboð í þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að stjórnvöld hafi fullkomlega opið umboð án nokkurra skilyrða eins og Framsóknarflokkurinn hefur lýst þeim í tillögu sinni?

[14:49]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt sem hv. þingmaður segir, við erum að túlka hlutina á mismunandi vegu. Ég túlka orðið „skilyrði“ samkvæmt orðanna hljóðan. Ég túlkaði orð meiri hluta nefndarinnar þannig að þeir hafi ekki séð ástæðu til þess að hafa þau skilyrði. En það er rétt, og ég bara biðst afsökunar á því að hafa ekki gefið mér tíma til þess að lesa hérna lengra niður, að það verði ekki vikið frá þessum hagsmunum. En þeir eru ekkert skilgreindir sérstaklega.

Þess vegna langar mig að beina þeirri spurningu til hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar vegna þess að komin er breytingartillaga frá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur þar sem skilyrði framsóknarmanna koma algjörlega fram. Þess vegna spyr ég: Mun þá ekki þingmaðurinn greiða atkvæði einmitt með þessari breytingartillögu frá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur?

Varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna höfum við sagt, og ég skal bara af því að þetta stendur nú í þingsályktunartillögunni, ef það verður farið af stað í samningaviðræður með þessi órjúfanlegu skilyrði mundi ég fyrir mitt leyti samþykkja að farið yrði í viðræður. Tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslan er í rauninni afleiðing af því að menn eru einmitt að skauta fram hjá skilyrðunum. Þess vegna segi ég: Látum þá þjóðina kjósa um það hvort hún vilji fara í aðildarviðræður, hvort við eigum að hafa skilyrðin í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu skal ég ekkert um segja. (Forseti hringir.) En þetta eru skilyrði af minni hálfu og þau eru algjörlega skýr.

[14:51]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil, vegna þessa með skilyrðin sem Framsóknarflokkurinn hefur samþykkt, bara segja það að öll efnisatriði úr samþykkt Framsóknarflokksins, öll, eru inni í nefndaráliti meiri hlutans, hvert eitt og einasta. (Gripið fram í.)

Þar að auki eru fjölmargir aðrir þættir sem ég hefði haldið að Framsóknarflokknum væru þóknanlegir sem ekki eru í flokkssamþykkt Framsóknarflokksins en eru hér inni. Hv. þingmaður ræddi um Íbúðalánasjóð. Um hann er fjallað á bls. 25 eða 26 í þessu nefndaráliti, þannig að það eru miklu fleiri atriði hér inni en voru í skilyrðum Framsóknarflokksins og það er settur þessi rammi utan um umboð stjórnvalda.

Varðandi tvöföldu þjóðaratkvæðagreiðsluna þá bara spyr ég enn og aftur, af því að þingmaðurinn vildi ekki svara því afdráttarlaust: Geta þingmenn Framsóknarflokksins samþykkt að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu nema spurningin í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu sé með öllum skilyrðum Framsóknarflokksins inniföldum?

[14:52]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg sama hversu hart er tekið hér til orða, skilyrði Framsóknarflokksins er ekki að finna í þessu nefndaráliti. Hv. þingmaður getur skrifað 100 blaðsíður þar sem fjallað er um öll heimsins hagsmunamál okkar Íslendinga en þegar orðið „skilyrði“ kemur ekki fram eru þetta ekki skilyrði. Þá er þetta bara eitthvað sem menn eiga að hafa til hliðsjónar og til þess að velta upp vegna þess að þegar þú gefur einhverjum samningsumboð um að fara og leita samninga fyrir þig og þú gefur honum skilyrði þá á hann að koma heim ef skilyrðin eru ekki uppfyllt. Ef þú biður einhvern að fara og kaupa fyrir þig hús og þú segir: Ég set það skilyrði að það sé hvítt, en það stendur ekki til boða, þá er einfaldlega komið aftur heim.

Það eru ekki skilyrði og þess vegna segir einmitt að (Forseti hringir.) tiltekin skilyrði í umboði ríkisstjórnarinnar. muni ekki skila neinu umfram það. (Forseti hringir.) Þess vegna segi ég að það eru orð hv. formanns utanríkismálanefndar sjálfs.

[14:53]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu, hann kom inn á mörg sjónarmið, t.d. það að við túlkun laga og þingsályktana er farið að orðanna hljóðan. Segjum svo að breytingin sem hv. utanríkismálanefnd ætlar að leggja fyrir verði samþykkt þá stendur í henni, með leyfi frú forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“

Við undirbúning viðræðna o.s.frv. skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag sem fram koma í nefndaráliti meiri hluta.

Nú er það spurning mín til hv. þingmanns: Hvað þýðir „sjónarmið“? Og hvað gerist ef sendinefnd ríkisstjórnarinnar, þ.e. utanríkisráðherra sjálfur, tekur bara ekkert mark á þessu? Hvað gerist þá? Kemur svo með samning til Íslands? Þá ætla ég að spyrja hv. þingmann af því að hann ýjaði að því: Hvernig lítur hann á áróðursgetu Evrópusambandsins til að hafa áhrif á almenningsálit á Íslandi þannig að kosningar falli alltaf því í hag?

Svo ætlaði ég að spyrja að öðru. Samkvæmt stjórnarskránni getum við ekki sótt um aðild að Evrópusambandinu, það eru allir sammála því. Það er ekki heimilt að afsala sér fullveldi og sjálfstæði eins og Evrópusambandsaðild krefst. Nú er verið að leggja hér fram þingsályktunartillögu sem brýtur greinilega stjórnarskrána. Hvað segir hv. þingmaður við því? Getur Alþingi og má það samþykkja þingsályktunartillögu, segja að ríkisstjórnin eigi að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu, sem er bönnuð samkvæmt stjórnarskrá? Fær þetta staðist, er þetta þinglegt yfirleitt?

[14:55]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Svarið er mjög einfalt og skýrt: Nei, þingið má ekki aðhafast neitt sem brýtur í bága við stjórnarskrána. Ég held að sú skoðun mín hafi alltaf komið fram.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningarnar. Ég tel að við séum sammála í meginatriðum og það var ágætt að hann benti einmitt á þetta, þessa breytingartillögu, að þarna er orðið „sjónarmið“ inni en ekki „skilyrði“. Ég held að samkvæmt venjulegri málvenju þýði þessi tvö orð ekki það sama, þetta er ekki skilyrði heldur sjónarmið. Þá gerist það sama að mínu mati og gerðist varðandi Icesave-samningana þegar var fullyrt hér af hv. þingmönnum að farið yrði í einu og öllu eftir Brussel-viðmiðunum en það var ekki gert. Af hverju? Það stóð ekki í þingsályktunartillögunni sjálfri. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá á samkvæmt lögskýringarsjónarmiðum að meta fyrst og fremst þingsályktunartillögur og lagafrumvörp samkvæmt orða þeirra hljóðan.

Markaðsstyrkur Evrópusambandsins, að þeir geti knúið íslensku þjóðina til þess að kjósa alltaf á sinn veg, markaðsstyrkurinn er náttúrlega svo margfalt, margfalt á við íslensku þjóðina og það er einmitt það sem ég var í rauninni að benda á í ræðu minni að við erum að fara inn í risastórt hagkerfi sem tekur mið af því að þar búa um 500 milljónir manna. Við erum 300 þúsund í frekar stóru landi og við eigum allt annarra hagsmuna að gæta. Burt séð frá því hvað mönnum finnst um Evrópusambandið per se, og við getum fallist á það að hugsjónin í upphafi, að stofna til friðar í Evrópu (Forseti hringir.) hafi verið göfug, en þetta hentar okkur Íslendingum engan veginn.

[14:58]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þá vil ég spyrja hv. þingmann: Hvernig sér hann stöðuna? Nú liggja hér fyrir tvær lausnir á þessu máli, annaðhvort verður farið í tvöfalda atkvæðagreiðslu, og mér segir svo hugur að samþykkt yrði að sækja um aðild, þannig að það verður sótt um aðild hvor leiðin sem farin er. Síðan þegar aðildarviðræður liggja fyrir og samningar kemur Evrópusambandið með sitt áróðursveldi, þeir eyða víst meiru í markaðssetningu en Coca Cola á heimsvísu. Það er fjöldi Íslendinga á launum hjá Evrópusambandinu, það er fjöldi Íslendinga sem er að vinna í sambandi við Evrópska efnahagssvæðið að rannsóknarverkefnum og hinu og þessu og þetta fólk er allt á launum hjá Evrópusambandinu. Síðan eru einstaka ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem hafa verið tilnefndir Evrópumenn ársins og það lokkar heilmikið af fínum störfum í Brussel þá sem vinna að framgangi Evrópusambandsins. (Gripið fram í.)

Það hefur sýnt sig t.d. í Noregi að þrátt fyrir þetta allt saman og þrátt fyrir að aðilar vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfingin — eins og hér á Íslandi — berjist fyrir því að landið gangi í Evrópusambandið sagði norska þjóðin nei.. En hún verður spurð aftur og aftur þangað til hún segir einhvern tíma já. Það hefur reynslan verið í öðrum löndum og það er þetta sem ég vil líka spyrja hv. þingmann: Hvernig sér hann þetta, verðum við ekki hvort sem er komin inn í Evrópusambandið eftir svona 10–20 ár?

[15:00]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt að því miður virðast stuðningsmenn Evrópuaðildar vera það ákafir að þeir taka ekki nei sem svar og munu reyna aftur eins og við höfum séð í Noregi. Hins vegar vil ég benda á eitt, vegna þess að að mínu mati hefur verið gegndarlaus áróður fyrir því að hagsmunum Íslands sé betur borgið innan Evrópusambandsins, sérstaklega af tveim stærstu fréttablöðum landsins sem hafa tekið þá opinberu afstöðu að það sé betra að við séum þar innan borðs. Þrátt fyrir þetta er meiri hluti þjóðarinnar andvígur því að ganga inn í Evrópusambandið. Það hafa skoðanakannanir sýnt jafnvel þó að margir spyrji sig þeirrar spurningar: Er ekki hægt á einhvern hátt að kanna hvað er í boði? En þá er um leið verið að blekkja að þetta séu einhvers konar könnunarviðræður sem er ekki raunin. Ég tel að hagsmunum Íslendinga verði alltaf betur borgið utan Evrópusambandsins.

Hvort ég sjái stöðuna þannig í framtíðinni að við munum hrökklast þar inn? Við skulum átta okkur á einu: Evrópusambandið er alltaf til endurskoðunar. Ég held að í ljósi efnahagskreppunnar og í ljósi þess að fjölmörg ríki hafa í meira mæli verið að vernda innlenda framleiðslu burt séð frá reglum Evrópusambandsins gæti það hugsanlega gerst að Evrópusambandið mundi liðast í sundur. Það gæti gerst þannig að við eigum að hafa það líka til hliðsjónar þegar við tökum þessa ákvörðun.

Við vitum að innstæðutryggingarkerfið mun breytast á næstunni í samræmi við túlkun Stefáns Más og Lárusar Blöndals eftir því sem Larosière-skýrslan segir til um þannig að ég sé stöðuna ekki þannig að við munum enda fyrr eða seinna inni í Evrópusambandinu.

[15:02]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Það er margt athyglisvert sem þar kom fram og sömuleiðis í andsvörum. Ég var t.d. alveg búinn að steingleyma þessari

línu sem var hjá samfylkingarmönnum um að allt það góða sem gerðist á Íslandi væri EES-samningnum að þakka. En þegar hv. þingmaður fór með þá tölu rifjaðist þetta upp fyrir mér að í rauninni var Samfylkingin algerlega með það svar að þetta væri allt saman Evrópusamstarfinu að þakka og allt saman EES-samningnum að þakka.

Það er auðvitað þannig að það mál sem mér finnst — og ég get ekki séð hvernig nokkrum manni dettur það í hug að tala ekki um það í sömu andrá — Icesave-málið og þessi tillaga, þau tengjast auðvitað mjög mikið því þarna erum við í rauninni að taka yfir innstæðutryggingarkerfi Evrópusambandsins sem okkur var gert að gera. Ég vil spyrja hv. þingmann, og ég verð að viðurkenna að mér finnst ótrúlega skrýtið hvað þetta er lítið í umræðunni, vil spyrja um sjónarmið hans. Ég hef spurt hæstv. forsætisráðherra og ekki fengið nein svör og hv. þm. Árna Þór Sigurðsson og ekki fengið nein svör, hvernig hv. þingmanni líði með að vera að sækja um aðild að Evrópusambandinu á sama tíma og þeir eru búnir að brjóta okkur eins og raun ber vitni. Er það svo að mönnum finnist þetta bara eðlilegasta mál í heimi? Ég vísa til þess: Hefði það hvarflað að einhverjum þingmanni á Alþingi Íslendinga í landhelgisdeilunni að fara að sækja um aðild að Evrópubandalaginu þá? Hefði það hvarflað að einhverjum? Ég vil bara spyrja hv. þingmann hvort honum finnist þetta skipta máli, eða finnst honum þetta vera aukaatriði?

[15:04]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar spurningar. Nei, að sjálfsögðu er þetta ekki í lagi, langt frá því. Ef stjórnvöld hefðu eitt andartak hagað málefnum varðandi Icesave-samninginn eins og hér var staðið að málum í þorskastríðinu værum við miklu betur sett. Ég held að það sé algerlega staðreynd en því miður og hversu sorglegt sem það er þá er það staðreynd.

Evrópuþjóðir lögðust gegn því, eða eftir því sem mér hefur verið sagt, engin gögn eru til um það reyndar en það er fullyrt að Evrópuþjóðir hafi lagst gegn því að við fengjum lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og við yrðum að taka á okkur skuldbindingar samkvæmt innstæðureglugerðinni, samkvæmt þeirra túlkun á innstæðutilskipuninni og höfnuðum því að við gætum farið í málarekstur. Reyndar fannst mér alltaf að Bretar ættu að sækja það mál á okkur af því að það eru þeir sem vilja að við borgum. En þegar þetta mál er skoðað ofan í kjölinn kemur í ljós að Bretar og Hollendingar ætlast ekki bara til þess að við förum eftir tilskipuninni. Þeir ætla að rukka okkur um meira. Þeir ætla að láta okkur borga meira. (**PHB:** Meira að segja kostnaðinn.) Já, meira að segja kostnaðinn við það að þeir tóku þá ákvörðun að greiða sínum innstæðueigendum langt umfram skyldu, 10 millj. pund í Bretlandi og 7 millj. evra. (**JónG:** Bara drífa okkur í Evrópusambandið og þá fáum við styrk.) Bara drífa okkur í Evrópusambandið, þannig að svar mitt er einfaldlega þannig að við getum því miður ekki eins og staðan er og það er mjög óskynsamlegt að fara eins og staðan er og fjölmargir sérfræðingar hafa bent á, fara í aðildarviðræður eins og staðan er núna. Ég vona að ég sé mjög skýr í minni afstöðu.

[15:06]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki greint annað á svari hv. þingmanns en að honum finnist það fráleitt að vera að senda inn aðildarumsókn á sama tíma og við erum í þessari deilu sem sumir kalla stríð. Bara til að setja það í samhengi, hvað gerir Evrópusambandið? Króatía sótti um aðild þar. Þeir eiga í landamæradeilum við eitt ríki Evrópusambandsins og Evrópusambandið segir bara: Út, þið talið ekkert við okkur fyrr en þið eruð búnir að redda þessu. En ef við segjum: Við viljum fara inn, nákvæmlega meðan þeir koma fram við okkur eins og raun ber vitni þá erum við að gefa þau skilaboð að við látum allt yfir okkur ganga, alltaf.

Virðulegi forseti. Ég held að við hv. þingmaður séum sammála um þetta. Þetta verður að koma fram í umræðunni í þinginu. Telja menn að það sé boðlegt fyrir íslenska þjóð að stjórnvöld komi til kvalaranna með aðildarumsögn í miðju stríði?

[15:08]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef Evrópuþjóðir hafa beitt okkur nauðung, sem er algerlega bönnuð samkvæmt reglum Evrópusambandsins, þá hefur sambandið í rauninni lýst yfir stríði við okkar þjóð. Hins vegar vil ég að það komi fram að mér hefur verið sagt þetta. Ég er í fjárlaganefnd og ég er að reyna að fá gögn þess efnis að Evrópuþjóðir hafa snúið okkur niður að við fáum ekki lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það eru engin gögn sem liggja fyrir um að við fáum ekki lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það eru engin gögn til um það. Það eru bara fullyrðingar. Reyndar kemur Rozwadowski, talsmaður nefndarinnar, og segir allt annað en þá eru orð hans dregin í efa o.s.frv. (**Gripið fram í:** Persónuleg skoðun.) Nú er allt í einu allt persónuleg skoðun hjá talsmönnum Seðlabankans. Þetta er að verða eins sorglegt og hugsast getur.

Ég vil segja: Mér þætti fróðlegt að fá að vita eitt. Eins og kom fram hjá Ragnari H. Hall og Eiríki Tómassyni, vita þjóðir Evrópu að það er ekki verið að knýja okkur til að borga samkvæmt tilskipuninni? Það er verið að knýja okkur til að borga meira. Vita Evrópuþjóðir það? Er það þannig að ef þær vissu það, mundu þær samt halda áfram málflutningi sínum? Þá er komið stríð, hv. þingmaður, þá er komið stríð. En ég held að ef við látum þær vita sjái þær kannski að það er verið að brjóta á okkur á allan hátt.

[15:09]

Útbýting:

Áætlaður kostnaður við ýmis verkefni, 151. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 269.

Eignarhald á fjölmiðlum, 152. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 270.

Ívilnanir og hagstætt orkuverð, 154. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 272.

Umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu, 153. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 271.

Útflutningsálag á fiski, 155. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 273.

[15:10]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér erum við enn á Alþingi að ræða

hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Íslenski fáninn blaktir við hún á Alþingishúsinu og er tignarlegur að vanda en það er ekki sama sjón sem við sjáum úti á Austurvelli því þar er baulað og púað og þar er búið að flagga svörtum fánum. Ríkisstjórnin lætur eins og ekkert sé, ríkisstjórnin telur að við séum á réttri leið. Við erum á leiðinni inn í Evrópusambandið að hennar mati.

Það vekur nokkra athygli mína að mælendaskráin hefur styst allverulega frá því í gær þannig að nú virðist vera búið að gefa fyrirskipun í herbúðum a.m.k. Samfylkingarinnar um að þetta mál skuli ekki tafið. Samfylkingarþingmenn hafa tekið sig út af mælendaskrá sem þýðir enn og aftur að þessu máli á að hraða. Það er þetta sem þjóðinni liggur á. Það eru ekki heimilin, það eru ekki fjölskyldurnar í landinu. Það er aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni sem ég flutti á föstudag að dagsetningin 27. júlí er svo mikilvæg að mati þessarar ríkisstjórnar að það virðist allt vera til vinnandi að koma umsókninni inn áður en sá dagur rennur upp en þá rennur sá tími út sem ríki hafa kost á í þessari atrennu að sækja um aðild eða koma umsóknaraðild inn á borð Evrópusambandsins. Það hefur líka verið rætt að það svo sem gerði ekkert til þó málið yrði vandaðra og fengi meiri umfjöllun og yrði betur kynnt í samfélaginu en raun ber vitni en þetta eru áherslur ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Það voru Vinstri grænir sem komu Evrópumálunum á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Það hefði engum dottið í hug fyrir einum eða tveimur árum. Meira að segja kjósendum Vinstri grænna kom þetta ekki í hug fyrir kosningar því að Vinstri grænir voru eini flokkurinn sem hafnaði aðild að Evrópusambandinu. Ég þreytist ekki á að minnast á þetta því mér finnst þetta svo mikil svik við kjósendur Vinstri grænna.

Ég hef lagt fram breytingartillögu við þá þingsályktunartillögu sem liggur fyrir. Mig langar samt aðeins að koma inn á ummæli hv. þm. Péturs Blöndals áðan varðandi hugsanlegt stjórnarskrárbrot Það er að mínu mati stjórnarskrárbrot að fara af stað með þetta mál þegar það er alveg ljóst að ekki er fullveldisafsalsákvæði í stjórnarskránni. Ég fór aðeins yfir þetta líka á föstudaginn. Það virðist ekki skipta ríkisstjórnina neinu máli þó að stjórnarskráin sé brotin í það minnsta og Icesave-samningurinn fellur undir sama stjórnarskrárbrot því þetta … (**ÁÞS:** En eru tillögur Vigdísar Hauksdóttur ekki stjórnarskrárbrot?) Ég á eftir að koma að því, hv. formaður utanríkismálanefndar, rétt á eftir ef þú vildir kannski vera í salnum og hlusta á mig til að heyra rök mín í þessu máli. Ég óska eftir því alla vega varðandi þessa stjórnarskrárumræðu því að hv. þingmaður hefur blandað sér mjög í þá umræðu. (**GÞÞ:** Rök hafa aldrei vafist fyrir Árna Þór Sigurðssyni.) En þannig er að Icesave-samningurinn fellur líka undir þetta stjórnarskrárbrot því að þegar þjóð er skuldsett eins og stendur til að gera með Icesave-samningnum þá er það fullveldisafsal í leiðinni. Við erum því að tala um að ríkisstjórnin sé að brjóta í sömu vikunni stjórnarskrána tvisvar. Eins og alþjóð veit á stjórnarskrá hvers ríkis fyrir sig að vernda þegna þess og í þessu tilfelli eru það eðli málsins samkvæmt Íslendingar sem er verið að brjóta réttinn á.

Svo ég svari nú hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni af því að hann var að gera athugasemd við það hvort breytingartillaga mín væri ekki einnig stjórnarskrárbrot: Þetta er mitt neyðarúrræði til þess að bjarga ríkisstjórninni frá því stjórnskipulega slysi sem stefnir í, að við stöndum þá alla vega vörð um það sem skiptir máli í þessu Evrópusambandsaðildarmáli og það er að standa t.d. vörð um auðlindirnar okkar þó ekki væri meira. Ég get glatt hv. þingmann með því að mér barst tölvupóstur í morgun þar sem mér var hreinlega tilkynnt að aðilar væru að fara af stað með málsókn gegn íslenska ríkinu. Þeir gera kröfu til þess að íslenska ríkið verði látið sæta ábyrgð vegna þess að verið er að brjóta stjórnarskrána á þegnum landsins, (Gripið fram í.) þannig að þetta mál er alls ekki búið. (Gripið fram í.)

Nú er gripið hér fram í fyrir mér og mér bent á það að ég verði uppnefnd út af þessu. Ég verð bara að taka því og standast þann þrýsting að fá hótanir. Ég var tekin ærlega á beinið eftir ræðu um síðustu helgi þannig að maður hefur nú sterk bein í þingstörfin, sem betur fer, það er meira en aðrir eða sumir þingmenn alla vega geta sagt, en það er annað mál.

Það sem mig langar aðeins til að nefna, af því að ég er að rifja upp föstudaginn og laugardaginn, það var svolítið merkilegt hverjir voru hér til andsvara fyrir þessa þingsályktunartillögu, þá sérstaklega á laugardaginn. Það var hæstv. utanríkisráðherra, sem var utanríkisráðherra þegar bankarnir féllu. Það var hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem var viðskiptaráðherra þegar bankarnir féllu. Er þetta traustvekjandi? Þetta er ekki traustvekjandi.

Þessi sami utanríkisráðherra á núna að fá óskorað umboð í þessari þingsályktunartillögu sem liggur fyrir þinginu að fara með málið til Brussel. Ég spurði hann hér í andsvari um daginn hvort hann teldi að hann mundi njóta trausts á alþjóðavettvangi og í Evrópu miðað við þá ábyrgð sem hann ber hér í ríkisstjórninni. Hann kemur alltaf hér í þennan ræðustól og fram fyrir hönd þjóðarinnar sem hvítþveginn engill. Ég kann ekki við þetta, frú forseti. (Gripið fram í.) Ég er að vísa til fyrri starfa hæstv. utanríkisráðherra, herra utanríkisráðherra, í þessari ræðu og það er fínt að þú ert kominn í þingsal til að þú getir hlustað beint á mig og millilíðalaust. (Gripið fram í.)

Eitt af því sem kom einmitt fram í umræðunum um daginn var það að hann er stútfullur af sjálfstrausti og það er gott því að ef hann hefði ekki slíkt sjálfstraust þá hefði hann kannski ekki gefið kost á sér til þingmennsku meira eftir bankahrunið. En hann hefur sjálfstraust. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SF)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að gæta þess að nefna ráðherra með viðeigandi titli.)

Afsakið, sjálfsagt. Ég er svo ósnobbuð að ég gleymi alltaf hvernig að ræða á hér en ég er að reyna (Gripið fram í.) að taka mig á í þessum málum, frú forseti, og ég vona að mér sé fyrirgefið.

Ég var í þeim kafla þar sem við vorum að tala um framboðsmál Samfylkingarinnar þar sem hæstv. utanríkisráðherra hafði það mikið sjálfstraust að honum datt ekki annað í hug en að gefa kost á sér aftur í síðustu kosningum. Jú, vissulega fékk hann fylgi síns flokks. Það fór fram prófkjör að mig minnir en það var nú handraðað upp í fyrstu sætin, traustið var ekki meira en það að fyrstu tvö sætin minnir

mig í Reykjavíkurkjördæmunum voru frátekin fyrir þessar drottningar sem nú leiða ríkisstjórnina. (**Utanrrh.:** Hvernig fékkst þú 1. sætið? Varst þú ekki handvalin af framsóknarmönnum?) Ég fékk 1. sæti, svo við tölum um innanflokksmál Framsóknarflokksins, á þann hátt, hæstv. utanríkisráðherra, að haldið var kjördæmisþing þar sem var gerð tillaga um mig í 1. sæti, og það voru tveir frambjóðendur sem gáfu kost á sér á móti þannig að við vorum þrjú sem kepptum um 1. sætið. Ég gert upplýst það hér og nú ef það hefur farið fram hjá ráðherranum að ég hlaut þar stuðning langt yfir 50% atkvæða. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Nú fer hæstv. utanríkisráðherra með einhverjar dylgjur sem ég átta mig ekki alveg á og er að vísa hér eitthvert út í sal. Ég veit ekki hvað hann er að fara enda á maður ekki að svara svona dylgjum. En þetta pirrar hæstv. utanríkisráðherra, þessi umræða, og ég er svo sem ekkert hissa á því. Við höfum öll samvisku sem betur fer, mismunandi mikla að ég held, en stundum hefur hvarflað að mér að hæstv. utanríkisráðherra hljóti að vanta einhverja smá samvisku. Hæstv. utanríkisráðherra hefur alla vega sýnt litla eftirsjá eftir hrunið og ég minni enn á það að Samfylkingin var hér á vakt þegar bankahrunið varð og ábyrgð hennar er mikil.

Nú ætla ég hér aðeins að reifa þá breytingartillögu sem ég hef lagt fram. Ég hef farið yfir það að ég tel þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar vera brot á stjórnarskrá. Breytingartillaga mín er viðleitni í þessari atrennu að koma því til leiðar að það stjórnarskrárbrot verði ekki til stórtjóns fyrir þjóðina.

Það er búið að veita hæstv. utanríkisráðherra taumlaust og óbeislað umboð til að fara með þingsályktunina til Brussel. Það er í fjórum línum á bls. 39. Ég tek undir orð Höskuldar Þórhallssonar þegar hann reifaði hér hvernig skilja beri lög og þingsályktanir að þær skuli skýra eftir orðanna hljóðan. Þá koma greinargerðir eða fylgiskjöl ekki til útskýringar með þeim því að það er það sem stendur í lögum og þingsályktunum sem tekur gildi, annað ekki. Það er sá texti sem á reynir, annað ekki.

Þar sem þetta er svo opin tillaga sem kemur frá ríkisstjórninni með stuðningi helmings Vinstri grænna hef ég gert eftirfarandi breytingartillögu sem ég ætla nú að lesa, með leyfi forseta:

Ég legg fram svohljóðandi breytingartillögu við breytingartillögu 249:

„Á eftir orðunum „Alþingi ályktar að“ komi (í stað orðalags í breytingartillögunni): Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á grundvelli samningsumboðs frá Alþingi sem tryggi hagsmuni almennings og atvinnulífs og þá sérstaklega sjávarútvegs og landbúnaðar. Þá verði fullveldi og óskorað forræði Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar grundvallarkrafa í þeim viðræðum. Viðræðuferlið verði opið og lýðræðislegt og leiði viðræðurnar til samnings skal íslenska þjóðin taka afstöðu til aðildarsamnings í þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar upplýstrar umræðu.“

Þá erum við komin að meginþunga þessarar breytingartillögu að það eru þau skilyrði sem ég legg til að komi inn í þingsályktunina og þau eru svohljóðandi:

„a. Skýr og einhliða úrsagnarréttur, sem er þegar viðurkenndur í aðalsáttmála Evrópusambandsins, verði hluti aðildarsamnings.

b. Staðfest verði að Íslendingar einir hafa veiðirétt innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og að fiskveiðistjórn verði áfram innanríkismál Íslendinga, enda styðjist hún við reglur Evrópusambandsins um stöðug hlutföll, nálægðarreglu og Lúxemborgarsamkomulagið. Ísland verði sjálfstæður aðili að samningum um flökkustofna.

c. Fæðuöryggi þjóðarinnar verði tryggt og viðurkennd nauðsyn á sérstökum ákvæðum vegna fámennis þjóðarinnar.

d. Viðurkennt verði að íslenskur landbúnaður sé heimskautalandbúnaður.

e. Framleiðsla og úrvinnsla íslenskra búfjárstofna verði tryggð ásamt sérstöðu og hreinleika íslenskra búfjárstofna.

f. Í upphafi viðræðna verði gerður stöðugleikasamningur við Seðlabanka Evrópu sem tryggi stöðugt gengi íslensku krónunnar þar til Íslendingar taka upp evru.

g. Tekið verði tillit til stöðu íslensks efnahagslífs við umbreytingu peninga- og gjaldeyrismála á Íslandi.

h. Ákvæði verði um varðstöðu um íslenska þjóðmenningu, þjóðtungu og þjóðhætti á Íslandi. Íslenska verði viðurkennt sem eitt hinna opinberu tungumála Evrópusambandsins.“

Svo legg ég til að fyrstu skref að þessu verði:

„Þessi helstu samningsmarkmið, sem og önnur sem skilgreind verða í samvinnu hagsmunaaðila og stjórnvalda, með sem víðtækastri samstöðu, verði lögð til grundvallar því umboði sem samninganefnd Íslendinga fari með í samningaviðræður við Evrópusambandið.“

Frú forseti. Nú hef ég lagt fram formlega og reifað þessa breytingartillögu mína. Ég tel að þessi leið sé til þess fallin að ná sem víðtækastri og breiðastri sátt á þingi og í þjóðfélaginu öllu. Þingmenn Vinstri grænna hafa lýst því hvað felst í því að geta ekki verið meðflutningsmenn á annarri breytingartillögu sem lögð var fyrir og mér datt ekki í hug að biðja nokkurn þingmann Vinstri grænna að vera á þessari tillögu því að samkvæmt reglum ríkisstjórnarinnar er það bannað og þingmönnum gjarnan hótað. Breytingartillaga mín er mjög í takt og nánast samhljóða flokksþingsályktun Framsóknarflokksins og ég trúi því að allir þingmenn Framsóknarflokksins geti greitt þessari breytingartillögu atkvæði sitt því að hún er ekki að fara í eins óbeislað valdaafsal eins og tillaga ríkisstjórnarflokkanna gerir ráð fyrir.

Þetta er þá komið hér fram formlega og hafa margir þingmenn vísað akkúrat í þessa breytingartillögu.

Frú forseti, er klukkan orðin rétt núna?

(**Forseti** (SF)**:** Já.)

Þakka þér fyrir. Það sem ég ætla þá að eyða síðustu mínútum ræðu minnar í er orku- og auðlindamálakaflinn sem er að finna á bls. 14. Auðlindamál Íslands eru mitt hjartans mál og hef ég bent á það í ræðu og riti hversu mikilvægar auðlindirnar eru fyrir okkur og í raun og veru grundvöllur alls lífs og framtíðar hér á landi. Ég hef sagt opinberlega að jafnvel sé staðsetning landsins okkar stærsta auðlind nú á tímum, enda hefur það komið fram á bloggsíðu þess ágæta Svía sem er nú tekinn við formennsku í Evrópusambandinu — sem allt snýst nú um og er verið að veifa framan í okkur að það skipti einhverju máli að það sé

Svíi sem taki við umsókninni okkar. Það eru náttúrlega bara rakin ósannindi því að eins og þeir sem hafa kynnt sér Evrópusambandið vita þá byggist það fyrst og fremst á jafnræði á milli ríkjanna þannig að ég gef ekki mikið fyrir þann klúbb sem beitir sér með þeim hætti að eitt ríki sé tekið fram fyrir önnur. Þetta er því bara eins og málflutningurinn hefur verið í þessu máli, verið að slá ryki í augun á þingmönnum og þjóðinni allri og eins og þetta sé eitthvað sem skiptir máli. — Þessi aðili bloggaði svo á heimasíðu sinni að það væri hagstætt fyrir Evrópusambandið að taka Íslendinga inn sérstaklega út af hagsmunum Evrópusambandsins á norðurslóð. Þar fengum við það beint í andlitið hvers vegna Evrópusambandið hefur áhuga á okkur, en fyrir þessu var ég búin að gera mér grein fyrir löngu.

Í þessu áliti hér, sem er svolítið undarlegt, ætla ég, með leyfi forseta, að lesa upp smátilvitnun:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að við þessa ítarlegu skoðun kom ekkert fram sem gefur ástæðu til að ætla að aðild að ESB hefði áhrif á íslenska hagsmuni á þessum sviðum og bendir í því sambandi einnig á að fyrirkomulag eignarhalds náttúruauðlinda er ekki viðfangsefni ESB heldur alfarið á hendi aðildarríkjanna þar sem innri markaðslöggjöfin tekur ekki á eignarhaldi. Því er ekki um að ræða yfirþjóðlega eign á auðlindum aðildarríkjanna.“

Nú vill svo til t.d. að sjávarútvegur flokkast sem auðlindir og við vitum alveg hvernig sjávarútvegsmálum er háttað í Evrópusambandinu svo nokkur dæmi séu tekin. (Gripið fram í.) Ég á eftir að ræða um sjávarútvegskaflann ef ég hef tíma til, ég get líka komið í andsvar við hv. þingmann í því á eftir.

Svo segir áfram hér, með leyfi forseta:

„Jafnframt minnir meiri hlutinn á að við gerð aðildarsamnings Norðmanna á sínum tíma var sett inn bókun um að þeir héldu yfirráðum yfir öllum sínum auðlindum. Ástæða bókunarinnar var að ESB hefur ekki samræmda stefnumótun, hvorki að því er varðar eignarhald né nýtingu þeirra auðlinda er hér um ræðir, svo sem áður greinir.“

Vegna þessa legg ég fram breytingartillögu við þingsályktunartillöguna svo að þetta sé tryggt ákvæði strax í tillögunni sjálfri en ekki einhverjir hliðarkaflar og með skírskotun til annarra landa og með skírskotun til þess að þetta þurfi að koma seinna. Framkvæmdastjóri ESB hefur sagt að þeir séu að sækjast eftir auðlindum okkar. Þess vegna verður að ganga frá því skýrt inn í þingsályktunartillöguna sjálfa að við stöndum vörð um auðlindirnar okkar og látum þær aldrei af hendi, aldrei af hendi. Sama hvað Samfylkingin vill selja landið oft þvers og kruss, gegnum Icesave-samninginn og nú í gegnum Evrópusambandið, þá ber okkur sem þjóð að standa vörð um auðlindirnar okkar, svo einfalt er það. Það getum við ekki tryggt nema hafa ákvæði um það í þingsályktunartillögunni sjálfri þannig að það sé algjörlega á hreinu.

Svo getum við farið yfir sjávarútvegsmálin og landbúnaðarmálin. Ég segi: Sem betur fer komst Samfylkingin ekki í ríkisstjórn fyrr því að eins og flestir vita hafa þeir sífellt talað á móti íslenskum landbúnaði og hafa viljað leggja hann niður og afnema allt regluverk sem snýr að honum. Sem betur fer var íslenskur landbúnaður í landinu þegar bankahrunið varð hér á vakt Samfylkingarinnar. Íslenski landbúnaðurinn var í raun og veru varagjaldeyrisforði okkar Íslendinga. Hugsið ykkur allan gjaldeyrinn sem við hefðum annars þurft að eyða í matvörur og landbúnaðarvörur í hruninu, gjaldeyri sem var ekki til í landinu.

Ég minni að lokum á það, þar sem tími minn er búinn, að það er þrennt sem kemur til með að skorta í heiminum árið 2040. Það er orka, það er kalt vatn og það eru hrein matvæli. Við eigum þetta allt, við höfum þetta allt. Það er út af þessu sem við stöndum í þessari hraðafgreiðslu á þessu máli hér í dag.

Ég óska eftir því, frú forseti, að ég verði sett á mælendaskrá um leið og ég hef lokið máli mínu þannig að ég geti fullnýtt rétt minn til að tala í þessu mikilvæga máli.

[15:30]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir erum sammála um margt, þar á meðal það að vera hugsi yfir því hvernig vinstri grænir geta réttlætt málflutning sinn í þessu máli miðað við það hvernig þeir töluðu við kjósendur sína í síðustu kosningabaráttu. Jafnframt erum við sammála um það að auðlindir landsins verða það mikilvægasta sem við eigum í dag og það eru þær sem koma til með að verða sterkasta vopnið okkar í baráttunni við að endurreisa efnahag landsins.

En við erum jafnframt sammála um það að sjálfstraust hæstv. utanríkisráðherra er mikið. Ég vil vekja athygli á því, frú forseti, að það skýtur hálfskökku við að ráðherra í ríkisstjórn Íslands grípi svo mikið fram í í salnum að varla sé hægt að hlusta á það sem ræðumaður hefur að segja í stólnum. Ég tel rétt að hæstv. utanríkisráðherra tali minna og hlusti meira, enda hefur hann fulla þörf á því að endurskoða aðeins hug sinn í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að spyrja hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur í ljósi breytingartillögu hennar sem fjallar um að íslenska þjóðin skuli taka afstöðu til aðildarsamnings í þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar upplýstrar umræðu. Hvernig sér hv. þingmaður fyrir sér að þessi þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram? Á hún að vera ráðgefandi skoðanakönnun líkt og tillaga ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir eða er verið að tala um raunverulega þjóðaratkvæðagreiðslu sem er bindandi, þar sem þjóðin hefur í rauninni eitthvert vald og þar sem þjóðin hefur eitthvað að segja og þar sem niðurstaðan er bindandi? Ég vil vekja í því sambandi athygli á seinni hluta breytingartillögu þeirra hv. þm. Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar K. Gunnarsdóttur sem lögð hefur verið fram í þessu máli þar sem lagt er til, með leyfi forseta:

„Náist aðildarsamningur milli Íslands og Evrópusambandsins skal ríkisstjórnin þegar í stað ráðast í að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá, og eftir atvikum öðrum lögum, sem af aðild leiðir.“

Mig langar að heyra afstöðu hv. þingmanns til þessa.

[15:33]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Það er alveg klárt að ég hef kynnt mér mjög vel stjórnskipunarrétt Íslands og ég hef kynnt mér einstaklega vel þessi

ákvæði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur. Meira að segja hef ég lent í djúpum og heitum umræðum við hv. formann utanríkismálanefndar um þetta og erum við ekki alveg samstiga í því máli því svo virðist sem hv. þingmaður átti sig ekki á því um hvað málið snýst eins og hefur komið fram.

Eins og stjórnarskráin er núna er hægt að hafa bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu á þrenns konar tilvikum. Það er ef forseti neitar að skrifa undir lög, þegar breytt er skipan kirkjunnar og ríkisins og svo þegar Alþingi ákveður að víkja forseta frá sem hefur aldrei gerst. Önnur ákvæði höfum við ekki. Þess vegna hef ég bent á það í ræðu og riti að við verðum að breyta stjórnarskránni sem kemur e.t.v. inn á það sem ég var að tala um áðan að þessi aðildarumsókn er raunverulega brot á stjórnarskránni af því að við höfum ekki fullveldisafsalsákvæði þar. Ef stjórnvöld vissu hvað þau ættu í fyrsta lagi að gera og vissu hvað þau eru að gera þá væri búið að breyta stjórnarskránni (**ÁÞS:** Var Sjálfstæðisflokkurinn ekki á móti því?) og við værum ekki í þeirri réttaróvissu sem við stöndum núna frammi fyrir. Þar með væri búið að setja fullveldisákvæðisafsal í stjórnarskrána þar sem skýrt væri kveðið á um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, að sjálfsögðu. Þjóðin á að hafa lokaorðið í þessu máli. Ég treysti ekki þeirri ríkisstjórn sem nú situr fyrir því að fara að vilja þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu sem við gætum allt eins kallað skoðanakönnun meðal þjóðarinnar.

[15:35]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur fyrir skýr svör. Við eigum það sameiginlegt að elska fullveldið mikið og hafa mikla trú á lýðræðinu. En mig langar að spyrja hv. þingmann að því hvort hún sé sammála mér um að hraðinn sem einkennir þetta mál tengist því að hér er til meðferðar mál sem kallast Icesave-samningarnir. Sér hún einhverja tengingu þar á milli? Það er hægt að lesa það í breskum fjölmiðlum í dag að þeir eru alla vega búnir að tengja málin saman, að það komi til með að hafa áhrif á það hvernig okkar aðildarumsókn verður tekið í Evrópu og þá sérstaklega af Bretum ef Icesave-samningarnir verða felldir í þinginu. Er þingmaðurinn sammála mér um að þarna sé bein tenging á milli og ríkisstjórnin sé að hraða þessu máli í gegn til að það liggi fyrir þegar við förum í afgreiðsluna á Icesave?

Þá langar mig að spyrja hv. þingmann að því af því að hún fór vel yfir þjóðaratkvæðagreiðslurnar hvort hún muni ekki styðja breytingartillögu hv. þm. Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar K. Gunnarsdóttur, a.m.k. seinni liðinn, þar sem lagt er til að farið verði í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. náist samningar verði ríkisstjórninni gert að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá og eftir atvikum öðrum lögum sem af leiðir þannig að það sé hægt að fara í slíka þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er gríðarlega mikilvægt að þetta liggi fyrir og það er gríðarlega mikilvægt að við hér inni áttum okkur á þessum mun vegna þess að eins og hv. þingmaður kom inn á er varla hægt að sjá það að hv. formaður utanríkismálanefndar, sem stöðugt grípur fram í þegar hæstv. utanríkisráðherra hefur yfirgefið salinn og hefur greinilega stigið af þeirri vakt, þá er gríðarlega mikilvægt að við sem hér erum inni vekjum sterka og mikla athygli á þessum punkti vegna þess að ekki er vanþörf á. Miklir hagsmunir íslensku þjóðarinnar eru í húfi og það er gríðarlega mikilvægt að fólk vandi sig. Tilfinning mín er að ekki sé verið að því heldur einkennir hraðinn þetta mál og hlaup vinstri grænna frá stefnu sinni sem þeir boðuðu í kosningunum og voru kosnir a.m.k. í mínu kjördæmi af stórum hluta út af því að þeir ætluðu sér ekki að fara í Evrópusambandið og ekki að fara í aðildarviðræður þar um.

[15:37]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka spurningarnar enn á ný. Að mínu mati er greinileg tenging á milli Icesave-skuldbindinganna og umsóknarinnar um aðild að Evrópusambandinu. Það segir okkur upphaf Icesave-málsins þegar þá starfandi utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, raunverulega fer fyrir því, fer fyrir flokki manna og segir: Við tökum á okkur allar þessar skuldir. Það er alveg vitað hvar hjarta Samfylkingarinnar liggur í þessu máli. Þeir hafa eitt mál á stefnuskránni og það er að ganga inn í ESB. Það kemst ekkert annað að hjá þeim í rökræðum eða ræðum en að lausnin við öllum vandamálum sé innganga í Evrópusambandið. Ég hef sagt það áður að náist þessi innganga í Evrópusambandið ekki hjá þeim í þessari tilraun þá geta þeir eins lagt sjálfa sig niður því í raun og veru er þetta eina stefnumál þeirra. Það er alveg greinilegt að linkind Íslendinga þegar Bretar settu á okkur hryðjuverkalög undir utanríkisforustu Samfylkingarinnar var með þeim hætti að ekki mátti styggja Bretana. Þá vorum við kúguð. Við vorum beitt hryðjuverkalögum, það var farið með okkur eins og hryðjuverkamenn. Þetta er eitthvað sem ég á erfitt með að fyrirgefa og get aldrei gleymt en þarna sýndi Samfylkingin fyrir hverja hún er að vinna og fyrir hverja hún er að vinna hér á landi. Hún er ekki að vinna fyrir íslensku þjóðina. Það er eitt sem víst er.

Hv. þingmaður spurði mig líka hvort ég kæmi til með að greiða atkvæði með breytingartillögu hv. þingmanna Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar K. Gunnarsdóttur. Ég kem fyrst og fremst til með að greiða atkvæði með minni eigin tillögu og vonast að ég fái þar þingstyrk bæði þingmanna Vinstri grænna og Borgarahreyfingarinnar og Samfylkingarinnar og ekki síst sjálfstæðismanna. Ég ætla að vona að þingið beri gæfu til að bera mína tillögu fyrst upp, sé til hvernig sú atkvæðagreiðsla fer. Verði hún felld verð ég að gera upp hug minn og meta þær aðstæður sem eru þá komnar upp, hvort ég þurfi að velja um að greiða atkvæði með tillögunum eða á móti þeim báðum. Ég get ekki svarað þessu fyrr en ég veit hvernig þetta mál fer.

[15:40]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil árétta að í kaflanum um orku- og auðlindamál segir í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að Ísland geri fyllilega skýrt við samningaviðræður að ekki komi til greina að sáttmálar ESB mæli fyrir um eignarhald á þeim auðlindum sem

hér um ræðir eða nýtingu þeirra …“ Og áfram: „Allar bollaleggingar um sameiginlega nýtingu eða annað slíkt væru óásættanlegar fyrir Ísland.“

Þetta finnst mér vera býsna skýrt að orði kveðið og ég vonast til að hv. þingmenn séu læsir á þennan texta eins og hann stendur hér.

Síðan ætla ég að segja aðeins um stjórnarskipunarmálin. Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir kemur og heldur því fram að það sé stjórnarskrárbrot að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Nú verð ég að segja að mér er nokkur vorkunn þegar þetta er borið fram. Annars vegar stendur hv. þm. Vigdís Hauksdóttir og heldur þessu fram. Á hina hliðina hefur hv. utanríkismálanefnd fengið til sín fimm sérfróða menn í stjórnskipunar- og þjóðarétti sem hafa fjallað um þetta mál og enginn þeirra heldur því fram að það sé stjórnarskrárbrot að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það má lesa út úr áliti Bjargar Thorarensen, prófessors við Háskóla Íslands, og Davíðs Þórs Björgvinssonar, dómara við Evrópudómstólinn í Strassborg.

Virðulegur forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir er manna fróðust í stjórnskipunarrétti hér á landi þannig að það er nokkur vandi þegar hv. utanríkismálanefnd hefur fengið fimm sérfróða menn í þessu efni og þeir hafa aðra skoðun á þessu máli heldur en hv. þingmaður. Ég ætla að vonast til þess að hv. þingmaður Vigdís Hauksdóttir virði það við mig að ég ætla að leyfa mér að vera ósammála henni í þessu mati og ég ætla að leyfa mér að taka mark á þeim stjórnskipunarfræðingum sem við höfum leitað til og ég hef ekki heyrt neinn annan en hv. þingmann halda þessu fram. Við getum verið ósammála um þetta en ég kýs í þetta skipti að hlíta ráðgjöf þessara ágætu fræðimanna á þessu sviði frekar en ráðgjöf hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur.

[15:42]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. formanni utanríkismálanefndar fyrir yfirferð hans. Það er eins og maðurinn ætli ekki að skilja hvernig mín ræða byggist upp. Ég var að segja það að ég legg fram þessa breytingartillögu sem ég fór yfir og reifaði og las upp út af því að það er ekki ákvæði um auðlindir inni í þingsályktunartillögunni sem liggur fyrir þinginu frá ríkisstjórninni. Ég er búin að reifa og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson líka og fleiri hvernig lagasetning er byggð upp og hvað er það sem mark er takandi á í þingsályktunum og lögum. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í að fara yfir þau mál. Það eru alveg hreinar línur. Þetta er plagg sem liggur fyrir þinginu. Það er ein blaðsíða sem skiptir máli í því, það er bls. 39 því þar kemur fram hvað á að standa í þeirri þingsályktun sem verður farið með til Brussel. Annað eru í raun og veru bara útskýringar og þetta verður hv. þingmaður að fara að skilja. Út af því er þessi breytingartillaga komin fram og ég rakti það mjög vandlega áðan.

Varðandi stjórnskipunarmálin sem hv. þingmaður fór svo yfir, það virðist vera búið að taka ákvörðun um það hjá ríkisstjórninni og það liggur fyrir þingsályktunartillaga um að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það er verið að bjarga þessari ríkisstjórn undan miklu sliti og skömmum með því að reyna að finna leiðir út úr þeirri ákvörðun sem nú þegar er búið að taka og það er rökstutt í þessu fylgiskjali sem er frá þeim stjórnskipunarfræðingum sem þingmaðurinn minntist á. Ef hv. formaður utanríkismálanefndar mundi lesa með réttum gleraugum fylgiskjal VIII með þessari tillögu þá mundi hann skilja um hvað málið snýst. Þau eru að reyna að vinna þetta út frá því að það liggur fyrir þingsályktunartillaga nú þegar. Það er verið að vinna málin eftir á.

[15:44]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Úr því að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir telur að undirritaður sé svo skilningssljór að hann skilji ekki sjálfur þann texta sem hann hefur sjálfur samið þá er það bara byrði sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir verður að bera inn í framtíðina.

[15:45]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. formanni utanríkismálanefndar þetta snaggaralega andsvar hér sem sýnir að maðurinn er algjörlega rökþrota í sínum málflutningi.

[15:45]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við erum að ræða hér mál sem varðar langt inn í framtíðina, jafnvel 100, 200 eða 300 ár (**TÞH:** 600) — eða 600 eins og þegar Gamli sáttmáli var samþykktur. Hv. þingmaður talar mikið um auðlindir og samkvæmt orðanna hljóðan er auðlind lind sem auður sprettur úr. Ég tel reyndar að landbúnaður og sjávarútvegur hafi ekki verið auðlindir hér á Íslandi fyrr en tækniþekkingin varð svo mikil að þær greinar sköpuðu einhvern auð. Fram undir sjálfstæði Íslands eða fullveldi voru Íslendingar mjög fátækir þrátt fyrir þessar svokölluðu auðlindir.

Fyrsta rafstöðin tók til starfa 1904 þannig að hún er mjög ný. Norðurleiðin er enn þá nýrri, mannauðurinn er líka skilgreiningaratriði, landslag og vatn, allt er þetta tiltölulega mjög nýtt. Ég spyr hv. þingmann: Er hún einhvern veginn búinn að halda utan um allar auðlindir sem hugsanlega geta komið til á næstu 200 árum? Ég held ekki. Menn þurfa að hafa miklu meira ímyndunarafl til þess að sjá fyrir sér allar þær auðlindir sem geta sprottið upp.

Svo langar mig til að þakka hv. þingmanni fyrir þá hugljómun að þessi þingsályktunartillaga gæti verið stjórnarskrárbrot því að ég heyrði það í hennar fyrstu ræðu og greip þá hugsun á lofti og finnst það vera mjög rökrétt. Stjórnarskráin er þarna, það er ekki búið að breyta henni, það getur enginn maður sagt að henni verði breytt því að það er þjóðin sem tekur ákvörðun um það. Hún er því þarna og það sem Alþingi er að gera þarf að vera í samræmi við stjórnarskrá og þingmenn hafa jú svarið eið að stjórnarskránni. Ég nefndi það í ræðu í gær að menn gera allt til þess að laga lög þannig að þau falli að stjórnarskránni.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Hver kærir hvern? Ég hef mikinn áhuga á því.

[15:47]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka fyrst það sem varðar auðlindirnar okkar. Auðvitað er ekki hægt að sjá fram í tímann hvaða auðlindir verða hér næstu 200 árin eins og þingmaðurinn kom inn á, en það er skýrt hverjar þessar nýju auðlindir eru sem hafa komið til hin síðari ár. Ég bendi á skýrslu sem forsætisráðuneytið gaf út að mig minnir árið 2006 þar sem farið er ofan í það hvað eru auðlindir og hvað ekki og hvað flokkast sem auðlindir.

Það er út af þessu sem ég hef í breytingartillögu minni þessa setningu, með leyfi forseta:

„Þá verði fullveldi og óskorað forræði Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar grundvallarkrafa í þeim viðræðum.“

Þetta er alveg skýrt og tekið á því að þetta eru auðlindir sem eru til núna og framtíðarauðlindir. Ég hef verið að benda á, eins og ég kom inn á í ræðu minni, að kannski er lega landsins núna orðin mikilvægasta auðlindin sem við eigum, sérstaklega í ljósi þess sem er að gerast á norðurslóð, norðurpóllinn er að bráðna og hér eru að opnast nýjar siglingaleiðir. Lega landsins á kortinu er kannski okkar dýrmætasta og langverðmætasta auðlind í dag þrátt fyrir allar hinar auðlindirnar.

Ég hef skilgreint núna hina seinni mánuði landbúnað sem mikla auðlind og eftir hrunið má eiginlega segja að íslenskir bændur séu auðlind út af fyrir sig og við þekkjum náttúrlega þessa hefðbundnu skilgreiningu á sjávarútvegi.

Varðandi stjórnarskrárbrot sem ég hef verið að benda á og hv. þingmaður spyr: Hver kærir hvern? Það er þannig í stjórnarskránni að sé talið um stjórnarskrárbrot að ræða þarf að fara í mál við íslenska ríkið. Það eru eingöngu einstaklingar eða lögaðilar, fyrirtæki sem gera það. Lögaðilar hafa verið verndaðir núna í seinni tíð í stjórnarskránni en það eru fyrst og fremst einstaklingar sem fara í mál við íslenska ríkið telji þeir að á þeim sé brotinn stjórnarskrárvarinn réttur.

[15:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var mjög athyglisvert að heyra þetta síðasta vegna þess að mjög margir óttast að farið verði í aðildarviðræður, óttast það vegna þess að þó að kosið yrði um það eftir á er það þekkt að Evrópusambandið hefur mjög sterk ítök bæði í gegnum styrki og annað. Fjöldi manna á Íslandi er á launum hjá Evrópusambandinu og það hefur mjög sterk ítök í fjölmiðlum líka og getur hugsanlega verið skoðanamyndandi á Íslandi. Ég hugsa því að einhverjir muni vilja jafnvel kæra hæstv. utanríkisráðherra þegar hann leggur inn umsóknina. Ég held að þessar upplýsingar séu mjög mikilvægar fyrir það fólk sem er að berjast fyrir því að halda Íslandi í eigu Íslendinga og að Íslendingar hafi sjálfir með sín mál að segja en ekki einhverjir menn suður í Brussel.

Ég er staðfastlega í þeirri trú, og gef ekki eins mikið fyrir auðlindir og margir aðrir, ég er á þeirri skoðun að það að geta haft um sín eigin mál að segja hafi miklu meira að segja en allar auðlindir og allt slíkt. Maður þarf ekki nema líta á þróun Nýfundnalands eftir að þeir voru teknir yfir af fjarlægu valdi til að sjá hvers lags doði og deyfð og mannflótti hefst um leið. Ég óttast það hreinlega að nokkrum árum eftir að Ísland er gengið Evrópusambandinu á hönd, þrátt fyrir styrki og allt slíkt, muni hér koma yfir doði og deyfð og það verði hægt og rólega þannig að enginn taki eftir ákveðnum landflótta og landauðn.

[15:51]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir hugleiðingar hans. Ég er ekkert svo viss um það að við þurfum að horfa inn í framtíðina með Evrópusambandið eftir 10–20 ár. Ég hef heyrt hv. þingmann benda á það í ræðum sínum og biðja þingmenn um að útskýra hvernig þeir sjái veru Íslands í Evrópusambandinu eftir 100 ár eða 200 ár. Ég er ekkert svo viss um það að þetta ríkjasamband haldi. Það er nú þegar farið að bresta mjög í stoðunum.

Lissabon-sáttmálinn er þeim erfiður, þegar hefur eitt ríki hafnað honum, það eru Írar. Þá var farið í það á síðasta ráðherrafundi að breyta sáttmálanum og veita Írum þrjár undanþágur og ber þar hæst ákvæðið um fóstureyðingar. Það er því alveg greinilegt hvað þeir eru að gera. Þeir ætla að ná Lissabon-sáttmálanum í gegn en hann er ígildi stjórnarskrár.

Evrópusambandið er auðlindasnautt. Þeir eru búnir að þurrka upp öll sín fiskimið og þeir eiga afar fá tækifæri í auðlindum. Iðnríki sambandsins eru á hnjánum þar sem heimskreppan hefur leikið þau grátt. Þannig að þegar harðnar á dalnum er ekki víst að það sé eins gaman að vera í þessum klúbb og látið hefur verið af í góðærinu.

Varðandi stjórnarskrárbrot er það rétt hjá hv. þingmanni að þá er það einstaklingur sem fer þá með kæru fyrir héraðsdóm til að byrja með og þá er það utanríkisráðherra sem er í forsvari fyrir ríkið. Það hafa fallið hér mál, ég nefni sem dæmi öryrkjadóminn og kvótadóminn sem hv. þingmaður talaði um á föstudaginn. Það hafa fallið dómar um brot á stjórnarskránni og þá hefur lögunum verið breytt í kjölfarið.

Úr því að við erum að tala um þessa dómstólaleið er ég hálfhugsandi yfir hvernig Mannréttindadómstóll Evrópu mundi taka á þessu máli ef því yrði vísað þangað. Það skapar nýjar spurningar um réttaróvissu hvernig Mannréttindadómstóll Evrópu mundi taka á máli sem væri vísað til (Forseti hringir.) dómstólsins af íslenskum þegn til að athuga hvort þessi þingsályktunartillaga standist mannréttindi á Íslandi og brot á stjórnarskrá.

[15:54]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla mér í þessari ræðu minni að einbeita mér að einni hlið þessa máls, svona í meginatriðum. Margir virðast byggja málflutning sinn á þeirri skoðun að innganga í Evrópusambandið muni leysa þau vandamál sem við eigum við að stríða vegna krónunnar. Mig langar að gera grein fyrir þeim þætti ESB-aðildar sem lýtur að peningamálastjórninni og færa rök fyrir því að ekki er allt sem sýnist í þeim efnum. Jafnframt ætla ég mér að rekja þau vandamál sem upp hafa komið í kjölfar fjármálakreppunnar svokölluðu og sýna fram á að í sameiginlegri peningamálastefnu felst ekki sú trygging fyrir áföllum sem margir vilja vera láta.

Ég ætla að fara aðeins yfir forsögu þeirrar fjármálakreppu sem við búum nú við. Eftir að krónan var sett á flot árið 2001 og Seðlabanka Íslands var sett verðbólgumarkmið náðist nokkur stöðugleiki á gjaldmiðilinn. Verðbólga var nálægt markmiði og krónan virtist þjóna nokkuð vel hlutverki sínu. Eftir að útlánaþensla hófst í bankakerfinu, sérstaklega í kjölfar breytinga á húsnæðislánamarkaði árið 2004 myndaðist hins vegar undirliggjandi þrýstingur á verðlag. Seðlabankinn gat illa mætt þessum þrýstingi með hefðbundnum peningamálaaðgerðum þar sem fyrirtæki og heimili gátu auðveldlega vikið sér undan aukinni vaxtabyrði með því að taka lán í erlendri mynt. Jafnframt er eðli verðtryggingar með þeim hætti að vaxtahækkanir Seðlabanka hafa lítil áhrif á kostnað við langtímalán þar sem vextir eru í meginatriðum fastir og þar af leiðandi á Seðlabanki erfitt með að stýra hegðun heimila og fyrirtækja þegar um er að ræða verðtryggð lán.

Seðlabankinn brá þá á það ráð að halda niðri innflutningsverðlagi og þar með verðbólgu með því að halda krónunni sterkri. Það var m.a. gert með því að laða að erlenda fjárfesta með háum vöxtum, hvetja til svokallaðra vaxtamunarviðskipta. Í meginatriðum felast vaxtamunarviðskipti í því að erlendir bankar hófu útgáfu skuldabréfa í innlendri mynt sem síðan voru seld til erlendra fjárfesta. Íslensku bankarnir þjónuðu sem milliliðir í þessum viðskiptum og skiptu vaxtamuninum sem ríkti á milli erlendra gjaldmiðla og þess íslenska með erlendum útgefendum. Um leið náðu bankarnir í fjármagn sem þeir síðan lánuðu til íslenskra fyrirtækja og heimila.

Þessi iðja leiddi í sjálfu sér til þenslu. Peningastefnan beit í skottið á sér. Lántaka í erlendri mynt stórjókst og neysla bar öll einkenni þess að heimilin væru haldin gengisglýju. Gengisglýja er það fyrirbæri þegar heimili og fyrirtæki trúa því að þau búi við fast gengi, þ.e. gengið muni ekki veikjast verulega frá því sem er á hverjum tíma. Þessi gengisglýja og þessi trú heimila og fyrirtækja á að gengið muni ekki breytast leiðir til auðsáhrifa. Auðsáhrif lýsa sér í því að heimili og fyrirtæki trúa því að auður þeirra sé meiri en hann er í raun og veru. Það leiðir til meiri neyslu og fjárfestingar en raunhagkerfið ræður í raun við og gefur tilefni til.

Í doktorsverkefni sínu sýnir Jón Helgi Egilsson fram á hvernig efri mörk stýrivaxta ráðast. Sé farið út fyrir þau mörk stuðlar vaxtahækkun að þenslu nákvæmlega eins og ég lýsti hér áðan. Stýrivextir sem víkja umtalsvert frá vöxtum viðskiptalanda hvetja til vaxtamunarviðskipta sem halda genginu sterku, halda innflutningsverðlagi lágu og er þannig fóður fyrir þenslu. Slík stefna er því ekki aðeins bitlaus heldur hefur allt önnur áhrif en ætlast er til.

Íslenski seðlabankinn hefur beitt stýrivöxtum ótæpilega í langan tíma. Hrun krónunnar árið 2001 og 2008 má m.a. rekja til þess að stuðlað var að vaxtamunarviðskiptum þar sem fjármagn flæddi inn í landið og heimili og fyrirtæki skuldsettu sig mjög. Krónan styrktist en að sama skapi varð hún viðkvæmari fyrir áföllum og sveiflur í gjaldmiðlinum voru magnaðar af stórkostlegu inn- og útflæði peninga spákaupmanna sem vildu nýta sér háa vexti en litu um leið fram hjá stöðu raunhagkerfisins, þ.e. sterkt gengi var ekki byggt á sterkum undirstöðum heldur eingöngu á flæði peninga. Krónan féll síðan bæði árið 2001 og 2008 vegna skyndilegra truflana á þessu flæði. Í peningamálahagfræði er það kallað upp á ensku „sudden stop“. Peningar sem höfðu leitað til Íslands vegna hárra vaxta vildu út aftur þegar spákaupmönnum varð hættan ljós og það leiddi til gengishruns.

Vaxtamunarviðskipti eru bein afleiðing hávaxtastefnu og mikils vaxtamunar og eru helsta ástæða falls krónunnar og þar af leiðandi gjaldeyrishaftanna sem við búum við núna. Það er því augljóst að peningastefnan og frammistaða krónunnar verða ekki sundurgreind. Til að styrkja krónuna og nýta til að vinna þjóðina út úr núverandi erfiðleikum verður að endurskoða peningastefnuna og það verður að gera á trúverðugan hátt. Jafnframt verður að beita fjármálastefnunni, þ.e. ríkisfjármálunum, á markvissan hátt til að styðja við peningastefnuna. Þar koma til greina fjármálareglur sem vinna á móti hagsveiflunni líkt og við sjálfstæðismenn röktum ítarlega í efnahagstillögum okkar á dögunum. Því hefur borið nokkuð á því að fólk hefur ruglað saman krónunni og misheppnaðri peningamálastjórn síðustu ára. Bent hefur verið á upptöku nýrrar myntar sem lausn á vandanum og er þá helst horft til evru en það er alls ekki allt sem sýnist í þeim efnum.

Á tíu ára afmæli evrunnar í janúar sl. hafði Evrópski seðlabankinn ástæðu til að fagna því að aðalmarkmiði um verðstöðugleika hefði verið náð í Evrópusambandinu. Verðbólga var að vísu aðeins yfir 3% markmiðinu en sveiflur hafa verið hóflegar eins og stefnt var að. Hins vegar telja ýmsir fullsnemmt að lýsa því yfir að forsendur evrunnar haldi. Í því sambandi er til að mynda athyglisvert að líta til frænda okkar á Írlandi. Ísland og Írland eiga það sameiginlegt að hafa vaxið gríðarlega síðasta áratuginn. Bæði löndin lögðu áherslu á að byggja upp fjármálastarfsemi og laða að erlenda fjárfestingu. Í skemmstu máli var margt líkt með efnahagsþróun landanna með einni mikilvægri undantekningu. Ísland var með sjálfstæða peningamálastefnu og eigin mynt en Írland fylgdi fastgengisstefnu, þ.e. tilheyrði sameiginlegu myntsvæði Evrópu.

Kenneth Rogoff, prófessor við Harvard og fyrrum yfirmaður hagrannsókna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, benti á vormánuðum í Kastljósi ríkissjónvarpsins á að mikilvægan lærdóm megi draga af reynslu landanna tveggja. Ójafnvægið í báðum löndunum byggði upp þenslu sem á Íslandi fékk útrás í að gjaldmiðillinn gaf eftir en á Írlandi er spáð að atvinnuleysi fari í hæstu hæðir, allt að 20% í lok þessa árs. Samkeppnishæfni útflutnings batnaði stórkostlega á Íslandi en læstist inni í fastgengi á Írlandi. Krónan þjónaði sem ventill sem leyfði snögga aðlögun hagkerfisins á Íslandi en þrýstingurinn er enn að byggjast upp á Írlandi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Nú er augljóst að aðlögunin á Íslandi hefur ekki gengið betur en svo að hér er atvinnuleysi komið í sögulegt hámark. Þá er því til að svara að gjaldeyrishöftin sem sett voru í október á síðasta ári hafa að nokkru hamlað aðlögunina. Áhrifin af bankahruninu á raunhagkerfið eru slík að velferðartapið af því að leyfa íslensku hagkerfi að aðlagast óheftu hefði orðið þannig að ekki var hægt að sitja með hendur í skauti.

Martin Feldstein, prófessor við Harvardháskóla í Bandaríkjunum og fyrrverandi formaður efnahagsráðs Banda-

ríkjaforseta, hefur einnig fjallað um evruna á gagnrýninn hátt. Hann bendir á að ekki hafi þar til nú reynt á nauðsynlega aðlögunarhæfni ríkjanna sem mynda evrópska myntsamstarfið og sveigjanleika þeirra til að bregðast við áföllum á borð við þau sem nú ríða yfir. Yfirstandandi fjármálakreppa leikur evruríkin mjög mismunandi. Tölur um atvinnuleysi og samdrátt í iðnaðarframleiðslu eru ólíkar milli ríkja sem og spár um þróun á næstu missirum.

Þýskaland er þannig með tæplega tvöfalt meiri viðskiptaafgang en Spánn en með öfugum formerkjum. Þessi mjög svo mismunandi staða ríkjanna kallar á mismunandi aðgerðir bæði í ríkis- og peningamálum. Þær eru hins vegar ekki í boði. Evruríkin búa við sameiginlegan gjaldmiðil og þar af leiðandi eina sameiginlega peningastefnu sem tekur mið af meðaltali ríkjanna en ekki aðstæðum í einstökum ríkjum. Þörfin er mismunandi en úrræðið það sama fyrir alla. Staðan núna er þannig að það land sem hvað best er statt hefur einnig mestu völdin í evrusamstarfinu. Þess vegna telur Feldstein að þau ríki sem lenda illa í kreppunni muni gjalda fyrir þetta fyrirkomulag og koma verr út en ef þau hefðu haft sjálfstæða peningamálastefnu líkt og Ísland.

Fyrir umræðuna hér á landi er niðurstaða Feldsteins tvíþætt. Í fyrsta lagi bendir Feldstein á þá einföldu staðreynd að upptaka sameiginlegs gjaldmiðils var af pólitískum toga en ekki hagrænum. Stjórnmálalegur hvati er ekki grundvöllur hagkvæms gjaldmiðilssvæðis og í gjaldmiðilsmálum. Í öðru lagi er það skýr niðurstaða Feldsteins að hagrænir kostir sameiginlegs gjaldmiðils vegi ekki upp ókosti aukins atvinnuleysis og hættu á aukinni verðbólgu. Kostnaðurinn vegna sameiginlegrar myntar fyrir ríki Evrópu sem verða fyrir áföllum með mismunandi hætti er því mikill og hann er raunverulegur. Sameiginleg peningamálastefna getur aldrei orðið besta lausn þessara ríkja. Sveigjanleika er fórnað fyrir hættu á atvinnuleysi og skertri samkeppnisstöðu. Land sem hefur viðskiptahalla sem afleiðingu af skertri samkeppnisstöðu getur ekki unnið sig út úr vandanum með eðlilegri og sjálfvirkri aðlögun gengis. Í því sambandi er athyglisvert að líta til Slóveníu en landið tók upp evru 1. jan. 2007. Um leið og Slóvenía varð aðili að sameiginlegri mynt breytti Moody's lánshæfismatseinkunn landsins. Rökin sem lánshæfismatsfyrirtækið færði fyrir ákvörðun sinni voru þau að sveigjanleiki hefði minnkað sem gæti skert samkeppnishæfni landsins og þar með greiðslugetu þess í framtíðinni.

Sem andsvar við þessum rökum hefur verið bent á sveigjanleika sem nú hefur víða komið í ljós. Launþegar á Íslandi hafa t.d. tekið á sig nafnlaunalækkanir og það sama hefur gerst í Bandaríkjunum. Þetta eru hins vegar viðbrögð sem geta aukið vandann eins og Nóbelsverðlaunahafinn og sósíaldemókratinn Paul Krugman benti nýlega á í *New York Times*. Að sögn Krugmans er Japan lýsandi dæmi um afleiðingar slíkra viðbragða en þar lækkuðu laun á tímabilinu 1997–2003 sem viðbrögð við efnahagskreppu þar. Það stuðlaði að enn frekari efnahagslegri stöðnun. Lækkunin dró úr heildareftirspurn í hagkerfinu, það dró úr heildareftirspurninni vegna þess einfaldlega að þá var minna til skiptanna hjá heimilum þannig að þau gátu eytt minna og það leiddi til vandamála í Japan sem eru sambærileg við þau sem ég rakti ítarlega í drögum að minnihlutaáliti efnahags- og skattanefndar um bandorminn illræmda á dögunum.

Sá efnahagssamdráttur sem hefur orðið á Grikklandi hefur kallað fram hörð pólitísk átök og óeirðir þar í landi. Að hluta til settu mótmælendur fram algerlega óraunhæfar kröfur um gengisaðlögun til að auka möguleika Grikklands á að vinna sig út úr kreppunni. Að sjálfsögðu varð fátt um svör hjá valdhöfunum, enda hefur Grikkland engin úrræði í peningamálum þar sem landið er ekki með sjálfstæða peningamálastefnu og getur þar af leiðandi ekki breytt gengi gjaldmiðilsins.

Í kjölfar kreppunnar í Finnlandi var það talið mikið hagsmunamál fyrir Finna að taka upp evru. Finnski viðskiptaráðherrann lét hafa það eftir sér nýlega að upptaka evru hefði verið mistök fyrir Finnland. Þeir hefðu orðið undir í samkeppni við Svíþjóð. Vandkvæði vegna óhagstæðs gjaldmiðilssvæðis evrulandanna koma fyrst fram við áföll eins og nú ríða yfir heiminn. Þetta varð fyrrum utanríkisráðherra Þýskalands, Joschka Fischer, tilefni vangaveltna í viðtali á BBC í þættinum Hard Talk fyrr á þessu ári.

Eins og kunnugt er er Joschka Fischer eindregur ESB-sinni en hann sagði í viðtalinu að í fyrsta skipti teldi hann það nú raunhæfan möguleika að ESB og myntsamstarfið eins og við þekkjum það liðaðist í sundur. Hann benti á að eina leiðin til að koma í veg fyrir slíkt væri að stórauka miðstýringu og samhæfingu á sem flestum sviðum sambandsins. Fischer hefur síðan ítrekað áhyggjur sínar, m.a. í netútgáfu *Telegraph*.

Það er eðlilegt að álykta að eftir því sem gallar fastgengis koma fram verði horft enn meira á samhæfingu ríkisfjármála og peningamálastjórnunar á evrusvæðinu sem heildar. Eins og ég mun koma að síðar er það aðeins hægt með því að Evrópusambandið verði sambandsríki líkt og við sjáum í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Spurningin er þá hvort það sé raunhæf sýn, hvort t.d. Lissabon-sáttmálinn gefi tilefni til bjartsýni þar og hvort Íslendingar vilji yfirleitt taka þátt í þeirri tilraun. Það er spurning sem við verðum að spyrja okkur.

Af þessari upptalningu minni má sjá að það eru efasemdaraddir uppi um sameiginlega peningamálastefnu Evrópu. Ég hef ekki vitnað í íslenska Evrópuaðildarandstæðinga heldur hef ég vitnað hér í helstu stuðningsmenn Evrópusambandsins og helstu hagfræðinga heims á sviðinu, hagfræðinga sem hafa stjórnað alþjóðastofnunum, hagfræðinga sem hafa verið Bandaríkjaforsetum helstu ráðgjafar í efnahagsmálum.

Það má einnig velta því fyrir sér hve raunhæft það sé fyrir Ísland að geta tekið upp evruna með stuðningi seðlabanka Evrópu á næstu árum. Eins og kunnugt er þurfa þjóðir sem sækja um aðild að ERM II samstarfinu að uppfylla svokölluð stöðugleikasáttmálaskilyrði í tvö ár áður en þeir fá fulla aðild að myntsamstarfinu, það sem kallað er í daglegu tali Maastricht-skilyrði. Tvö þessara skilyrða er ómögulegt fyrir Ísland að uppfylla á næstu árum, skilyrðið um vergar ríkisskuldir og skilyrðið um takmörk á halla ríkissjóðs. Þrátt fyrir að hreinar skuldir ríkissjóðs verði ekki miklar í evrópsku samhengi eftir þá óáran sem dunið hefur á okkur munu vergar skuldir verða mun hærri en 60% af landsframleiðslu næstu árin en 60%-markið er einmitt eitt

Maastricht-skilyrðanna.

Vergar skuldir hér eru taldar vera í kringum 240% og ef mig brestur ekki minni þá eru 4x6=24 þannig að það eru fjórum sinnum Maastricht-skilyrðin. Þetta stafar af gríðarlegum upphæðum sem teknar hafa verið að láni vegna áætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, vegna mikils ríkissjóðshalla bæði á þessu ári og einhver næstu ár og af Icesave-skuldbindingum. Ekki er hugmyndin að greiða skuldir vegna áætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til baka fyrr en á árunum 2012 og 2013. Ef sú verður raunin er sameiginleg mynt ekki í boði fyrr en í allra fyrsta lagi árið 2016 ef Ísland þarf að fylgja sömu skilyrðum og aðrar þjóðir myntsamstarfsins hafa þurft að fylgja og ef allar áætlanir í ríkisfjármálum ganga upp.

Þá er ljóst að ríkissjóðshallinn verður langt yfir 3% af landsframleiðslu á næstu árum en það er annað skilyrðið. Verðbólguskilyrði munum við sennilega uppfylla vegna þess að við sjáum fram á verðhjöðnun í kjölfar mjög minnkandi eftirspurnar í hagkerfinu. Vaxtaskilyrði munum við mjög ósennilega uppfylla vegna þess að hér munu vextir verða mun hærri en í Evrópu m.a. vegna þess að lánshæfismat Íslands er mjög bágborið og verður jafnvel bágbornara ef skrifað verður undir Icesave-skuldbindingarnar. Skilyrði um — ég man ekki fimmta skilyrðið, sleppum því.

Til að gæta allrar sanngirni er þó rétt að geta þess að umræða hefur farið fram um hvort gefa eigi ríkjum Mið- og Austur-Evrópu afslátt frá Maastricht-skilyrðunum vegna fjármálakreppunnar. Það er engin ástæða til þess að ætla annað en að það yrði hugleitt að veita okkur Íslendingum einhvers konar afslátt frá þessum skilyrðum, ég skal ekkert um það segja. Það hefur komið fram að ábyrgð stóru myntsvæðanna — þá er ég fyrst og fremst að tala um evrusvæðið og dollarasvæðið — er mikil gagnvart litlu gjaldmiðlunum vegna þess að stækkun Evrópugjaldmiðilsins hefur í sjálfu sér skapað aukna óvissu fyrir litlu gjaldmiðlana í löndunum í kringum svæðið. Þessi óstöðugleiki hefur komið upp á yfirborðið í yfirstandandi fjármálakreppu. Heyrst hafa raddir um hvort e.t.v. eigi að gefa smámyntunum kost á að komast í skjól stóru seðlabankanna og þær raddir hafa orðið háværari. Hugsanlega gæti sú þróun leitt til þess að Íslandi gæfist kostur á að taka upp evru án þess að uppfylla stöðugleikaskilyrðin að fullu þannig að það mundi ganga tiltölulega greitt fyrir sig að taka upp evruna. En jafnframt hafa heyrst raddir um að smæstu gjaldmiðlarnir í kringum evrusvæðið gætu jafnvel fengið aðild að evrópska myntsamstarfinu án þess að ganga í Evrópusambandið.

Það er grundvallaratriði fyrir þjóð sem vill reka sjálfstæða peningamálastefnu að hún ráði yfir lánveitanda til þrautavara. Það er nú orðið ljóst að vegna stærðar íslenska bankakerfisins brást Seðlabanki Íslands þessu hlutverki sínu. Bankakerfið var margföld landsframleiðslan sem gerði Seðlabanka Íslands ómögulegt að sinna þessu hlutverki.

Margir binda vonir við að með ESB-aðild og þátttöku í sameiginlegri peningamálastefnu muni Ísland eignast þennan lánveitanda til þrautavara, en það er alls ekki víst. Kerfishrunið sem varð á fjármálamörkuðum hefur leitt í ljós að Evrópski seðlabankinn er vanmáttugur lánveitandi til þrautavara. Kerfið er byggt upp þannig að aðildarríkin fjármagna bankana í réttu hlutfalli við efnahagslegt mikilvægi. Þannig er Þýskaland langmikilvægasti bakhjarl Evrópska seðlabankans. Þegar skellur kemur á öll aðildarlöndin kippa bakhjarlarnir að sér höndunum, hvert ríki hugsar fyrst og fremst um sig sjálft og þetta hefur akkúrat orðið reyndin í Evrópu. Þjóðverjar hafa ekki verið tilbúnir til þess að koma bræðrum sínum til hjálpar í þeim mæli sem hefur þurft vegna vandamála heima fyrir. Þetta vandamál mun hins vegar hverfa ef ESB verður að sambandsríki. Þannig er bandarískri seðlabankinn til að mynda mun burðugri en sá evrópski vegna þess að hann hefur öll Bandaríkin á bak við sig sem sjá um hagsmuni alls ríkjasambandsins.

Hvað þá með öryggisnet? Það halda margir því fram að Íslandi hefði verið mun betur borgið innan Evrópu þegar mest reyndi á fjármálakerfið. Þetta mætti til sanns vegar færa ef Ísland hefði verið aðili að evrópska myntsamstarfinu. Evrópusambandið myndar í sjálfu sér ekki það öryggisnet sem margir héldu. Þannig hafa þrjú aðildarríki leitað til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hjálp líkt og Ísland þar sem Evrópa brást þeim. Ungverjaland, Lettland og Rúmenía eru að þessu leyti því ekki betur sett en Ísland þrátt fyrir að vera í ESB.

Írland, sem er það land sem hvað mestur skellur hefur orðið á, hefur hins vegar að nokkru leyti getað treyst á Evrópska seðlabankann í vandræðum sínum. Fjármálakerfi þeirra hefur ekki hrunið líkt og hið íslenska, en eins og ég rakti áðan eru áhrifin á raunhagkerfið þó litlu minni en hér.

Það er hægt að taka önnur dæmi, það er hægt að taka dæmi af landi eins og Austurríki. Austurríki lánaði í kringum 60% af landsframleiðslu sinni inn í Mið-Evrópu og það er ekki útséð hvernig það mun fara, hvort Evrópski seðlabankinn þarf að halda Austurríki uppi. Síðan eigum við eftir að sjá afleiðingarnar af hruninu í baltnesku löndunum, í Svíþjóð o.s.frv.

Það er eitt merkilegt í þessu samhengi sem ég hef rakið hér að sambandsríki, Ungverjaland, Lettland og Rúmenía, hafa ekki getað leitað til Evrópska seðlabankans. Það er merkilegt í ljósi þess að síðasta sumar var útbúin neyðaráætlun í Evrópska seðlabankanum í samvinnu við svissneska seðlabankann um að bjarga svissneska bankanum UBS frá gjaldþroti, ef til þess kæmi, til þess að bjarga Sviss, þ.e. landi sem liggur fyrir utan Evrópusambandið. Af hverju skyldi það hafa verið gert? Það var ekki gert af góðmennsku. Það var einfaldlega gert af því að afleiðingar af hruni UBS hefðu orðið svo miklar fyrir Evrópusambandið að það hefði getað skemmt mikið þar inni. Þeir voru því tilbúnir til að bjarga löndum utan sambandsins af því að það þjónaði þeim en ekki löndum innan sambandsins vegna þess að það þjónaði ekki stóru ríkjunum.

Niðurstaða mín er sú að fjármálakreppan hafi ekki einungis leikið Ísland grátt, hún hefur leitt í ljós galla þess að tilheyra sameiginlegu myntsvæði. Sennilega er með sameiginlega mynt eins og verðbólgumarkmið og fljótandi gengi: Í einhverju sem heitir venjulegt árferði þjónar hún mjög vel markmiði sínu, hvetur til viðskipta og fjármagnsflutninga og annars þess sem við teljum vera kosti sameiginlegrar myntar, en stórir, óvenjulegir skellir eins og kreppa á fjármálamarkaði leiða til erfiðleika sem erfitt er að yfirstíga, erfiðleika sem hugsanlega leiða til meira velferðar-

taps fyrir aðildarríkin en velferðarábata af sameiginlegri mynt. Það er jafnframt niðurstaða mín að það sé fólginn ábati í því að bíða og sjá hvernig evrusamstarfinu reiðir af áður en ráðist er í það stórvirki að skipta út íslensku krónunni fyrir sameiginlega mynt Evrópu.

Það er því meginniðurstaða mín hérna að krónan og íslensk peningamálastefna muni þjóna okkur best við að reisa Ísland úr öskustónni hvað sem síðar kann að verða. Peningamálastefnuna þarf þó að endurskoða og bæta eins og við sjálfstæðismenn röktum ítarlega í efnahagstillögum okkar. Samantekið er það skoðun mín að það ljós sem sumir eygja í sameiginlegri peningastefnu sé villuljós eins og sakir standa og til þess fallið að trufla þá uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað á Íslandi.

[16:24]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir greinargóða og mjög ítarlega umfjöllun um peningamálin. Það er gríðarlega mikilvægt að taka þetta upp á þennan hátt hér í þinginu þar sem öll umræða um aðild að Evrópusambandinu undanfarna mánuði hefur í rauninni snúist um gjaldmiðilsmálin. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að fá þessa umfjöllun og þessa málefnalegu umræðu hér inn í dag.

Það er gríðarlega skrýtið að upplifa það hérna í þinginu að sá flokkur sem heitir Samfylkingin, sem hefur það eina mál á stefnuskránni að komast inn í Evrópusambandið, skuli ekki standa fyrir svona málefnalegri umræðu um gjaldmiðilsmálin. Ég vek athygli á því að það er enginn samfylkingarmaður staddur hér í þingsalnum í dag þannig að það er enginn samfylkingarmaður sem hefur meðtekið þennan holla og góða boðskap hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) og það væri kannski ástæða til þess að kalla þá hér til eða a.m.k. að senda þeim útskrift af þessari góðu ræðu þingmannsins.

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í ræðu þingmannsins að hann gerir ráð fyrir að miðað við bjartsýnustu spár verði hugsanlega hægt að taka hér upp evru með aðild að Evrópusambandi árið 2016, ég vona að ég hafi skilið þingmanninn rétt. Þá er hann sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem hefur jafnframt spáð því að það séu a.m.k. sjö ár en aðrir hafa spáð því að það séu um 10 eða jafnvel 30 ár þangað til við náum þeim áfanga ef draumur Samfylkingarinnar um inngöngu í ESB verði málið.

Þess vegna spyr ég: Það er þá þannig, hv. þingmaður, að það er krónan sem við komum til með að nota hérna næstu árin, er það ekki rétt hjá mér? Er þá ekki við hæfi að fara að tala hana upp en ekki niður?

[16:26]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Það er rétt að ég nefndi hér árið 2016 og ég vil þakka hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur fyrir aldeilis ágæt ummæli í minn garð. Þetta ártal byggi ég á hvað bjartsýnustu spár um aðlögun að Maastricht-skilyrðunum mundu gefa okkur. Þarna er litið fram hjá skuldabyrðinni og ef Evrópusambandið fer fram á að Maastricht-skilyrðunum verði fylgt strangt fram þannig að við þurfum að fara með ríkisskuldirnar niður fyrir 60% áður en við getum fengið aðild að evrópska myntsamstarfinu, þá er mun lengri tími sem líður þangað til við getum orðið aðilar. Þá get ég farið yfir í tímatilvitnun hjá hv. þm. Pétri Blöndal og farið að tala um 30, 40, 50 ár.

[16:28]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta var greinargott svar. Mig langar jafnframt að spyrja þingmanninn og nota seinna andsvar mitt hér til þess: Hver telur þingmaðurinn vera tengsl þessa máls og meðferðar þess hér í þinginu og þess máls sem fjallað er um í fjölmörgum nefndum þingsins og kallað er Icesave-málið? Telur þingmaðurinn að það sé eitthvert samband þarna á milli, eitthvert samhengi? Við lesum það nú í dag í breskum fjölmiðlum að breskir fjölmiðlamenn eru búnir að átta sig á því að það er samhengi þarna á milli og þeir eru búnir að átta sig á því að ef Alþingi Íslendinga tekur þá ákvörðun að fella Icesave-samningana komi það til með að hafa áhrif á það hvaða stuðning við höfum gagnvart því að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hvernig sér þingmaðurinn þetta fyrir sér og telur hann að það sé beint samband á þeim mikla flýti sem málið fær hér í þinginu og gríðarlegum áhuga Samfylkingarinnar á að keyra þetta hér í gegn með fulltingi Vinstri grænna — Vinstri grænna af öllum flokkum, sem lýstu því bæði yfir í ræðu og riti margoft fyrir síðustu kosningar að þeir mundu ekki sækja um aðild að Evrópusambandinu? (**VigH:** Kosningaloforð.)

[16:29]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að tengslin á milli Icesave, aðildar að Evrópusambandinu og samstarfssamnings við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn séu meira í hugum íslenskra þingmanna en í raun og veru.

Ef það væri raunin að það væru þessi sterku tengsl sem margir eða sumir vilja vera láta, að alþjóðastofnanir stjórnuðust af tvíhliða deilum ríkja, þá hefðum við ekki alþjóðastofnanir vegna þess að á hverjum tíma og alltaf eru einhverjar þjóðir að deila sín á milli.

Ég held að stjórnarflokkarnir noti Icesave-málið annars vegar og ESB-málið hins vegar sem grýlu hver á annan til þess að koma sínu máli í gegn.

[16:30]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir afar yfirgripsmikla og vandaða ræðu enda er þingmaðurinn sérfræðingur á þessu sviði.

Einu hefur verið haldið mjög fram af þeim sem aðhyllast inngöngu í Evrópusambandið. Eins og þingmaðurinn kom inn á er hér hátt vaxtastig og verðtrygging. Nú ber þannig við að lánasamningur sem er gerður milli aðila, segjum banka og einstaklings, og er með verðtryggingarákvæði kannski út lánstímann, tökum sem dæmi til 40 ára, þau ákvæði gufa ekki upp við það eitt að ganga inn í Evrópusambandið eins og margir hafa gefið í skyn. Á hátíðisdögum er fjallað um það að verðtryggingin íslenska hverfi algjörlega úr öllum lánasamningum göngum við inn í Evr-

ópusambandið. Þetta er einn blekkingaleikurinn í viðbót sem Samfylkingin hefur haldið fram. Það er mjög alvarlegt að halda þessu fram og sérstaklega í ljósi þess að hæstv. forsætisráðherra hefur flutt þingsályktunartillögur og frumvörp hér ár eftir ár um það að afnema verðtrygginguna úr íslensku samfélagi.

Nú langar mig til að spyrja hv. þingmann að einu. Nú er nýbúið að undirrita stöðugleikasáttmála milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Annar aðili vinnumarkaðarins, ASÍ, er í raun regnhlífarsamtök fyrir launþega landsins sem í raun og veru ættu að vera að berjast fyrir háum launum og að bæta kjör þeirra sem eru á almenna vinnumarkaðnum. Finnst þingmanninum ekki alveg hreint með ólíkindum og í raun ótrúlegt að ekki skuli vera ákvæði í þessum stöðugleikasáttmála um að verðtryggingin verði lækkuð í skrefum til frambúðar?

[16:32]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Jú, það er alveg hárrétt að oft er látið eins og verðtryggingin muni hverfa við inngöngu í Evrópusambandið eða við upptöku sameiginlegrar myntar. Það sem við verðum að muna er að í fyrsta lagi eru þessir lánasamningar einkaréttarsamningar og þeim verður ekki hnikað með lögum nema með einhvers konar bótum. Hverjir ættu þá að bæta? Það er þá væntanlega íslenska ríkið sem þyrfti að bera þann kostnað. Ég á ekki von á því að fjármagnseigendur, þ.e. þeir sem eiga þessi verðtryggðu lán, vilji gefa upp að gamni sínu þessa eign sína og þá góðu tryggingu sem verðtryggingin er. Þetta verður því að vera á einhvers konar grundvelli frjálsra samninga og það þarf væntanlega að bæta fjármagnseigendunum það tap sem þeir verða fyrir við að missa þetta góða ákvæði út, þ.e. góða út frá lánardrottnum.

Hvað varðar ákvæði um verðtryggingu í stöðugleikasáttmálanum, ég get verið sammála um að það er skrýtið að ekki hafi verið lögð meiri áhersla á það í stöðugleikasáttmálanum að reyna að ryðja út verðtryggingu vegna þess að nákvæmlega eins og ég rakti í ræðu minni er hún slæm fyrir heimilin, hún er slæm fyrir fyrirtækin og hún er sérstaklega slæm fyrir peningamálastjórnina vegna þess að hún tekur bitið úr peningamálastjórninni. Ég skal vera sammála henni um að það er skrýtið að hafa ekki lagt meiri áherslu á það.

[16:34]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum skýr og greinargóð svör. Það er alltaf gleðilegt þegar þingmenn eru sammála hér á Alþingi. Svo ég staldri aðeins við verðtrygginguna enn á ný, málið er nefnilega þannig vaxið og mig langar til að spyrja hv. þingmann að því: Málið er þannig vaxið að það er ekki bæði sleppt og haldið. Aðilar vinnumarkaðarins vilja losna við verðtrygginguna af lánunum en geta ekki hugsað sér að sleppa verðtryggingunni af lífeyrissjóðsinnstæðum, þannig að þetta mál er komið hér í algjöran hnút.

Því spyr ég hv. þingmann, af því að hann hefur alveg einstaklega mikið vit á efnahagsmálum og er sérlærður í þessum málum. Ef við mundum ganga inn í Evrópusambandið, hvernig sér hann fyrir sér hvernig lífeyrissjóðamál okkar Íslendinga mundu þá fara? Sjóðirnir mundu líklega halda áfram með verðtryggingu eða yrði hún (Forseti hringir.) afnumin eftir aðild? Hvernig (Forseti hringir.) sér hann það fyrir sér, þ.e. ef það yrði eitthvað eftir af lífeyrissjóðunum okkar?

[16:36]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Hvað varðar eign lífeyrissjóðanna, það eru lífeyrissjóðirnir sem eiga mest af verðtryggðu skuldbindingunum okkar hvort sem það eru skuldbindingarnar í Íbúðalánasjóði eða önnur lán. Afnám verðtryggingar fyrir lífeyrissjóðina virkar náttúrlega þannig að eign þeirra verður ekki jafntrygg og jafngóð.

Hvað varðar eignir lífeyrissjóðanna vil ég nú trúa því að þær séu nokkuð tryggar þó svo að ég trúi því jafnframt að það eigi eftir að koma fram eitthvert tap. En það er ljóst að lífeyrissjóðirnir, sem eigendur verðtryggðra skuldbindinga, munu væntanlega taka mesta höggið af því þegar breytt verður yfir í evru. Við getum því sagt að talsmenn launþega ættu raunverulega út frá því sjónarmiði að berjast á móti aðild að Evrópusambandinu. (Gripið fram í.)

[16:37]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir hans ræðu, það var mjög áhugavert að hlusta á hann. Blaðið *The Economist* hefur að mínu mati verið mjög andsnúið Evrópusambandinu og mjög gagnrýnið á bæði efnahagsstefnu og samsetninguna þar. Þeir voru nýlega með umfjöllun um framtíð evrunnar, ég held að það hafi verið í síðasta tölublaði. Þrátt fyrir þá miklu gagnrýni sem þeir hafa haldið uppi varð held ég niðurstaða leiðarahöfunda að þau ríki sem eru í myntbandalaginu virðast almennt vera sammála um að halda áfram með evruna og m.a.s. þau ríki sem voru orðin mjög gagnrýnin á myntbandalagið og jafnvel farin að hugsa sér að fara út úr því virðast hafa skipt um skoðun eftir efnahagshrunið. Ég hefði áhuga á að heyra frá þingmanninum út frá hans sérþekkingu: Hver er ástæðan fyrir þessum skoðanaskiptum þarna innan dyra?

Hv. þingmaður minntist aðeins á, eða skautaði létt yfir Svía. Ég veit ekki betur en að Svíar séu ekki með tengingu við evruna og mynt þeirra hefur veikst. Hv. þingmaður nefndi dæmi um það að Finnar hefðu verið að öfunda Svía út af því. Hins vegar veit ég ekki betur en það sé alvarlegt ástand í Svíþjóð líka og mikil hræðsla um hugsanlega mikil áföll fram undan í sænska bankakerfinu. Það væri því áhugavert að heyra frá hv. þingmanni hans skoðanir á módelinu hjá Svíum út frá því sem hann ræddi í sinni ræðu.

[16:39]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Þetta eru áhugaverðar spurningar. Ég ætla kannski að einbeita mér að fyrri spurningunni og ég nota þá kannski seinna andsvarið meira í hitt.

Innan Evrópu eða evrópska myntsamstarfsins eða Euro System, eins og það er kallað, eru miklar umræður um evruna og framtíð hennar. Þeir sem hafa gengið hvað lengst

hafa talað um að hugsanlegt væri að evrunni, út af þeim annmörkum sem ég rakti hérna áðan, yrði skipt upp í tvennt. Það yrði haldið áfram með evruna fyrir þessi hefðbundnu ríki, Benelux-löndin og Mið-Evrópu en að það yrði sérmynt fyrir Miðjarðarhafslöndin. Þessi mynt hefur gengið undir nafninu PIGS, sem eru upphafsstafir Portúgals, Ítalíu, Grikklands og Spánar. Menn eru því mjög mikið að velta fyrir sér raunverulega hvort ein mynt geti staðið fyrir öll þessi lönd út af öllum þessum ástæðum sem ég rakti áðan. Þetta mun náttúrlega tíminn einn leiða í ljós og væntanlega fæst niðurstaða ekki fyrr en innan einhverra ára.

Hvað varðar Svíþjóð, Swedbank, eru þeir með stóran hluta af sinni lánaportfólíu eða þó nokkurn hluta af sinni lánaportfólíu inni í baltnesku löndunum og þar eru löndin meira og minna hrunin eða sérstaklega Lettland, og það mun hafa bein áhrif á afskriftir inn í Swedbank sem rúllar þá inn í allt sænska bankakerfið. Því miður er ég ekki mjög bjartsýnn á það.

[16:41]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var einmitt þetta sem sló mig mest í þessari greiningu hjá *The Economist* að horfa upp á það að Spánn, þar sem atvinnuleysi virðist vera í kringum 20% og mun hærra þá hjá ungu fólki, að stjórnmálamenn þar virðast hafa sjaldan eða aldrei verið jafnákveðnir í að halda áfram samstarfinu í gegnum myntbandalagið. Hv. þingmaður nefndi aðeins Grikki. Það virðist almennt vera viðhorfið hjá þessum löndum að kostirnir við myntbandalagið séu meiri en gallarnir. Ég verð að segja það fyrir mína parta að mér finnst svolítið erfitt að skilja þetta, að menn séu í raun tilbúnir að fórna því að ungt fólk og fólk almennt í þeirra löndum hafi vinnu til þess að fá þennan ímyndaða stöðugleika eða ég veit ekki hvað á að kalla þetta. Það væri áhugavert einmitt að heyra frekar frá þingmanninum vangaveltur hans.

Síðan líka varðandi Svíana að afstaða þeirra hefur verið svolítið sérstök innan Evrópusambandsins, (Forseti hringir.) þetta sjálfstæði gagnvart myntbandalaginu.

[16:42]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Jú, þetta er alveg hárrétt og svona af því að þú minntist á Spán er staðan á Spáni þannig núna að þeir eru mjög stórt sparisjóðakerfi. Þetta sparisjóðakerfi fjármagnaði mjög stóran hluta af fasteignabólunni sem var þar og þessu sama sparisjóðakerfi er raunverulega haldið gangandi núna af Evrópska seðlabankanum vegna þess að þeir fá ekki fjármögnun neins staðar líkt og íslenska kerfið fékk hérna á sínum tíma. Þjóðverjar hafa lent í mikilli rimmu í Evrópska seðlabankanum vegna þess að þeir eru helsti bakhjarl Evrópska seðlabankans út af stærð sinni og þeir hafa sem sagt mótmælt því að halda þessu kerfi á Spáni gangandi.

Hvað varðar það að Danmörk og Svíþjóð séu fyrir utan evrusamstarfið, ég held reyndar að það séu mjög mikil mistök fyrir Dani að vera utan þess. Þeir eru sú þjóð sem virðist hvað best ráða við fjármál sín, kannski af slæmri reynslu eða hafa (Forseti hringir.) lært af slæmri reynslu og þeir hafa þurft að borga fyrir það að vera ekki beint inni í Evrópusamstarfinu (Forseti hringir.) með miklum vaxtamun.

Með atvinnuleysið, (Forseti hringir.) ég skal svara því á göngunum, hv. þingmaður.

[16:44]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða þingsályktunartillögu um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Margir hafa spurt sig af hverju þetta mál sé yfir höfuð komið hér á dagskrá. Í raun má segja að umræða um þessi mál hafi verið mjög áberandi í íslenskum stjórnmálum á undanförnum árum. Í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar er farið allrækilega yfir söguna, þ.e. hvernig Evrópumálin hafa verið tekin til umræðu í íslenskum stjórnmálum. — Það er gott að heyra að fyrstu orð mín hafa greinilega sterk og djúpstæð áhrif á þingheim. — Á bls. 5 í nefndarálitinu er farið yfir þá vinnu sem hefur staðið yfir undanfarin ár, þær nefndir sem hafa starfað allt frá því að farið var að ræða það að gerast aðilar að EES-samningnum. Hér er því lýst að á árinu 1988 setti Alþingi á fót Evrópustefnunefnd. Síðan er farið yfir það þegar EES-samningurinn var samþykktur, skýrslur teknar saman á árinu 1995 og 2000. Síðan má segja að umræðan hafi verið samfelld allt frá árinu 2004 þegar Evrópunefnd starfaði undir forustu Björns Bjarnasonar sem ég sat í ásamt fleiri hv. þingmönnum. Nefndin skilaði skýrslu árið 2007. Síðan tók við Evrópunefnd sem var undir formennsku fyrrverandi hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar og hv. þm. Illuga Gunnarssonar sem skilaði svo áfangaskýrslu fyrr á þessu ári.

Það má því segja um þetta mál að það hafi þegar sett talsverðan lit á pólitíska umræðu og spurningin verið sívakandi í stjórnmálaumræðu á Íslandi, ekki síst fyrir síðustu kosningar eins og hv. þingmenn þekkja. Þetta er ekkert einsdæmi fyrir Ísland því þetta er auðvitað mál sem hefur verið til umræðu í öllum Evrópuríkjum á einhverjum tíma. Ég nefni sérstaklega Noreg sem dæmi sem er í þeirri stöðu að vera utan Evrópusambandsins eins og við Íslendingar en hefur þegar fellt aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu, síðast 1994 en einnig áður.

Þetta er því mál sem hefur ekki einungis verið til umræðu hér, það hefur verið til umræðu í öllum stjórnmálaflokkum og er auðvitað athyglisvert að skoða hvernig sú umræða hefur þróast. Í skýrslunni sem skilað var, eða áfangaskýrsla var það kallað, sem síðasta Evrópunefndin skilaði 17. apríl ef ég man rétt, þá skila flokkarnir allir sérálitum sem er áhugavert að skoða nú því þó að fáir mánuðir séu liðnir má kannski segja að ýmislegt hafi þegar þróast í umræðunni.

Það kemur fram sérálit Framsóknarflokks sem er mjög andstætt þeirri breytingartillögu sem fyrir liggur frá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur og það er sérálit þess flokks sem ég tilheyri, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur nú sem fyrr að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins“ og nefnir þar sérstaklega forræði yfir auðlindum þjóðarinnar, ekki síst sjávarauðlindinni, of ríka markaðshyggju í stefnumótun sambandsins og þann lýðræðishalla sem íþyngir stjórnkerfi sambandsins. Þessi atriði ætla ég að

ræða á eftir en svo kemur síðari hluti þessa sérálits:

„Sjálfsagt er og brýnt að fram fari opin og lýðræðisleg umræða um samskipti Íslands og sambandsins. Landsfundur VG leggur áherslu á að aðild Íslands að ESB eigi að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Landsfundur telur mikilvægt að fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu fái ræki-lega umræðu og almenn samstaða náist um lýðræðislega málsmeðferð.“

Þetta er í anda þeirrar samþykktar sem síðar var samþykkt á landsfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þar sem við ítrekum það og leggjum áherslu á, með leyfi forseta, „að aðild Íslands að ESB eigi að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu“ og síðan er farið rækilega yfir það mál. Þetta er það sem við sögðum líka í aðdraganda síðustu kosninga að þó að okkar afstaða væri sú að Ísland ætti best heima utan Evrópusambandsins og við höfum fyrir því ýmsar ástæður og þær eru ekki einu sinni eins hjá öllum okkar flokksmönnum og ekki eins hjá öllum þingmönnum. Þetta er mjög flókið mál sem hér um ræðir.

En við höfum líka lagt áherslu á það, a.m.k. gerði ég það í aðdraganda þeirra kosninga sem síðast fóru fram, að þetta mál ætti að leiða til lykta með þjóðaratkvæðagreiðslu og taka til umræðu á þeim vettvangi. Mér finnst það vera ákveðið lykilatriði í þeirri tillögu sem hér er til umræðu að það skiptir máli að þjóðin komi að þessu máli. Þetta hefur þegar verið til umræðu á hinu pólitíska sviði í allmörg ár.

Sérálit Sjálfstæðisflokksins í þessari skýrslu snýst nánast eingöngu um efnahagshliðar málsins. Þar er rætt um að það sé mikilvægt að sátt náist milli allra stjórnmálaflokka um áframhaldandi málsmeðferð, með leyfi forseta, en að helsti kostur þess að taka upp nánara samstarf við Evrópusambandið er að mati flestra sá efnahagslegi stöðugleiki sem fælist í því að geta tekið upp hinn sameiginlega gjaldmiðil Evrópusambandsins, evruna. Evrópusambandið hefur hins vegar ekki verið til viðræðu til þessa um að önnur ríki taki upp evru án fullrar aðildar að sambandinu. Sú staða virðist hins vegar vera að breytast. Síðan er rætt áfram um þessa möguleika. En út frá ræðu hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar áðan þá held ég að þessi mál verði líka áfram til umræðu, ekki bara í Sjálfstæðisflokknum heldur hjá þjóðinni allri, þ.e. hvort evrusamstarf skilar endilega þeim kostum sem talið hefur verið hingað til. Hv. þingmaður færði nokkuð sannfærandi rök fyrir máli sínu áðan um að ýmsar blikur væru á lofti í málum þessa gjaldmiðils, bæði hvað varðar samstarf og annað fyrir utan auðvitað þá staðreynd að það er engin vissa fyrir því og í raun mjög ólíklegt að Íslendingar geti tekið upp evru þótt þeir sæktu um aðild á morgun að Evrópusambandinu.

Annað atriði sem mér hefur þótt mjög mikilvægt að halda til haga í umræðunni eru þessir svokölluðu meginhagsmunir í samskiptum Íslands og Evrópusambandsins og hvar meginhagsmunir Íslands liggja gagnvart Evrópusambandinu. Eiginlega má segja að þetta mál sé kannski þríþætt. Það er ef við horfum á það út frá hagsmunum Íslendinga gagnvart Evrópusambandinu, ef við horfum á það út frá Evrópusambandinu sjálfu hvernig það er að þróast og síðan út frá Íslendingum sjálfum hvernig við lítum á okkur í samfélagi þjóðanna.

Ef ég byrja á hagsmunum Íslendinga og íslensku þjóðarinnar þá var um það rætt í síðustu Evrópunefndinni sem starfaði hver væri eiginlega munurinn á hagsmunum almennt og þeim hagsmunum sem telja má brýna. Ég held að enska orðið „vital“ hafi verið notað og mætti jafnvel kalla nauðsynlega þjóðinni og hvaða hagsmuni mætti telja síður mikilvæga. Ég tel mjög mikilvægt ef áfram verður haldið á þessari braut að sú umræða fari fram, þ.e. hvaða hagsmuni teljum við þessari þjóð lífsnauðsynlega. Þá víkjum við að því sem stendur út af því að auðvitað erum við aðilar að EES-samningnum. Margir hafa rætt hann að undanförnu í tengslum við annað mál sem hefur verið til umræðu og þær tilskipanir sem við höfum tekið upp í gegnum þann samning en það eru þau mál sem standa út af, þ.e. sem heyra ekki undir EES-samninginn. Það er sjávarútvegurinn, landbúnaðurinn og byggðamálin, það eru orku- og auðlindamálin, umhverfismálin að hluta. Yfir þetta er svo farið í þessu ágæta nefndaráliti. Það eru gjaldmiðilsmálin, almannaþjónusta og félagsleg mál, öryggis- og varnarmál, skatta- og tollamál sem hafa verið í höndum ríkjanna og fjármál aðildarríkjanna. Yfir þetta er farið ágætlega í þessu nefndaráliti en mig langar að hnykkja á nokkrum hlutum þar.

Sjávarútvegsmálin hafa kannski verið þau sem má telja til brýnustu hagsmuna Íslendinga. En í skýrslu Evrópunefndarinnar sem skilaði árið 2007 kemur fram, með leyfi forseta, í umfjöllun um stöðu sjávarútvegs og ég ætla aðeins að minna á það að sjávarútvegur hefur lengi verið mikilvægasti útflutningsatvinnuvegur Íslendinga. Útflutningsverðmæti sjávarafurða hefur verið ríflega helmingur af verðmæti alls vöruútflutnings lengi vel þó að hlutfall hans hafi farið minnkandi á undanförnum árum. Árið 2005 fór um 75% af flutningi íslenskra sjávarafurða til Evrópusambandsins og Ísland var næststærsti innflytjandi sjávarafurða til ESB árið 2004 með 8,3% af heildarinnflutningi. Þetta kemur fram í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Ísland hefur mikla sérstöðu í sjávarútvegi samanborið við aðildarríki Evrópusambandsins og felst sú sérstaða fyrst og fremst í mikilvægi sjávarútvegs fyrir þjóðarbúskapinn. Sérstaðan felst einnig í því að Íslandsmið eru ekki samliggjandi við mið aðildarríkja þess og margir af helstu fiskstofnum hér við land eru staðbundnir á Íslandsmiðum en ekki sameiginlegir auk þess sem aðrar þjóðir hafa nær enga veiðireynslu í íslenskri efnahagslögsögu sl. 30 ár. Íslendingar hafa einnig aflað sér talsverðrar veiðireynslu á öðrum miðum og hafa mikilla hagsmuna að gæta varðandi úthafsveiðar og deilistofna.“

Ljóst er að staða okkar er mjög sérstök af því að við reiðum okkur á sjávarútveginn og út frá því hvernig sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins hefur þróast hef ég talið að okkar hagsmunum væri betur borgið utan sambandsins. Sjávarútvegurinn er svo mikilvægt atriði fyrir okkur Íslendinga. Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins ber auðvitað merki þess að sjávarútvegur er aðeins innan við 1% af landsframleiðslu Evrópusambandsríkjanna og hefur að því leytinu til auðvitað ekki verið jafnmikilvægur og fyrir okkur þar sem hann er ríflega helmingur.

Nú veit ég vel að sjávarútvegsstefnan er í endurskoðun og það getur vel verið að hún eigi eftir að taka einhverjum bótum en ég tel þetta vera einn af meginhagsmunum Íslands þegar kemur að samskiptum við Evrópusambandið.

Það eru yfirráðin yfir fiskveiðiauðlindinni og hvernig henni verður ráðstafað. Ég minni á að þriðjungur okkar afla eða um það bil hefur komið úr deilistofnum ef ég man rétt. Þeir eru auðvitað ekki veiddir á þeim miðum sem telja má að við höfum sögulega veiðireynslu og eigum rétt á umfram aðrar Evrópusambandsþjóðir. Það skiptir líka máli fyrir útflutninginn og stöðu hans og efnahagsstöðu okkar hvernig þeim verður ráðstafað.

Þá komum við að landbúnaðarmálum sem mig langar líka að nefna sérstaklega í þessum efnum. Ég ætla að leyfa mér að vitna í sömu skýrslu frá 2007 en hjá þeirri nefnd sem þá starfaði var farið yfir áhrif Evrópusambandsaðildar á íslenskan landbúnað og reyndar var það tekið í víðara samhengi því að það var líka rætt út frá hinum alþjóðlegu samningum sem gerðir hafa verið um viðskipti með landbúnaðarvörur. Ljóst þykir að aðild Íslands að ESB mundi leiða til samdráttar og tekjumissis í landbúnaðinum. Þetta rímar í raun við þann málflutning sem Bændasamtökin hafa haft uppi og fleiri aðilar. Sérstaklega varðar þetta við þær greinar sem eru í beinni samkeppni við ríki Evrópusambandsins og nefni ég sérstaklega kjúklinga- og svínakjötsframleiðslu.

Við Íslendingar höfum líka haft ákveðna sérstöðu þegar kemur að búfjársjúkdómum og vörnum á því sviði þar sem við höfum náð gríðarlega góðum árangri sem við getum kallað einstæðan og tengist okkar landfræðilegu legu. Þetta eru aðrir hagsmunir sem ég tel geta talist til meginhagsmuna Íslendinga í samskiptum við Evrópusambandið.

Ég vil líka minna á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins almennt og hvernig hún gefst. Staðreyndin er sú að mínu viti, og skilningur minn eða trú mín á því hefur í raun styrkst eftir að ég fékk tækifæri til að fara til Brussel með Evrópunefndinni síðari sem ég sat í og ræða þar við framkvæmdastjóra landbúnaðarmála hjá Evrópusambandinu, Mariann Fischer Boel, en ég hef þá trú að landbúnaðarstefna Evrópusambandsins sé því miður ekki nægilega framsækin þegar kemur t.d. að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Því miður sjáum við að landbúnaðarafurðir eru fluttar á milli landa innan Evrópusambandsins á afar óumhverfisvænan hátt út frá einföldum reglum um tolla og frjálsa för vöru en án þess að umhverfishagsmunir séu hafðir að leiðarljósi. Þó að þetta varði kannski ekki sérstaklega kjör Íslendinga þá held ég að það sé þörf fullrar endurskoðunar á þessari stefnu. Óháð því hvað verður um þessa tillögu og hugsanlega aðild okkar Íslendinga að Evrópusambandinu þá held ég að það sé full þörf á því að sambandið endurskoði þessa stefnu og hugi að svæðisbundnari framleiðslu landbúnaðarvara, hugi að því að markmiðum sjálfbærrar þróunar sé fylgt í ríkari mæli þegar kemur að landbúnaði.

Sjávarútvegur og landbúnaður eru vissulega okkar meginhagsmunir. Hér hafa líka verið nefnd orkumál og auðlindamál sem hingað til hafa verið á forræði hvers ríkis fyrir sig. Þá erum við eiginlega komin að því sem varðar eðli Evrópusambandsins hvert það er að þróast og hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson ræddi hér áðan, þ.e. þróunina innan Evrópusambandsins og hún skiptir líka máli þegar við ræðum efnislega um þetta mál.

Í raun er ég búin að fara aðeins yfir þessi efnahagslegu rök og hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson gerði það líklega mun betur áðan þegar hann fór yfir Maastricht-skilyrðin og ólíkindin á því að við gætum uppfyllt þau skilyrði á næstu árum. Hann ræddi þar um árið 2016 en það er ljóst að það er langt í það. Ég er sammála hv. þingmanni um að krónan muni verða sá gjaldmiðill sem þjóni okkur kannski best í því að komast út úr þeirri kreppu sem við eigum í nú þó að í áliti Sjálfstæðisflokksins frá 17. apríl sé fyrst og fremst rætt um evruna. En ég hef fullan skilning á því að umræðan hafi þróast innan Sjálfstæðisflokksins eins og annarra flokka.

Eðli Evrópusambandsins er að það var upphaflega stofnað í kringum viðskiptahagsmuni, Kola- og stálbandalagið, líka með það að markmiði að friður héldist í álfunni, stofnað á árunum eftir stríð. En fyrst og fremst hefur bandalagið snúist um viðskiptahagsmuni allt frá stofnun. EES-samningurinn snýst líka um viðskiptahagsmuni, fjórfrelsið svokallaða, með frjálsri för fjármagns, fólks, vöru og þjónustu. Þegar við höfum rætt um markaðshagsmuni, að markaðshagsmunir ráði um of ferð, getum við vísað í hina alræmdu Bolkenstein-tilskipun sem kom frá Evrópusambandinu og snerist um frjálst útboð á hvers konar þjónustu. Þjónustan sem þar var skilgreind gekk hreinlega út á allt sem tengdist — eða mjög stóran hluta, ekki allt, það er ekki rétt með farið hjá mér, en mjög stóran hluta almannaþjónustu, að mjög stór hluti af almannaþjónustu yrði útboðsskyldur þannig að venjuleg sveitarfélög gætu t.d. ekki kosið að reka bókasafn heldur yrðu þau að bjóða það út og svo mætti lengi telja. Þessari tilskipun var að hluta til snúið við, þó ekki kannski endilega út af þessu heldur snerist það líka um framboð á frjálsri för verkafólks. Vel þekkt er umræðan um pólska píparann sem tröllreið franskri umræðu eða frönskum stjórnmálum þegar Frakkar greiddu atkvæði á sínum tíma um stjórnarskrá Evrópusambandsins og felldu hana. Við sjáum því að það eru oft mikil átök innan þessa sambands.

Ég hef verið að skemmta mér við það á síðkvöldum að undanförnu að lesa greinasafn ýmissa fræðimanna um ESB og um þær pólitísku hræringar sem þar standa yfir. Þar er fjallað um ýmsar lykilspurningar um valdabaráttuna innan sambandsins. Það er viðtekin söguskoðun ýmissa fræðimanna að ESB hafi kannski þjónað Þjóðverjum einna best af Evrópuþjóðum, að þar hafi þeir getað byggt upp efnahagsveldi sitt á erfiðum tímum eftir stríð. Bretar hafa af þeim sökum jafnvel helst kosið að vera úti á kantinum í þessu sambandi eins og vel er þekkt og ekki síst auðvitað á níunda áratugnum undir forustu Thatcher. Þó virðist þessi fjarlægð vera enn til staðar og má taka sem dæmi afstöðu Breta þegar kemur að Schengen, afstöðu Breta þegar kemur að myntsamstarfinu o.fl. Það er ljóst að valdabaráttan innan sambandsins hefur verið gríðarleg í gegnum árin.

Þó má segja að yfirlýst markmið þeirra sem ráðið hafa förinni í Evrópusambandinu hefur verið að þjappa ríkjunum saman innan sambandsins, þjappa saman þjóðunum og reyna að samræma sem mest af regluverki þjóðanna. Það var auðvitað sérstök upplifun líka fyrir okkur sem vorum í Brussel í sömu ferð og ég nefndi hér áðan að ræða við svokallaðan sambandssinna sem sat á Evrópuþinginu og sagði: Það er ekki hægt að tala um hagsmuni þjóða, það er ein-

göngu hægt að tala um evrópska hagsmuni.

Eins og hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson benti hér á í ræðu sinni hefur t.d. fyrrverandi utanríkisráðherra Þjóðverja, Joschka Fischer, líklega einn harðsnúnasti Evrópusambands- og Evrópusinni sem finna má í evrópskum stjórnmálum, einmitt verið að ræða þetta að stækkunin í og með, þróun stjórnarskrárinnar og síðar Lissabon-sáttmálans, sé að breyta þróuninni, þ.e. að samþjöppunin muni ekki takast og sambandið sé að gliðna. Ég held reyndar að ég hafi líka nefnt Joschka Fischer í fyrri ræðu minni þannig að mér verður tíðrætt um þann mann en hann er til marks um það hvað þeir telja sem eru harðsnúnastir af sambandssinnum. Ég tel að þessi stækkun geti vissulega haft áhrif á þróunina og gert sambandið að jafnvel laustengdara bandalagi. Það er alla vega ljóst að mikil valdabarátta stendur yfir.

Álitaefnin eru því mörg þegar kemur að samskiptum Íslendinga við Evrópusambandið. Það sem ég hef ekki enn nefnt er kannski það hvernig við Íslendingar lítum á okkur í því samhengi. Það er ljóst að Evrópusambandið á í stórkostlegum sjálfsmyndarvanda því að allar tilraunir þeirra til að skapa evrópska sjálfsmynd hafa tekist illa. Innan Evrópuríkja hafa komið upp alls konar tilraunir til þess að skapa það sem kallað er evrópskt ídendítet eða sjálfsmynd. Ég get bara nefnt eitt dæmi sem er ofurhetjan Captain Europe, sem er þekkt evrópsk teiknimyndahetja sem enginn les af því að enginn samsamar sig með Captain Europe. Þannig er það. Tilraunir til að skapa sjálfsmynd Evrópusambandsins hafa því ekki gengið upp en hins vegar hefur valdabaráttan ráðist að miklu leyti af sjálfsmynd þeirra þjóða sem byggja þetta samband saman og okkar íslenska sjálfsmynd hlýtur þá líka að skipta máli.

Við hugsum auðvitað gjarnan um okkur sem þjóð og skilgreinum okkur sem þjóð út frá þeirri orðræðu sem kemur upp í sjálfstæðisbaráttunni hér á 19. öld og þróast áfram á 20. öldinni þegar hið nýja pólitíska þjóðarhugtak verður í raun og veru til og þjóðir fara almennt að skilgreina sig út frá einhverju pólitísku hugtaki en ekki bara sem flokk eða hóp fólks sem á eitthvað sameiginlegt. Það tengist auðvitað ákveðnum utanaðkomandi aðstæðum, það tengist iðnvæðingunni, það tengist því hvernig samfélagið breytist í borgarsamfélag, það tengist því að við hættum að þekkja hvert annað en þurfum einhverja nýja stærð til að skilgreina okkur sem hugtak.

Ég las grein eftir ágætan Evrópufræðimann sem sagði að fyrst og fremst væri aðild að Evrópusambandinu tilfinningamál. Ég held að það sem hann hafi átt við hafi verið hvernig við skilgreinum okkur sem þjóð og hvað við köllum í okkar huga afsal á fullveldi og afsal á sjálfstæði. Kannski er það því sjálfsmynd Íslendinga sem mestu máli mun skipta þegar og ef — og það veltur auðvitað á því hvað verður um þessa tillögu. Ég er þó þeirrar trúar að sú stund muni koma að Íslendingar sem þjóð taki afstöðu til þess hvort þeir vilji vera hluti af Evrópusambandinu og ég held að þá skipti miklu máli hvernig sjálfsmynd okkar er. Þetta kann að hljóma fílósófíska en ég held þó að þetta skipti miklu máli, ég held að við sem Íslendingar tökum ekki bara afstöðu út frá einhverjum hagsmunum sem við getum kortlagt fullkomlega í okkar huga heldur líka hvernig við lítum á okkur í samskiptum við þetta stóra samband.

Það er nefnilega svo merkilegt með sjálfsmyndina að Íslendingar skilgreindu sig fyrr á öldum yfirleitt bara sem Dalamenn eða sem Breiðfirðinga eða eitthvað annað slíkt fremur en sem þjóð. Þegar við lesum fornsögurnar sjáum við auðvitað að þetta er ekki neitt sem við getum rakið aftur þangað, þetta þjóðernishugtak okkar. Það er því erfitt að spá líka um framtíðina, ekki bara þegar kemur að efnahagsmálum, ekki bara þegar kemur að einhverri pólitískri þróun innan Evrópusambandsins, það er líka erfitt að spá hvernig við eigum eftir að hugsa um okkur.

Þá vil ég aðeins víkja aftur að nefndaráliti utanríkismálanefndar. Mig langar aðeins að nefna hér í lokin það sem rætt er í nefndarálitinu um fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslna. Á síðum 33–34 eru ræddar hugmyndir um að sérstök skrifstofa, Lýðræðisstofa, muni fara með framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel að þetta þurfi að ræða frekar hér í þinginu. Ég veit að fyrir liggja tvö frumvörp um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna en þarna er í raun verið að breyta allaverulegum hlutum hvað varðar framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna og fela Lýðræðisstofu hlutverk sem áður hefur verið á borði til að mynda Hæstaréttar og landskjörstjórnar. Ég vil bara ítreka það að ég hef ekki enn tekið afstöðu til þessa en ég er mjög efins um að fara út í slíkar breytingar á því sem við þekkjum úr okkar fyrri kosningum. Ég vil því ítreka að eftir er að taka afstöðu til þessa máls þó að það sé rætt hér í nefndaráliti og þó að ætlunin sé, ef þetta verður samþykkt, að fylgt verði því verklagi sem hér er lagt upp með þá lít ég svo á að það verklag eigi við um aðildarviðræður en ekki um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu og ég tel að þetta þurfi að ræða mun betur hér í þinginu.

Þegar kemur hins vegar að því sem sagt er á blaðsíðu 35 um að þjóðin greiði atkvæði um hugsanlegan aðildarsamning lít ég svo á að sú atkvæðagreiðsla hljóti að vera pólitískt skuldbindandi fyrir Alþingi. Meiri hlutinn telur ekki skipta meginmáli hvort niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu, með leyfi forseta, fyrirgefið forseti, ég gleymi stundum hér áður en ég fer að vitna í. Með leyfi forseta, stendur hér:

„Meiri hlutinn telur ekki skipta meginmáli hvort niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild sé lagalega bindandi eða leiðbeinandi, enda verði afstaða stjórnmálaflokka skýr um að þeir bindi sig pólitískt til að hlíta vilja þjóðarinnar í þessum efnum.“

Ég lít svo á að ef stjórnmálaflokkarnir eru ásáttir um það að binda sig pólitískt hljóti þjóðaratkvæðagreiðslan væntanlega að vera bindandi að því marki, a.m.k. móralskt bindandi, ef svo má að orði komast. Hér er notað orðið „leiðbeinandi“ þjóðaratkvæðagreiðsla, ekki ráðgefandi, sem á væntanlega þá að virka sem leiðbeiningar inn í þingið, en ég hefði gjarnan viljað að þetta yrði rætt enn frekar. Þegar við ræðum framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna almennt, þá tel ég mjög mikilvægt að við tökum ítarlega umræðu um þennan lið sérstaklega og hvernig hann á að fara fram.

Ég ætla ekkert að hafa frekari orð um þessi mál. Ég ítreka það sem ég hef sagt að ég tel að þetta nefndarálit sé mikilvæg viðbót inn í umræðuna. Þarna kemur mjög margt fram sem er í raun eðlilegt framhald af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað á hinu pólitíska sviði mörg undanfarin ár

og snýst um það hvernig Íslendingar ætla að taka afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu, spurningar sem hafa verið uppi á borðum árum saman. Ég held að það skipti miklu, af því að allar þjóðir hafa verið mjög klofnar þegar kemur að þessari spurningu og ríkisstjórnir hafa verið klofnar líka þegar kemur að þessari spurningu. Nægir þar að nefna minnihlutastjórnina í Noregi á sínum tíma, það nægir að nefna finnsku ríkisstjórnina á sínum tíma þar sem flokkarnir voru ekki á eitt sáttir um nákvæmlega þessi mál, nægir að nefna Svíþjóð þar sem sagt hefur verið að þjóðaratkvæðagreiðslan um aðild hafi verið eina skoðanakönnunin þar sem aðildin fékk meiri hluta árum saman, bæði fyrir og eftir. Það merkilega er að spurningin deyr ekki einu sinni hvort sem sagt er já eða nei. Nýlega var ég á ferð um Danmörku og Svíþjóð, stuttri ferð, þar sem uppi var mikill áróður enn þá eftir kosningar til Evrópuþings þar sem fólk var hvatt til þess að hunsa kosningarnar til Evrópuþingsins og rekinn áróður fyrir úrsögn úr Evrópusambandinu. Mér hefur því sýnst að þessi pólitíska spurning eigi eftir að vera lifandi öll næstu ár og í raun og veru koma aftur hingað á borðið jafnvel, hvort sem við segjum já eða nei að þessu sinni.

[17:12]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir afar góða ræðu og yfirgripsmikla. Það sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um er aðallega varðandi kostnaðinn. Það kemur fram í nefndarálitinu að utanríkisráðuneytið leggur fram kostnaðarmat 2. júlí, fjármálaráðuneytið kemur með mjög ítarlegar athugasemdir við það kostnaðarmat 8. júlí sem tekur sérstaklega á allri þeirri gríðarlegu óvissu sem í þessu mati er. Þó er matið engu að síður upp á eitt þúsund milljónir tæpar.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvað henni þyki um þetta kostnaðarmat, hvort henni þyki þetta forsvaranlegt, ekki síst á þessum tímum. Þá spyr ég ráðherrann kannski sérstaklega sem ráðherra menntamála þar sem ég las í Morgunblaðinu fyrr í vikunni að verið var að ræða um niðurskurð í framhaldsskólakerfinu, (Forseti hringir.) sem tekur held ég 19 milljarða til sín á ári hverju.

[17:14]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur fyrir þessa spurningu. Það er auðvitað erfitt að meta það kostnaðarmat sem hér er lagt til grundvallar og ég sem leikmaður get einungis sagt að mér finnst þýðingarkostnaðurinn ríflega áætlaður og starfsmannakostnaðurinn heldur sýnist mér ekkert sérstaklega ríflega áætlaður, þannig að þetta er svona mitt mat á því.

Hins vegar vil ég svara því hvernig þetta horfir við mér sem menntamálaráðherra að Íslendingar hafa auðvitað tekið mjög virkan þátt í þessu Evrópusamstarfi og fengið mjög mikið frá Evrópusambandinu. Við höfum verið aðilar að rammaáætlunum á sviði vísinda, mennta, tækni, menningar, og höfum ekki skorið niður í þeim gjöldum af því að við höfum auðvitað fengið gríðarlega styrki inn í okkar vísindastarf, rannsókna- og þróunarstarf og annað slíkt. Og þó að ég vildi að sjálfsögðu helst forgangsraða öllum fjármunum í þágu menntunar tel ég þó að við höfum hagnast nokkuð á því, bæði fjárhagslega og líka innihaldslega (Forseti hringir.) á samstarfi okkar við Evrópusambandið og þátttöku í áætlunargerð.

[17:15]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það standi ekki til, jafnvel þó að þessi tillaga verði felld, að hætta því góða samstarfi sem hæstv. ráðherra vísar til. En það er annað sem ég vildi vekja athygli á í þessu kostnaðarmati. Það er talað um að nálgunin á viðræðurnar skipti máli varðandi kostnaðinn hvort ódýrasta leiðin verði farin eða dýrasta leiðin. Í ódýrustu leiðinni er ekki lögð nein sérstök áhersla á samningsmarkmiðin.

Mig langar til að vita hvort sú ákvörðun hafi einhvern tíma verið tekin, hvort hæstv. ráðherra viti það, hvort sú pólitíska ákvörðun sem talað er um í kostnaðarmatinu hafi verið tekin, þ.e. hvort eigi að fara ódýrustu nálgunina eða dýrustu nálgunina. Þetta var ekki rætt í hv. utanríkismálanefnd þar sem kostnaðarmatið frá 8. júlí var aldrei rætt. Mér vitanlega hefur ekki komið fram hvort ákvörðun um þessa nálgun hafi verið tekin og þá á ég við í ríkisstjórn. Ég mundi gjarnan fá að vita það vegna þess að það skiptir náttúrlega gríðarlegu máli í þessu samhengi.

[17:16]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður vísar þá í raun og veru í að ef Íslendingar flýti sér í aðildarviðræður kosti það minna. (**REÁ:** Nei, ekki lögð ... samningaviðræður.) Já, ég vil líta svo á að sú pólitíska ákvörðun hafi ekki verið tekin. Auðvitað er hagkvæmast til lengri tíma litið að vanda allt ferlið í kringum þetta hvort sem snýr að samningsmarkmiðum eða öðru þannig að það er mín skoðun og mitt mat og önnur ákvörðun veit ég ekki til að hafi verið tekin.

[17:17]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir ræðuna. Hún flutti hana vel og hún var mjög athyglisverð sérstaklega í ljósi þess þegar maður heyrir það hvað hún er sannarlega á móti Evrópusambandinu og finnur því nánast allt til foráttu. Þess vegna er þetta örugglega afar einkennileg staða að þurfa að standa sem aðili að ríkisstjórninni og þurfa að standa samt fyrir máli sínu á hinu háa Alþingi. Eins og ég benti á áðan er megnið af samfylkingarfólki ekki á staðnum þannig að þetta er mjög einkennilegt.

Það sem ég hef líka áhyggjur af er kostnaðurinn eins og kom fram hjá hv. þingmanni áðan. Finnst hæstv. menntamálaráðherra það forsvaranlegt á meðan heimili og fjölskyldur brenna í landinu, fólk er fullt af angist og örvæntingu hvernig það eigi fyrir næstu afborgunum og jafnvel salti í grautinn, þeir verst stöddu, finnst ráðherranum réttlætanlegt að fara í þessar rándýru viðræður á meðan staðan er svona?

[17:18]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur þessa spurningu. Í raun má segja að eðlilega er þetta ekki mitt forgangsmál í pólitík, það er ekki aðildarumsókn. En hins vegar, eins og ég fór yfir, er þetta spurning sem við verðum að horfast í augu við að er mjög knýjandi og hefur verið knýjandi í íslenskum stjórnmálum og má segja að hún hafi komið upp innan allra flokka. Að því leyti til tel ég eðlilegt að við verðum að horfa á það hvernig við getum beint málinu í þann farveg að þjóðin komi að því.

Hins vegar er alltaf umdeilanlegt hvernig er forgangsraðað í ríkisfjármálunum og ég segi fyrir mína parta ef þessi kostnaðaráætlun upp á milljarð stenst þá gætum við skipt Varnarmálastofnun út fyrir það. Þetta snýst alltaf um forgangsröðun og eins og ég segi, þetta er ekki … (Gripið fram í.) En það sem þetta snýr að í raun og veru er að verið er að setja þetta mál í einhverja málsmeðferð þannig að þjóðin komi einhvern veginn að hvað verður ákveðið.

[17:19]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þarna erum við komin að mergi málsins, það er verið að fela þjóðinni þetta með einhverri sýndarmennsku. Þjóðin á að fara að greiða atkvæði sem er ekki bindandi. Þar að auki hefur hæstv. fjármálaráðherra talað eins og hann sé nánast viss um að málið verði fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þarna er verið að fara í mikinn kostnað, peningalegan kostnað, mannaflsfrekar aðgerðir með því að fara að senda fólk utan og annað eins og ég hef rakið. Og það er raunverulega vitað í upphafi að þjóðin kemur til með að fella samninginn þannig að þetta er afar einkennilegt. Fyrir svo utan það að Vinstri grænir eru að setja þetta mál á dagskrá. Þó að málið sé umrætt í þjóðfélaginu þá eru það Vinstri grænir sem eru að setja það á dagskrá.

Í Kaupmannahafnarviðmiðunum á bls. 6 koma fram þau skilyrði sem þjóðin þurfi að uppfylla til að komast yfir höfuð inn í sambandið. Ég vil biðja hæstv. menntamálaráðherra að svara því hvort hún telji að Íslendingar uppfylli þau skilyrði og þá sérstaklega það sem snýr að mannréttindum. Finnst menntamálaráðherra það mannréttindi að hér sé fólk og fyrirtæki, fjölskyldur og heimili að brenna upp. Eru það mannréttindi?

[17:21]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Orðið „mannréttindi“ er náttúrlega notað á mjög víðtækan hátt í pólitískri umræðu og er í raun og veru mjög erfitt að átta sig á því hvað það orð þýðir. En já, ég held að Ísland uppfylli helstu skilyrði réttarríkisins um mannréttindi eins og ég kýs að horfa á það. Ég hef viljað nýta þetta orð, mér finnst þetta mjög dýrmætt orð og það skiptir máli hvernig við notum það. Það er mjög mikilvægt að við berum áfram virðingu fyrir þessu orði þannig að ég held að Ísland geti áfram verið stolt af því að vera lýðræðisríki sem ber virðingu fyrir mannréttindum, já.

[17:21]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. menntamálaráðherra er einn af ábyrgðaraðilum að þessari tillögu enda er tillagan aðgöngumiði Vinstri grænna að ríkisstjórninni eins og hæstv. fjármálaráðherra upplýsti á föstudaginn var. Ég sat í Evrópunefnd með hæstv. menntamálaráðherra og þá var það þannig að til að undirstrika sérstöðu sína skilaðu fulltrúar VG sérstöku áliti þar sem lagt var á ráðin um það hvernig hægt væri að feta sig út úr EES-samningnum og breyta þeim samningi í tvíhliða viðskiptasamning.

Nú vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort sú tillaga sem hér liggur fyrir og við erum að ræða, sé einhvers konar innlegg í það, hvort hæstv. menntamálaráðherra sé þeirrar skoðunar að það að hefja aðildarviðræður upp á einn milljarð kr. við Evrópusambandið sé ákveðin aðferðafræði og innlegg inn í þá vegferð að komast út úr EES-samningnum og gera þann samning að tvíhliða viðskiptasamningi. Í mínum huga kemur þetta ekki heim og saman og því væri mjög fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. menntamálaráðherra til þessa.

[17:23]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni fyrir þessa spurningu og ég kannast vel við álitið sem ég skrifaði sjálf undir ásamt Ragnari Arnalds. Það er alveg rétt, við höfum einmitt kannast við það að vera mjög gagnrýnin á EES-samninginn og vorum stundum rödd hrópandans í eyðimörkinni í því samhengi að telja hann of markaðsmiðaðan. En ég vil líka minna hv. þingmann á að ég las áðan upp úr séráliti fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Evrópunefndinni hinni síðari þar sem við líka leggjum áherslu á lýðræðislega lausn mála. Það má segja að sú áhersla endurspegli umræður sem hafa verið innan flokksins þar sem við höfum verið skýr á því að við teljum að okkur sé betur borgið utan sambandsins en við teljum líka að mál þurfi að komast í lýðræðislegan farveg. Því áliti var skilað núna í apríl þegar einmitt fulltrúar Sjálfstæðisflokksins skiluðu sínu áliti um að stefna bæri að upptöku evru með einum eða öðrum hætti.

[17:24]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ekki náði ég því alveg hvort hæstv. menntamálaráðherra væri að tala fyrir því að þessi umsókn væri liður í þeirri vegferð að komast út úr EES-samningnum og gera hann að tvíhliða viðskiptasamningi. Ég vil þess vegna ítreka spurninguna: Er það enn þá stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að breyta EES-samningnum í tvíhliða viðskiptasamning og er það þá mat fulltrúa VG að sú aðferð sem hér er verið að leggja til, að sækja um aðild að Evrópusambandinu, sé einhvers konar liður í því?

Mér finnst mjög erfitt að átta mig á því að þetta tvennt geti farið saman en hæstv. ráðherra, sem hefur auðvitað betri innsýn inn í hugarheim Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en ég, hlýtur að geta þá upplýst okkur bet-

ur um þetta mál.

Spurningin er mjög einföld. Hún er þessi: Er það enn þá stefna VG að það væri eðlilegast að þróa EES-samninginn í átt að tvíhliða viðskiptasamningi? Í öðru lagi: Er þessi tillaga á einhvern hátt liður í því eða er hún á einhvern hátt til þess fallin að auðvelda það að breyta EES-samningnum í tvíhliða viðskiptasamning?

[17:25]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem kom fram í þessu séráliti var að hugsanlega gæti það þjónað hagsmunum Íslands betur en ESB að þróa EES-samninginn áfram í átt til einfaldari tvíhliða ramma um viðskipti og atvinnumál. Það var ekki minnst á að segja sig úr EES-samningnum eða annað slíkt, og ég er að vitna beint í séráliti.

Hins vegar eins og ég benti á áðan í fyrra svari mínu þá var það áhersla landsfundar flokksins síðast, flokksráðsfunda, að það skipti líka máli að fá lýðræðislega niðurstöðu í mál. Ég vil því bara segja það að sú tillaga sem hér liggur fyrir þjónar því að setja þetta mál í þann farveg. Hún snýr ekki að því að þróa EES-samninginn í átt að tvíhliða samningi þannig að ég svari því bara beint.

[17:26]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir ágæta ræðu. Ég hef áhuga á því að spyrjast fyrir um afstöðu hæstv. ráðherra til einmitt þeirra mála sem komu fram í ræðunni sem sneru að þessari evrópsku sjálfsmynd sem mér þótti nokkuð áhugaverð umræða.

Ég er þeirrar skoðunar að með upptöku evrunnar hafi verið tekið mjög stórt skref í átt til aukins samruna innan ESB og óumflýjanlegs samruna vegna þess að það er lykilforsenda fyrir því að myntin gangi upp að það sé víðtækt samráð og það mun dýpka. Á hinn bóginn er það svo sem hefur komið fram hjá mörgum, m.a. þeim ágæta heimspekingi Jürgen Habermas, að það sé mikill skortur á samevrópskri sjálfsmynd sem gerir það að verkum að möguleikar Evrópubúa til að taka þátt sameiginlega í atkvæðagreiðslum um mál sem eru mjög óskyld þegar menn horfa t.d. á finnsku þjóðina, grísku þjóðina, spænsku þjóðina gera það að verkum að það væri næstum ómögulegt að tengja lýðræðið saman við það aukna vald sem verður í Brussel. Ég hef áhuga á að heyra afstöðu ráðherrans.

[17:27]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gleður mig ávallt að heyra hv. þm. Illuga Gunnarsson vitna í Jürgen Habermas. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að gjaldmiðlasamstarfið hefur haft áhrif á hina evrópsku sjálfsmynd. Það sést t.d. á því hvernig umræðan um gjaldmiðlasamstarfið var í Danmörku og Svíþjóð á sínum tíma þegar Danir ákváðu að halda dönsku krónunni en vera í samstarfi eða beintengingu við Evrópska seðlabankann og Svíar ákváðu að halda sinni sérstöðu. Umræðan var alls ekki eingöngu á efnahagslegum forsendum heldur snerist hún ekki síst um sjálfsmynd þessara þjóða. Ég held því að valdabaráttan sem ég ræddi áðan snúist raunar ekki síst um sjálfsmynd og hvernig þjóðirnar fara að hugsa um sig. En ég held líka að sú barátta geti reynst mjög erfið því það er mjög erfitt að finna þennan sameiginlega flöt á því að maður tilheyri jafnstóru og fjölbreyttu ríki og sameinuðu ríki Evrópusambandsins yrði það að einu sameinuðu ríki. En ég vil þó ekki útiloka neitt í því samhengi.

[17:28]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta þótti mér áhugavert svar. Í framhaldi af þessu vildi ég inna hæstv. ráðherra eftir þeim skoðunum sem m.a. komu fram í ágætri ræðu Tryggva Þórs Herbertssonar og fleiri sem hafa haft uppi vangaveltur um hver staða evrunnar muni verða. Getur hæstv. ráðherra tekið undir að það kunni að vera heppilegt fyrir Ísland að bíða og sjá hver framvinda málsins verður? Að það kunni að fara svo að evran verði einmitt ekki það bjargráð sem margir telja að yrði með upptöku hennar, að það kunni jafnvel að myndast sú staða að það muni reynast mönnum erfitt að búa við þá mynt eða sú mynt jafnvel eigi erfiða framtíð fyrir höndum?

[17:29]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um þessi mál hef ég í raun sagt tvennt: Að það er mikil óvissa um framtíð gjaldmiðlamála í heiminum og spár auðvitað uppi um að hér verði hugsanlega fimm gjaldmiðlar eftir einhver ár en hins vegar sjáum við að evran hefur ekkert staðið sig of vel á þessum tímum. Við sjáum ákveðna hluti á evrusvæðinu sem eru ekkert sérstaklega fýsilegir og ég nefni þar einkum atvinnuleysi, að meðaltali 8–9% síðast þegar ég gáði.

Hins vegar hef ég líka lýst yfir áhyggjum af stöðu jafnlítils gjaldmiðils og íslenska krónan er í þessu samhengi risagjaldmiðla. Ég sé því engar einfaldar lausnir en hef þó kosið sjálf að líta ekki á gjaldmiðlamál endilega sem tilfinningamál þó þau hafi orðið það t.d. í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem ég nefnd áðan í Svíþjóð og Danmörku þar sem þau fóru að tengjast sjálfsmyndinni. Þar held ég að við verðum að vera mjög opin og líta á alla möguleika.

[17:30]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu og sitt sýnist hverjum í því máli. Við getum deilt um tímasetninguna. Átti að bíða þar til þjóðin væri búin að vinna sig út úr þeim vanda sem við blasir og á hvaða tímapunkti hefði þá verið æskilegt að afgreiða slíka tillögu? Við getum einnig velt því upp hvort ekki hefði verið æskilegt að ljúka fyrst umræðum um Icesave-samningana á undan afgreiðslu þessa máls.

Það verður að segjast, frú forseti, að óásættanleg niðurstaða þeirrar samninganefndar sem fór þá með umboðið hræðir, svo mikið er víst.

Frú forseti. Flestum er ljóst að lítið hefur áunnist í að

endurreisa Ísland frá því í október síðastliðnum. Við höfum í dag enga heildstæða áætlun til framtíðar. Það þarf að ná stjórn á ríkisfjármálunum en mér er til efs að það náist í ríkisstjórn vinstri flokka. Þeir sem nú sitja í ríkisstjórn þurfa að koma bankakerfinu í gang. Það hefur tafist og nú er horft til þess að 17. júlí geti orðið sá dagur er bankarnir komast í gang. Það þarf líka raunhæfar lausnir í þágu heimila og fyrirtækja en því miður, frú forseti, eru þessar lausnir ekki í sjónmáli þrátt fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar og fullyrðingar ráðherra hennar í þá veru. Það skilar sér ekki, því miður, og það hefur engum gagnast, frú forseti, að berja höfðinu við steininn. En samhliða þarf íslenska þjóðin í þessu risaverkefni innlendrar endurreisnar að snúa aftur inn í alþjóðasamfélagið þannig að hún njóti lánstrausts á ný og kreppan hefur kennt okkur að við getum ekki verið með gjaldmiðil eins og krónuna sem er illa varin fyrir hvers konar gróðabraski innlendra sem erlendra spákaupmanna. Þessi atriði, frú forseti, innlend stórverkefni sem við er að glíma, að komast inn í alþjóðasamfélagið á nýjan leik og íslenski gjaldmiðillinn, er kjarninn í íslenskri pólitík í dag. Á þessu höfum við öll ýmsar skoðanir og getum þráttað lengi en þingsályktunartillagan um aðildarumsókn að Evrópusambandinu liggur fyrir og hlutskipti okkar þingmanna er að ræða málið í þaula og leiða til lykta á einn eða annan hátt.

Nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar er áfangi á þeirri vegferð sem fram undan er en það eru engu að síður mikil vonbrigði að ekki skyldi hafa tekist breiðari samstaða um svo veigamikið mál, samstaða innan stjórnarflokkanna tveggja sem og stjórnarandstöðu. Það eru mér, frú forseti, veruleg vonbrigði.

Ályktunin sem hér liggur fyrir snýst um tvennt: Annars vegar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu og að loknum þeim viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Hins vegar snýst tillagan um að ríkisstjórnin fylgi sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar.

Frú forseti. Upphafleg tillaga ríkisstjórnarinnar var afar ófullkomin en við meðferð málsins hefur utanríkismálanefnd tekist að lagfæra þá tillögu. Þar hefur m.a. verið tekið tillit til hugmynda þingflokka Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um nauðsynlegan vegvísi í samningaviðræðum. Það er til bóta. En engu að síður er afar mikilvægt og afar miður, frú forseti, að ekki skuli hafa tekist víðtækari samstaða um framgang málsins á þinginu. Það hlýtur að vekja spurningar af hverju ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerði ekki sitt ýtrasta til að ná samstöðu allra flokka á þingi. Málið er að mínu mati a.m.k. mikilvægara en svo að það eigi heima í flokkspólitískum deilum. Það tókst ekki og á því ber, og ég ítreka, frú forseti, á því ber ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ábyrgð. Svo einfalt er það. Ábyrgðin er þeirra og hún er mikil.

Hvers vegna vildi ríkisstjórnin ekki breiða samstöðu um málið? Var það virkilega vegna mismunandi hugmynda um stjórnskipulega lokameðferð málsins, hugmynda sem snúast annars vegar um að íslensku þjóðinni verði veitt heimild í þjóðaratkvæðagreiðslu til að veita ráðgjöf eða hins vegar að þjóðin hafi í þjóðaratkvæðagreiðslu raunverulegt úrslitavald?

Frú forseti. Ég tel eðlilega stjórnskipulega lokameðferð máls af því tagi sem hér er rætt vera þá að heimila aðild með stjórnarskrárbreytingu, samþykkja síðan lög um hugsanlegan aðildarsamning á Alþingi og bera þau lög þar á eftir undir þjóðaratkvæði. En þetta kallar á kosningar til Alþingis vegna breytinga á stjórnarskrá. Það virðist vera, frú forseti, að núverandi ríkisstjórn vilji komast hjá því að leggja mál sín í dóm þjóðarinnar fyrr en að fjögurra ára kjörtímabili liðnu. Það er ömurleg afstaða í þessu stóra mikilvæga máli og sýnir svo ekki verður um villst að þar á bæ eru pólitísk völd meira virði en lýðræðið og þjóðin sjálf. (**Gripið fram í:** Heyr! Heyr!) Það er dapurlegt hlutskipti ríkisstjórnarflokkanna sem fram til þessa hafa rætt um lýðræði, lýðræðishalla og lýðræðislegar umbætur að hafa ekki kjarkinn í þá veru og í lokameðferð þessa mikilvæga máls.

Frú forseti. Ég bind vonir við að ríkisstjórninni snúist hugur hvað þetta varðar og hún fallist á þá lýðræðislegu málsmeðferð sem ég lýsti að ofan. Ég leyfi mér, frú forseti, að skora á hæstv. ríkisstjórn að lýsa því yfir áður en, og ég endurtek, frú forseti, áður en greidd verða atkvæði um þessa þingsályktunartillögu að hún muni fara þá leið sem hér var lýst að framan.

Frú forseti. Tillaga þessi fjallar einnig um að ríkisstjórnin fylgi sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Ég sagði fyrr að upphafleg tillaga ríkisstjórnarinnar hafi verið ófullkomin og að utanríkismálanefnd hafi tekist að bæta hana til muna. Þar ber sérstaklega að fagna aukinni aðkomu Alþingis. Þess gerðist þörf vegna þess að svo virðist sem ekki ríki traust til þeirra sem nú fara með stjórnvölinn í landinu. Það ríkir ekki traust til þess aðila sem fara á með og leiða umræðurnar, ef í þær verður farið, og við höfum, frú forseti, samningana um Icesave og þeir hræða verulega. Þess vegna er það ánægjuefni að utanríkismálanefnd hafi sett inn þau skilyrði að aðkoma Alþingis og annarra hagsmunaaðila verði aukin.

Í þessu máli hefur það margoft verið rætt að setja þurfi skilgreind markmið og samningskröfur og ætíð hefur verið lögð mikil áhersla á að ekki verði gefin eftir til annarra þjóða eða til samtaka þeirra yfirráð yfir auðlindum Íslands. Um þetta eru flestir ef ekki allir sammála. En það er ljóst að það fara ekki alltaf allir hagsmunir saman. Áðan ræddi hæstv. menntamálaráðherra um að hugsanlega til framtíðar litið yrði Evrópusambandið laustengdara en það er nú. Það er hugsanlegt í því sambandi að horfa til þess að meginlöndin starfi saman, að Norðurlönd og hugsanlega Ísland og Bretar verði saman og síðan lönd hinnar gömlu Austur-Evrópu í því laustengdara sambandi sem horft er til. Spurt er: Hvernig sjá menn Evrópusambandið eftir 60 ár? Eftir 100 ár? Eftir 200 ár? Þeirri spurningu getur enginn svarað. Fæstir geta svarað því hvernig Evrópusambandið verður eftir fimm ár eða eftir tvö ár en það breytir ekki því að Evrópusambandið er til og það er stór hópur Íslendinga, stór hópur hagsmunaaðila sem vilja að sótt verði um aðild í það samband.

Samstaða er þjóðarnauðsyn, segja fulltrúar ýmissa samtaka atvinnulífsins og, með leyfi forseta, stendur hér í grein

frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og samtökum ASÍ:

„Stærsta hagsmunamál atvinnulífsins, launþega og atvinnurekenda er að tryggja starfsskilyrði sem gera íslenskum fyrirtækjum mögulegt að vaxa og dafna og skapa þannig atvinnu og hagsæld.“

En svo er sagt, með leyfi forseta:

„Hér fara saman hagsmunir þeirra sem reka fyrirtæki og þeirra sem reka heimili og þurfa að sjá sér og sínum farborða. Nægir að nefna stöðugan gjaldmiðil, sanngjarna vexti, skaplegt matvælaverð og síðast en ekki síst gagnkvæmt traust sem er forsenda farsælla samskipta og viðskipta við umheiminn.“

Með leyfi forseta, segja þessir aðilar áfram:

„Við erum sammála um að hagsmunum íslensku þjóðarinnar verði best borgið innan ESB og með upptöku evru. Þess vegna viljum við að þegar verði sótt um aðild að ESB og gengið frá aðildarsamningi þar sem heildarhagsmunir þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi.“

Frú forseti. Þetta er hluti atvinnulífsins sem svo talar. Við þekkjum líka afstöðu Landssambands íslenskra útvegsmanna og Bændasamtakanna sem leggjast eindregið gegn aðildarviðræðum, þannig að hópur þeirra sem mæla með og mæla gegn er klofinn á nákvæmlega sama hátt og svo virðist sem Alþingi Íslendinga sé klofið í afstöðu til aðildarviðræðna við ESB. Við eigum líka, frú forseti, já- og nei-hreyfingar, við höfum heimsþing sem er nei-hreyfing og við höfum aðra sem við erum sammála sem er já-hreyfing. Alls staðar í íslensku samfélagi eru því ólíkar skoðanir og ólík afstaða til þess hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu.

Hér liggur fyrir tillaga, frú forseti, um að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Menn hafa hins vegar ekki komið sér saman um lokameðferð málsins eins og ég sagði hér að framan og það er miður vegna þess að lægi fyrir afstaða um það hvernig ljúka ætti málinu tel ég að um þessa þingsályktunartillögu gæti ríkt meiri samstaða. Ég vil hrósa utanríkismálanefnd fyrir það hvernig hún enn og aftur eykur aðkomu Alþingis og hagsmunaaðila ef og þegar að samningaviðræðum kemur. Það er til sóma.

Frú forseti. Skoðanir eru margar og afar ólíkar eins og ég hef lýst hér og margoft sagt. Ég ætla mér ekki að rekja hvorki þá hagsmuni sem forsvarsmenn atvinnulífsins sem vilja aðildarviðræður leggja til né heldur forsendur Landssambands íslenskra útvegsmanna og Bændasamtakanna sem leggjast gegn. Þetta eru þekktar stærðir í málinu sem aðrir hafa gert góð skil hér og flestir geta lesið sér til um. En við vitum að hagsmunir eru ólíkir, við vitum að hagsmunir munu rekast á. Við vitum að skoðanir eru ólíkar og án efa mun ganga erfiðlega að sætta ólíkar skoðanir en hvort sem okkur þingmönnum líkar betur eða verr þá liggur verkefnið fyrir. Það er mín skoðun að hin mörgu og ólíku álitamál sem nefnd hafa verið verði aðeins skýrð í viðræðum.

Þingmenn á hinu háa Alþingi skiptast óháð flokkum í þessu máli. Þeir ættu ekki að þurfa að réttlæta afstöðu sína. Hún er hápólitísk en ekki flokkspólitísk. Hún er ekki stuðningur við ríkisstjórn né yfirlýsing um vanhæfi ríkisstjórnar. Hún byggir á því einu, hæstv. forseti, að það er sannfæring þingmanna, með eða á móti aðildarviðræðum við Evrópusambandið, sem ræður för í atkvæðagreiðslu. Ef þingsályktunartillaga um aðildarviðræður við Evrópusambandinu verður samþykkt er afar mikilvægt, frú forseti, að tíminn fram að viðræðum verði nýttur til vandaðs undirbúnings. Það verður að vera svo að viðræðuferlið verði hafið yfir tortryggni vinnubragða. Það verður að ríkja sátt um vinnubrögðin, þau verða að vera gegnsæ og þau verða að liggja fyrir og vera öllum ljós.

Það skiptir líka gífurlega miklu máli, svo ég nefni það enn, frú forseti, að við útfærslu samningsmarkmiða verði haft náið samband við Alþingi og hagsmunaaðila. Ég veit hvernig ég mun greiða atkvæði í atkvæðagreiðslu um þessa þingsályktunartillögu og ég treysti íslenskri þjóð til að ráða örlögum sínum sjálf þegar þar að kemur í þessu mikilvæga máli sem og öðrum málum sem hún hefur hingað til ráðið við og íslensk þjóð ræður við þetta verkefni eins og öll önnur, frú forseti.

[17:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ljóst af ræðu hv. þingmanns að hún vill að Ísland gangi í Evrópusambandið. Hún hefur ofurtrú á þeirri breytingartillögu hv. utanríkismálanefndar að taka skuli tillit til sjónarmiða í nefndaráliti. Ég trúi hins vegar að það þurfi ekkert að halda, hæstv. utanríkisráðherra gerir bara það sem honum dettur í hug og segist hafa tekið tillit til sjónarmiða — því að sjónarmið eru bara sjónarmið.

Nú skulum við hugsa okkur að eftir 10 ár í ESB fari að koma í ljós hvað það þýðir að Ísland þurfi að sæta meginhluta ákvarðana utan frá, lengst í burtu, og að hér komi upp sá doði og deyfð sem einkennir landsvæði sem eru langt frá miðju ákvarðanaferlis. Ég nefni litla staði úti á landi á Íslandi sem eru langt frá höfuðborginni og ég nefni svæði í Evrópu sem eru langt frá miðstöðinni í Brussel. Setjum sem svo að hv. þingmanni snúist hugur í þessu og þá spyr ég hv. þingmann hvort hann sé ekki til í að stofna með mér sjálfstæðisflokk.

[17:50]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er í Sjálfstæðisflokknum og ætla mér ekki að stofna nýjan sjálfstæðisflokk. Mér líður ágætlega í þeim flokki sem ég er í og hugnist hv. þm. Pétri H. Blöndal að stofna nýjan flokk verður það að vera á hans forsendum. Ég er í Sjálfstæðisflokknum og mér líður ágætlega þar.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal ræddi um ofurtrú mína á þeirri vinnu sem utanríkismálanefnd hefur lagt fram. Ég hef enga ofurtrú á henni. Ég ræddi hins vegar um að utanríkismálanefnd hefði tekist að bæta ófullkomna tillögu hæstv. ríkisstjórnar í þá veru að auka aðkomu Alþingis og hagsmunaaðila að þessu máli, og það er vel, en ég ætla mér ekki að takast á við hv. þingmann. Eins og hann talar um ofurtrú mína eða skoðanir mínar á Evrópusambandinu er bókstafstrú hans gegn því sú sama.

[17:52]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í breytingartillögu hv. utanríkismálanefndar

kemur eingöngu fram að tekið skuli tillit til sjónarmiða sem eru í nefndaráliti. Það er reyndar mjög ítarlegt og kemur inn á fjölda atriða. En sjónarmið eru bara sjónarmið og það er hægt að hártoga það endalaust ef menn fara ekki eftir því sjónarmiði.

Svo vil ég benda á að þessi aðild að Evrópusambandinu sem menn stefna að gerist ekki án þess að menn breyti stjórnarskrá vegna þess að menn þurfa að hafa heimild til að afsala sér sjálfstæði og fullveldi Íslands að hluta til. Það er bara þannig. Þegar menn hafa gengið inn í Evrópusambandið er Ísland ekki lengur í stöðu til að gera t.d. samninga við erlend ríki nema á vissum sviðum. Það er verið að afsala sér fullveldi og sjálfstæði Íslands og þess vegna talaði ég um nýjan sjálfstæðisflokk.

[17:53]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal verður að eiga það við sig hvernig hann lítur á þessi mál og um nýjan sjálfstæðisflokk. Það er hans mál. Í ályktunarorðum á bls. 38 standa þau orð sem ég vísa til þegar ég tala um að utanríkismálanefnd hafi aukið aðkomu Alþingis og annarra aðila. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Leggur meiri hlutinn því þunga áherslu á að við frekari útfærslu samningsmarkmiða verði haft náið samráð við Alþingi og hagsmunaaðila.“

Það kann að vera að hv. þm. Pétri H. Blöndal þyki þetta ekki skipta miklu máli en oft hefur verið talað um að í greinargerð séu lögskýringar löggjafans og ég leyfi mér að líta svo á að hér sé eitt slíkt á ferðinni. (**PHB:** Nefndarálit.)

[17:54]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir mjög margt í ræðu hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur. Sérstaklega tek ég undir það traust sem hún ber til þjóðarinnar um að skera úr um þann aðildarsamning sem hugsanlega og vonandi mun liggja fyrir eftir einhverja mánuði eða ár. Ég tek líka undir það sem hún segir um nauðsyn þess að Alþingi, og svo sérstaklega líka allir þjóðfélagshópar, hafi mikil áhrif á eða komi að samningagerð og þá miklu ábyrgð sem mun hvíla á þeirri ríkisstjórn sem mun leiða þá samningagerð. Það verður mjög mikil ábyrgð.

Það er líka hárrétt hjá hv. þingmanni að samvinnan gekk vel þangað til steytti á í lokin og þá var það við málsmeðferðina. Þar komu fram tvær ólíkar skoðanir. Ég er ekki tilbúin til að samþykkja það sem mér fannst koma fram í ræðu hv. þingmanns, að önnur skoðunin væri betri en hin. Í þessu frumvarpi er lagt til að þegar samningur liggur fyrir komi þjóðin að því að velja um hann og síðan verði stjórnarskrá breytt ef samningurinn verður samþykktur. Ef samningnum verður hafnað þarf ekki að breyta stjórnarskránni. Síðan verði samningurinn í lög leiddur. Ég mótmæli í þessu sambandi því sem stundum kemur fram þegar fólk heldur að ein skoðun sé betri en önnur. Þarna voru tvær ólíkar skoðanir.

[17:56]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Valgerði Bjarnadóttur þessar ábendingar. Ég tel ekki, og var ekki að segja, að ein skoðun sé réttthærri annarri. Ég sagði einfaldlega mína skoðun á því hvernig ég teldi að lokamálsmeðferð þessa máls ætti að vera og hvað ég teldi betra en hitt. Ég virði skoðanir annarra hvað varðar þá lokamálsmeðferð sem lögð er fyrir. Ég er henni ekki sammála, á nákvæmlega sama hátt og ég virði ólíkar skoðanir fólks til aðildarviðræðna við Evrópusambandið þó að þar sé ágreiningur á milli minna skoðana og þeirra.

Ég virði skoðanir annarra, frú forseti. Ég er þeim hins vegar ekki endilega sammála.

[17:57]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir ræðu hennar í þessu máli og þakka henni fyrir vinsamleg orð í garð utanríkismálanefndar og þeirrar vinnu sem þar fór fram. Mig langar aðeins að koma inn á það sem hún nefndi, að henni þætti miður að ekki hefði náðst fullkomin samstaða um málið til enda og ég tek undir það með hv. þingmanni. Mér þykir líka mjög miður að það reyndist ekki unnt.

Hv. þingmaður sagði að það væri á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Það er kannski fyrst og fremst á ábyrgð nefndarinnar sjálfrar, meiri hlutans — og líka minni hlutans að mínu viti. Ef menn eru að reyna að ná saman um tilteknar leiðir þar sem skoðanir eru skiptar verða auðvitað allir að koma með í þá vegferð. Ég tel að við í nefndinni höfum lagt okkur fram um að reyna að ná eins mikilli samstöðu um þetta mál og hægt er og ég merki það af ummælum sem hafa fallið í umræðunni að flestir eru þeirrar skoðunar að margt hafi áunnist í starfi nefndarinnar í þessu efni. Það má líka meta af álitum 1. minni hluta sem hv. þm. Bjarni Benediktsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir skrifa undir og áliti 2. minni hluta sem hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skrifar undir að þau tæpa á þessu og segja m.a. í áliti 1. minni hluta, með leyfi forseta:

„Af nefndaráliti meiri hlutans má sjá að unnið var í samræmi við tillögu þingflokks Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks …“

Í nefndaráliti hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar:

„Enginn ágreiningur virðist í raun vera um það í nefndinni, og hjá þjóðinni allri, hver brýnustu hagsmunamál Íslendinga í aðildarviðræðum eru …“

Ég tel að það liggi fyrir að menn hafi lagt sig fram um þetta.

Varðandi lokaatriðið bendi ég hv. þingmanni á það sem segir í nefndaráliti meiri hlutans á bls. 35 um þetta atriði og ég get komið betur að ef kostur gefst í síðara andsvari.

[17:59]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er einfaldlega þannig á hinu háa Alþingi, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að forusta í íslenskum málum er í höndum ríkisstjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Þess vegna bera þeir flokkar og sú ríkisstjórn meginábyrgð í slíkum málum. Það er alveg

sama hvort það er núverandi ríkisstjórn eða ríkisstjórnir fyrri tíma, það er einfaldlega þannig. Ábyrgðin er þeirra, þeirra er málið og þeir hafa þann möguleika sem þeir vilja til að nálgast minni hlutann með þeim hætti sem þeir telja skynsamlegast hverju sinni. Það hefði að mínu mati þurft að nást breiðari samstaða í þessu máli. Hún náðist ekki. Við sitjum hér með þingsályktunartillögu sem við þurfum að afgreiða. Hún verður afgreidd og síðan verða tekin þarnæstu skref.

Það eru ekki allir sáttir, hvorki við málsmeðferð málsins í heild né heldur hvernig lokamálsmeðferðin á að vera. Þar greinir fólk á, hvorug skoðunin er rétthærri hinni, en það er ágreiningur.

[18:00]

Frsm. meiri hluta (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil bara segja það um þetta mál að um þetta voru skiptar skoðanir í nefndinni, það er rétt. Ég freistaði þess að reyna að ná einhvers konar málamiðlun þannig að bæði sjónarmiðin kæmust að og um þau er m.a. fjallað í umsögn Bjargar Thorarensen og Davíðs Þórs Björgvinssonar í tölulið 6 á bls. 56 í minnisblaði þeirra. Í nefndarálitinu segir varðandi leið Sjálfstæðisflokksins, með leyfi forseta:

„Í þeim breytingartillögum“ — þ.e. á stjórnarskránni — „gæti falist ákvæði um aukinn meiri hluta á Alþingi og/eða endanlegt samþykki þjóðarinnar á lögum sem fela í sér framsal ríkisvalds. Með þeim hætti væri komið til móts við sjónarmið þeirra sem telja mikilvægt að þjóðin staðfesti lög um aðild Íslands að ESB.“

Ég margítrekaði þetta sjónarmið mitt í nefndinni, að ég teldi að hægt væri að koma til móts við viðhorf sjálfstæðismanna hvað þetta varðar, en ég upplifði aldrei og fékk aldrei nein viðbrögð á þetta frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í nefndinni. Ég hefði kosið að þeir hefðu gert það og ég tel að ef það hefði komið hefði verið hægt að ná þessu saman með einhverjum ásættanlegum hætti.

[18:02]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir hans orð. Ég get ekki svarað fyrir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd hvers vegna þeir sögðu eitt og gerðu annað eða sögðu eitthvað og stóðu við það. Það er ekki mitt, ég sit ekki í utanríkismálanefnd og utanríkismálanefnd er að öllum jafnaði bundin trúnaði þannig að þeir fulltrúar verða að svara fyrir sig sjálfir.

Hins vegar hefði farið betur, frú forseti, og ég veit að hv. þingmaður getur ekki svarað mér þar sem ég hef lokasvarið í þessum andsvörum, ef okkur hefði tekist á síðasta þingi að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar og við hefðum þá getað sammælst um þá tillögu sem sjálfstæðismenn lögðu fram margsinnis. Þá værum við ekki að þrátta hér, frú forseti, um lokameðferð þessa mikilvæga máls. En það tókst ekki, því miður.

[18:03]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Hér er til umræðu þingsályktunartillaga um að Ísland óski eftir aðild að Evrópusambandinu. Margir þingmenn hafa sagt í umræðunni að það að senda formlega umsókn um aðild að Evrópusambandinu sé ein stærsta ákvörðun Íslandssögunnar. Ég vil að það komi hér skýrt fram að við afgreiðslu á samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Vinstri hreyfingar – græns framboðs og Samfylkingarinnar gerði ég skýra grein fyrir því að ég styddi ekki þau áform að sækja um aðild að Evrópusambandinu og lét bóka það í þingflokknum og að ég áskildi mér rétt til að fylgja sannfæringu minni í þeim efnum við afgreiðslu málsins á Alþingi. Sama fyrirvara hafði ég þegar málið var afgreitt úr ríkisstjórn. Þessi afstaða mín hefur ætíð legið ljós fyrir enda er þessi afstaða í samræmi við stefnu flokks míns en ég gerði þá sérstaklega fyrirvara af minni hálfu í þessum efnum.

Hins vegar geri ég mér grein fyrir að skiptar skoðanir eru um það í þjóðfélaginu, bæði hvort sækja skuli um aðild að Evrópusambandinu, og þá hugsanlega að gerast aðili ef út í það væri farið, og með hvaða hætti það væri gert, með hvaða hætti þjóðin væri með í ráðum hvað það varðaði. Ég ber fulla virðingu fyrir öllum skoðunum sem einstaklingar, hvort sem þeir eru innan þings eða utan, hafa í þessu máli og virði þær að sjálfsögðu. Það var líka að mínu viti skýrt kveðið á um í samstarfsyfirlýsingunni að Vinstri hreyfingin – grænt framboð áréttaði stefnu sína í þessum málum varðandi Evrópusambandsaðild en mundi þó tryggja að málið kæmi fyrir þingið og fengi þar þinglega meðferð eins og eðlilegt er. En við afgreiðslu þess í þinginu væri eins og ég sagði áðan hver þingmaður einungis bundinn sinni sannfæringu í málinu.

Ég vil þó leggja sérstaka áherslu á að verði tillaga um aðildarumsókn samþykkt og farið í aðildarviðræður og það verði þingmeirihluti fyrir því, þá mun ég sem ráðherra leggja mig allan fram fyrir hönd míns ráðuneytis í að halda sem best á málum til að tryggja hagsmuni íslensku þjóðarinnar í þeim samningum. Ég geri mér fyllilega grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á ráðuneyti landbúnaðar- og sjávarútvegsmála því að þeir málaflokkar sem eru undir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu og það fer með eru grunnatvinnuvegir þjóðarinnar og þeir eiga hvað mest í húfi í þessum samningum. Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að ráðuneyti sjávarútvegsmála og stofnanir þess geri sig gildandi í samningaferlinu öllu og haldi þar sem best á málum fyrir hönd þjóðarinnar. Ég mun einnig tryggja að því marki sem ég mögulega get og leggja mig allan fram í að tryggja aðkomu atvinnuveganna, hinna einstöku atvinnugreina sem undir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti falla. Ég mun tryggja eins og ég get best aðkomu þeirra að allri þeirri vinnu, njóta liðs þeirra og styrks og hafa náið samráð um alla þætti málsins í því ferli. Þetta vil ég leggja áherslu á, frú forseti, og tjá hér í upphafi.

Víkjum þá aðeins að aðildarviðræðum og öðrum þáttum sem að þeim geta lotið. Aðildarviðræður eins ríkis við Evrópusambandið eru sérstæðar á þann hátt að þar er eitt ríki að semja við fjölmörg önnur, nú 27, á grundvelli sem getur

ekki verið hreinn jafnræðisgrundvöllur. Það er ekki jafnræðisgrundvöllur af þeirri ástæðu að ekki er verið að semja um að mynda sameiginlega stefnu eins og í landbúnaðarmálum heldur einfaldlega um að aðildarumsóknarríkið taki nánast alfarið upp landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins frá fyrsta degi sem samningurinn tekur gildi, þó hugsanlega með einhverjum aðlögunartíma fyrir þau atriði sem kunna að valda hvað mestum vandræðum við yfirtöku hinnar sameiginlegu löggjafar Evrópusambandsins. Það yrði hlutverk Íslands, ef út í þetta verður farið, að taka yfir og innleiða flestöll og nánast öll atriði hinnar margflóknu sameiginlegu landbúnaðarlöggjafar Evrópusambandsins, en möguleikar á því að í hana verði bætt séraukaákvæðum vegna Íslands eru mikil mýraljós sem varasamt er að trúa á og hlaupa eftir þó svo að það væri gott ef satt væri. Það er hins vegar ekki reynsla þeirra landa sem í hlut hafa átt undanfarin ár.

Mikið hefur verið vitnað til ákvæða í landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins sem heimila viðkomandi löndum að veita sjálf sérstakan stuðning sem er tengdur við svokallaðan heimskautalandbúnað norðan 62. breiddargráðu. Þessi lausn var fundin þegar Evrópusambandið stækkaði til norðurs við aðild Svía og Finna árið 1994, auk þess sem Norðmenn voru hluti af þessu samkomulagi, og var leið til að skapa landbúnaði þessara landa einhvern tilverumöguleika á hinum sameiginlega markaði fyrir landbúnaðarafurðir sem löndin voru að gangast undir við aðildina.

Annar reginmunur á samningsstöðu Íslands og Evrópusambandsins er kemur að aðildarsamningum er að í raun er Ísland að semja við fleiri aðila í einu. Það felst í því að þó að framkvæmdastjórinn sé í stjórnarsæti þá er þar á bak við ráðið, þingið og hin einstöku lönd sem þurfa hverju sinni að samþykkja hvert skref í samningnum. Það felur í sér m.a. að þó svo að framkvæmdastjórnin hafi hugsanlega fallist á einhverja lausn við Ísland er mögulegt að það verði dregið til baka ef ráðinu eða einhverju landanna hugnast hún ekki. Þessu er öfugt farið með umsóknarríki sem verður að standa við þau tilboð eða kröfur sem það leggur fram. Þar verður hjólinu ekki snúið til baka. Dæmi um þetta má nefna úr aðildarsamningum Norðurlandanna en bæði Noregur og Finnland gerðu kröfu um að fá að aðlagast landbúnaðarverðum Evrópusambandsins yfir lengra tímabil, þ.e. að landbúnaður landanna nyti tímabundinnar tollverndar sem gerði það að verkum að verð til bænda fyrir landbúnaðarafurðirnar féllu ekki niður úr öllu valdi við aðildina eins og varð svo niðurstaðan. Framkvæmdastjórnin var jákvæð því í upphafi en dró það þó allt til baka þegar að samningslokunum kom.

Þá er einnig dæmi um það frá fyrri aðildarsamningum að þegar kemur að því að túlka samningana og setja þá í lagalegt form komi fram önnur túlkun af hálfu Evrópusambandsins en umsóknarríkin töldu sig hafa samið. Hafa verður í huga að framkvæmdastjórnin hefur langa reynslu í samningagerð um stækkun og framsetningu þeirra ákvæða á enska tungu sem gerir umsóknaraðilanum erfitt fyrir að standast oft og tíðum og veitir framkvæmdastjórninni yfirburði sem verður að mæta með nægum mannafla þó svo að því fylgi verulegur kostnaður. Villur eða mistök af hálfu umsóknarríkis verða ekki leiðrétt og því dýrkeypt því að aðildarsamningi verður ekki breytt með venjubundinni lagasetningu af hálfu Evrópusambandsins.

Vitað er að landbúnaður og fiskveiðar eru langsamlega erfiðustu viðfangsefnin á því samningsferli sem hér er um rætt. Ástæða þess er sem kunnugt er að landbúnaðar- og fiskveiðipólitík falla utan samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þó svo aðeins lítillega komi inn á landbúnaðarpólitík í samningum í bókun 3 um tolla á unnum landbúnaðarvörum og í grein 19 um frumafurðir í landbúnaði.

Bókun 3 felur í sér samning milli aðila á efnahagssvæðinu, þ.e. Íslands, Noregs og landa Evrópusambandsins, um að lækka tolla á nokkrum tilteknum unnum landbúnaðarafurðum sín á milli til að gera viðskipti með þær mögulegri. Á grundvelli 19. gr. hafa ríkin hins vegar gert tvíhliða samning sín á milli um tollaívilnanir fyrir hrávörur, svo sem kjöt, mjólkurafurðir, grænmeti, og milli Íslands og Evrópusambandsins um lífhross. Þessir samningar hafa lítil áhrif á heildarútkomu landbúnaðarins á Íslandi og því minni háttar við mat á því hvað yfirtaka hinnar almennu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins þýðir fyrir Ísland. Það verður því grundvallarverkefni að vinna, áður en unnt er að hefja samningaferil um aðild að landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins að leggja niður fyrir sér fyrir hverja búgrein og fyrir landbúnaðinn í heild, hvaða efnahagsleg áhrif fyrir bændur, vinnslustöðvar í landbúnaði, úrvinnslu landbúnaðarvara, verslun og viðskipti með landbúnaðarafurðir og ekki síst möguleika neytenda á vali af landbúnaðarafurðum, möguleg aðild hefði. Þessa útreikninga þarf að vinna og þeir þurfa að vinnast nánast fyrir hverja búsgerð í landinu til að átta sig á um hvað þarf að semja og hvar er nauðsynlegt að draga mörk svo búin haldi lífi eða geti staðið í þeirri samkeppni sem verið er að bjóða upp á með aðildinni. Þessi framkvæmd mun krefjast mikillar sérfræðivinnu og mannafla sem verður dýrt að spara verði gerð mistök.

Það er þekkt að hin almenna landbúnaðarstefna Evrópusambandsins er í sífelldri þróun. Árið 2003 var gerð umfangsmikil breyting á landbúnaðarstefnunni til að aðlagast væntanlegri útkomu samningsins um hina Alþjóðlegu viðskiptastofnun með hliðsjón af að viðhalda styrkjum innan Evrópusambandsins eftir nýjum reglum. Sú stefnumörkun sem þá fór fram nær til ársins 2013 en fyrir þau tímamörk verður að hafa farið fram endurskoðun og myndun nýrrar stefnu til næsta tímabils. Þó svo að fram hafi farið nokkur umræða um væntanlega landbúnaðarstefnu eftir 2013 er ekki ljóst í dag í hvaða átt hún þróast. Þessi staðreynd er hins vegar grundvallaratriði fyrir íslenskan landbúnað í hugsanlegum aðildarviðræðum sem óhjákvæmilega kallar á úrlausnir sem ekki verða gerðar eftir á. Það gerir enn ríkari kröfu um að framlag við samningsgerð sem þessa á sérhæfðu vinnuafli og yfirlegu við verkefnið sem slíkt.

Samandregið snúast verkefni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í mögulegum aðildarviðræðum að því í fyrsta lagi að kynna fyrir Evrópusambandinu alla króka og kima íslenskrar sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu, þar með talið aðstæður allar og öll lög og reglugerðir sem um þetta gilda. Ekki verður hætt og ekki má hætta fyrr en ESB telur sig hafa fullan skilning á því hvað hér er um að ræða. Á sama hátt verða fulltrúar Íslands að kynna sér alla króka og kima landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu Evrópusam-

bandsins og þar má á sama hátt ekki hætta fyrr en fullur skilningur ríkir.

Eftir þetta þarf Ísland að leggja niður fyrir sér hvaða kröfur skal gera í aðildarviðræðunum, setja þær fram og vinna þeim gengi. Svona til gamans voru sérkröfur Finna bara í landbúnaði í kringum 130 ef upplýsingar mínar eru réttar. Ég held að allir menn sjái að þetta verkefni er í sjálfu sér risavaxið, umfangið er slíkt. Augljóst er að ef taka á þátt í aðildarviðræðum við Evrópusambandið af fullri alvöru mun það kosta gríðarlega vinnu og fjármuni þó að aðeins sé horft til hagsmuna í landbúnaði og sjávarútvegi og ráðuneytinu er ekki kunnugt um að um það hafi í sjálfu sér verið gerð nein raunhæf áætlun eða ráðuneytið þar kallað til. Áætlun sú sem lögð er fram í þingsályktunartillögunni, kostnaðaráætlun, getur að mínu viti þess vegna engan veginn staðist þar sem gert er ráð fyrir að 100 millj. kr. sé veitt til allra ráðuneytanna vegna tveggja ára vinnu. Eins og ég sagði áðan hefur þetta ekki verið metið í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu en við gerum okkur grein fyrir mikilvægi þess að þessi vinna sé unnin, nái þessi þingsályktunartillaga fram að ganga, og þá má engu til spara til þess að við höldum á þeim atriðum í þeim samningum sem okkur ber að gera, því að eins og ég minntist á áðan verður ekki snúið þar svo glatt til baka. Því segi ég, frú forseti, að ég get þar með tekið undir þau alvöruorð sem ég hef heyrt hjá mörgum þingmönnum að þetta sé gríðarlega stórt skref að stíga. Hverjar sem síðan lyktir þess verða þá er þetta gríðarlega stórt skref sem á, verði það stigið að fara út í aðildarviðræður, að stíga af þeirri gaumgæfni og þeirri ábyrgð sem okkur ber sem fullvalda þjóð sem vill standa að þeim málum á sem bestan hátt og draga fram samningsatriði og samningsmarkmið í þeim efnum.

Frú forseti. Það liggur alveg ljós fyrir afstaða flestra þeirra atvinnugreina og samtaka sem eru í landbúnaði og sjávarútvegi gagnvart aðild að Evrópusambandinu. Ég vil leyfa mér að vitna fyrst til umsagnar Bændasamtaka Íslands um þetta mál en Bændasamtökin hafa unnið gríðarlega vandaða vinnu hvað varðar hugsanleg áhrif af aðild að Evrópusambandinu, hvaða áhrif það gæti haft og reynt að leggja mat á það en að sjálfsögðu einungis út frá þeim forsendum sem þar hafa legið fyrir. Þau hafa sótt reynslu til Norðmanna sem hafa einnig farið þar í gegn með umsóknaraðild sem var felld og norskir aðilar hafa komið hingað og kynnt það. Afstaða Bændasamtakanna og afstaða landbúnaðarins og afurðastöðvanna er mjög skýr. Ég vil vitna aðeins, frú forseti, í umsögn Bændasamtakanna:

„Stjórn Bændasamtakanna fjallaði um þessar tillögur til þingsályktunar á stjórnarfundi sínum þann 8. júní. Bændasamtök Íslands eru alfarið á móti aðildarviðræðum um ESB og leggja til að hvorug þessara tillagna fái framgang.

Bændasamtök Íslands hafa um árabil afdráttarlaust tekið afstöðu gegn aðild að ESB. Þessa eindregnu stefnu byggja samtökin á upplýsingum sem þau hafa aflað sér árum saman. Afstaðan hefur styrkst af viðræðum við bændur og skoðunum aðildarfélaga um allt land.

Meginrök fyrir afstöðu BÍ eru þessi:

Fæðu- og matvælaöryggi skerðist. Þjóðir eiga að framleiða eins mikið af matvælum til eigin nota og þær mögulega geta. Það er óábyrgt að veikja íslenska matvælaframleiðslu með því að heimila óheftan innflutning á búvörum.

Atvinna og byggðir í hættu. Fjöldi manns hefur atvinnu af innlendum landbúnaði og afleiddum störfum. Margir munu missa vinnuna víða um land vegna minnkandi umsvifa íslensks landbúnaðar. Víða í dreifbýli eru samfélög sem treysta að stórum hluta á landbúnað sem lífsviðurværi sitt. Fækkun framleiðenda veikir búsetu í sveitum.“

Áfram segir í áliti Bændasamtaka Íslands:

„Íslenskur landbúnaður mundi veikjast mikið við inngöngu í ESB. Landbúnaðarstefna ESB hentar ekki íslenskum landbúnaði. Bændur telja farsælla að þjóðin sjálf móti sína landbúnaðarstefnu og hafna því að færa forræðið til sameiginlegrar stefnumótunar ESB ríkja“ — Frú forseti. Ég er að lesa, með leyfi forseta, upp úr umsögn Bændasamtaka Íslands um þingsályktunartillögurnar sem hér eru til umræðu. — „Innganga Íslands í ESB leiðir til samdráttar og tekjumissis í landbúnaði í samanburði við núverandi stuðningskerfi. Innganga í ESB mundi gerbreyta tekjusamsetningu íslensks landbúnaðar og veikja búrekstur. Landbúnaðarstefna ESB tekur ekki tillit til þeirra sem vinna við stoðgreinar landbúnaðarins og úrvinnslu á búvörum. Síbreytilegt styrkjakerfi ESB mundi veikja stoðir íslensks landbúnaðar.“

Áfram segir, með leyfi forseta, í umsögn Bændasamtakanna:

„Gæðum og heilbrigði yrði fórnað. Þjóðinni er mikilvægt að standa vörð um þær gæðabúvörur sem framleiddar eru á Íslandi. Íslenskir bændur vilja ekki fórna góðum framleiðsluvörum fyrir ótryggan innflutning. Heilbrigði íslenskra búfjárstofna er dýrmætt og það ber að vernda.

Tollvernd er forsenda þess að viðhalda framleiðslugetu og nýtingu lands til landbúnaðar. Algjör niðurfelling tolla á landbúnaðarvörur mundi minnka til muna markaðshlutdeild íslenskra búvara á augabragði. Rekstrargrundvöllur búskapar og afurðastöðva brysti. Tollar hafa lækkað mikið á undanförnum árum. Lækkuð tollvernd hefur hert mjög að rekstri bænda.“

Áfram segir síðan í álitinu, frú forseti:

„Upplýsingar um finnskan og sænskan landbúnað sýna að norrænar jaðarþjóðir í ESB njóta ekki ávinnings af sameiginlegri landbúnaðarstefnu sambandsins til jafns við þjóðir sunnar í Evrópu. Aukin tækifæri til útflutnings til annarra ESB landa hafa ekki komið í stað samdráttar á innanlandsmarkaði.

Aukinn innflutningur á landbúnaðarvöru mun aðeins að óverulegu leyti skila sér í lægra vöruverði fyrir neytendur.

Með hliðsjón af ofangreindu er mjög nauðsynlegt með tilliti til hagsmuna landbúnaðar að leggja algerlega til hliðar þær þingsályktunartillögur sem hér um ræðir. BÍ skora á stjórnvöld að leggja til hliðar öll áform um umsókn og inngöngu í Evrópusambandið.“

Frú forseti. Þetta var umsögn Bændasamtaka Íslands.

Hægt er að rekja þessi mál áfram um landbúnaðinn og ég mun gera það aðeins frekar, frú forseti, og koma svo að sjávarútveginum í seinni ræðu ef ekki vinnst tími til. En í ágætri grein, sem birtist í síðasta Bændablaði, eftir Ernu Bjarnadóttur, hagfræðing Bændasamtakanna, er einmitt farið í gegnum þessi mál. Með leyfi forseta ætla ég að vitna til þessarar greinar:

„Í síðustu viku var haft eftir landbúnaðarráðherra Noregs, Lars Peder Brekk, að ef Íslendingar tryðu því að þeir fengju varanlegar undanþágur í sjávarútvegsmálum hlytu þeir einnig að trúa á jólasveininn. Hann sagði enn fremur að Íslendingar væru að spila rússneska rúllettu með sjávarútveg sinn ef þeir gengju í sambandið. Að sögn Brekk hefur ástandið í sjávarútvegsmálum Evrópusambandsins verið vont, en fer versnandi.“ — Ég kem að því síðar í ræðu minni um stefnu Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum og áhrif þeirra á hana — „Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB, CAP, er annað dæmi um sameiginlegt viðfangsefni ESB sem rætt er um að Ísland geti fengið undanþágur frá í hugsanlegum aðildarsamningi. Sérfræðingar í Evrópumálum sjást jafnvel halda því fram í fullri alvöru að Ísland geti fengið undanþágur frá CAP á grundvelli heilbrigðis- og sjúkdómavarna á sama tíma og verið er að innleiða matvælalöggjöf ESB (matvælafrumvarpið svokallaða).“ — Þetta höfum við vitað og reynt hér — „Alls óvíst er t.d. að það fengi staðist gagnvart sameiginlegu regluverki að banna innflutning á lifandi dýrum, sæði og fósturvísum.

Margoft hefur verið vísað til þess að Ísland eigi möguleika á því að styðja sinn landbúnað, líkt og Finnar og Svíar gera við sinn landbúnað norðan 62. breiddargráðu. Finnar sömdu til viðbótar um heimild til að styðja við sinn landbúnað sunnan 62. breiddargráðu, en þar er ekki um varanlega heimild að ræða og ESB túlkar þá grein aðildarsamnings þeirra (141. gr.) þannig, að um aðlögunarstuðning sé að ræða. Tekist er á um þetta milli Finna og ESB. Margir vilja halda því fram að með þessu hafi staða finnsks landbúnaðar verið tryggð.“

Með greininni fylgir tafla þar sem sýnt er hvernig búskapur og fjöldi býla hefur dregist mjög saman í Finnlandi eftir inngöngu í Evrópusambandið þrátt fyrir væntingar um annað á grundvelli þess samnings sem gerður var. Ekkert bendir til annars en verð til bænda í flestum mikilvægustu afurðum íslensks landbúnaðar, ef leitað er til reynslu Finna, þar með talin mjólk, muni lækka ef af Evrópusambandsaðild verður og jafnframt koma til umtals með innflutning og tekjusamdrátts hjá framleiðendum. Það er ekki margt sem bendir til að skraddarasaumaðar sérlausnir fyrir Ísland fengju þessu breytt, eða trúir þú á jólasveininn? stendur í lok greinarinnar eftir Eddu Bjarnadóttur þar sem hún vitnaði einmitt í Lars Brekk.

Þegar við komum svo aftur að sjávarútveginum er þar það sama uppi að samtök í sjávarútvegi leggjast einnig gegn aðildarumsókn að Evrópusambandinu út frá því hagsmunamati sem þeir eru með Ég leyfi mér fyrst, frú forseti, að vitna til umsagnar Landssambands smábátaeigenda, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar Landssambands smábátaeigenda hinn 20. mars var aðild að Evrópusambandinu á dagskrá.

Að loknum ítarlegum umræðum um málið var eftirfarandi samþykkt:

„Stjórnarfundur Landssambands smábátaeigenda, haldinn í Reykjavík 20. mars 2009, lýsir yfir fullri andstöðu við inngöngu í Evrópusambandið.

Landssambandið bendir á að til áratuga barðist íslenska þjóðin fyrir fullum yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindunum. Baráttan endaði með fullnaðarsigri 1975 með útfærslu landhelginnar í 200 sjómílur.

Það er útilokað að þau yfirráð kæmu ósköðduð út úr aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Ákvæði Rómarsáttmálans, hins upprunalega grundvallar Evrópusambandsins, koma einfaldlega í veg fyrir það“ segir í ályktun Landssambands smábátaeigenda.

Í sameiginlegri ályktun frá Samtökum fiskvinnslustöðva og útgerðarmanna um málið segir einnig, frú forseti:

„Báðar þingsályktunartillögurnar“ — sem hér eru til umræðu — „fela í sér margvíslega fyrirvara um mögulegan stuðning við mögulega aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Í þeim báðum kemur fram að forræði þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni sé með mikilvægustu hagsmunum Íslands.

LÍÚ og SF hafa mótað afstöðu sína til hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Sú afstaða byggir á þeim grundvallarsjónarmiðum sem birtast að hluta í þessum þingsályktunartillögum …, þ.e. að Íslendingar fari sjálfir með forræði yfir fiskimiðunum, hafi samningsforræði við stjórn veiða og skiptingu veiðiréttar á deilistofnum og tali eigin máli á vettvangi alþjóðastofnana enda er hér um að ræða einn mikilvægasta þáttinn í efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar“, segir í ályktun þeirra, frú forseti. Og áfram segir í áliti þessara aðila, með leyfi forseta:

„Þessir mikilvægu hagsmunir yfirgnæfa allt annað í samanburði á kostum og göllum við hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Sagan og reynsla annarra þjóða í samskiptum sínum við Evrópusambandið segir okkur að engrar sérmeðferðar er að vænta eða að tekið verði tillit til sérstaklegra mikilvægra þjóðarhagsmuna á sviði sjávarútvegs í aðildarsamningi.

Landssamband ísl. útvegsmanna og samtök fiskvinnslustöðva leggjast því eindregið gegn aðild að Evrópusambandinu.“

Þessu fylgir svo ítarleg greinargerð sem væri ástæða til að vitna til enn frekar.

Ég vil þá aðeins vísa að lokum til greinar sem birtist í blaðinu *Fiskaren* nýverið þar sem fjallað er um makrílveiðar Íslendinga. Það er mjög athyglisverð grein vegna þess að makríllinn er fisktegund sem við Íslendingar eru nýfarnir að taka upp veiðar á. Þetta er flökkustofn sem flakkar inn og út úr fiskveiðilögsögunni. Hann hefur sjálfsagt verið langa tíð inni í íslenskri fiskveiðilögsögu og verið veiddur en nú tvö síðustu árin hefur verið um umtalsvert mikla veiði að ræða. Síðasta vetur var gefin veiðiaflaviðmiðun eða viðmiðun um afla úr makrílnum í lögsögunni upp á 112 þúsund tonn. Þær veiðar hófust svo í vor og það er skemmst frá að segja að þessar veiðar hafa gengið alveg ótrúlega vel. Á örskömmum tíma, nokkrum vikum var búið að veiða stóran hluta af þeirri viðmiðun sem sett var sem sýnir hversu mikið magn af makríl er komið inn í íslenska fiskveiðilögsögu og mun verða okkur mjög dýrmætt.

Það er hins vegar rétt að um hann eru deilur og Íslendingar hafa ekki enn fengið að komast að samningaborði við aðrar strandþjóðir sem eiga aðgang að þeim höfum þar sem makríllinn heldur sig þó að við getum svo sannarlega sýnt fram á hversu mikill makríll er innan íslenskrar lögsögu. Krafa okkar hefur einmitt verið að komast að þar. Síðustu fregnir herma að makríllinn sé ekki aðeins fyrir austan land

heldur sé hann líka farinn að ganga upp að Suðvesturlandi sem undirstrikar mikilvægi hans enn frekar. Það munar okkur miklu í þeirri fjárhagslegu stöðu sem við erum hvort við erum að taka af makríl kannski 15 milljarða kr., milli 15 og jafnvel 20 milljarða kr. ef makríllinn er nýttur að stórum hluta til manneldis. En í þessu fiskarablaði var mánudaginn 6. júlí, bara til að veita innsýn í þann slag sem það er í, var forsíðufyrirsögn *Fiskaren*, með leyfi forseta: „Island kan komme til å fiske seg ut av EU“. Í blaðinu er heilli opnu varið undir þetta viðfangsefni og fyrirsagnirnar tala sínu máli: Aðalfyrirsögnin er, með leyfi forseta: „Grådige makrellkrav truer EU-medlemsskap“, þ.e. gráðugar kröfur um makríl ógna aðgangi Íslands að Evrópusambandinu.

Ekki fer milli mála að makrílveiðar Íslendinga fara mjög fyrir brjóstið á Norðmönnum enda telja þeir hagsmunum sínum ógnað í þeim efnum. Velta þeir nú mjög vöngum yfir því hvernig áformum okkar um makrílveiðar muni farnast þegar til aðildarviðræðna kemur. Ekki er annað hægt að sjá en þeir hlakki yfir kröfum okkar um hlut af makrílstofninum og þær muni eiga lítinn hljómgrunn í Brussel. Í grein blaðamannsins Gunnars Grytås kemur fram að stríð var milli Norðmanna og Evrópusambandsins um makrílinn hafi verið ein af ástæðum þess að Noregur sagði nei við aðild að Evrópusambandinu árið 1994. Hann getur sér þess vegna til að áform Íslendinga um makrílveiðar verði til þess að Evrópusambandið segi nei við Ísland árið 2009. Ekki verður annað lesið úr umfjölluninni en að hann telji nær útilokað annað en ESB setji það sem skilyrði fyrir aðild okkar að Evrópusambandinu að stórlega verði dregið úr makrílveiðum Íslendinga og þeim jafnvel hætt. Ekkert skal um það sagt af minni hálfu. En hann tiltekur í grein sinni að í húfi sé a.m.k. milljarður tryggra norska króna sem séu engir smáaurar, meira að segja fyrir Evrópusambandið. Gunnar þessi bollaleggur síðan fram og aftur um þetta en lokaniðurstaða hans er á þann veg að makríllinn kunni að verða sami örlagavaldur og í Noregi, ekki vegna þess að Ísland þurfi að fórna hagsmunum í sjávarútveginum eins og oft hefur verið nefnt og er staðreynd líka vegna þess eins og hann orðar það að Ísland fær ekki enn þá meir.

Þessi stutta frásögn af bollaleggingum Norðmanna sem tvisvar sinnum hafa gengið í gegnum aðildarviðræður að Evrópusambandinu er fróðleg í mörgum skilningi. Í fyrsta lagi segir hún okkur það að þjóð eins og Noregur hefur skilning á grundvallarhagsmunum sínum og var ekki tilbúin að fórna þeim fyrir aðild að Evrópusambandinu. Skyldum við hugsa þannig líka? Það má vera að einhverjum hafi þótt hagsmunir okkar vegna makrílveiða léttvægir og á sama tíma og útrásarvíkingarnir voru í sinni útrás. En skyldi svo vera enn?

Í öðru lagi segir þetta okkur að Evrópusambandið muni ekki koma færandi hendi til aðildarviðræðnanna við okkur ef marka má reynslu Norðmanna í makrílviðræðunum.

Frú forseti. Ég mátti til með að nefna þetta hér vegna þess að í þeirri efnahagslegu stöðu og fjárhagslegu stöðu sem við erum, og er mjög erfið og við vitum ekki með hvaða hætti við klórum okkur fram úr henni þótt við séum full af bjartsýni í þeim efnum, þá verður það fyrst og síðast að við treystum á og sækjum styrk til þessara grunnatvinnuvega þjóðarinnar, til sjávarútvegsins, til landbúnaðarins og þeirra greina og matvælavinnslu sem þeim tengjast. Þess vegna er okkur umfram allt mikilvægt að standa vörð um forsjá okkar og aðgengi að þessum auðlindum Ég minni á að einmitt makríllinn, sá stofn sem kemur hér nú, sumpart kannski vegna breytts loftslags, sumpart hefur hann kannski verið hér um lengri tíma, ég veit það ekki, en að fá hann hingað svona mikilvægan þátt í því að afla Íslandi gjaldeyris og styrkja íslenskan efnahag — ef við værum orðnir aðilar að Evrópusambandinu þá gengi það ekki svo greitt. Við getum sem sjálfstæð strandþjóð gert tilkall til þeirra auðlinda sem í íslensku hafvatni eru og einnig líka til landsins. Á grundvelli þess sjálfstæðis getum við þá einmitt sótt okkur mikilvæga björg í bú, aflað mikils gjaldeyris.

Frú forseti. Ég hef rakið nokkur atriði sem ég tel að þurfi að hafa í huga verði út í aðildarviðræður farið. Það verði að gera af mikilli ábyrgð og ekki blekkja sig með því að þetta sé eitthvað sem hægt sé að skrifa undir sisvona og kosti ekki neitt. Ég er ekki að leggja til að farið verði út í umsókn en ég legg samt áherslu á það sem ráðherra fyrir þessa málaflokka, fyrir sjávarútveg og landbúnað, að verði farið út í þessar aðildarviðræður verði að gera það með þeim hætti að staðinn sé vörður um íslenska hagsmuni og þeim sé haldið fram og okkur gefist tækifæri til þess bæði að setja okkur inn í þau sjónarmið og þau atriði sem samningsaðilinn hefur og einnig að koma okkar atriðum á framfæri. Og eins og ég hef hér rakið er það mikil vinna og hún er nákvæmnisvinna, krefst sérfræðivinnu, krefst sérfræðiþekkingar og þar megum við ekkert til spara. Samningsaðilinn er þaulvanur slíkum samningum og auk þess, eins og ég minntist á áðan, er Ísland þar eitt að semja við mörg ríki. Hvert skref sem verður stigið í þeim efnum verður ekki svo auðveldlega stigið til baka. Ég heiti því, og lýk þar með máli mínu, frú forseti, að ég mun leggja mig allan fram um að standa undir þeirri ábyrgð sem á ráðuneyti landbúnaðar og sjávarútvegs fellur verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt.

[18:43]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir ákaflega athyglisverða ræðu. Ég tel að þessi ræða hafi verið eins konar pólitísk heimaslátrun á tillögu ríkisstjórnarinnar og er þess vegna ekki að undra að ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu ekki bara fjarstaddir úr þingsalnum heldur eru þeir einfaldlega ekki í húsinu til að fylgjast með þessari ræðu hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra lýsti þessari tillögu raunar þannig fyrir fáeinum vikum að þetta væri einhvers konar tilraun til bjölluats. Verið væri að leggja fram tillögu sem ekki væri mark á takandi og það væri ætlunin að gera at hvort sem það væri í Evrópusambandinu eða þjóðinni.

Ég vil hins vegar segja, virðulegi forseti, að ég fagna yfirlýsingum hæstv. ráðherra um að verði þessi tillaga samþykkt verði staðið vel að öllum undirbúningi af hálfu ráðuneytisins og ég veit að hann hefur þar á að skipa ákaflega færu fólki. En ég tek hins vegar eftir því að í kostnaðarmati utanríkisráðuneytisins er talað um að þetta megi gera með annarri hendinni, leggja til hliðar verkefni sem unnin séu

núna í ráðuneytinu og í stofnunum þess og láta fólkið sem þar vinnur fara í að undirbúa aðildarumsóknina sjálfa. Nú veit ég að hæstv. ráðherra þekkir vel til verkefna ráðuneytis og stofnana og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji þetta raunhæft, hvort hann telji að hægt sé að gera þetta þannig að starfsfólk ráðuneytisins og stofnana hætti störfum sínum og fari í fullu starfi að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

[18:45]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er nú svona með þessa heimaslátrun að hún er ekki leyfð svo glatt. En eins og ég gat um og hefur komið fram í ræðum manna hér gengur þetta mál þvert á flokka og menn fylgja sinni sannfæringu í svona stóru máli.

Hins vegar vil ég leggja áherslu á ábyrgð ráðuneytisins og mín sem ráðherra, hvernig sem þessi mál fara. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að ég tel að kostnaðaráætlunin sem þarna er lagt upp með sé allt of lág og óraunsæ. Úr því má bæta en það er alveg ljóst að verði aðildarumsókn samþykkt fer vinna á fullan kraft nú þegar í haust og við munum þurfa að taka til alls sem við getum, hversu erfitt sem það reynist í niðurskurði á fjármagni til starfseminnar í ráðuneytunum.

[18:46]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra að það er viðurhlutamikið verkefni að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Málið er gífurlega flókið og á því eru margar hliðar. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan. Við erum að fást við mjög vana samningamenn og það þýðir auðvitað ekki að gera þetta með aðra höndina fyrir aftan bak. Þess vegna var ég að velta því fyrir mér hvort virkilega gæti verið rétt, sem virðist vera mat utanríkisráðuneytisins, að það sé hægt að sinna þessu verkefni einhvern veginn þannig að taka t.d. fiskifræðingana frá því að vera að meta stærð fiskstofna, fólkið hjá Matvælastofnun úr sínum verkefnum eða fólkið úr ráðuneytinu hjá hæstv. ráðherra úr sínum verkefnum og segja því bara að fara í að undirbúa aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Mat utanríkisráðuneytisins virðist vera að það sé svo lítið að gera í ráðuneytum og stofnunum að það sé hægt að vinna þessi mál þannig.

Hæstv. ráðherra hefur sem betur fer lagt áherslu á að vanda þurfi þessi mál og ég vildi spyrja hann í lokin hvað hann teldi t.d. að kostnaðurinn væri fyrir ráðuneytið og hversu margir starfsmenn muni vinna að þessu verkefni, verði það niðurstaðan að sækja um aðild, hve margir starfsmenn ráðuneytisins og undirstofnana verði uppteknir af því, í ljósi þeirrar miklu vinnu sem hæstv. ráðherra leggur áherslu á að þurfi að vinna varðandi þetta mál.

[18:47]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það hefur ekki verið lagt sérstakt mat á þetta í ráðuneytinu og ég veit ekki hvaða upplýsingar eru lagðar til grundvallar í kostnaðaráætlun utanríkisráðuneytisins en allt þetta er hægt að endurskoða og fara yfir. (**Gripið fram í:** Heldurðu að Alþingi samþykki þetta?) — Ég held, og ég treysti því, að Alþingi hafi fullan metnað til þess að verði tillagan samþykkt verði staðið að aðildarviðræðum með fullnægjandi og sómasamlegum hætti og þar verði kappkostað að standa sem best að málum. Ég mun leggja mig fram og mitt ráðuneyti og eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði réttilega er þar, og í stofnunum ráðuneytisins, öflugt og gott starfsfólk. Þar mun enginn liggja á liði sínu við að inna af hendi góða vinnu. Það munum við gera — fari svo að aðildarumsókn fari af stað eins og er lagt til í þingsályktunartillögunni.

[18:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eitt sinn var trójuhestur dreginn inn um borgarhlið. Mér finnst hv. þingmaður vera í sama hlutverki. Hann ætlar sér að vinna að því að Ísland gangi í Evrópusambandið. Ég spyr hann hvernig hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar Vinstri grænna ætli að líta framan í kjósendur sína eftir að Ísland er komið inn í Evrópusambandið með þeirra tilstilli. Hvort þeir geti fríað sig frá þessu frekar en því að vinna með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, vinna að lausn Icesave-málsins o.s.frv. Þeir fara alltaf þvert á það sem þeir hafa lofað.

Svo vildi ég spyrja hv. þingmann um kostnað við þessa umsókn. Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt að hann vilji ekki ganga inn en hann ætlar samt að setja einn milljarð, sem verða væntanlega tveir, í að sækja um. Hann ætlar sem sagt að henda peningum út um gluggann. Er of mikið til af peningum í ríkissjóði?

[18:50]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá þingmanninum að slæm fjárhagsstaða þjóðarinnar og efnahagshrun er staðreynd. Þingmaðurinn gat þess ekki hver bæri þar sök á. Það var Sjálfstæðisflokkurinn sem hv. þingmaður tilheyrir. Stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins skilur eftir sig þessa erfiðu fjárhagslegu stöðu. Það er staðreynd.

Hins vegar treysti ég mér til að leggja mig fram í þeim samningaviðræðum sem gætu farið í hönd. Þó svo að það sé ekki mitt kappsmál að Ísland gangi í Evrópusambandið geri ég mér grein fyrir þeirri ábyrgð og þeirri vinnu sem þarf að leggja af mörkum ef svo fer. Ráðuneytið hefur á að skipa góðu fólki og ég mun líka leggja mig fram, frú forseti.

[18:51]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er með ólíkindum að hv. þingmaður ætlar sér að vinna að því að draga trójuhestinn inn fyrir borgarmúrana, inn fyrir varnir Íslands, sem fulltrúi Vinstri grænna hér á Alþingi. Ég hlýt að spyrja hv. þingmann: Vill hann sjá Ísland inni í Evrópusambandinu eftir einhver 3–4 ár?

[18:51]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nei, ég vil ekki sjá Ísland þar inni en sé sótt um aðild að Evrópusambandinu og reynt að fara mjög vandlega ofan í þessi mál öll og verði lagður samningur til atkvæðagreiðslu fyrir þjóðina þá er það hin lýðræðislega meðferð. Ég minni á að Norðmenn felldu slíkan samning tvisvar en það var enginn sem talaði um að ekki hefði verið vel unnið af þeim sem fóru yfir samningsferlið (**PHB:** ... samninginn.) Ég treysti á að Íslendingar gætu fellt hann eins og Norðmenn en það þýðir ekki það að sú vinna sem þarf að leggja fram þurfi ekki að vera vel unnin. Síðan kæmi það þá fyrir þjóðina og hún tæki ákvörðun en ég treysti þjóðinni.

[18:52]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir ræðuna. Fram kom að hann trúir ekki á jólasveininn frekar en ég og við erum skoðanabræður gagnvart því að Evrópusambandið er ekki lausnin fyrir Íslendinga. Evrópusambandið kemur ekki til með að koma okkur út úr þessum efnahagsþrengingum. Ég vil hrósa ráðherranum og hvetja hann til að standa í lappirnar og berjast fyrir sinni sannfæringu í sínum flokki, berjast fyrir því að tillagan verði felld. Nú er þörf á fólki í pólitík á Íslandi sem hefur kjark og þor til að standa á sannfæringu sinni og gefa ekkert eftir. Ég hvet ráðherrann til að halda fram sínum skoðunum af fullum krafti og sannfæra samflokksmenn sína um að standa við stefnu flokksins og greiða atkvæði þessari tillögu. Ég skil ráðherrann þannig að hann komi til með að greiða atkvæði gegn tillögunni og óska eftir að hann svari mér hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér.

Hann treystir þjóðinni, hæstv. ráðherra, og mig langar því að spyrja hann hvernig honum lítist á þær breytingartillögur sem formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu áður en farið er í aðildarviðræður.

[18:54]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg hárrétt, ég treysti þjóðinni og ég tel að hún ætti sem oftast að fá tækifæri til að tjá skoðun sína á því sem er að gerast. Ég styð ekki aðild að Evrópusambandinu. Það hefur komið fram og er öllum ljóst. Ég mun að sjálfsögðu áfram leggjast gegn því þannig að engin breyting er þar á. En þeim skyldum sem verða lagðar á mig sem ráðherra mun ég standa undir í þeirri vinnu sem Alþingi felur mér.

[18:54]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ráðherrann talar sérstaklega skýrt í dag. Hæstv. ráðherra láðist þó að svara mér skýrt um það hvort hann muni greiða atkvæði gegn tillögunni. Í dag er ögurstund í íslenskri pólitík. Ögurstund fyrir þá sem hafa hingað til beitt sér gegn því að Íslendingar gangi í Evrópusambandið. Hæstv. ráðherra er einn þerra og ég hvet hann til að standa fast á skoðunum sínum og minni hæstv. ráðherra á að það er ekki einungis hann sem treystir þjóðinni, það er þjóðin sem treystir á hann. Hæstv. ráðherra er í einstakri stöðu innan ríkisstjórnar og getur beitt kröftum sínum þar af fullu afli og ég hvet ráðherrann til þess. Þá óska ég eftir að hann upplýsi mig um hvort hann komi til með að styðja breytingartillögur formanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins, annars vegar um atkvæðagreiðslu áður en farið er í aðildarviðræður og hins vegar um að ef aðildarsamningur næst skuli ríkisstjórnin þegar í stað ráðast í að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá þannig að þjóðaratkvæðagreiðsla sú sem fari fram um samninginn verði bindandi.

[18:56]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég treysti því að aðild að Evrópusambandinu nái ekki fram að ganga. Það er mín persónulega skoðun í þeim efnum (**Gripið fram í:** Tillagan verði felld?) en hins vegar koma þessi mál fyrir þingið og ég hef gert grein fyrir þeim. Ég ítreka að það er ekki minn vilji að Ísland gangi í Evrópusambandið.

[18:56]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er mjög fróðleg umræða. Mér hefur fundist koma skýrt fram í ræðu hæstv. ráðherra að hann ætlar að fara það sem kallað er í kostnaðarmatinu frá utanríkisráðuneytinu dýrustu nálgunina, þ.e. viðræður með víðtæk samningsmarkmið sem væru undirbyggð með mjög mikilli sérfræðilegri greiningu, erlendri ráðgjöf og virku baklandi, miðað við hvernig hann talaði um hagsmuni ráðuneytis síns, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

En það er líka mikið talað um samningana sem Finnland fékk þegar það gekk í Evrópusambandið, hvað varðar landbúnaðinn. Í áliti meiri hlutans er vísað í starfshóp í utanríkisráðuneytinu um landbúnaðarmál. Ráðuneytið eða starfshópurinn fól Hagfræðistofnun Háskólans að máta íslenskan landbúnað inn í aðildarsamning Finnlands. Nú leikur mér forvitni á að vita meira um þetta og ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra hvort þessi skýrsla Hagfræðistofnunar liggi fyrir og ef svo er, hvort hún hafi verið gerð opinber.

[18:58]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef heyrt að það liggi fyrir drög en hef ekki séð þessa skýrslu. Hins vegar hefur verið allmikið fjallað um það, og ég bendi á upplýsingar á vef Bændasamtakanna, hvernig aðrar þjóðir, eins og Norðurlandaþjóðirnar, sem hafa sótt um aðild hafa farið í gegnum aðildarviðræður, hverju þurfti þar til að kosta og hvernig síðan landbúnaður þeirra sem gengu í sambandið hefur breyst eða hopað í kjölfarið. Norðmenn völdu að standa vörð um landbúnaðinn og settu markið mjög hátt, að norskur landbúnaður og fæðuöryggi norsku þjóðarinnar væri sett þar allra efst. Ég hefði viljað að við gerðum það sama varðandi fæðuör-

yggi íslensku þjóðarinnar og íslenskan landbúnað.

[18:59]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ráðherrann hefur heyrt af drögum en ekki séð þessa umræddu skýrslu. Ég held að mjög mikilvægt sé að þessi skýrsla, jafnvel þó að hún sé aðeins í formi draga, verði gerð opinber áður en við göngum til atkvæða. Ég óska þess að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að a.m.k. utanríkismálanefnd, eða eftir atvikum Alþingi , fái þessi drög hið allra fyrsta vegna þess að alltaf þegar rætt er um hagsmuni landbúnaðarins eru gefin mikil fyrirheit um að Ísland geti fengið sömu meðferð og Finnland fékk í sínum aðildarsamningi. Þetta skiptir miklu máli. Ég fer fram á það, virðulegi forseti, við hæstv. ráðherra að hann beiti sér fyrir því að skýrslan verði gerð opinber og við fáum að sjá þessi drög eigi síðar en strax.

[19:00]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt við þessa umræðu á því að lýsa því yfir að áhugi stjórnmálaflokka á hinu háa Alþingi á þessu máli er mjög mismikill miðað við þá mætingu sem hér liggur fyrir. Hann er þokkalega góður hjá stjórnarandstöðunni og Vinstri grænum en aðrir hafa ekki mjög mikla viðveru í þingsalnum en ég treysti því að þingmenn góðir séu að hlýða á þessa merkilegu umræðu alla á skrifstofunum við vinnu sína.

Hér er um að ræða gríðarlega mikilvægt mál eins og margoft hefur verið ítrekað í umræðunni þó að ég skuli verða fyrstur manna til að viðurkenna að mér finnst umræðan oft snúast um smærri atriði en ástæða væri kannski til. Það er ágætt að leiða hugann að þeirri umræðu sem farið hefur fram á Íslandi og í íslenskri pólitík úti í samfélaginu öllu um það mál sem hér liggur fyrir, mögulega aðild að Evrópusambandinu. Hún snýst meira um formsatriði oft og tíðum, hvernig eigi að standa að þessu heldur raunverulegt innihald í því eftir hverju Íslendingar ættu að slægjast með inngöngu í Evrópusambandið, hver væri hinn raunverulegi ávinningur landsins og landsmanna að því að gerast aðili að Evrópusambandinu. Eins og málum er fyrir komið erum við aðilar að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og erum að auki með samstarf um Schengen. Þessi samningur gefur okkur fullan aðgang að svokölluðum innri markaði Evrópusambandsins þar sem við náum að mínu mati hinu besta úr því sambandi sem þar er að finna. Umræðan um það að gerast fullgildir aðilar eða meðlimir í þessum klúbbi sem ríkin 27 eru í, ESB, kostar það í raun inni að við þurfum þá að innleiða í íslenskan rétt og í okkar regluverk allt og beygja okkur undir það sem þjóð að innleiða regluverk Evrópusambandsins á 11 málefnasviðum.

Þar hefur verið viðkvæmast í umræðu manna á meðal það sem lýtur að sjávarútvegsmálum, sjávarútvegi okkar, landbúnaðar- og byggðastefnu og ætli við getum ekki sagt að síðustu tvö ár sérstaklega og þó sérstaklega sl. eitt ár hefur umræðan verið mjög bundin við gjaldmiðlasamstarf og gjaldmiðilinn, evruna.

Það hefur oft og tíðum eins og ég gat um áðan komið upp í hugann þegar ég hef hlýtt á umræður um þetta að þessi grundvallaratriði, sem ég tel fulla þörf á að ræða, að leggja fyrir þjóðina ávinning af því að undirgangast þetta regluverk sem mörgum þykir mjög flókið og menn hafa misgóða yfirsýn yfir. Það breytir ekki hinu að þessi umræða hefur staðið í fjöldamörg ár á ýmsum vígstöðvum, meðal hagsmunasamtaka atvinnulífsins eða frjálsra annarra samtaka, meðal stjórnmálaflokka. Þetta er mikið rætt og menn fá aldrei neinn einn botn í umræðuna. Að mörgu leyti er þetta gríðarlega skemmtileg umræða og gefandi því að viðfangsefnið er í rauninni eitt og hið sama alla tíð og það er umræðan um stöðu Íslands í samanburði við aðrar þjóðir og það er hið besta mál. Engu að síður held ég að það skorti töluvert á í umræðunni að ræða það í rauninni inn í hvað við erum að ganga, hvert er Evrópa að stefna, inn í hvaða samfélag erum við að fara og hvaða mynd höfum við af því í hvaða átt hún fer. Þá erum við að horfa til ýmissa þátta og lagðar hafa verið fram í því margar greinargerðir og menn meta þetta með ýmsum hætti. Í vinnu sem ég átti kost á að sinna á síðasta ári var lagt í töluverða greiningu í þessum efnum þar sem við vorum að reyna að gera okkur einhverja mynd af því inn í hvað við værum að fara og hvaða þættir það væru sem við gætum horft upp á að yrðu ráðandi í þessu samfélagi þjóðanna í Evrópu og hvernig við mundum fóta okkur í því umhverfi.

Við vorum sammála um það í þeirri umræðu að það væri fyrst og fremst spurning um auðlindanýtingu, aðgang að þeim og hvernig þær væru nýttar, sömuleiðis hvernig tækniþróun yrði háttað í þessu nýja samfélagi, hvernig heimurinn og Evrópa sérstaklega mundi vinna sig út í gegnum þau efnahagslegu áföll sem væru að dynja fyrir veröldina en ekki síður lýtur spurningin að því hvernig þessar ólíku efnahagsheildir í veröldinni mundu vinna saman á komandi árum. Sömuleiðis skiptir máli í þessu sambandi að ræða og takast á við spurningarnar um það hvernig við sjáum lýðfræði Evrópu þróast, hvernig öldrunarmálum verður háttað og hvernig vinnumarkaður verður saman settur og hverjir munu bera uppi það þjóðfélag sem menn vilja að gangi þokkalega vel.

Grundvallaratriðið varðandi sjávarútvegsmálin og landbúnaðarmálin er hvernig forræði íslensku þjóðarinnar yfir þeim auðlindum, sem við teljum okkur búa yfir og ráða algerlega sem fullvalda þjóð, verður háttað. Þá er aðalatriðið í rauninni, fyrir utan það sem ég nefndi hér áðan um gjaldmiðlamálin, sjávarútvegsliðurinn. Ég stikla á stóru í þeim efnum en það eru það fyrst og fremst þrjú atriði þar inni. Það er spurningin hvort og hvernig við getum haldið veiðiréttindi okkar óbreyttum, hvort við fáum undanþágur frá þeim reglum sem þar viðgangast. Í öðru lagi er um það að ræða hvernig ákvörðun um hámarksafla úr fiskstofnum landsins verður háttað. Eins og reglan er og eins og vinnulagið er, löggjöfin og regluverkið allt úr Evrópusambandinu, þá mundi ákvörðun um hámarksafla úr fiskstofnum við Íslandsstrendur verða færð af forræði íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og færð til framkvæmdaráðs og sjávarútvegsráðherra Evrópusambandsins. Þar væri um að ræða verulega skerðingu á fullveldi landsins. Þriðja atriðið varðandi sjávarútveginn er það með hvaða hætti Íslendingar ynnu með svokallaða deili- og flökkustofna en eins og regluverk Evrópusambandsins er færðist forræðið af þessum málum frá Íslendingum og yfir til Evrópusambandsins. Um það

deilir enginn þannig að í þessum efnum er um mjög mikið afsal fullveldis að ræða varðandi nýtingu á þeirri auðlind sem hér um ræðir.

Landbúnaður er undir öðrum formerkjum. Þar liggur í rauninni fyrir að það verða töluverðar breytingar á umhverfi landbúnaðar í veröldinni allri sem leiðir af alþjóðlegum samningum sem eru í gangi og ósköp eðlilegt að menn hafi það til hliðsjónar þegar ræddir eru kostir og gallar Evrópusambandsaðildar fyrir Ísland. En ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég sakna þess í umræðunni að menn einbeiti sér að því að ræða þann mögulega ávinning af því að íslensk þjóð fari þarna inn og sá ávinningur verður að vera metinn af því að innleiða þá 11 málaflokka sem eftir eru af þeim 33–35 málaflokkum sem Evrópusambandið er samsett úr.

Það er ekkert skrýtið þó maður leitist við í þeirri umræðu sem um þetta mál er hafin á Alþingi að greina það með hvaða hætti þær þingsályktunartillögur sem hér liggja undir nálgast þessa spurningu og taka á henni. Hvernig mæta þær þeim óskum sem fólk hefur haft uppi í grundvallaratriðum, getum við svo sem sagt um báðar tillögurnar, annars vegar frá ríkisstjórninni sem vísað var til utanríkismálanefndar og hins vegar frá þingmönnum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Við getum sagt í sjálfu sér að báðar þessar tillögur leitist við að fá botn í þá umræðu sem hér hefur átt sér stað mörg undanfarin ár. Báðar þessar tillögur leitast við það að fá niðurstöðu. Hins vegar eru leiðir þessara tillagna að þeirri niðurstöðu gerólíkar.

Röksemdin sem kemur fram í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar á bls. 4 í greinargerðinni er ekki mjög sannfærandi fyrir því hvers vegna eigi að sækja um. Með leyfi forseta ætla ég að leyfa mér að vitna beint í álitið. Þar segir:

„Með EES-samningnum og síðar Schengen-samningunum má að mati meiri hlutans segja að Ísland hafi valið sér form samstarfs við ESB. Þeir valkostir sem Ísland stendur frammi fyrir í meginatriðum eru annars vegar þeir að halda áfram núverandi samstarfi á grunni EES og Schengen eða leggja fyrir þjóðina mögulegan aðildarsamning að ESB til synjunar eða samþykktar. Með því fengist lýðræðisleg niðurstaða í máli sem hefur verið snar þáttur í opinberri umræðu og utanríkismálum Íslendinga um árabil.

Að mati flestra hefur EES-samningurinn þjónað Íslendingum vel í þau 15 ár sem hann hefur verið í gildi, þótt það sé að vísu ekki óumdeilt. EES/EFTA-ríkjunum og ESB hefur að mestu tekist að leysa þau ágreiningsmál sem upp hafa komið. Sendiherra Íslands í Brussel kom á fund nefndarinnar og lýsti því mati sínu að EES-samningurinn yrði sífellt þyngri í vöfum. Samningurinn væri í sömu mynd og hann var árið 1994 en margt hefði breyst í starfsumhverfi hans. Ræddi sendiherrann nokkuð þær breytingar sem orðið hafa eftir gildistöku EES-samningsins, t.d. héraðanefnd ESB sem íslensk sveitarfélög hefðu enn ekki aðgang að, umhverfismálin hefðu orðið mun meira vægi og auk þess væru skilin milli þess hvað félli undir EES og hvað ekki orðin óljósari.“

Ég get ekki, virðulegi forseti, skilið þessa tilvitnun með öðrum hætti en þeim að það séu í rauninni engin skýr eða afdráttarlaus rök hjá meiri hluta utanríkismálanefndar fyrir því að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Með góðum vilja má lesa þetta álit meiri hlutans þannig og í þá veru að við séum að sækja um eða eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu til að ljúka þeirri opinberu umræðu sem staðið hefur á Íslandi um árabil. Einu rökin ef maður getur kallað það sem svo koma fram í orðalaginu þar sem EES-samningnum er lýst þannig að hann verði sífellt þyngri í vöfum en ég hef ekki fundið neina greinargerð um það hvernig hann er og verður þyngri í vöfum. Það er ekkert útskýrt neitt frekar í greinargerðinni með nefndaráliti meiri hluta.

Þegar maður fær þennan pakka allan í hendur er óhjákvæmilegt líka að horfa til þess hvernig stjórnarmyndunarviðræður núverandi ríkisstjórnarflokka gengu fyrir sig og líta aðeins í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Það er alveg ljóst í ljósi þeirrar umræðu núna á síðustu tveimur mánuðum sérstaklega að skilningur ríkisstjórnarflokkanna er ólíkur á því atriði sem tekur til Evrópusambandsumsóknar eða -aðildar. Hæstv. forsætisráðherra lítur þannig á miðað við þá umræðu sem farið hefur fram í þessum sal og í fjölmiðlum um þetta mál að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi lofað að styðja málið alla leið. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur aftur á móti litið svo á að Alþingi ætti að afgreiða þetta mál, þingmenn hefðu frelsi til að vera með eða á móti því með einum eða öðrum hætti. Nægir í því efni að vitna til merkilegrar ræðu hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar og tilvitnaðra ummæla hv. þm. Atla Gíslasonar í fjölmiðlum varðandi þessi atriði.

Það er óhjákvæmilegt að þegar svona breitt bil er á milli í skilningi ríkisstjórnarflokkanna á því hvað átt er við í þessu efni að nefndarálitið sem liggur fyrir frá meiri hluta endurspegli þessi mismunandi sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar. Engu að síður má geta þess hér, og það er full ástæða til að nefna það sem vel er gert, að í nefndaráliti meiri hlutans er gerð tilraun til þess að koma til móts við þá tillögu sem þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lögðu fram. Það er hins vegar gert talsvert almennt þar sem farið er yfir allt málasviðið, helstu álitaefni eru reifuð. Þeir málaflokkar eru teknir sem við erum að horfa til að Ísland yrði að undirgangast ef af aðild yrði og dregnir upp helstu hagsmunir landsins innan viðkomandi málaflokks. Í nefndarálitið vantar hins vegar þá afstöðu til einstakra þátta sem alltaf er verið að kalla eftir.

Þá er nærtækast að stoppa við það sem mest hefur verið rætt um og mest ber á í umræðunni en það eru sjávarútvegsmálin sem fjallað er um á bls. 15–17 í greinargerð meiri hlutans með nefndaráliti sínu þar sem undirstrikað er að sjávarútvegsmálin muni bera hæst í væntanlegum aðildarviðræðum. Með leyfi forseta ætla ég að vitna hér og þar úr þessum kafla sem er á bls. 15–17, undirliður ii í VII. kafla. Þar kemur ágætlega fram að samstaða var í nefndinni, allri vænti ég, um að gera kröfu til þess að Íslendingar hefðu forræði yfir sjávarauðlindinni sem þýddi að við hefðum forræði yfir stjórn veiða og skiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu. Það er jafnframt talað um að við eigum að leggja áherslu á meginreglur hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tryggi að ákveðin grundvallarréttindi sem við höfum í dag verði ekki skert. Í því sambandi geri ég ráð fyrir að horft sé fyrst og fremst til full-

veldisréttarins um 200 mílna lögsögu.

Þegar maður svo fer að lesa þetta nánar og reyna að átta sig á því hvort og hvernig meirihlutaálit utanríkismálanefndar skilgreinir afstöðu okkar til hlutanna og hvort tekið sé tekið fast á þá er engin skilyrðing þarna inni og menn vilja greinilega ekki binda sig á neinn hátt. Ég skýri þetta afstöðuleysi með því að það er töluverður munur á milli verkstjórnendanna við þetta verk, þ.e. ríkisstjórnarflokkanna, hvaða skilning þeir leggja í þetta. Við sjáum þar orðalag eins og að meiri hlutinn telji afar mikilvægt að við förum með samningsforræði, leita þurfi leiða, meiri hlutinn telji rétt að láta reyna á og tali eigin máli og með eins víðtækum hætti og unnt er. Þetta er allt galopið og skilyrðingin með öðrum orðum er engin. Það er enginn skýr vegvísir um það sem segir hvernig þetta mál eigi að koma fram. Ég ætla að leyfa mér að vitna orðrétt í meirihlutaálitið þar sem segir:

„Nefndin ræddi um þann kost að setja umboði ríkisstjórnarinnar til að sækja um aðild að ESB afmörkuð skilyrði. Fram kom á fundum nefndarinnar að engin fordæmi væru fyrir því að ríki hafi sótt um aðild að ESB með ákveðnum skilyrðum. …

Nefndin hefur fjallað ítarlega um þá meginhagsmuni sem stjórnvöldum ber að hafa að leiðarljósi í aðildarviðræðum við ESB. Mat meiri hlutans er að það sé fullnægjandi veganesti fyrir stjórnvöld og að tiltekin skilyrði í umboði ríkisstjórnarinnar muni ekki skila neinu umfram það. Á hinn bóginn leggur meiri hlutinn áherslu á að ríkisstjórnin fylgi þeim leiðbeiningum sem gefnar eru með áliti þessu um þá grundvallarhagsmuni sem um er að ræða.“

Maður spyr sig í rauninni hvað þessi texti þýði. Þetta er í rauninni allt galopið. Í umræðu um þetta mál hefur komið fram að menn hafa talið að nefndarálitið þrengi umboð væntanlegrar viðræðunefndar eða samninganefndar, hvað svo sem við eigum að kalla þetta fyrirbæri sem sett er á laggirnar. Það sé skilgreint þröngt að þegar menn komi að einhverjum slíkum veggjum þurfi að leita eftir umboði Alþingis til þess að fá heimild þar til að fara út fyrir þann ramma sem segir í nefndarálitinu. Menn geta svo deilt um hvort það sé gott, vont eða slæmt fyrir væntanlega samningamenn en ég hefði álitið að þetta verklag væri ekki það æskilegasta sem við þyrftum á að halda í þessum efnum til að fá fram einhverja skilyrta og góða niðurstöðu. En engu að síður er þetta veruleikinn eins og hann liggur fyrir

Í nefndaráliti frá 1. minni hluta nefndarinnar er þetta mál tekið öðrum tökum og reynt að nálgast viðfangsefnið út frá allt öðru sjónarhorni, nefnilega því að reyna að færa þetta mál nær þjóðinni með því að draga fram þær áherslur sem við sjálfstæðismenn höfum talað fyrir að þurfi að koma upp á borðið. Ég ætla að leyfa mér að vitna orðrétt í nefndarálit minni hlutans sem segir:

„Hins vegar vantar grundvallaratriði inn í álit og breytingartillögu meiri hlutans þar sem ekki er gert ráð fyrir aðkomu þjóðarinnar að ákvörðun um aðildarumsókn og ekki er gert ráð fyrir að endanleg staðfesting samningsins verði borin undir þjóðina. Meiri hlutinn kýs að afgreiða síðastnefnda atriðið með því að gera ráð fyrir að hugsanlegur aðildarsamningur verði borinn undir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, sem verður þá ekki lagalega bindandi fyrir staðfestingu aðildar.“

Það er gersamlega óásættanlegt að okkar mati að álit meiri hlutans taki á hlutum með þessum hætti. Við teljum nauðsynlegt að ná samstöðu um það meðal þjóðarinnar að í slíkar viðræður sem hér hefur verið lýst og tillaga meiri hluta utanríkismálanefndar felur í sér og tillaga ríkisstjórnarinnar raunar einnig að ná samstöðu meðal þjóðarinnar um svona stórt mál. Hvernig liggur landið í þeim efnum?

Það er alveg ljóst, á grundvelli þess sem ritað er í blöð, kemur fram í fjölmiðlum, í viðræðum stjórnmálamanna við almenning í landinu, sömuleiðis í mælingum skoðanakannana, að almenningur í landinu gerir sér fullkomlega ljóst hver munurinn er á umsókn eða inngöngu í Evrópusambandið. Það er greinilegt í öllum könnunum og viðhorfsmælingum að mikill stuðningur er við að sækja um en hins vegar er ekki að finna mikinn stuðning við aðild að Evrópusambandinu. Þegar spurt er út í það atriði sem hv. þingmenn Bjarni Benediktsson og Þorgerður Gunnarsdóttir gera að meginefni í breytingartillögu sinni frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar um það sem hefur verið kallað tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að Evrópusambandinu, hverjar skyldu væntingar fólks til þess máls vera? Jú, það er þannig að í mælingum kalla hátt í 80% þjóðarinnar eftir því að fá tækifæri til að fá að segja álit sitt á því hvort Alþingi á að heimila ríkisstjórninni að sækja um aðild að Evrópusambandinu og undir hvaða skilmálum slík umsókn færi inn. Með öðrum orðum, almenningur vill fá og gerir kröfu til þess að fá að hafa eitthvað um það að segja á frumstigi málsins hvernig það er gert úr garði og enn fremur gerir almenningur líka ríkar kröfur til að fá að hafa fullnaðarafgreiðslu þess með höndum. Út á það gengur tillaga minni hluta utanríkismálanefndar.

Hvers vegna skyldu menn reka áróður fyrir að tala þessu máli? Jú, það er ósköp einfalt og er í rauninni nauðsynlegt að hafa þessi orð uppi hér að viðurkenna það að traust almennings á stjórnvöldum hefur beðið hnekki á síðustu mánuðum. Sömuleiðis hefur traust almennings á störfum Alþingis því miður beðið hnekki. Við því sem ég kalla ákveðið vantraust sem ríkir í garð stjórnmálaafla landsins verður að bregðast. Og hvernig eiga menn að bregðast við? Með því sem hér er gerð tillaga um af hálfu ríkisstjórnar og meiri hluti utanríkismálanefndar vill fylgja eftir, þ.e. menn keyri þetta stóra mál fram þannig að almenningi er ekki hleypt að því þó að ríkar óskir liggi til þess? Ég tel ekki hægt að verja það með neinu móti og tel ósköp einfalt að bregðast við með þeim hætti að gera almenningi það kleift og það er vel mögulegt. Fram á það hefur verið sýnt að tiltölulega fljótlegt er að undirbyggja slíkt mál og tillagan gerir ráð fyrir því að unnt verði innan þriggja mánaða að móta afstöðu til framhalds málsins. Að mínu mati hefur þetta þann stærstan kost að Alþingi kemur þá út til fólks með þetta mál, ber það undir það og gefur því hlutdeild í því að ákvarða framtíð sína á komandi árum.

Þetta er ekki venjulegt vinnulag en við lifum ekki á venjulegum tímum. Það eru óvenjulegir tímar runnir upp í íslensku samfélagi. Bankakerfið hrundi, efnahagskerfi landsins liggur undir áföllum, það ríkir vantraust á pólitískum valdhöfum. Þegar hefur ein ríkisstjórn fallið vegna þessara mála og þessarar stöðu og til viðbótar er sú ríkis-

stjórn sem leggur fram þetta mikla mál ekki einu sinni samstiga við framlagningu þess og áskilur sér rétt til að mæla gegn eigin verki. Ríkisstjórnin leggur fram sína tillögu með þeim orðum að málsaðilar, svo vitnað sé til, þess áskilji sér rétt til að mæla gegn aðildarsamningi. Hvernig í ósköpunum á þetta verklag að vekja traust á þeim vanda sem fram undan er í þessu máli þegar við horfum á það að þetta hefur verið viðkvæmt mál, er viðkvæmt mál og allar líkur til að djúpstæður ágreiningur sé í gangi eða sé fyrir hendi meðal þjóðarinnar? Ef þetta verður keyrt svona fram fullyrði ég að þetta mál mun skipa þjóðinni í tvær öndverðar fylkingar sem yrði okkur ekki til gæfu við þau verkefni sem fram undan eru við endurreisn íslensks efnahagslífs og mannlífs raunar öllu. Það á að vera rökstuðningurinn og réttlætingin hjá Samfylkingunni fyrir þessari málsmeðferð að þetta sé liður í því að endurreisa íslenskt efnahagslíf sem feli þá í sér einhver skýr skilaboð til umheimsins og skapi okkur traust þar.

Áhersluatriði mín eru þau að það ríði meira á að senda skýr skilaboð til almennings, fólksins í landinu frá stjórnmálamönnum um að þeir ætli að breyta um verklag og fara að vinna meira með þjóðinni heldur en segja henni fyrir verkum. Þetta leiðir hugann að því með hvaða hætti pólitísk forusta landsins hefur verið og er raunar núna. Hún tekur vissulega breytingum og hefur tekið á síðustu mánuðum, bæði í kjölfar þess að fyrri ríkisstjórn féll á prófinu varðandi þau átök sem þá voru uppi, minnihlutastjórnin tók við og síðan samstarf tveggja flokka í ríkisstjórn í kjölfar alþingiskosninganna síðustu. En verklagið hefur ekki tekið neinum breytingum. Það er enn þá skipulagt á sama hátt og viðgengist hefur í mörg undanfarin ár, þetta svokallaða oddaflug, þ.e. forustugæsin flýgur fremst og síðan skipar allur hópurinn sér í halarófu þar á eftir og fylgir foringjanum alveg þindarlaust. Ég ætla að nefna það þegar rætt er um að færa ákvörðunarvaldið í þessu stóra grundvallarmáli út til þjóðarinnar og því er hafnað af Samfylkingunni afdráttarlaust, að á sama tíma kemur hæstv. forsætisráðherra í fjölmiðla og lýsir því yfir að hún telji að þjóðin eigi að hafa skoðun á því hvort eigi að endurbyggja hús á Þingvöllum. Er það mikilvægara mál en ákvörðun þjóðar um það hvort við viljum afsala okkur fullveldi okkar og ganga til samstarfs við ríkjabandalag? Í mínum huga er stór munur þar á.

Það ríkir algert vantraust á þá hugmyndafræði sem viðgengist hefur í stjórnmálum á Íslandi í dag sem kölluð hefur verið foringjadýrkun. Við þurfum miklu frekar að byggja upp trúnað og traust, samband á milli stjórnmálaaflanna í landinu og almennings. Það gerum við ekki með því að stjórnmálaforingjar, oddvitar okkar þurfi að éta ofan í sig þindarlaust yfirlýsingar dag eftir dag eftir dag né heldur að foringjar okkar í stjórnmálum gangi fram með hótanir um stjórnarslit eða þrengingar á þá þingmenn sem standa sjálfstæðir á skoðunum sínum.

Það er vissulega umhugsunarefni og ég vil nefna það undir lok minnar ræðu, virðulegi forseti, að á tímum sem þessum, sem ég fullyrði að eru einstakir í sögu þjóðarinnar, skulum við vera að ræða þetta mál undir þeim skilmálum að staða þjóðarinnar er í efnahagslegri lægð. Við erum mjög beygð þar. Tilfinningalegur styrkur þjóðarinnar er sömuleiðis í lágmarki þannig að við erum illa í stakk búin til mikilla átaka. Það er tvímælalaust. Og hvers vegna í ósköpum skyldum við, á sama tíma og við erum að ræða þetta stóra og mikla mál, vera með óafgreitt mál sem kallað hefur verið því leiðinlega nafni að minni hyggju Icesave-málið, óafgreitt á Alþingi? Þar eru tvær burðarþjóðir í Evrópusambandinu — og þó sérstaklega önnur, Bretar — ásamt með Hollendingum að knýja íslenska skattgreiðendur, almenning á Íslandi til að taka á sig byrðar af því að einkafyrirtæki á Íslandi sem hafði starfsemi erlendis í þessum tveimur löndum vann ekki vinnuna sína með réttmætum og löggiltum hætti. Ætla þá umboðsmenn þessa sama almennings á Alþingi að ganga fram með þeim hætti að fara að óska eftir ríkjasamstarfi á vettvangi Evrópusambandsins með þessum sömu tveimur nýlenduþjóðum fyrrverandi, Bretum og Hollendingum og ganga þar inn eins og ekkert hafi í skorist? Mér finnst þetta verklag algerlega með ólíkindum og varla sæmandi okkur að vinna svona. Við hefðum í það minnsta ekki hagað okkur með þessum hætti þegar við áttum í þorskastríði við Breta á sínum tíma. Mér finnst þetta niðurlæging að mörgu leyti að vinna þannig með mál. Meðan við höfum ekki lokið ágreiningi við Breta og Hollendinga, komið þeim málum á hreint þá finnst mér með ólíkindum í ljósi þess hvernig þetta mál hefur verið reifað að við skulum ekki gefa almenningi á Íslandi tækifæri til að hafa frekari aðkomu að því að ákvarða um sína framtíð með því að fá að segja álit sitt á því hvort hann vilji ganga til liðs við þessar þjóðir sem hafa komið fram við íslenskan skattgreiðanda eins og raun ber vitni.

[Fundarhlé. — 19:34]

[20:02]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Við ræðum hér um þingsályktunartillögu varðandi það hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég vil í upphafi máls míns aðeins velta því upp sem er í umræðunni og er í nefndarálitinu og víða komið að því þar sem ýmist er talað um að sækja um aðild að Evrópusambandinu eða fara í aðildarviðræður. Ég vil halda því til haga að mér finnst það svolítil rangtúlkun þegar talað er um að Ísland sé að fara í aðildarviðræður. Það er dregið úr því í rauninni hvað við erum að fara að gera. Við erum ekki að fara í einhvers konar könnunarviðræður við Evrópusambandið. Við erum ekki að skreppa út til Brussel og skoða hvað okkur býðst og koma heim aftur. Þetta er ekkert einfalt. Það er verið að sækja formlega um aðild að Evrópusambandinu. Því fylgir langt og strangt ferli og mjög kostnaðarsamt eins og ég mun koma inn á hér á eftir.

Aðdragandi þessa máls: Ég held að við verðum að byrja fyrir kosningar. Eftir þessar kosningar lá ljóst fyrir að mikið bil þyrfti að brúa á milli þessara tveggja flokka þar sem Samfylkingin væri fylgjandi því að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lýst sig andvíga slíkum áformum. Þetta mál tók mikinn tíma við myndun þessarar ríkisstjórnar og niðurstaðan varð sú að flokkarnir gengu til samstarfs og í þessu samstarfi var kveðið á um það að umsókn um aðild að Evrópusambandinu skyldi lögð fyrir Alþingi og skyldi þar fá þinglega meðferð.

Það lá líka ljóst fyrir að innan Vinstri grænna væru miklar efasemdir við þetta og meðal annars þessa meðferð. Ég er einn þeirra sem lýsti mig algerlega andvígan því að við færum í þennan leiðangur. Ég lýsti því yfir við myndun þessarar ríkisstjórnar að ég mundi ekki styðja þessa tillögu og mundi áskilja mér allan rétt til þess að beita öllum þeim mögulegu aðferðum til þess að berjast gegn henni bæði innan og utan þings og ég hefði fyrir mitt leyti ekki stutt þessa ríkisstjórn nema þetta hefði orðið með þessum hætti. Ég veit að fleiri voru sama sinnis.

Því varð niðurstaðan sú að Vinstri grænir mundu tryggja þetta mál inn í þingið og þegar það kæmi hér inn í þingið væri ekki meiri hluti við málið innan ríkisstjórnarflokkanna. Þetta er staðreynd. Hér í þinginu mundi þetta mál síðan hljóta lýðræðislega umfjöllun og örlög þess mundu ráðast. Sá tímapunktur nálgast nú óðfluga. Komið hafa fram nokkrar breytingartillögur og ég geri ráð fyrir að þetta mál verði afgreitt héðan einhvern næstu daga.

Annað vakti athygli fyrir kosningarnar og í aðdraganda kosninganna. Það var hvernig fjallað var um Evrópusambandið og hvað var í rauninni alltaf dregið upp, hvað var eldsneytið í þessari umræðu. Það var aldrei fjallað öðruvísi um Evrópusambandið en að fjalla um myntmálin samhliða. Það var alltaf spurt: Viltu að Ísland gangi í Evrópusambandið og taki upp evru? Ég fullyrði, frú forseti, að þetta var eldsneytið í þessari umræðu, þ.e. gjaldmiðilsmálin. Eftir hrun gjaldmiðilsins hér er nokkuð ljóst að meðal þjóðarinnar hefur verið mikill áhugi á því að skoða þann möguleika að taka upp annan gjaldmiðil. Þeim sem hafa verið því fylgjandi að sækja um Evrópusambandsaðild hefur verið tíðrætt um að við verðum að ganga í Evrópusambandið til þess að taka upp evru.

Ég vil, með leyfi frú forseta, lesa upp úr nefndaráliti sem er á margan hátt mjög ítarlegt og greinilega hefur verið lögð mikil vinna í það. Auk þess hefur verið lögð mikil vinna í þetta mál í utanríkismálanefnd og rétt er að þakka það hér. Ég vil lesa aðeins það sem snýr að þessum gjaldmiðilsmálum. Eins og réttilega hefur verið bent á hér verður Ísland að uppfylla þessi Maastricht-skilyrði til þess að mega einfaldlega taka upp annan gjaldmiðil, til þess að geta tekið upp evru. Ég vil lesa það sem kemur fram á blaðsíðu 24 í þessu nefndaráliti þar sem dregin eru upp þau atriði sem Ísland þarf að uppfylla til þess að mega taka upp evru.

Ég les þetta, með leyfi frú forseta:

„Halli á ríkissjóði má ekki vera meiri en 3% af landsframleiðslu og heildarskuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en 60% af landsframleiðslu.

Verðbólga má ekki vera meira en 1,5% hærri en meðaltal verðbólgu í þeim þremur löndum ESB þar sem hún er lægst.

Langtímavextir mega ekki vera meira en 2% hærri en í þeim löndum ESB þar sem verðlag er stöðugast.

Viðkomandi ríki þarf að hafa verið í gengissamstarfi Evrópu (Exchange Rate Mechanism, ERM II) í að minnsta kosti tvö ár án gengisfellingar og innan vikmarka, sem nú eru 15%.“

Ég leyfi mér að fullyrða að það er verulega langt þangað til Ísland muni uppfylla þessi skilyrði. Miðað við til að mynda þær skuldir sem þjóðin er að takast á hendur núna, hið opinbera, þá er mjög langt þangað til Ísland verður komið niður í þetta, 60% af landsframleiðslu. Ég hefði talið eðlilegra að fram færi bara opin umræða um gjaldmiðilsmál, skoðaðir yrðu allir möguleikar í þessu í stað þess að hengja myntina svona við þetta mál því að við skulum líka hafa það hugfast að Evrópusambandið er ekki myntbandalag. Evrópusambandið er ekki fyrst og fremst myntbandalag. Þetta er ríkjabandalag og ég mun koma betur inn á það hér á eftir.

Það er annað í nefndarálitinu sem vekur athygli. Það er á síðum 45–46 eða 46. Það er kostnaðurinn við þessa vegferð. Á blaðsíðu 46 í nefndarálitinu er dreginn upp áætlaður kostnaður af hálfu utanríkisráðuneytisins, sem utanríkisráðuneytið hefur unnið í þessu, þar sem kemur fram að það séu 990 milljónir.

Í texta þarna neðan til stendur meðal annars, með leyfi frú forseta:

„Utanríkisráðuneytið hefur ekki lagt fram neina skiptingu á þessum kostnaðarþáttum. Í matinu er engin sérstök sundurgreining á kostnaði sem gæti fallið til hjá öðrum ráðuneytum en talið er að það sé fyrst og fremst ferðakostnaður.“

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum, með leyfi forseta:

„Mat utanríkisráðuneytisins er því mjög gróft og með mjög miklum skekkjumörkum.“

Svo kemur fram í niðurstöðu á blaðsíðu 48, með leyfi frú forseta, neðst í seinustu málsgreininni:

„Mjög mikinn fjárhagsaga þyrfti til að kostnaðarmatið gæti staðist. Takmarka þyrfti mjög ferðakostnað og aðkeypta sérfræðiþjónustu í kostnaðaráætluninni og stilla í hóf undirbúningsvinnu vegna samningsmarkmiða.“

Við erum að fara í vegferð að semja við Evrópusambandið og þarna ætla menn að skera við nögl. Á sama tíma og við erum að fara í þessa vegferð er verið að skera niður hér um allt land. Það er verið að loka hjúkrunarheimilum. Það er verið að skerða félagsþjónustu. Það er verið að skera niður hjá öryrkjum. Aldraðir eru að taka á sig auknar byrðar. Á sama tíma ætlum við að leggja af stað í ferðalag með það að markmiði að afsala okkur fullveldi þjóðarinnar og í ofanálag ætlum við að gera allt sem við getum til þess að spara og eyða sem minnstum fjármunum í það að afsala okkur fullveldinu. Þetta er slík meginfirra að ég næ bara ekki saman þarna. (**PHB:** Svo ætla sumir ekki að ganga inn.) Svo ætla sumir ekkert að ganga inn.

Svo ég fari í helstu mál sem tengjast helstu samningsmarkmiðum í þessu þá eru það auðlindirnar okkar, vatns- og orkuauðlindir, landbúnaður og sjávarútvegur. Svo er eitt sem gleymist oft í þessu. Það er einfaldlega fullveldið sjálft og sjálfstæðið. Ég ætla að koma hérna aðeins fyrst inn á þetta með orkuauðlindirnar. Mig langar bara, með leyfi frú forseta, að lesa hér upp það sem haft er eftir Evu Joly um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Þetta kom fram í þýskum fréttamiðli, og ég les það hér, með leyfi frú forseta:

„Ég tel að frá sjónarhóli Evrópusambandsins sé það mjög áhugavert fyrir okkur að fá Ísland um borð. Þetta er mjög gömul menning og þeir búa við traustar lýðræðishefðir sem mundu styrkja norrænar hefðir um gegnsæi og góða stjórnsýslu.“

Þetta er allt gott og gilt. Svo kemur hér seinasta setningin og hún er, með leyfi forseta:

„Og þeir eiga einnig náttúruauðlindir sem eru mikilvægar fyrir Evrópu eins og orku og fisk.“

Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvernig öðruvísi sé hægt að túlka þetta en svo að Evrópusambandið sé mjög spennt fyrir því að fá Íslendinga um borð. Íslenska þjóðin á margar auðlindir og það eru einmitt þessar auðlindir sem munu rífa okkur upp úr þeirri kreppu sem við nú erum í. Í ljósi þess hversu mikill áhugi raunverulega er hjá Evrópusambandinu til þess að fá okkur um borð þá er það arfavitlaus tímasetning að fara í aðildarviðræður á þeim tímapunkti þegar íslenska þjóðin er gjörsamlega búin að gera upp á bak, þegar ástandið hér í þjóðfélaginu er þannig að skuldirnar eru með þessum hætti. Íslenska þjóðarbúið hefur aldrei verið skuldsettara. Þetta er arfavitlaus tímasetning. Við höfum ekki mikla samningsaðstöðu og á sama tíma hefur Evrópusambandið talað um að aðeins sé farið að hægja á þessari stækkun og þeir vilji svona aðeins sporna við. Það gefur auga leið og það sjá allir að Ísland er ekki í mikilli samningsstöðu hvað þetta snertir. Þeir hugsa sér því gott til glóðarinnar til þess að ná tökum á auðlindum okkar, sér í lagi í ljósi þess hvernig ástandið er.

Ég las ansi skemmtilega grein í norsku tímariti er frá systursamtökum Heimssýnar þar í landi þar sem þeir fjalla um það hversu mikið Evrópusambandið notar í auglýsingakostnað til kynningar á því hversu samheldið sambandið er og eins þegar verið er að fara í stækkunarferli, sem sagt þegar Evrópusambandið er ná fram sínum markmiðum og er að beita sínum kröftum til þess að ná inn nýjum þjóðum sem það vill fá inn.

Það kemur fram þarna að Evrópusambandið notar meira en Coca Cola samsteypan notar á heimsvísu til þess að kynna sínar vörur. Evrópusambandið notar hærri upphæðir til þess að fá inn ný ríki og til þess að kynna hversu samheldið það er og hversu mikið öflugt ríkjabandalag það er en Coca Cola samsteypan notar á heimsvísu. Það notar 400–500 milljarða. Þetta slagar upp í Icesave sem Evrópusambandið notar (**PHB:** Á ári þá?) á ári.

Þessu er slegið upp hérna. Hér eru myndir af ýmsu. Hér eru auglýsingamyndir alls konar og fleira því um líkt þannig að þetta er alveg skelfilegt. Þetta er það sem við erum að fara að keppa við hér. Ætlunin er að ná íslensku auðlindunum og engu verður til sparað til þess að ná þeim og það á að gera það á þeim tímapunkti þegar þjóðin er veikust fyrir.

Þá er ég búinn með orkuauðlindirnar en varðandi landbúnaðar- og sjávarútvegsmálin ber náttúrlega fyrst að segja um landbúnaðarmálin að það er alveg ljóst að Bændasamtökin hafa unnið mjög vel hvað þetta snertir og tekið mjög ítarlega saman og verið með mikla vinnu varðandi það, hafa sent menn út til Brussel til þess að kynna sér landbúnaðarstefnuna þar og fjalla um hana, bera hana saman við landbúnaðarstefnuna hér á landi. Þeir hafa lagt í þetta mikla vinnu. Það er einmitt þetta sem við hefðum þurft á að halda. Við hefðum þurft á því að halda að farið væri í vinnu til þess að kynna sér í hverju Evrópusambandið væri fólgið fyrir hinar ýmsu atvinnugreinar og taka Bændasamtökin okkur þar til fyrirmyndar.

Varðandi landbúnaðarmálin þá vil ég aftur koma í máli mínu að nefndarálitinu þar sem fjallað er um landbúnaðarmál og fara í nokkra punkta sem meiri hluti utanríkismálanefndar hefur talið mikilvægt að væru einhvers konar samningsmarkmið þegar kemur að landbúnaðarmálum.

Ég vil lesa úr nefndaráliti, með leyfi frú forseta:

„Er því mikilvægt að leita allra leiða til að búa svo um hnúta að stuðningi við landbúnað verði sem minnst raskað þótt ljóst sé að ákveðin breyting í uppbyggingu styrkjakerfisins muni eiga sér stað ... Einnig var rætt um möguleikann á að sækjast eftir tímabundinni eða varanlegri undanþágu frá markaðseftirliti með innfluttum matvælum vegna landfræðilegra aðstæðna, ...“

Og þarna er komið inn á fleiri þætti.

Það er alveg ljóst að það verður mjög mikið högg fyrir landbúnaðinn ef gengið verður í Evrópusambandið og það er alveg ljóst að Bændasamtökin hafa unnið mjög ítarlega vinnu við þetta. Við erum að fara að verða eitt markaðssvæði með Evrópu og þær breytingar sem þar munu ganga í gegn, þ.e. innflutningur á hráu kjöti, eitt markaðssvæði, þetta mun veikja innlendan landbúnað. Þetta mun veikja byggð í landinu og við þurfum bara að hafa það á hreinu að þetta er eitt af því sem við þurfum að fórna þegar við förum inn í Evrópusambandið. Þetta er einn af neikvæðu þáttunum. Gott og vel, þá verða menn bara að segja það opinskátt.

Varðandi sjávarútveginn þá er merkilegt það sem landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra Noregs segir nýverið í fjölmiðlum í Noregi þar sem hann heldur því fram að Íslendingar trúi greinilega á jólasveininn úr því að þeir haldi að þeir geti fengið sérstakar undanþágur varðandi sjávarútvegsmál.

Hann segir orðrétt, með leyfi frú forseta:

„Íslandi mun ekki takast að fá samþykki Evrópusambandsins fyrir því að þeir fái sérstakar undanþágur í sjávarútvegsmálum. Það er eins og að trúa á jólasveininn.“

Það er eins og að trúa á jólasveininn. Það er allt í lagi, börnin mín trúa á jólasveininn. En ég hélt að þegar við værum komin í þingsal þá væri þar orðin einhver breyting á.

Ég vil fara aðeins í nefndarálitið varðandi sjávarútvegsmál og enn og aftur víkja máli mínu að því hversu raunveruleikafirrtir menn eru þegar þeir tala um það hvaða undanþágur við getum fengið þegar við göngum í Evrópusambandið.

Með leyfi frú forseta, les ég upp úr nefndarálitinu:

„Meiri hlutinn telur að raunhæf leið til að tryggja forræði íslenskra stjórnvalda með framangreindum hætti innan íslenskrar efnahagslögsögu sé að lögsagan verði t.d. skilgreind sem sérstakt íslenskt fiskveiðistjórnarsvæði. Þannig verði réttindi ekki til staðar fyrir erlend fiskveiðiskip til veiða innan íslenskrar efnahagslögsögu úr staðbundnum íslenskum stofnum.“

Þetta er svona einn punturinn. Hér kemur meira, með leyfi frú forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að kröfum Íslendinga um forræði yfir sjávarauðlindinni verði haldið sem og rétti Íslendinga til að stýra sókn í veiðistofna er byggist á sjálfbærri þróun, ráðgjöf sérfræðinga og veiðireynslu.“

Þetta held ég að sýni svart á hvítu að það eru algjörlega óraunhæfar hugmyndir um það hvaða undanþágur við get-

um fengið í Evrópusambandinu. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir. Ef menn gera sér vonir um að fá slíkar undanþágur varðandi náttúruauðlindir, varðandi landbúnað og varðandi sjávarútveg þá vil ég enn og aftur víkja máli mínu að því í hvaða stöðu Íslendingar eru þegar þeir koma þarna inn. Þeir koma inn sem skríðandi þjóð, þjóð í vanda, og það dregur verulega úr líkunum á því að við séum í sterkri samningsstöðu.

Síðan er það þriðji þátturinn sem er einfaldlega lýðræðið í Evrópusambandinu. Við sjáum það hér að mikill áhugi er á íslenskum stjórnmálum á Íslandi. Það er mikill áhugi á þeim. Við sjáum til að mynda hversu vel er fylgst með þinginu hér. Það er talað um að að jafnaði fylgist 6 þúsund manns með þinginu þegar verið er að tala. Það er mikið skrifað um það í blöðum hvað gerist á Alþingi. Ungt fólk hefur áhuga á stjórnmálum og ég hef töluvert miklar efasemdir um að áhuginn á stjórnmálum sé jafnmikill þegar horft er til Evrópuþingsins.

Í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sitja 27 kommissarar og á Evrópuþinginu sitja einhvers staðar rétt innan við 800 kjörnir fulltrúar, þar af fimm frá Möltu sem er fámennasta ríkið. Á Möltu búa um 400 þúsund manns þannig að ef við skoðum hversu marga fulltrúa Íslendingar fengju þá fengjum við kannski um fimm fulltrúa þarna eða vel innan við 1% af kjörnum fulltrúum. Það sýnir styrk okkar á Evrópuþinginu. Það sýnir styrk okkar til þess að breyta til að mynda sjávarútvegsstefnunni. Það sýnir styrk okkar til þess að breyta til dæmis landbúnaðarstefnunni. Þetta er minni styrkur en einn þingmaður hefur til þess að gera stórar breytingar á hinu háa Alþingi og ég er búinn að vera nógu lengi hér til þess að sjá að það gerist ekki á einni nóttu. Hvenær verðum við þá búin að ná fram stórum breytingum í sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins eða landbúnaðarstefnunni og hvenær förum við að hafa þessi rosalegu áhrif sem mönnum er svo tíðrætt um?

Það má líka nefna að margir hafa velt því fyrir sér og til að mynda mikill Evrópusinni, Eiríkur Bergmann, hefur velt því mikið fyrir sér hvað sé fullveldi, hvort þetta sé ekki bara huglægt ástand, huglæg skilgreining á því hvað sé fullveldi. Ég heyrði Eirík Bergmann á fundi hjá Heimssýn uppi á Bifröst halda því fram að þetta snerist mest um hvernig fólki liði innan brjósts. Við gætum alveg verið fullvalda þegar við drægjum upp íslenska fánann fyrir framan Alþingishúsið og við gætum alveg eins verið jafnmikið fullvalda þegar við drægjum hann upp fyrir framan höfuðstöðvarnar í Brussel.

Ég ætla ekki að fullyrða neitt í þessu enda sýnist sitt hverjum hvað þetta snertir. En ég get sagt ykkur það að í mínu brjósti erum við ekki fullvalda þegar við drögum upp íslenska fánann í Brussel.

Það má líka nefna það að Evrópusambandið talar einu máli á ýmsum alþjóðaþingum og ráðstefnum. Er það fullveldi að geta ekki tjáð mál sitt sem sjálfstæð þjóð á slíkum ráðstefnum? Nei. Er það fullveldi að vera með 1% kjörinna atkvæða á Evrópuþinginu, innan við 1%? Það er jafnmikið fullveldi og hálfur þingmaður hefur á Alþingi.

Nei, frú forseti. Þetta er fullveldisslagur. Það alvarlegasta er — ekki kannski alvarlegasta heldur verða þeir sem á móti því eru að ganga í Evrópusambandið oft fyrir því að ef þeir fara að tala um málið með þessum hætti að þá heyrist í Evrópusinnum: „Oh, farðu nú ekki að tala um þetta út frá þessu. Talaðu nú um þetta úr frá einhverjum raunsæjum sjónarmiðum.“ En svona er þetta. Við erum að fara í fullveldisbaráttu. Ég fullyrði að ef Jón Sigurðsson væri að hlusta á okkur hér í dag mundi honum ekki vel líka. Ég vona að hann snúi sér ekki við í gröfinni þegar við samþykkjum þetta sem hér liggur til ... (**Gripið fram í:** Þegar og ef.) Þegar og ef, já. (Gripið fram í.) Við gerum það ekki. Það er alveg rétt.

Ég held að mikilvægt sé að rifja aðeins upp hvernig Ísland fékk sjálfstæði. Það var á þjóðfundi árið 1851 sem danska stjórnin boðaði til í Reykjavík, en þá gerðust merkir atburðir sem síðan leiddu til sjálfstæðis Íslendinga. Danska stjórnin lagði fram frumvarp og ætluðu Danir að setja Íslendingum nýja stjórnskipun þar sem réttindi Íslendinga væru nær engin og lítið tillit tekið til óska þeirra. Í mínum huga er þetta bara svipað og í þessari vegferð okkar. Við erum með alls kyns óskir og það verður lítið tillit tekið til þeirra.

Þá lögðu hinir íslensku fulltrúar fram annað frumvarp að undirlagi Jóns Sigurðssonar. Konungsfulltrúanum líkaði ekki við frumvarp Jóns og ákvað hann að leysa fundinn upp í nafni konungs. Þegar fundinum var slitið mótmælti Jón Sigurðsson lögleysu fulltrúa Danakonungs en flestir fundarmenn risu úr sætum og mæltu flestir einum rómi: „Vér mótmælum allir.“

Þetta er einn mikilvægasti atburður í baráttu Íslendinga fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Ég segi: Svona er mér innan brjósts í dag og svona verður mér innan brjósts ef þessi tillaga verður samþykkt.

Hann reis gegn erlendu valdi og kjarkur hans og sannfæring endurómar í þessari setningu þegar hann segir: „Vér mótmælum allir.“ Hann trúði því að sjálfstæðið skipti öllu máli fyrir íslensku þjóðina. Hann trúði því. Með þrotlausri vinnu og trú hugsjónamanna á möguleika landsins og á íslenska menningu fengust réttindi íslensku þjóðarinnar og sjálfstæði með stjórnarskránni árið 1874, með fullveldinu árið 1918 og síðan með fullu sjálfstæði við lýðveldisstofnunina 17. júní 1944.

En nú stendur þetta sjálfstæði veikt því að íslenska þjóðin — það er nefnilega svo að það er mun auðveldara að tapa sjálfstæði sínu en að öðlast það og berjast fyrir því. Það er svo. Ég vil segja það að ég trúi ekki öðru en að hver þingmaður hér í þessum sal taki það mjög alvarlega þegar þetta mál kemur til atkvæðagreiðslu og hugsi með sjálfum sér, fari upp úr flokkspólitískum förum og taki meiri hagsmuni fram yfir minni.

[20:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka þingmanninum ágæta ræðu. Nú voru Vinstri grænir sigurvegarar kosninganna og því vil ég spyrja hv. þingmann: Hvernig stendur á því að VG náði ekki meiru í samstarfi við Samfylkinguna, t.d. því sem sjálfstæðismenn náðu, að vera sammála um að vera ósammála um Evrópusambandið?

Svo vil ég taka undir það sem hann sagði um áróðursafl Evrópusambandsins þannig að aðildarsamkomulag verður

væntanlega samþykkt með loforðum og hótunum eins og við þekkjum. Þá vil ég spyrja hv. þingmann: Eftir tíu ár þegar Ísland er orðið hérað í Evrópusambandinu, hvernig mun hv. þingmanni og öðrum þingmönnum Vinstri grænna líða með að hafa verið sú hækja sem Samfylkingin notaði til að haltra við inn í Evrópusambandið?

[20:31]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, Pétur Blöndal var að tala um einhver hjálpartæki þarna — hv. þingmaður spyr af hverju Vinstri græn hafi ekki náð meiri árangri með Samfylkinguna í þessu máli. Ég get sagt við hv. þingmann að ég gerði allt sem ég gat. Ég er algjörlega mótfallinn því að vera að ræða þetta mál hér í dag. Ég er algjörlega mótfallinn þessari vegferð sem við erum á. Ég get ekki fullyrt fyrir aðra þingmenn Vinstri grænna eða annarra flokka hér en mér mun ekki líða vel eftir tíu ár ef þetta verður samþykkt.

[20:32]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherrar Vinstri grænna og nokkrir þingmenn, eins og hv. formaður utanríkismálanefndar, hafa verið að vinna að þessu máli. Það er spurning til hv. þingmanns, hann styður þessa ríkisstjórn: Hvernig stendur á því að þessir hv. þingmenn eru tilbúnir til að ganga svona á svig við sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar?

Svo sagði hv. þingmaður í byrjun þessarar umræðu í frægri ræðu sem hann hélt: „Þá barst mér til eyrna að slíkt gæti valdið stjórnarslitum.“ Það var sem sagt hótað, og ég vil spyrja hv. þingmann: Hver hvíslaði því í eyrun á hv. þingmanni að það yrðu stjórnarslit og hvaðan kom sú hugsun?

[20:33]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr hvernig ég geti stutt ríkisstjórn þegar svona tillaga kemur upp. Tillagan er ekki búin að fara hér í gegnum þingið, það er ekki búið að greiða um hana atkvæði og ég mun bara taka þessa ákvörðun innra með mér þegar atkvæðagreiðslu er lokið og gefa hana upp þá.

Varðandi það hver hvíslaði þessu að mér var það lítill fugl með appelsínugulan punkt á enninu.

[20:34]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nú munu þingmenn rjúka til og fletta upp í fuglabókinni eða alla vega í þingmannatalinu til að reyna að finna hver þessi furðufugl er.

Ég vil, frú forseti, byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir góða ræðu. Ég er honum mjög sammála og deili með honum skoðunum í þessu máli. Ég tek undir þær áhyggjur sem hann lýsti hér vegna alls þessa máls og ekki síst þess kostnaðar og þeirra afleiðinga sem þetta mun hafa fyrir sjálfstæði og í raun fullveldi okkar hér á Íslandi.

Í grein sem er á bondi.is og kom á vefinn í dag er fjallað um skoðanir Bændasamtakanna á landbúnaðarkafla þessa meirihlutaálits og það er ekki fögur lesning. Mig langar hér að lokum að spyrja hv. þingmann hvort hann sé sammála mér um að þetta Evrópumál sem við erum nú að fjalla um sé eitt stærsta mál sem við höfum fjallað um eða sem Alþingi hefur fjallað um (Forseti hringir.) frá lýðveldisstofnun.

[20:35]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Já, ég er honum hjartanlega sammála, þetta er stærsta mál sem Alþingi hefur fjallað um frá lýðveldisstofnun og það yrði skelfilegt ef þetta mál færi hér í gegnum þingið. Þess vegna hef ég talið eðlilegt að í þessu máli, sem er stærsta mál sem farið hefur í gegnum þingið frá lýðveldisstofnun, eigi þjóðin ekki einungis að eiga síðasta orðið, hún eigi líka að eiga það fyrsta.

[20:36]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svar hans. Hann vitnaði áðan í orð Evu Joly um náttúruauðlindir sem eru mikilvægar fyrir Evrópu. Ummæli þessa ágæta þingmanns Evrópuþingsins, að ég held nú orðið, vöktu athygli mína.

Það er annað sem tengist þessu, í *Morgunblaðinu* 7. júní er viðtal við Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra Frakka, en búið er að skipa hann sendiherra Evrópusambandsins gagnvart heimskautunum. Þar talar hann um þessar orkulindir. Getur verið, hv. þingmaður, að þetta sé svo augljóst að Evrópusambandið sé til í að hliðra fyrir aðild okkar til þess eins að komast yfir þær auðlindir í sjó og landi (Forseti hringir.) sem eru hér við og á okkar góða landi?

[20:37]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þegar efnahagslífið hrundi hér og meðan ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var enn starfandi, áður en boðað var til kosninga og þar af leiðandi áður en ég tók sæti hér á Alþingi sagði ég alls staðar þar sem ég kom að nú væri að hefjast barátta um það hvort við ætluðum að halda auðlindum þjóðarinnar eða ekki. Og já, í mínum huga er ekki nokkur vafi á því hvað liggur þarna að baki að hluta til og ég vil bara segja það sem ég sagði áðan að samningsstaða okkar varðandi þetta mál er ekki sterk núna, hún gæti verið töluvert mikið betri en hún er núna.

[20:38]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni fyrir góða og skilmerkilega ræðu þar sem hann rakti kosti og galla þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Ég vil jafnframt hrósa hinum unga þingmanni fyrir hugrekkið sem hann sýndi og hefur sýnt hér í þingsölum. Ég hef kallað mjög eftir því í ræðum mínum hér í þinginu að þingmenn sýni hugrekki vegna þess að íslensk þjóð þarf á því að halda að hér starfi hugrakkir stjórnmálamenn sem þori að standa við sína eigin sannfæringu og sýna í verki að

þeir séu trúir því sem þeir hafa kynnt kjósendum sínum í kosningabaráttunni.

Mig langar að spyrja hv. þingmann, þar sem hann hefur einhverjar upplýsingar um hvernig þetta ríkisstjórnarsamstarf gengur fyrir sig: Er Samfylkingin með eitthvert plan B? Þekkir hv. þingmaður til þess en þetta virðist vera eina mál Samfylkingarinnar, eina lausnin á öllu því sem hér fer fram? (Forseti hringir.) Okkur hefur verið tíðrætt um hvort eitthvert plan B sé til hjá Samfylkingunni og hvort hv. þingmaður geti upplýst okkur um það.

[20:39]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Hún talaði um að ég hefði fjallað um kosti og galla Evrópusambandsins, það voru nú eitthvað færri kostirnir eða eitthvað hefur þá farið fram hjá mér.

Varðandi plan B hjá Samfylkingunni held ég að þú verðir að beina þeirri spurningu til Samfylkingarinnar en ekki mín. Ég get ekki svarað fyrir hönd Samfylkingarinnar um það hvaða plan hún hefur ef við komumst ekki í Evrópusambandið. Ég get svarað fyrir mitt leyti en ekki Samfylkingarinnar.

[20:40]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir þetta. Ástæðan fyrir því að ég beini þessari fyrirspurn til hv. þingmanns er einfaldlega sú að Samfylkingin getur ekki svarað þessari spurningu og ég tel það vera vegna þess að það er ekkert plan B. Nú er hv. þingmaður aðili að stjórnarsamstarfi við þennan flokk þannig að hann ætti kannski að reyna að kynna sér hvort Samfylkingin hafi slíkt plan — bara upp á framtíðina að gera.

Mig langar jafnframt til að beina þeirri spurningu til hv. þingmanns hvort hann telji þennan asa á málinu og áherslu Samfylkingarinnar á að koma þessu máli hér í gegnum þingið, tengist eitthvað meðferð þingsins á öðru máli sem gengur undir nafninu Icesave-málið, hvort hann telji vera eitthvert samhengi þar á milli.

Jafnframt langar mig að hvetja þennan unga hv. þingmann til þess að halda áfram á sömu braut, standa fast á sínum skoðunum og vera trúr sjálfum sér og ég vil fullvissa hann um að það er líf eftir samstarf við Samfylkinguna. Við sjálfstæðismenn þekkjum það, við þekkjum þessi vinnubrögð, þekkjum að láta stilla okkur upp við vegg vegna Evrópusambandsmála, og ég hvet þig til að halda áfram á sömu braut.

[20:41]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að halda hefðir á þingi.

[20:41]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir.

Ég ætla ekki að fullyrða hvort það er einhver tenging á milli ESB og Icesave, ég hef ekki trú á því. Þetta eru óskyld mál og ég lít svoleiðis á.

Varðandi asann sem er á þessu máli þá var það ekki að mínum vilja sem verið var að ræða Evrópusambandið á júlíkvöldi í sól og tuttugu og tveggja stiga hita til miðnættis hér á Alþingi, ég held að það liggi alveg ljóst fyrir.

[20:42]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni fyrir ræðuna og ég er að mörgu leyti sammála honum. Ég skildi alveg þegar hann sagði að það hefði verið lítill fugl með rauða bletti (**ÁsmD:** Appelsínugulan.) appelsínugulan lit, já fyrirgefðu, sem hvíslaði þessu að honum vegna þess að við vitum hverjum sá litur tilheyrir.

Hann kom inn á mikinn kostnað sem fylgdi því að sækja um aðild, að það séu þúsund milljónir og þá verði menn að gæta hófs. Deilir hann þá ekki þeim áhyggjum að menn muni ekki geta passað hagsmuni okkar Íslendinga með því að þurfa að gæta hófs og geti ekki kallað til erlenda sérfræðinga. Hefði ekki verið skynsamlegra í þessu stóra máli að menn hefðu þá frekar rýmri heimildir?

[20:43]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Jú, ég get tekið undir að það er dálítið sérstakt að skera við nögl og leggja áherslu á það í nefndaráliti að beitt verði ýtrustu aðhaldsaðgerðum og ekki notaðir aðkeyptir sérfræðingar og sparað alveg eins og hægt er þegar verið er að semja um fullveldisafsal. Ég hefði talið að eðlilegast í þessu væri einfaldlega að spara þessar þúsund milljónir, halda fullveldinu og hætta þessu djöfuls rugli. Þú afsakar orðbragðið, frú forseti.

[20:44]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti verður að minna hv. þingmann á að gæta orða sinna í þingsal.

[20:44]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góð svör og skilmerkileg. Tek heils hugar undir með honum um að það er sérstakt að vera að fara í þessa vegferð.

Hann nefndi að menn væru að skera niður í velferðarkerfinu og létu það bitna á öryrkjum og öldruðum þegar hægt væri að nota þessa peninga þar. Mig langar að fylgja því eftir og spyrja hann, af því að það hefur margoft komið fram, m.a. í ræðu hans, að menn tryðu því að við fengjum einhverjar undanþágur fyrir sjávarútveginn — sem ég held að sé að mati flestra þingmanna það ákvæði sem við getum aldrei sætt okkur við — hvort það hefði ekki verið hægt að fara einhverja einfaldari leið til þess að fá úr því skorið hvort það væri hugsanlegt og spara þá, eins og þú segir, allan peninginn í upphafi. Ég held að niðurstaðan verði sú að við fáum engar undanþágur fyrir sjávarútveginn.

[20:45]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna á þá hefð að tala í 3. persónu í þingsal og úr ræðustóli.

[20:45]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hefði talið að kosta mætti minna til en 1.000 milljónum til að finna út hvort við getum fengið undanþágur frá þessum helstu grundvallaratriðum. Ég hefði talið að mjög auðveldlega mætti gera þetta fyrir lága upphæð og þar fengjum við nægilega skýra niðurstöðu til að leggja mætti þetta í dóm þjóðarinnar.

[20:46]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni fyrir ræðu hans og svör. Við óttuðumst það sum á föstudaginn að hv. þm. Ásmundur Einar mundi ekki halda ræðu við þessa umræðu en hann hefur hins vegar gert það og komið á framfæri mjög mikilvægum sjónarmiðum, tel ég.

Ef við veltum fyrir okkur hinni pólitísku stöðu í þessu máli þá er hún auðvitað afar sérstök. Við þekkjum það auðvitað að sjónarmið flokkanna sem að ríkisstjórninni standa hafa verið ólík í þessu máli og það hefur sérstaklega verið vísað til þess að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er á því tekið með þeim hætti að flokkarnir eru sammála um að virða ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að Evrópusambandinu o.s.frv. Þessi orð og þau sem eru í kaflanum um Evrópumálin í stjórnarsáttmálanum virðast stjórnarflokkarnir eða menn innan stjórnarflokkanna hins vegar túlka með mjög mismunandi hætti. Ekki hefur verið hægt að skilja annað á málflutningi hæstvirtra ráðherra og þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en að í þessu fælist það sem t.d. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra, með leyfi forseta:

„Þessi stjórnarmyndun var vissulega ekki án fórna og málamiðlana af okkar hálfu og yfir það reynum við ekkert að breiða, t.d. þegar kemur að þeirri niðurstöðu stjórnarsamstarfsins að setja Evrópumálin í hendur Alþingis, en um leið er þar tryggður þingræðislegur og lýðræðislegur farvegur fyrir þetta afdrifaríka mál.“

Hvernig eigum við að skilja þessi orð hæstv. fjármálaráðherra? Ég skil þau þannig að samningur ríkisstjórnarflokkanna hafi gengið svo langt að málið færi inn í þingið sem stjórnarmál en það lægi hins vegar fyrir og það hefur raunar verið ítrekað í ummælum ýmissa talsmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að ekki væri um að ræða skuldbindingu til þess að tilteknir þingmenn greiddu atkvæði á tiltekinn veg. Þannig hef ég alltaf skilið þau ummæli sem hafa fallið af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Nú bar svo við á þingi í gær að hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir lét skína í einhvern allt annan skilning. Hún hafði reyndar áður verið með yfirlýsingu um að ef málið næði ekki fram að ganga á þingi mundi það kalla á, eins og hún orðaði það, að stjórnarflokkarnir settust niður og mætu stöðuna upp á nýtt en í umræðu í þinginu í gær tók hún skýrar til orða og sagði, svo ég vitni beint í orð hennar eins og þau voru höfð eftir henni í fjölmiðlum, með leyfi forseta:

„Vonandi verður atkvæðagreiðsla um tillögu um aðildarumsókn með þeim hætti að þessi ríkisstjórn starfi áfram.“

Hvernig á að skilja þau orð? Hvernig er hugsanlegt að skilja þau orð? Það verður ekki gert nema við veltum því fyrir okkur hvað hefði verið ef hún hefði sagt, ja, það er ekki hægt að skilja orð hennar með öðrum hætti en þeim að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar í þinginu um þessa þingsályktunartillögu geti orðið til þess að ríkisstjórnin starfi ekki áfram. Hvað felst í þeim orðum? Í þeim felst auðvitað hótun um það að Samfylkingin muni slíta stjórnarsamstarfinu ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð tryggir ekki framgang málsins á þinginu. Það er bara ekki nokkur leið að skilja þessi ummæli öðruvísi. Þetta er óvenju lítt dulbúin hótun af hálfu hæstv. forsætisráðherra í garð samstarfsmanna sinna í ríkisstjórn. Það er eiginlega með ólíkindum þegar helsti talsmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, kemur síðan upp í ræðustól, aðspurður um þetta, og gefur í skyn að hér hafi verið um að ræða einhver mismæli af hálfu forsætisráðherra, einhver vanhugsuð ummæli. Ég held ekki. Hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, sem hefur lengri þingreynslu heldur en við öll til samans, er afskaplega vön að orða hugsanir sínar þannig að það skiljist og það gerði hún í þessu tilviki. Þessi hótun hrökk ekkert óvart út úr henni, þetta var þaulhugsað. Og það er umhugsunarefni.

Svo ég víki að efnisatriðum málsins þá gefa þau tilefni til mikilla umræðna hérna og meiri umræðna en ég hef tök á að fara yfir í þeirri stuttu ræðu sem ég hef möguleika á að flytja núna. Ég ætla þó að reyna að koma nokkuð víða við og verð að biðja hv. þingmenn velvirðingar á því að ég get ekki staldrað nema stutt við hvert efni en mun vonandi fá tækifæri til að bæta úr því síðar í umræðunni.

Fyrst vildi ég nefna það að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason flutti afar athyglisverða ræðu fyrr í dag, undir kvöldmat. Margt er hægt að segja og taka undir mat hæstv. ráðherra á afleiðingum aðildar að Evrópusambandinu fyrir sjávarútveg og landbúnað en ég ætla að láta það liggja á milli hluta að þessu sinni en staldra aðeins við eitt atriði sem hann vék að í máli sínu. Þessi hæstv. ráðherra sem leiðir þá tvo málaflokka sem ætla má að verði umdeildastir í samningaviðræðum við Evrópusambandið, sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál, sagði um þá kostnaðaráætlun sem meiri hluti utanríkismálanefndar hlýtur að byggja sína niðurstöðu og sitt meirihlutaálit á, hann sagði um það álit: Þetta getur engan veginn staðist. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem ég fullyrði að þekkir afar vel til þeirra málaflokka og leiðir þá af hálfu ríkisstjórnarinnar, segir að það sem að honum snýr í sambandi við kostnaðaráætlunina geti engan veginn staðist. Á þessu byggir meiri hluti utanríkismálanefndar niðurstöðu sína, á því sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra telur að geti engan veginn staðist. Raunar má geta þess að fyrrverandi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem einnig þekkir vel til þeirra málaflokka, Einar K. Guðfinnsson, kom inn á það hér á föstudagskvöldið að þetta gæti með engu móti staðist. Þetta er bara partur af þeirri kostnaðaráætlun sem snýr að þessu tiltekna ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarmála. Ég þori að fullyrða að það sama á við um fjölmarga aðra málaflokka sem skautað

er létt yfir í þessu kostnaðarmati og farið er um almennum orðum með miklum fyrirvörum. Ég held að það sé alveg ljóst að kostnaðurinn, sem ég viðurkenni að er ekki aðalatriðið í þessu máli en engu að síður mikilvægt að hafa í huga upp á ákvarðanatöku, kostnaðarmatið er stórlega vanmetið. Ég kalla enn eftir því, t.d. af hálfu hv. formanns utanríkismálanefndar eða annarra sem til þekkja, að útskýrt verði fyrir mér hvort hv. utanríkismálanefnd eða meiri hluti utanríkismálanefndar hafi tekið afstöðu til þess sem vikið er að í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins um þessa tillögu hvort velja eigi ódýra nálgun eða dýra nálgun.

Þegar fjármálaráðuneytið hefur farið yfir kostnaðarmat utanríkisráðuneytisins segja þeir, fjárlagaskrifstofan, að það sé hægt að velja ódýra nálgun sem felur það í sér að það sé ekki lögð nein sérstök áhersla á sérstök samningsmarkmið, það sé ekki leitað ráðgjafar og það sé ekki miklu til kostað. Það má orða þetta á mannamáli þannig að það verði farið til Brussel með sama hvíta fánann og var farið fram með í Icesave-málinu og skrifað undir kröfur gagnaðilanna. Það er auðvitað ódýrt, það er ekki mikil fyrirhöfn í því. Menn geta farið með sama hvíta fánann og í Icesave-málinu og gefist upp og skrifað undir hvað sem að þeim er rétt. Það er hægt að gera það þannig. Hins vegar er alveg ljóst að ef menn ætla sér að fara í samningaviðræður af einhverju viti þurfa menn óhjákvæmilega að velja dýra leið. Þá þýðir ekkert að gera eins og utanríkisráðuneytið stingur upp á, að spara sömu peningana í þróunaraðstoð eins og átti að spara þegar utanríkisráðuneytið átti að uppfylla skilmála sína um almennan niðurskurð sem ákveðinn var fyrir nokkrum vikum, sömu peningana. Það er vísað til þess í áliti utanríkisráðuneytisins að það eigi að spara sömu krónurnar og ráðuneytið sparaði fyrir nokkrum vikum með því að skera niður í þróunaraðstoð. Nú geri ég ekki athugasemdir við það að skorið sé niður í þróunaraðstoð eins og á mörgum öðrum sviðum en það liggur í augum uppi að ekki er hægt að spara sömu krónurnar aftur og aftur. Ef menn ætla að ná fram almennri hagræðingu með því að spara, uppfylla skilmála ríkisstjórnarinnar um hagræðingu með því að spara í þróunaraðstoð þá gera menn það en þegar kemur að því að hagræða til að fjármagna samningaviðræður út af Evrópusambandsaðild þá geta menn ekki sparað sömu krónurnar og sparaðar voru nokkrum vikum áður. Þetta heitir á íslensku sjónarspil svo ég velji ekki sterkara orð. Það er verið að slá ryki í augu manna með því að setja fram svona tillögur, það er verið að slá ryki í augu þingmanna með því að halda þessu fram. En þetta er það sem meiri hluti hv. utanríkismálanefndar byggir niðurstöðu sína á, það eru svona traustar forsendur, það eru forsendur sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra segir að geti engan veginn staðist. Þetta er mikilvægt að hafa í huga.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að öðrum þætti sem mér finnst hafa verið nokkuð vanræktur í umræðunni og það eru spurningarnar um það hugsanlega ferli sem gæti átt sér stað verði tillaga hæstv. utanríkisráðherra samþykkt og verði farið í samningaviðræður. Það snýr að endataflinu, það snýr að því hvernig menn ætla að ljúka málinu. Þá vísa ég til ræðu sem hv. formaður utanríkismálanefndar flutti í gær þar sem hann virtist á einhvern hátt vera að reyna að tala sig inn á það að sú leið sem meiri hluti utanríkismálanefndar mælir með í þessu sambandi sé einhvern veginn sú eina færa. Slík túlkun er að mínu mati alröng. Það er auðvitað rétt að halda því skýrt til haga að í áliti þeirra lögfræðinga, prófessors í stjórnskipunarrétti og dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, sem um þetta fjölluðu fyrir utanríkismálanefnd, þá er þess auðvitað getið með skýrum hætti að það séu ýmsar leiðir færar í þessu sambandi, ýmsar leiðir færar í sambandi við bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu eða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, á hvaða stigi stjórnarskrárbreytingar eru ákveðnar o.s.frv. Það sem er í rauninni handfast og kannski það eina sem við getum ekki vikið okkur undan frá stjórnskipulegu og lögfræðilegu sjónarhorni er að Evrópusambandsaðild verður ekki samþykkt að óbreyttri stjórnarskrá. Þess vegna undrar það mig mjög hvernig hv. meiri hluti utanríkismálanefndar stillir málinu upp, að stjórnarskrárbreytingin sem er raunverulega eina nauðsynlega forsendan fyrir því að ákveðið verði að ganga í Evrópusambandið, stjórnarskrárbreyting er óhjákvæmileg, hversu seint í ferlinu þessari breytingu er stillt upp. Ég velti því fyrir mér hvort það sé til þess að reyna með einhverjum hætti að gera stjórnarskrárbreytinguna að formsatriði í stað þess að stjórnarskrárbreyting fái í allri málsmeðferðinni þá athygli sem henni ber. Í staðinn fyrir að þjóðin og þingið standi frammi fyrir þeirri spurningu hvort yfir höfuð sé vilji fyrir því að breyta stjórnarskránni með þeim hætti að það sé heimilt að framselja fullveldi til yfirþjóðlegrar stofnunar eigi einhvern veginn að fela það aftast í ferlinu þannig að allar ákvarðanir hafi í rauninni verið teknar og allt um garð gengið þegar kemur að því að breyta stjórnarskránni. Ég velti þessu fyrir mér. Og ég vildi lýsa því sem skoðun minni að ég tel að verði yfir höfuð farið út í það að sækja um aðild að Evrópusambandinu og verði lagt upp í þá för, þá sé langeðlilegast að stjórnarskrárbreytingar séu framarlega í því ferli en ekki aftarlega, að tekist sé á við þá spurningu framarlega í ferlinu hvort þing og þjóð eru þeirrar skoðunar að það eigi að vera heimilt að framselja hluta ríkisvaldsins, hluta fullveldisins til yfirþjóðlegrar stofnunar, að fólk, þingmenn sem aðrir, þurfi að standa frammi fyrir þeirri spurningu framarlega í ferlinu. Ég held að það fari miklu betur á því og þá er alveg ljóst að ef ekki er stuðningur við eða vilji til að breyta stjórnarskránni á þann veg, þá er öll hin vegferðin óþörf.

Það er alveg skýrt í mínum huga að ef því yrði hafnað að breyta stjórnarskránni þannig að fullveldisframsal væri heimilað þá væri engin ástæða til að setjast niður og semja við Evrópusambandið, það er alveg klárt. Þess vegna er það mitt mat að hér sé verið að fara í hlutina í vitlausri röð og ég vil halda því sterklega til haga að það væri eðlilegra að fara þessa leið.

Ef við förum í gegnum álit meiri hlutans þá eru í rauninni ótal mörg álitamál sem nefndarálitið vekur athygli á, víkur að eða víkur ekki að — og þar sem ræðutíma mínum er brátt lokið og hv. formaður utanríkismálanefndar er kominn í salinn þá get ég ekki látið hjá líða að spyrja hann einnar spurningar sem í sjálfu sér snertir kannski lítinn þátt þessa máls en hefur þó ekki verið mikið ræddur í þessari umræðu og það er hvaða afleiðingar eða hvaða áhrif það hafi að Ísland sé komið í umsóknarferli eins og það er kallað. Fullyrt hefur verið alveg gríðarlega mikið um það að

með því einu að sækja um aðild sé Ísland með einhverjum hætti komið í skjól af Evrópusambandinu, eigi möguleika á aðstoð þar í sambandi við fjárhagsleg málefni, peningamál eru sérstaklega nefnd, og vegna þess að ég sá í fljótu bragði ekki að það væri vikið mjög skýrt að þessu í áliti meiri hluta nefndarinnar þá vildi ég spyrja hv. þm. Árna Þór Sigurðsson hvort nefndin hafi komist að einhverri niðurstöðu í þessum efnum, þ.e. að hvaða leyti nefndin eða þá eftir atvikum hann, ef nefndin hefur ekki tekið afstöðu til þess, telji að Ísland verði komið í skjól Evrópusambandsins, eins og vinsælt er að segja, með því einu að sækja um og að hvaða leyti Ísland mundi þá eiga kost á einhverri aðstoð í sambandi við fjármál eða peningamál ef svo færi að við værum komin í umsóknarferli.

Ég held að það sé dálítið mikilvægt að þetta komi fram hér í umræðunni, umræðunnar vegna eins og við segjum, af því að það er svo margt fullyrt í þessu. Til gamans má geta þess að ég hef heyrt menn fullyrða, málsmetandi menn úr ýmsum flokkum, einkum Samfylkingu að það hljóti að vera heppilegt fyrir okkur að verða aðilar eða sækja um aðild að Evrópusambandinu af því að það muni hjálpa okkur varðandi lúkningu Icesave-málsins. Flestir sem ég hef talað við og flestir sem hafa tjáð sig um þetta hafa verið gagnstæðrar skoðunar. En það virðist hins vegar örla á þeirri skoðun, alla vega hjá sumum innan Samfylkingarinnar, að það að sækja um aðild að ESB muni einhvern veginn hjálpa okkur gagnvart Icesave. Mig langar því að spyrja hv. formann utanríkismálanefndar hvort hann sjái þennan flöt á málinu, hvort hann telji að þessi tvö mál séu með öllu aðskilin eða hvort það geti hugsanlega hjálpað okkur með einhverjum hætti varðandi lúkningu Icesave-málsins að vera kominn í umsóknarferli gagnvart Evrópusambandinu.

[21:06]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú hefur sú kynduga staða komið upp að þegar ég hafði óskað eftir að veita andsvar við ræðu þingmannsins ákvað hann að nota síðustu mínúturnar í ræðu sinni til að fara í andsvar við mig fyrir fram og spyrja mig nokkurra spurninga sem hann ætlaðist til að ég svaraði í andsvarinu, en ég hafði komið hér upp til að veita andsvar við ræðu þingmannsins. Sumu af því sem hann spurði mig að hef ég nú þegar svarað fyrr í umræðunni og ætla ekki að eyða orðum að því.

Það sem ég vildi koma að var það sem hv. þingmaður vék að varðandi stjórnarskrána þegar hann segir í ræðu sinni að meiri hlutinn vilji bersýnilega ekki ráðast í stjórnarskrárbreytingarnar fyrr en allt er um garð gengið. (**BÁ:** Mjög seint í ferlinu.) Mjög seint í ferlinu. Þessu má auðvitað snúa á haus og segja: Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki þjóðaratkvæðagreiðslu, hann vill ekki að þjóðin komi að málinu fyrr en allt er um garð gengið, búið er að gera allar formlegar breytingar á stjórnarskrá og samþykkja lög til staðfestingar aðild að Evrópusambandinu. Þarna er einfaldlega málefnalegur ágreiningur. Ég virði skoðanir Birgis Ármannssonar og hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins annarra sem hafa sagt þetta. Á bls. 35 í nefndarálitinu er sérstaklega tekið á þessu og sagt að þrátt fyrir það að aðildarsamningur sé borinn undir þjóðaratkvæði sé í sjálfu sér ekkert á móti því að í stjórnarskrárbreytingum sem síðan fylgja sé sett inn ákvæði um það að framsal ríkisvalds muni alltaf kalla á annaðhvort aukinn meiri hluta eða sjálfstæða samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta hefur margkomið fram í mínu máli á vettvangi nefndarinnar og í þinginu. Ég spyr: Af hverju tók Sjálfstæðisflokkurinn ekki í þessa sáttarhönd hvað þetta varðar?

Varðandi áhrifin, eins og hann spurði um, hvort Ísland væri komið í skjól, held ég, virðulegur forseti, tímans vegna að ég verði að fá að svara því í síðara andsvari, gefist tækifæri til þess.

[21:08]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þegar hv. þm. Árni Þór Sigurðsson talar um að Sjálfstæðisflokkurinn vilji fara með þjóðaratkvæðagreiðslu aftast í ferlið er það alveg rétt. Það er vegna þess að áhersla Sjálfstæðisflokksins, eins og hún birtist í nefndaráliti 1. minni hluta utanríkismálanefndar, gengur einmitt út á það að þjóðin eigi síðasta orðið. En hv. þm. Árni Þór Sigurðsson gleymir því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur líka lagt til í þessu máli að þjóðin eigi fyrsta orðið, þ.e. að það verði borið undir þjóðina og leitað stuðnings við það eða andstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort við eigum að fara í þetta ferli eða ekki. Við getum haft mismunandi skoðanir á því hvort það er heppilegt, eðlilegt eða rétt en það er alla vega ekki hægt að halda því fram í þessu máli að Sjálfstæðisflokkurinn sé að veigra sér við því að leita álits þjóðarinnar á skrefum í þessu máli, þvert á móti. Það liggur fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn vill, eins og hv. þm. Ásmundur Einar Daðason orðaði það svo vel áðan, láta þjóðina eiga bæði fyrsta og síðasta orðið. Síðan bíð ég spenntur eftir svari hv. þingmanns við síðari spurningunni.

[21:10]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi þá spurningu sem ég átti ósvarað um það sem hv. þingmaður spurði mig að í ræðu sinni og ætlaðist til að ég nýtti andsvar mitt til að svara, um hvaða áhrif þetta hefði allt saman, hvort Ísland væri komið í skjól í umsóknarferlinu.

Þetta var ekkert sérstaklega rætt á vettvangi nefndarinnar að öðru leyti en því að menn höfðu ýmsar skoðanir á þessu. Ég lít ekki svo á að Ísland sé komið í eitthvert sérstakt skjól af Evrópusambandinu jafnvel þó að tekin sé ákvörðun um að sækja um aðild. Það eru bara margar reynslusögur sem aðrar þjóðir hafa, ýmsar þjóðir hafa fengið strax í viðræðuferlinu fjárhagslegan eða efnahagslegan stuðning frá Evrópusambandinu, t.d. til þess að standa straum af kostnaði við hluti eins og þýðingar og annað slíkt. Það er ekki sjálfgefið að slíkt fáist en það eru möguleikar til þess. Um það þarf að semja við Evrópusambandið við upphaf viðræðna og það kann vel að vera að það sé eitthvað sem íslensk stjórnvöld mundu kjósa að gera ef til þessa kemur, en að öðru leyti tel ég ekki að menn séu komnir í neitt sérstakt skjól.

[21:11]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Varðandi síðasta atriðið er ég sammála mati hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að Ísland verði ekki komið í neitt sérstakt skjól af Evrópusambandinu hvorki varðandi efnahagsmál né fjárhagsmálefni, peningamál né annað. Ég held að allar fullyrðingar sem fram hafa komið í opinberri umræðu um hið gagnstæða séu byggðar á tómri óskhyggju.

Varðandi hins vegar það sem hv. þingmaður nefndi og hæstv. utanríkisráðherra hefur svo gott sem vísað til um hugsanlegan fjárhagsstuðning — hæstv. utanríkisráðherra nefndi það sérstaklega vegna þýðinga — þá get ég ekki annað en tekið undir þau orð sem féllu í umræðum í dag að það er auðvitað mjög sérstakt að ætla að fara í samningaviðræður við einhvern aðila og ætla að vera rosalega harður á samningsmarkmiðunum og segja svo: Áttu ekki einhverja aura handa mér svo ég geti komist aðeins áleiðis í þessu? Það er ekki góður bragur á því og ekki mikill sómi fyrir sjálfstætt ríki að standa þannig að málum. (Gripið fram í.)

Ég hygg líka (Forseti hringir.) að slíkur fjárhagsstuðningur sé fyrst og fremst veittur þjóðum sem eru raunverulega fátækar en þrátt fyrir allt erum við Íslendingar það ekki.

[21:12]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir ágæta og efnismikla ræðu. Hann kom inn á nokkur atriði og þar á meðal hjó ég eftir þeim orðum hans „að fara til Brussel með sama hvíta fánann og í Icesave“. Ég tek undir og vil þá gjarnan spyrja hv. þingmann hvort hann noti þetta orðalag vegna þess að hann hafi áhyggjur af því að niðurstaða þessara viðræðna kunni að verða jafn... ja, nú er spurning hvaða orð maður á að nota, jafnklaufaleg eða jafnslæm (**Gripið fram í:** Niðurlægjandi.) eða niðurlægjandi og Icesave-niðurstaðan, hvort hann deili þeirri skoðun með mér.

Þá væri líka ágætt að heyra skoðun hans á því hvort Evrópusambandsumsóknin og sá mikli hraði sem virðist vera á málinu, þ.e. að sérstaklega öðrum stjórnarflokknum, Samfylkingunni, virðist liggja mjög á að komast inn í Evrópusambandið, hvort hann telji að það hangi á Icesave-samkomulaginu.

Ég vil svo taka undir orð hv. þingmanns þegar hann ræddi um þetta skjól sem svo margir hafa gefið í skyn að væri af Evrópusambandinu eða stuðningur eða að hér mundi allt breytast til betri vegar um leið og við værum búin að sækja um, að það er vitaskuld blekking ein og til þess eins að reyna að afla fylgis við þessa skoðun. Það er alveg ljóst, og kom ágætlega fram í máli hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar áðan, að Evrópusambandið kostar miklu til til að bæta ímynd sína og mig grunar að þeir sem halda þessu fram hér á Íslandi og hafa haldið slíku fram undanfarnar vikur og mánuði séu einmitt að því til að bæta ímynd sína.

[21:14]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson vék að mörgum málum í stuttu andsvari og ég mun reyna að fara hratt yfir.

Já, ég hef ákveðnar áhyggjur af því að það geti skaðað hagsmuni Íslendinga ef farið verður í samningaviðræður við Evrópusambandið með það að meginmarkmiði að ná samningum miklu frekar en að hafa það að meginmarkmiði að standa á hagsmunum Íslands. (Gripið fram í.) Hér er spurt úr sal hvernig aðrar þjóðir komust í gegnum þetta. Aðstæður annarra þjóða eru, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir þekkir, afskaplega mismunandi. Í sumum tilvikum kann að hafa verið skynsamlegt fyrir þær að ganga inn í Evrópusambandið, í sumum tilvikum ekki, en við hljótum auðvitað að meta þetta út frá okkar sjónarmiðum. Ég held að það sé áhyggjuefni ef Samfylkingin, sem greinilega vill fara inn í Evrópusambandið nánast hvað sem það kostar — það hefur a.m.k. ekki komið fram í þessari umræðu neitt sem bendir til þess að Samfylkingin sjái fyrir sér þá atburðarás að það geti eitthvað komið upp í samningaviðræðunum sem geri okkur ómögulegt að semja, það hefur ekki komið með skýrum hætti fram í umræðunni — ég hef áhyggjur af því að ef menn fara í samningaviðræður með slíku hugarfari geti það leitt til óhagstæðrar niðurstöðu, það er alveg rétt.

Varðandi önnur atriði sem hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson nefndi heyrist mér að við séum bara fyrst og fremst sammála og ég ætla því ekki að fara mörgum orðum um það. Ég held hins vegar að það sé mikilvægt að hafa í huga í þessu sambandi að hvernig sem menn vilja líta á tengsl þessara tveggja mála, Icesave og ESB, umsókn um ESB, hvort þar er um bein tengsl eða óbein að ræða, þá er það (Forseti hringir.) frá mínum bæjardyrum séð óheppilegt að sækja um á sama tíma og Icesave-málið er óleyst.

[21:16]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var einmitt þessi síðasta setning sem vantaði kannski aðeins í þessa umræðu áðan, það er akkúrat þetta að það er mjög óheppilegt og varasamt að fara í slíkar viðræður á sama tíma og við erum með þetta Icesave-mál hangandi yfir okkur ef það er ekki beinlínis beintengt. Ég óttast því miður að þetta sé mun meira tengt heldur en menn vilja vera láta. Því miður get ég ekki vitnað í skjöl sem eru leynigögn því til sönnunar en ég er hins vegar búinn að lesa þau leynigögn.

Ég tek undir það sem hv. þm. Birgir Ármannsson kom að áðan að það að ætla að ná samningum, að fara í samningaviðræður og ætla að ná samningum, nánast hvað sem það kostar eða alla vega gefa ekki skýr skilaboð um það hverju má ekki fórna, er vitanlega mjög varasamt og það gefur gagnaðilanum betra færi heldur en okkur. Ég veit að þingmaðurinn hefur meiri reynslu heldur en ég af samningamálum.

[21:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu og alveg sérstaklega þar sem hann gagnrýndi ferlið, í hvaða röð hlutirnir eru gerðir. Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir, sem er lögfræðingur eins og hv. þm. Birgir Ármannsson, kom með

athyglisvert sjónarhorn á þetta mál. Ég vil nýta þekkingu hv. þingmanns sem lögmanns og spyrja hann að því og ég held að það sé mjög mikilvægt að það komi fram í umræðunni öll sjónarmið og öll þekking þingmanna, ég vil spyrja hv. þingmann að eftirfarandi:

Stjórnarskráin bannar aðild að Evrópusambandinu. Það er hreinlega bannað gagnvart núgildandi stjórnarskrá að ganga í Evrópusambandið vegna þess að það felur í sér afsal fullveldis og sjálfstæðis. Nú liggur fyrir tillaga um það að „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“ Alþingi er að leggja til að framkvæmdarvaldið geri eitthvað, biðji um aðild að Evrópusambandinu sem er bannað samkvæmt stjórnarskrá. Ég vil spyrja hv. þingmann sem lögmann: Er það þinglegt yfirleitt að menn séu að ræða þetta á þessum nótum? Ef svarið er já, brýtur þetta stjórnarskrána? Ef það er reyndin og ef einhver ætlar að gera athugasemdir við það hvert snýr hann sér ef hann vill kæra þessa niðurstöðu?

[21:19]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Varðandi síðasta atriðið verð ég að játa að ég hef ekki hugleitt það þannig að ég ætla að taka mér betri tíma til að hugleiða það hvert eigi að kæra ef menn telja að verið sé að brjóta stjórnarskrána með þessu ferli. Ég vildi hins vegar segja að þrátt fyrir að við hv. þm. Pétur Blöndal séum hygg ég afar sammála um öll meginatriði í sambandi við Evrópusambandsmálin þá er ég ekki viss um að við séum sammála um þann skilning að það sé stjórnarskrárbrot að hefja viðræður. Ég get ekki séð að Alþingi sé óheimilt að fela stjórnvöldum að fara í viðræður að óbreyttri stjórnarskrá þó það sé hins vegar ankannalegt. Það er að mínu mati ankannalegt að Alþingi feli stjórnvöldum að fara í ferli sem á að enda með samkomulagi sem síðar þarf stjórnarskrárbreytingu til að fullgilda eða staðfesta. Ég hef ekki verið tilbúinn til að halda því fram í þessari umræðu að samþykkt Alþingis á þessari þingsályktunartillögu eða framgangur samningaviðræðna sem slíkur væri óheimill þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár. Hins vegar er alveg ljóst að ekki er hægt að fullgilda samninginn fyrr en stjórnarskránni hefur verið breytt.

En það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður bendir á að það er auðvitað undarleg röð á hlutunum að byrja að samþykkja ályktun sem er ekki stoð fyrir í gildandi stjórnarskrá, fara síðan í viðræður sem er ekki stoð fyrir í stjórnarskránni, fara í þjóðaratkvæðagreiðslu sem er ekki stoð fyrir í stjórnarskránni og ætla síðan að breyta stjórnarskránni. Það er auðvitað mjög einkennileg röð á hlutunum.

[21:22]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmenn á Alþingi Íslendinga hafa svarið eið að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, þessari og engri annarri, ekki einhverri væntanlegri eða breyttri. Það veit enginn hvort henni verður nokkurn tíma breytt. Það er að þessari stjórnarskrá með þessum ákvæðum nákvæmlega sem við höfum svarið eið. Ef hv. þingmenn ætla að leyfa sér að koma með þingsályktunartillögu sem leggur til að framkvæmdarvaldið brjóti stjórnarskrána … (**RR:** Mótmæli.) Ég vil spyrja hv. þingmann sem löglærðan mann hvort þetta sé ekki í rauninni brot á stjórnarskránni sem menn hafa verið uppteknir af að leiðrétta á liðnum árum. Þegar Hæstiréttur dæmdi í öryrkjadómnum eða kvótadómnum að lög brytu stjórnarskrá þá flýtti hv. Alþingi sér að breyta lögunum þannig að þau samrýmdust stjórnarskrá.

[21:23]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka þann skilning minn að túlkun stjórnarskrárinnar standi ekki í vegi fyrir því að menn hefji viðræður við Evrópusambandið um aðild. Ég fæ ekki séð að slíkar undirbúningsaðgerðir gætu verið óheimilar. Það er auðvitað hugsanlegt með mjög teygjanlegri lögskýringu að tala um tilraun til brots en ég held þó að það þyrfti að teygja sig töluvert langt til að komast að slíkri lögfræðilegri niðurstöðu. Ég held því að ekki sé hægt að segja að það sé stjórnarskrárbrot að hefja viðræður en ég er hins vegar alveg sammála því og lýsti því í ræðu minni að það er mjög einkennileg röð á hlutunum að ætla að fara í alla ferla málsins án þess að laga þessar stjórnskipulegu forsendur fyrst.

[21:24]

Útbýting:

Framhaldsskólar, 156. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 274.

[21:24]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef gaman af því að taka þátt í umræðum um Evrópusambandið. Fyrir mér er þetta nokkur upprifjun frá því að ég tók þátt í mjög miklum umræðum um þetta á sínum tíma. Það var sérstaklega á þeim tíma sem mikil umræða var ekki aðeins um aðkomu Íslands að þessu heldur var ég svo lánsamur að vera í alþjóðasamtökum, nánar tiltekið Evrópusamtökum ungra hægri og miðflokka á þeim tíma þegar Svíar og Finnar voru að setja sig í stellingar að fara inn og fleiri þjóðir. Þá var mjög mikið rætt um Evrópusambandið og hlutverk þess. Mér finnst það að vísu hafa vantað í umræðuna í dag og í umræðuna almennt, ég hef varla heyrt að menn ræði um Evrópusambandið, hvað það er og til hvers það var stofnað og hvert það gæti þróast.

Á þeim tíma man ég að þá ætlaði enginn ungur stjórnmálamaður í þessum löndum að bjóða sig fram til þjóðþings, allir ætluðu á Evrópuþingið því þar yrðu stóru ákvarðanir teknar en þjóðþingin yrðu einhvers konar héraðsþing þar sem menn tækju smærri ákvarðanir sem sneru að löndunum sem mundu fljótt verða að einhvers konar ríkjum ekki ósvipað eins og í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Það er auðvitað þannig þegar menn skoða sögu Evrópusambandsins — og Evrópusambandið er mjög merkilegt fyrirbæri — þá er það til komið af góðu. Það er til komið vegna þess að bara á síðustu öld var tvisvar slíkur ófriður í álfunni að hann leiddi til heimsófriðar. Eftir þær hörmungar settust menn niður og reyndu að finna leiðir til að það yrði

friðsamt í álfunni um alla framtíð. Niðurstaðan varð sú að menn lögðu það á sig eftir nokkrar atrennur að fara í nánara samstarf á milli Evrópuríkja. Fyrst í stað voru þetta Benelux-löndin, Belgía, Holland og Lúxemborg, ásamt Frakklandi, Vestur-Þýskalandi og Ítalíu. Það var alveg skýrt að markmið þeirra aðila sem um þetta véluðu, var að hafa náið samstarf á milli ríkjanna til að viðhalda friði. Í rauninni er það svo að sameiginlegi markaðurinn og sameiginlega landbúnaðarstefnan, og menn deila um það hvort sameiginlega sjávarútvegsstefnan hafi þá dottið inn óvart eða sökum þess að sjávarútvegsmálin eru svo lítill partur af efnahag þessara ríkja og eru vanalega inni í landbúnaðarráðuneytunum eða hvort þetta var áætlun de Gaulle vegna þess að hann reyndi hvað hann gat að halda Bretlandi fyrir utan Evrópusambandið og bara sem varnagla fór sjávarútvegsstefnan þar inn þannig að Evrópusambandið getur þá náð yfir fiskveiðilögsögu Breta. En það er kannski ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að menn lögðu af stað í þessa vegferð til að viðhalda friði í álfunni og það hefur gengið eftir, að vísu ekki bara vegna Evrópusambandsins heldur hefur svo sannarlega líka Atlantshafsbandalagið og hugsanlega Sameinuðu þjóðirnar og ýmislegt annað stuðlað að því að menn hafa náð þeim árangri sem sagan segir okkur að er alls ekki sjálfsagður.

Umræðan um Evrópusambandið núna hefur verið afskaplega lítið á þennan veg á Íslandi og ekki einu sinni hjá fræðimönnum. Nú eru fræðimenn mjög uppteknir af Evrópusambandinu og ég verð að segja að mér finnst þeir vera helst til uppteknir vegna þess að ég tel að það vera vanda í okkar litla landi og ég er að vonast til að við séum að læra af því en það er ákveðin hjarðhegðun í mjög mikilvægum þáttum þjóðfélagsins. Það er oft og tíðum í fjölmiðlunum, akademíunni, svo sannarlega í stjórnmálunum að menn komast í rauninni að einhverri niðurstöðu og ræða um málið innan einhvers ramma. Mér finnst það nákvæmlega vera uppi í t.d. akademíunni þar sem menn ættu í rauninni að ræða fleiri þætti sem snúa að hagsmunum Íslands hvort það séu raunhæfir fleiri möguleikar. Sömuleiðis væri æskilegt að menn mundu ræða það hvar Evrópusambandið er og hvert það mundi þróast en það hefur farið afskaplega lítið fyrir þeirri umræðu. Þess í stað og það sést kannski best þegar maður skoðar ræður utanríkisráðherra við framlagningu þessa máls, ræðu forsætisráðherra, ræðu formanns utanríkismálanefndar þá er varla vikið að þessum þáttum, þ.e. fyrir hvað þetta Evrópusamband standi og hvert það stefnir. Þess í stað í rauninni eingöngu rætt um praktíska hluti sem snúa að Íslandi og það er eins og menn séu að fjárfesta í einhverjum hlut og hvort hér sé um að ræða góð kaup eða ekki. En málið er auðvitað miklu stærra en svo.

Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fara yfir t.d. atriði sem eru mjög mikið ræddi innan sambandsins. Þar er hart tekist á um það, ekki bara á Evrópuþinginu heldur í umræðum þeirra landa sem eru í Evrópusambandinu, sem er alla jafnan kallað lýðræðishallinn. Það vísar þá sérstaklega til þess að þegar til Evrópusambandsins er stofnað þá teikna menn þetta ekki upp eins og ríki af því að Evrópusambandið er ekki ríki. Hins vegar eru mjög öflugir aðilar innan þess og má færa full rök fyrir því að þeir sem voru hugmyndafræðingar Evrópusambandsins hafi stefnt í þá áttina enda hefur þetta mörg einkenni ríkis. T.d. mundi ég segja að tollabandalagið væri ein afleiðing þess en þannig er málum fyrir komið að ef Ísland gengur í Evrópusambandið mundi gilda það sama með þá hluti eins og hjá öðrum ríkjum innan Evrópusambandsins að við sæjum þá ekki lengur um okkar utanríkisviðskipti. Það væri þá á vettvangi Evrópusambandsins sem gerir alla viðskiptasamninga fyrir hönd allra þjóðríkjanna. Allir tollar eru sameinaðir innan svæðisins, þ.e. ef ríki flytur inn vöru inn í eitthvert ríki Evrópusambandsins þá er sama regla í því ríki eins og öllum hinum.

T.d. á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þar hefur Evrópusambandið haldið algerlega utan um viðskiptamálin fyrir hönd allra ríkjanna. Sambærilegt, þó það sé ekki það sama, á við í umhverfismálunum að það er Evrópusambandið sem heldur utan um málefni allra ríkjanna á vettvangi Kyoto-samninganna sem svo eru kallaðir. Það hefur leitt til þess að Evrópusambandið — og það á sér líka sögulegar rætur — hefur ekki verið því fylgjandi eða í forsvari fyrir því að auka viðskiptafrelsi í heiminum sem slíkum. Áhersla Evrópusambandsins hefur fyrst og fremst snúið að innri markaði og hefur margoft verið gagnrýnt fyrir það að halda öðrum ríkjum fyrir utan sína markaði. Fátæk ríki hafa sérstaklega gagnrýnt þetta og hafa þau nefnt praktísk rök fyrir því. Sambandið hefur í rauninni verið gagnrýnt fyrir að vera svona eins og kallast á ensku „rich men's club“ og viljað halda uppi háum tollum til að vernda framleiðslu Evrópusambandsríkjanna. Þetta hefur m.a. komið fram í því að í þessum sjö eða átta lotum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem áður voru GATT-viðræðurnar, þá hefur Evrópusambandið aldrei haft frumkvæði að neinum þessum lotum. Það er enginn vafi að ef við gengjum í Evrópusambandið þá mundu tollar hjá okkur taka einhverjum breytingum og það yrði jafnvel til þess að tollar á þeim vörum sem eru tiltölulega lágir núna mundu hækka.

Ég nefndi í upphafi að þetta tengdist lýðræðishallanum, að Evrópusambandið er ekki byggt upp sem ríki. Það var alveg eins með Bandaríkin sem voru á sínum tíma í rauninni, menn fóru af stað að vísu miklu fyrr í ferlinu, miklu yngra ríki. Í rauninni eru Bandaríkin bandalag ríkja sem kallast „state“ á enska tungu. Þar teiknuðu menn strax upp eina stjórnarskrá. Það var ekkert sjálfgefið að það mundi takast. Þeir byggðu þetta upp með þeim hætti að t.d. þegar er kosið til löggjafarsamkomunnar á hvert ríki, sama hversu lítið það er, tvo fulltrúa. Hins vegar er kosið eftir hlutfalli íbúa í fulltrúadeildina. Síðan er mikið lagt upp úr því að hafa aðskilnað milli dómsvalds, framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Hvað sem mönnum finnst um bandaríska kerfið þá er þetta nokkuð skýrt. Það er hins vegar ekki hægt að halda því fram að þannig sé málum fyrir komið á vettvangi Evrópusambandsins. Gagnrýnin hefur verið mjög í þá veru í fyrsta lagi að völd embættismanna sem enginn kýs og lítið eftirlit er með sé gríðarlega mikið og sömuleiðis að það sé mjög erfitt fyrir kjósendur og íbúa í Evrópusambandinu að hafa beinan aðgang að ákvörðunum eða geta veitt þeim sem taka ákvarðanir aðhald með því að kjósa einhverja aðra. Þá erum við að vísa til þess að það eru í rauninni teknar margar ákvarðanir á vettvangi Evrópusambandsins sem svo sannarlega hefur ekki verið fjallað um eða lítið eða ekki á

þessum lýðræðislega vettvangi sem við eigum að venjast í hefðbundnum lýðræðisríkjum.

Á sama hátt hefur verið gagnrýnd mjög mikil spilling innan Evrópusambandsins. Ég held að ég fari rétt með það, alla vega síðast þegar ég kannaði það, þá höfðu endurskoðendur Evrópusambandsins, skoðunarmenn reikninga ekki treyst sér til að skrifa upp á reikninga Evrópusambandsins í 11 síðustu ár einfaldlega vegna þess að þeir gátu ekki ábyrgst eða séð hvert stór hluti fjárframlaga Evrópusambandsins fór. Þá er sérstaklega vísað til hinna ýmsu styrkja. Sannarlega eru í þessu stóra batteríi, sem menn gagnrýna að sé langt frá kjósendum, margar hirslur og ýmsar leiðir fyrir aðila til að ná sér í fjármuni ef þeir hafa til þess þekkingu.

Síðan hefur verið tekist mjög á um það hvernig menn skuli leysa þessa hluti. Annars vegar eru þeir sem hafa verið kallaðir sambandsríkjasinnar sem hafa ýtt á það að yfirþjóðlegt vald Evrópusambandsins verði aukið. Þeir gera það í nafni lýðræðis, segja að það sé hreinlegasta leiðin til að hægt sé að veita þeim sem fara með völdin aðhald, þ.e. að menn teikni þetta hreint upp ekki ósvipað og Bandaríki Norður-Ameríku. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í þessa veru. Síðast var það stjórnarskráin og í kjölfarið Lissabonsáttmálinn sem er enn þá í staðfestingarferli, áður Maastricht og Nice og slíkir sáttmálar sem allir eiga það sameiginlegt að auka völd Brussel-valdsins og færa sambandið í átt að sambandsríki. Allir þessir sáttmálar og þessar tilraunir eiga það sameiginlegt að hafa farið illa ofan í ríki og yfir í viðkomandi þjóðir sambandsins og hafa oftar en ekki verið felldir jafnvel hjá þeim þjóðum sem hafa gengið hvað lengst í samrunaferlinu. Er ég þá að vísa til viðhorfa þessara þjóða og stjórnmálamanna viðkomandi ríkja.

Það er mjög áhugavert og hollt fyrir þingmenn og forustumenn og þá sem vilja kynna sér þessi mál að tala beint við þá aðila sem um þessa hluti véla. Evrópusambandsþingið er þannig uppbyggt að eftir stækkunarferlið verða þar held ég 750 þingmenn eða 755 þingmenn, eitthvað þar um bil. Þar skiptast þingmenn í flokka eftir þessum hefðbundnu leiðum, það eru mið- og hægri flokkar sem eru í einum hópi, það eru sósíaldemókratar, það eru miðjuflokkar. Þetta er ekkert ósvipað fjórflokknum eins og á Íslandi. Flestir þeir sem eru á Evrópuþinginu eru þess fylgjandi að auka völd þingsins og minnka þar af leiðandi völd þjóðríkjanna.

Það hefur hins vegar gerst að það er nokkuð mikil gerjun í þessu sem hefur leitt af sér t.d. að breski íhaldsflokkurinn hefur sagt skilið við mið- og hægri flokka grúppuna og hefur myndað annan þingmannahóp sem eru nokkuð miklar fréttir. Gerðist þetta í kjölfar forustuskiptanna þegar David Cameron tók yfir og tók þá línu en það hafa verið miklar deilur almennt. Ég veit að vísu ekki hvernig það er hjá sósíaldemókrötunum en í það í minnsta mið- og hægri flokkunum hafa verið mjög ólíkar skoðanir innan þeirra hópa sem ég þekki á milli Mið-Evrópuríkjanna og þessara stofnaðila Evrópusambandsins annars vegar og Breta hins vegar. Hefur það þá aðallega verið á þann veginn að þessir hefðbundnustu kjarnar ríkja hafa viljað auka vald Brusselvaldsins á meðan Bretar og síðan líka mörg Austur-Evrópuríki vilja reyna að minnka eða halda þeirri þróun niðri.

Síðan eru mjög margir hlutir sem er hægt að ræða en það er erfitt að gera í þessari stuttu ræðu. Það hafa verið færð rök fyrir því að það sé gott að hafa Evrópusamband vegna þess að innan Evrópu — bæði innan Vestur- og Austur-Evrópu — eru mikil átök milli þjóðernisbrota innan ríkja þó svo það sé ekki mikið áberandi í heimspressunni. T.d. get ég nefnt Baska á Spáni. Við getum sagt að í Bretlandi hafi bæði Skotar og jafnvel Walesbúar verið með miklar skoðanir á eigin sjálfstæðismálum. Menn hafa séð þetta sem lausn. Svo eru auðvitað ýmis þjóðabrot sem eru í hinum ýmsu Evrópuríkjum og þetta á sér allt sögulegar skýringar. Menn hafa litið á Evrópusambandið sem lausn á þessu, þ.e. það sé auðveldara t.d. fyrir Skota og Baska að sætta sig við vald Evrópusambandsins í staðinn fyrir í þessu tilfelli Spánarvaldið eða Madridarvaldið eða Lundúnavaldið.

Fyrir þá aðila, alveg sama hvar viðkomandi land er, þá kemur þróun í tengslum við þessa hluti því landi við. Svo sannarlega höfum við nú þegar orðið fyrir áhrifum af því að taka þátt í Evrópusamstarfi. Það má nefna sameiginlega evrópska markaðinn, Evrópska efnahagssvæðið í tengslum við framboð vöru og þjónustu og reglum sem því viðkemur. Við sem erum nú í þingsalnum, sem eru ekki mörg, erum öll á þeim aldri, held ég, að við unnum t.d. sumarvinnu og byrjuðum mjög snemma. Ég bar t.d. út Þjóðviljann þegar hæstv. utanríkisráðherra var ritstjóri þess blaðs og kom því samviskusamlega til þeirra alþýðubandalagsmanna og annarra sem keyptu Þjóðviljann í Borgarnesi. Ég held að ég hafi verið 10 ára gamall þegar ég byrjaði að bera út leiðara Össurar Skarphéðinssonar. En núna er 10 ára börnum bannað eftir því sem ég best veit að stunda slíka iðju og það hefur verið mjög hert á því t.d. hvernig börn og unglingar fái að vinna. Ég er ekki viss um að sú breyting hafi verið til góðs þó svo að (Gripið fram í.) færa megi full rök fyrir því að ég hafi rétt svo sloppið fyrir horn með því að stunda þessa iðju að bera út blað hæstv. núverandi utanríkisráðherra Össurar Skarphéðinssonar. Það slapp fyrir horn.

Virðulegi forseti. Loksins vaknaði hæstv. utanríkisráðherra. Ég er búinn að fara gaumgæfilega yfir feril minn sem blaðbera við Þjóðviljann. Ég var ekki aðeins blaðberi Þjóðviljans heldur líka umboðsmaður og það er lengri saga sem ég ætla ekki að rekja í þessari ræðu en ég hef það mér til afsökunar að ég var 10, 11 eða 12 ára gamall. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Við sjáum hins vegar svo ég fari aftur inn á almennar hugleiðingar um Evrópumálin, þá sjáum við eins og hér hefur verið rætt, hér var rætt að Evrópusambandið eyddi meira en Coca Cola í að kynna sína vöru. Þá hefur verið unnið mjög mikið í því að búa til sameiginlega evrópska vitund, eins og það er kallað. Við erum að sjá evrópskan fána sem er með 15 stjörnum. Stjörnunum var alltaf fjölgað eftir því sem aðildarríkjunum fjölgaði en menn ákváðu að stoppa við 15 og fyrirmyndin augljóslega frá Bandaríkjunum. Menn hafa búið til einhvers konar þjóðsöng fyrir Evrópusambandið sem er 9. sinfónía Beethovens og síðan erum við með merki Evrópusambandsins víðs vegar. Og ég held að sé einsdæmi en ef Evrópusambandið styrkir einhverja hluti þá er mikið lagt upp úr því að sýna það með einhverjum veglegum hætti til að bæta ímynd sambandsins en ímynd sambandsins meðal íbúa aðildarríkj-

anna hefur versnað mjög á undanförnum áratugum. Bæði hefur ímyndin versnað og sömuleiðis hefur kosningaþátttaka í kosningum til Evrópusambandsins minnkað mjög. Ein af ástæðunum er sú að menn hafa í aðildarríkjum sambandsins þegar erfið mál hafa verið annars vegar þá er reynt að ýta þeim til Evrópusambandsins til að geta sagt að þetta sé ekki í þeirra verkahring, þetta sé í verkahring Evrópusambandsins.

En hvernig snýr þetta að Íslandi? Ef við einföldum hlutina má í rauninni segja að það sem snýr mest að Íslandi praktískt er hin sameinaða landbúnaðar- og sjávarútvegsstefna, það eru gengis- og gjaldeyrismálin og það er áhrif Íslands og síðan kostnaður við þátttökuna. Ég mundi segja að þessir fjórir þættir skiptu mestu máli í hugum flestra.

Ég ætla að vekja athygli á bók sem allir þingmenn hafa fengið. Hún heitir *Inni eða úti? Aðildarviðræður við Evrópusambandið* eftir Auðun Arnórsson og gefin er út af Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetri um smáríki. Þar, virðulegi forseti, á bls. 25, í kafla sem heitir „Framkvæmd aðildarviðræðna“, segir, með leyfi forseta:

„Séð frá bæjardyrum Evrópusambandsins snúast aðildarviðræður í raun aðeins um það hvernig hið væntanlega nýja aðildarríki innleiðir alla gildandi sáttmála, löggjöf og stefnumið sambandsins (á vettvangi ESB tíðkast að vísa til þessa alls í heild undir heitinu „acquis“ upp á frönsku.“ — Ég ber þetta örugglega ekki rétt fram, virðulegi forseti. — „Í reynd er þó alltaf eitthvert svigrúm til að sýna sveigjanleika; oft er samið um sérstaka aðlögun að tilteknum reglum ESB, tímabundnar undanþágur og sérlausnir.“ — Ég endurtek: „tímabundnar undanþágur og sérlausnir.“

Það er bara ekki þannig, virðulegi forseti, að við breytum Evrópusambandinu. Við göngum í Evrópusambandið og alveg sama hvaða hug einstök aðildarríki bera til okkar, þannig er málum fyrir komið. Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, svo ég vísi í persónulega reynslu, þá var það sem hafði kannski mest áhrif á mig að heyra breskan þingmann sem var úr sjávarútvegskjördæmi — og þau eru ekki mörg í Bretlandi — tala um sjávarútvegsmálin. Hann sagði: Mesta breytingin liggur í því að þegar kjósandi kemur til mín og kvartar undan sjávarútvegsmálunum þá verð ég að segja við viðkomandi einstakling: Þú getur ekki talað um þetta við mig, þú verður að tala um þetta við Evrópuþingmann.“ Bara svo við setjum þetta í eitthvert samhengi, því alveg það sama mundi gilda um okkur og um Breta og aðrar þær þjóðir sem eru aðilar að Evrópusambandinu, þá væri það þannig að einhver kæmi til hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra Jóni Bjarnasyni eða hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar eða einhvers annars til að ræða um sjávarútvegsmál, þá þyrfti viðkomandi þingmaður, íslenski þingmaðurinn, að vísa á íslensku Evrópuþingmennina sem eftir því sem ég best veit yrðu 5 af 750. Auðvitað felst í þessu mjög mikil breyting.

Það er auðvitað hins vegar þannig að því hljóta að fylgja kostir að ganga í Evrópusambandið og margir hafa bent á gjaldeyrismálin og sömuleiðis vilja margir meina að áhrif Íslands á ákvörðunartöku muni aukast ef við göngum í Evrópusambandið. Nú hefur enginn erlendur þingmaður sagt við mig alla vega eða beitt þeim rökum að við þyrftum að ganga í Evrópusambandið vegna þess að við högnuðumst á því. Það er mikið í umræðunni hér en margir hafa hins vegar sagt: Við verðum að koma inn vegna þess að það dugir ekki fyrir okkur bara að njóta þess góða. Við þurfum líka að takast á við það að borga í hina sameiginlegu sjóði bandalagsins í alla þá uppbyggingu sem þar er í gangi. Við séum svokallaðir „free riders“ og það sé lítil sanngirni í því og við þurfum að axla byrðar eins og aðrar þjóðir. Nú er það samt sem áður svo að við Íslendingar borgum í sameiginlega sjóði, við borgum í þróunarsjóðina og í raun er það þannig að þegar við gengum í EES gengumst við við því að gera það tímabundið en það er alltaf framlengt að kröfu Evrópusambandsins og við höfum þurft að lúta því og það er kaldhæðnislegt að við erum enn þá að greiða einhvers konar þróunaraðstoð fyrir Spánverja, Portúgali og Grikki. Nú verð ég að segja eins og er að mér finnst í sjálfu sér sanngjarnt að við reynum að aðstoða hin nýju ríki Austur-Evrópu sem eru sárafátæk og koma til móts við þau, en þessi Evrópuríki sem ég nefndi, ég átta mig ekki á því hvaða sanngirni er í því að við Íslendingar séum að greiða til þeirra.

Það er hins vegar atriði sem lítið hefur verið rætt að það er þannig að það fer í taugarnar á forustumönnum Evrópusambandsins, og menn skyldu ekki vanmeta þann þátt, fer í taugarnar á þeim sem eru í forustu fyrir Evrópusambandið, embættismenn og pólitíkusa að þjóðir í Evrópu séu fyrir utan. Ég fæ það oft á tilfinninguna að þeir líti svolítið á okkur, svo ég vitni í heimsbókmenntirnar, eins og Rómverjarnir litu á Gaulverjana í Ástríksbókunum. EFTA-ríkin eru einhvern veginn fyrir utan og hafa komist upp með það meðan ESB-ríkin standa í allri þessari að því er þau telja uppbyggingu og stofnanavæðingu allri og eru að byggja. Margir gera þetta með sameiginlegan draum að leiðarljósi en þá eru bara einhverjir Norðmenn og Íslendingar og Liechtensteinar sem átta sig ekkert á mikilvægi þessa, eru einir sér og sjálfstæðir og oftar en ekki bara með gorgeir. Það hefur áhrif, við skyldum ekki vanmeta það, virðulegi forseti.

Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að við ræðum þessi mál og ég held að þjóðinni, þó það sé kannski ekki sérstaklega mikið núna eðlilega, það er annað sem brennur á þjóðinni, en svo við hugsum í stærra samhengi þá sé mikilvægt að fólk fái útrás fyrir það að fara yfir þessi mál, fólk vill fá upplýsta umræðu og skoðanaskipti og upplýsingar. Ég verð hins vegar að segja, virðulegi forseti, að í svona stærra samhengi finnst mér í besta falli að við séum að sýna einhvern utanríkispólitískan barnaskap með því að sækja um aðild að Evrópusambandinu á sama tíma og við erum í hinum harðvítugustu deilum sem við höfum átt í við nokkrar þjóðir í okkar sögu. Við erum að bera þessa Icesavedeilu saman við landhelgisdeilurnar og ekki að ástæðulausu. Það ber ekki mikið á milli hvorir hagsmunirnir eru meiri. Í örstuttu máli er það þannig að við teljum, held ég allir Íslendingar, að við höfum verið beittir ákveðnum órétti, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, og ég held að flestir séu sammála því sem þetta skoða að okkur sé ætlað að greiða reikninginn fyrir því að halda uppi einhvers konar trúverðugleika innstæðukerfis sem Evrópusambandið setti á laggirnar.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi barátta sé ekki búin og

ég vonast til þess að allir þingmenn séu mér sammála í því. Ef við förum hins vegar til deiluaðilans og segjum: Við viljum fá að vera með, þá erum við að gefa þau skilaboð að það sé í lagi hvernig hefur verið komið fram við okkur. Evrópusambandið hagar sér örugglega ekki með þessum hætti. Nú var lítil frétt í íslensku pressunni um daginn, í íslenskum fjölmiðlum þar sem sagði frá því að Evrópusambandið sendi Króatíu heim. Króatía var sest niður til að semja við Evrópusambandið um aðild landsins. Króatía á í landamæradeilum við Slóveníu. Nú veit ég ekkert hvort þær eru stórar eða litlar en þær virðast alla vega vera algerlega friðsamar. Skilaboðin frá ESB voru alveg skýr: Farið þið heim. Við látum þetta ekki viðgangast og við tölum ekki við ykkur meðan þið eruð í deilum við eitt Evrópusambandsríki. Virðulegi forseti, ef hæstv. utanríkisráðherra nær sínu fram þá komum við og segjum: Jú jú, þetta er allt í lagi hvernig þið eruð að ganga fram í Icesave. Við látum allt yfir okkur ganga. Það eru skilaboðin, virðulegi forseti. Ég fullyrði að ekkert ríki mundi haga sér svona.

Þegar við skoðum þetta í þessu samhengi hef ég oft hugsað um það, af hverju voru Icesave-samningarnir kláraðir núna? Af hverju voru þeir kláraðir fyrir mánuði síðan? Í umræðum sem oft eru heitar hefur hæstv. fjármálaráðherra upplýst að það sé einhver dagur sem skiptir máli, sem sé í lok október, og vísað til þess að þá verði lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum afgreitt. Í samningsviðmiðunum sem Ísland undirgekkst ásamt deiluaðilunum kemur fram að tekið sé tillit til þess að Ísland geti unnið sig út úr þeirri efnahagskreppu sem við erum í og það er sérstaklega tekið tillit til þess að ef deiluaðilum gangi illa að ná saman séum við með stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins sem mundu ganga inn í það mál. En einhverra hluta vegna, virðulegi forseti, var á miklum hraða gengið frá þessu máli fyrir mánuði síðan. Sérkennileg tilviljun. Það gerir það að verkum ef allt hefði gengið upp og það mál væri frá gætu menn farið í aðildarviðræður við Evrópusambandið. Mín niðurstaða er sú, og væri fróðlegt að heyra sjónarmið annarra, að Samfylkingin hafi lagt á það ofuráherslu að klára Icesave, sama hvað það kostaði, virðulegi forseti, klára Icesave, sama hvað það kostaði, hratt, ekki seinna en fyrir mánuði síðan til að hægt væri að klára þetta eina stefnumál þeirra.

Virðulegi forseti. Þessi pressa Samfylkingarinnar hefur reynst þjóðinni mjög dýr sökum þess að afleiðingin er sú að við sitjum uppi með þann samning sem við öll þekkjum. Jafnvel þótt við ýtum þessu frá, ýtum þætti Samfylkingarinnar frá og því að þeir voru að keyra í gegn þennan samning til að geta samið um Evrópusambandið, þá bara að fara í aðildarviðræður við ESB sem hefur öll gögn málsins við alla umræðu hvers einasta þingmanns, sérstaklega þeirra sem eru hvað mest fylgjandi því að ganga í Evrópusambandið, þá gengum við alltaf út frá því að fá Evrópusambandið til að gangast að okkar kröfum. Menn hafa rætt hér og verið með stórar yfirlýsingar að við þurfum að fá sérstaka meðferð varðandi sjávarútvegsmálin og hina og þessa þætti. Er þá skynsamlegt að tala við Evrópusambandið og bæta Icesave ofan á? Er það góð staða fyrir okkur að setjast við samningaborðið og vera með auðlindirnar, sjávarútvegsmálin, áhrifin og hvað þetta heitir allt saman og vera að auki að semja um Icesave? Halda menn virkilega að þeir fái meira út úr því að ræða þetta allt saman í einu? Halda menn það virkilega? Að sjálfsögðu ekki.

Nú er það þannig, virðulegi forseti, að þegar við erum að gera upp hlutina held ég að eitt af því sem við ættum að læra er að við höfum ekki mikla reynslu af utanríkismálum. Hámarkið var kannski það þegar við sóttum um aðild að öryggisráðinu. Ég heyrði helstu sérfræðinga landsins á því sviði fara yfir það og hugsaði í korter um öll þau lönd sem ætla að greiða okkur atkvæði og ég gat ekki séð miðað við að það væri nokkur einasta leið að tapa þeirri atkvæðagreiðslu. Við lögðum mikla áherslu á að efla samskipti okkar við Afríkuríki og má í rauninni segja að við höfum lagt meiri áherslu á samskiptin við Afríku en Bandaríki Norður-Ameríku sem er kannski eina stórveldi heimsins. Gott ef við ætluðum ekki að miðla málum milli Palestínumanna og Ísraelsmanna þegar hæst lét. En við erum 300 þúsund manna þjóð og hvort sem okkur líkar betur eða verr erum nokkuð sem er kallað smáríki og við verðum að miða hlutina út frá því. Ég tel og segi það að þó svo það væri mitt aðalmarkmið í lífinu að Ísland mundi ganga í Evrópusambandið þá mundi ég aldrei leggja til að það yrði gert á þeim tíma sem Evrópusambandið og forusturíki þess koma fram við okkur eins og raun ber vitni í Icesave-málinu. Við erum að gefa þau skilaboð til þessara ríkja að við séum sátt við það hvernig komið hefur verið fram við okkur ef við í kjölfarið leggjum fram aðildarumsókn. Það er staðreynd og það þýðir ekki að skilja á milli þessara mála, ekki frekar en Evrópusambandið gerir þegar kemur að aðildarumsókn Króatíu því þeir segja við það land, þó svo það tengist aðildarviðræðunum ekki neitt, að það dugi ekki fyrir þá að vera í deilum við Evrópusambandsríki á sama tíma og þeir ætla að sækja um aðild. Það eru mjög skýr skilaboð.

Virðulegi forseti. Ég mun ræða þetta betur í þessari umræðu. Þetta er bara örlítil upphitun af minni hálfu enda er afskaplega mikilvægt að ræða þessi mál mjög vel.

[22:04]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór fór yfir vítt og mikið svið í sinni ræðu. Hann kom við bæði hjá hæstv. utanríkisráðherra sem ritstjóra á Þjóðviljanum og hjá þeim Goscinny og Uderzo sem skrifuðu Ástrík. Ég sé ekki alveg fyrir mér — því miður er hæstv. utanríkisráðherra farinn, held ég, — en ef maður lygnir aftur augunum og veltir því fyrir sér þá sér maður hinn glaðhlakkalega ráðherra einhvern veginn frekar sem Gaulverjaforingja en innan Evrópusambandsins. Þessi mynd sem hv. þingmaður dró upp kveikti á ákveðnum hugsunum hjá manni. Ég held einmitt að þetta sé ágætis myndlíking. Við erum að fást við stórt veldi sem er að verða til og ætlar sér að ná okkur inn til sín hvað sem það kostar út af ákveðnum hlutum, þ.e. náttúruauðlindum, en Gaulverjarnir áttu galdradrykk, ef ég man rétt, og öll meðul eru notuð til þess.

Mig langar að spyrja hv. þingmann, ég hef spurt fleiri þingmenn að þessu, hvort hann sé þeirrar skoðunar að Evrópusambandið tengi beint svokallað Icesave-samkomulag, og þær fjárveitingar til landsins sem virðast hanga á því, og aðildarumsóknina sem nú er verið að fjalla um. Hvort þarna

sé samfella, Icesave-samkomulagið og umsókn í Evrópusambandið, og hvort verið geti að Evrópusambandið sé hreinlega að kvelja þessa litlu þjóð til þess að greiða aðildarumsókninni atkvæði í von um að fá einhvers konar sérmeðferð inn í Evrópusambandið.

[22:07]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla Evrópusambandinu ekki annað en það að í haust höfðu menn virkilega áhyggjur af því úti um allan heim og þar með talið í Evrópu að hér væri um að ræða enn alvarlegri hluti en hafa orðið. Ég ætla Evrópusambandinu og ríkjum þess ekki neitt annað en að hafa af einlægni haft áhyggjur af því að það yrði svokallað, á slæmri íslensku, „run“ á bankana, að innstæðueigendur úti um alla álfu mundu hlaupa til og taka innstæðurnar út. Ég held að menn hafi alveg verið meðvitaðir um að kerfið var meingallað, algjörlega meðvitaðir um að það væri ekki gert til að eiga við katastrófur en þeir höfðu áhyggjur af þessu. Af því höfðu þeir mestar áhyggjur en voru örugglega ekki að hugsa um hagsmuni Íslands. Sú staða er ekki uppi núna.

Af því að hv. þingmaður spyr um tengslin er ég algjörlega viss um að ef ekki er búið að ganga frá þessu máli — og ég tel að við eigum að reyna að fá aðra úrlausn en nú liggur á borðinu og að það sé verkefni okkar þingmanna að fá hana — að þá er Evrópusambandið ekki tilbúið til þess að tala við okkur, alveg á sama hátt og það er ekki til í að tala við Króata út af þessum þáttum. Ég held að það sé ákveðinn barnaskapur hjá þeim sem berjast núna hvað harðast fyrir að keyra þetta í gegn að halda að við fáum einhverjar ívilnanir, ef við bara gefum eftir í Icesave þá hljótum við að fá eitthvað ofsalega miklu meira í Evrópusambandinu. (Forseti hringir.) Ég tel það vera pólitískan barnaskap.

[22:09]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég ætla hér aðeins að fara enn á ný yfir meirihlutaálitið, yfir skoðanir mínar á því og hvers vegna ég tel að Framsóknarflokkurinn hafi samþykkt að setja ákveðin skilyrði fyrir viðræðum.

Ég vil þó byrja á því að segja að ég tel að það sé bein tenging milli Icesave og aðildarumsóknar að Evrópusambandinu og að þau leynigögn sem eru hér handan við Austurvöll sýni það. Niðurstaða mín er sú að ef við hlýðum í Icesave muni Bretar ætla að hjálpa okkur varðandi Evrópusambandið. Mér finnst það einfaldlega of dýr aðstoð sem er verið að kaupa með því.

Hvers vegna skyldi nú Evrópusambandið hafa svona mikinn áhuga á Íslandi? Það hefur komið fram í fyrr kvöld að það er trúlega vegna náttúruauðlinda og legu landsins sem Evrópusambandið hefur áhuga á Íslandi. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna hér í grein í Morgunblaðinu 7. júní, þar sem er vitnað í viðtal við Michel Rocard, fyrrv. forsætisráðherra Frakka, sem tekið hefur að sér að vera sendiherra Frakka gagnvart heimskautunum. Hann segir, þessi ágæti maður, í viðtalinu:

„Framtíð norðurskautsins varðar allt mannkyn, enda er talið að 25–30% af gas- og olíuauðlindum heimsins liggi undir ísnum. … Ef þessar orkulindir yrðu nýttar, þá gæti það magnað verulega gróðurhúsaáhrifin, og það er eitt af því sem margir vísindamenn óttast.“

Þarna er hann með hálfgerð öfugmæli og er að rökstyðja í raun ástæðuna fyrir því að menn séu að horfa þangað.

Þessi ágæti sendiherra heimskautanna segir einnig, með leyfi forseta:

„Með hlýnun sjávar má gera ráð fyrir að ný fiskimið verði til og að fiskiskipaflotinn fylgi í kjölfarið, … En þarna eru engir vitar, engir björgunarbátar, engin sjúkraþjónusta, engin landamæri og ekkert aflahámark. Áður var siglingaleiðin lokuð frá Evrópu til Japans um nyrsta haf, en nú er sú leið fær nokkrar vikur á ári. Það mun áreiðanlega kalla á aukna umferð.“

Síðan vil ég einnig vitna beint í, með leyfi forseta, orð okkar sérlega ráðgjafa í rannsókn á efnahagshruninu, Evu Joly, sem er nýorðin þingmaður á Evrópuþinginu, ef ég man rétt. Hún segir, með leyfi forseta:

„ Ég tel að frá sjónarhóli Evrópusambandsins sé það mjög áhugavert fyrir okkur að fá Ísland um borð. Þetta er mjög gömul menning og þeir búa við traustar lýðræðishefðir sem myndu styrkja norrænar hefðir um gegnsæi og góða stjórnsýslu. Og þeir eiga einnig náttúruauðlindir sem eru mikilvægar fyrir Evrópu eins og orku og fisk. Þannig að ég tel að það væri mjög gott fyrir okkur — og einnig fyrir þá — að verða hluti af Evrópusambandinu.“

Ég tel að þarna sé hv. þingmaður og sérstakur ráðgjafi okkar, Eva Joly, að segja nákvæmlega það sem býr að baki því að Evrópusambandið hefur áhuga á að fá Ísland inn, það eru náttúruauðlindirnar. Það sækir í okkar auðlindir og er tilbúið til að ganga ákveðið langt til þess að komast yfir þær en við verðum að átta okkur á því að það eru náttúruauðlindirnar sem skipta okkur mestu máli og eru að mínu viti algjörlega óumsemjanlegar.

Það er algjör tímaskekkja að sækja um nú, ekki bara vegna þess sem ég hef áður sagt heldur einnig vegna þess að staða okkar efnahagslega er slík að það er ekki út í slíka vegferð leggjandi. Það hefur vakið athygli mína að þær raddir eru nánast þagnaðar sem haldið hafa fram að Evrópusambandið komi trúlega til með að leysa hér ákveðin mál varðandi efnahagsmál og annað. Samfylkingin hélt þessu lengi vel á lofti en hefur nú komist að því að þetta er að sjálfsögðu með öllu rangt.

Ég hef miklar áhyggjur af því að sú ríkisstjórn sem nú situr er ekki einhuga um þessa umsókn og það er mjög varasamt að leggja í slíka vegferð með óeiningu um málið. Þó svo að málið sé slæmt er vont að fara af stað ef ekki er eining um það, ekki síst innan ríkisstjórnarinnar.

Mig langar að vitna í nokkrar greinar sem ég hef séð þessu til stuðnings. Ég ætla að vitna, með leyfi forseta, í frétt er úr danska viðskiptablaðinu Børsen. Þar kemur fram að meiri hluti 60 helstu hagfræðinga Danmerkur álítur að evran hafi ekki breytt ástandi til batnaðar í Danmörku. Meiri hluti þeirra telur að evran hafi ekki breytt ástandi til batnaðar í Danmörku. Því er haldið fram að evran muni skipta öllu fyrir okkur. Það er vitanlega rétt að setja það í samhengi við gjaldmiðilinn, dönsku krónuna og íslensku krónuna, en þetta er alla vega ekki einhlítt.

Síðan hafa komið upp vangaveltur um þróun Evrópu-

sambandsins. Brian Cowen, forsætisráðherra Írlands, lét þau orð falla nýverið í umræðum í írska þinginu að það væri tímabært að ræða hvers konar Írland væri æskilegt í Evrópusambandinu í stað þess að ræða hvers konar Evrópusamband hentaði Írum best. Ef við snúum þessu upp á Ísland þá er vert að hugsa til þess hvernig Ísland á að vera inni í Evrópusambandinu. Hvað er það sem Evrópusambandið sækist eftir annað en okkar náttúruauðlindir? Hvers konar Evrópusamband hentar Íslendingum best? Evrópusambandið hentar Íslendingum ekki neitt, það er kannski munurinn á Írum og Íslendingum og ég skynja og skil umræðuna í Írlandi og hjá forsætisráðherranum þannig að þetta sé að renna upp fyrir þeim. Að líklega sé mesta gamanið horfið úr þessu Evrópusamstarfi.

Sænsk blöð og sænskir fjölmiðlar hafa fjallað um hvar valdið í raun liggur. Í leiðara blaðsins *Göteborgs-Posten* 15. apríl eru Svíar hvattir til að taka þátt í kosningum til Evrópuþingsins vegna þess að völdin séu í raun meiri þar heldur en í sænska þinginu. Ætlum við að taka þátt í slíku, að afsala völdum eða fullveldi, sjálfsforræði, Íslands til Evrópusambandsins, eins og margir Svíar telja að hafi verið gert?

Ég er með grein frá 7. júní þar sem Guðrún Magnúsdóttir, sem á meiri hluta í sænsku hugbúnaðarfyrirtæki sem heitir ESTeam AB, varar Íslendinga eindregið við því að fara í þessa vegferð. Samt er hún og hennar fyrirtæki í þeirri stöðu að vinna töluvert mikið fyrir Evrópusambandið

Hægt er að tína til mörg fleiri rök og marga aðila sem hafa talað gegn því að ganga inn í þetta samband ríkja, Evrópusambandið, og erum við þó ekki enn þá farin að ræða það sem okkur skiptir mestu, þ.e. auðlindir okkar og það sem heldur lífinu í Íslendingum, sjávarútveginn, landbúnaðinn og náttúruauðlindirnar.

Áður en lengra er haldið ætla ég aðeins að koma inn á sýn mína út frá stefnu Framsóknarflokksins og ræða þau skilyrði sem sett eru í flokksþingssamþykkt hans. Ég vil segja í upphafi, frú forseti, að í flokksþingssamþykkt Framsóknarflokksins er rætt um viðræður við Evrópusambandið. Ég persónulega geri greinarmun á viðræðum og umsókn. Ég tel að þarna sé verulegur munur á. Því miður eru ekki allir sammála mér en svona gengur það. Verulegur munur er á því að ætla að ræða við einhvern heldur en fara að sækja um aðild að einhverju. Ef við horfum á þetta sem einhvers konar lítinn klúbb þá ferðu og kynnir þér starfsemi borðtennisklúbbsins áður en þú gengur í hann en sendir svo umsókn ef þú telur að það falli þér í geð.

Ég og fleiri framsóknarmenn höfum lagt áherslu á að sett yrðu ófrávíkjanleg skilyrði fyrir samninganefndina til að vinna eftir og það var það sem var samþykkt á flokksþingi Framsóknarflokksins. Í ræðustól hefur verið eytt nokkrum tíma í að fara yfir og í raun gera upp flokksþing Framsóknarflokksins og þær umræður sem þar voru og túlka með ákveðnum hætti. Ég tel að nýta hefði átt tímann í ræðustól öðruvísi heldur en akkúrat að fara út í það. Á flokksþingi Framsóknarflokksins var samþykkt að fara í aðildarviðræður með ákveðnum skilyrðum. Sá sem hér stendur flutti tillögu um þessi skilyrði, flutti tillögu um að orðinu „leiðum“ yrði breytt í skilyrði. Það er alveg ljóst af skýringum sem ég lét fylgja með tillögunni við hvað er átt. Það sést á myndbandsupptökum, m.a. frá flokksþinginu, við hvað er átt. Enginn fundarmanna, enginn þeirra sem sté í ræðustól hafði aðra skoðun eða vildi gera breytingu á þessari túlkun og þeirri skýringu sem ég flutti þarna. Með skýringartillögunni sagði ég orðrétt: Þetta eru skilyrði fyrir því að fara í þessar viðræður. Hugsunin í þessu er sú að samninganefndin sem fari í þessar viðræður hafi skilyrt umboð, það liggi ljóst fyrir hvaða atriði það eru sem við munum aldrei og ekki vilja frá okkur semja eða semja um með nokkrum hætti og það eru nokkrir þættir sem auðvelt er að telja upp í því sambandi. Það er varðandi landbúnaðinn, varðandi sjávarútveginn, varðandi náttúruauðlindirnar, varðandi sjálfræði okkar eða í raun fullveldi og fleira.

Ég verð í sjálfu sér að viðurkenna að ég hreinlega skil ekki hvers vegna ríkisstjórnin og sá meiri hluti sem virðist vera fyrir þessu máli hér inni skuli ekki fallast á að setja samninganefndinni skýr skilyrði. Það hvarflar að mér að ástæðan fyrir því sé að menn séu einfaldlega tilbúnir til að semja um allt eða nánast hvað sem er. Það er mjög einfalt að setja slík skilyrði inn í umboð samninganefndarinnar og væri þá hægt að fella það inn í tillöguna sjálfa. Þó að greinargerð með þingsályktunartillögu á Alþingi geti verið og sé eflaust einhvers konar lögskýringargagn þá hefur hún klárlega ekki sama vægi og sama gildi og sé það inni í tillögunni. Sé það meitlað inni í tillöguna væri alveg ljóst hvert umboð samninganefndar væri og þeirra sem munu stýra þar á bak við tjöldin. Við skulum ekki láta okkur detta í hug að það verði ekki gert, það verði ekki einhverjir aðilar, stjórnmálamenn eða einhverjir aðrir, sem sitja á bak við tjöldin, bak við samninganefndina og togi hana til og frá eins og þurfa þykir hverju sinni.

Í svona stóru máli þarf að senda skýr skilaboð. Það hafa nú þegar komið fram athugasemdir við meirihlutaálitið sem ég mun fara aðeins betur í á eftir. En til að halda til haga þeim skilningi sem undirritaður lagði í þessi skilyrði í tillögu sem flutt var á flokksþingi Framsóknarflokksins og þeirri staðreynd að það var enginn sem mótmælti þessari hugsun, þá voru það skilyrði fyrir því að fara í þessar viðræður.

Í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar er vítt og breitt farið yfir marga hluti. Greinargerðin er ítarleg og í rauninni vel unnið plagg. Það verður ekki af þeim tekið sem unnu hana, það ber að þakka. Þar er ágætis samantekt og upplýsingar en það sem vantar í þessa greinargerð er það sem mestu skiptir og það eru skýr skilaboð, skýr markmið, það eru skilyrði, það er að kveða á um hverju við erum ekki tilbúin til að fórna. Erum við virkilega tilbúin til að fórna sjálfstæði landsins?

Við höfum staðið í baráttu í tæpt ár, frá því í október á síðasta ári, í raun fyrir því að tryggja sjálfstæði þessa lands. Það vildi svo undarlega til að ég, þessi Evrópuandstæðingur, var staddur í Brussel 8. október, þegar allt gekk yfir og það var að mörgu leyti sérkennileg lífsreynsla að vera staddur á þeim vettvangi þegar það gerðist. Seinna þennan dag vorum við á samkomu eða fundi þar sem ágætur Íslendingur flutti góða ræðu og gaf okkur sem þarna vorum þetta merki sem ég er með í barminum, þetta er Ísland, gyllt Ísland, og sagði okkur að bera þetta merki með stolti og muna hverrar þjóðar við værum. Muna fyrir hvað við stæð-

um, fyrir hverja við hefðum barist. Ég hef reynt að bera þetta merki eins og ég get, í upphafi var það vegna þess atburðar sem átti sér stað 8. október 2008. En frá flokksþingi Framsóknarflokksins, eða miðstjórnarfundi fyrir það flokksþing, hef ég líka borið þetta merki til að undirstrika að Ísland er fullveldi og sjálfstætt ríki og á að halda því áfram. Við eigum ekki að fórna okkar stóru hagsmunum fyrir óljósa hagsmuni, eitthvað sem okkur er talin trú um að bíði okkar við inngöngu í Evrópusambandið.

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan hafa komið fram gagnrýnisraddir á þetta meirihlutaálit frá hagsmunaaðilum og ég ætla að fara aðeins yfir greinargerð sem er á vef Bændasamtaka Íslands þar sem farið er yfir landbúnaðarkaflann í þessari greinargerð. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„ Þó lögð sé áhersla á mikilvægi íslensks landbúnaðar í umsögn nefndarinnar er vart hægt að segja að slegnir séu þeir varnaglar sem veitt geti landbúnaðinum skjól ef til aðildar kæmi. Farið er orðum um mikilvægi sjálfbærrar þróunar í matvælaframleiðslu, byggðatengd sjónarmið og umhverfisþætti en ekki er hægt að sjá að í neinu tilfelli sé gengið svo langt að setja fram skýlausar kröfur um niðurstöðu aðildarviðræðna til varnar landbúnaði.“

Þá segir einnig: „Bændasamtökin hafa í málflutningi sínum lagt áherslu á að tollverndin sé landbúnaðinum í það minnsta jafnmikilvæg og stuðningur ríkisins við búgreinarnar. Falli tollvernd niður má því leiða líkum að því að íslenskur landbúnaður hlyti þung högg sem valda mundu því að hann legðist af í þeirri mynd sem er í dag.

Í umsögn meiri hluta nefndarinnar er hvergi fjallað um mikilvægi starfa tengdum íslenskum landbúnaði … “

Ég verð að viðurkenna að ég var ekki búinn að átta mig á því í þessari greinargerð. Þetta er mjög sérstakt og alvarlegt mál að ekki skuli vera fjallað um þetta því að hér kemur fram að: „Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá síðasta vetri hafa tíu þúsund manns beina atvinnu af íslenskum landbúnaði …“ Það er hvergi minnst á úrvinnslugreinar t.d. í þessu meirihlutaáliti sem eru einn af lykilþáttum okkar matvælaöryggis og þess að við séum í raun sjálfbjarga varðandi matvæli. Með leyfi forseta ætla ég að halda aðeins áfram:

„Velta má fyrir sér hvers vegna ekki er sett sem ófrávíkjanlegt skilyrði að Ísland allt verði skilgreint sem harðbýlt svæði og að landið allt fái norðurslóðastuðning.“ Það er nefnilega ekki gert í þessari greinargerð. Síðan er lokatilvitnun:

„Þau rök hafa ekki verið hrakin og ljóst má vera að umsögn meiri hluta utanríkismálanefndar fer víðs fjarri því að tryggja að hagsmunum landbúnaðar verði borgið í aðildarviðræðum, ef til þeirra kemur.“

Ég held að þessi síðustu orð segi allt sem segja þarf í raun um þessa greinargerð. Greinargerðin og meirihlutaálitið eru ágætissamantekt á upplýsingum og einhverju sem stefnt skal að, miða skal við, vilji er til og eitthvað slíkt en það eru engin skilyrði í þessu sem í raun halda eða skipta máli, hvort sem það varðar landbúnað eða annað. Þessi lokasetning, sem er á vef Bændasamtakanna, í umfjöllun um þetta nefndarálit, þ.e. landbúnaðarkaflann, á að mínu viti við um allar aðrar greinar í þessu meirihlutaáliti. Það er ekki hægt með tilliti til hagsmuna Íslands að samþykkja þá tillögu sem meiri hlutinn leggur hér fram.

[22:29]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta yfirferð yfir málið. Hann er þriðji hv. þingmaður Framsóknarflokksins sem fer í ítarlega lýsingu á þessu fræga flokksþingi þeirra og vísar í myndbandsupptökur o.fl., ég ætla ekki að fara nánar út í það, en þeir komu með mjög ítarlegar kröfur og skilyrði eða leiðir eða hvað á að kalla það fyrir aðild að Evrópusambandinu.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Ef Evrópusambandið samþykkir öll skilyrði Framsóknarflokksins, vill hv. þingmaður þá sjá Ísland vera aðila að Evrópusambandinu og mun hann greiða því atkvæði?

[22:30]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætti hugsanlega að vísa til svara minna í fyrri umræðu þar sem hv. þingmaður spurði mig sömu spurningar. Ég hef sagt það hér að ég ætli mér að virða samþykkt flokksþings Framsóknarflokksins og því er ég að flytja þær ræður sem ég hef flutt og því er ég að undirstrika þau skilyrði sem samþykkt voru. Þess vegna tek ég ekki undir álit meiri hluta nefndarinnar og þeirra sem telja að það fullnægi t.d. þessari flokkssamþykkt. Ég mun að sjálfsögðu, eftir að hafa lýst því yfir á flokksþingi Framsóknarflokksins, virða þá samþykkt. Verði niðurstaðan sú að gengið verði að öllum þeim skilyrðum þá tel ég mig vera bundinn til að samþykkja það, og svara þá þeirri spurningu játandi sem hv. þingmaður spurði, vegna þeirra yfirlýsinga sem ég hef áður gefið.

Ég sagði það líka í fyrstu ræðu minni hér varðandi þetta mál að ég teldi að ég hefði á þessu flokksþingi í raun og í yfirlýsingum gefið það frá mér að greiða atkvæði, ef til þess kemur, með öðrum hætti en samþykkt flokksþingsins gerir ráð fyrir og ég mun að sjálfsögðu standa við þau orð mín. Það segir hins vegar ekkert til um það nákvæmlega, hv. þingmaður, hvort það sé akkúrat það sem ég óskaði mér eða ekki. Ég hef lengi verið andstæðingur Evrópusambandsins og er það en Framsóknarflokkurinn hefur samþykkt ákveðna stefnu og ég er hér til að framfylgja henni.

[22:32]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get huggað hv. þingmann með því að ég tel eiginlega 0% líkur á því að Evrópusambandið samþykki öll skilyrði Framsóknarflokksins, þannig að hann mun sennilega geta sofið rólegur fyrir því, vegna þess að það mundi þýða gjörbreytingu á Evrópusambandinu.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann hver hann telji að sé ástæðan fyrir því að menn keyri svona á þetta mál núna, að hér er haldinn kvöldfundur kvöld eftir kvöld o.s.frv. Sumir hafa talað um að það sé vegna þess að það er einhver Svíi sem stjórnar Evrópusambandinu sem stendur og það þurfi að nýta sér klíkuskap til að komast þar inn af því að jafnræði þjóðanna sé ekki meira en það að Spánverji mundi meðhöndla okkur allt öðruvísi en einhver Svíi, hvort það

geti verið ástæðan.

Þá langar mig líka til að spyrja hv. þingmann að dálitlu undarlegu. Það kemur í ljós að fjármálaráðherra, sem yfirleitt heldur vel utan um budduna og passar að ekki sé verið að setja peninga í vitleysu — alveg sérstaklega þegar menn þurfa að standa í því að segja upp sjúkraliðum og loka sjúkradeildum og minnka menntun í landinu o.s.frv., minnka stuðning við velferðarkerfið almennt — að hann hefur lagt til og mun samþykkja það að sækja um aðild að Evrópusambandinu sem kostar 990 milljónir. Sá hinn sami hæstv. fjármálaráðherra hefur hins vegar lýst því yfir að hann vilji ekki að Ísland gangi í Evrópusambandið. Hvaða skoðun hefur hv. þingmaður á slíku ráðslagi, að menn séu að leggja eitthvað til sem kostar mikla peninga og ætla svo ekkert að nota það?

[22:34]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi síðari spurninguna sem hv. þingmaður beindi til mín, ef ég hef skilið tóninn í ræðu hv. þingmanns er þetta vitanlega mjög undarlegt mál og í raun-inni stórfurðulegt, að ætla að ráðstafa milljarði í það minnsta, því að það hefur komið fram í umræðunni í dag að það hafi ekki einu sinni öll ráðuneyti áætlað enn þá hvaða kostnaður hlýst í þeirra ranni og þá er vitanlega alveg út í hött að áætla milljarð króna í einhverjar viðræður sem menn ætla sér svo hugsanlega ekki að fara í.

Þar fyrir utan höfum við fulla þörf á þessum fjármunum í allt aðra hluti hér í landinu, við höfum ekki efni á að eyða þessum peningum akkúrat í dag. En af hverju er verið að keyra málið á þessum hraða hér í gegn og af hverju liggur svona á? Ég hef enga trú á að það sé þessi göfugi Svíi sem öllu ætlar að bjarga fyrir okkur sem er keppikeflið, ég trúi því ekki. Ég held að aðrar ástæður búi að baki, t.d. það að pólitískt líf Samfylkingarinnar hangi á þessu, þetta er þeirra eina mál. Ef það fer ekki í gegn núna hvernig á Samfylkingin að geta horft framan í þá sem enn vilja þó styðja þann flokk — ég held reyndar að það kvarnist úr honum út af öðrum málum en einmitt þessu — hvernig ætla þeir að gera það? Ég held að það sé stóra málið, að þetta sé eina mál Samfylkingarinnar og pólitísk framtíð þess flokks hangir á þessu máli. Ef það næst ekki fram núna munu þeir aldrei ná því fram. Ég held að það sé þeirra mottó í þessu. Þess vegna er þinginu haldið með þessum hætti og hlutirnir keyrðir í gegn.

Mig grunar að ráðamenn þjóðarinnar séu búnir að hengja þessa ESB-umsókn á annað stærra mál sem heitir Icesave, ég held að það spili líka inn í. Ég held að hér þurfi að ljúka ákveðnum tímasetningum, bæði varðandi Evrópusambandið og varðandi Icesave til að stjórnvöld og þá sérstaklega Samfylkingin geti farið róleg heim að sofa.

[22:36]

Ólöf Nordal (S):

Frú forseti. Margt mjög undarlegt er að gerast þessi missirin á Íslandi. En málið sem við ræðum hér á miklum hraða á miðju sumri árið 2009 á sér nokkuð langan aðdraganda í umræðu flestra stjórnmálaflokka á Íslandi og hefur á margan hátt tekið afskaplega miklum breytingum í því hvað veldur því á hverjum tíma að menn vilja ræða hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu og hvaða sjónarmið skipta miklu máli þar.

Ég var að hugsa um það núna þegar ég velti þessari ræðu fyrir mér og öðrum þeim málum sem við erum að fjalla um á hinu háa Alþingi í sumar að þau eru nokkuð önnur álitamálin á þessu sumarþingi en þau voru á sumarþinginu árið 2007 þegar ég settist á þing. Þar voru vandamálin af nokkuð öðrum toga og ég held að flest okkar mundu segja að ekkert þeirra mála væru raunverulega bein vandamál. Þá var um það rætt á vettvangi borgarstjórnar og miklar deilur um það að ísskápar væru í vínbúðinni í Austurstræti, blöðin voru uppfull af þessu dag eftir dag. Menn voru að rífast um hús uppi á Laugavegi og kannski var full ástæða til þess. Tveimur árum síðar eru aðstæður á Íslandi með allt öðrum hætti. Nú berjumst við fyrir því að halda uppi lífskjörum í landinu, við berjumst fyrir því að draga sem mest úr skuldaáþján sem á þjóðina hefur verið lögð. Við erum kannski að byrja að átta okkur eftir þann hrunadans sem hér varð í haust, nokkuð sem við mörg erum mjög hugsi yfir og væntanlega á sagan eftir að greina frá því hvað þar fór fram, en það er ekki efni þessarar umræðu núna. Hins vegar er það þó þannig að þegar við gengum til kosninga í vor, mörg hver nokkuð hugsi yfir því að ákveðið var að kjósa mitt í storminum, héldu menn að aðalverkefni sumarþingsins yrði að koma fjölskyldum, fyrirtækjum og efnahag Íslands til hjálpar með nauðsynlegum aðgerðum til að styrkja efnahag þjóðarinnar.

Ekki grunaði okkur að það yrði hlutskipti okkar á miðju sumri langt og fram á nótt að ræða jafnmikið grundvallarmál og flókið mál á margan hátt eins og hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Milli þess sem við ræðum það mál erum við að tala um annað smámál eða hitt þó heldur, Icesave-samkomulagið. Það eina sem gerist í því máli er að það verður stöðugt óþægilegra, flóknara og veldur mönnum enn þá meiri áhyggjum dag frá degi, og ég býst við að mörgum þætti það bara fullgott verkefni á sumarþingi að reyna að finna flöt á því að leysa það mál. Sumum þætti bara ágætt að einbeita sér að því og láta ráðuneyti og Stjórnarráðið allt í heild sinni, Seðlabanka og aðrar stofnanir einbeita sér að því að kanna hvað það er sem þjóðin skuldar og hvernig hún ætlar að borga skuldir sínar. Mörgum þætti það alveg ágætlega samboðið verkefni Alþingi Íslendinga og því verkefni munum við aldrei komast frá. Það er alveg sama hvernig þessu Evrópusambandsmáli vegnar, hvort niðurstaða Alþingis verður sú að sækja um aðild að Evrópusambandinu, það mun ekki leysa þann vanda sem fram undan er og ég trúi því ekki að nokkur maður haldi það. Ég trúi því ekki að afstaða manna geti verið grundvölluð á því að aðild að Evrópusambandinu muni leysa úr þeim bráðavanda sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir.

Ég held að margir sem hafa verið heitir talsmenn Evrópusambandsaðildar um jafnvel áratugaskeið hafi ekkert endilega verið á þeirri skoðun út af gjaldmiðlinum, alls ekki. Sumir hafa verið á þeirri skoðun af því að þeir hafa talið að Ísland ætti mikla samleið með Evrópuþjóðum. En þeir eru margir hverjir mjög hugsi þessa dagana og ekki endilega í svo ofboðslega miklu stuði til að eiga samstarf við þær ákveðnu Evrópuþjóðir sem núna hamast við að

leggja stein í götu lítillar þjóðar norður í höfum. Það hefur verið afskaplega dapurlegt að fylgjast með því í vetur hvernig hægt er að beygja litla þjóð úti á miðju ballarhafi og hve langt menn ganga í því að ná fram rétti sínum eða þeim rétti sem þeir ímynda sér að þeir hafi haft gagnvart slíkri þjóð. Mér hefur ekki fundist það stórmannlegt, ég býst við að margir hér inni séu sammála mér um að það hafi ekki verið stórmannlegt. Kannski er það svo að fólk átti sig svo illa á því hversu fá við erum, hversu fámenn þjóð býr í þessu stóra og merkilega landi, sérstaklega í ljósi þess að hér hafa menn kannski verið komnir í allt of stóra skó og þóst vera meiri menn en þeir raunverulega eru og við þurfum að borga fyrir það. Og kannski vegna þess að mörgum vex dálítið í augum hversu miklar auðlindir við Íslendingar eigum bæði í okkur sjálfum og í því sem þetta hrjóstruga land hefur gefið okkur.

Það er ekkert launungarmál að ég er ein af þeim sjálfstæðismönnum sem hafa verið á þeirri skoðun að ekki eigi að loka skilyrðislaust á það að leita til Evrópusambandsins, þ.e. að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið. Ég hef talað fyrir því opinberlega og ég hef talað fyrir því í mínum flokki. Ég hef hins vegar ekki verið óskaplega heit í þeim málflutningi, mér finnst þetta ekki vera það sem skiptir mestu máli en mér finnst og hefur fundist þetta eitt af því sem ekki sé ástæða til að loka algjörlega og skilyrðislaust á og mér hefur alltaf fundist skipta afskaplega miklu máli hvernig það er gert. Ég vil ekki að íslensk þjóð fari eins og einhverjir ölmusumenn að tala við þær þjóðir sem nú hamast hvað mest í okkur. Ég vil ekki að við Íslendingar, sem alltaf höfum verið hnarreist þjóð, förum þannig til að tala við Evrópusambandið. Í fyrsta lagi vil ég það ekki.

Í öðru lagi vil ég líka að við, bæði innan þessara veggja og í samfélaginu öllu, tökum það töluvert alvarlega að fara í slíkar samningaviðræður. Mér finnst að við verðum að hafa komist að sæmilegu samkomulagi um að það sé það sem er þjóðinni fyrir bestu að kanna þá möguleika og mér finnst líka að þegar menn fara út í slíkar samningaviðræður eigi þeir að vera undir það búnir að fara inn í Evrópusambandið en ekki til bara til að tékka á þessu og svona haka við það vegna þess að það sé svo gott að haka við eitthvað á listanum hjá sér. Evrópusambandið er ekki eitthvað sem ég þarf að haka við á mínum lista bara til að koma því út úr heiminum. Ég held að þeir sem telja eðlilegt að fara í aðildarviðræður hljóti að vera undir það búnir að við förum inn í Evrópusambandið og þá hljóta þeir sem fyrir því tala að vera ánægðir með það sem Evrópusambandið er, bæði það sem það er núna og það sem það mun verða. Þegar það er klárt og menn horfa á hvað Evrópusambandið er geta menn ekki bara horft á það sem þeir vilja fá út úr því að vera í Evrópusambandinu heldur hljóta þeir að hafa einhverja sannfæringu fyrir því að Evrópusamruninn svokallaði eða það samfélag sem Evrópuþjóðirnar hafa sé eftirsóknarverður félagsskapur fyrir Íslendinga. Ég hugsa að þessa dagana, þessa mánuðina, þessi missirin sé í sjálfu sér hvað erfiðast að taka ákvörðun í slíku máli. Ég held að núna sé einmitt ástandið þannig í efnahag Evrópulanda að það sé mjög erfitt að gera sér grein fyrir hvort þetta sé rétti vettvangurinn eða ekki.

Ég hef í rökstuðningi mínum og í minni hugsun þegar litið er til Evrópusambandsins viljað horfa á þrennt: Í fyrsta lagi á auðlindir Íslendinga, hvernig með þær gæti farið í slíku samstarfi. Í öðru lagi á gjaldmiðilinn, hvort það sé skoðun okkar að ekki sé hægt að halda úti íslenskri krónu eða hvort nauðsynlegt sé fyrir okkur að fara í myntbandalag vegna þess að það sé einhver þróun í heiminum. Í þriðja lagi er það sem ég hef verið mjög hugsi yfir og hefur kannski vegið hvað þyngst á mínum vogarskálum og það er þetta sem ég vék aðeins að í upphafi, það er þetta samfélag og hvar við viljum skipa okkur meðal þjóða. Þegar ég hef velt þeirri röksemd fyrir mér var það mjög mikið á þeim forsendum og þeim breytingum sem urðu þegar varnarliðið hvarf frá Íslandi og þær breytingar urðu í utanríkispólitík okkar að við höfðum ekki jafnnáið samband við Ameríku og við höfðum áður haft. Og það að varnarsamningurinn og það allt saman breyttist, ég er þess fullviss að við höfum ekki áttað okkur á því fyrr en eftir á hve mikinn stuðning við í raun og veru höfðum pólitískt af Bandaríkjamönnum á svo mörgum sviðum.

Þegar við lítum til þess sem gerðist í haust og þegar við rifjum það upp hvernig á okkur var stigið, að mínu áliti, úti í hinum stóra heimi þegar menn brugðu fæti fyrir Íslendinga þegar þeir leituðu ásjár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er ég viss um að það að við höfðum ekki jafnmikið samband við Bandaríkjamenn hafi haft áhrif á það hvernig Bretum og Hollendingum tókst að kúga Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til hlýðni við sín sjónarmið. Með sama hætti var afskaplega dapurlegt að finna fyrir því, og þetta finnum við svo mikið núna þegar við erum að sökkva okkur ofan í Icesave-málið, að Bretum og Hollendingum finnst líka allt í lagi að beita Evrópusamstarfinu fyrir sig til að ná sínu fram. Það segir mér, og ég hef sagt það áður í þessum stól, að þessar þjóðir svífast einskis í viðskiptum sínum við aðrar þjóðir, þær hafa aldrei gert það, þær hafa aldrei nokkurn tíma gert það. Bretar kunna ekki að gefa eftir og Hollendingar er ekkert síðri nýlenduherrar en Bretar ef menn fara út í slíkan samanburð.

Ég held að við ættum að gera okkur grein fyrir því að á meðan Icesave-samkomulagið er allt upp í háaloft verður ekkert sérstaklega skemmtilegt að fara í samningaviðræður við Evrópusambandið. Mér finnst bara enginn bragur á því að þegar verið er að hamast í okkur, þessar þjóðir, og við erum að verjast hérna ótrúlegum kröfum alls staðar og fyrir framan okkur er samningur sem er óboðlegur fyrir Íslendinga, þegar við sjáum hvernig samninganefndir Breta og Hollendinga hafa hagað sér gagnvart Íslendingum, að á sama tíma og við stöndum í þessu stríði í þinginu séum við að ræða það hversu dásamlegt það er að ganga í Evrópusambandið. Það er verið að tala um það á sama tíma.

Það er ekki hægt að bjóða manni upp á þetta. Ég verð að segja alveg eins og er að fyrir manneskju sem hefur talað fyrir því í sínum flokki að það sé ástæða til að skoða þetta mál, þá finnst mér núverandi ríkisstjórn hafa gert allt til þess að gera það eins erfitt og hægt er að styðja við þessa framgöngu hér. Umboðið sem verið er að veita í þessari þingsályktunartillögu eins og ég les það hér í nefndaráliti og ég hef hlustað á umræðuna — margir eru þeirrar skoðunar að þetta sé mjög þröngt umboð sem ríkisstjórninni er veitt eða þeim bút af ríkisstjórn sem er að fara í aðildarvið-

ræður, ég get ekki séð að þetta umboð sé neitt sérstaklega þröngt enda á það í sjálfu sér ekkert endilega að vera markmið þegar menn ætla að fara í samningaviðræður við ríkjasamband að menn gangi út frá því fyrir fram að þeir ætli ekki að fara í sambandið. Ég hef lesið þetta nefndarálit, ég get alveg fallist á að margt í þessu áliti er skárra en sú þingsályktunartillaga sem kom fram fyrst, ég hugsa að menn hafi reynt eitthvað til að laga það en það skín algjörlega í gegn að áhugi þeirra sem á málinu halda er mjög takmarkaður svo ekki sé meira sagt. Sumir vilja bara ekki taka þátt í þessu, aðrir reyna að keyra málið áfram og svo eru einhverjir aðrir í öðrum flokkum að koma að málinu vegna þess að þeir höfðu einhvern tíma sagt og hafa kannski einhverja sannfæringu fyrir því að þetta eigi að skoða.

Mér finnst þetta mál allt vera ótrúlega mikil vonbrigði. Ég verð að segja líka að þessi þjösnaskapur og djöfulgangur á sumarþingi — virðulegi forseti, ég biðst afsökunar á þessu orðbragði — mér finnst þetta ekki vera til þess að greiða fyrir því að málið fari í gegnum þingið. Mig langar til að vita hvort mönnum finnist það vera gott að sjálfstæð þjóð, hvaða þjóð sem er, ætli sér að fara í svona samningaviðræður með eins nauman meiri hluta á þingi og hægt er að hugsa sér, með ágreining innan ríkisstjórnar, með í raun og veru alls konar sjónarmið innan allra þingflokka á Alþingi, er nokkur bragur á því að fara svona í mál af þessum toga? Finnst mönnum það virkilega svo brýnt að gera þetta akkúrat núna að þeir vilji hætta á það að hleypa öllu í bál og brand á sama tíma og við erum að leysa úr þessu stórkostlega mikilvæga máli eins og ég talaði um áðan, Icesave-málinu, og svo ekki sé minnst á önnur brýn mál sem ég sé að verða ekki á dagskrá hér fyrr en einhvern tíma á næsta ári? Þetta er ekki til þess að hjálpa nokkrum manni til að taka afstöðu í þessu máli að halda svona á því.

Hvernig viðsemjendur erum við Íslendingar? Hvernig viðsemjendur er þjóð sem heldur svona á hlutunum? Ja, það er ekki að furða þótt Hollendingar og Bretar skemmti sér yfir því að fá okkur til að skrifa undir þau kostakjör sem þeir bjóða upp á í Icesave-samkomulaginu, vitandi það að á hinum endanum er þjóðin alveg æst í að komast í nánara samband við þetta fólk. Og vitandi það að því hefur verið haldið fram á Íslandi að þar muni svo margt breytast við inngöngu í Evrópusambandið hefur maður einhvern veginn á tilfinningunni að þeir geti alveg látið sér detta í hug að samningsstaðan sé nokkuð góð í þeirra þágu, að við munum kannski ekkert endilega hafa mjög mikið fyrir því að halda þeim litlu vörnum uppi sem við höfum þó reynt að halda uppi, Íslendingar, að undanförnu.

Mér hefur fundist vanta hér dálítið í pontu þetta fólk. Hvar eru allir þessir leiðtogar sem eiga að leiða þjóðina áfram? Hvar er það fólk sem ætlar að koma okkur áfram upp úr þessu? Hvar er sannfæringin fyrir því að þetta sé það sem við eigum að gera, virðulegi forseti? Hún er ekki á þessu blaði, hún er ekki í þeirri þingsályktunartillögu sem hér var lögð fram eftir þvílíkt humm og ha að annað eins hefur ekki heyrst. Ekki er hún í þessu nefndaráliti þar sem menn passa sig og hlaupa eins og kettir í kringum heitan graut og velja orð sín af mikilli gætni til að móðga nú ábyggilega engan. (Gripið fram í.) Hvar er fólkið sem ætlaði að vekja einhverja von í brjósti ungra Íslendinga og hverjir eru það sem ætla síðan að gera það í framtíðinni, þegar menn halda svona á hlutunum? Mér finnst bara alveg ófært hvernig þetta er gert, algjörlega fyrir neðan allar hellur.

Síðan er alltaf verið að tala um að það þurfi að ræða þetta við þjóðina, það sé alveg bráðnauðsynlegt að þjóðin komi að þessu máli. (Gripið fram í.) Við þurfum að ræða við þjóðina og það verði nú loksins gert að menn fari að tala við þjóðina vegna þess að ekki gerðu sjálfstæðismenn það, þeir töluðu aldrei við þjóðina. Nú er komið að þeim sem ætla að tala við þjóðina. Ég beið mjög áköf og spennt eftir því í hverju þetta samtal við þjóðina ætti að felast. Og hvað skyldi það nú vera? Ja, það á bara svona að tékka á því hvað þjóðinni finnst, við skulum tékka á því en síðan náttúrlega tökum við ákvörðun í þinginu. Þetta er allt og sumt, það á ekkert að spyrja þjóðina um þetta.

Þá vakna náttúrlega upp grunsemdir og það eru þessar grunsemdir sem eru alltaf að vakna sem ég hefði haldið að ríkisstjórnin vildi kannski losna við. Þær grunsemdir sem vakna núna í brjósti mér eru þær að þetta kannski snúist um það að það eigi ekkert að kjósa. Vilja menn fara í slíkar umræður? Vilja menn alltaf vera á flótta undan einhverju sem aðrir hafa áhyggjur af vegna þess að hlutirnir eru aldrei sagðir beint út? Af hverju er ekki hægt að fara í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta, hvað er að því? Ég held að ég hafi reyndar skrifað um það í hverri einustu grein sem ég hef skrifað um Evrópusambandið og þá skoðun mína sem kom fram einhvern tíma síðast í vetur, að ekki þyrfti að óttast það að leggja málið í dóm þjóðarinnar ef menn héldu haus í samningaviðræðum, það ætti að leggja þetta mál í dóm þjóðarinnar í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu og menn mundu síðan taka því eins og menn hvað þjóðin hefði um það segja. Þá verða menn líka að sætta sig við það að tapa, þeir sem eru hlynntir og þeir sem eru á móti, vegna þess að menn verða alltaf að hafa þor til þess og manndóm í sér að lúta niðurstöðu. Það er það sem leiðtogar eiga að gera, það er akkúrat það. Þeir eiga að koma fram með sín mál og leggja þau í dóm þjóðarinnar og vera menn til að taka því hvað hún segir en ekki þetta, ekki segja: Nei, við ætlum bara að tékka á þessu, athuga hvað þjóðin segir og síðan munum við væntanlega fara eftir þessu af því að við ætlum auðvitað að fara eftir því sem þessi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla segir. En í því eru svo margir varnaglar og það er hægt að þvæla því máli fram og til baka að maður hefur enga sannfæringu fyrir því að menn séu í raun og veru að meina það sem þeir eru að segja.

Menn verða að átta sig á að á sama tíma og alltaf er verið að tala um að mál af þessum toga séu ekki á flokkslínu, og það má margt um það segja, og nú skuli menn kjósa eftir sannfæringu sinni og samvisku, og það má margt um það segja líka, þá er það líka svo þegar menn síðan kjósa um svona mál þegar taka á afstöðu til þess hvort land eins og Ísland eða hvaða land sem er vilji vera hluti af svona sambandi þá er langbest að það væri það eina sem fyrir þjóðina er lagt á þeim tíma en demba því ekki inn í aðra kosningabaráttu af annars konar toga. Vegna þess að þá eru að mínu áliti í raun og veru miklu meiri líkur til þess að svona mál yrði fellt, þegar það er komið inn í flokkspólitíska hagsmuni og inn í það þvælast alls konar verk þeirrar ríkis-

stjórnar sem er að víkja o.s.frv. Það má alveg leiða líkur að því að það sé jafnvel meiri áhætta fyrir þá sem hvað heitast vilja í Evrópusambandið ganga.

Þetta er einhvern veginn þannig að það vantar í þetta sannfæringarkraftinn og það vantar í þetta einhverja trú á að það sé gott fyrir Íslendinga að ganga í Evrópusambandið, að það muni hjálpa Íslendingum, að það muni skipta máli til lengri tíma fyrir Ísland, að það muni skipta máli fyrir Ísland að geta á einhverjum tímapunkti tekið upp aðra mynt, að það muni skipta máli fyrir Ísland að eiga trausta bandamenn í öðrum Evrópuþjóðum, að það skipti máli fyrir Ísland að hafa ekki einungis Norðurlandasamstarf til að reiða sig á heldur að ná betra sambandi við t.d. Stóra-Bretland og alla Suður-Evrópu.

Það er ekkert í þessari þingsályktunartillögu og nefndaráliti sem segir mér að þeir sem hana skrifa hafi mikla sannfæringu fyrir því að þetta sé það sem þeir vilja gera. Ég vil að þeir segi það, ég vil að þeir komi með það. Ég ætla ekki að fara að segja þeim út af hverju þeir eigi að fara í Evrópusambandið, þeir eiga sjálfir að gera það ef þeir vilja gera það á annað borð. Ef þetta er bara eitthvert verkefni sem þarf að klára, ef það þarf að ýta á einhvern takka eða setja X í kladdann, þá getur verið að þetta sé eitthvert plagg til að leysa úr því, en menn gera ekki Íslendingum neinn greiða með þessu. Ef þetta er eins og einhver sagði að það þurfi að losna við þetta Evrópumál út úr heiminum, og það hafa margir sagt, ég held meira að segja að ég hafi sagt einhvern tíma að það sé ofsalega þreytandi þegar menn komi alltaf með þessa töfralausn að ganga í Evrópusambandið, við verðum að leiða þetta mál til lykta á einhverjum tímapunkti, en þetta mál er akkúrat þannig að það er eins og ekkert annað standi til en að leiða þetta einhvern veginn í jörð, komast út úr þessu vandræðamáli. Samfylkingin er alltaf að tala um Evrópusambandið, segja vinstri grænir, við þurfum endilega að komast út úr þessu og síðan getum við snúið okkur að einhverju öðru. Þetta á bara ekki að vera svona. Svona eiga menn ekki að vinna, menn eiga að vera menn til að gera hlutina betur en þetta.

Ég veit ekki hvað gerist í haust þegar við höldum áfram að glíma við þann vanda sem hér er, Íslendingar, og ég veit ekki hvort það muni duga okkur til lengri tíma að búa við íslensku krónuna. Ég hugsa að enginn hér inni geti svarað því almennilega á þessari stundu en hins vegar held ég að við vitum það flest að íslenska krónan er ekki okkar mesti óvinur núna um þessar mundir og ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að þeir sem hafa hvað mest talað krónuna niður hafir, margir hverjir, gert Íslandi hvað mestan óleik með því. Það er ekki hlutverk þeirra sem landinu stjórna að tala um það í öðru hverju orði að íslenska krónan sé ónýt. Ef menn vilja vera hluti af alþjóðlegu samfélagi verða þeir líka að átta sig á því að allt sem er sagt hér er þýtt á erlend tungumál, ekki bara sumt heldur allt. Og þegar þeir sem eru heitastir aðildarsinnar að Evrópusambandinu tala stöðugt um að íslenska krónan sé ónýt og það verði ekki við hana búið, þá eru þeir ekki að bæta samningsstöðu okkar við þessi lönd. Fyrir utan það, sem við viljum kannski ekki hugsa um neitt sérstaklega Íslendingar, þá er náttúrlega langt í það að við munum uppfylla nokkurt af þeim skilyrðum sem þarf til að taka upp evru, það er langt í það. Það er náttúrlega draumsýn ein að halda að Evrópusambandsþjóðirnar muni slá eitthvað af til að hjálpa þessari þjóð sem er búin að koma sér í þessi óskaplegu vandræði, sem eru fáheyrð, með dyggilegri hjálp Breta og Hollendinga. Því skyldu þeir fara að brjóta sínar reglur og fara að taka okkur inn í evrusamstarf? Til að grafa undan sínu eigin hagkerfi og sinni eigin mynt? Hvers konar barnaskapur er þetta eiginlega? Það er alveg ótrúlegt að lesa um þetta og heyra. Þetta kemur náttúrlega ekki til nokkurra mála. Við verðum alltaf, Íslendingar, að koma okkur sjálf upp úr okkar vandræðum, það gerir það enginn fyrir okkur. Jafnvel þótt við eigum fallega fossa og fagrar ár og höldum að hér komi hver ferðamaðurinn á fætur öðrum og skaffi gjaldeyri, það skiptir engu máli. Íslandi verður ekki bjargað vegna þess að við erum svo yndisleg, góð og falleg, við verðum að bjarga okkur sjálf. Þeir sem standa að þessari tillögu eru ekki að gera það sem ég hefði haldið að þyrfti að gera til að auka líkurnar til þess að Evrópusambandsmálin komist upp á eitthvert vitrænna plan. Ég get ekki séð að svo sé nema síður sé.

Ég ætla ekki að fara að fjargviðrast við einstaka þingmenn um hvað sagt hefur verið hér í dag og undanfarna daga. Ég verð samt að segja að ég hef þó séð ótrúlegan kjark í þingsölum sem ég dáist mjög að og það er kannski það sem ég kallaði eftir áðan þegar ég var að kalla eftir því að maður sæi framan í einhverja leiðtoga af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, en ég hefur séð mikinn kjark og ég dáist að því og ég vil sjá svona kjark núna þegar við Íslendingar stöndum frammi fyrir þessum vanda. Kjarkurinn felst nefnilega í því að gera annað en endilega það sem fólk heldur að það eigi að gera, þ.e. að gera það sem maður trúir að sé best fyrir íslenska þjóð, ekkert endilega vegna þess að Fréttablaðið segir eitthvað eða fréttamenn á Stöð 2 segja eitthvað eða reyna að telja eitthvað út og segja: Hinn sagði þetta og hinn sagði hitt einhvern tíma fyrir mörgum árum. Það skiptir ekki nokkru máli. Núna verðum við að reyna að vanda okkur að gera það sem við getum best gert fyrir Íslendinga og það sem skiptir mestu máli er auðvitað að snúa sér að þeim brýnu verkefnum sem fram undan eru, leysa úr þeim erfiðustu deilumálum sem við höfum nokkurn tíma staðið frammi fyrir, langerfiðustu deilumálum sem við höfum staðið frammi fyrir. Ég vona svo sannarlega að við eigum ekki eftir að fá meira af slíku á næstunni þó að maður sé farinn að trúa öllu í því. Ef menn vilja síðan tala um Evrópusambandið þá geta þeir talað um það fyrir mér nótt og dag en ekki í sumar, ekki núna, ekki þegar við erum að horfa á tölur í skuldum Íslendinga sem eru svo óyfirstíganlegar við fyrstu sýn að maður trúir ekki hvernig við ættum að fara að því að borga þær og ég ætla rétt að vona að það sé enginn hér inni sem heldur að það muni eitthvað breytast í því efni við að ganga í Evrópusambandið. Ég ætla að vona að fólk haldi það ekki. Ég ætla að vona að fólk sem vill fara í Evrópusambandið hafi fyrir því einhver almennileg rök og ég get alveg talið upp þau rök sem ég sjálf hef gjarnan haft, ég hef ekkert hvikað frá þeim. En þau snúast ekki um það að allt breytist á einni nóttu, allar skuldirnar hverfi, það gera þær ekki. Og það mun heldur ekki breytast þó að það sé náttúrlega athugunarefni að við skuldum alltaf í annarri mynt en við öflum í. En jafnvel þótt við tækjum upp evru

breytir það ekki öllu, við þurfum samt að afla tekna. Við verðum að borga þessar skuldir. Það er ekki hægt að færa skuldirnar yfir á bílskúrinn og halda að þá sé allt í himnalagi, sérstaklega þegar ekki er búið að byggja bílskúr eins og hér. Við munum ekki geta gert neitt af því sem við höldum að við ætlum að fara að gera ef við tökum okkur ekki saman í andlitinu og snúum okkur að því sem máli skiptir.

Við ræddum um daginn um skýrslu fjármálaráðherra um stöðu efnahagsmála, gríðarlega háar skuldbindingar sem þar voru kynntar. Auðvitað vorum við ekki að tala um Icesave-skuldbindingarnar í þeim tölum en við vorum samt að tala um 1.800 milljarða kr. og það væri hægt að reka Háskóla Íslands, þessa menntastofnun sem bráðum verður 100 ára gömul og fyrir mörg okkar er mikill sómi að og okkur þykir vænt um, í tæplega 170 ár fyrir þær upphæðir. Þegar menn tala um það í Icesave-samkomulaginu að það sé undarlegt að í samningnum standi að við berum vexti af þessari upphæð frá 1. janúar 2009 áður en að efndir samningsins eru að nokkru leyti orðnar, ekkert gert fyrr en einhvern tíma í júlí ef af verður, og þá bætist 23 milljarðar við skuldina. En það skiptir engu máli — það er hægt að reka Háskóla Íslands í tvö og hálft ár fyrir það — það er eins og tölur skipti ekki neinu máli hérna, ekki nokkru máli. Þúsundir milljarða.

Við höfum deilt mikið, mörg hver, um auðlindamál. Ég ætla ekki að fara að tala um þau hér en ég minnist þess úr mínu gamla starfi að mann sundlaði yfir því að Kárahnjúkavirkjun skyldi kosta 100 milljarða, mann sundlaði, að láta sér detta þetta í hug. Ég ætla ekki að hrella menn með því að segja hve margar Kárahnjúkavirkjanir hægt væri byggja fyrir þær skuldir sem við erum að safna að okkur. En ég ætla að segja það líka, vegna þess að mér finnst það skipta máli fyrir mig, að mikið hefur mér þótt margt hafa farið úrskeiðis á undanförnum árum og ég ætla ekki að skorast undan ábyrgð míns flokks í því þegar hlutirnir hafa ekki gengið nógu vel. Ég fer fram á það sama við aðra flokka sem hlaupa gjarnan út úr herbergjum þegar erfiðra spurninga er spurt vegna þess að þeir erfiðleikar sem hafa dunið yfir á undanförnum árum eru ekki áratuga gamlir. Það er mjög stutt síðan þær ákvarðanir voru teknar og annar stjórnarflokkurinn hér var þá líka í ríkisstjórn. Mér finnst að allir eigi að vera menn til að horfa framan í sjálfa sig í þessum málum. Þegar þetta þunga Icesave-mál er yfir höfðinu á manni, mál sem ég get með engu móti skilið frá þessu Evrópusambandsmáli og hefur haft gríðarleg áhrif á það hvernig ég hef litið á Evrópusambandið undanfarna daga, þá finnst mér ekki hægt að skýla sér á bak við neitt í því. Hins vegar eru það við sem nú sitjum og það erum við sem nú ýtum á takkana sem ákveðum afdrif þessa máls, það er okkar að ákveða afdrifin. Við getum gagnrýnt margt sem gert hefur verið en það eru við sem munum taka á því endanlega ábyrgð.

Þegar fram undan eru stórar ákvarðanir er maður einn með sjálfum sér og hugsar málið. Ég sagði áðan að mér fyndist Icesave-málið hafa haft mjög mikil áhrif á það hvernig maður hefur litið á mjög margt annað undanfarna daga. Mér finnst ekki hægt að taka þessi mál algerlega í sundur, ég geri mér grein fyrir að þetta er ekki sama málið en hvernig haldið hefur verið á því máli hefur áhrif á það hvernig ég óttast að haldið geti verið á þessu máli. Þegar ágreiningurinn er þar að auki svona mikill á ríkisstjórnarbekkjunum og þegar manni finnst að annar flokkurinn sjái ekkert annað en þetta, þá er það auðvitað eitthvað sem veldur manni áhyggjum. Þá spyr maður sig að því: Af hverju liggur svona óskaplega mikið á? Hvað veldur því að það liggur svona óskaplega mikið á að ekki megi klára það mál fyrst, koma því frá? Er ekki nógu erfitt fyrir okkur að glíma við það? Er ekki nógu erfitt fyrir okkur að takast á við þann raunverulega vanda sem í því máli er, þær upphæðir sem þar er um að tefla, þau sjónarmið sem þar eru uppi um það hverjar skyldur okkar eru og hvernig við gætum hugsanlega uppfyllt þær? Vegna þess að ekkert okkar vill að við stöndum ekki við okkar skuldbindingar. Ég hugsa að við öll hér inni og allir Íslendingar séu uppteknir við akkúrat það mál, að hugsa um það. Hvað finnst þér um Icesave-málið, Ólöf? segir næstum hver einasti maður sem maður hittir. Hvernig ætlum við að borga skuldirnar okkar? Getum við búið hérna áfram? Þið verðið að segja okkur frá því hvernig þið ætlið að fara að þessu. Við verðum að trúa því sem þið segið. Það er mjög langt síðan ég hef heyrt einhvern segja: Hvernig er með Evrópusambandið, eruð þið að hugsa um að leggja inn umsókn? Það spyr enginn um þetta núna vegna þess að þetta er ekki það sem hvílir mest á okkur þessa dagana. Við viljum fyrst klára þessi erfiðu deilumál. Það er ekki þar með sagt að verið sé að segja að það verði aldrei af öðru en nú er ekki tíminn. Hvað er svona óskaplega knýjandi? Það er ekki hægt að fá nein svör við því. Ég hef engan hitt sem hefur getað sagt mér það, engan. Það er verið að tala um eitthvert ástand í Svíþjóð, að nú sé sænska forsætið komið og það muni taka þetta mál föstum tökum. Þetta eru náttúrlega engin rök, þetta eru ekki raunveruleg rök í málinu. Þetta er svona praktískt atriði, þægilegra fyrir okkur að gera þetta og hitt, en þetta eru ekki raunveruleg rök.

Gagnvart þeim okkar sem höfum verið hlynnt því að skoða þennan kost, þá finnst mér alveg óskiljanlegt að verið sé að keyra þetta svona hart áfram, algerlega óskiljanlegt, ekki nema það sé til þess að gera mann alveg brjálaðan. Það getur vel verið að þetta snúist bara um það að hleypa öllu í bál og brand. En það hefur þá tekist alveg prýðilega vel, það er allt komið í háaloft í þinginu út af öllum heimsins málum. Það er alveg sama hvaða mál það er, það er allt einhvern veginn komið í háaloft og enginn treystir neinum og allir gruna hina um græsku og maður getur ekki einu sinni lesið nefndarálit án þess að gera sér upp einhverjar skoðanir um að það sé eitthvað skrýtið að þetta skuli vera orðað svona vegna þess að það er enginn trúnaður í nefndarálitum um neitt.

Og kostnaðurinn, nú eru menn farnir að tala um kostnaðinn. Auðvitað þurfa menn að tala um kostnaðinn og hvað hlutirnir kosta. Og er það ekki bara akkúrat þá sem menn fara líka að gruna hina um græsku? Þetta er svona ódýrt vegna þess að það eiga ekki vera neinar samningaviðræður, þess vegna er þetta svona ódýrt, vegna þess að við erum að fara beint inn í Evrópusambandið. Það er alveg sama hvað er, það er allt tortryggilegt. Svo kemur fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að hann telji að ef samningaviðræðurnar gangi illa þá sé hægt að hætta við. Á þá ekki að spyrja þjóð-

ina? Það er líka skrýtið, það finnst manni líka tortryggilegt því það er bara hægt að stoppa og það á bara ekkert að tala við þjóðina. Nú þá er ekki verið að leiða málið í jörð, þá er það ekki lengur sjónarmið, þá er þetta ekki lengur eitthvað sem hægt er að merkja við í kladdanum. Þetta rekst hvað á annars horn, það er ómögulegt að skilja hvað fólk er að fara.

Ég er afskaplega undrandi á því að ríkisstjórnin skyldi ekki hafa gripið tækifærið snemma sumars þegar hluti stjórnarandstöðunnar lagði fram þingsályktunartillögu um það hvernig halda ætti á þessu máli. Ég held nefnilega að ef ríkisstjórnin hefði verið afskaplega klók þá hefði hún gert það. Þá væri þetta væntanlega ekkert mál, flokkurinn hefði staðið saman að þessu. En vegna þess að það er alltaf verið að hræra í hlutunum og gera það einhvern veginn þannig að það er ekki hægt að fallast á það þá finnst manni einhvern veginn að þetta eigi að verða svona einhver hjólbarðapólitík, svo ég noti það ljóta orð, og mér finnst ekki þetta mál þess eðlis að það eigi að vera þannig. Mér finnst nefnilega stórmál að ákveða það að sækja um aðild að Evrópusambandinu og ég vil líka að menn umgangist það mál af tilhlýðilegri virðingu. Ég get hins vegar alveg hrósað hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir ítarlegt og gott nefndarálit fyrir sinn hatt eins og ég segi. En mér finnst ekki hægt að keyra svona mál áfram. Ég hefði haldið að þetta væri mál sem þyrfti að ígrunda vel og athuga hvort hægt væri að ná samkomulagi um það. Að íslensk þjóð geti orðið sammála um að það sé gott fyrir hana að skoða það að fara í aðildarviðræður að Evrópusambandinu, að kanna hvort það sé eitt af því sem þurfi að skoða rólega, taka þann tíma sem í það þarf en ekki keppast við að gera það fyrir einhverja dagsetningu í júlí vegna þess að þá er fundur hjá einhverju forsæti. Þetta er náttúrlega alveg galið, þetta er ekki til að hjálpa manni í þessu máli. Það er mjög dapurlegt.

[23:15]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Að mínu mati og margra annarra erum við að ræða stærsta mál sem komið hefur inn á borð þingsins frá því að við öðluðumst fullveldi því að hluti af því að ganga í Evrópusambandið er að missa hluta af fullveldinu aftur. Því er þetta mál okkur mörgum mjög erfitt og þungt og ég vona að við tökum málið, umræðuna og undirbúninginn að þessu máli öll alvarlega því í mínum huga fylgir því mikil alvara að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu, að ætla sér að ganga inn í Evrópusambandið. Að mínu mati jafngildir það því að leggja inn umsókn um að maður ætli í Evrópusambandið. Maður getur ekki bankað á dyr án þess að ætlast til að dyrnar séu opnaðar og manni hleypt inn. Í mínum huga er því mikill munur á því að fara í könnunarviðræður, kanna og kortleggja það sem hér er lagt til að verði gert hvað varðar umsókn um aðild og fara í þau stóru mál og erfiðustu sem við vitum að hugsanlega strandar á eða verður okkur erfiðast í samningaviðræðunum og láta það duga í bili. Það er mikill munur á könnunarviðræðum og hugsanlega þjóðaratkvæðagreiðslu í framhaldi af því, þ.e. hvort við viljum leggja inn umsókn eða því að leggja inn umsókn eins og hér er gert. Með hvorugri þessara leiða get ég mælt í dag þó svo ég geri mér fulla grein fyrir því að mikill þrýstingur hefur verið á það að fara í akkúrat svona könnunarviðræður. Aðildarumsókn — mjög margir rugla þessu bara öllu saman — það er bara að fara og athuga hvað við getum fengið út úr þessu, hvar við stöndum. Það þýðir ekkert að kanna þetta. Það verður að skoða þetta. Við verðum að vita hvað þetta er og hvað við fáum út úr þessu Evrópusambandi og hvort við fáum evruna því að myntin, íslenska krónan, stöðugleikinn er það sem fólk hefur horft til og vonast eftir eðlilega og litið með vonaraugum til Evrópusambandsins og þá aðallega evrunnar, að það væri eitthvað sem gæti hjálpað okkur í þeim óstöðugleika sem hér hefur verið. En það er mikill munur á því að kortleggja þetta og kanna eða því að leggja inn umsókn.

Með hvorugri aðferðinni get ég mælt í dag vegna stöðu okkar í dag, efnahagsstöðu þjóðarinnar og þeirra vandamála sem við stöndum frammi fyrir, stóra Icesave-málsins, það að koma okkur út úr þeim himinháu skuldum sem þjóðin er í, ekki bara ríkissjóður heldur þjóðin. Það er verkefni sem við þurfum öll að takast á við og koma okkur út úr og það á sem fæstum árum. Þegar við erum búin núna á þessu sumarþingi að fara í gegnum þær erfiðu ákvarðanir að skera niður í ríkisfjármálum á þessu ári, að undirbúa niðurskurð og sparnað og skattlagningar á næsta ári þá höfum við verið með þetta mál í vinnslu í þinginu, tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem hefur tekið alveg gífurlegan tíma, orku og kraft frá öðrum þingstörfum. Það er ekki svo að ég vorkenni okkur þingmönnum að vinna mikið og leggja mikið á okkur. En mér hefur fundist núna í vor og í sumar að við hefðum átt að einhenda okkur og leggja okkar krafta í allt aðra hluti en þetta núna. Þar að auki vitum við að stuðningur við aðild að Evrópusambandinu gengur þvert á alla stjórnmálaflokka, alla. Það er helst Samfylkingin einn flokka sem hefur nær einróma verið hlynnt aðild. Hugmyndin og hugsanir fólks um það hvort Íslandi sé betur borgið innan eða utan Evrópusambandsins mun kljúfa þjóðina af því að þetta er þverpólitískt þannig lagað séð að þetta gengur þvert á alla flokka. Núna þegar við þurfum, til að komast út úr þeim miklu erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir, á samstöðu þjóðarinnar að halda á öllum sviðum — því öðruvísi gerum við það ekki — þurfum að standa saman sem þjóð þá erum við með þetta stóra mál í höndunum sem mun kljúfa þjóðina í með og á móti Evrópusambandinu. Í þeim miklu erfiðleikum og fjárhagserfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir þar sem horft er á hvert starf, hverja krónu þá mun bara þetta mál, umsóknin ein og sér, vera óhemju dýr og ég leyfi mér að efast um þá greiningu sem kemur fram í nefndarálitinu, þ.e. að ef þetta verður samþykkt og ef við ætlum að standa vel og faglega að umsókninni þá mun hún verða dýr því við eigum við samningsaðila sem eru mjög færir, hafa mikla þjálfun, búa yfir mikilli samningatækni, beita miklum áróðri og kunnáttu í að standa frammi fyrir sínum málum þannig að það er eins gott að við höfum þá jafngilda samningsaðila eða eins færa og við getum til að fara í þessar viðræður ef af verður. Ef þetta mun ekki kosta okkur þeim mun meiri fjármuni í sérfræðinga og mannskap þá þýðir það bara að við munum ekki leggja okkur nægilega fram eða kosta því til sem þarf eða þá að við verðum að leggja til

hliðar þau verkefni sem eru inni í ráðuneytunum sem þetta hvílir þyngst á. Akkúrat núna standa ráðuneytin mörg hver í erfiðum verkefnum vegna þess að það hafa verið breytingar á verkefnum nokkurra ráðuneyta og þau eru svona rétt að koma sér í nýjan farveg. Til stendur að breyta enn verkaskiptingu á milli ráðuneyta þannig að þau verkefni bætast ofan á og svo er þetta, að takast á við þetta ferli, þ.e. að fara í umsóknarferlið. Ég horfi bara til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Það verður ekki lítið verkefni sem bíður þess ráðuneytis fyrir utan allt sem snýr bara að því að halda hér öllu á floti. Bara ef við horfum á þessa þætti þá finnst mér þetta algjörlega eins röng tímasetning og hægt er að hugsa sér fyrir utan það að ég tel að við séum ekki í nokkurri einustu samningsstöðu að fara sem þjóð og ætla að semja við þær aðstæður sem við búum við með Icesave-málið eins og myllustein um hálsinn. Við verðum og ætlum okkur að ná okkur út úr þessum skuldaklafa á fáum árum til að missa ekki efnahagslegt sjálfstæði okkar, segja okkur ekki til sveitar, segja okkur ekki í Parísarklúbbinn heldur halda efnahagslegu sjálfstæði en þá erum við í mjög þröngri samningsstöðu til að standa vörð um þau gildi sem hér hafa verið negld niður og inn í þingsályktunartillöguna og hafa komið fram í breytingartillögum og það sem við vitum að þjóðin vill standa vörð um, um efnahagslögsöguna, um landbúnaðinn, um orkuna, um náttúruauðlindirnar. Verður ekki auðveldara í þessari markaðshyggju Evrópusambandsins — þar er alveg viðurkennt að markaðshugsunin er ríkjandi og frjálst flæði í viðskiptum. Samkeppnishugsjónin ræður ríkjum og það á milli ríkja. Það verður erfiðara fyrir okkur að varðveita eignarhald á auðlindunum þegar skuldastaða okkar er svo erfið að það væri hugsanlega hægt að greiða fyrir eða koma okkur út úr skuldunum með því að selja frá okkur auðlindirnar og orkuna. Erum við ekki viðkvæmari í þessari stöðu að ætla að semja um inngöngu í Evrópusambandið?

Eins og alþjóð veit erum við í ágætis stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna sem hefur haft það á stefnuskrá sinni að ganga í Evrópusambandið. Við aftur á móti í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ekki gert það. Við höfum í okkar stjórnmálasamþykkt eða stjórnarstefnu sem útgangspunkt að okkar hagsmunum sé best borgið utan Evrópusambandsins og höfum ályktað í þá veru á mörgum þingum og ætla ég að lesa stuttan kafla úr stefnuskrá Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem snýr beint að Evrópusambandinu. Hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samskipti við Evrópusambandið ber að þróa í átt til samninga um viðskipti og samvinnu, m.a. á sviði menntamála, vinnumarkaðsmála og umhverfismála. Hugsanlegur ávinningur af aðild Íslands að Evrópusambandinu réttlætir ekki frekara framsal á ákvörðunarrétti um málefni íslensku þjóðarinnar og er aðild að Evrópusambandinu því hafnað. Hagsmunir fjármagns og heimsfyrirtækja eru í allt of ríkum mæli drifkraftar Evrópusamrunans, miðstýring, skrifræði og skortur á lýðræði einkennir stofnanir þess um of.“

Svo segir um sjálfstæða utanríkisstefnu og félagslega alþjóðahyggju, með leyfi forseta:

„Lýðræðislega kjörin stjórnvöld á Íslandi geta sjálf tekið ákvarðanir um lagabreytingar hliðstæðar þeim sem ákveðnar eru innan ESB, ef þau svo kjósa og þá út frá eigin forsendum. Aðild að ESB mundi skerða fullveldi Íslands enn frekar en orðið er með EES-samningnum og tefla í tvísýnu yfirráðum Íslendinga yfir auðlindum sínum.“

Þessar stuttu klausur í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og texta um sjálfstæða utanríkisstefnu og félagslega alþjóðahyggju eru hrygglengjan í þeim samþykktum sem hafa verið gerðar um Evrópumál á landsfundum. Og hvað varðar ríkisstjórnarsamstarf Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þá viðurkenna báðar stjórnmálahreyfingarnar mismunandi viðhorf til aðildar sambandsins. Þetta var sem sé niðurstaðan, að það fékk stuðning Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að hér yrði lögð fram þingsályktunartillaga um aðildarumsókn að Evrópusambandinu og að örlög þeirrar þingsályktunartillögu réðust síðan í þinginu í meðferð þingsins. Ég vil í þessu sambandi hrósa hv. formanni utanríkismálanefndar, Árna Þór Sigurðssyni fyrir það hversu vel hann hefur haldið utan um störf nefndarinnar enda hefur hann fengið lof frá nefndarmönnum úr öllum flokkum. Hann hefur lagt sig fram um að ná samstöðu um afgreiðslu málsins. Hér liggur fyrir mjög ítarlegt nefndarálit. Þar eru dregin fram samningsmarkmið. Þar er lögð fram aðferðafræði um framgang málsins. Þar er sagt til um það hvernig aðkoma Alþingis eigi að vera og kostnaður. Ég get ekki annað gert en aðrir og hrósa þessari vinnu. Ég tel hana mikilvæga og innlegg í málið ef þessi þingsályktunartillaga verður þá samþykkt.

Það er mjög mikilvægt að hafa þverpólitíska aðkomu að samningaviðræðunum því það er bara svo að ef maður hefur trú eða oftrú á einhverju máli er maður ekki gagnrýninn og þegar lagt er af stað í samningaviðræður og maður hefur miklar væntingar um að ná árangri og ætlar sér að ná takmarkinu þá er mjög auðvelt að leiðast áfram kannski lengra en samningsmarkmiðin eða takmarkanirnar segja manni og auðvelt að misstíga sig í því. Ég lít sérstaklega líta til þess að samningsaðilar okkar hafa mikla þjálfun. Þess vegna er líka mjög mikilvægt að þarna séu gagnrýnin sjónarmið og gagnrýnir aðilar og mismunandi flokkslínur eða fulltrúar flokkanna sem koma þarna að til að standa vaktina, til að missa nú ekki sjónar á þeim fyrirvörum sem settir eru.

Eins tel ég líka mjög mikilvægt sem kom fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra að ef af þessu verði og ef farið verður í samningaferlið að byrjað verði á þeim þáttum sem erfiðastir eru og við vitum um þannig að komi í ljós að við getum ekki haldið yfirráðum okkar yfir sjávarauðlindunum, yfir landhelginni, ef það kemur í ljós að við missum rétt okkar sem fullvalda þjóð á að semja um kvóta eða aðgang að landhelginni, ef við sjáum það að þá sé bara sjálfhætt og það þurfi hvorki að fara með það í þjóðaratkvæðagreiðslu né halda neitt frekar áfram. Ég tel mikilvægt að verði af þessu þá verði byrjað á erfiðustu þáttunum og þá hætt ef ljóst er að — ég vil allt að því nefna það tálsýn — ef menn telja að ekki sé hægt að ná fram þeim samningsmarkmiðum sem halda fullveldi þjóðarinnar, yfirráðum yfir auðlindunum, eins og Evrópusambandið ætlaði að ganga inn í litla Ísland en ekki öfugt.

Hvers vegna er þá verið að þrýsta á þetta mál núna fyrir utan það að annar stjórnarflokkurinn hefur haft þetta á

stefnuskrá sinni? Ég get ekki frekar en síðasti ræðumaður, hv. þm. Ólöf Nordal, varist þeirri hugsun að á einn og annan hátt liggi þarna saman þræðir í Icesave-málinu og Evrópusambandsmálinu, umsókn að Evrópusambandinu. Mér er svolítið misboðið að við skulum á þessum tíma leggja inn aðildarumsókn þegar við upplifum það á eigin skinni og í gegnum það ferli sem hefur verið opinbert frá því 8. október, hvernig Evrópusambandið, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, hvernig Bretar, Hollendingar hafa notað aðstöðu sína og vald innan Evrópusambandsins og innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að hafa áhrif á framvindu mála. Þegar maður sér hvernig stóri bróðir, hvað stóru og sterku löndin, fjölmennu löndin innan Evrópusambandsins geta í raun blygðunarlaust kúgað þjóð eins og okkur til að gæta eigin hagsmuna í þessu sambandi þá spyr maður sig hvort þeim sé svo annt um að öll Evrópa með öll þau lönd sem eru nýkomin inn njóti sömu réttinda, séu tekin eins og bræður inn í þetta bandalag, að það sé ekki flokkað eftir stærð eða auðlegð. Stolt mitt er sært vegna þess að við skulum leita inn í þetta bandalag á sama tíma og við upplifum hvernig farið er með okkur. Þá er ég ekki að strika yfir okkar ábyrgð á Icesave-málinu, alls ekki. Auðvitað berum við ábyrgð á því hvernig fór og hvernig þetta efnahagshrun, íslenska kreppan, kom yfir okkur. Við erum í tvöfaldri kreppu. Við erum í heimskreppu og við erum í heimatilbúinni kreppu og sú kreppa er miklu dýpri, erfiðari og sársaukafyllri heldur en heimskreppan sem ýtti við okkar íslensku kreppu því íslenska kreppan er heimatilbúin. Hún er líka pólitísk. Hún er hugmyndafræði. Hún er frjálshyggja. Hún er markaðshyggja sem fór úr böndunum. Það er sárt að sitja uppi með skuldirnar og geta engum nema sjálfum sér um kennt.

Í þessari stöðu fengum við ekki einu sinni hjálp frá Norðurlöndunum, þ.e. ekki einu sinni, við erum að fá hjálp núna. En þar sem okkur liggur svo á að senda inn umsókn af því að Svíar eiga að taka við umsóknareyðublaðinu (**PHB:** Þetta er klíka.) þá spyr maður sig: Fundum við nokkurn tíma fyrir stuðningi frá Svíum í október eða í vetur? Getur verið að þessir Evrópuþræðir hafi líka haft áhrif á væntanlega formennsku Svía í Evrópusambandinu? Er það þannig að þetta þvælist alltaf og samtvinnist út af hagsmunum? Ekki hef ég nokkuð fyrir mér. Þetta bara einhvern veginn liggur svona. Alla vega varð ég aldrei vör við að Svíar sem eru þó stærsta og sterkasta Norðurlandaþjóðin hafi beitt sér og reynt að fá hin Norðurlöndin til að stuðla að því að við fengjum lán frá þeim? Frekar hef ég heyrt að þeir hafi dregið úr því, að þeir hafi haft áhrif á hin Norðurlöndin til að koma í veg fyrir að okkur yrði veitt lán nema að frágengnu Icesave-málinu. Blandast þetta eitthvað? Ég veit það ekki. En við þessar kringumstæður og þessar aðstæður okkar finnst mér algjörlega fráleitt að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það segi ég sérstaklega vegna þess að ég tel að við eigum ekkert erindi þangað. En ég er alveg undrandi á þeim sem sjá Evrópusambandið í því ljósi að það sé alfa og ómega í öllum okkar vanda, að evran bjargi öllu og svo framvegis, að meira að segja þeir sem telja að okkur sé best borgið innan Evrópusambandsins telja vogandi að sækja um núna en bíða ekki með þetta að minnsta kosti þangað til við sjáum fram á það hvort við getum komið okkur út úr þessum fyrsta skafli sem við erum í núna næstu þrjú árin. Getum við klofið það að greiða skuldir ríkissjóðs á næstu þremur árum? Ef við getum það þá getum við notað tímann því við höfum þetta sjö ára skjól til að vinna okkur út úr þessu til framtíðar. En væri ekki betra fyrir alla, og líka þá sem vilja ganga í Evrópusambandið, að bíða og sjá til?

Hæstv. forseti. Mér finnst líka áhyggjuefni að fylgjast með þróun Evrópusambandsins, hvert það stefni. Það er mikil spenna innan Evrópusambandsins. Það er mikill efi um það hvort evran verði áfram sá gjaldmiðill sem hún hefur verið. Í þessu ríkjasambandi sem stefnir í sambandsveldi — því það er bara haldið áfram — svo virðist vera að koma eigi á þessu ríkjasambandi. Alla vega stefnir í það. Í þessu ríkjasambandi markar Schengen ákveðinn ramma, landamæri utan um Evrópusambandið. Við þessi mörk eru þjóðirnar í austri. Þar eru Rússar og þar er að byggjast upp spenna algerlega að ástæðulausu að mínu mati, algerlega. Það er líka mikil óeining og spenna innan nýju landanna sem ekki hafa fengið sama jafnrétti og sömu meðferð og gömlu sambandsþjóðirnar. Við ættum að hugsa okkur mjög vel um hvort þetta veldi sé umhverfið, hvort óhætt sé að innlima okkur algerlega inn í þetta umhverfi. Þetta segi ég ekki í ljósi neinnar hugmyndafræði um að við ættum bara að einangra okkur. Ég vil þvert á móti hafa sem best samskipti við allar þjóðir. Ísland er þannig staðsett á hnettinum að við höfum möguleika á að hafa samskipti í austur og vestur og suður til Evrópu. Við erum einstaklega vel staðsett á hnettinum og ég tala ekki um núna þegar sú óheillaþróun hefur orðið að ísinn er að bráðna á norðurskautinu og auðlindir eru að koma fram eða gætu orðið aðgengilegar sem þessar stórþjóðir sækjast eftir. Eigum við þá að innlima okkur í þetta samband? Ég tel ekki. Mér finnst mikið alvörumál að sækja um aðild og ... (Forseti hringir.)

(**Forseti (SF):** Forseti spyr vegna samkomulags milli þingflokka hvort þingmaðurinn eigi mikið eftir af ræðu sinni.)

Hæstv. forseti. Ég get alveg eins hætt núna eins og að tala alla nóttina. Ég vil bara segja eins og er að mér er nokkuð þungt um hjartað og ég veit að mínum félögum bæði í þingflokknum og í okkar félögum úti um land er það líka. Ég get því eins hætt núna og vitna bara í ágætisræður sem hér hafa verið haldnar og hafa verið á sömu nótum og mín ræða. Ég get lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[23:45]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni ágæta ræðu. Nú er það svo að Vinstri grænir voru sigurvegarar kosninganna síðast og maður hefði talið að þeir væru þá í góðri stöðu þegar þeir sömdu við Samfylkinguna. En samt hefur það gerst að Vinstri grænir þurfa að vinna með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og það er víst ekki voðalega erfitt. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir Vinstri grænum, hv. þingmönnum og hæstv. ráðherrum, að skera niður velferðarkerfið og gera þetta og hitt og þeir gera það, kannski ekki með glöðu geði. Svo var send sendinefnd til Bretlands og Hollands að semja um Icesave. Það átti víst aldrei að samþykkja neitt um það en það er líka bakkað með það og við erum með umræðu um Icesave á þinginu. Hv. þingmaður nefndi að Bretar

stjórnuðu öllu í Evrópusambandinu. Ég held reyndar að það séu Þjóðverjar en ég held að í gegnum þetta ættu áhangendur Evrópusambandsins að átta sig á því að þetta er ekkert lauslegt samband jafnrétthárra ríkja. Atkvæðin, þó að við fengjum þrjú atkvæði, þá vega þau miklu minna heldur en eitt atkvæði af þeim atkvæðum sem Þjóðverjar hafa af því að Þjóðverjar borga allan brúsann.

En eftir fjórar vikur verðum við hugsanlega búin að samþykkja beiðni um aðild að Evrópusambandinu, og við verðum hugsanlega búin að samþykkja samninginn um Icesave. Ég vil spyrja hv. þingmann, sem er þingmaður Vinstri grænna, og eins og ég hef oft fórnað minni hagsmunum fyrir meiri, þá vil ég spyrja hann: Hvaða hagsmunir eru það virkilega sem eru meiri heldur en sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar?

[23:47]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég get svarað hv. þingmanni því að ég tel að það séu engir hagsmunir meiri. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að nefna það sem sjaldan er nefnt, en Vinstri hreyfingin – grænt framboð var sigurvegari kosninganna. Ýmislegt hefði verið öðruvísi ef við hefðum orðið stórsigurvegarar og hlotið enn meira fylgi en þá er maður orðinn nokkuð frekur því að okkar fylgi jókst mjög mikið og ég er þakklát fyrir það.

Hvað varðar Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þá mótmæltum við í þinginu aðkomu hans en höfðum þá ekki afl til.

Hvað varðar Icesave þá var það líka frágengið. Við sitjum þar uppi með gerða hluti frágengna. Hvað varðar aðild að Evrópusambandinu, Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar aðild að Evrópusambandinu. Við gengum að því að fara þá leið að leggja inn umsókn, enda er, svo við séum sanngjörn, krafa mjög margra að láta á þetta reyna svo þjóðin geti kosið um það og þá sé þetta mál frá eða gengið inn í Evrópusambandið. Ég tel að svo lengi sem Evrópusambandið er til og meðan einhverjir eru til sem vilja ganga í það verði alltaf uppi þessi krafa um að sækja eftir aðild að Evrópusambandinu. En við munum berjast gegn því og aðild að Evrópusambandinu.

[23:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég reiknaði með því að í stjórnarmyndunarviðræðunum hafi menn verið að höndla um ýmis mál og Vinstri grænir hafa eflaust viljað ná fram sínum markmiðum, breyta þjóðfélaginu í sína veru og annað slíkt. Þeir fá ráðherrastóla fyrir. En ég spurði áðan: Eru þeir hagsmunir meira virði heldur en það að sækja um Evrópusambandsaðild? Hv. þingmaður nefndi líka afl Evrópusambandsins og áróðursafl Evrópusambandsins og það hafa fleiri nefnt það. Menn hafa nefnt að Evrópusambandið eyði meira í áróðursstríð heldur en Coca Cola á ári og það séu upphæðir sem séu svipaðar og Icesave á ári sem það eyðir í áróðursstríð. Þegar þessi samningur liggur fyrir sem hv. þingmenn Vinstri grænna gefa vilyrði fyrir að farið verði í, þegar sá samningur kemur til baka og hann verður þannig að veitt verður undanþága fyrir sjávarútveginn í 20 ár og undanþága um þetta og hitt í 10 ár, 20 ár og 30 ár, af því að Evrópusambandið hugsar til langs tíma en hæstv. utanríkisráðherra til skamms tíma, þá mun upphefjast gífurlega mikið áróðursstríð sem Evrópusambandið fjármagnar og enginn innlendur aðili hefur bolmagn til að standa gegn. Þá óttast ég að þjóðin verði með hótunum, loforðum og áróðri fengin til að samþykkja aðild að Evrópusambandinu. Þá hefur það gerst, frú forseti, að hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar Vinstri grænna hafa með aðgerðum sínum stuðlað að því að Ísland er orðinn aðili að Evrópusambandinu.

[23:52]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Vissulega er það rétt hjá hv. þingmanni að með því að heimila í stjórnarsáttmálanum að þessi þingsályktunartillaga verði lögð fram í þinginu greiðum við þessa leið en ég segi fyrir mitt leyti og langflestra minna félaga að við munum berjast gegn því að gengið verði inn í Evrópusambandið. (**PHB:** Dugar ekki neitt.) Hvað varðar samninginn, ef sú stjórn sem nú situr eða Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur aðild að samningaviðræðunum þá munum við koma heim eftir fyrstu viðræður ef fullnægjandi skilyrði nást ekki varðandi auðlindirnar.

Hvað varðar mikilvægi þess að við séum í stjórn, það er ekki endilega vegna þrár eftir að sitja í ráðherrastólum en hverri ríkisstjórn fylgir nú það að vera í stjórnarráðunum. Við þurfum fyrst og fremst að skapa traust hjá þjóðinni, við þurfum að koma peningaöflunum út úr valdastöðunum. Við þurfum að byggja upp annað samfélag sem byggist á öðrum gildum og ég treysti engu stjórnmálaafli betur heldur en Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til að gera það. (**PHB:** Er það meiri hagsmunir …?) Við höfum ekki staðið að þessum darraðardansi og dansinum í kringum gullkálfinn. Við vöruðum við þeirri þróun sem hér var og það lendir á okkur að hreinsa til og byggja upp og við munum reyna að standa okkur í því.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 23:54.

---

44. FUNDUR

miðvikudaginn 15. júlí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38.

mál, þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266. — Frh. síðari umr.

3. Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 250. — Frh. síðari umr.

Störf þingsins.

Upplýsingar varðandi ESB-aðild.

[10:02]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er er það löngu orðinn plagsiður núverandi ríkisstjórnar að dylja fyrir Alþingi upplýsingum ef hægt er. Nú gerðist það á fundi í gær að fram kom hjá hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skýrsla sem vitað er að hefur legið í utanríkisráðuneytinu frá mánaðamótum apríl/maí, um áhrifin af inngöngu Íslands í Evrópusambandið á landbúnaðinn, hefur ekki borist hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þetta er auðvitað einsdæmi að grundvallarskýrsla um áhrif aðildar að Evrópusambandinu á grundvallaratvinnuveg okkar skuli ekki vera kynnt fagráðherra. Þetta er auðvitað dæmi um vinnubrögð sem ekki eru líðandi.

Það er heldur ekki líðandi að það skuli vera svo að Alþingi fái ekki í hendur þessar upplýsingar. Þessi skýrsla er unnin af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins þar sem reynt er að meta hver yrði staða íslensks landbúnaðar miðað við það að við fengjum þá niðurstöðu sem Finnar fengu í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Því hefur mjög verið flaggað og m.a. í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar Alþingis að það sé þannig að ef við göngum í Evrópusambandið séu miklir möguleikar fyrir landbúnaðinn, m.a. vegna þess að við fáum skjól með svipuðum hætti og Finnar fengu eftir að þeir gengu í Evrópusambandið. Það sem hér um ræðir er auðvitað ákveðin aðferð við kúgun með því að halda upplýsingum frá bæði fagráðherra og Alþingi og þetta er auðvitað ekki líðandi. Ég geri þá kröfu að áður en umræðu lýkur í dag berist þessi skýrsla til þingmanna. Það er út af fyrir sig til marks um það geðleysi sem ríkir hjá vinstri grænum við að láta Samfylkinguna kúga sig í þessu máli sem öllum er orðið ljóst en það gengur ekki að kúga Alþingi (Forseti hringir.) og Alþingi lætur ekki bjóða sér að vera kúgað með þeim hætti að fá ekki þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til þessa mikilvæga máls.

[10:04]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli því að mér var ekki kunnugt um þessa skýrslu eða reyndar drög að skýrslu fyrr en í morgun og hafði lítið tóm til að afla upplýsinga um það en mér skilst að þetta séu drög. Ég hefði viljað sjá þessi drög því að afstaða mín til ESB hefur öllum verið kunn, ég mun greiða atkvæði gegn umsókn og það byggi ég fyrst og fremst á hagsmunum landbúnaðar og sjávarútvegs eins og ég tók skýrt fram í ræðu minni við fyrri umr. um þingsályktunartillögu um ESB-umsókn.

Í ræðu minni vitnaði ég sérstaklega til rökstuðnings Bændasamtakanna, ítarlegs rökstuðnings sem kom fram í *Bændablaðinu*, í mjög faglega unninni greinargerð Bændasamtakanna og til mikillar fyrirmyndar, og nú skilst mér að þessi skýrsla renni talsverðum stoðum undir skoðanir Bændasamtakanna. Menn geta hins vegar lesið sitthvað út úr henni en menn geta þó lesið ótvírætt út úr henni að kjúklingaframleiðsla og svínaframleiðsla eigi sér vart viðreisnar von með aðildinni.

Ég hef líka heyrt því fleygt varðandi sjávarútveginn að við getum misst frá okkur veiðiréttindi í makríl með umsókninni. Mér finnst miður að þessi skýrsla hafi ekki komið fyrir nefndina í þeirri umræðu sem hefur farið fram og ég hygg að ég geti ekki gefið á því viðhlítandi skýringar. Ég beini því til hæstv. utanríkisráðherra að upplýsa það til hlítar við fyrsta tækifæri hvernig á þessu stendur. Sjálfur mun ég sem formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar beita mér fyrir því að þessi drög að skýrslu verði lögð fyrir nefndina.

[10:06]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Atla Gíslasyni fyrir svörin Ég vil geta þess að í umræðu um Evrópusambandið í gær spurði ég hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um þessa skýrslu og hann svaraði því til að honum væri kunnugt um að þessi skýrsla væri til í drögum en hann hefði ekki séð hana. Mér finnst skrýtið að þeir tali ekki saman og hvet hv. þingmann til að ræða þetta við ráðherra sinn. Þetta skiptir mjög miklu máli. Ég tek undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að þarna er enn á ný verið að stinga óþægilegum skýrslum undir stól og leyna þingið gögnum. Þetta snýst ekki um neitt annað vegna þess að þarna, eins og hv. þingmaður sagði, er verið að máta íslenska landbúnaðarkerfið inn í finnska aðildarsamninginn og eftir því sem mér skilst kemur sá samanburður ekki nógu vel út fyrir íslenskan landbúnað og hvers vegna skyldi skýrslan þá ekki vera gerð opinber? Skyldi það vera vegna þess að t.d. hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson skrifaði á *Pressuna* í gær að hann hefði ekki áhyggjur af íslenskum landbúnaði í ESB? Af hverju? Með leyfi forseta, segir þar:

„Þar skiptir finnska fordæmið mestu. Finnunum tókst að semja um aukinn stuðning umfram byggðatengdan stuðning ESB við greinina á forsendum norðlægrar legu landsins. Svokallaður norðurslóðalandbúnaður var skilgreindur. Í því felst mikil og varanleg viðurkenning á sérstöðu landbúnaðar á norðurslóðum og heimild til ríkisins til þess að styrkja greinina með framleiðslutengdum hætti umfram reglur og kerfi ESB.“

Þarna liggur grundvöllur rökstuðnings hv. þingmanns fyrir því að Íslandi og íslenskum landbúnaði sé borgið innan ESB. Hvar er þá skýrslan? Ég segi það hér að ég vil fá að sjá þessa skýrslu áður en við göngum til atkvæða um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Þetta skiptir máli. Hér eru hagsmunir íslensks landbúnaðar í húfi og ég held að við þurfum (Forseti hringir.) að fá að taka sjálfstæða afstöðu til þess á þinginu hvaða hagsmunir liggja þarna að veði og hvernig við greiðum atkvæði í þessari atkvæðagreiðslu.

[10:09]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þingmönnum Einari K. Guðfinnssyni og Ragnheiði E. Árnadóttur. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta verði upplýst, ekki síst vegna þess að málflutningur hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar virðist að mínu mati ekki standast neina skoðun þegar hann ræðir hagsmuni landbúnaðarins í þessu sambandi og stangast að sjálfsögðu á við allt mat hagsmunaaðila í greininni.

En það er svo sem ekkert nýtt að samfylkingarmenn telji að hagsmunum okkar sé betur borgið innan ESB á öllum sviðum. Ég minnist þess að í áliti Evrópunefndar frá 2007 fjölluðu samfylkingarmenn meðal annarra um sjávarútvegsþáttinn og það var ekki hægt að lesa sérsjónarmið samfylkingarmanna í þeirri nefnd öðruvísi en svo að það væri allt í lagi fyrir Íslendinga að taka upp sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Þeir töldu að íslenskum hagsmunum væri ágætlega borgið miðað við sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Því er alveg ljóst með hvaða hugarfari þeir ganga til samninga við Evrópusambandið um sjávarútvegsmál, það er bara að skrifa upp á, það er svo einfalt.

En af því að hér er minnst á skýrslur og gögn get ég ekki látið hjá líða að nefna það að fyrir tæpum hálfum mánuði við upphaf umræðunnar um Icesave-samkomulagið fór ég skýrlega fram á það í ræðu að upplýsingar um öll fyrirliggjandi gögn varðandi Icesave-málið yrðu kynntar þingmönnum þannig að þeir gætu sjálfir lagt mat á það eftir hvaða gögnum þeir kölluðu. Það yrði lagður fram heildarlisti eða skrá og þingmenn gætu kallað eftir þeim gögnum sem þeir teldu tilefni til. Ég veit að nefndarmenn í öllum þeim nefndum sem hafa fjallað um málið hafa líka gert kröfu um að fá að sjá svona heildarlista (Forseti hringir.) en hann hefur ekki borist enn þá á hálfum mánuði. Á hálfum mánuði hefur ekki verið hægt að leggja fram heildarlista svo þingmenn gætu sjálfir lagt mat á þau gögn sem þeir ætluðu að fara fram á.

[10:11]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að það kemur mér verulega á óvart og ég í raun hálfvorkenni hv. formanni sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar að vera í þeirri stöðu að þurfa að svara fyrir eitthvað sem hann greinilega hefur ekki vitað um og ég trúi svo sannarlega hans orðum að hann hafi ekki haft upplýsingar um þessa skýrslu. En ég vil þá upplýsa það hér að allt frá 19. júní sl. er ég búinn að reyna að fá þessa skýrslu afhenta en það hefur einfaldlega ekki gengið. Mér hefur verið neitað um hana og sagt að þetta væri vinnuplagg eða gögn sem væru í vinnslu eða eitthvað þess háttar. Það er vísvitandi verið að halda þessum gögnum frá þinginu og þingmönnum og ég velti fyrir mér hvers vegna verið er að halda svona gögnum frá okkur. Er það vegna þess að það er eitthvað óþægilegt í þessu fyrir þá sem telja að hagsmunum Íslands sé best borgið innan Evrópusambandsins og vegna þess að þeir vilja ekki draga upp þá mynd, sönnu mynd sem er af íslenskum landbúnaði?

Í grein í dag í *Morgunblaðinu* segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, með leyfi forseta:

„Nú er vitneskja fyrir hendi um að stjórnvöld hafi nýlega látið meta stöðu og áhrif á íslenskan landbúnað með því að máta hann við finnska samninginn.“

Ég ætla að leyfa mér að lesa þetta upp í ljósi fyrirsagnar þessarar greinar sem ber heitið „Endalok nútímalandbúnaðar á Íslandi“. Ég vil líka benda á að í grein sem er á vef Bændasamtakanna, bondi.is, er farið yfir greinargerð meiri hluta utanríkismálanefndar þar sem fjallað er um landbúnaðinn og það kemur alveg skýrt fram að Bændasamtökin og hagsmunaaðilar í landbúnaði telja að í þeirri tillögu meiri hlutans sem á að afgreiða í dag væntanlega er hvergi tryggt og ekki gætt hagsmuna landbúnaðarins. Það er því grundvallarskilyrði að við fáum þá skýrslu sem hér er talað um inn á borð Alþingis, til þingmanna, þannig að við getum haldið áfram að fjalla um það stóra og mikla mál sem á að fjalla um í dag. Að mínu viti getur það haft úrslitaáhrif á það hvernig einstakir þingmenn taka afstöðu í þessu máli.

[10:13]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Þetta er auðvitað vandræðalegt og óþægilegt mál að við skulum enn á ný í þingsal standa frammi fyrir því að það séu til gögn sem geta skipt okkur máli þegar um er að ræða jafnafdrifaríka ákvörðun og þá sem hér verður tekin væntanlega síðar í dag. Ég vil því gera það að tillögu minni, frú forseti, að við leysum þetta af því að ég held að þetta sé auðleyst mál í sjálfu sér. Ég legg til að boðaður verði fundur þingflokksformanna og forseta að þessari umræðu lokinni og síðan verði gert hlé í hádeginu milli tólf og eitt og boðað til fundar í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd. Þar verði skýrslan lögð fram, menn geti skoðað hana og við getum haft hana í umræðunni það sem eftir er dagsins. Þetta er einfalt mál og ætti að vera auðvelt að bregðast við þessari beiðni. Það er illmögulegt að ætlast til þess að þeir þingmenn sem láta einmitt þennan málaflokk sig miklu varða, landbúnaðarmálin, eigi að taka afstöðu til þess hvort við eigum að sækja um aðild að ESB eða ekki, ef það liggur fyrir að slík skýrsla liggi fyrir, þó að ekki sé nema í drögum, sem getur haft áhrif á afstöðu þingmanna. Málið er nefnilega að þó að hún sé kannski bara í drögum þá eru þingmenn fullfærir um að leggja mat á þau drög rétt eins og starfsmenn utanríkisráðuneytisins eða hæstv. utanríkisráðherra. Það er því sjálfsögð krafa okkar þingmanna og allir þingmenn sama hvar í flokki þeir standa eiga að geta verið sammála um það, það er krafa þingsins og stórkostlegt réttindamál þingsins að tryggja að svona gögn berist til okkar. Við getum ekki búið við slíkt að það sé að gerast aftur og aftur að framkvæmdarvaldið haldi gögnum frá þinginu, vísvitandi að því er virðist, til að hafa áhrif á það hvernig þingmenn greiða atkvæði í þessum sal.

[10:15]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að hún hugðist funda með þingflokksformönnum að lokinni þessari umræðu þannig að hún mun þá boða til fundar með þingflokksformönnum á eftir.

[10:15]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegur forseti. Skýrslunni sem Hagfræðistofnun há-

skólans vann fyrir utanríkisráðuneytið, um áhrif ESB-aðildar á landbúnaðinn með finnsku leiðina í farteskinu, var skilað frá Hagfræðistofnun í lok apríl. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir Bændasamtakanna og það hefur komið hér fram af hálfu þingmanna líka hefur þessi skýrsla ekki fengist afhent. Þetta er endurtekning á þeim vinnubrögðum sem við höfum orðið vör við og upplifað í þinginu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, forkastanleg vinnubrögð þar sem þingið er nánast lítilsvirt með því að upplýsingum er haldið vísvitandi frá þinginu í þeim mikilvægu málaflokkum sem eru til umfjöllunar þar.

Hvað annað er falið, virðulegi forseti, hvað annað er einhvers staðar í stofnanakerfinu sem þingið má ekki sjá áður en ákvarðanir eru teknar? Við hljótum að velta því fyrir okkur. Það samkomulag sem var gert um það að ljúka þessu máli í dag var gert á fölskum forsendum og það samkomulag hlýtur að vera fallið um sjálft sig. Þegar einn mikilvægasti málaflokkurinn, eins og kemur fram í áliti utanríkismálanefndar er landbúnaður einn mikilvægasti málaflokkurinn, kemur inn í þingið er grundvallarupplýsingum haldið frá þinginu. Samkomulagið hlýtur að vera fallið um sjálft sig og við afgreiðum ekki ESB-umræðuna í dag, það hlýtur að vera krafa okkar. Það hlýtur að þurfa að funda um þetta, leiða þessar upplýsingar í ljós áður en við tökum ákvörðun. Og þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, hljóta að ætla að standa vörð um lýðræðið og í það minnsta að taka ekki ákvörðun í dag öðruvísi en það verði málefnaleg umræða í samfélaginu um ESB-aðild og það getum við þó fengið með því að styðja tvöfalda atkvæðagreiðslu. (Forseti hringir.) Þessari ríkisstjórn er ekki treystandi og við hljótum því að fara þá leið.

[10:18]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Ég held að það séu liðnir u.þ.b. 12 dagar síðan sá sem hér stendur sendi beiðni á formann sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og ritara nefndarinnar um að leggja fram umtalaða skýrslu. Það var í kjölfar síðasta skipulagða fundar nefndarinnar, en sá fundur sem nefndin átti að halda í síðustu viku var felldur niður vegna upphlaups í stjórnarliðinu vegna uppákomu í ESB-málinu í afgreiðslu í utanríkismálanefnd og voru haldnir neyðarfundir allan daginn og var felldur niður fundur í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þess vegna. Það kom mér því nokkuð á óvart að formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar sagði í ræðustól að hann hefði fyrst vitað um þessa skýrslu í morgun. Ég tek þó undir það að honum er auðvitað vorkunn þar sem þessi skýrsla virðist vera falin inni í utanríkisráðuneytinu og hjá hæstv. utanríkisráðherra. (**Gripið fram í:** Hennar er getið í Bændablaðinu sem kom út í síðustu viku og hann les það þá ekki.)

Það er kannski óþarfi að fara um það mörgum orðum, það kemur í raun og veru fram í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar að landbúnaðinum er að nokkru leyti fórnað ef við mundum ganga til aðildar við Evrópusambandið, auðvitað ekki í umræðunum sjálfum. Þær fölsku vonir sem eru bundnar við hina finnsku leið eru kannski afhjúpaðar í þessari skýrslu. Það er mjög mikilvægt að við fáum að sjá þessa skýrslu, við þingmenn í salnum. Bændasamtökin hafa gagnrýnt þetta og farið mjög gaumgæfilega í gegnum þetta og það liggur fyrir skýr niðurstaða þeirra að þeir telja hina finnsku leið ekki nægilega. Ef það liggur síðan fyrir að skýrsla sem ríkisstjórnin hefur látið vinna vegna þessa máls staðfesti það hugsanlega og við fáum ekki aðgang að henni, hvorki nefndarmenn í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd né þingmenn almennt eða þjóðin, þá (Forseti hringir.) eru það forkastanleg vinnubrögð.

[10:20]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Við höfum á sumarþinginu rætt mikið um lýðræði, gagnsæi og ný vinnubrögð. 27 nýir þingmenn sem tóku sæti hér í vor voru þess fullvissir að við værum að fara að taka þátt í lýðræðislegum vinnubrögðum en það er ekki svo. Mikill asi einkennir vinnubrögðin og skipulagsleysi, það þarf að toga öll gögn út með töngum og maður les um þau og tilvist þeirra í blöðunum. Það er ekki til fyrirmyndar. Allt þetta tal ríkisstjórnarflokkanna um ný vinnubrögð, um lýðræði, gagnsæi ákvarðana er einfaldlega í orði en ekki á borði. Ég hvet hv. 1. þm. Suðurk., Björgvin G. Sigurðsson, til að taka þátt í þessari umræðu, (Gripið fram í.) þar sem hann er þingmaður eins stærsta landbúnaðarhéraðs landsins, og skýra sína afstöðu sem birtist í *Pressunni* í gær vegna þess að ég hef þá trú að þær miklu undanþágur varðandi landbúnaðinn sem þeir tala svo fjálglega um, fylgismenn þess að sækja um aðild að ESB, séu einfaldlega ekki í boði. Ég fellst aldrei á það að einhverjar tímabundnar undanþágur verði það sem fólk komi til með að horfa á sem lausn á þessum málum fyrir landbúnaðinn. Það er ekki það sem við getum gert fyrir komandi kynslóðir og það er einfaldlega ekki í boði.

En varðandi umræðuna um það hver vissi um skýrsluna og hver ekki, það er augljóst að hv. þm. Atli Gíslason vissi ekki um skýrsluna en hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar gegndi formennsku í nefndinni í forföllum hv. þm. Atla Gíslasonar og ég spyr því hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur hvort hún hafi vitað af tilvist skýrslunnar og hvort það sé einhver misskilningur í málinu að hún hafi stýrt nefndinni þegar umræða um þessa skýrslu fór fram og tilvist hennar varð ljós. Ég óska eftir að hún komi upp og upplýsi það.

Að öðru leyti vil ég segja það að þessi vinnubrögð eru einfaldlega hluti af þeirri hugmyndafræði sem ríkisstjórnarflokkarnir nota, (Forseti hringir.) hugmyndafræði nýkommúnismans á Íslandi.

[10:22]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Setjum þetta mál í samhengi. Það gerðist um mánaðamótin apríl/maí að fyrir utanríkisráðherra var lögð fram grundvallarskýrsla sem snertir spurninguna um aðildina að Evrópusambandinu og er grundvallarmál varðandi landbúnaðinn. Þessi skýrsla var lögð fram um mánaðamótin apríl/maí, þ.e. áður en þessi tillaga er lögð fram. Skýrslunnar er hvergi getið í gögnum hæstv. utanríkisráðherra. Síðan hafa þessi mál verið til umfjöllunar í

þinginu og aldrei hefur bólað á þessari skýrslu. Það liggur núna fyrir eftir þessa umræðu að einstakir þingmenn hafa verið að kalla eftir skýrslunni og þeim hefur verið synjað um hana. Það liggur enn fremur fyrir að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafði einhverja óljósa hugmynd um að þessi skýrsla væri til en hæstv. utanríkisráðherra hefur ekki haft fyrir því að kynna honum efni skýrslunnar. Það liggur líka fyrir að Alþingi hefur ekki fengið þessa skýrslu, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, utanríkismálanefnd, engin þeirra nefnda sem fjalla um þessi mál. Svona er samhengi þessara hluta. Það hefur greinilega með markvissum hætti verið komið í veg fyrir að skýrslan yrði gerð opinber og kæmi fyrir almenningssjónir, hvað þá fyrir sjónir þingsins. Þetta eru auðvitað algerlega ólíðandi vinnubrögð en þetta eru hins vegar augljóslega meðvituð vinnubrögð. Þetta er aðferð til að halda upplýsingum frá fólki og kúga með þeim hætti því að sá sem hefur ekki upplýsingar getur auðvitað ekki beitt þeim upplýsingum í sinni orðræðu.

Þess vegna, virðulegi forseti, endurtek ég og árétta þá kröfu sem ég gerði hér í upphafi máls að þessi skýrsla verði lögð fyrir þingið fyrir lok þessarar umræðu þannig að menn gætu notað hana í umræðunni á eftir. Ég tek undir þá hugmynd hv. formanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins að haldinn verði sérstakur fundur í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þar sem þessi skýrsla verði kynnt okkur og (Forseti hringir.) þingið geti síðan haft aðgang að henni til að taka afstöðu til þessa mikilvæga máls á grundvelli upplýsinga (Forseti hringir.) sem fyrir liggja nú þegar.

[10:25]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Þetta er meiri sorgardagur en ég gerði mér grein fyrir þegar ég vaknaði í morgun og var að hugleiða hvað við værum að fara að gera á Alþingi í dag vegna þess að nú er enn á ný staðfest að lýðræðið og málefnaleg umræða á Alþingi eru algerlega fótumtroðin. Ég vil benda á að þetta er ekki í fyrsta skiptið nú á síðustu viku þar sem mikilvægum gögnum er stungið undir stól vegna þess að þau eru óþægileg í umræðunni. Þetta lýsir því miður þeim blekkingum sem hefur verið haldið fram í umræðunni um Evrópumál á undanförnum árum en þar hafa þeir sem stutt hafa aðildarviðræður ítrekað bent á það að Íslendingar gætu verið vel settir með sinn landbúnað ef þeir fengju sambærileg kjör og Finnar hafa fengið. Við sem höfum verið á móti höfum bent á að þær fullyrðingar fá ekki staðist.

Eitt verður að hafa í huga og það er að þetta mál snýr ekki að bændum einum og sér. Fjölmörg framleiðslufyrirtæki, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem fjöldi fólks vinnur í afleiddum störfum frá landbúnaði, óttast mjög um hagsmuni sína. Þau munu ekki njóta neinna styrkja frá Evrópusambandinu. Og ef við orðum þetta eins og það er og Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, gerði þá segir hann:

„Þau sem styðja aðildarumsókn eru að senda bændum skilaboð um að huga sem minnst að framtíðaruppbyggingu búa sinna. Skipuleggja undanhaldið.“

Þetta eru sorgleg skilaboð á þessum degi.

[10:27]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Fyrst er að finna út hvort skýrslan er til eða ekki og hvort hún er dröge eða skýrsla eða hvort almennt hafi verið lokið við hana (Gripið fram í.) og það hlýtur að koma fram í dag. Ég efast ekki um það augnablik að hún verði grafin upp. Fyrst hæstv. landbúnaðarráðherra varpaði henni inn í umræðuna í gær hlýtur hann að vinna að því að hún komi fram.

Það sem alltaf hefur legið fyrir er að mikilvægustu samningsmarkmið Íslendinga þegar gengið verður til aðildarviðræðna við Evrópusambandið snúa að landbúnaðinum og stöðu byggðanna. Ég er á þeirri skoðun sjálfur að fyrir engan þátt þjóðlífsins geti aðild að Evrópusambandinu haft meiri og jákvæðari áhrif en fyrir byggðirnar því að byggðakerfi Evrópusambandsins snýr að því að byggja upp innviði samfélagsins, grunngerðina o.s.frv. En um leið felast klárlega í því ákveðnar hættur fyrir landbúnaðinn eins og hann er núna ef við fengjum ekki þá skilgreiningu sem Finnar fengu á sínum tíma að landbúnaður hér yrði skilgreindur sem sérstakur norðurslóðalandbúnaður. Þess vegna fagnaði ég því sérstaklega í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar hve vel og ítarlega er tekið utan um landbúnaðinn og byggðamálin en þar segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að Ísland nýti sér og skoði eftir atvikum hvort nauðsyn beri til að útvíkka gildandi reglur ESB til að ná fram heimildum fyrir Ísland til að tryggja sem best stöðu íslenskra bænda. Fordæmi þau sem sköpuð hafa verið í aðildarsamningum ríkja eins og Finnlands munu án efa verða mikill styrkur fyrir Ísland þar sem ástæða er til að ætla að m.a. verði unnt að skilgreina allt landið sem svæði norðurslóðalandbúnaðar og sem harðbýlt svæði. Það gæti skapað grundvöll til að styrkja íslenskan landbúnað, t.d. með framleiðslutengdum styrkjum, umfram það sem almennar reglur ESB kveða á um …“

Það er enginn að tala um tímabundna undanþágu, það er verið að tala um varanlega skilgreiningu. Þetta er eitt af mikilvægustu samningsmarkmiðunum og stuðningur minn við aðild að Evrópusambandinu hefur alltaf verið skilyrtur við það að staða landbúnaðarins sé varin en þessi (Forseti hringir.) umræða núna rammar hins vegar inn nauðsyn þess að sækja um aðild og sjá hvað við fáum og að kjósa um samninginn. (Gripið fram í.) Við getum deilt um það í áratugi í viðbót með heimsendaspámennsku og rekið hræðsluáróður en við vitum aldrei hvað við fáum fyrr en við sækjum um aðild.

[10:29]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Hæstv. forseti. Auðvitað á það að vera þannig í umræðu á Alþingi að við eigum að fá allar skýrslur sem eru tilbúnar upp á borðið. Auðvitað tala allir fyrir því, þó það nú væri. Ég hafði ekki hugmynd um þessa skýrslu en menn geta ekki bundið umræðuna um Evrópusambandið við þessa skýrslu sem eitthvert síðasta hálmstrá í umræðunni. Við getum heldur ekki talað um Evrópusambandið eins og við séum þegar búin að semja við Evrópusambandið. Mér sýnist og heyrist á umræðunni hér að margir séu þegar búnir að semja við Evrópusambandið. (**Gripið fram í:** Ertu að fela leyndarskýrslu?) Það eru einhverjir hér inni sem eru þegar

búnir að semja við Evrópusambandið vegna þess að þeir eru augljóslega búnir að sjá samninginn, þeir eru búnir að meta hann og þeir eru búnir að fá niðurstöðu í eigin kolli um að þetta sé ömurlegur samningur. (Gripið fram í.) Það er ekki búið að semja. Við fáum fyrst alvöruumræðu um þennan samning ef við sjáum samninginn. (Gripið fram í.) Hann skal vera með þeim skilyrðum og ákvæðum í samningnum að hann sé þóknanlegur helstu og bestu atvinnugreinum Íslendinga. En við fáum það ekki upp á borðið nema með umræðu um sjálfan samninginn. Við getum ekki hagað okkur þannig að við stöndum fyrir framan matsölustað og þorum ekki inn og þorum ekki opna matseðilinn af ótta við það sem þar er.

[10:31]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Bara til upplýsingar fyrir hv. þingmann sem hér talaði þá er mjög auðvelt að kynna sér þetta varðandi Evrópusambandið. Ég bendi honum hér á bókina Inni eða úti. (**Gripið fram í:** Ertu búinn að semja?) Þar kemur meðal annars fram, með leyfi forseta:

„Séð frá bæjardyrum Evrópusambandsins snúast aðildarviðræður í raun aðeins um það hvernig hið væntanlega nýja aðildarríki innleiðir alla gildandi sáttmála, löggjöf og stefnumið sambandsins.“

Hið eina sem er hægt að víkja út frá því eru tímabundnar undanþágur. Þetta segja bara fræðimennirnir í háskólanum sem hafa seint talist vera eitthvað annað en hallir undir það að við göngum (Gripið fram í.) í Evrópusambandið.

Ég er hjartanlega ósammála samþingmanni mínum og góðri vinkonu, Unni Brá Konráðsdóttur, þegar hún talar um að hér sé ekki um ný vinnubrögð að ræða. Þetta eru ný vinnubrögð. Þetta eru vinnubrögð meiri hlutans dag eftir dag. Í gær voru gerðar athugasemdir við að verið væri að hóta starfsmönnum Seðlabankans. Í dag enn og aftur er það komið fram að það er verið að leyna gögnum. (Gripið fram í.) Enn og aftur er þetta pukur í gangi.

Við erum ekki enn þá búin að fá listann sem hv. þm. Birgir Ármannsson bað um fyrir mörgum vikum síðan um hvaða gögn eru til í Icesave-málinu. Þetta eru ný vinnubrögð. Þetta hefur ekki verið tíðkað hér áður. Nú reynir á meiri hlutann, á stjórnarliðana. Munu þeir gera eitthvað í því í dag að koma fram með þessi gögn eða munu þeir reyna að keyra málið í gegn? Munu þeir reyna að keyra fram atkvæðagreiðslu án þess að þessi gögn komi fram? Nú reynir á stjórnarliðana.

Ég auglýsi eftir ærlegum stjórnarliðum til þess að sjá til þess að við getum hér fengið öll þau gögn sem nauðsynleg eru til að taka upplýsta ákvörðun í þessu máli.

[10:33]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Nú er sá tími liðinn og rúmlega það sem ætlaður er fyrir störf þingsins. Forseti vill upplýsa það hér að það vinnuskjal sem hefur verið hér til umræðu mun verða kynnt sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd samkvæmt upplýsingum sem utanríkisráðherra veitti forseta hér á meðan á þessari umræðu stóð.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Þingfundur, nefndafundir og upplýsingar varðandi ESB-aðild.

[10:34]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Í þingsköpum Alþingis er gert ráð fyrir því að forseta sé heimilt að hnika til röð ræðumanna ef þörf krefur. Hér áðan var beint til mín spurningu og ég bað samstundis um orðið til að geta svarað henni en komst ekki að undir störfum þingsins. Ég verð því að nota þennan fundarskapalið, fundarstjórn forseta, til þess að svara spurningunni. Hún er svohljóðandi: (Gripið fram í.) Mér er ekki … (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Þetta er ekki fundarstjórn forseta.)

Ég geri athugasemd við fundarstjórn forseta, að hafa ekki hleypt mér á mælendaskrá …

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Það er ekki …) (Forseti hringir.)

… og vil leyfa (Forseti hringir.) mér, frú forseti … (Forseti hringir.) Þetta tekur tvær sekúndur.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti er með orðið. Hér á að ræða fundarstjórn forseta og forseti hnikar ekki til ræðuröð hér þegar rædd eru störf þingsins og tíminn er liðinn þannig að ég bið þingmanninn um að víkja úr ræðustóli.)

Ég ætla að hlýða forseta en svara um leið spurningunni: (**Gripið fram í:** Nei!) Mér var (**Gripið fram í:** Nei!) ekki kunnugt um …

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Nei, það er ekki um fundarstjórn.)

… þessa skýrslu.

[10:35]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég hefði nú talið að hv. þingmaður ætti að fá að ljúka máli sínu. En mig langar til þess að vekja athygli á því að á fundi fjárlaganefndar í morgun komu þær upplýsingar fram að þingfundur mundi hefjast klukkan tíu. Þessar upplýsingar komu flatt upp á marga þingmenn meiri hlutans sem höfðu ekki áttað sig á þessu og þetta gerði það að verkum að Seðlabankinn þurfti að fara fyrr út af fundi fjárlaganefndar en ella og við fengum ekki svör við þeim brýnu spurningum sem fundarmenn höfðu lagt fyrir seðlabankastjóra og þá sérfræðinga sem með honum voru.

Ég vil bara beina því til hæstv. forseta að svona vinnubrögð eiga ekki að koma aftur fyrir og að hann (Forseti hringir.) beini því til fjárlaganefndar að Seðlabankinn komi aftur þar til þess að þingmenn geti fengið að klára að fá svör við þeim spurningum sem þar voru lagðar fram.

[10:36]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að það var upplýst um fyrirhugaða dagskrá hér, að hún hæfist klukkan tíu. Það var gert í samráði við þingflokksformenn. Formenn nefnda hefðu átt að vita það. Þessi dagskrá var send á alla þingmenn (**Gripið fram í:** Hvenær?) í gærkvöldi þegar hún var ljós. Sömuleiðis er gert ráð fyrir nefndadegi á morgun og þá ættu menn að geta (Gripið fram í.) tekið til umræðu og fengið aftur Seðlabankann á fund fjárlaganefndar.

[10:37]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp undir liðnum fundarstjórn forseta og ætla að tala um fundarstjórn forseta og minni frú forseta á að forseti þingsins er forseti allra þingmanna. Mér fannst ekki koma nógu skýrt fram í svari virðulegs forseta hér áðan hvernig ætti að taka á þessu máli. Það var kynnt að þessi drög mundu berast til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar í dag. Ég vil fá að vita útlistun á því hvenær það verður og hvort allir þingmenn fái aðgang að þessum skjölum.

Eins vil ég taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Illuga Gunnarssonar hér áðan, að það verði gert hér fundarhlé á meðan þingmenn eru að átta sig á nýrri stöðu og þar sem allir þingmenn fái að kynna sér innihald þessarar skýrslu.

[10:38]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að þessi vinnuskjöl verða kynnt nefndinni í hádeginu samkvæmt þeim upplýsingum sem forseti hefur fengið frá hæstv. utanríkisráðherra. Forseti sér ekkert því til fyrirstöðu að allir þingmenn ættu að geta kynnt sér þau mál sem þar eru til umræðu.

[10:39]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég kem hérna upp líka til þess að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta. Í gærkvöldi upplýst að hérna mundi þingfundur hefjast um tíuleytið og þá var einmitt á vefnum boðaður fundur í utanríkismálanefnd klukkan 10:15. Ég hélt að það væri vinnuregla hér á þinginu að ekki væri boðað til þingfundar á sama tíma og nefndarfundir standa eða öfugt.

Síðan var líka upplýst — að vísu ekki í gegnum minn þingflokksformann enda held ég að það hafi verið ég sem hafi upplýst hann um það — að það væri búið að taka af fasta nefndatíma þannig að þær nefndir sem væru sem sagt með fasta fundartíma hefðu ekki lengur þá fundartíma. Mér finnst algjörlega óásættanlegt þegar mál liggja fyrir nefndum að menn skuli ekki halda sig við þá fundartíma og virðist þetta ekki hafa verið gert í sátt hérna á þinginu, þ.e. að taka þessa ákvörðun heldur virðist þetta vera einhliða ákvörðun forseta.

[10:40]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill upplýsa um þetta enda gerir hann sér grein fyrir því að margir nýir þingmenn eru hér á þinginu. En það hefur viðgengist þegar þingstörfum fer að ljúka að fastir nefndatímar eru ekki lengur viðhafðir heldur gefnir nefndadagar. Á morgun og á föstudaginn eru nefndadagar. Það er föst venja í þinginu þegar svona stendur á og hafa þingmenn ekki gert athugasemdir við það.

[10:40]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því að forseti notaði orðalagið „þegar þingstörfum fer að ljúka.“ Ég verð að játa að það eru nokkuð nýjar upplýsingar fyrir mig miðað við þau mál sem hér liggja fyrir og ljóst er til dæmis að Icesave-málið er þannig vaxið að ég get ekki séð að því verði lokið hér í þinginu í náinni framtíð. Ég sé ekki betur en að það séu alltaf að koma fram ný og ný gögn og nýjar og nýjar upplýsingar sem geri það ólíklegra að því máli ljúki hér hratt. Það eru því nýjar upplýsingar þegar hæstv. forseti vísar til þess að nú sé tekið upp það vinnulag sem eigi við þegar þingi sé að ljúka. En nóg um það.

Hv. þm. Höskuldur Þór Þórhallsson benti á mjög mikilvægt atriði hér áðan, að Seðlabankinn hefði verið á fundi fjárlaganefndar í morgun og hefði ekki haft tækifæri til að svara ýmsum spurningum sem til hans hefði verið beint. Seðlabankinn hefur verið mikið í umræðunni. Ég tel brýnt að Seðlabankinn fái tækifæri (Forseti hringir.) til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við fjárlaganefnd og ef það er nauðsynlegt að gera hlé á þingfundum í dag til þess (Gripið fram í.) að gefa fjárlaganefnd kost á að klára fundinn (Gripið fram í.) tel ég að það sé atriði sem hæstv. forseti ætti að ræða við þingflokksformenn á fundi (Gripið fram í.) sínum hér á eftir.

[10:42]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að virða ræðutímann.

[10:42]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég verð að taka undir orð hv. þm. Birgis Ármannssonar að ég veit ekki til þess að það sé komið neitt samkomulag um að fara að ljúka þingstörfum hérna. Því er náttúrlega í hæsta máta óeðlilegt að forseti gefi sér að það sé komið að þessum miklu lokum og geti þá hugsanlega farið í sumarfrí eða gert eitthvað annað því hér liggja fyrir mjög mikilvæg mál, mál sem við viljum gjarnan fá að ræða betur, mál þar sem hafa verið að koma nýjar og nýjar upplýsingar fram. Það var náttúrlega algjörlega óásættanlegt núna í morgun að þegar menn voru rétt að byrja að spyrja spurninga, mjög mikilvægra spurninga að þá þurfti að ljúka fundi þrátt fyrir að formaður nefndarinnar hafði óskað eftir því eða spurt hvort það væri möguleiki að fresta þingfundi. Þarna er verið að ræða mjög mikilvægar upplýsingar um hvernig framtíð Íslands lítur út.

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266.

og

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Þáltill. utanrrh. o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 250.

[10:44]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með umræðu um

þá þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir og nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar undanfarna daga. Í þeirri umræðu hefur maður greint mjög heitar tilfinningar annars vegar og hins vegar mjög tæknilega umræðu sem hefur kannski fyrst og fremst miðað að því að gera þingsályktunartillöguna og málið allt sem tortryggilegast. Hér hafa fallið þung orð og mikil svigurmæli um ætlan manna að selja landið, þjóna Evrópusambandinu en ekki þjóðinni o.s.frv. Slíkur málflutningur er afar óábyrgur og kannski síst það sem þjóðin þarf á að halda í þrengingum sínum þessar vikur og mánuði. Hræðsluáróður og brigsl um landráð og svik o.fl. er ekki málflutningurinn sem við þurfum á að halda þegar við stöndum frammi fyrir mikilsverðum og afdrifaríkum málum eins og því sem hér er til umræðu.

Í þessari umræðu hefur líka augljóslega sjálf aðildin að Evrópusambandinu legið undir og eins og kom hér fram réttilega í máli hv. þm. Sigmundar Ernis Rúnarssonar fyrr í dag mætti halda að menn væru nú þegar búnir að semja um aðildina og væru farnir að vega og meta það sem í samningnum fælist. Það er vitanlega ekki svo. Það sem við erum að taka afstöðu til hér á þessari stundu er hvort við eigum að fara í viðræður við Evrópusambandið, hvort við eigum að kanna hvað í aðildarsamningi mundi felast, þ.e. með sjálfum aðildarviðræðunum má segja að við séum komin í könnunarviðræður og það er auðvitað fyrst þá sem við getum áttað okkur á því hvað í sjálfri aðildinni fælist.

Menn hafa notað hér hugtök eins og lýðræði og sjálfstæði og mönnum hefur orðið tíðrætt um sjálfstæði landsins, jafnvel teygt sig svo langt að ræða um Jón Sigurðsson, forseta, sem svo var nefndur. Ég vil leyfa mér að halda því fram af því að Jón Sigurðsson var heimsborgari — hann eyddi lunganum úr ævinni í Kaupmannahöfn og var á vissan hátt sendiherra lands og þjóðar þó að það hafi ekki verið í formlegum skilningi — að ef Jón Sigurðsson væri uppi í dag væri að hann búinn að koma okkur inn í Evrópusambandið og kannski sjálfur sestur inn á Evrópuþingið. Það hefði a.m.k. verið í hans anda, þess heimsborgara og heimsmanns sem hann var.

Sjálfstæði landsins hefur mikið verið hér til umræðu. Úr þekktu skáldverki eftir Halldór Laxness sem nefnist Sjálfstætt fólk er líka talað um sjálfstæði manns, Bjarts í Sumarhúsum. Hann lifði sínu sjálfstæði og háði sína sjálfstæðisbaráttu á þann hátt að hann lifði einangraður fjarri mannlegu samfélagi, má segja. Hann bast ekki samstarfi við nokkurn mann, hann nytjaði ekki þá möguleika sem fólust í landsgæðunum umhverfis hann, lifði þar af leiðandi og dó einangraður maður og það visnaði allt sem í kringum hann var. Ég óska ekki íslenskri þjóð þess hlutskiptis sem kallast sjálfstæði Bjarts í Sumarhúsum. Við getum auðvitað ekki, eins og ég hef áður sagt, skellt hurðum á veröldina. Sjálfstæði okkar felst ekki í því að vera ekki partur af alþjóðlegu samfélagi. Sem betur fer höfum við borið gæfu til þess í gegnum tíðina að bindast samtökum við aðrar þjóðir í ýmsum skilningi og það hefur hingað til reynst okkur vel.

Frú forseti. Í þingræðu sem ég flutti hér við 1. umræðu þessa máls gerði ég að umtalsefni hugtakið „lýðræði“. Algengasta lýðræðisform vestrænna samfélaga er fulltrúalýðræðið sem birtist m.a. í þingræðinu þar sem kjörnir fulltrúar hafa það hlutverk að gæta hagsmuna almennings og endurspegla vilja kjósenda. Það er vandasamt hlutverk, það kallar á djúpa virðingu fyrir megingildum lýðræðis og mannréttinda. Nú liggja hér fyrir þinginu tvær tillögur, annars vegar tillaga hæstv. utanríkisráðherra um aðildarumsókn að ESB ásamt meirihlutaáliti utanríkismálanefndar, hins vegar tillaga nokkurra hv. þingmanna um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu um sama mál. Tillagan um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu er borin fram í nafni lýðræðis en er þó hvorki í anda beins lýðræðis né þingræðis þó að lýðræðið sé yfirvarp hennar. Tillaga sem felur ekki annað í sér en að vísa til þjóðarinnar spurningu um ekkert. Slík tillaga á ekkert skylt við lýðræði, hún er sýndarstjórnmál.

Frú forseti. Það er hlutverk þingmanna að vera fulltrúar almennings á þjóðþinginu og láta þar til sín taka í þeim málum sem varða almannaheill og samfélagslega hagsmuni. Það er hlutverk stjórnmálamanna að vera fulltrúar fólksins og tryggja framgang lýðræðisins með því að taka þær ákvarðanir sem þeir eru kosnir til og það hlutverk rækja stjórnmálamenn best með því að koma málum í lýðræðislegan farveg, ekki með því að skorast undan og vísa frá sér heldur með því að þora að taka afstöðu og ákvarðanir. Maður skyldi nú halda að íslensk þjóð væri búin að fá nóg af ákvarðanafælni íslenskra stjórnmálamanna þó að ekki væri á það bætandi í þessu veigamikla máli. Undan þessu hlutverki eiga stjórnmálamenn og hv. þingmenn ekki að skorast.

Ég styð því þingsályktunartillögu hæstv. utanríkisráðherra og lýsi mig sammála meirihlutaáliti utanríkismálanefndar sem er vel unnið og vel rökstutt og felur í sér að hv. þingmenn, kjörnir fulltrúar fólksins, setji af stað lýðræðislega málsmeðferð í einu veigamesta hagsmunamáli þjóðarinnar á síðari tímum. Þingsályktunartillagan sem hér er til umræðu felur í sér að Alþingi sjálft beiti þingræðinu til að þjóðin geti átt síðasta orðið um lyktir þessa mikilvæga máls, þ.e. í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er eins og ég hef áður sagt sögulegt tækifæri fyrir Alþingi Íslendinga til að sýna í verki ómetanlegt fordæmi um framkvæmd sjálfs lýðræðisins þar sem þingmenn ólíkra stjórnmálaflokka koma sér saman um meðferð í máli sem þeir eru þó ósammála um í grundvallaratriðum, en þeir eru sammála um málsmeðferðina vegna þess að þeir virða lýðræðið og hafa ákveðið að treysta þjóðinni og hlusta eftir vilja hennar.

Frú forseti. Ég er ekki fylgjandi sýndarstjórnmálum, þess vegna styð ég ekki tillögu um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún er að mínu viti flótti frá því verkefni sem við stöndum frammi fyrir, þ.e. að þjóðin hafi eitthvert raunverulegt val, að hún geti byggt afstöðu sína á einhverju öðru en fordómum, fyrirframályktunum, lýðskrumi eða áróðri. Samfylkingin virðist vera eini stjórnmálaflokkurinn í landinu um þessar mundir sem hefur framtíðarsýn í þessu efni. Hún virðist vera eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur þor til að leiða íslenska þjóð inn í framtíðina og skapa okkur skilyrði til þess að vera þjóð meðal þjóða. Við Íslendingar eigum að vera óhrædd við að ganga inn á vettvang þjóðanna sem sjálfstæð og fullvalda þjóð, þangað sem við eigum að geta sótt okkur tilstyrk og fyrirmyndir og verið hluti af alþjóðasamfélaginu.

Ég trúi því staðfastlega að aðild Íslendinga að Evrópusambandinu yrði heillaspor fyrir þjóðina eins og ég lýsti í

þingræðu við 1. umr. Það er engum vafa undirorpið að við Íslendingar verðum, í þeim sporum sem við erum núna, að stíga markviss skef í átt til stöðugra efnahagslífs og bættra lífskjara á Íslandi. Innganga í Evrópusambandið tel ég að væri liður í því og evru-umræðan í þessu samhengi tel ég að hafi verið mjög einföldð, m.a. af andstæðingum sambandsaðildar. Evran er að sjálfsögðu ekki eitthvað sem bíður handan við hornið í ár eða á næsta ári, það er ferlið að því að taka upp evruna sem gæti falið í sér marktækar efnahagsumbætur á Íslandi eins og við vitum.

Þar af leiðandi er það mín von að ef við göngum í Evrópusambandið sé það liður í því að bæta lífskjör í landinu, styrkja stjórnsýslu okkar — ekki veitir af, bæta viðskiptaumhverfið — ekki veitir af, efla hér byggðaþróun — ekki veitir af, efla sjálfbærari og vistvænni framleiðsluhætti, skapa hér fjölbreyttari menntunarkosti og atvinnumöguleika fyrir ungt fólk. Á öllu þessu þurfum við sárlega að halda.

Þetta er sú framtíðarsýn sem við jafnaðarmenn höfum fram að færa og þetta er sú von sem íslensk þjóð sem heild ber að sjálfsögðu í brjósti. Hvort sú von er falsvon eða framtíðarsýnin tálsýn, verður aðeins leitt í ljós með aðildarumsókninni sem hér er til umræðu og síðan þeim samningsdrögum sem af henni leiðir. Sú vinna er öll eftir og afrakstur hennar er í raun eina haldbæra vísbendingin sem við getum fengið um þá möguleika sem innganga í Evrópusambandið getur falið í sér fyrir okkur sem þjóð.

Vitanlega verða samningsmarkmið viðræðnanna að vera skýr og afdráttarlaus. Það er mikil einföldun og rangfærsla sem fram hefur komið hér ítrekað í þessum þingsal að Samfylkingin ætli bara að ganga inn í Evrópusambandið skilyrðislaust. Að sjálfsögðu er það ekki þannig. Við getum ekki fallið frá forræði yfir fiskimiðum okkar eða öðrum auðlindum, svo dæmi sé tekið. Við verðum að hafa tryggingu fyrir því að atvinnuvegir okkar fái þrifist. Það er fyrst þegar við sjáum hvernig búið verður að þessum þáttum, hvort sem við erum að tala um sjávarútveg, landbúnað eða forræði yfir auðlindum, sem hægt er að taka afstöðu til þess í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort við viljum yfirleitt ganga inn í Evrópusambandið eða ekki. Þetta, frú forseti, er verkefnið sem bíður okkar og við megum ekki skorast undan því eins og ráðalausar bleyður að sinna þessu verkefni og vinna það með sóma. Hið háa Alþingi getur ekki verið þekkt fyrir að ýta þessu verkefni frá sér með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í tillögu um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu sem verður til umræðu hér á eftir því að sú tillaga er eins og nýju fötin keisarans, hún er ekki um neitt.

[10:56]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni Samfylkingarinnar fyrir áræðið að taka þátt í umræðunni því að samfylkingarmenn hafa ekki verið fjölmennir hér í þessari löngu umræðu. Hún hefur hugrekki og þor til að þora í umræðuna.

Varðandi það að Evrópusambandsaðild sé alþjóðahyggja er það akkúrat öfugt. Við Íslendingar missum möguleika til að gera samninga við erlend ríki, eins og Taívan og fleiri, þannig að þetta er akkúrat öfugt. Þetta er heimóttarleg stefna, við erum að missa tengsl við alþjóðasamfélagið, við erum að fara inn fyrir múra Evrópusambandsins.

Síðan segir hv. þingmaður að það sé mikilvægt að hafa forræði yfir auðlindum og mig langar til að heyra hv. þingmann segja það hér vegna þess að samningurinn mun koma til baka með tímabundnum heimildum, ég er viss um það, og þá mun Samfylkingin segja: Þetta eru langar tímabundnar heimildir, við megum veiða fisk í 20 ár, eitthvað slíkt, og af því að Íslendingar hugsa til svo skamms tíma — Samfylkingin sérstaklega, hún hugsar bara í mánuðum — en Evrópusambandið hugsar í áratugum og árhundruðum, verður samningurinn svona. Ég vil fá hv. þingmann til að segja það hér og lýsa því yfir, af því að það verður svo gaman að reka það ofan í hana aftur þegar samningurinn kemur: Þegar hún talar um forræði yfir auðlindum er það þá varanlegt til eilífðar, alla tíð, eða tímabundið? Þá á ég við landbúnað, sjávarútveg, orku, norðurslóðirnar og allar hugsanlegar (Forseti hringir.) og óhugsandi auðlindir.

[10:58]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Fyrirspurn hv. þm. Péturs Blöndals er fljótsvarað. Forræði okkar Íslendinga yfir íslenskum auðlindum þarf að sjálfsögðu að vera varanlegt, það er engin spurning í mínum huga.

Varðandi það hvort aðild að Evrópusambandinu er alþjóðahyggja eða heimóttarleg stefna, um það getum við deilt en svo mikið er víst að einangrað land norður í Dumbshafi sem hefur slitið tengsl sín við alþjóðasamfélagið er ekki sjálfstætt land.

[10:59]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. heldur að hún sé að sækja um eitthvert annað Evrópusamband en er til staðar. Það er ekkert að fara að veita varanlegar undanþágur frá meginstefnu sinni. Ég minni á að einhver sagði að það væri sama og að trúa á jólasveininn að halda slíku fram.

Varðandi byggðaþróun, nú hefur hv. þingmaður reynslu af því að búa á stað úti landi þar sem hefur verið mikill doði, afturför og kreppa. Það skyldi nú ekki vera vegna þess að valdamiðjan var langt í burtu? Hún var í Reykjavík og með vexti ríkisins óx og óx valdamiðjan og sogaði til sín allt frá Vestfjörðum. Það skyldi nú ekki vera að það nákvæmlega sama muni gerast þegar valdamiðjan flyst til Brussel, þegar allar meiri háttar ákvarðanir verða teknar þar og soga til sín allt afl frá Íslandi?

[11:00]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eigum við ekki að fara í þessar aðildarviðræður og sjá hvað kemur út úr þeim áður en við leggjum mat á niðurstöður samnings um aðild að Evrópusambandinu sem ekki er enn orðin til? Ég ber í brjósti ákveðna von um niðurstöðu þess samnings og vona að ég hafi rétt fyrir mér (**PHB:** Trú á hvað?) en ég treysti því líka að ég og aðrir hv. þingmenn munum í afstöðu okkar til þessa máls bera hag þjóðarinnar allrar fyrir brjósti, það mun a.m.k. ráða minni afstöðu. En um lyktir málsins ætla ég ekki að ræða

fyrr en ég sé hvað við höfum á borðinu eftir aðildarviðræður og það er fyrst að þeim loknum sem þjóðin hefur um eitthvað að kjósa.

[11:01]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur fyrir að halda þessa ræðu. Ég hef kallað eftir því að það fólk sem situr á þingi og hefur virkilegan áhuga á því að ganga í Evrópusambandið láti í sér heyra. Það hefur lítið farið fyrir því. Þeir þingmenn úr stjórnarliðinu sem hafa treyst sér til að tala hafa yfirleitt talað um hvaða undanþágur við getum fengið og hvað sé nauðsynlegt til að halda stjórnarsamstarfinu áfram. Þetta var vissulega ánægjuleg ræða, takk fyrir það. Ég ber virðingu fyrir því að fólk geti staðið á sinni sannfæringu og haldið henni fram í ræðustól.

En ég hjó eftir því að hv. þingmaður talaði um evruna. Hv. þingmaður áttar sig á því að evran kemur ekki á morgun og það er vel, vegna þess að það átta sig ekki allir á því sem tala fyrir aðild. Ég vil þess vegna spyrja hv. þingmann hvenær hún áætlar að við verðum í þeirri stöðu að við uppfyllum Maastricht-skilyrðin og hvenær hún sjái fyrir sér að við getum tekið upp evru með aðild að ESB.

[11:02]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er það ljóst að við Íslendingar höfum, held ég, aldrei uppfyllt öll Maastricht-skilyrðin fyrir upptöku evrunnar þannig að það tekur sinn tíma, þ.e. við þurfum að ná niður vaxtastigi, ná niður verðbólgu og ná ákveðnu jafnvægi í ríkisfjármálum áður en við getum sótt um upptöku evrunnar. Það er einmitt þessi ferill sem skiptir svo miklu máli til að ná tökum á efnahagslífi þjóðarinnar. Ferillinn er heilandi í sjálfu sér.

Mér er illa við að fara með spádóma en vísir menn og spakir sem til þekkja hafa talað um kannski 7 ár. Ég tek það trúanlegt, mér finnst það hljóma sannfærandi, 7–10 ár.

[11:03]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þetta svar en vísir menn hafa talað um að þeir bjartsýnustu, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir, séu sammála um að þetta gæti verið um það bil 7 ár, aðrir hafa spáð 10–30 árum. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að sjálfsögðu að stefna að því að uppfylla Maastricht-skilyrðin, hvort sem við sækjum um aðild að Evrópusambandinu eða ekki vegna þess að þau eru einfaldlega heilbrigðisvottorð um að efnahagslífið og efnahagskerfi þjóðarinnar standist.

Hv. þingmaður talaði um það í ræðu sinni að þingmenn væru að koma sér saman um meðferð þessa máls. Þar er ég ósammála vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir eru einfaldlega alls ekki sammála um málsmeðferð. Hér hafa komið fram þingmenn sem hafa talað fyrir því að hér verði viðhöfð tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla og hv. þingmaður leyfði sér að kalla það lýðskrum sem er mér algerlega óskiljanlegt. Ég hélt að þjóðinni væri treystandi til að taka ákvarðanir og ég hef talið Samfylkinguna vera á þeirri skoðun hingað til en mig langar þá að spyrja hv. þingmann um seinni hluta þingsályktunartillögu sjálfstæðismanna, um það að vera með ekki ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að aðildarsamningur liggur fyrir heldur bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

[11:04]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvort við erum að tala um 7 ár, 10 ár eða 30 ár að upptöku evru verður tíminn að leiða í ljós. Við getum bara vonað það besta en ég tek undir það með hv. þingmanni Unni Brá Konráðsdóttur, eins og kom fram í máli mínu áðan, að ferillinn að því að ná Maastricht-skilyrðunum er heilandi í sjálfu sér og hvort sem við göngum inn í Evrópusambandið eða ekki ættum við að stíga þau skref.

Varðandi lýðræðisumræðuna sé ég ekki tilgang í því að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu núna um hvort við ætlum í þessar aðildarviðræður vegna þess að þjóðin hefur í raun og veru ekki forsendur til að taka neina afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu. Það er hlutverk okkar stjórnmálamanna að kynna málið þannig fyrir þjóðinni að hún hafi eitthvert val, að hún hafi einhverjar raunverulegar og raunhæfar upplýsingar um það sem verið er að taka afstöðu til.

[11:06]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að meiri kjark þurfi til að gerast ekki aðilar að Evrópusambandinu heldur en að gerast aðilar að því. Eins og hv. þingmaður og þingmenn Samfylkingarinnar lýsa þessu Evrópusambandi þá er þetta eins og að fara í kjöltu einhvers sem sér um málin okkar héðan í frá. Eigum við ekki að fara í umræðuna, eins og hv. þingmaður sagði, og sjá svo hvað kemur út úr þessu?

Þjóðaratkvæðagreiðsla er sýndarstjórnmál. Þá höfum við það. Samfylkingunni sýnist þjóðaratkvæðagreiðsla vera sýndarstjórnmál, enda vill Samfylkingin ekki bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar vilja hafa hana ráðgefandi vegna þess að þeir vilja ekki taka mark á þjóðinni í þessu máli. Þeir vilja berja þetta mál í gegn, sama hvað það kostar. Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla er nauðsynleg við þær aðstæður sem eru uppi á ríkisstjórnarheimilinu. Við verðum ítrekað vitni að því, virðulegi forseti, að vissum upplýsingum í þessu mikilvæga máli er haldið frá þinginu, frá þjóðinni. Við það verður ekki búið og til að skapa upplýsta umræðu um málið verðum við að hafa tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

[11:07]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti verður að biðja hv. þingmenn um að virða ræðutíma.

[11:07]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst svolítið leitt þegar hv. þingmenn sem ég hef mætur á koma og snúa út úr orðum mínum. Ég hef aldrei talað um að þjóðaratkvæðagreiðsla væri sýndarstjórnmál en tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla í þessu máli er það hins vegar. Það er einfaldlega vegna þess, eins og ég

sagði í minni ræðu, og vona að ég hafi sagt svo skýrt að skilja mætti: Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla í þessu máli er ekki um neitt. Við gætum allt eins farið í þjóðaratkvæðagreiðslu núna um það hvort við ættum að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er ákvarðanafælni af því tagi sem kom okkur í koll þegar allt hrundi í haust og ég stunda ekki slík stjórnmál.

[11:08]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla er sýndarstjórnmál. Það er ákvarðanafælni að vilja leita til þjóðarinnar í svo mikilvægu máli. Það er bara ekki svo í þessu máli, virðulegi forseti — hér erum við að tala um eitt mikilvægasta skref sem Alþingi hefur stigið og tekið ákvörðun um og þjóðin mun stíga og taka ákvörðun um fyrir framtíðina — miðað við ástandið á ríkisstjórnarheimilinu, þegar alveg er ljóst að hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar Samfylkingarinnar vilja koma þessu máli í gegn með bolabrögðum, virðulegi forseti, með því að halda frá þjóðinni og þinginu upplýsingum til að geta tekið upplýsta ákvörðun. Það eru vinnubrögð þessarar stjórnar og við það verður ekki búið. Þess vegna þurfum við tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er til þess að draga fram í dagsljósið þær upplýsingar sem liggja faldar í embættismannakerfinu, í ráðuneytunum og hjá þessari hæstv. ríkisstjórn.

[11:09]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég kannast ekki við bolabrögðin sem hv. þingmaður er að tala um. Þegar ég tek til máls í þessari umræðu geri ég það með góðri samvisku, lýsi minni hjartans sannfæringu í þessu máli og þeirri framtíðarsýn sem ég hef og þeirri von sem ég ber í brjósti fyrir mína þjóð.

Varðandi það að hér sé verið að halda upplýsingum frá þjóðinni, og þá er hv. þingmaður væntanlega að tala um þau skýrsludrög sem voru til umræðu fyrr í dag, þá heyrði ég ekki betur en hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi einmitt gert þá skýrslu að umtalsefni í umræðum í gær. Hún var ekki meira leyndarmál en það. (**JónG:** Ég minntist á þetta í ræðu minni á mánudaginn.)

[11:10]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur kærlega fyrir ræðuna. Ég hefði samt áhuga á því að taka aðeins upp spurningu hv. þingmanns Unnar Brár Konráðsdóttur um evruna. Hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir talaði um 7–10 ár og við höfum talað um árin 2016–2019 en í grein sem Jónas Haralz og Gylfi Zoëga skrifuðu virðast þeir hins vegar gera ráð fyrir að við munum notast við krónuna til ársins 2025. Ég hefði áhuga á að heyra frekar um forsendur þingmannsins varðandi þennan árafjölda og hvernig hún sjái fyrir sér að við uppfyllum Maastricht-skilyrðin.

[11:11]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan er ég ekki mikill spámaður. Ég er að vísa til áætlana sem hagfræðingar hafa látið frá sér varðandi það að þetta geti verið 7–10 ára verkefni. Þetta getur að sjálfsögðu tekið lengri tíma en það getur ekki tekið skemmri tíma hins vegar, held ég. Við ættum ekki að vera með neina spádóma um þetta. Þetta er það sem er í umræðunni en með öflugri og duglegri ríkisstjórn, eins og þeirri sem nú situr, hef ég góða trú á því að hægt verði að grípa til efnahagsráðstafana sem leiða til aukins stöðugleika í efnahagslífinu þannig að þessi markmið fái framgöngu.

[11:12]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég deili ekki skoðun hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur um að það verði gott að hafa núverandi ríkisstjórn við völd 2025. Hins vegar hef ég svolitlar áhyggjur af þessu því að Samfylkingin hefur talað mikið um að mjög fljótlega eftir við sækjum um aðild að Evrópusambandinu getum við tekið upp evruna, ekki kannski eftir 1–2 ár en fljótlega, eins og hv. þingmaður sagði í ræðu sinni. Maður hefur svolitlar áhyggjur af því ef við gerum okkur ekki fyllilega grein fyrir því hvernig við eigum að ná þessum markmiðum öðruvísi en trúa og treysta á að ríkisstjórnin sé svo góð og muni einhvern veginn „heila“ þjóðina og íslenskan efnahag, eins og hv. þingmaður sagði. Ég hef einmitt áhuga á þessu ef hv. þingmaður mundi vilja nýta andsvarstímann til að útskýra aðeins betur hvernig við getum náð að uppfylla Maastricht-skilyrðin.

[11:13]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get ekki á einni mínútu farið út í nákvæma hagfræðilega skilgreiningu á því hvernig við náum markmiðum Maastricht-skilyrðanna. Við vitum að þau fela í sér að ná þarf niður vaxtastigi, lækka verðbólgu og ná ákveðnu jafnvægi í ríkisbúskap, ekki má vera halli á ríkissjóði um tiltekinn tíma o.s.frv.

Þetta næst ekki nema með samstilltu átaki. Hvernig til tekst veltur m.a. á þessum vinnustað og þeirri samstöðu sem næst meðal þeirra sem véla um stjórnmál og stjórnun landsins. Engin ríkisstjórn getur unnið kraftaverk í þeirri stöðu sem við erum í núna nema til þess náist þokkaleg samstaða. Í því efni hefur sú stjórnarandstaða sem nú situr á Alþingi því miður ekki sýnt gott fordæmi, ekki talað kjark í þjóðina og ekki verið hvatning fyrir ríkisstjórnina til góðra verka og það er ábyrgðarhluti.

[11:15]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Við ræðum mjög mikilvægt mál, sennilega eitt mikilvægasta mál sem við komum til með að ræða á þingi um langa tíð. Við erum að ræða aðildarumsókn að Evrópusambandinu og það hefur margoft komið fram að það er mjög umdeilt hjá mörgum flokkum. Það eru deilur innan flokka um þetta mál og skiptar skoðanir milli einstaklinga í flokkum og svo er ekki síst í mínum flokki, Sjálfstæðisflokknum. Það eru skiptar skoðanir hjá mönnum um hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu eða ekki.

Það eru líka skiptar skoðanir um það innan Framsóknarflokksins. Þó verð ég að segja, frú forseti, að kannski er minnstur ágreiningur í þingflokkum Vinstri grænna og Samfylkingarinnar. Þingflokkur Samfylkingarinnar trúir á

þetta sem hina einu sönnu leið og þá einu vegferð sem er fær fyrir íslenskt samfélag. Hann færir fyrir því margvísleg rök, sum þeirra góð og önnur slæm. En ég er hins vegar algerlega ósammála þeim í því að æskilegt sé fyrir okkur að ganga í Evrópusambandið. Ég hins vegar virði skoðanir annarra. En það er kannski ekki hægt að segja það um alla. Hjá Vinstri grænum ber svo við að þar er þingflokkurinn nánast allur á móti aðildarumsókn að Evrópusambandinu vegna þess að þegar við sækjum um aðild að Evrópusambandinu þá er ekki eins og það sé bara einhver könnunarleiðangur til að draga upp úr hatti. Fyrir liggur 95% af því sem við getum vænst að fá út úr samningaviðræðunum. Það liggur fyrir í dag óumdeilt. Við erum að fara að afsala okkur fullveldi þjóðarinnar. Það er það sem stendur í mönnum sem er ekki nema von. Það er ekki nema von. Því langar mig, frú forseti, að rifja upp hvernig þetta mál kom inn á dagskrá þingsins.

Það er nefnilega svo að þegar mynduð er ríkisstjórn þá búa menn sér til svokallaðan stjórnarsáttmála og þar kemur fram hver séu verkefni ríkisstjórnarinnar og hver séu stefnumál ríkisstjórnar á komandi kjörtímabili. Það hefur hins vegar komið fram í umræðum á Alþingi að hið stærsta skref sem mestur tíminn fór í og nánast allur í stjórnarmyndunarviðræðunum var þetta mál sem við fjöllum um í dag, þ.e. aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Það stóð mjög mikið í Vinstri grænum að samþykkja það. Niðurstaðan varð hins vegar sú að málið fengi að koma inn í Alþingi — Vinstri grænir samþykktu það — og fengi þar, eins og var margsinnis sagt þegar verið var að kynna þennan stjórnarsáttmála, þinglega og lýðræðislega meðferð. Það var forsendan fyrir því að málið kom hér á dagskrá, þingleg og málefnaleg meðferð.

Ég verð að segja, frú forseti, að það hefur komið margoft hér upp í umræðum að svo er ekki vegna þess að þegar Samfylkingin fór að skjálfa í hnjánum og halda það jafnvel að ekki yrði samþykkt að fara í þessar aðildarviðræður þá byrjaði nefnilega Samfylkingin að beita Vinstri græna kúgunum. (**VigH:** Rétt.) (**SER:** Rangt.) Það kom fram hér síðastliðinn föstudag þegar við hófum þessa umræðu að hv. þm. Ásmundur Einar Daðason upplýsti það hér að hann hefði ætlað að taka þátt í því að hafa tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu um þessa tillögu en þá hafi honum verið látið berast það til eyrna af smáfugli með appelsínugular doppur, eins og hann sagði í gær, að ef hann léti ekki af sinni braut að þá yrðu stjórnarslit. (**SER:** Þetta voru innanflokksdeilur.) (**Gripið fram í:** Hann sagði það ekki sjálfur.) Innanflokksdeilur, kallar hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson fram í og það er staðfest, segir hann. Ég get ekki deilt um það. En ég skildi orð hans þannig að það hefði verið af annarra völdum. (**EKG:** Þetta eru athyglisverðar upplýsingar.) Já, þetta eru athyglisverðar upplýsingar. Ég tek undir það með hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni að þetta eru athyglisverðar upplýsingar sem hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson kemur hér með fram og segir að það sé staðfest að það hafi verið innan úr hans eigin röðum.

Frú forseti. Mig langar líka að rifja upp ummæli hæstv. forsætisráðherra, leiðtogans okkar, verkstjórans. Hún sagði í ræðustól á Alþingi í þessari viku: „Ég ætla að vona það að atkvæðagreiðslan fari þannig að ríkisstjórnin geti starfað áfram.“ Hvernig á að skilja þessi orð, frú forseti? Ég skil þau ekki nema á einn veg. Þetta er bein hótun. Ég skil þau þannig og lái mér hver sem vill.

Síðan langar mig að fjalla aðeins um við hvaða kringumstæður við séum að leggja í þessa vegferð? (**VigH:** Á hnjánum.) Við erum að fara á hnjánum, kallar hv. þm. Vigdís Hauksdóttir. Það er hárrétt. Við erum á hnjánum. En það sem verra er … (**SER:** Af augljósum ástæðum.) Það sem verra er er að Evrópusambandið og þau ríki sem við höfum átt í samningaviðræðum við út af svokölluðum Icesave-skuldum eru að beygja okkur enn frekar niður á hnén. Þau beita okkur kúgunum. Ég spyr, frú forseti: Er eðlilegur flótur á því að semja við einhvern um að þú viljir ganga í bandalag við hann þegar hann er að kúga þig? Ég segi: Nei. Það getur ekki verið eðlilegt. Hefði nú ekki átt að klára svokallaða Icesave-samninga áður en menn lögðu af stað í þessa vegferð? Hefði það ekki verið nær? Jú, ég teldi það vera nær að lenda því máli áður. Það hefði ég talið mjög skynsamlegt. Nei, svo er ekki. Það er vegna þess að Samfylkingunni liggur svo á að komast út með umsóknina og það kom hér fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman, sem flutti mjög góða ræðu seint í gærkvöldi, að henni fyndist liggja þráður á milli þessara mála og ég upplifi það bara nákvæmlega eins. Samþykkt þessara óboðlegu Icesave-samninga er í raun og veru aðgöngumiði Samfylkingarinnar í Evrópusambandið. (**VigH:** Heyr, heyr!) (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Ég get ekki skilið þetta öðruvísi. (**Gripið fram í:** Icesave …) Þetta er alveg hreint með ólíkindum, frú forseti. (Gripið fram í.) Ekki ætla ég að ræða frekar þær kúganir sem eru þar en þær eru alveg hreint með eindæmum. Það er verið að knésetja þjóðina og hneppa hana í fátæktargildru í áratugi. (**Gripið fram í:** Ykkar verk.)

Síðan eru hin rökin þau … (Gripið fram í.) Ég verð, frú forseti, að ræða við hv. þm. Sigmund Erni Rúnarsson frammi á göngunum á eftir, enda semur okkur ágætlega. Síðan kemur hitt haldreipið. Það er að mjög mikilvægt sé að leggja inn umsóknina meðan Svíar eru í forsvari. Það er mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvæg tímasetning, gríðarlega mikilvæg tímasetning. Eins og kom fram hér í ræðu hv. þm. Þuríðar Backman í gær þá voru Svíarnir kannski einna óbilgjarnastir við okkur af Norðurlöndunum. Þeir voru hálfpartinn að taka þátt í því að kúga okkur með Evrópusambandinu og Bretum og Hollendingum. Þetta er nú allur vinskapurinn sem fólk sækist eftir. Hvaða rök eru svo það að það þurfi með umsókn inn í eitthvert ríkjabandalag á meðan eitthvert ákveðið ríki er þar í forsvari? Er það þannig að það muni bara öllu um það hver sé í forsvari og segir það okkur þá ekki allt um það hvað við erum að fara í? Við erum að fara í miðstýrt vald og munum vera á hjara veraldar ef þetta verður samþykkt og hafa nánast engin áhrif. Það er nákvæmlega verið að segja það. Það er það sem er verið að segja.

Svo velti ég eftirfarandi spurningu upp, frú forseti: Hvað ef Svíar væru nú ekkert í forsvari núna? Lægi þá bara ekkert á að sækja um? Það hlýtur að vera. Það er heppileg tímasetning fyrir Samfylkinguna að þeir skyldu vera í forsvari. Það er alveg hreint með ólíkindum. Það er nákvæmlega það sem verið er að segja, nákvæmlega það.

Síðan langar mig að koma aðeins inn á þá kúgun sem á

sér stað og það spennuþrungna loft sem er í þinghúsinu. Það fer ekki fram hjá neinum manni, frú forseti, að Vinstri grænir eru mjög beygðir í þessu máli og það er mjög skiljanlegt. Þetta er langt frá öllum þeirra sjónarmiðum. Í tilefni af því, frú forseti, bara til að undirstrika það sem ég er að segja og ítreka hvað sé að gerast á stjórnarheimilinu, þá langar mig að lesa opið bréf til Steingríms J. Sigfússonar, sem var í fjölmiðlunum í gær. Það er opið bréf til hæstv. fjármálaráðherra Steingríms J. Sigfússonar, með leyfi forseta:

„Það er ekki af ánægjulegu tilefni að ég skrifa þér þetta bréf, Steingrímur. Nú lítur út fyrir að þú og nokkrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ætli að greiða götu aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Fyrir þessu ætlar þú að standa þrátt fyrir að alla tíð og einnig í aðdraganda síðustu kosninga hafir þú alfarið hafnað inngöngu Íslands í sambandið og farir fyrir stjórnmálaflokki sem segir í stefnuskrá sinni orðrétt: „Hugsanlegur ávinningur af aðild Íslands að Evrópusambandinu réttlætir ekki frekara framsal á ákvörðunarrétti um málefni íslensku þjóðarinnar og er aðild að Evrópusambandinu því hafnað.“ — Ég ítreka: Því hafnað. — Ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur að aðildarumsókn að Evrópusambandinu er flokkurinn að segja að það sé ásættanlegt að Ísland gangi í Evrópusambandið að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og ganga þar með gegn eigin stefnu þar sem inngöngu í sambandið er með öllu hafnað.

Hvernig má það vera að eftir allt sem á undan er gengið og skýra stefnu flokksins í þessum málaflokki ætlir þú, Steingrímur J. Sigfússon, að styðja frumvarp um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu? Ef ekki hafa orðið sinnaskipti hjá þér þá hlýtur að vera ætlan þín að flækjast fyrir málinu á öðrum stigum málsins. Ef svo er ert þú farinn að stunda þau klækjastjórnmál sem að mínu viti var verið að berjast gegn í búsáhaldabyltingunni og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur svo oft fordæmt.

Með því að segja já við frumvarpi ríkisstjórnarinnar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu þá gerir þú þig að ómerkingi orða þinna en það sem verra er þá gerir þú mig og alla þá sem börðust fyrir flokkinn í aðdraganda síðustu kosninga að ómerkingum orða sinna. Sjálfur fékk ég 50 manns til þess að skrá sig í flokkinn fyrir síðustu kosningar og það var klárt í mínum huga og í orðræðum mínum við það fólk að aldrei myndi flokkurinn taka þátt í því að færa Ísland nær Evrópusambandinu.

Nú hlakkar í andstæðingum Vinstri grænna og segja ágreining innan hreyfingarinnar til marks um sundrungu vinstri manna. Ég segi ágreininginn til marks um staðfestu og trú fólks á skoðanir sínar og að vinstri menn láti ekki afvegaleiða sig þótt fáeinir forustumenn misstígi sig. Mín hollusta lýtur ekki að ákveðnum foringja eða stjórnmálamönnum heldur lýtur mín hollusta að Íslandi og engu öðru.

Ég hef rætt við marga innan hreyfingarinnar og ekki enn fundið neinn sem er sammála þeirri leið sem þú og meiri hluti þingmanna okkar ætlar að fara. Hér að neðan skrifa einnig undir bréfið nokkrir af félögum okkar úr Norðausturkjördæmi til þess að þú vonandi skynjir hug félaga þinna og kjósenda sem á engan hátt skildu þig á þann veg í aðdraganda kosninganna en að þú myndir segja já við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Þú varst ekki kosinn á Alþingi Íslendinga af kjósendum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þess að samþykkja þesslags frumvarp.

Kveðja, Guðbergur Egill Eyjólfsson.“

Þeir sem lýsa yfir stuðningi við bréfið eru Þorsteinn Bergsson sem er á 5. sæti lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðausturkjördæmi, varaþingmaður flokksins, Ingunn Kristjana Snædal í 8. sæti, Ásmundur Páll Hjartarson í 9. sæti, Ásta Svavarsdóttir í 10. sæti, Kári Gautason í 11. sæti, Hrafnkell Lárusson í 13. sæti, Björgvin R. Leifsson í kjördæmisráði Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi, Gunnsteinn Hallgrímsson í stjórn svæðisfélags Vinstri grænna í Seyðisfirði, Borgarfirði eystri og á Héraði, Ásmundur Þórarinsson í stjórn svæðisfélags Vinstri grænna í Seyðisfirði, Borgarfirði eystri og á Héraði, Baldvin H. Sigurðsson bæjarfulltrúi Vinstri grænna á Akureyri, sem er bæjarfulltrúi Vinstri grænna í stærsta byggðarlaginu í Norðausturkjördæmi.

Hvað segir þetta okkur, frú forseti? Þetta segir okkur að áður en svona bréf eru skrifuð hafa mörg símtöl átt sér stað. Það er mikið búið að ganga á í grasrót flokksins og það hjá sjálfum foringjanum. Segir þetta ekki allt um kúgunina í þessu máli? Ég verð að segja það, frú forseti, að Vinstri grænir eiga samúð mína alla í þessu máli. En það er þó ekki hægt að segja það um alla þingmenn Vinstri grænna. Þeir láta ekki allir kúga sig. En það hefur komið fram í máli manna að þetta sé aðgöngumiðinn að ríkisstjórninni og heldur þykir mér hann dýr.

Síðan langar mig að fjalla aðeins um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eru margir sem tala niður til hennar og segja að það þurfi ekkert að hafa tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, það sé þjóðaratkvæðagreiðsla um að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu og snúa út úr þessu á allan máta. Hvers vegna vill Samfylkingin ekki fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu? Hvers vegna er það? Ég bara spyr. Hún er bara hrædd við dóm þjóðarinnar. Ekkert annað liggur þar að baki. Það er bara það. Það kom fram í ræðu hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar á föstudaginn að hann teldi að það væri meiri hluti á Alþingi fyrir tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu og það hafa margir aðrir þingmenn tekið undir það og ég er einn þeirra. Ég tel að ef allir mundu kjósa eftir sannfæringu sinni án þess að vera beygðir þá mundi verða samþykkt hér tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla. En það hentar ekki Samfylkingunni, frú forseti. Það er nú öll þessi lýðræðislega opna umræða sem átti að verða þegar þessari aðildarumsókn var hleypt inn í þingið af hálfu Vinstri grænna. Nei, þeir skulu beygðir alveg ofan í svaðið og nákvæmlega sömu fantabrögðum er verið að beita okkur Íslendinga í Icesave-málinu, nákvæmlega sömu fantabrögðum. Það er þannig, frú forseti.

Mig langar að velta því upp, af því að það hefur komið hér fram, að menn segja í þessari þingsályktunartillögu sem hefur reyndar skánað í meðförum nefndarinnar frá því að hún var lögð fyrst fram, að það er lagt til að það verði einungis ráðgefandi skoðanakönnun. Hvað þýðir það, frú forseti? Það þýðir einfaldlega það að þjóðin mun ekki hafa síðasta orðið. Það þýðir ekkert annað á mæltu máli vegna þess að hér hafa þingmenn sagt og réttilega bent á að þeir muni kjósa eftir sinni sannfæringu og eftir stjórnarskránni

þegar kosið verður um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Það er nú þannig. Svo getum við velt þessu endalaust fyrir okkur og sagt: Ef atkvæðagreiðslan fer 50:5 eða 49:5 hversu bindandi er hún þá? Þetta er náttúrlega ekkert annað en flótti Samfylkingarinnar frá því að vilja leggja þetta í dóm þjóðarinnar, hvort þeir fá óskorað umboð frá þjóðinni til að fara í þessar aðildarviðræður.

Síðan er það einn kapítuli út af fyrir sig hvernig menn ætla að koma þessu í gegn þegar þeir treysta ekki á lýðræðið í þinginu. Ég velti því fyrir mér hvernig samninganefnd Evrópusambandsins muni taka á móti mönnum sem segjast á öllum stigum ætla að berjast á móti tillögunni og meira að segja ráðherrar í ríkisstjórn Íslands segja: „Ég mun berjast á móti tillögunni þegar hún verður borin undir atkvæði á Alþingi.“ Þeir munu berjast á móti henni þá. Hvaða bakland er þá á bak við þetta? Hvert er umboð þeirra manna sem fara með þjóðina klofna í herðar niður, þingið með þessa umræðu um að menn haldi það að hér sé meiri hluti fyrir tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu en vegna kúgunar Samfylkingarinnar þá má ekki fara í hana? Ég vil benda hv. þingmönnum á að þeir aðilar sem semja fyrir Evrópusambandið horfa hér á allar upptökur og munu skoða allt sem sagt er í þessu máli þegar þeir fara að semja við Íslendinga. Þeir munu fara yfir það allt og sjá hvers konar skrípaleikur þetta er. Ég stórefast bara um að þeir setjist niður með nefndinni nema þá til þess eins að þeir gætu hugsanlega gert þá svipaða samninga og þegar var samið um Icesave, kannski bara í ljósi þess að þeir vænti þess að þeir geti sölsað undir sig auðlindirnar og það allt saman. En ég segi það, frú forseti, að sporin hræða. Bara til að undirstrika þetta langar mig að lesa úr viðtali við Evu Joly, með leyfi forseta. Titillinn er: Íslenskar auðlindir mikilvægar fyrir Evrópusambandið.

„Ég tel að frá sjónarhóli Evrópusambandsins sé það mjög áhugavert fyrir okkur að fá Ísland um borð. Þetta er mjög gömul menning og þeir búa við traustar lýðræðishefðir sem myndu styrkja norrænar hefðir um gegnsæi og góða stjórnsýslu. Og þeir eiga einnig náttúruauðlindir sem eru mikilvægar fyrir Evrópu eins og orku og fisk. Þannig að ég tel að það væri mjög gott fyrir okkur — og einnig fyrir þá — að verða hluti af Evrópusambandinu,“ sagði Eva Joly í viðtali við þýska fréttamiðilinn …“

Er þetta ekki bara það sem við þurfum að gera okkur grein fyrir? Hvað ætlum við að sækja í kjöltu Evrópusambandsins? Þeir eiga jú að sjá um allt og bjarga okkur út úr öllu. En þeir eiga ekki að fá neitt í staðinn. Þá velti ég því upp, frú forseti, hvaða þjóðir í Evrópu séu aflögufærar. Hafa þeir bara ekki nóg vandamál hjá sér? Jú, ég held að svo sé. Það er nefnilega þannig. Það hafa allir nóg með sig í dag í þessari efnahagskreppu sem er þó hún sé verst hjá okkur hér.

Frú forseti. Atvinnuvegirnir hafa gert grein fyrir sinni afstöðu til aðildarumsóknar að Evrópusambandinu. Þar eru uppi ólík sjónarmið og þau ber öll að virða. Sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn hafa verið á móti aðildarumsókn og það er vegna þess að þeir hafa séð hvað hefur gerst annars staðar þar sem þjóðir hafa farið inn og þar sem sjávarútvegur og landbúnaður hefur rústast. Hins vegar hafa Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu og ASÍ og nokkrir fleiri verið sammála um að það sé mikilvægt fyrir okkur að ganga í Evrópusambandið, það mundi þýða að við gætum tekið upp evru og það mundi leiða til meiri stöðugleika í peningamálum og efnahagsstjórn. Ég geri ekkert lítið úr því, alls ekki. Ég virði skoðanir þeirra. En mig langar til að menn ræði þau skilyrði sem við þurfum að uppfylla til að geta tekið upp evru, svokölluð Maastricht-skilyrði og ætla ég að lesa þau upp. Hallinn á ríkissjóði má ekki vera meiri en 3% af landsframleiðslu og heildarskuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en 60% af landsframleiðslu. Verðbólga má ekki vera meiri en 1,5% hærri en meðaltal verðbólgu í þeim þremur löndum þar sem hún er lægst. Langtímavextir mega ekki vera meira en 2% hærri en í þeim löndum Evrópusambandsins þar sem verðlag er stöðugt. Viðkomandi ríki þarf að hafa verið í gengissamstarfi við Evrópu í að minnsta kosti tvö ár án gengisfellingar og innan vikmarka sem nú eru 15%.

Hvað segir þetta okkur, frú forseti? Við erum ekki að fara að taka upp evru neitt á næstunni. En skilyrðin sem slík til að vinna eftir eru mjög göfug. Við getum farið eftir þeim og eigum að gera það. Hv. þingmenn hafa giskað á hvað það geti tekið langan tíma. Maður hefur heyrt sjö ár, átta ár, tíu ár og upp í þrjátíu ár þannig að við þurfum að búa áfram við krónuna og þá held ég að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur og alla að gera sér grein fyrir því að menn verða að hætta að tala hana niður. (Gripið fram í.) Ekki nema menn skoði einhverja aðra möguleika í myntmálum. Við getum skoðað þá. Það hafa komið margar skoðanir á því í sambandi við gjaldeyrismál hvort við getum tekið upp dollar eða þar fram eftir götunum. Það hafa margir fært mjög sterk rök fyrir því. Við ættum kannski að skoða það frekar hvort það væri möguleiki í staðinn fyrir að fórna fullveldi landsins.

Ég hlustaði, frú forseti, á viðtal um helgina þar sem rætt var við Jón Baldvin Hannibalsson, sérstaklega mikinn Evrópusinna, og við hann ræddi Guðmundur Ólafsson hagfræðingur sem færði mjög sterk rök fyrir því að við ættum frekar að taka upp dollarann heldur en evruna. Hann færði mjög sterk rök fyrir því. Hann gerði það, frú forseti. Það eru kannski aðrir möguleikar í þessu en þeir að þurfa að fara krjúpandi inn í Evrópusambandið í þessari falsvon um að við séum að taka upp einhvern gjaldmiðil, einhverja evru á næstu árum. Það er ekki svo. Það er nefnilega ekki þannig.

Síðan í umræðunni í gær notaði hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson alla sína ræðu til að fara yfir kosti og galla evrunnar í Evrópusambandinu og reynslu annarra landa af henni. Það var mjög athyglisvert erindi og athyglisverð ræða, frú forseti, þannig að ég held að við ættum að hugleiða þetta nánar. Það hefði verið gaman ef einhverjir samfylkingarmenn hefðu farið í andsvör við hv. þm. Tryggva Þór Herbertsson út frá þessum spekúlasjónum hans þar.

Þá ætla ég að fara aðeins yfir sjávarútvegsmálin. Það er einu sinni þannig, frú forseti, og það kom fram áðan hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, að þetta gengur ekki þannig fyrir sig að Evrópusambandið lagi sig að því að ganga inn í Ísland. Nei, það er ekki þannig. Það er nefnilega þannig að við verðum að aðlaga okkur að regluverki Evrópusambandsins til að geta gengið í Evrópusambandið. Þannig

ganga hlutirnir fyrir sig. Síðan halda menn að þeir fái einhverjar undanþágur í sjávarútvegi til dæmis. Má vel vera að það verði einhverjar tímabundnar undanþágur. En þær verða aldrei varanlegar, eingöngu tímabundnar. Mig langar að fara yfir það þegar Norðmenn fóru síðast í samningaviðræður við Evrópusambandið að þá voru þær undanþágur sem þeir fengu þá — sem voru einungis tímabundnar — þær voru þannig að þeir fengu þriggja ára undanþágu til veiða fyrir norðan 62. breiddargráðu og eins árs undanþágu sunnan þeirrar breiddargráðu. Þetta liggur alveg fyrir, frú forseti. Það hefur ekkert ríki fengið neinar varanlegar undanþágur gagnvart sjávarútvegi, enda hefur það komið fram í máli hv. þingmanna að í sjálfu sér sé sjálfhætt, þ.e. ef menn fá ekki þetta þá geti þeir bara farið fljótt heim. Það hefur komið hér fram þannig að þetta eru gyllivonir sem menn eru að gera sér hér.

Síðan er annað í sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins sem er mjög merkilegt þar sem Norðmenn fengu aðeins tímabundna undanþágu frá því að henda fiski. Í Evrópulöggjöfinni um fiskveiðar er það skylda að henda fiski í sjóinn aftur. Það er bara skylda. Ef þú átt ekki heimildir þá er það skylda að henda honum aftur. Við erum búin að sjá myndir af því í sjónvarpi þegar menn eru að sigla úr Evrópusambandinu inn í aðra lögsögu, úr norsku yfir í Evrópulögsöguna til að henda fiskinum fyrir framan varðskipin norsku. En um leið og þeir fara yfir einhverja ákveðna línu þá er það bara löglegt og það er skylda. Ég velti því fyrir mér hvort þetta samræmist, frú forseti, sjálfbærri stefnu Vinstri grænna. Það hlýtur að vera ef svo er, ef þau geta sætt sig við svona. Þetta er alveg hreint með ólíkindum.

Síðast en ekki síst mundum við afsala okkur valdi yfir stjórn fiskveiða úr deilistofnum sem eru okkur gríðarlega mikilvægir, sem eru til dæmis loðna, karfi, kolmunni, grálúða, norsk/íslenska síldin, makríll og fleiri tegundir sem eru okkur mjög mikilvægar, gríðarlega mikilvægar. Bara til dæmis á árinu 2008 þá skiluðu þessir stofnar okkur 30% tekna íslensks sjávarútvegs, 30% 2008 voru tekjur Íslendinga af þessu. En ef við hefðum verið í Evrópusambandinu þá hefðum við ekki fengið neitt vegna þess að Evrópusambandið viðurkennir engan veiðirétt okkar úr þessum stofnum. Og ekki bara það, hefðum við verið í Evrópusambandinu, þá hefðum við þurft að henda 100 þúsund tonnum af kolmunna, bara vegna kolmunna sem meðafla með öðrum afla. Það hefði verið skylt samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins að henda 100 þúsund tonnum af kolmunna. Þetta er gáfulegt eða hitt þó heldur. Er nema von að allt sé í rúst, að allur sjávarútvegurinn í Evrópusambandinu sé í rúst. Það er ekki nema von. Hann er allur í rúst. Það er talið að Skotar einir hendi árlega fiski fyrir 7 milljarða á hverju ári. Fyrir 7 milljarða henda þeir. Er þá nema von, frú forseti, að sjávarútvegurinn sé ríkisstyrktur í Evrópusambandinu um 320 milljarða á ári. 320 milljarða á ári þarf að greiða með til að sjávarútvegurinn geti þrifist í Evrópusambandinu.

Mig langar, frú forseti, að lesa nokkuð athyglisvert sem kom fram — og það hefur reyndar komið fram í umræðunum — þar sem er haft eftir landbúnaðarráðherra Noregs, með leyfi forseta:

„Trúa Íslendingar á jólasveininn … (**VigH:** Bara í desember.)

Lars Peder Brekk, landbúnaðarráðherra Noregs, segir að Íslendingar trúi greinilega á jólasveininn úr því þeir haldi að þeir geti fengið sérstakar undanþágur varðandi sjávarútvegsmál innan Evrópusambandsins. Þetta kemur fram á norska vefnum VG.“

„„Íslandi mun ekki takast að fá samþykki Evrópusambandsins fyrir því að þeir fái sérstakar undanþágur í sjávarútvegsmálum. Það er eins og að trúa á jólasveininn,“ segir Brekk í samtali við fréttastofuna ANB.

Hann segir að aðild Íslands að Evrópusambandinu yrði eins og himnasending fyrir Evrópusambandið sem þá fengi aðild að stærri fiskimiðum og fleiri fiskstofnum.

Íslendingar yrðu hins vegar að afsala sér stjórn fiskveiða í lögsögu sinni og hann telji það því jafnast á við rússneska rúllettu að Íslendingar leggi fiskimið sín undir fyrir aðild að sambandinu.

Brekk segir sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins hafa skilað síversnandi ástandi fiskstofna og að hann hafi ekki trú á því að fyrirhuguð endurskoðun stefnunnar árið 2013 muni skila tilætluðum árangri.

„Það verður í raun ekkert gert til að fækka í fiskveiðiflotanum eða stöðva ofveiði. Það veldur áhyggjum“ — ég ítreka það hér — „Það veldur áhyggjum að 93% þorska í Norðursjó skuli veiddir áður en þeir verða kynþroska.““

Er þetta ekki allt sem segja þarf um sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og eigum við ekki að taka mark á þessum manni? Ég held það. Hann talar af reynslu.

Þá langar mig aðeins að koma inn á landbúnaðinn og kannski þá dapurlegu uppákomu sem var nú í upphafi þingfundar. Það var grein í blaðinu í morgun eftir Harald Benediktsson, formann Bændasamtaka Íslands. Greinin ber þessa yfirskrift: Endalok nútímalandbúnaðar á Íslandi. Mig langar að lesa hluta úr þessu, með leyfi forseta:

„Nú er vitneskja fyrir hendi um að stjórnvöld hafi nýlega látið meta stöðu og áhrif á íslenskan landbúnað með því að máta hann við finnska samninginn. Útkoman var í grundvallaratriðum samhljóma áliti Bændasamtakanna á áhrifum aðildar á landbúnaðinn. Það kemur raunar ekki á óvart því að afstaða Bændasamtakanna er byggð á traustum rannsóknum og undirbúningsvinnu. Skýrslan er því ekki það vopn sem ESB-sinnar í utanríkismálanefnd vonuðust til að geta notað til að slá af málflutning bænda. Hún er því höfð í skúffu.“

Frú forseti. Þetta er mjög alvarlegt mál eins og kom fram áðan. Það er mjög alvarlegt að utanríkisráðuneytið skuli vera með drög að skýrslu eða skýrslu sem segir þetta hér, að þetta séu endalok nútímalandbúnaðar á Íslandi. Síðan ætlast fólk til þess að við tökum hér upplýsta ákvörðun í þessu máli. Það er alveg hreint með eindæmum með hæstv. utanríkisráðherra að hann er ýmist með skýrsluna sem hann á að birta ofan í skúffu eða þá sem hann á að vera með jafnvel í fjármálaráðuneytinu, eins og í sambandi við Icesavemálið. Þetta ríður ekki við einteyming, frú forseti. Það er alveg hreint með ólíkindum hvernig þetta er. Þar sem ræðutími minn fer senn að styttast mjög mikið og ég gæti svo sem talað mikið um landbúnaðarmálin þá segir þetta allt sem segja þarf, þessi eina setning hjá formanni Bændasamtakanna, Haraldi Benediktssyni: Endalok nútímalandbúnaðar á Íslandi. Það segir allt sem segja þarf.

Síðan vil ég aðeins fara yfir kostnaðarhlutann. Það er kannski vegna hans sem er svo mikilvægt að við förum í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er áætlaður kostnaður upp á 1.000 milljónir, 1 milljarð við þessar aðildarviðræður og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason sagði hér í umræðum í gær að þetta væri algerlega óraunhæft mat því kostnaðurinn væri miklu hærri. Sjálfur ráðherrann í ríkisstjórninni, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, gaf þessu falleinkunn. Síðan kemur líka fram í þessu nefndaráliti að til þess að menn geti haldið sig innan þessara marka verði þeir að sýna mjög mikla fjárhagslega aðgæslu og ekki leita til erlendra sérfræðinga og þar fram eftir götunum. Það er allur metnaðurinn í þessari vegferð okkar við að afsala okkur fullveldi landsins og metnaðurinn er þessi. Það kæmi mér ekki á óvart að þeir kæmu heim með samning svipaðan Icesave-samningnum og teldu hann bara góðan og þá mundu þeir gera nákvæmlega sama og þeir gera núna með Icesave-samninginn, frú forseti, þ.e. setja spunameistarana á ferð og reyna að kokka þetta ofan í þjóðina með góðu eða illu. En ég segi það, frú forseti, að ég hef það mikla trú á Alþingi Íslendinga að ég sé ekki fyrir mér að Icesave-samningurinn verði samþykktur, svo ég segi það hér. Það eru alveg hreinar línur.

Í lok ræðutíma míns, frú forseti, vil ég koma inn á það sem við höfum verið að gera í sumar. Ég stóð þeirri meiningu að þegar við kæmum saman á Alþingi Íslendinga þá færum við í alvöruaðgerðir til að bjarga heimilunum og fyrirtækjunum, við færum í þær aðgerðir en ekki í eitthvert svona Evrópusambandsdútl sem ekkert liggur á, ekki neitt, akkúrat ekki neitt, og það er í boði Vinstri grænna og því verður haldið til haga hver stimplaði á aðgöngumiðann og þessa aðildarumsókn. Þó verð ég að segja að ég ber enn þá von í brjósti að það verði samþykkt að við förum í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég verð að segja það, frú forseti.

Ef við veltum fyrir okkur því sem við erum að tala um þá hefur stjórnin slegið allar tillögur stjórnarandstöðunnar út af borðinu sem varða endurreisn heimila og fyrirtækja, hverja einustu. En það stóð ekkert í mönnum og samninganefndinni að taka það á sig, þ.e. með því að samþykkja að greiða vexti af Icesave-skuldbindingunni frá 1. janúar í staðinn fyrir 24. júlí þegar samkomulagið átti að taka gildi, þegar engin ríkisábyrgð hefur verið samþykkt. Sú ákvörðunartaka kostaði 24 milljarða og þetta var bara samningsatriði, málamiðlun eins og einn nefndarmaður úr samninganefndinni sagði. Þetta var bara svona málamyndun. Ég velti því fyrir mér, frú forseti, skipta engir milljarðar, tugir milljarða neinu máli? Nei, það virðist ekki vera. Enda er það eina sem Alþingi hefur gert síðan það kom saman gagnvart heimilunum og fyrirtækjunum, að auka álögur og draga úr þjónustu. Það er það sem hefur verið gert hér og það er bara rétt að byrja. Hvað gera menn í haust þegar við sjáum fram á það að fjárlögin muni ekki standast og við verðum að fara í fjáraukalög? Hvað gerist þá? Hvernig ætla menn að standa frammi fyrir fólki og réttlæta þessa vitleysu sem við erum að fara í hér og ætla síðan ekki að fara í þessa aðgerð? Nei, frú forseti. Þetta er algerlega með ólíkindum.

Að lokum vil ég segja, frú forseti, að ég held að það væri mjög mikilvægt fyrir okkur hv. alþingismenn á Alþingi Íslendinga að draga aðeins andann og komast upp úr pólitísku argaþrasi. Ég held, frú forseti, að það væri mikilvægt — og ég skora hér á formenn allra flokka — að setjast niður og ræða það í alvöru að koma hér á þjóðstjórn — ræða það í alvöru — þannig að við getum snúið okkur að þeim verkefnum sem við þurfum að takast á við, bjarga heimilunum og fyrirtækjunum og gefa fólkinu von í þessu landi.

[11:55]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þessi ræða hv. þm. Ásbjarnar Óttarssonar var á margan hátt mjög athyglisverð. En mér fannst hún vera fullóttablandin. Mér fannst hann vera hræddur við umheiminn í sinni ræðu. Ég held að það sé engin ástæða til að vera hræddur við nágranna okkar nú um stundir. Ég held að við þurfum akkúrat á nágrönnum okkar að halda. Ég tek undir það hins vegar að ekki er sama hvernig við semjum við þá, hvorki um Icesave né hugsanlega um Evrópusambandið.

En mér þykir miður að menn tali í þessari umræðu sem svo að einhverjir séu blindir af trúarbrögðum ef ekki trúarofstæki í þessu máli. Mér dettur ekki í hug að tala svona. Þetta er, svo maður grípi danskt orð á flugi, „billegt“. Mér dettur ekki í hug að tala um kvótamálið sem nein trúarbrögð Sjálfstæðisflokksins. Mér dettur ekki í hug að tala um einkavæðingu sem trúarbrögð Sjálfstæðisflokksins. Mér dettur ekki í hug að tala einu sinni um fjölmiðlafrumvarpið heitið sem þáverandi trúarbrögð Sjálfstæðisflokksins, hvað þá Íraksstríðið eða Þjóðhagsstofnun og aflagningu hennar, þ.e. að það hafi verið trúarbrögð Sjálfstæðisflokksins. Við eigum ekki að halda uppi umræðu með þessum hætti. Við eigum að virða sjónarmið flokkanna. Ég virði sjónarmið sjálfstæðismanna á margan hátt. Þeir eru efins og mér finnst alveg guðvelkomið fyrir þá að vera efins í þessu máli. Við samfylkingarmenn erum líka efins. Við munum klárlega fella vondan samning. En við viljum sjá samninginn, hversu langt við komumst áleiðis. Við viljum ekki vera á eintali við sjálfa hræðslu okkar í þessu máli.

[11:57]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni Sigmundi Erni Rúnarssyni fyrir spurninguna. Hann segir og spyr mig og upplifir það þannig að ég sé hræddur við umheiminn. Ég verð bara að segja það af fullri einlægni að miðað við það hvernig komið var fram við íslenska þjóð í sambandi við Icesave-samkomulagið þá er ég bara skíthræddur. Ég segi það alveg hreinasatt. Ef þetta eru þeir aðilar sem við erum að fara að semja við — þeir nota Alþjóðagjaldeyrissjóðinn óbeint eða beint sem einhvern handrukkara fyrir sig og misbeita valdi sínu inn í Evrópusambandinu — þá er ég bara skíthræddur og ég viðurkenni það. Og er það nema von? Við erum að fara að afsala okkur fullveldinu okkar og ég segi bara það að ég er skíthræddur. Ég viðurkenni það alveg fúslega.

Ég sakaði hins vegar aldrei í ræðu minni Samfylkinguna um trúarofstæki. Ég sagði það aldrei í ræðu minni. (**Gripið fram í:** Trúarbrögð.) Eða trúarbrögð, ja, það getur verið að ég hafi sagt það. En svo ég haldi því til haga þá sagði ég í

upphafi ræðu minnar að það væri kannski minnsti ágreiningur innan þingflokka Vinstri grænna og Samfylkingarinnar þar sem annar væri hreinlega með og hinn nánast allur á móti. Ég sagði það hér, frú forseti, að ég bæri virðingu fyrir þeim skoðunum Samfylkingarinnar. Ég sagði líka í ræðu minni að Samfylkingin hefði fært fyrir þeim mörg ágætis rök. Ég sagði það. Ég geri ekkert lítið úr þeim og ber fulla virðingu fyrir því sjónarmiði Samfylkingarinnar að hafa þessa skoðun. Ég virði hana. En ég er hins vegar algerlega ósammála henni.

Af því að hv. þingmaður nefnir hér fjölmiðlafrumvarpið þá velti ég fyrir mér í aðdraganda — og það á kannski eftir að koma í ljós þegar menn skoða söguna — að það hefði kannski verið mjög æskilegt ef það hefði farið í gegn vegna þess að við sjáum hvernig allt var. Það hefði hugsanlega getað haft þá einhver áhrif á þennan hrunadans okkar allan því við sjáum alla þræði sem þessir menn lögðu inn í allt hvort heldur það voru fjölmiðlar, tryggingafélög, bankar (Forseti hringir.) eða hvað sem var.

[11:59]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér þykir vænt um að heyra það frá hv. þm. Ásbirni Óttarssyni að hann virði skoðanir annarra í stjórnmálum og þannig held ég að við eigum almennt að tala á Alþingi. Það fer vel á því eftir það sem á undan er gengið.

Talandi um fjölmiðlafrumvarpið þá held ég að við hefðum betur sett fjölmiðlafrumvarpið á fyrirtæki öll í þessu landi. Þá hefði kannski orðið til dreifð eignaraðild að bönkunum eins og upphaflega stóð til og Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra hélt frammi til að byrja með.

En ég verð að segja að ég er búinn að heyra margar ræður misgóðar og dáist mjög að þeim sem hafa komið upp með undirbúnar ræður um kosti og ókosti þess að ganga í Evrópusambandið. Það er nefnilega svo að því hljóta að fylgja kostir og ókostir og þetta erum við að vega og meta. Ég hef horft og hlustað á fjöldann allan af hagsmunaaðilum færa fyrir því rök og mótrök að við eigum að ganga í Evrópusambandið, langstærstan hluta til dæmis Samtaka atvinnulífsins, ASÍ, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök iðnaðarins, Viðskiptaráð og fleiri halda því fram að einmitt sérstaklega núna beri okkur að horfa til nágrannaþjóða okkar þegar við erum komin á hnén í efnahagslegu tilliti. Mér finnst Sjálfstæðisflokkurinn að sumu leyti vera á eintali við sjálfan sig í þessu efni. Mér finnst hann af einhverjum ástæðum hafa hrakið sjálfan sig út í horn í þessum umræðum og ekki hlusta á baklandið í sínum flokki. Ég á marga góða vini sem eru (Forseti hringir.) harðir sjálfstæðismenn og þeir deila ekki sömu skoðun og Ásbjörn Óttarsson í þessu máli.

[12:01]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sagði í inngangi mínum þegar ég hélt ræðu mína áðan að það væru skiptar skoðanir innan míns flokks um þessar aðildarviðræður við Evrópusambandið, það væru því mjög margir fylgjandi. Ég sagði það hér svo því sé haldið til haga. Ég viðurkenni það fúslega að ég taldi ekki upp marga kosti í ræðu minni, enda kom ég ekki hérna upp til þess. Enda finnst mér vera nógu margir til að gera það. Það er vegna þess að ég er á þeirri skoðun að við eigum ekki að fara þarna inn Ég vil segja það, frú forseti, að ég hef ekki heyrt marga samfylkingarmenn tala mikið um ókosti Evrópusambandsins. En það er annað mál. Það er hins vegar þá þeirra sem eru á móti því. (**SER:** Hlustaðu á mig.) Já, ég mun gera það, hv. þingmaður.

Síðan nefnir hann réttilega Samtök atvinnulífsins. Ég kom líka inn á það í ræðu minni og nefndi þar bæði sjávarútveginn og landbúnaðinn sem væru á móti og hræddust þessa aðildarumsókn eins og ég kom að í máli mínu. Ég nefndi sérstaklega Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og ASÍ og fleiri aðila sem hefðu talið þetta skynsamlegt bæði til að geta tekið upp evruna og eins farið inn í meiri stöðugleika og það eru ákveðin rök fyrir því. Ég sagði það í ræðu minni að ég bæri fulla virðingu fyrir þeim rökum.

Ég tek hins vegar algerlega undir með hv. þingmanni gagnvart eignarhaldi bankanna. Við þekkjum þá sögu nú. Það er líka mikilvægt að það komi fram og menn átti sig á því að það voru ekki íslenskir stjórnmálamenn sem rændu bankana og rændu landið. Það eru margir sem halda því fram. Það er ekki þannig. Það voru ekki nema einhverjir 30 einstaklingar sem gerðu það og sem við sitjum núna uppi með. Það hafa margir haldið öðru fram.

Síðan af því að við töluðum um fjölmiðlana þá man ég eftir því þegar hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson hætti störfum á fjölmiðlum að hann lýsti því yfir að hann væri feginn að vera laus frá auðmönnunum.

[12:04]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ásbirni Óttarssyni fyrir afar góða og efnismikla ræðu. Hún var flutt af miklum eldmóð og alveg greinilegt að þingmaðurinn er búinn að kynna sér málin afar vel og er ég honum í flestu sammála, þ.e. því sem kom fram í ræðu hans.

Þingmaðurinn ræddi um auðlindir sem eru mitt hjartans mál og vitnaði þar á meðal í viðtal við Evu Joly sem er ráðgjafi í bankahruninu en situr nú á Evrópuþinginu þar sem hún lýsir því yfir að Evrópusambandið muni hafa gagn af því að fá Ísland inn í Evrópusambandið þar sem við eigum svo miklar auðlindir. Þá vil ég spyrja þingmanninn að því í framhaldi af þessu og hans skoðunum og raunverulega umræðunni sem hefur átt sér stað hér um þetta mál og þá sérstaklega um auðlindirnar og við skulum hafa hér inni líka sjávarútveginn og landbúnaðinn því að ég lít svo á að það falli undir auðlindaskilgreininguna. Finnst hv. þingmanni það nægilega varið í þeirri þingsályktunartillögu sem liggur nú fyrir þinginu frá Samfylkingunni og nokkrum ráðherrum Vinstri grænna, þ.e. að auðlindirnar séu nægilega varðar í þeim fjórum línum sem þingsályktunartillagan gengur út á?

[12:05]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur fyrir spurninguna og eins góð orð í minn garð. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur að ég hef gríðarlega

miklar áhyggjur af auðlindum Íslendinga, gríðarlega miklar vegna þess að það vita það allir að það er það sem er að í þessari blessaðri veröld okkar núna um allan heim að auðlindirnar eru að þverra hver af annarri, alveg sama hvar er. Það er verið að ganga á auðlindir heimsins alls staðar, alveg sama hverjar þær eru. Hér erum við ríkt land af auðlindum. Hér erum við ríkt land. Við eigum hreint vatn sem er farið að skorta víða í heiminum. Við eigum orku. Við eigum fiskinn í sjónum og við eigum bara eins og maður segir Ísland. Það er auðlindin okkar. Þess vegna er ég skíthræddur, eins og ég sagði.

Ég velti því líka fyrir mér eins og ég sagði, og ég vitnaði í Evu Joly, að auðvitað er það fengur fyrir Evrópusambandið að hafa aðgang að auðlindunum. Það segir sig alveg sjálft. Við þekkjum mörg dæmi um það hvernig það hefur gerst, hvernig þeir hafa skýrt — og borið vanvirðingu fyrir auðlindum annarra. Verður þetta nokkurn tíma samþykkt? Ég vonast til að svo verði ekki. En síðan geta menn sagt hvað sé nógu skýrt og greint á um það. Auðvitað vill maður hafa alltaf belti, axlabönd og allt sem til þarf til þess að það verði.

Menn segja við þessa umræðu að þeir muni ekki afsala sér neinum auðlindum. En ég hins vegar hræðist það þegar menn koma hugsanlega til baka með samninga sem eru með einhverjum undanþágum til nokkurra ára. Þá hræðist ég mjög að það gæti verið villusýn fyrir fólk og að menn mundu hafa einhver orð uppi um það. En ég verð að treysta því að Alþingi Íslendinga og þjóðin muni að sjálfsögðu fella svona aðildarumsókn ef það stafar einhver hætta af því að þeir komist yfir auðlindir okkar.

[12:07]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ásbirni Óttarssyni kærlega fyrir hans svör og ég sé að við deilum þessum áhyggjum okkar því að um þetta snýst þetta mál að mínu viti. Nú hefur komið í ljós — þann dag sem mér er sagt að hafi verið samkomulag um að fara í atkvæðagreiðslu á Alþingi með þessa ESB-aðildarumsókn — nú hefur það gerst að þann sama dag kemur í ljós skúffuskýrsla um stöðu íslensks landbúnaðar í ESB. Þetta er samanburðarskýrsla sem unnin var vegna þess að samfylkingarfólk hefur gjarnan litið til þess að íslenskur landbúnaður væri ekki í hættu og er þá sérstaklega litið til Finnlands í því efni. Nú hefur komið í ljós að þessi skýrsla kom ekki vel út fyrir þá sem vilja ganga í Evrópusambandið og því var hún falin. Ég vil því spyrja þingmanninn sem kemur úr miklu landbúnaðarhéraði hvort hann sé sáttur við þessi vinnubrögð. Hér hafa stjórnvöld enn einu sinni verið gerð uppvís að því að fela gögn, skýrslur og upplýsingar fyrir þinginu. Það gerist sem betur fer áður en búið er að samþykkja þennan ESB-samning varðandi þessa skýrslu.

Ég sagði það í ræðu gær að í hruninu hefðu íslenskir bændur í raun verið okkar gjaldeyrisvaraforði vegna þess að þeir framleiða matvæli í okkur sem þjóð. Við eigum ekki þann gjaldeyri sem við þurfum til að flytja inn matvæli og landbúnaðarafurðir í stórum stíl og því hefur Samfylkingin áttað sig á. Sem betur fer hefur hún ekki setið í ríkisstjórn lengi því eins og allir vita er það yfirlýst stefna Samfylkingarinnar að leggja íslenskan landbúnað niður. Nú er þeim að takast það. Þeir fela skýrslu sem snýr að niðurlagningu landbúnaðar á Íslandi. Ég ætla að spyrja þingmanninn: Hvað finnst honum um þessi vinnubrögð og treystir hann þessari ríkisstjórn til að fara hlutlaus að semja um Evrópusambandið?

[12:10]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek heilshugar undir orð hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur, enda kom ég inn á það í ræðu minni að það væri mjög dapurlegt að þurfa að uppgötva það á síðasta degi umræðunnar að til hefðu verið einhver drög að skýrslu eða skýrsla því að allt byrjar þetta þannig að þetta eru hugsanleg drög eða minnisblöð og breytist svo í skýrslu sem er síðan ofan í einhverri skúffu í utanríkisráðuneytinu. Ég hræðist þetta hins vegar mjög og þetta eru forkastanleg vinnubrögð

Ég vil hins vegar segja það hér, frú forseti, að ég er algerlega fullviss um að hefði hv. þm. Atli Gíslason sem er formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar haft einhvern smápata af þessum málum þá hefði hann beitt sér harðlega fyrir því að koma þessari skýrslu hingað.

Ég verð að segja það, frú forseti, og svara hv. þingmanni, að þetta eru náttúrlega ekki boðleg vinnubrögð og það kemur fram í *Fréttablaðinu* í dag þar sem er haft eftir formanni Bændasamtakanna að þetta séu endalok íslensks landbúnaðar. Ég segi það bara að hafi einhverjir þingmenn ætlað að styðja þessa aðildarumsókn með þá trú — þar sem er verið að vísa í þetta finnska ákvæði og reynslu þeirra þar — að þetta muni halda og síðan muni þetta koma og leiða annað í ljós þá treysti ég bara á skynsemi hv. þingmanna, að þeir muni þá taka upplýsta ákvörðun um það.

Hv. þingmaður nefnir hér þennan samning um að ljúka umræðum í dag. Ég lít nú svo á að hann sé ekki lengur í gildi. Það getur ekki verið og þingflokksformenn okkar og allir þingflokksformennirnir með forseta þingsins hljóta fara yfir það mál. Ég lít svo á að sá samningur sé ekki lengur í gildi.

[12:12]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið áhugaverð umræða og sérstaklega vil ég þakka hv. þm. Ásbirni Óttarssyni fyrir góða ræðu. Hann fór vel yfir mörg af þeim atriðum sem við þurfum að hafa í huga í þessu stóra máli. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni er þetta stórmál. Þetta er afdrifaríkt og við þurfum að vanda okkur. Það er fyrst og síðast það sem við sjálfstæðismenn og við í stjórnarandstöðunni höfum verið að segja, hvað svo sem mönnum finnst um aðildarumsókn. Við verðum að vanda okkur við málsmeðferðina og það er sorglegt að ekki sé einu sinni hægt að koma sér saman um málsmeðferð, hvað þá meira.

Hv. þm. Ólöf Nordal flutti afar góða og að mörgu leyti tilfinningaríka ræðu seint í gærkvöldi sem fær mig til að ítreka ákúrur á þá sem stjórna hér verki. Við tölum um þessi mál dag eftir dag, kvöld eftir kvöld og á laugardegi, um mitt sumar þegar enginn er að hlusta. Ég vil þess vegna vitna í ræðu hv. þm. Ólafar Nordal þar sem hún sýndi með

mjög sterkum rökum hvernig ríkisstjórnin er búin að setja þetta mál í þannig farveg að jafnvel hörðustu talsmönnum aðildarviðræðna er nánast gert ómögulegt að styðja þetta mál. Þetta er vanbúið og sett fram í miklu ósætti. Óbilgirni Samfylkingarinnar í þessu máli er fullkomlega til skammar.

Hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson, sem er ekki lengur í salnum, sagði áðan að við ættum að virða sjónarmið annarra flokka og að hann vildi sjá samninginn áður en hann greiddi um hann atkvæði. Þá segi ég: Getum við ekki komið okkur saman um hvernig við nálgumst þennan samning, hvernig við förum saman sem þjóð í staðinn fyrir sundruð og splundruð í þessar viðræður. Það er það sem við sjálfstæðismenn erum að segja í þessu máli. Förum að vilja þjóðarinnar, leyfum þjóðinni að ákveða í upphafi og leyfum þjóðinni að skera úr í lokin.

Búið er að vitna í umræðuna um meinta leyniskýrslu um landbúnað sem ég spurði hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um í andsvari í gær. Hann játaði því að hann vissi um tilvist skýrsludraga en sagði að hann hefði ekki séð þau. Utanríkisráðuneytið fær Hagfræðistofnun Íslands til að meta áhrif hugsanlegs aðildarsamnings með leiðarljós Finna til viðmiðunar og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ekki fengið að sjá þessi skýrsludrög. Það er með ólíkindum. Manninum sem ber ábyrgð á þessu kerfi öllu saman samkvæmt íslenskri stjórnskipan er ekki treyst til að skoða þessa skýrslu. Af hverju? Hvað er í henni? Það kemur vonandi í ljós núna á fundi í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. En auðvitað fyllist maður tortryggni yfir vinnubrögðunum í þessu máli og í Icesave-málinu líka þar sem þarf að draga allar upplýsingar úr ríkisstjórninni með töngum. Þetta er ekki boðlegt, virðulegi forseti.

Það er svo mikil tortryggni í samfélaginu og það er ekkert umburðarlyndi fyrir svona vinnubrögðum. Þess vegna verðum við að vera með baklandið og umboðið skýrt ef við eigum að fara í viðræður um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu — sem eru mjög skiptar skoðanir um meðal þjóðarinnar, meðal þingflokka, innan þingflokka, á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þetta snýst um traust og það skiptir öllu máli. Traustið á því að í þessum viðræðum, ef til þeirra kemur, verði barist alveg til síðasta dropa fyrir grundvallarhagsmunum okkar Íslendinga og að allt annað verði útilokað. Að við munum ekki enda uppi með samning sem komið verði fyrir þing og þjóð með og sagt: „Þetta var skásti samningurinn sem við gátum fengið. Við náum ekki betri árangri en, krakkar, við vitum að við erum búin að eyða í þetta þúsund milljónum og það er svo mikið undir og við verðum að samþykkja hann.“

Ég er hrædd um að svona verði málflutningurinn. Ég treysti ekki núverandi ríkisstjórn til að fara fyrir þessum samningum, og lýsi hreinlega vantrausti á hana. Ég treysti henni ekki til að gæta að þessum grundvallarhagsmunum og ber ekki það traust til hennar sem þarf til að hún geti fengið umboðið sem hún sækist eftir. Af hverju geri ég það ekki? Við erum öll sammála um að hagsmunir okkar varðandi sjávarútveginn eru grundvallarhagsmunirnir og að þeir og landbúnaðurinn séu þeir hagsmunir sem við munum aldrei gefa eftir. Þetta segja meira að segja þingmenn Samfylkingarinnar. Hæstv. fjármálaráðherra sagði: Byrjum á sjávarútvegskaflanum og landbúnaðarkaflanum og ef okkur gengur ekki skulum við koma heim. Ég hef reyndar hvorki heyrt þingmenn né ráðherra Samfylkingar staðfesta þetta en allt í lagi, höfum þetta þannig.

En af hverju treysti ég ekki þessu fólki fyrir þessu og að það muni gera þetta? Ef við skoðum textann um sjávarútvegsmál og — virðulegi forseti, ég verð að fá að gera athugasemd við það að hér er ég eina ferðina enn í þessu stóra máli að tala fyrir góðum hópi þingmanna úr stjórnarandstöðunni. Það er enginn þingmaður eða ráðherra úr stjórnarliðinu. Hvar er t.d. formaður utanríkismálanefndar sem ber ábyrgð á þessu máli? Ég verð að gera athugasemd við það, frú forseti, að hér sitji einungis annars ágætir þingmenn stjórnarandstöðunnar. — En förum aðeins í textann um sjávarútvegsmál. Þar kemur skýrt fram að þarna sé um grundvallarhagsmuni þjóðarinnar að tefla. En í þennan sama texta vantar allan ásetning um að tryggja þessa grundvallarhagsmuni í samningaviðræðum við ESB. Í textanum kemur orðið „grundvallarhagsmunir“ oft fyrir, í honum kemur hins vegar hvergi fyrir orðið „undanþága“, hvað þá „varanleg undanþága“. Hið eina sem er algerlega útilokað í textanum er að fallist verði á reglur ESB um brottkast. Gott og vel. Það er fínt. Það yrði ekki fallist á reglur ESB um brottkast. En hvað þýðir það þá?

Ef það er sérstaklega tekið fram að brottkast sé algerlega útilokað en ekki er talað um neitt annað í þeim efnum hlýtur að verða litið svo á að um öll önnur atriði í sjávarútvegsmálunum megi semja, með tilheyrandi tilslökunum og eftirgjöf af Íslands hálfu. Maður hlýtur að túlka það þannig fyrst ekki er talað um að það sé algerlega útilokað. Ekki er talað um skilyrði af hálfu Íslands. Orðið skilyrði kemur heldur ekki fram í textanum nema tekið er fram að það er ESB sem setur skilyrðin, ekki Ísland. Það kemur fram að ESB setji öll skilyrði. Skilyrði ESB í rauninni er að ekkert þýðir að setja skilyrði, það verði ekki fallist á þau. Á bls. 14 í nefndaráliti meiri hlutans segir, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi um þann kost að setja umboði ríkisstjórnarinnar til að sækja um aðild að ESB afmörkuð skilyrði. Fram kom á fundum nefndarinnar að engin fordæmi væru fyrir því að ríki hafi sótt um aðild að ESB með ákveðnum skilyrðum. Austurríki mun í umsókn sinni hafa vikið sérstaklega að hlutleysi sínu og Tékkland mun hafa látið fylgja umsókn sinni greinargerð sem nánar lýsti grunninum sem aðildarumsóknin byggðist á og viðhorfum til þróunar Evrópu og ESB almennt. Ekki er hægt að segja að í þessum tveimur tilvikum hafi verið sett skilyrði.“

Já. Það eru sem sagt engin fordæmi hjá ESB um að þjóðir setji skilyrði og þess vegna setur Ísland heldur ekki skilyrði. Við megum ekki setja skilyrði af því að enginn annar hefur sett skilyrði. Þannig er sem sagt álit meiri hluta utanríkismálanefndar á Alþingi Íslendinga. Svona er hagsmunagæslan. Hún er ekki burðugri heldur en þetta. Svo bætist við að menn fallast fyrir fram á að tiltekin skilyrði skili engu umfram almenn leiðarljós, eins og það er orðað, og ég vísa aftur í bls. 14, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um þá meginhagsmuni sem stjórnvöldum ber að hafa að leiðarljósi í aðildarviðræðum við ESB. Mat meiri hlutans er að það sé fullnægjandi veganesti fyrir stjórnvöld og að tiltekin skilyrði í umboði ríkisstjórnarinnar muni ekki skila neinu umfram það.“

Af hverju? Af því að það er ekki venjan í samningum við ESB þá má ekki setja skilyrði. Mundi það móðga Evrópusambandið? Má það bara ekki? Af því að venjur í viðræðum við ESB leyfa ekki skilyrði kemur í staðinn orðið „leiðbeiningar“ í áliti meiri hlutans, ekki skilyrði, ekki hagsmunir. Leiðbeiningar skal það heita. Af hverju treysti ég ekki þessu fólki til að berjast fram á síðasta dag fyrir grundvallarhagsmunum Íslands?

En af hverju er allur þessi vandræðagangur? Af hverju er þetta orðað svona í meirihlutaálitinu? Af hverju treystir meiri hlutinn sér ekki til að setja skilyrði og segja fullum fetum að frá þeim verði ekki vikið. Er það kannski út af því, eins og við sjálfstæðismenn höfum haldið fram, að meiri hlutinn telur sig vita að Evrópusambandið býður ekki upp á varanlegar undanþágur í aðildarviðræðum? Gæti það verið? Gæti það hugsast? Ég leyfi mér að halda því fram. En svo segir áfram á bls. 14 í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn leggur meiri hlutinn áherslu á að ríkisstjórnin fylgi þeim leiðbeiningum sem gefnar eru með áliti þessu um þá grundvallarhagsmuni sem um er að ræða. Að mati meiri hlutans verður ekki vikið frá þeim hagsmunum án undanfarandi umræðu á vettvangi Alþingis og leggur meiri hlutinn til að orðalagi þingsályktunartillögunnar verði breytt með hliðsjón af þessu.“

Þarna kemur nefnilega lykilatriðið. Þarna er í meirihlutaálitinu sagt beinum orðum að það verði samkvæmt þessu hugsanlega vikið frá grundvallarhagsmunum eftir umræðu á vettvangi Alþingis. Þarna er búið að gefa eftir að grundvallarhagsmunir Íslands verði hafðir að leiðarljósi og gerðir að skilyrði. Umræðan um hvernig og hvort við hugsanlega víkjum frá þessum grundvallarhagsmunum er það eina sem þarf. Ekki er einu sinni haft fyrir því að segja að kannski þyrfti samþykki Alþingis fyrir því að vikið yrði frá þessum grundvallarhagsmunum þjóðarinnar í samningaviðræðunum og hvenær Alþingi mundi samþykkja slíkt. Það er ekki útskýrt, enda skil ég mjög vel af hverju, frú forseti. Það er ekki hægt að útskýra við hvaða aðstæður Alþingi mundi víkja frá grundvallarhagsmunum íslensku þjóðarinnar. Ég treysti mér ekki til að útskýra það. Allt er þetta nokkuð dapurt.

Í meirihlutaálitinu, og hv. þm. Ásbjörn Óttarsson fór vel yfir það, er vikið að samningum um deilistofna og fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegi. Það orðalag sýnir að búið er fyrir fram að gefa eftir þessa grundvallarhagsmuni. Fyrst segir, með leyfi forseta, á bls. 15 að Íslendingar þurfi að hafa forræði í stjórn veiða og uppskiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu en þegar kemur að samningum um deilistofna segir og nú kem ég að beinu tilvitnuninni, virðulegi forseti:

„Auk þess verði leitað eftir eins víðtæku forsvari í hagsmunagæslu í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi og kostur er lúti málefni að íslenskum hagsmunum. Jafnframt verði haldið í möguleika á því að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi og skýrri aðkomu Íslendinga að mótun sjávarútvegsstefnu ESB í framtíðinni.“

Hér vekur athygli mína að forræði breytist í forsvar, það á þó einungis að vera eins víðtækt og kostur er. Svo á að halda í möguleika í því lykilatriði sem fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegi væru. Eins og ég hef rakið eru þarna gefnir eftir í hugsanlegum aðildarviðræðum allir þeir grundvallarhagsmunir sem þó er gefið í skyn að yrðu aldrei gefnir eftir. Svo búa menn til ímyndaðan aðildarsamning og hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson vændi okkur sjálfstæðismenn áðan um að vera búna að semja fyrir fram. Það er með ólíkindum hvernig að þessu er staðið.

Til að ljúka þessu með sjávarútveginn. Lykilforsenda er að ef Ísland gengur í ESB bætast ein auðugustu fiskimið í heimi við sameiginlegt haf sambandsins. Það gerist við að gangast undir sameiginlegu fiskveiðistjórnarstefnuna. Spánverjar, Portúgalir og fleiri ESB-þjóðir munu mæna á þennan gullpott og komast í hann. Þetta vitum við, þetta liggur fyrir. Við mundum mæna á hann sjálf ef við værum í þeirra sporum. Þess vegna kemur einfaldlega ekki til greina frekari aðgangur ESB-ríkja að íslenskri fiskveiðilögsögu heldur en þau fá með EES-samningnum. Þetta þarf að vera skýrt í aðildarsamningi, að ESB afsali sér hugsanlegum kröfum að þessu leyti. Annars er hætta á því að þegar mögulegar tímabundnar undanþágur fyrir Ísland frá sjávarútvegsstefnunni og fjárfestingarfrelsinu renna út eða koma til endurskoðunar birtist endurteknar kröfur um aðgang að þessum gjöfulu fiskimiðum gegn framlengingu undanþágnanna. Þá erum við hugsanlega komin með þá stöðu að innan Evrópusambandsins hefðum við margvíslega aðra hagsmuni heldur en þá sem lúta að sjávarútveginum og hætta væri á að vegna annarra sérhagsmuna í sambandinu mundu íslenskir aðilar mæla með því að ESB fengi aukna kvóta við Íslandsstrendur. Þess vegna verður að fást alger trygging fyrir því í aðildarsamningi að við lendum ekki í þessari stöðu. Besta tryggingin eru auðvitað varanlegar undanþágur frá sjávarútvegsstefnunni. Ég leyfi mér að efast um að við fengjum þær en það verður að vera krafa okkar samningamanna ef við færum í viðræður. Við þurfum varanlegar tryggingar.

Ég sagði áðan að við værum að ræða málsmeðferðina og það væri sorglegt ef við gætum ekki komið okkur saman um hana. Við sjálfstæðismenn höfum lagt til að farið verði í tvöfalda atkvæðagreiðslu um þetta mál til þess að við getum náð sátt um meðferð þess. Til þess að þeir sem vilja sækja um aðild að Evrópusambandinu fái sínu framgengt og að þeir sem ekki vilja sækja um aðild, eins og ég, geti borið það undir þjóðina og lotið þannig vilja þjóðarinnar. Yrði það niðurstaðan úr þeirri atkvæðagreiðslu mundi ég sætta mig við að farið yrði í þessar viðræður en þá verð ég líka að treysta því að þeir sem fá samningsumboðið og fara af stað séu traustsins verðir og að búið sé að koma málum þannig fyrir að, eins og kemur fram í þessu meirihlutaáliti, það sé ekki búið fyrir fram að fórna grundvallarhagsmunum íslensku þjóðarinnar. Það get ég aldrei sætt mig við og við getum ekki — og ég tek undir með hv. þm. Ásmundi Óttarssyni í þeim efnum — annað en treyst Alþingi Íslendinga, sem hér á næstu klukkutímum eða dögum fer í atkvæðagreiðslu um hvort eigi að fara í atkvæðagreiðslu um viðræðurnar sjálfar. Við verðum að treysta að Alþingi geri rétt og styðji okkur sjálfstæðismenn vegna þess að svo mikið liggur undir. Þetta er svo mikilvægt mál.

[12:32]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræðuna. Þetta var skörulega mælt og af rökfestu eins og þingmannsins er von og vísa. Ég þakka henni fyrir að fara svo vel yfir þennan skilyrðakafla og varpa ljósi á það sem við framsóknarmenn höfum verið að fara í málflutningi okkar. Það er hvergi minnst á skilyrði í þessum 60 blaðsíðna bunka sem nú liggur fyrir nema að því leyti að það sé Evrópusambandið sem setur skilyrði. Búið er að draga tennurnar úr þessu öllu saman og sorglegt hvernig Samfylkingin fer fram með þetta mál, með ríkisstjórnarsamstarfsflokk sinn algerlega klofinn í herðar niður. Mér skilst að það sé mikið uppnám núna hjá vinstri grænum, sérstaklega yfir því að hv. formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, sem vill svo til að er vinstri grænn, hafi ekki vitað af þessari skýrslu sem var upplýst um í morgun, skúffuskýrsluna. Það er ekki bara verið að kúga þingið heldur samstarfsflokkinn.

Þingmaðurinn fór vel yfir það hvað fólk þarf að hafa til að bera og talaði mikið um traust. Ég ætla að spyrja hv. þingmann um traust. Telur hv. þingmaður að hæstv. utanríkisráðherra, sem fær óbeislað og taumlaust umboð til að fara með þessa fjögurra lína þingsályktunartillögu til Brussel, hafi það traust sem hann þarf til að fá þetta umboð, í fyrsta lagi hér í þinginu og í öðru lagi til að halda á málinu fyrir okkar hönd, verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt.

[12:34]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti svarað þeirri spurningu í mjög stuttu máli. Nei, ég treysti ekki hæstv. utanríkisráðherra, jafnágætur maður og hann er. Ég er ekkert að gera lítið úr mannkostum hans sem einhverjir eru, en ég treysti honum ekki til að fara með þetta mál og semja fyrir hönd mína og annarra Íslendinga. Það er bara svo einfalt og er ekkert skrýtið vegna þess að þetta mál er, eins og við höfum fært rök fyrir, fullkomlega vanbúið og í það vantar hjartað og baráttuandann fyrir grundvallarhagsmunum sem við þurfum að setja á oddinn. Ekki er hægt að setja skilyrði við ESB því þá mundi ESB móðgast og það er bara ómögulegt.

Hv. þingmaður minntist á skýrsluna margumræddu og uppnámið innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég verð að segja að eftir að vera í flokki sem hefur verið í ríkisstjórnarsamstarfi með Samfylkingunni dauðvorkenni ég Vinstri grænum. Það fer kaldur hrollur niður eftir bakinu á mér þegar ég heyri hvernig Samfylkingin hamast á samstarfsflokknum, reynir að túlka og breyta stefnu hans og gera hann að dótturfyrirtæki sínu. Við tölum oft um efnahagsástandið og hvernig var hér. Þetta er orðið svona Samfylkingin Group og Vinstri grænir eru aðilar að því. Ég dauðvorkenni þeim.

Mig langar líka til að fá að spyrja — og þess vegna set ég það aftur fram, frú forseti, að ég sakna stjórnarliðanna — t.d. hv. formann utanríkismálanefndar hvort hann hafi vitað um tilvist þessarar skýrslu? Hann hefur ekki tekið þátt í þessari umræðu og ég veit ekki til þess að hann hafi svarað því. Þetta er spurning sem ég hefði viljað leggja fyrir þingið.

[12:36]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú á tímum gerast hlutirnir mjög hratt. Verið var að bera mér þær fréttir að úr utanríkisráðuneytinu kæmu þær upplýsingar að þessi skúffuskýrsla væri trúnaðarmál, sem er afar einkennilegt því að formaður Bændasamtakanna skrifar grein í Morgunblaðið í morgun þar sem hann vitnar í hana. Nú er utanríkisráðuneytið að koma með skýringar eftir á um að þessi skýrsla hafi verið leyndarmál og að það eigi ekki að gera hana opinbera. Hvað á að ofbjóða okkur inni á þingi og þjóðinni lengi í þessu máli?

Nú sér hæstv. utanríkisráðherra, sem lætur ekki svo lítið sem vera hér á Alþingi meðan verið er að ræða þessi mál … nú skal þetta heita trúnaðarmál. Nú á að redda þessum landbúnaðarkafla. Hér er mikið uppnám og þingmenn eru á hlaupum til að bregðast við upplýsingunum sem berast. Ég segi ekki annað en að það var eins gott að atkvæðagreiðslan fór ekki fram í gær, að þingmenn notuðu þann tíma sem þeir hafa til að ræða mál á Alþingi, úr því að mál sem voru rædd í gær eru orðin hundgömul þegar nýr dagur tekur við. En þetta er alveg í takt við það sem þessi ríkisstjórn stendur fyrir og ég skil ekki — ég benti á það í gær og er óþreytandi að tala um það — hvernig Vinstri grænir geta látið bjóða sér þetta. Ég skil þetta ekki.

Nokkrir kjósendur Vinstri grænna eru í sambandi við mig, þeir segja mér að flokkurinn logi stafna á milli og ég er ekki hissa á því, sérstaklega í ljósi þess að Vinstri grænir sækja fylgi sitt mikið út á landsbyggðina og til bænda. Við skulum átta okkur á því. Hér eru málin öll í uppnámi.

Mig langar til að hnykkja aðeins á, og spyrja um traust á utanríkisráðherra. Samfylkingin og utanríkisráðherra höfðu svo mikið traust þegar bankarnir hrundu (Forseti hringir.) og út af því kom traustspurningin. Ég vil með skírskotun í það spyrja að … ég spyr að því á ný.

[12:39]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef þær fréttir eru réttar sem hv. þingmaður bar í ræðustól um það að umrædd skýrsla sé trúnaðarmál, þá er það hreint út sagt með ólíkindum. Hvað er í þessari skýrslu sem liggur fyrir að er til í drögum? Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sagði í gær í andsvari við mig að hann vissi að þessi skýrsla væri til í drögum, hann hefði að vísu ekki séð hana en hún væri til. Nú segir utanríkisráðuneytið að þessi skýrsla sé trúnaðarmál. Um hvað er trúnaðurinn? Að íslenskur landbúnaður fari á hausinn ef við göngum í ESB? Eru það skilaboð skýrslunnar sem bændur mega ekki vita um, íslenska þjóðin má ekki vita um? Hvað er í þessari skýrslu? Það er ekki boðlegt, frú forseti, að svona sé haldið á málum í þinginu eina ferðina enn. (**EKG:** Hver ætli hafi beðið um trúnaðinn?) Hver bað um trúnaðinn? Við þurfum að vita það.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, sem ég var að kalla eftir og vildi fá að spyrja hvort hafi vitað af þessari skýrslu, er búinn að leggja mikið upp úr því að tala um — og hrósa sjálfum sér í hverri ræðu yfir því að öllum finnist hann hafa haldið svo vel á málum — að það hafi verið talað fyrir öllum sjónarmiðum og það hafi verið reynt að sætta öll sjónar-

mið. Ég hlýt að spyrja og krefjast þess, frú forseti, að þú beitir þér fyrir því að hann komi hér einhvern tíma og svari. Vissi hann af þessari skýrslu? Ætlaði hann að kæfa þessi sjónarmið niður? Ég get ekki sætt mig við þetta og ég held að nú sé rétt það sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir sagði, að þetta sé allt í uppnámi. Nú þarf að gera hlé á þessum fundi. Við þingmenn þurfum að ráða ráðum okkar og stjórn þingsins þarf að taka ákvörðun um hvernig eigi að bregðast við. Þetta gengur ekki svona, frú forseti.

[12:41]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að ávarpa forseta á viðeigandi hátt.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:42]

Um fundarstjórn.

Upplýsingar varðandi ESB-aðild.

[13:14]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs hérna vegna fundarstjórnar forseta og í rauninni starfa þingsins vegna þeirra upplýsinga sem við erum að fá um að enn sé verið að halda leynd yfir þeirri skýrslu sem hefur verið hér til umræðu í dag. Ég ætla að spyrja hæstv. forseta hvort hún muni ekki beita sér fyrir því að þeirri leynd verði aflétt meðal annars til þess að létta fyrir þingstörfum.

Það er alveg ljóst að sú ríkisstjórn sem nú er að störfum er ríkisstjórn hinna stóru leyndarmála. Það má ekkert segja. Skýrslur eru faldar. Þeim er reynt að koma undan. Það er hins vegar verra og alvarlegt ef það er rétt sem kemur fram í bréfi frá utanríkisráðuneytinu að það hafi verið krafa Bændasamtaka Íslands að það væri leynd yfir þessari skýrslu sem um hefur verið rætt hér í dag, en það síðan ekki rétt. Þá er málið náttúrlega háalvarlegt. Það alvarlegt að það verður að taka það upp í forsætisnefnd þingsins og þá hugsanlega að gera hlé um tíma á þessari umræðu. Þetta skiptir máli. Þetta er plagg sem getur upplýst (Forseti hringir.) okkur sem tökum þátt í umræðunni enn frekar.

Þetta er, eins og ég segi, að verða ríkisstjórn hinna stóru leyndarmála. Það má ekkert segja.

[13:16]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að hún hefur beitt sér fyrir því að þetta plagg verði lagt fram og rætt að minnsta kosti í þeirri nefnd sem óskað var eftir. Ég tel ekki annað eðlilegt en að þingmenn fái að líta á það.

[13:16]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér lýsir forseti því yfir að hún hafi óskað eftir því að þessi skýrsla færi hér í ákveðinn farveg. Það berast hér tilkynningar úr utanríkisráðuneytinu um að þessi skýrsla sé trúnaðarmál. Hvar er málið statt, frú forseti?

Hér er ég með grein Haraldar Benediktssonar, formanns Bændasamtakanna, sem birtist í *Morgunblaðinu* í morgun þar sem hann er að vitna í þessa skýrslu. Hvernig stendur á því að þingmenn fá ekki að sjá þessa skýrslu? Verður þetta dregið til baka af utanríkisráðuneytinu og þessum trúnaði aflétt?

Hér segir, með leyfi forseta, í grein formanns Bændasamtakanna:

„Skýrslan er því ekki það vopn sem ESB-sinnar í utanríkismálanefnd vonuðust til að geta notað til að slá af málflutning bænda. Hún er því höfð í skúffu.“

Frú forseti. Ég óska eftir því að skúffuskýrslan komi samdægurs (Forseti hringir.) í hús.

[Fundarhlé. — 13:18]

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266.

og

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Þáltill. utanrrh. o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 250.

[14:01]

Þráinn Bertelsson (Bhr):

Virðulegi forseti. Hér hafa verið fluttar margar ræður um það mál sem liggur fyrir, margar og mismunandi ræður, langar ræður, stuttar ræður bæði ágætar og skynsamlegar og svo kleppsræður og langhundar. Þessar ræður hafa fjallað um eiginhagsmuni ræðumanna, þrönga eiginhagsmuni og þetta mál skoðað í ljósi þeirra, en aðrir hafa skoðað málið með hagsmuni þjóðarinnar allrar í huga.

Hverri þjóð er nauðsynlegt að taka afstöðu með einum eða öðrum hætti til stærstu mála samtímans. — Gæti ég fengið hljóð? — Þess vegna fagna ég því innilega að nú skuli vera til umræðu að taka afstöðu til aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Umræða um það mál hefur nánast verið bönnuð áratugum saman og þöggun ríkjandi of lengi, allt of lengi, á langri, allt of langri, stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. Viðbrögð þess flokks við umræðunni um væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu eru þau að sýna loddaraskap og klækjapólitík og halda því fram að ekki dugi minna en tvær þjóðaratkvæðagreiðslur loksins þegar þessi merkilegi flokkur ljáir máls á því að þjóðin fái yfirleitt að greiða atkvæði um nokkurn skapaðan hlut í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessi flokkur vill að þjóðin greiði atkvæði tvisvar, í fyrsta lagi sé greitt atkvæði um hvort fara eigi í aðildarviðræður og síðan eigi að greiða þjóðaratkvæði um útkomuna úr aðildarviðræðunum. Mér finnst merkilegt að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki leggja til að það verði þrjár þjóðaratkvæðagreiðslur og sú fyrsta verði þjóðaratkvæðagreiðsla

um það hvort hafa eigi þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort vera skuli þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræðurnar. Það væri samkvæmt þessu hægt að hafa fjórar eða fimm atkvæðagreiðslur af þessu tagi til þess að fresta málinu, drepa því á dreif og spilla umræðunni.

Mér dugir prýðilega ein þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál. Eins og ég og aðrir í Borgarahreyfingunni, frambjóðendur og þeir sem nú eru á þingi, töluðum fyrir í aðdraganda kosninganna er ein atkvæðagreiðsla fyrir þjóðina um þetta mál fullnægjandi. Nú hafa félagar mínir í þinghópi Borgarahreyfingarinnar ákveðið að styðja Sjálfstæðisflokkinn í þessu máli og þar með tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég vel að fiska ekki í gruggugu vatni og mun verða því trúr sem áður hefur verið talað á vegum Borgarahreyfingarinnar og trúr samvisku minni. Ég mun greiða því atkvæði að við sendum inn aðildarumsókn að Evrópusambandinu og síðan verði þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn.

Ég er sannfærður um að umræðan sem fer fram hér og utan veggja þessa húss um samningaviðræður við Evrópusambandið muni veita nýjum straumum inn í íslenskt þjóðfélag, valda breytingum og aðlögun sem verður okkur holl reynsla að takast á við. Ég tel að það muni hafa löngu tímabær og góð áhrif á lýðræði, menningu, stjórn og atvinnuvegi og jafnvel daglegt líf að takast á við ný viðhorf, hugsa um nýtt verklag og nýja strauma. Ég tel þörf fyrir að við á þessari eyju opnum glugga og gáttir og horfum út og hleypum fersku lofti inn í samfélag okkar sem er að mörgu leyti staðnað, spillt og sligað af pólitík gærdagsins, af flokkshygli, ættartengslum, flokkshagsmunum og einkavinafyrirgreiðslu. Við þurfum að lofta út, við hérna þurfum á stærri sjóndeildarhring að halda. Umræður um Evrópusambandið eru löngu tímabærar og ég fagna því að nú skuli sjá fyrir endann á þeim umræðum sem eiga sér stað í þessu húsi þar sem vel mættu vera fleiri gluggar opnir alla jafna.

[14:08]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hljómar dálítið undarlega í mínum eyrum eftir að hafa hlustað á umræður hér úti á Austurvelli í vetur og eftir að hafa hlustað á fulltrúa Borgarahreyfingarinnar talandi um fjórflokka og annað slíkt að þeir núna ætli ekkert að leita til þjóðarinnar. Þeir vilja ekki einu sinni spyrja þjóðina hvort við eigum að ganga í Bandaríkin eða Evrópusambandið eða einhver önnur lönd eða ríkjasambönd. Þeir vilja ekki einu sinni spyrja þjóðina hvort við eigum að samþykkja samninginn því að sú kosning er óbindandi, hún er ekki bundin, hún bindur ekki þingið.

Hv. þingmaður Borgarahreyfingarinnar ætlar sem sagt að skilja þjóðina algjörlega eftir og treysta algjörlega á þetta Alþingi, sem hann hefur oft talað um sem Alþingi fjórflokkanna.

[14:09]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það hryggir mig að hv. þm. Þráinn Bertelsson virðist ætla að skipa sér í hóp þeirra manna sem virðast hafa Sjálfstæðisflokkinn á heilanum en það er svo sem ágætt ef hann segir það beint út og það er þá alveg á hreinu.

Mig langar að spyrja hv. þingmann, af því að hann talaði mikið um þjóðaratkvæðagreiðslur, hvort hann hyggist þá ekki styðja tillögu sjálfstæðismanna, þ.e. tillögu þeirra Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar Katrínar, a.m.k. seinni hluta hennar þar sem gert er ráð fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslan verði bindandi þannig að það sé alveg ljóst að það er þjóðin sem fær að hafa síðasta orðið, en þannig er ekki tillaga ríkisstjórnarinnar. Þar er gert ráð fyrir ráðgefandi skoðanakönnun meðal þjóðarinnar en tillaga sjálfstæðismanna gengur út á að hafa þjóðaratkvæðagreiðsluna bindandi og ég óska eftir því (Forseti hringir.) að þingmaðurinn upplýsi okkur um afstöðu sína í því máli.

[14:10]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa eða nefna hv. þingmenn fullu nafni.

[14:10]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér er ánægja að tilkynna hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur að hvort sem ég hef eitthvað á heilanum eða ekki þá er ég þó alla vega laus við að hafa Sjálfstæðisflokkinn á heilanum. Þess vegna er ég nú eins brattur og ég er.

Varðandi fyrirspurnina, sem sagt spurningu sem þingmaður — ef þingmaður er með heilann í lagi — veit þegar svarið við, um hvort ég geti ekki stutt þessa tvöföldu atkvæðagreiðslu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur soðið upp í einhverju óráði, þá er svarið við því algjört nei.

Í annan stað er svar (Forseti hringir.) mitt við spurningunni um hvort ég vilji ekki að þjóðaratkvæðagreiðslan um Evrópusambandið (Forseti hringir.) verði bindandi að hv. þm. veit jafnvel og ég að (Forseti hringir.) þjóðaratkvæðagreiðsla getur ekki verið bindandi miðað við óbreytta stjórnarskrá svo að ég lít á ráðgefandi atkvæðagreiðslu sem bindandi.

[14:12]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að virða ræðutíma.

[14:12]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er einmitt þannig, hv. þm. Þráinn Bertelsson, að seinni hluti breytingartillögu hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og hv. þm. Bjarna Benediktssonar gengur út á, með leyfi forseta, að:

„Náist aðildarsamningur milli Íslands og Evrópusambandsins skal ríkisstjórnin þegar í stað ráðast í að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá, og eftir atvikum öðrum lögum, sem af aðild leiðir. Að því loknu skal aðildarsamningurinn borinn undir Alþingi til staðfestingar og að henni fenginni skal ríkisstjórnin efna til bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um væntanlegan aðildarsamning.“

Þarna fara skoðanir okkar greinilega saman, hv. þm. Þráinn Bertelsson. Þess vegna spyr ég aftur, að upplýstu því hvað stendur í seinni hluta breytingartillögunnar: Er það ekki svo að við séum sammála að þessu leyti, hv. þm. Þrá-

inn Bertelsson? Mun hv. þm. Þráinn Bertelsson greiða þessari tillögu atkvæði sitt?

[14:13]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skil nú ekkert í jafn vel gefnum þingmanni og hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur að kjósa að fara í hártoganir við mann með mitt hárafar. Ég styð einfaldlega þá tillögu sem hefur verið lögð fyrir um aðildarviðræður við Evrópusambandið og þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum þeim viðræðum.

[14:13]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að beina spurningum til hv. þm. Þráins Bertelssonar og skal ekki vera með hártoganir, vegna þess að hv. þingmaður minntist á að hann sæi, eins og ég skildi hann, að eina leiðin til þess að losna við þá spillingu og þann vanda sem við Íslendingar glímum við í stjórnkerfinu væri að leita á náðir Evrópusambandsins. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við eigum að halda á okkar málum sjálf og að okkur sé farsælast að halda lagasetningarvaldinu hér innan lands. Mig langar þess vegna til þess að biðja hv. þingmann að útskýra þessi orð sín aðeins betur og hvort ég hafi þá nokkuð misskilið hann og ræðu hans.

[14:15]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef kosið það síðan ég tók sæti hér á þingi að tala ekki mjög oft vegna þess að mér er það ljóst að orð eru dýr og mér er það ljóst að orð geta misskilist. Ég hef fengið staðfestingu á því núna með fyrirspurn hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar sem virðist hafa lesið það í orð mín að ég teldi það allra meina bót að sækja um aðild að Evrópusambandinu og helst að ganga í það líka.

Ég vil svara því til ef ég get tekið allan vafa og hroll úr huga þingmannsins að ég er fylgjandi aðildarviðræðum við Evrópusambandið vegna þess að ég tel að þær séu hollar fyrir okkur. Ég tel að það sé hollt fyrir okkur sem þjóð að ræða stærstu mál samtímans. Aðild að Evrópusambandinu er eitthvað sem kemur út úr þeim viðræðum okkar á milli, aðildarviðræðum við Evrópusambandið að (Forseti hringir.) loknu því ferli.

[14:16]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt að hv. þingmaður tekur ekki oft til máls og þess vegna gat ég ekki látið þetta tækifæri hjá líða til þess að fá fram svona einstakar skoðanir. Ég gat ekki betur skilið þingmanninn þegar hann var einmitt að ræða um spillinguna en að í því væri fólgin einhvers konar lausn fyrir Íslendinga að fara í þessar aðildarviðræður. En ef ég hef misskilið það biðst ég bara velvirðingar á því.

Ég hef aðra spurningu sem mig langar til þess að beina að hv. þingmanni. Hér hefur komið fram í dag að í umræðunni um þessar aðildarviðræður hefur verið haldið til hliðar gögnum sem mundu breyta, að mínu mati, afstöðu margra til þessa svo mjög umdeilda máls og þá er ég að vísa í skýrsluna sem Bændasamtökin hafa verið að ræða um og segja að (Forseti hringir.) landbúnaður þjóðarinnar muni kom mjög illa út úr þessu jafnvel þó að hann fái sömu tilhliðranir og (Forseti hringir.) Finnar fengu á sínum tíma.

[14:17]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Höskuldur Þórhallsson leiðir mig í freistni með því að fara að tala um spillingu. Það er ekki ráðlegt að koma mér af stað um það umræðuefni hér og nú. (**PHB:** Er engin spilling í Evrópusambandinu?) Það er spilling um allan heim. Hún er í Evrópusambandinu og víða. En það er sú spilling sem er hérna hjá okkur sem mér er hugleiknust og ég held að það mundi draga úr henni ef við ræddum okkar mál og vandamál stundarinnar opinskátt oftar og ítarlegar en við gerum. (**PHB:** Og fara ekki í andsvör?) (Gripið fram í.)

Í annan stað vil ég segja hv. þingmanni, þ.e. ítreka það að ég tel Evrópusambandið ekki allra meina bót. (Forseti hringir.)

[14:18]

Frsm. 1. minni hluta (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér heyrist að hv. þingmaður skipi sér í hóp með þeim sem vilja sjá hvað kemur út úr aðildarviðræðum. En hann sker sig þó nokkuð úr þeim hópi vegna þess að hann hefur það sjónarmið hér uppi fyrstur manna að því er ég tel að þetta ferli verði hollt fyrir þjóðina og að það séu alveg sérstök rök fyrir því að leggja inn umsókn um Evrópusambandsaðild að ganga í gegnum það ferli þó að það kosti jú um það bil 1.000 milljónir.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þingmann: Hvað er það í störfum þingsins, í öllu því nefndarstarfi sem átt hefur sér stað, sem hefur gefið hv. þingmanni tilefni til þess að ætla að eitthvað annað komi út úr viðræðunum en það að við Íslendingar þurfum að gangast undir stefnu Evrópusambandsins í hinum ýmsu málaflokkum eins og til dæmis á sviði sjávarútvegsmála án undanþágna nema þá kannski með þeim fyrirvara að (Forseti hringir.) við fáum einhverjar tímabundnar lausnir?

[14:20]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skal að reyna að svara þessari spurningu að svo miklu leyti sem ég náði spurningunni. Ég tel að það sé okkur hollt sem þjóð að ræða stór mál, þar á meðal aðild okkar að Evrópusambandinu, sem hv. þm. Bjarni Benediktsson kaus að bæta við að mundi kosta okkur 1.000 milljónir. Ég veit ekki hvað það hefur kostað þjóðina í peningum, en ég veit hvað það hefur kostað þjóðina andlega og í menningarlegu tilliti að þetta mál skuli hafa verið þaggað áratugum saman í stjórnartíð þess flokks sem hv. þingmaður (Forseti hringir.) er núna formaður fyrir.

[14:21]

Frsm. 1. minni hluta (Bjarni Benediktsson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við auðvitað búum hér við lýðræðisskipulag þar sem gengið er til kosninga á fjögurra ára fresti.

Það hefur verið veruleikinn í íslenskum stjórnmálum og það hefur ekki verið meiri hluti fyrir því eftir slíkar kosningar að leggja inn umsókn að Evrópusambandinu. Menn geta kallað það þöggun eða hvaða öðru nafni sem þeir kjósa.

Hér er einfaldlega spurt um þetta. Fyrst þingmaðurinn skipar sér í hóp þeirra sem vilja sjá hvað komi út úr samningaviðræðum þá hlýtur hann að bera í brjósti sér einhverja von um að við fáum góðan samning, samning þar sem sérstaklega verði tekið tillit til okkar Íslendinga. Nú er mér ekki ljóst á hvaða sviði hann telji að sérstaklega þurfi að taka tillit til hagsmuna okkar á einstökum sviðum. En í þeirri vinnu sem fram hefur farið á þinginu og til að mynda hefur átt sér stað í utanríkismálanefnd þá hafa svo sem ekki gefist sérstök tilefni til að ætla að sérstakt tillit verði tekið til okkar. Af þeirri ástæðu spyr ég (Forseti hringir.) þingmanninn: Hvers vegna, þrátt fyrir þetta, virðist hann ala í brjósti sér von um að Evrópusambandið ætli að veita okkur einhverjar sérstakar undanþágur?

[14:22]

Þráinn Bertelsson (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Bjarna Benediktssyni var tíðrætt um orðið sérstakur, sérstakar undanþágur sem hann spurði hvort ég æli í brjósti mér von um að kæmu út úr viðræðum við Evrópusambandið. Ég el ekki í brjósti mér neina sérstaka von um að einhverjar sérstakar undanþágur og sérstök skilyrði komi út úr þessum viðræðum. Við Íslendingar erum ekkert sérstök þjóð. Við erum venjuleg þjóð í venjulegum heimi. Ég reikna með því að í aðildarviðræðum verði tekið eðlilegt tillit til eðlilegra sjónarmiða okkar. En ég deili ekki þeirri bjartsýni eða öllu heldur frekju sem ég hef heyrt í ræðum þingmanna sem sjá Evrópusambandið með glýju í augum að allar dyr þarna verði opnaðar fyrir okkur (Forseti hringir.) eins og frelsarinn sjálfur hafi birst Evrópusambandinu þegar við komum. Ég held að við fáum engan sérstakan díl.

[14:23]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseta hefur verið bent á að yfir stendur fundur í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og hefur komið ósk fram um það að ekki verði haldinn fundur hér í þingsal á meðan fundur stendur yfir í nefndinni. Er talið að um 15 mínútur séu eftir af þeim fundi þannig að forseti hyggst fresta þessum fundi um 15 mínútur. (Gripið fram í.)

[14:24]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hin lýðræðislega umræða er komin upp á náð og miskunn hæstv. forseta. Þess vegna biður maður um að fá að taka til máls með mikilli auðmýkt.

Ég vildi bara vekja athygli á því að Seðlabankinn var í morgun hjá okkur sem eigum sæti í fjárlaganefnd og okkur tókst ekki að klára fundinn. Nú hafa komið skilaboð frá formanni nefndarinnar um að við höfum frest til klukkan þrjú til að skila inn skriflegum fyrirspurnum til Seðlabankans sem hann mun þá væntanlega svara. Nú varð mér það á að líta hvorki á sms né tölvupóstinn minn vegna þess að ég var bundinn hér í þingsal og einnig við að undirbúa ræðu. Ég vildi bara beina því til forseta mjög auðmjúklega hvort hún mundi ekki beita sér fyrir því að lengja þennan frest og þá helst til morguns vegna þess að ég held að það sé ljóst að hér verði miklar annir það sem eftir lifir dags.

[14:25]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill hvetja hv. þingmann til að ræða þetta við formann viðkomandi nefndar, (**HöskÞ:** Ég hef sent honum tölvupóst.) sem án efa mun verða við þessari hóflegu beiðni þingmannsins. Nú verður gert 15 mínútna hlé á þessum fundi á meðan sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd lýkur sínum fundi.

[Fundarhlé. — 14:26]

[14:40]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég hef hér tækifæri til þess að halda áfram ræðu minni um Evrópusambandið en 40 mínúturnar sem okkur voru gefnar reyndust ekki nægilegar. Áður en ég hef mál mitt formlega: Ég fór í andsvar við hv. þm. Þráin Bertelsson þar sem hann lýsti því yfir að hann talaði sjaldan vegna þess að orð væru dýr og kvartaði yfir að loksins þegar hann talaði væru orð hans misskilin. Svo þegar ég beindi að honum nýrri spurningu varð hann svo óðamála að tíminn rann út áður en hann gat svarað spurningu minni. Ef hann heyrir þessa ræðu, og ég tel mig vita að hann sé hérna í þinghúsinu, vil ég gefa honum tækifæri til þess að koma hér að lokinni ræðu minni og svara spurningunni.

Það er ágætt að vekja athygli á að þetta mál er mjög umdeilt, mikill hiti hefur verið í mönnum og frægt varð þegar hv. þm. Ásmundur Einar Daðason rauk á dyr og sagði þingheimi frá því að hann hefði verið kúgaður í þessu máli. Ekki kom fram hver hefði kúgað hann en hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson greip fram í þegar Ásbjörn Óttarsson hv. þm. hélt ræðu og sagði að þingmenn Vinstri grænna sem hefðu kúgað sinn eigin flokksmann til þess að skipta um skoðun og vera ekki með tillögu um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá er þetta komið fram og stendur upp á einhvern að leiðrétta þessi orð þingmannsins.

Um þetta fjöllum við einmitt og upp á Vinstri græna stendur að svara kjósendum sínum af hverju í ósköpunum við stöndum frammi fyrir því hér í dag að greiða atkvæði um aðildarviðræður að Evrópusambandinu. Það kom mjög skýrt fram, og enginn hefur tekið að sér að túlka það öðruvísi en eftir orðanna hljóðan, að á landsfundi Vinstri grænna sögðu þeir að hagsmunum Íslendinga væri betur borgið utan Evrópusambandsins en innan. En Vinstri grænir sviku loforð sem þeir gáfu kjósendum í kosningabaráttunni. Þeir fengu mikið fylgi út á harða afstöðu sína í Evrópumálinu og ég ætla að leyfa mér að fullyrða að meginhluti fylgisins sem þeir fengu í mínu kjördæmi hafi einmitt verið út á þessa afstöðu, en þeirra fyrsta verk er að svíkja þetta kosningaloforð sitt og er það leitt.

Ég er þeirrar skoðunar að hagsmunum Íslendinga sé betur borgið innan Evrópusambandsins en utan þess. Ég held að við ættum einmitt að muna að gjaldeyrisvaraforðinn

okkar lá ekki eingöngu í Seðlabankanum í Lundúnum þegar bankaáfallið reið yfir okkur síðasta haust heldur var hann einnig að finna í sveitum landsins. Þegar innflutningur hikstaði voru það bændur landsins sem sáu til þess að landsmenn bjuggu við algjört fæðuöryggi.

Ég held að menn ættu að muna þetta vegna þess að hér í dag höfum við einmitt verið að ræða það að skýrslu sem beðið var um hjá Hagfræðistofnun Háskólans var einfaldlega stungið undir stól. Af hverju skyldi það nú vera? Jú, vegna þess að þar var óskað eftir samanburði á því hvernig Íslendingum mundi reiða af ef þeir fengju nákvæmlega sömu undanþágur og Finnar fengu þegar þeir ákváðu að ganga í Evrópusambandið. Eftir því sem ég best veit þá kemur þessi samanburður afar illa út fyrir íslenska bændur og ljóst er að mjólkurframleiðsla mun að stórum hluta leggjast af og þá þannig að hugsanlega verður hér aðeins framleidd nýmjólk eða mjólk af öðru tagi. En aðrar mjólkurvörur verða einfaldlega algjörlega út úr myndinni.

Því hefur verið haldið fram og við framsóknarmenn, þ.e. við sem ætlum að greiða atkvæði gegn þessari þingsályktunartillögu, höfum þurft að búa við það hér í umræðunni að orðið skilyrði þýði nú orðið allt annað en ég taldi að það þýddi. Hér hefur verið fullyrt að þessi skilyrði sé að finna í nefndaráliti meiri hlutans og menn hafa haldið fram þeirri vitleysu, að mínu mati, að þetta nefndarálit verði notað af samninganefndinni til þess að semja um hagsmuni Íslands og að öll skilyrðin sé þar að finna. Þá vil ég segja eitt: Ef það er svoleiðis er þingmönnum í lófa lagið að samþykkja einmitt þingsályktunartillögu Vigdísar Hauksdóttur. Það ætti ekki að koma að sök vegna þess að þar koma fram öll skilyrði sem flokksþing Framsóknarflokksins setti fyrir aðildarviðræðum á flokksþinginu sem var haldið í janúar. Ef þau er að finna í nefndarálitinu er eins gott bara að hnekkja á þeim og láta þau koma skýrar fram en þar er og samþykkja þingsályktunartillögu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur vegna þess að í mínum huga þýðir orðið skilyrði ekki það sama og orðið sjónarmið, en í breytingartillögu minni hlutans er einmitt rætt um þau sjónarmið sem koma fram í þessu minnihlutaáliti, þ.e. að þau verði uppi á borðunum. Ég held að ég sé að túlka þetta rétt vegna þess að í þessu minnihlutaáliti kemur nefnilega mjög skýrt fram á blaðsíðu 14 þar sem fjallað er um skilyrt umboð, að það sé mat meiri hlutans, með leyfi forseta:

„að það sé fullnægjandi veganesti fyrir stjórnvöld og að tiltekin skilyrði í umboði ríkisstjórnarinnar muni ekki skila neinu umfram það.“

Í mínum huga er þetta því bara á hreinu. Nefndarálitið breytir engu um það að það verður ekki lagt af stað með neins konar skilyrði af hálfu meiri hlutans og þá er maður hræddur um að maður lendi nákvæmlega í því sama og við erum að horfa upp á í Icesave-deilunni. Þegar menn greiddu atkvæði með því að fara í einhvers konar viðræður við Breta og Hollendinga um Icesave-samningana var sagt að það væri algjört skilyrði af hálfu stjórnvalda að farið yrði eftir þessum svokölluðu Brussel-viðmiðum. En það er nú hvorki meira né minna en Seðlabanki Íslands sjálfur sem segir í lögfræðiáliti sínu, eins og hefur komið fram í fjölmiðlum núna síðast í dag, að þessi Brussel-viðmið er hvergi að finna í Icesave-samningunum og það er ekki hægt að túlka þá á neinn hátt miðað við þessi Brussel-viðmið. Það er nú fróðlegt að sjá hvort þeir þingmenn sem töluðu um það á sínum tíma ætli þá að greiða atkvæði gegn þeim óskapnaði.

Mig langar aðeins til þess að fjalla hérna um landbúnaðinn sérstaklega vegna þess að formaður Bændasamtaka Íslands skrifar mjög góða grein í Morgunblaðið í dag sem ber heitið Endalok nútímalandbúnaðar á Íslandi.

Hann segir þar í lok greinarinnar, með leyfi forseta:

„Þau sem styðja aðildarumsókn eru að senda bændum skilaboð um að huga sem minnst að framtíðaruppbyggingu búa sinna. Skipuleggja undanhaldið. Skilaboð þeirra eru að það dregur hratt að endalokum nútímalandbúnaðar á Íslandi. Því ekki sækjum við um til að hafna síðan aðild?“

Þetta er mjög skýrt og eindregin afstaða sem Bændasamtökin koma fram með. Líka af því að ég var að ræða þessi skilyrði þá langar mig að benda á grein sem birtist á bondi.is sem er vefur Bændasamtaka Íslands þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar um þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu er fjallað sérstaklega um meginhagsmuni Íslands ef til aðildarviðræðna kemur.“

Svo segir, með leyfi forseta:

„Þó lögð sé áhersla á mikilvægi íslensks landbúnaðar í umsögn nefndarinnar er vart hægt að segja að slegnir séu þeir varnaglar sem veitt gætu landbúnaðinum skjól ef til aðildar kæmi. Farið er orðum um mikilvægi sjálfbærrar þróunar í matvælaframleiðslu, byggðatengd sjónarmið og umhverfisþætti en ekki er hægt að sjá að í neinu tilfelli sé gengið svo langt að setja fram skýlausar kröfur um niðurstöður aðildarviðræðna til varnar landbúnaði.“

Síðan fara þeir yfir — ég ætla að sleppa því að lesa alla greinina frá upphafi til enda — en þeir benda á að tollvernd sé einmitt forsenda fyrir óhögguðum landbúnaði.

Þar kemur einnig fram að í þessu áliti er til að mynda hvergi minnst á úrvinnsluiðnaðinn. Það hef ég vakið athygli á vegna þess að á Akureyri, Húsavík og Kópaskeri, svo við tökum bara dæmi úr mínu kjördæmi, Norðausturkjördæmi, eru úrvinnslufyrirtæki, framleiðslufyrirtæki sem skapa atvinnu fyrir fjöldamargt fólk, um 3.000 manns. Þetta er á svæði þar sem atvinnuleysi hefur verið umtalsvert, eitt það mesta á landinu. Ekki er nóg með að atvinnuleysi mælist þar mikið heldur hefur kjördæmið mátt þola það að sérstaklega ungar fjölskyldur hafa þurft að flytja í burtu, einkum hingað á höfuðborgarsvæðið, til þess að verða sér úti um vinnu. Þess vegna er í rauninni ótrúlegt að hvergi í álitinu skuli minnst á að þessi framleiðslufyrirtæki og að allt þetta fólk sem vinnur í þessum góðu fyrirtækjum skuli ekki nefnt á nafn í þessu meirihlutaáliti sem einstakir þingmenn líta á sem einhvers konar vegvísi inn í þessar aðildarviðræður.

Á það er bent í þessari grein að samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá síðasta vetri hafa tíu þúsund manns beina atvinnu af íslenskum landbúnaði, þeir sem starfa beint við hann og þeir sem eru í beinni úrvinnslu afurða. Þá er ekki verið að tala um þau störf sem eru frekar afleidd af íslenskum landbúnaði.

Svo er nú eitt í þessu líka sem skortir á og það er að það vantar tilfinnanlega að fjallað sé um landbúnaðinn í heild í

umsögninni en megináhersla er lögð á mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt. Það er ekki að neinu marki fjallað um aðstæður svínabænda og kjúklingabænda en færð hafa verið rök fyrir því að þær greinar muni verða fyrir mestum skakkaföllum við inngöngu. Ég held að það sé bara einfaldlega þannig að við gætum horft fram á að þessar greinar leggist hreinlega af. En maður veltir því stundum fyrir sér hvort það sé fórnarkostnaður þeirra sem vilja ganga inn í Evrópusambandið.

Að lokum langar mig að vísa til þess að að menn hafa talað svolítið fjálglega að mínu mati um þá staðreynd að við erum í rauninni að gefa eftir hluta af fullveldi okkar. Við megum ekki gleyma því að við gáfum frá okkur sjálfstjórnina 1262 og það þýddi mikla fátækt fyrir íslenska þjóð í mörg hundruð ár. Það var í rauninni ekki fyrr en við hlutum sjálfstæði að við gátum farið að kalla okkur vestræna þjóð meðal vestrænna þjóða og lífskjör frá því að við urðum einmitt sjálfstæð hafa batnað gríðarlega. Til marks um það mætti segja að uppgangur íslensks atvinnulífs og Íslands almennt sé sambærilegur við Suður-Kóreu sem einmitt hlaut sjálfstæði eftir síðari heimsstyrjöldina eins og Íslendingar.

Mig langar að lesa upp úr ræðu sem Jón Sigurðsson forseti flutti árið 1849. Ég held að á þessum degi ættum við einmitt að hafa í huga þá sjálfstæðisbaráttu sem hann hafði hér í heiðri. Ég átta mig fyllilega á því að við erum ekki að gefa frá okkur allt fullveldið. En ég er þeirrar skoðunar að það geti verið alveg jafnskaðlegt að vera með tvenns konar reglur, annars vegar þær reglur sem eru settar af Evrópusambandinu og svo hins vegar þær sem við reynum að setja hér með hagsmuni okkar að leiðarljósi vegna þess að ég tel meginorsökina fyrir Icesave-samningunum vera þá að menn hafi einfaldlega ekki áttað sig á því að það voru reglur Evrópusambandsins fyrst og fremst sem giltu um þá útrás og Íslendingar gátu lítið sem ekkert hróflað við því lagalega. Ef menn ætluðu að fara til dæmis út í það að stækka þennan innstæðutryggingarsjóð svo hann stæði algjörlega á bak við þær innstæður sem voru komnar í útibúum Landsbankans, svo það dæmi eitt sé tekið, þá erum við að tala um 700 milljarða. Það eru gríðarlegar fjárhæðir og algjörlega óhugsandi að það hefði gengið.

Ég ætla að lesa hér lokaorð Jóns Sigurðssonar, með leyfi forseta:

„Íslendingar! Ef þér sitjið nú af ykkur þetta tækifæri, það besta færi, sem fram hefur boðist um mörg hundruð ár til að ná frelsi og þjóðarréttindum, þá er hætt við, að slíkt komi ekki oftar, og þá lifir sú smánarminning þeirrar kynslóðar, sem nú er uppi, að fyrir dáðleysi hennar og ósamheldni hafi Ísland enga viðreisn fengið, því þeir hafa beðið sjálfir um að leggja á sig ánauðarokið.“

Ég held að það sé einfaldlega þannig, frú forseti, að þetta verður alltaf okkar eigin ákvörðun. Ég er þeirrar skoðunar að Íslendingum sé affarasælast að halda á sínum hagsmunum sjálfir. Við búum hér yfir auðlindum sem eiga sér ekki sinn líka í Evrópu. Við erum langt frá markaðshagkerfi Mið-Evrópu og munum, að mínu mati, aldrei fá notið þeirra kjara fyrirtækja sem þar eru staðsett búa við, ekkert frekar en fyrirtæki sem er staðsett á Raufarhöfn sem á undir högg að sækja gagnvart fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Leiðum hugann að orðum Jón Sigurðssonar forseta vegna þess að ég held að hann hafi einmitt hitt naglann á höfuðið. Ég vona og bind enn þá von við það hér í dag að í þessu árferði sem við búum við (Forseti hringir.) gerum við ekki þá skyssu að við förum í aðildarviðræður án nokkurra skilyrða.

[15:01]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í umræðunni um þingsályktunartillögu um að sækja um aðild að Evrópusambandinu er mikið talað í ræðustóli um hvort tilteknir stjórnmálaflokkar fylgi stefnu sinni eða ekki og hverju þeir hafi lofað fyrir kosningarnar sem voru í apríl. Ég heyrði að hv. þm. Höskuldur Þór Þórhallsson ræddi það sérstaklega út frá afstöðu Vinstri grænna. Komin er fram tillaga frá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur sem mér skilst að sé nokkurn veginn samhljóða stefnu Framsóknarflokksins. Segjum sem svo að sú tillaga nái ekki fram að ganga, er þá ekki alveg öruggt að framsóknarmenn standa enn við sínar flokkssamþykktir og yfirlýsta stefnu Framsóknarflokksins og styðji að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu?

[15:02]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þessari spurningu sé auðsvarað. Ef flokkssamþykkt flokksþings Framsóknarflokksins verður hafnað í atkvæðagreiðslu þá munu framsóknarmenn vonandi standa við þessa ályktun og hafna aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

[15:02]

Þórunn Sveinbjarnardóttir (Sf) *(andsvar)*:

Forseti. Þetta er athyglisverð yfirlýsing vegna þess að ég les stefnu Framsóknarflokksins þannig að það sé stefna framsóknarmanna að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Eins og gerist og gengur í þingstörfum þegar fluttar eru tillögur eða breytingartillögur að þeim felldum, færi það þannig, þá hefði ég haldið, í ljósi þess trúnaðar sem hlýtur að ríkja á milli þingmanna Framsóknarflokksins og stuðningsmanna og kjósenda flokksins, að framsóknarmenn, hv. þingmenn, ættu ekki annarra kosta völ en að styðja að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu.

[15:03]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að í flokksályktun kemur fram að framsóknarmenn samþykkja að fara í aðildarviðræður en síðan verður hv. þingmaður að lesa aðeins lengra. Það er gert með skilyrðum. Ef skilyrðin koma ekki fram þá er það einfaldlega þannig í mínum huga að við eigum ekki að fara í aðildarviðræður. Ég fæ ekki skilið hvernig menn og þingmenn geta skautað fram hjá orðinu „skilyrði“ og túlkað það á einhvern annan hátt heldur en samkvæmt orðsins hljóðan. Hv. þingmenn hafa komið fram og reynt að sannfæra mig um að þetta sé í nefndarálitinu, finnist þar jafnvel þó að það standi berum orðum að ekki eigi að fara í viðræðurnar með nein skilyrði.

Síðan hefur líka verið reynt að sannfæra mig um að orð-

ið „sjónarmið“ sé á einhvern hátt sambærilegt við orðið „skilyrði“. Ég vísa til orða hv. þm. Gunnars Braga Sveinssonar, sem bar þessa ályktun fram á flokksþinginu, að það er orðið „skilyrði“ sem skiptir öllu máli. Formaður Framsóknarflokksins benti í ræðu á að ég og hann sem áttumst við í formannsframboði og lýstum báðir yfir okkar skoðun varðandi skilyrðin fengum yfir 80% allra greiddra atkvæða á flokksþinginu, sem var miklu fjölmennara en hefur verið síðustu ár. Ég get ekki túlkað þetta öðruvísi en skilyrðin séu einfaldlega skilyrði.

[15:06]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég kem upp á ný til að tala í þessu mikilvæga máli sem kannski á eftir að breyta framtíð okkar til næstu 10, 30, 100, 500 ára ef tekin verður sú ákvörðun að ganga í Evrópusambandið. Það er best að maður flytji þinginu fréttir. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur fundað og hæstv. utanríkisráðherra bjargaði sér nú í hádeginu út úr þessum trúnaðarupplýsingum, sem hann var búinn að ræða að væru í skýrslunni, og er búinn að breyta því í hálftrúnað. Hálftrúnaður er nýyrði fyrir mér en hálftrúnaður er á skýrslunni og best að þeir sem eru í viðkomandi nefnd útskýri hvað það er. Það er náttúrlega alveg að verða með ólíkindum, frú forseti, hvernig þingstörfin eru komin út um víðan völl og hér er allt í uppnámi.

Hér er fólk úti á Austurvelli. Ég labbaði yfir á skrifstofu mína áðan. Fólk hleypur að manni og hvetur áfram af því að þjóðin virðist ekki vera með ríkisstjórninni í þessu máli, frú forseti. Hvar er hæstv. utanríkisráðherra t.d. í þessum töluðum orðum? Hvar er hæstv. forsætisráðherra? Hvar er hæstv. fjármálaráðherra? Hvar er hv. formaður utanríkismálanefndar? Hefur þetta fólk ekki áhuga á málinu eða vill það ekki hlusta á rök eins og hv. formaður utanríkismálanefndar gerði í gær? Hann varð rökþrota fyrir mér í ræðustól. Það er ekki von að hann sé mættur til leiks á ný.

Áður en ég fer yfir þau mál sem ég ætla að byggja ræðu mína á, en tími minni skerðist eftir því sem ég held fleiri ræður, ætla ég að leiðrétta misskilning. Ég hélt að ég fengi bara að tala þrisvar um þessa þingsályktunartillögu en í morgun var mér bent á að ég má tala eins oft og ég vil.

Það er þetta með skýrsluna sem ríkir hálftrúnaður um, það er innihaldið í henni og það alvarlegasta í þessu öllu saman er — ég vitna aftur í orð formanns Bændasamtaka Íslands sem segir: „Skýrslan er því ekki það vopn sem ESB-sinnar í utanríkismálanefnd vonuðust til að geta notað til að slá af málflutning bænda. Hún er því höfð í skúffu.“ Ég nefni þessa skýrslu skúffuskýrsluna og ef það er staðreynd að það hvíli á skýrslunni hálftrúnaður út af því að efni hennar er ekki í samræmi við stefnu Samfylkingarinnar þá er þetta mjög alvarlegt mál, frú forseti, og sýnir enn á ný að hér eru þingmönnum skammtaðar upplýsingar eftir því hvað ríkisstjórninni finnst eiga við hverju sinni.

Í *Morgunblaðinu* í dag er haft eftir mér um þessi stjórnskipunarmál að sú þingsályktunartillaga sem liggur fyrir þinginu brjóti stjórnarskrá. Ég ítreka að tillagan frá ríkisstjórninni sem liggur fyrir þinginu brýtur stjórnarskrá. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp hvernig sú breytingartillaga byrjar sem lögð er til við þingsályktunartillöguna. Hér stendur, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB…“ Þetta er mjög skýrt: Að leggja inn umsókn. Hér er lagt til að lögð verði inn umsókn og það er fullveldisafsal. Um leið og þjóð leggur inn umsókn að ríkjabandalagi eða alþjóðlegri stofnun er það fullveldisafsal og það fullveldisafsal höfum við ekki í stjórnarskránni. Inn á þetta hef ég margkomið inn í ræðum mínum en hv. formaður utanríkismálanefndar ber hausnum við steininn og segir að þetta sé ekki stjórnarskrárbrot. Ekki nema von því að hvernig á löggjafinn að geta samþykkt bæði lög og þingsályktunartillögur sem brjóta gegn stjórnarskránni? Dómar hafa fallið varðandi þessi mál og þá hefur löggjafinn þurft að grípa tafarlaust til ráðstafana og breyta lögum.

Mín breytingartillaga gengur fyrst og fremst út á að koma inn í þingsályktunartillöguna þeim skilyrðum sem framsóknarmenn leggja áherslu á og bjarga jafnframt þessari hálfu ríkisstjórn frá stjórnskipulegu slysi. — Nú væri ágætt að hæstv. utanríkisráðherra sneri sér við í dyragættinni og hlustaði. — Ég legg til að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið og það að fara í könnunarviðræður er ekki brot á stjórnarskránni. Það má túlka það sem brot á stjórnarskránni en ég legg til að þetta verði gert þannig að bjarga því sem bjargað verður. En hæstv. ríkisstjórn verður að sitja uppi með að hér verði málssókn þegar og ef þetta fer í gegnum þingið. Í Morgunblaðinu í morgun hefur hv. formaður utanríkismálanefndar þetta að hálfu í flimtingum, að hann taki meiri mark á stjórnskipunarfræðingum sem hafa komið á fund nefndarinnar og ekki geri ég lítið úr því. Ég ber mikla virðingu fyrir lögfræðingum og lögmönnum, sérstaklega þeim sem fjalla um stjórnarskipunarrétt því hann er það sem öll lagasetning snýst um. Eins og allir vita er stjórnarskráin öllum okkar lögum æðri.

Hann lætur hafa eftir sér í *Morgunblaðinu* að þeir hefðu ekki séð neitt athugavert við tillöguna. En þá skal ég benda á að þetta álit, sem er fylgiskjal 8 með breytingartillögunni, var pantað af hv. formanni utanríkismálanefndar hinn 12. júní sl. Þá er búið að taka ákvörðun um það hér á þingi, lagt fram í ríkisstjórninni, að þessi þingsályktunartillaga skuli koma fyrir þingið. Þá var komin önnur breytingartillaga að þingsályktunartillögunni. Ríkisstjórnin reynir ekki neitt til að vinna þetta í sátt við minni hlutann. 12. júní er farið fram á að tveir mjög virtir lagaprófessorar komi með álit til að bjarga þessu klúðri sem ríkisstjórnin var komin í. Eftiráálit eru alltaf slæm. Það er ekki hægt að panta álit eftir á þótt sé gert hér, enda kemur fram í þessu áliti að verið er að leggja til stjórnarskrárbrot. Ég bið þingmenn um að lesa bls. 54–56 mjög vel áður en greidd verða atkvæði um málið því þar liggur þetta fyrir. Hér kemur í 1. tölul.:

„Ákvörðun um að sækja um aðild er í eðli sínu pólitík.“ Þetta vitum við, enda hefur ríkisstjórnin, Samfylkingin aðallega, lagt áherslu á að þetta mál fari í gegn, enda er þetta eina mál Samfylkingarinnar. Það sem kemur síðan í ljós er að hv. lögfræðingar taka ekki efnislega á því hvort þetta brjóti á stjórnarskránni og ég held að þingmenn ættu að skoða það. Formaður utanríkismálanefndar fullyrti í gær að þeir væru að taka á því og þetta plagg mundi fjalla um að ekki væri verið að brjóta á stjórnarskránni. Það er hvergi minnst á það. En jafnframt segir í b-lið 1. tölul.: „Ekki get-

ur verið ágreiningur um að fyrri tillagan er afdráttarlausari.“ Þetta er það eina sem ég get fundið í þessu vinnuskjali frá þeim þar sem þau telja að tillaga ríkisstjórnarinnar sé afdráttarlausari með fullveldisafsal.

Þar sem tíminn er svo lítill, þá ætla ég að lesa upp 7. tölul. sem rökstyður mál mitt, með leyfi forseta. Þar segir: „Ýmsar aðrar leiðir eru færar sem ekki eru ræddar hér sérstaklega, svo sem eins og að ráðast strax í breytingar á stjórnarskrá, áður en sótt er um aðild eða viðræður hefjast, bæði til að skapa heimildir til að framselja ríkisvald og til þess að mæla fyrir um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur. Með því er öllum stjórnskipulegum hindrunum rutt úr vegi strax í upphafi og ferill málsins verður allur einfaldari.“ Frú forseti, er hægt að hafa þetta skýrara?

Ég óska eftir því, frú forseti, að þessi mál verði rædd hér. Ég óska eftir því að athugun fari fram og kallaðir verði til sérfræðingar sem styðja málflutning minn því að ríkisstjórn sem fer fram með það eitt að markmiði að brjóta stjórnarskrá, vaða yfir hana, vaða yfir fullveldi þjóðarinnar og yfir Íslendinga, sú ríkisstjórn á ekki skilið að eiga langa lífdaga, frú forseti. Hvernig ætla ráðherrar Vinstri grænna að koma þessu máli í gegnum þingið? Hér situr minnihlutastjórn og þingmenn Vinstri grænna, þingmenn stjórnarandstöðunnar eiga að viðurkenna það. Ríkisstjórnin þarf að sækja sér stuðning út í alþingissal, til þingmanna stjórnarandstöðunnar. Hér er minnihlutastjórn.

[15:16]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er gaman að hlusta á málflutning hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur og þau miklu svigurmæli og þann mikla hávaða sem hún viðhefur í ræðustóli af litlu tilefni.

Ég vil aðeins að það komi fram vegna þess að ég sat á fundi í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd fyrir skömmu þar sem umrædd títtnefnd leyniskýrsla kom til umræðu og þá kom auðvitað í ljós að hér er um að ræða drög að skýrslu eða vinnuplagg sem nefndin, sem óskaði eftir að sú skýrsla yrði unnin, hefur í raun ekki enn þá haft ráðrúm til að líta augum vegna þess að hún er ekki fullfrágengin. Það kom fram í máli þeirra gesta sem mættu fyrir nefndina frá ráðuneytunum að frumkvæðið að því að þessari skýrslu hefur enn ekki verið dreift er ekki á nokkurn hátt til komið vegna pólitískra fyrirmæla af neinu tagi heldur kom frumkvæðið frá þeim sem í rauninni voru að vinna þá bakútreikninga sem voru í rauninni nánari vinna í framhaldi af skýrslu sem gefin var út árið 2003 um stöðu íslensks landbúnaðar í alþjóðasamhengi. Það er áfangaskýrsla sem hefur verið aðgengileg á netinu á heimasíðu utanríkisráðuneytisins frá árinu 2003 og er öllum aðgengileg. Þarna er um að ræða vinnu sem var unnin í framhaldi af því og það kom skýrt fram í máli þeirra gesta nefndarinnar sem voru fengnir til að veita upplýsingar að það komu engar pólitískar fyrirskipanir úr ráðuneytunum um að þessi skýrsla ætti að vera neitt leyniskjal. Mér finnst sanngirninnar vegna (Forseti hringir.) rétt að þetta komi fram.

[15:18]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mikið var skemmtilegt að hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir skyldi hafa sagt að ég talaði hátt. Ég held að við séum með svipaðan málróm. Mér fannst hins vegar leiðinlegra þegar hún flissaði hér yfir því og var að gera lítið úr því að þingmenn væru að brjóta stjórnarskrá. Kannski áttar hv. þingmaður sig ekki á því að við skrifum hér undir stjórnarskrárbundin heit er við setjumst á Alþingi og verðum að bera virðingu fyrir stjórnarskránni okkar, hv. þingmaður.

Varðandi þessa skýrslu. Hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir er formaður landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar … (**ÓÞ:** Varaformaður.) — fyrirgefðu — varaformaður ætlaði ég að segja, en ég gat rætt aðeins við hv. þm. Sigurð Inga Jóhannsson sem er fulltrúi okkar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Hann staðfestir að það sé rétt að þessi skýrsla er búin að vera aðgengileg á netinu síðan 2003. Við erum ekki að tala um 2003-skýrsluna. Við erum að tala um skýrsluna 2009 þar sem koma fram einhverjar tölulegar upplýsingar sem utanríkisráðuneytið er nú að bera fyrir sig að séu trúnaðarupplýsingar. En ef þetta eru tölulegar upplýsingar og fólk hefur forsendurnar til að reikna það út þá getur varla verið neinn trúnaðarbrestur í því að hún verði gerð opinber. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins Sigurður Ingi Jóhannsson og Gunnar Bragi Sveinsson hafa ítrekað beðið um að þessi skýrsla verði gerð opinber, ítrekað beðið um að hún komi inn í nefndina, án árangurs. Það eru allir búnir að létta trúnaði af þessari skýrslu, Bændasamtökin og aðrir hagsmunaaðilar, en ekki utanríkisráðuneytið.

Frú forseti. Það er verið að beita okkur þvingunum. Það er enn þá verið að kúga þingið. Ég tek það aftur fram. Það var eins gott að það var ekki atkvæðagreiðsla um þetta mál í gær.

[15:20]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vegna þess að formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar er ekki staddur í þingsal sé ég mig knúna til að bera af honum og sjálfri mér sakir um að það hafi legið einhver leynd af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar yfir þessari skýrslu. Ég svaraði því í umræðunum hér í þinginu fyrr í dag að mér væri ekki kunnugt um þessa skýrslu. Ég hef ekki verið beðin um hana og ég er að líta þessa skýrslu fyrst augum núna um leið og aðrir nefndarmenn í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Þannig er það nú. Þetta mál var skýrt mjög vel fyrir nefndarmönnum núna fyrir stundu og ég treysti því að hv. þm. Sigurður Ingi Jóhannsson skýri það mál betur því það er augljóst að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir misskilur þær upplýsingar sem hún hefur.

Það kom jafnframt fram í máli á fundi nefndarinnar nú í hádeginu að sú skýrsla sem legið hefur fyrir á netinu er frá árinu 2003 og því hefur ekki verið haldið fram að — það má ekki rugla þessum tveimur skýrslum saman — en þau drög að þeirri skýrslu sem eru nú til umræðu voru nánari vinna (Gripið fram í.) og framhald þeirrar vinnu sem fór fram í skýrslunni sem birt var á netinu og er frá 2003. En það hafa verið einhverjir útreikningar og tölulegar upplýsingar í þessari framhaldsvinnu sem hafa orðið þess valdandi að menn mátu það svo að bíða með að dreifa skýrslunni vegna hugsanlegra samningshagsmuna Íslands í Evrópu-

sambandsviðræðunum, (**VigH:** Nú?) meðal annars með hliðsjón af hagsmunum landbúnaðarins sem liggur auðvitað verulega undir í þeirri umræðu (Gripið fram í.) og fulltrúi Bændasamtakanna við þá vinnu var sáttur við þá málsmeðferð. Meira veit ég ekki. Ég ætla ekki að taka ábyrgð á því hvernig hefur farið með þessa skýrslu því eins og ég segi þá er ég að sjá hana fyrst núna (Forseti hringir.) um leið og aðrir þingmenn og vissi ekkert af tilurð hennar.

[15:22]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það réttlætir ekki málið að þessari skýrslu er haldið leyndri þó hún hafi ekki verið gerð opinber hv. varaformanni sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar fyrr en í dag. Fleiri þingmenn í salnum sem óska eftir þessum skýrslum og ég fór yfir það í andsvari mínu áðan að hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafa beðið um þessa skýrslu. Ég get ekki gert að því þó hv. varaformaður nefndarinnar hafi ekki aðgang að þessari skýrslu og hefur líklega ekki sóst eftir henni miðað við það sem formaður Bændasamtakanna segir. Úr því að skýrslan er ekki hagstæð ESB-sinnum er ekki verið að birta hana. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Ég óska eftir því, þar sem hv. þingmaður var með dylgjur um að ég hefði misskilið hv. þm. Sigurð Inga Jóhannsson um hvað hafi komið fram á þessum fundi — ég sit ekki í nefndinni, enda get ég ekki setið í nefndinni þar sem ég er ekki í henni og sat því ekki þennan fund. Hv. þingmaður Framsóknarflokksins er bundinn hálftrúnaði af því sem fór fram á þessum fundi miðað við það sem kemur fram í þessari skýrslu. Frú forseti. Ég óska eftir því að allir þingmenn fái strax aðgang að þessari skýrslu svo við getum myndað okkur skoðun um það hvað sé í henni og hvaða hagsmuni sé verið að verja. Ef hagsmunirnir eru þeir að ekki megi birta þessar upplýsingar vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra þegar farið verður í samningaviðræður, frú forseti, þá er málið komið langtum lengra en ég hélt enda eru engin skilyrði fyrir því í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar hvernig eigi að meðhöndla landbúnaðinn. Ég ítreka það aftur að það eru ekki sett skilyrði því það sem stendur í greinargerð er ekki inni í þingsályktunartillögunni og er því ekki eins sterkt vopn í samningaviðræðum.

[15:25]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Í morgun ræddum við nokkuð tilurð skýrslu sem fjallar um íslensk bú í finnsku umhverfi. Þá var mjög kallað eftir því að þessi skýrsla yrði gerð opinber og sérstaklega óskað eftir því að haldinn yrði fundur í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til að fara yfir efni skýrslunnar. Hv. formaður nefndarinnar Atli Gíslason brást ákaflega vel við þessu, sömuleiðis utanríkisráðuneytið sem kom til fundar við okkur nú eftir hádegið og þá var okkur gerð grein fyrir efni skýrslunnar í mjög stuttu máli. Við höfum að sjálfsögðu engin tök á því að fara yfir efni hennar. Jafnframt var nokkuð rætt um það hvort halda bæri þessari skýrslu leyndri, hvort birta ætti hana opinberlega og hvernig ætti með hana að fara. Auðvitað er þessi skýrsla unnin fyrir nefnd sem starfar á vegum hæstv. utanríkisráðherra. Ég sé að hæstv. utanríkisráðherra er í salnum og þess vegna vil ég gjarnan leita eftir því hvort hæstv. utanríkisráðherra geti upplýst okkur um það hvort ætlunin sé að gera þessa skýrslu opinbera þannig að menn geti rætt efni hennar og áttað sig á því sem hún hefur í sér að bera. Ég held að það sé mjög gagnlegt fyrir umræðuna vegna þess að þessi skýrsla vakir yfir þessari umræðu og mótar hana auðvitað og það væri mjög (Forseti hringir.) slæmt ef við gætum ekki fengið að ræða hana á þeim forsendum sem hún sjálf leggur upp með.

[15:26]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Eins og jafnan þá vill utanríkisráðherra greiða fyrir umræðu í þinginu. Ég segi þingheimi að það er alveg satt að ég vissi ekki af tilurð þessarar bakgrunnsskýrslu fyrr en í gær. Mér er tjáð það að vinna að þessari skýrslu hafi hafist í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, meðal annars meðan hv. þingmaður var hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Það eru í sjálfu sér engin leyndarmál í þessari skýrslu. Þarna er verið að máta íslenskan landbúnað við þýskan og finnskan og það kemur í ljós að það mundi vera slæmt fyrir landbúnaðinn ef hann hefði kjör hins þýska en ef hann hefði kjör hins finnska og bestu kjör til dæmis varðandi mjólkuriðnaðinn þá kæmi hann þokkalega út og svipað og núna, sauðfjárræktin betur.

Varðandi þetta þá er það einungis þannig að talið hefur verið að ýmsar upplýsingar þarna gætu verið slæmar. Það væri verra ef Evrópusambandið hefði þær ef við förum í þennan leiðangur sem við erum að ræða hér. En ég hef tekið þá ákvörðun eftir að hafa hlýtt á alþingismenn að þessi skýrsla verði sett á heimasíðu ráðuneytisins bara núna á næsta klukkutímanum.

[15:27]

Frsm. 2. minni hluta (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég sá í fréttum í morgun að búið væri að ná samkomulagi um að ljúka umræðum í þinginu um Evrópusambandsmál í dag og greiða um þau atkvæði í dag. Þessu þarf maður víst að venjast sem þingmaður að það er sífellt verið að reyna að stýra umræðunni með því að leka út einhverri tómri vitleysu. Það liggur ekki fyrir neitt slíkt samkomulag. Það var að vísu rætt á fundi formanna flokkanna í gær að það kynni að vera æskilegt að ná samkomulagi um hvenær umræðum lyki. En frá því var ekki gengið. Ég ítrekaði það að minnsta kosti þrisvar sinnum svo það væri alveg á hreinu að slíkt samkomulag lægi ekki fyrir en það mætti skoða það í dag. Svo hefur í dag komið í ljós eina ferðina enn að það er nú ekki allt með felldu í umræðunni um þetta mál og vantar ýmis gögn og upplýsingar og það finnast sífellt fleiri skýrslur sem enginn virðist hafa vitað af svo ég held að okkur veiti ekkert af því að ræða þetta mál aðeins áfram.

[15:29]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegur forseti. Ég sé mig knúinn til að koma hér

upp og ræða aðeins um þessa leyniskýrslu sem var réttilega lögð fram í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd fyrr í dag. Ég hef beðið um þessa skýrslu nú í tæpan hálfan mánuð og beðið hennar. Ég vil þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir að bregðast skjótt við og birta skýrsluna á heimasíðunni þar sem það er afar óþægilegt fyrir þingmenn að sitja uppi með gagn sem er að hluta til bundið trúnaði, gagn sem skiptir miklu máli í umræðu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Eins og fram hefur komið þá snýst þessi skýrsla um hvaða áhrif hugsanleg aðild mundi hafa á landbúnaðinn í landinu. Skýrsla þessi er unnin, eins og fram hefur komið, af nefndum og var skilað, eftir því sem ég hef bestu upplýsingar um, í lok apríl á (Forseti hringir.) þessu ári. Því er merkilegt ef menn eru fyrst að uppgötva tilurð hennar þessa dagana. (**VigH:** Heyr, heyr!)

[15:30]

Útbýting:

Embætti sérstaks saksóknara og meðferð sakamála, 138. mál, nál. allshn., þskj. 277; brtt. allshn., þskj. 278.

Endurreisn íslensku bankanna, 157. mál, þáltill. SDG o.fl., þskj. 275.

Uppbygging á Þingvöllum, 158. mál, fsp. SIJ, þskj. 279.

Vegamál og sjóvarnargarður við Vík í Mýrdal, 159. mál, fsp. SIJ, þskj. 280.

[15:31]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég kem fyrst og fremst til að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir viðbrögð hans og snöfurmannlega ákvörðun um að birta hina umræddu skýrslu sem ég held að muni greiða mjög fyrir umræðunni um landbúnaðarþátt Evrópusambandsins. Ég tel að það hafi verið mjög skynsamlegt á sínum tíma að fara í þá vinnu sem unnin hefur verið á vegum og forræði utanríkisráðuneytisins og með þátttöku hagsmunaaðila og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og fleiri aðila. Meðal annars er afrakstur þeirrar nefndar þetta starf sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið og leggur tölulegt mat á þessa hluti sem ekki hefur áður legið fyrir. Ég er þess vegna ákaflega ánægður með þessa ákvörðun hæstv. utanríkisráðherra með tilstyrk auðvitað sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þingsins og ekki síst formanns hennar.

[15:32]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Frú forseti. Sú þingsályktunartillaga sem hér er til umræðu, tillaga um umsókn um aðild að Evrópusambandinu, markar tímamót í sögu lýðveldis, sögu sem hefur tekið heldur óvænta og óvelkomna stefnu, fjarri þeim hugsjónum sem lágu til grundvallar við stofnun lýðveldisins og fjarri þeirri framtíðarsýn sem fólkið í landinu hefur haft allar réttmætar væntingar um að sjá rætast. Sannarlega höfum við villst af leið. Og nú stöndum við á krossgötum, önnur en við vildum vera, frammi fyrir afdrifaríkum ákvörðunum um framtíð þessa lands.

Hugsanlega eru ákvarðanir þessara missira einhverjar þær erfiðustu og umdeildustu sem nokkur ríkisstjórn, jafnt sem löggjafarþing, hefur þurft að takast á við. Leið okkar að þessum krossgötum markast því miður af afleikjum og undanbrögðum, sóun og svikráðum, fégræðgi og falsvonum frjálshyggjunnar sem gegnumsýrði samfélagið allt og gróf um sig í nær öllu hinu pólitíska litrófi. Það er grátleg en óumflýjanleg staðreynd mannkynssögunnar að það sem tekur jafnvel heilar kynslóðir að byggja upp með tilheyrandi fórnum tekur aðeins nokkur ár eða svipstundu að brjóta niður. Umkringd villuljósum ber okkur nú að finna hina réttu leið fram á við.

Ég hef verið þeirrar skoðunar, frú forseti — og er enn — að Ísland eigi að standa utan Evrópusambandsins. Sú pólitíska hreyfing sem ég er félagi í, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hefur margályktað þess efnis og verið einörð í þeirri afstöðu sinni.

Hnípin þjóð í vanda verður sem aldrei fyrr að geta staðið sameinuð til að sigrast á erfiðleikum sínum. Um nokkurt skeið hefur spurningin um Evrópusambandsaðild verið rædd og rannsökuð, greind og krufin, án þess þó að leiða til sameiginlegs skilnings í okkar samfélagi. Ein og sér þarf sú staðreynd ekki að vekja furðu, enda mismikið í húfi fyrir ólíka hagsmunaaðila með ólíkar hugsjónir. Nú þegar þjóðarbúið stendur frammi fyrir ærnum og fordæmalausum verkefnum, endurreisn á nær öllum sviðum íslensks efnahagslífs og endurmati á því hver við erum og hvert við stefnum, er síst þörf á því að spurningin um ESB byrgi mönnum sýn til þess sem mest er aðkallandi. Þessi spurning ætti að mínu mati ekki við núverandi aðstæður að vera í forgrunni, en hún er það engu að síður og er sem slík uppspretta jafnt víðtækrar vonar sem útbreidds ótta.

Ég hefði kosið, frú forseti, frekar en að setja Evrópusambandsaðild á oddinn að sjá Alþingi Íslendinga og stjórnsýsluna alla einbeita sér betur að brýnum viðfangsefnum líðandi stundar þannig að okkur mætti takast að vinna okkur hraðar og með markvissari hætti út úr þeirri erfiðu stöðu sem við blasir. Um leið og ég segi þetta er mér hins vegar skylt að halda því til haga að margir í samfélagi okkar líta svo á að aðild að ESB sé einmitt brýnasta úrlausnarefni samtímans. Ég deili ekki þeirri skoðun, en það er sanngjarnt að halda henni til haga því að þá er það jú verkefnið að finna málinu lýðræðislegan farveg. Mér hefur virst, frú forseti, sem verðmiði Evrópusambandsaðildar sé óhóflegur í öllum skilningi, og kunni að reynast þjóðarbúinu dýrkeyptur þegar kemur að skuldadögum. Ég vil því, frú forseti, ekki láta hjá líða að hafa uppi varnaðarorð mín áður en lengra er haldið.

Þótt ég sé enn ekki komin að fótum fram man ég vel eftir öðru Íslandi. Ég man eftir Íslandi þar sem það þótti hneisa á forsíðu dagblaða að forstjóri hefði tíföld laun skúringakonunnar, fáheyrður skandall. Við hvað höfum við lifað undanfarin ár? Jú, við sáum mánaðarlaun forstjóra jafnast á við 250-föld mánaðarlaun verkamanna — eða voru það kannski árslaun? Og þetta var varið, þetta var hafið upp til skýjanna. Staðreyndin er nefnilega sú, frú forseti, að löngu áður en bankahrunið kom til hafði annað hrun átt sér stað, hrun lýðræðis og hrun siðferðis, hrun hinnar gömlu hugsjónar um að við séum öll jöfn, að við búum öll saman í einu samfélag og berum ábyrgð hvert á öðru.

Ég vil því byrja á því að velta aðeins fyrir mér hvernig Ísland ég vil sjá, í hvers konar samfélagi ég mundi svo

gjarnan vilja sjá son minn alast upp, hvers konar samfélag á að rísa úr rústunum.

Um nokkurt skeið hefur orðið „sósíalisti“ verið hálfgert bannorð á Íslandi. Það hefur þótt hallærislegt, úrelt, gamaldags, dautt. Og það verður að segjast eins og er að jafnvel þau sem kalla sig sósíalista í dag eru í órafjarlægð frá þeim sem kölluðu sig sósíalista fyrir 40 árum eða 30 eða jafnvel 20, rétt eins og þeir sem nú kalla sig jafnaðarmenn eru í órafjarlægð frá þeim sem kölluðu sig jafnaðarmenn fyrir ekki svo löngu. Gildismat samfélagsins, áherslur, hugarheimur og viðmið hafa nefnilega með marktækum og markvissum hætti færst svo langt til hægri að miðjan er fyrir löngu komin á flot, og þar með vinstrið einnig. Þetta hefur ekki bara gerst á Íslandi, heldur um hinn vestræna heim allan, og reyndar víða um álfur enda trúboðið víðförult og með öfluga postula fyrir vagni, eða svo orðum Karls Marx sé snúið á haus hefur það ekki verið vofa kommúnismans sem hefur elt Evrópu undanfarin missiri, heldur vofa kapítalismans, nútímalegs spákaupmennskukapítalisma, loftbóluhagkerfa, nútímalegt arðrán.

Hvernig metur þá sósíalískur umhverfisverndarsinni helstu hætturnar sem steðja að lífvænlegu, sjálfbæru og sjálfstæðu lýðræðissamfélagi í slíku alþjóðlegu umhverfi?

Ein stærsta hættan er væntanlega áframhaldandi takmarkalaus auðsöfnun hinna fáu, ekki bara innan ríkja heldur þvert á landamæri, nær óyfirstíganleg misskipting efnislegra gæða, eyðilegging vistkerfa og lífríkis, loftslagsbreytingar af völdum manna, óhóflegir lifnaðarhættir, sóun og neysluhyggja, og þó umfram allt ólýðræðisleg uppbygging alþjóðlegra fjármagnsafla sem soga til sín arð og innviði heilla samfélagi og grafa undan lýðræðinu í skjóli fjármagnsumhverfis spákaupmennsku og í skjóli trúboðs einkavæðingarinnar.

Við uppbyggingu þessa alþjóðlega viðskiptakerfis auðmagnsins hafa voldugar stofnanir verið reistar til að tryggja viðhald og framgang kerfisins alls, tryggja hag fjármagnseigenda þvert á landamæri, tryggja að hið alþjóðlega auðsöfnunarkerfi haldi áfram sama hvað tautar og raular, burt séð frá niðurbroti innviða og menningar samfélaga, burt séð frá áhrifum á líf og umhverfi alþýðufólks.

Slíkar stofnanir eru stofnanir á borð við Alþjóðaviðskiptastofnunina, Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, varðmenn nýfrjálshyggjunnar. Og ég ætla að leyfa mér að halda því fram, frú forseti, að inn í þessa mynd og enga aðra falli Evrópusambandið sem vissulega er hægt að finna ýmsa jákvæða kosti við fyrir ýmsa, en þar sem hagsmunir fjármagnseigenda eru iðulega teknir fram yfir aðra hagsmuni og þar sem hagsmunir gamalgróinnar miðevrópskrar miðstýringar sem á sér djúpar sögulegar rætur, ekki síst í Prússlandi og Frakklandi, eru iðulega teknir fram yfir lýðræði fólksins.

Hinn svokallaði innri markaður er hin helgu vé Evrópusambandsins. Innri markaður ESB var ef til vill framar öðru tiltekin leið evrópskra auðhringja til að ná meira afli í harðnandi samkeppni á alþjóðamörkuðum.

Ákvæði EES-samningsins um óheftar fjármagnshreyfingar og tilskipanir um bankastarfsemi eru, frú forseti, hvort sem okkur líkar betur eða verr og hvort sem við viljum horfast í augu við það eða ekki, bakgrunnur bankahrunsins hér á landi og þeirrar þróunar sem til þess leiddi. Það tekur ekki ábyrgðina burt frá bankamönnunum sem fóru fyrir þróuninni eða burt frá eftirlitsaðilunum sem brugðust, stjórnmálamönnunum sem klöppuðu, það tekur ekki ábyrgðina frá neinum, og ekki heldur klappstýrunum á Alþingi, í stjórnsýslunni, í háskólasamfélaginu, í atvinnulífinu, nei, bakgrunnur EES-samningsins og Evróputilskipana sem voru innleiddar hérlendis taka enga ábyrgð burt frá gerendum. Þær voru þarna samt og til þess gerðar að efla alþjóðlega fjármagnsflutninga, m.a. með þeim afleiðingum að ýta undir spákaupmennsku og falskan auð, einkavæða sameignir, undirbyggja hrun.

Hvað varðar EES-samninginn sérstaklega og áhrif hans hér á Íslandi, frú forseti, hefur mér um langa hríð þótt áhugaverð sú einstefna opinberrar umræðu og hugsunar sem um hann virðist ríkja hérlendis. Það hefur virst vera bannað að draga þennan samning á nokkurn hátt í efa. Þeim sem hafa látið svo lítið að spyrja sig spurninga, spurninga þess efnis hvort Ísland hafi í raun einnig glatað ýmsu með innreið hans en ekki bara verið þiggjandi, hefur verið stillt upp sem afturhaldsseggjum og úreltum einangrunarsinnum.

Frú forseti. Ég er ekki einangrunarsinni og ég lít heldur ekki á mig sem afturhaldssegg, en ég vil hafa frelsi til að spyrja spurninga, frelsi til að efast einmitt um það sem litið er á sem sjálfsagðan hlut og ég tel okkur öllum hollt að spyrja gagnrýninna spurninga um ríkjandi tíðaranda hverju sinni og þá alveg sérstaklega það sem flestir eru sammála um. Það var einmitt e.t.v. gagnrýnisleysi okkar sem hjálpaði til við að undirbyggja hrunið. Við flutum sofandi að feigðarósi.

Ég er ekki að mæla með því að við segjum upp EES-samningnum, eins og ég verð án efa sökuð um fyrir það eitt að voga mér að spyrja um hann spurninga, hafa uppi efasemdir um einhliða áróður. Staðreyndin er sú að við snúum ekki til baka í þessum efnum. Og nú, hér og nú, stöndum við einmitt frammi fyrir spurningu sem gæti leitt til óafturkræfrar ákvörðunar, ákvörðunar um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Við snúum ekki til baka út úr ESB ef við á annað borð förum þangað inn.

Ef við ættum að hafa lært eitthvað á vegferð undanfarinna ára er það að vera á varðbergi gagnvart nauðhyggju. Það fer um mig, frú forseti, þegar talað er eins og einasta leið Íslands fram á við sé að ganga í Evrópusambandið. Ætli Lettlandi líði þannig núna? Ætli lettneskri alþýðu líði núna sem hún sé hluti af hinni stóru, hlýju og góðu evrópsku fjölskyldu, nú þegar innviðir Lettlands eru brotnir niður og alþýða fólks þar í landi finnur fyrir níðþungum höggum? Er henni e.t.v. látið blæða, m.a. til að bjarga bönkum annars staðar? Svar Letta í dag við nauðum sínum gæti svo sannarlega verið yfirlýsingin: „Göngum í Evrópusambandið“. Það gæti líka verið svar Íra. Vandamálið er bara að þeir eru þar fyrir og það bjargar þeim ekki. Alþýðu fólks blæðir í þágu alþjóðlegs fjármagns og það er kunnuglegt stef utan sem innan ESB. Tími nauðhyggjunnar, frú forseti, verður að vera liðinn.

Hvað er það þá frekar sem ég hef við Evrópusambandið að athuga? Jú, til að meta áhrif inngöngu í ESB ríður á að horfa langt fram á veginn, meta ekki einungis hvernig Evrópusambandið lítur út í dag, heldur einnig hvernig það

kemur líklega til með að líta út í framtíðinni. Sagt er að þegar maður tékki sig einu sinni inn á Hotel New Hampshire komi maður aldrei út aftur og líkt er málum háttað hvað varðar Evrópusambandið. Ákvörðun um aðild, eins og ég sagði áðan, er óafturkræf. Það ríður því á að taka ekki ákvörðun um aðild að ESB út frá skammtímasjónarmiðum eða aðsteðjandi kreppu nú, heldur horfa marga leiki fram í tímann, hugsa í kynslóðum en ekki í kjörtímabili.

Hvert stefnir Evrópusambandið? Það er ekki neinum blöðum um það að fletta að allir þungi hefur verið lagður í það að gera Evrópusambandið að einu miðstýrðu ríki.

Evrópusambandið hefur í dag afar margt af því sem eitt ríki státar af. Það hefur þing, hæstarétt, ígildi ríkisstjórnar, skilgreind ytri landamæri, gjaldmiðil og yfirþjóðlegt lagasetningarvald. Sömuleiðis hefur það fána, þjóðhátíðardag og meira að segja þjóðsöng. Markvisst er unnið að því með áróðri að búa til evrópska sjálfsmynd, búa til evrópska þjóð, og unnið að svokallaðri „eflingu samevrópskrar borgaravitundar“, svo vitnað sé í klassíska skilgreiningu ESB. Eins og hv. þm. Ásmundur Einar Daðason benti á í þingræðu sinni í gærkvöldi eyðir Evrópusambandið í þessu skyni meiru en Coca Cola samsteypan á heimsvísu í áróðri fyrir eigið ágæti. Að búa til þegna ESB-ríkisins.

Embættismannakerfið í Brussel hefur sömuleiðis lagt mikið á sig til að koma í gegn stjórnarskrá Evrópusambandsins, í seinni tíð kölluð Lissabon-sáttmálinn, sem margir hugðu verða hornstein að evrópsku sambandsríki. Og nú, frú forseti, eru heimildir fyrir Evrópusambandsher, heimild um að stofnaður verði her til að gæta hagsmuna ESB, bæði í Evrópu og annars staðar. Hugnast okkur þessi þróun, viljum við vera með?

Þróunin er á þá leið, frú forseti, að sviðunum sem ESB ræður ekki yfir fer fækkandi. Þegar sagt er til að mynda að enn sem komið er séu orkumál og ýmis auðlindamál á hendi þjóðríkjanna sjálfra ætti fólk að fara sér hægt. Orkumál eru þau mál sem næstu áratugir munu snúast um, orka er mál framtíðarinnar. Ímyndar sér einhver að þar verði einhver annars bróðir í raun? (**Gripið fram í:** Nei.) (**Gripið fram í:** Nei.)

Frú forseti. Það er án efa nokkurra ára verk, ef ekki margra ára, að treysta og efla stoðir lýðræðisins á Íslandi. Lýðræði snýst augljóslega um allt annað og miklu meira en kosningar á fjögurra ára fresti, það snýst um virkni almennings og þátttöku, beina hlutdeild fólks í örlögum sjálfs sín og þróun samfélags, virka upplýsingagjöf og aðgengi að ákvörðunum í mótun nærumhverfis. Lýðræði snýst líka um traust og ábyrgð. Hér fyrr í vetur varð eins konar bylting í landinu þar sem stjórnvöld hröktust frá völdum í gegnum potta og pönnur mótmælenda. Það þarf að berja ansi vel og ansi lengi, frú forseti, til að pottasöngur við Austurvöll berist alla leið til Brussels.

Flestir eru sammála um hinn margumtalaða lýðræðishalla Evrópusambandsins, meira að segja einarðir Evrópusambandssinnar. Eins og ég sagði áður er gríðarmikið verk fyrir höndum við að byggja upp lýðræði og lýðræðismenningu á Íslandi út úr hruninu, en það verður ekki gert með því að ganga inn í verðandi sambandsríki sem er rómað fyrir lýðræðishalla og vanvirðingu fyrir þjóðarvilja.

Í ljósi þess hversu stefnir í samrunaátt innan ESB verðum við sem smáþjóð að hugsa verulega okkar gang áður en við göngum þarna inn. Innan ESB er stefnt að meirihlutaákvörðunum í stórauknum mæli með hliðsjón af íbúafjölda aðildarríkjanna. Ísland fengi þrjú atkvæði af 350 í ráðherraráðum þar sem mikilvægustu ákvarðanir eru teknar, og fimm atkvæði af 750 á ESB-þinginu. Almenningur hefur hæpin áhrif á þróun mála eins og kosningaþátttaka til ESB-þingsins gefur sterklega til kynna. Fjarlægð Íslands frá valdamiðstöðvum ESB og þekkingarleysi embættismanna þar á íslenskum aðstæðum hlýtur að vekja áleitnar spurningar um hvort eftirsóknarvert sé að Íslandi verði í enn ríkari mæli en nú þegar er orðið stjórnað úr 2000 kílómetra fjarlægð. Eru þá ótalin hin gríðarmiklu völd sem ESB-dómstóllinn hefði yfir málum okkar fyrir utan allt annað.

Frú forseti. Málfrelsi Íslands innan stofnana eins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar mun hljóðna ef við göngum í ESB. Sjálfstæð rödd Íslands mun að miklu leyti þagna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Á ráðstefnunni um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg árið 2002 notuðu fulltrúar Noregs málfrelsi sitt og tillögurétt sem ríki utan ESB til að ná fram ávinningi á umhverfissviði og koma í veg fyrir undanhald. Í drögum að lokaályktun ráðstefnunnar var setning þess efnis að sáttmálar á umhverfissviði yrðu framvegis að falla að viðskiptareglum WTO, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Á þetta hafði ESB fallist en Noregur andmælti með sinni sjálfstæðu röddu. Slíkt væri ekki hægt ef Ísland væri í ESB, en slíkt væri hægt ef stjórnvöld með nýja og aðra framtíðarsýn fyrir Ísland á alþjóðlegum vettvangi ákvæðu að Ísland skyldi framvegis verða framsækin rödd umhverfis og sjálfbærrar þróunar. Meðal afdrifaríkustu afleiðinga af ESB-aðild er sú staðreynd að aðildarríkin eru svipt samningsumboði á umhverfissviði og í öðrum samningum við þriðju aðila.

Yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu mun ekki verða okkar, rétturinn til að gera fiskveiðisamninga við önnur ríki mun ekki verða okkar, rétturinn til að gera viðskiptasamninga við önnur ríki mun ekki verða okkur, rétturinn til að afnema tolla eða leggja á tolla mun ekki verða okkar, æðsta dómsvald í okkar málum mun ekki verða okkar, heldur færast til ESB-dómstólsins. Aðild að ESB, sama hvað hver segir, frú forseti, er óumdeilanlegt afsal á hluta sjálfstæðis okkar og fullveldis.

Þegar upp er staðið snýst aðild að ESB einnig um heimsmynd, um það hvers konar heim við viljum helst sjá. Hvort hugnast okkur betur Svíþjóð Olofs Palmes, sem stóð sem sjálfstæð rödd hins norræna velferðarmódels, hvort hugnast okkur betur margar slíkar fjölbreyttar raddir á okkar eina hnetti eða fækkandi, einsleitari ásýnd fárra risastórra viðskiptablokka, tollabandalaga, sambandsríkja?

Í þeim málum veit ég vel, frú forseti, hvað ég vil. Ég vil miklu frekar sjá eina, tvær, fimm, 10, 20, 30 Svíþjóðir Olofs Palmes en eitt ESB. Ég vil sjá Ísland með málfrelsi og sjálfstæða rödd á alþjóðlegum vettvangi, að tala máli fólks sem á undir högg að sækja, að tala fyrir rétti smáþjóða og smáríkja og þeirra sem þurfa á sjálfstæðri mannúðarrödd að halda. Í þeim efnum leyfi ég mér að halda fram, frú forseti, að stefna ESB gagnvart ýmsum ríkjum þriðja heimsins hafi fyrst og fremst markast af nútímalegri nýlendustefnu, enda ekki langt að sækja forgrunninn og hefðirnar, jafnvel

þótt sú nútímalega nýlendustefna nefnist svokölluð frjáls viðskipti.

Við Íslendingar eigum að líta til heimsins alls, vera í raun og sann heimsborgarar, en ekki festa okkur í þröngri viðskiptablokk sem ímyndar sér og hefur allt of lengi ímyndað sér að hún sé miðja alheimsins, uppspretta siðmenningar. Heimurinn okkar er svo miklu stærri og áhugaverðari en bara Evrópa, svo miklu fjölbreyttari og meira spennandi, og lega landsins okkar og landafræði býður upp á mikla möguleika til framtíðar ef við erum nógu stórhuga til að horfa til allra átta. Það liggur m.a. fyrir, frú forseti, að málefni norðurslóða munu fá æ meiri athygli umheimsins og þar erum við í kjörstöðu til sóknar. Glötum ekki slíkum tækifærum með því að læsa okkur inni. Þeir tímar eiga að vera liðnir þegar Evrópa var drottnari heimsins og teiknaði sjálfa sig margfalt stærri á öll landakort en hún raunverulega var og er. Gleymum því heldur ekki, frú forseti, að við höfum lært af hremmingum okkar þetta árið að hinir smæstu geta oft í raun verið hinir stærstu. Færeyingar eru e.t.v. okkar einu raunsönnu vinir í heiminum, og kannski Grænlendingar líka, einu þjóðirnar sem í gegnum tíðina hafa litið til Íslands sem fyrirmyndar og sótt sér sjálfar styrk í sjálfstæði okkar.

Við skulum áfram þróa jákvæð, uppbyggileg og góð samskipti við Evrópu, að sjálfsögðu, en læsum okkur ekki inni. Læsum okkur ekki inni í framtíðarsambandsríkinu.

Við vinstra fólk á Íslandi tölum oft um norræna velferðarsamfélagið, að við sækjum okkur þangað fyrirmynd okkar við uppbygginguna, að við viljum leita þangað. Nú spyr ég: Hverjir voru það sem byggðu upp norræna velferðarsamfélagið? Var það Evrópusambandið? Eða hefur ESB e.t.v. verið duglegra við að brjóta það niður?

Norræna velferðarsamfélagið, samfélag Olofs Palmes sem ég vitnaði til áðan, var byggt upp af vinstri mönnum, verkalýðssamtökum og sýn á samfélag jöfnuðar og jafnréttis. Það var byggt á samtakamætti sjálfstæðra þjóða. Hversu styrkum fótum stendur slíkt samfélag í dag?

Staðreyndin er sú að löggjöf ESB á síðustu tveimur áratugum eða svo hefur sífellt aukið rétt einkafyrirtækja á kostnað þess svigrúms sem hið opinbera hefur til að veita almannaþjónustu. Slíkt er ekki velferðarpólitík og slíkt er ekki í anda vinstri stefnu. Hér um að ræða fjölbreytta löggjöf eins og á sviði samkeppnislaga, laga um ríkisaðstoð, laga um opinber innkaup, laga um útboð og úthýsingu, um samstarf hins opinbera við einkaaðila og þar fram eftir götunum.

Það merkilega er að þessi þróun hefur átt sér stað, oft rekin áfram af hinu innra samspili laga og dóma, þrátt fyrir að ýmsar rannsóknir sýni að markaðsvæðing opinberrar þjónustu sé hvorki hinu opinbera né almenningi til góða og leiði ekki til sparnaðar. Tilgreina má fjölmörg dæmi um hækkandi verð til neytenda, aukinn kostnað, minna öryggi í rekstri og fyrir starfsfólk, versnandi kjör starfsmanna og aukinn kostnað ríks og sveitarfélaga. Í þessum efnum vil ég nefna sérstaklega umsögn BSRB þar sem bent var á afar brýna þætti í þessu sambandi og mikilvægi þess að yfirfara og bæta lagaumhverfi hinnar opinberu almannaþjónustu, styrkja hana og verja fyrir markaðsvæðingu. Þar er bent á mikilvægi þess að vinna rammalöggjöf hérlendis um opinbera almannaþjónustu áður en til hugsanlegrar ESB-aðildar kemur.

Frú forseti. Mér er rétt og skylt að víkja einnig í þessari ræðu minni nokkrum orðum að hagsmunum hefðbundinna undirstöðuatvinnugreina okkar Íslendinga, svo sem sjávarútvegi og landbúnaði. Þar liggur fyrir að Evrópusambandsaðild krefst verulegra fórna. Fiskveiðistjórnarkerfi Íslands er meingallað en þó ekki eins gallað og kerfi ESB og í dag höfum við þó fullt forræði yfir því sem og auðlindinni sem það grundvallast á. Evrópusambandsaðild stefnir hvoru tveggja í hættu.

Engum blöðum er um það að fletta, frú forseti, að tal um að Íslendingar geti fengið varanlega undanþágu frá sameiginlegu fiskveiðistefnunni er innihaldslaus áróður. Lögsaga Íslendinga yfir auðlindum sjávar umhverfis landið er sjö sinnum stærri en landið sjálft. ESB fengi úrslitavald um hámarksafla sem leyfður yrði, veiðitegundir, veiðisvæði og veiðitíma. Það liggur þar með fyrir að með inngöngu í Evrópusambandið mun Ísland glata forræði yfir sjávarauðlindinni til framkvæmdastjórnar ESB. (Forseti hringir.)

(Forseti (UBK)**:** Forseti vill biðja hv. ræðumann að gera hlé á ræðu sinni þegar vel stendur á þar sem til stendur að gera hlé á fundi vegna þingflokksfunda sem koma til með að standa yfir í 45 mínútur, frá u.þ.b. klukkan fjögur til klukkan 16.45.)

Takk fyrir þetta, frú forseti. Ég ætla bara að klára sjávarútvegskafla minn sem er stutt eftir af og halda svo áfram að hléi loknu.

Þetta afsal er kjarninn í hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB og það er, frú forseti, óskhyggjan ein þegar talað er um að Íslendingar geti, einir þjóða, með einhverjum hætti samið sig undan grunnreglum Evrópusambandsins. Reynsla annarra þjóða, til að mynda Norðmanna úr aðildarsamningi sínum, bendir ekki til neins annars en að í besta falli sé hægt að semja um fresti, takmarkaðar og tímabundnar undanþágur og aðlögunarferla. Við verðum því að vera raunsæ þótt við hljótum að sjálfsögðu að ganga fram með ýtrustu kröfur komi til aðildarviðræðna.

Ég geri þá, frú forseti, hlé á máli mínu að svo stöddu og held áfram þegar fundurinn heldur áfram.

(Forseti (UBK)**:** Ræðunni er frestað og þessum fundi er frestað til kl. 16.45.)

[Fundarhlé. — 16:00]

[16:47]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) (frh.)**:**

Frú forseti. Takk fyrir málið aftur. Ég gerði hlé á ræðu minni fyrir hlé eftir að hafa lokið því að tala um sjávarútveg. Nú beini ég sjónum mínum að annarri grunnatvinnugrein þjóðarinnar, þ.e. landbúnaðinum, atvinnugrein sem hefur verið við lýði hér frá því að land byggðist, atvinnugrein sem er að mínu mati og hefur undanfarin ár og jafnvel áratugi verið gróflega vanmetin og sem leiðir af sér fjöldann allan af afleiddum störfum, sprotum og tækifærum til nýsköpunar.

Landbúnaður er eins og við vitum öll hornsteinn okkar dreifðu byggða í landinu. Oft er talað um fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar og slíkt er augljóslega eyju norður í

höfum algjört úrslitaatriði. Tryggt framboð af heilnæmum búvörum er eitt af okkar allra brýnustu hagsmunamálum og stofnar okkar, eins og við vitum öll, teljast sérstaklega næmir fyrir sjúkdómum. Þessa stofna verður að vernda. En við eigum ekki bara að hugsa landbúnað út frá sjónarhorni fæðu- og matvælaöryggis því að slíkt er í rauninni of takmarkandi skilgreining þótt hún sé augljóslega grunnforsenda sem aldrei megi víkja frá. Við eigum að horfa á hið fjölþætta hlutverks landbúnaðarins, ekki einungis út frá búvöruframleiðslu heldur einnig ýmissi annars konar verðmætasköpun bænda, til að mynda í umhverfismálum, landrækt, skógrækt, landgræðslu, viðhaldi landslags, endurheimt votlendis o.fl., að ég tali ekki um vigt þeirra og vægi í ferðaþjónustu um landið allt. Landbúnaður er ein af forsendum þess að landið haldist í byggð, að við sjáum Ísland fjölbreytileikans úti um allar koppagrundir en ekki bara 101 Reykjavík eða nokkra stóra höfuðstaði þéttbýlis. Við verðum einnig að sporna gegn frekari þróun í átt að verksmiðjubúskap og standa dyggan vörð um lífrænan og vistvænan búskap, mannúðlega meðferð dýra og stuðla að smærri og fjölbreyttari býlum í stað of mikillar samþjöppunar. Þetta getum við allt gert sjálf á okkar eigin forsendum ef við viljum. Við getum gert það á okkar eigin forsendum ef við pössum upp á það að veikja ekki innviði íslensks landbúnaðar of mikið með því t.d. að ganga í Evrópusambandið.

Frú forseti. Ein helsta og sterkasta röksemdin fyrir aðildarviðræðum við Evrópusambandið eins og hún birtist í kosningabaráttunni var staða gjaldmiðilsins okkar. Ég vil taka það skýrt fram í þessu sambandi að ég hef nákvæmlega enga tilfinningasemi gagnvart íslenski krónu. Ég vil einfaldlega gjaldmiðil sem hentar best íslensku samfélagi, hvaða nafni sem hann nefnist. Staða okkar er mjög alvarleg og því er skiljanlegt að margir renni hýru auga til evru í von um að mál leysist. Það er þó vandséð að þetta mál réttlæti Evrópusambandsaðild, enda mun Ísland ekki uppfylla eitt einasta svokallaðra Maastricht-skilyrða í fyrirsjáanlegri framtíð. Upptaka evru sem lausn á okkar aðkallandi gjaldmiðilsvanda í gegnum ESB er að þessu leyti tálsýn, og þótt auðvelt sé að láta glepjast í þessum efnum ber okkur skylda til að skoða málið frá öllum hliðum. Fyrir þau sem þrá svo heitt að taka upp evru og sjá það sem lausn á vanda okkar væri t.d. nær að íhuga einhliða upptöku evru eða annars gjaldmiðils í stað þess að bíða í fleiri ár með sársaukafullum hætti eftir evrulest ESB. Staðreyndin er auðvitað sú, frú forseti, að við búum við krónuna og munum búa við hana næstu missirin.

Við höfum blessunarlega ekki þekkt atvinnuleysi hér nema sem tímabundið vandamál, en meðal margra Evrópusambandsríkja er sú skelfing á vinnumarkaði sem við okkur Íslendingum blasir nú í kjölfar efnahagshrunsins því miður nokkuð varanlegt ástand við venjulegar aðstæður. Atvinnuleysisstig innan ýmissa ríkja Evrópusambandsins er ógnvænlega hátt og í því ljósi þarf að meta við hvað er átt og að hverju er stefnt þegar því er haldið fram að Evrópusambandsaðild færi Íslendingum efnahagslegan stöðugleika.

Ég sé að tími minn líður hratt og er senn á þrotum og ég er reyndar bara rétt að byrja með ræðuna en ég ætla að fá að nefna á þessu stigi að utanríkismálanefnd hefur unnið mjög gott starf í þeirri nefndarvinnu sem fram hefur farið í þessu máli undir dyggri forustu formanns nefndarinnar, Árna Þórs Sigurðssonar.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um brýna aðkomu Alþingis og ólíkra hagsmunaaðila, öfluga upplýsingamiðlun, gagnsæi og mikilvægi þess að aldrei verði gengið frá málinu nema í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar er og fjallað allítarlega um meginhagsmuni Íslands í mögulegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið, þá hagsmuni er varða ýmsa þá þætti sem ég hef nú þegar tæpt á í ræðu minni. Það ber að leggja áherslu á að hugsanlegt aðildarferli, ef af verður, taki mið af þeirri leiðsögn sem þar er að finna. Fari svo að Alþingi ákveði að ganga til aðildarviðræðna skiptir gríðarlega miklu máli, bæði fyrir Evrópusambandssinna og Evrópusambandsandstæðinga, að sá samningur sem gerður er sé sá albesti sem mögulegur er, sá albesti sem hugsanlega er í stöðunni, og þá þurfa samningamenn Íslands að halda gríðarlega vel á spöðunum. Ég hef ekki tíma til að rekja þessa þætti frekar að svo stöddu, heldur vísa til nefndarálitsins og þess vegvísis sem þar er að finna.

Eins og vitað er, frú forseti, skrifaði ég undir þetta nefndarálit með almennum fyrirvara. Veigamesti þáttur þess fyrirvara lýtur að lýðræðinu, að aðkomu fólksins í landinu að öllu þessu afdrifaríka ferli.

Það er deginum ljósara af því sem ég hef sagt hér í dag, frú forseti, að ég er einarður andstæðingur aðildar að ESB. Eins og ég hef sagt hér fyrr ber okkur skylda til að hugsa í þessu efni í kynslóðum en ekki í skammtímakreppu. En um leið og ég er Evrópusambandsandstæðingur hef ég einnig djúpa sannfæringu fyrir gildi þjóðaratkvæðagreiðslna og tel, í samræmi við stefnu míns flokks, að okkur beri skylda til að ryðja braut fyrir beint lýðræði um stór álitamál, ekki síst þau stóru álitamál sem sundra þjóðinni. Ég hef tröllatrú á því að hérlendis eigi að ryðja braut fyrir þjóðarfrumkvæði, þ.e. að tiltekinn hluti þjóðarinnar geti knúið fram þjóðaratkvæði um einstök mál, ég vil að tiltekinn minni hluti þingmanna geti knúið fram þjóðaratkvæði og svo má áfram telja. Allt er þetta í samræmi við þær lýðræðisáherslur sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt.

Þetta margslungna mál um aðildarumsókn og aðildarviðræður við ESB er klárlega mál sem klýfur þjóðina á tímum þar sem hún verður að reyna að standa saman. Hver er besta leiðin til að leiða slíkt átakamál til lykta og hver er sá farvegur sem við hljótum öll að geta verið sammála um? Jú, það er vissulega farvegur lýðræðisins, farvegur þess að kalla á þjóðarvilja í málinu.

Mín skoðun er sú að við þær aðstæður sem nú eru uppi þurfi þjóðin sjálf að fá tækifæri til að taka upplýsta og lýðræðislega afstöðu til málsins. Þeir sem til þess hafa verið kjörnir hafa ekki farið þannig með vald sitt á undanförnum árum að verjandi sé að þjóðin fái ekki að taka með beinum og milliliðalausum hætti afstöðu til álitamáls af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir. Ég fullyrði um leið, frú forseti, að ef fyrir liggur þjóðarvilji í þjóðaratkvæðagreiðslu um að sækja um að ganga inn í Evrópusambandið eða fara í aðildarviðræður sé það auðveldara, léttbærara og ásættanlegra öllum þeim sem ekki vilja fara í þetta aðildarviðræðuferli, öllum þeim sem er það þungbært og sjá jafnvel fyrir sér að lífsafkomu þeirra verði ógnað, þá gerir það léttara og ýtir undir leiðir til samstöðu að fólk og þjóðfélagshópar viti

að það er þjóðin sjálf, meiri hluti þjóðarinnar, sem krefst þess með beinum hætti að út í allt þetta ferli sé farið.

Ég tel það bæði heiðarlegra gagnvart okkur sjálfum og gagnvart Evrópusambandinu að fyrir liggi þessi skýri þjóðarvilji áður en lagt er upp í þessa vegferð. Ég get þá heldur ekki leynt því, frú forseti, að það að lesa hvernig stærri ESB-ríki beittu minni ríki valdníðslu og ofríki, svo sem eins og í í Icesave-málinu, litar óneitanlega hug minn til þess nú og ég tel enn brýnna en áður að þjóðin komi beint að málinu strax. Ég endurtek, það er ekki bara heiðarlegra gagnvart okkur sjálfum, það er líka heiðarlegra gagnvart Evrópusambandinu að tíma, orku og fjármunum sé ekki eytt í viðamiklar aðildarviðræður nema skýr þjóðarvilji fylgi máli frá upphafi.

Ég er þess fullviss að ef þjóðin hefði á undanförnum missirum fengið að vera betur upplýst, fengið að vera virkari þátttakandi í ákvörðunum, fengið með ítarlegri hætti að ráða örlögum sínum sjálf, skref fyrir skref, ef við værum lýðræðislegri og hlúðum að öllum þáttum lýðræðismenningar værum við ekki í þeim ógnarvanda sem nú steðjar að okkur.

Frú forseti. Ég treysti þjóð minni betur en þingi, og óska þess að hún fái beina aðkomu að þessu máli áður en lagt er af stað, máli sem markar tímamót í sögu lýðveldis, máli sem nú er tekið til afgreiðslu undir kringumstæðum sem enginn hefði óskað sér og þar sem framtíð landsins okkar er undir.

[16:58]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir hvert orð hv. þm. Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur. Ræða hennar var mjög málefnaleg, mjög vel uppbyggð og full af rökum í þágu íslensks metnaðar og íslensks sjálfstæðis.

Sjálfur hef ég notið þeirra sérréttinda að vera alinn upp af þjóðerniskommúnistum, sósíalistum og forhertum sjálfstæðismönnum og samvinnumönnum. Sagt er að fjórðungi bregði til fósturs svo maður á að hafa nokkuð víðtæka reynslu í því að meta hluti út frá því.

Fyrst og fremst er það dugmikið fólk með hlýtt brjóstvit og þroskaða eðlisgreind sem hefur lagt á ráðin hjá flestum Íslendingum í uppeldi þeirra og út frá því hljótum við að taka í rauninni sömu afstöðu og hv. þingmaður gerði í ræðu sinni áðan.

Hv. þingmaður býr auðvitað yfir reynslu skákmeistarans sem fyrst og fremst er snjall skákmaður af eigin verðleikum. Ísland er á sinn hátt í dag í stöðu skákmeistarans og verður sækja fram á eigin verðleikum. Þeir verða aldrei metnir okkur í hag í Brussel, það vitum við. Vegna smæðar okkar skiptir það ekki máli á þeim búgarði. Þess vegna fagna ég þessari ræðu. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði, það er óheyrilega óhóflegur verðmiði í öllum skilningi sem er settur fram í framgangi þessa máls og með ákveðinni valdbeitingu sem er einstæð í hlutum sem varða sjálfstæði og fullveldi Íslands. Það er eins og hv. þingmaður sagði, það er um að ræða óumdeilanlegt afsal á sjálfstæði Íslands.

[17:01]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðfríði Lilju Grétarsdóttur fyrir yfirgripsmikla, rökfasta og góða ræðu. Ég talaði um það um daginn að ekki væri svo langt á milli Framsóknarflokksins og Vinstri grænna í þessum meginstefnumálum. En hv. þingmaður á það sameiginlegt með þeim þingmönnum Vinstri grænna sem hafa talað í þessu máli að hv. formanni utanríkismálanefndar frátöldum að koma hér upp og lýsa sig algerlega andsnúinn Evrópusambandinu og í raun og veru finna því allt til foráttu. Mér finnst vinstri grænir ekki sjá neinn ljósan punkt í þessari tillögu sem liggur hér fyrir enda vantar allan eldmóðinn hjá vinstri grænum að tala fyrir þessari tillögu. Þess vegna er svo sorglegt að við skulum standa í þessum sporum hér í dag með málið svona vaxið.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hún sætti sig við þau skilyrði sem eru í þessari þingsályktunartillögu varðandi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu en ekki bindandi. Sættir þingmaðurinn sig við það að þetta verði ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem við gætum allt eins kallað þetta skoðanakönnun meðal þjóðarinnar og stjórnvöld ekki bundin af henni? Verði þessi tillaga samþykkt undir forustu Vinstri grænna í ríkisstjórn þá fer af stað ákveðið ferli sem hefur verið gert kostnaðarmat á, sem eru 1.000 milljónir. Formaður Vinstri grænna hefur sjálfur lýst því yfir að það eigi að fara með þetta með þessum hætti af því að þjóðin muni örugglega fella aðildarviðræður þegar þetta kemst í þjóðaratkvæðagreiðslu. Finnst hv. þingmanni það ekki mikil peningasóun á þeim tímum sem við lifum að eyða þessu fjármagni í þessar viðræður (Forseti hringir.) ef málið er svo fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar heim er komið?

[17:03]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir er án efa sammála mér um þá er það þannig að þetta Evrópusambandsmál, evrumál, þessi umræða er búin að yfirtaka samfélagið í opinberri umræðu síðustu missiri og það er að mínu mati að verða sjálfstætt vandamál í því að leysa hin raunverulegu vandamál sem liggja fyrir. Þess vegna er það sem ég segi að þótt ég sé svo andsnúin aðild Íslands að Evrópusambandinu sem raun ber vitni þá verðum við að finna einhverja leið til að leiða þetta mál til lykta og það er lýðræðið. Það er þess vegna þessi þjóðaratkvæðagreiðsla sem ég tala um. Augljóslega vegna þess hvernig stjórnarskráin er núna þá er slík þjóðaratkvæðagreiðsla ráðgefandi eðli málsins samkvæmt eins og bara til dæmis þjóðaratkvæðagreiðslan núna áður en við förum í aðildarviðræður. En það hlýtur að vera þannig að kjörnir fulltrúar landsins gefi út sameiginlega yfirlýsingu um að þeir virði þjóðarvilja jafnvel þó að samkvæmt stjórnarskránni óbreyttri sé það eðli málsins samkvæmt ráðgefandi.

Er þetta peningasóun? Já, þetta er peningasóun að því leyti að ég er einmitt viss um, eins og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir segir, að þjóðin mun fella þetta, hvort sem það verður gert núna eða síðar. En það er ekki peningasóun að því leyti að við verðum, til þess einmitt að bjarga svo mörgu öðru í okkar samfélagi, að fá lyktir í þetta mál. Það

verður að gerast. Annars komumst við ekki hænufet áfram. Það er bara þannig. Fjölmiðlavöldin og gríðarlega sterk hagsmunaöfl í samfélaginu keyra þetta mál afar (Forseti hringir.) grimmt áfram og nú er komið að þjóðinni að segja sitt, hvort hún vilji fara í önnur verkefni brýnni (Forseti hringir.) eða ekki.

[17:05]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skil hv. þingmann á þann hátt að hún sé hér raunverulega að tala fyrir þeirri leið að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu vegna galla á stjórnarskránni og, eins og ég sagði í dag, brots á stjórnarskránni þar sem fullveldisafsalsákvæðið er ekki í stjórnarskránni. Þar með er það bundið í stjórnarskrá að þjóðaratkvæðagreiðsla sem þessi yrði bindandi og þá verður líklega að fara svo að hér verði að fara fram tvær þjóðaratkvæðagreiðslur, fyrst ein til að gá hvort við eigum að sækja um aðild. Þar með yrði þing rofið og stjórnarskrárbreyting lögð fyrir, kosið aftur og þá værum við hér með stjórnarskrá sem við gætum farið eftir og þyrftum ekki að brjóta. Þessi er mergurinn málsins og þetta er það sem kemur fram á fylgiskjali VIII í þeirri breytingartillögu sem liggur fyrir fundinum. Er þetta réttur skilningur, hv. þm. Guðfríður Lilja (Forseti hringir.) Grétarsdóttir?

[17:07]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þegar ég tala um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu þá er ég einmitt að meina það að mér finnst að þjóðin eigi áður en við leggjum í þetta ferli að greiða atkvæði um það hvort hún vilji það, hvort henni finnist það réttmætt og forsvaranlegt og nógu brýnt á þessum tímapunkti að við leggjum í það ferli.

Ég held að hún mundi segja nei. Ég held, eins og fram hefur komið í ýmsum könnunum, að önnur mál brenni miklu heitar á þjóðinni einmitt núna, miklu heitar. En ef hún sagði já þá yrði auðvitað farið í aðildarviðræður, að sjálfsögðu. Ég lít svo á að ég sé bundin vilja þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort sem að forminu til sú atkvæðagreiðsla væri ráðgefandi á meðan stjórnarskráin stendur óbreytt eða ekki, eða bindandi.

[17:08]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er ánægður með margt í ræðu hv. þingmanns og finnst hún málefnaleg. Ég hef samt tvær spurningar vegna þess að mér fannst einkenna málflutning þingmannsins að hún sagði hér nokkrum sinnum að við værum að fara í aðildarviðræður. Mig langar til að spyrja hana hvort hún geri ekki greinarmun á aðildarviðræðum og því að leggja inn umsókn vegna þess að það er það sem meiri hluti utanríkismálanefndar leggur til, reyndar hv. þingmaður með fyrirvara. Í mínum huga felast í því mjög skýr skilaboð að leggja inn umsókn. Það þýðir í rauninni að þú ert að sækja um inngöngu en ekki að ræða við Evrópusambandið um hvað við getum fengið vegna þess að ég tel að það sé nefnilega misskilningur í umræðunni um að þetta séu einhvers konar könnunarviðræður.

Að öðru leyti vil ég beina spurningu til þingmannsins af því að hún nefndi að umræðan hefði verið yfirdrifin og ég held að það sé rétt, sérstaklega í ljósi þess að tvö stærstu blöð landsins hafa tekið eindregna afstöðu með því að fara í aðildarviðræður. Telur þingmaðurinn að það muni ekki einfaldlega leiða til þess að við förum inn í Evrópusambandið vegna þess að hér á göngum Alþingis fagna samfylkingarmenn og voru þá ekki vinstri grænir í rauninni þegar þeir ákváðu að hleypa þessu út úr nefndinni, ákváðu að fara með þetta í atkvæðagreiðslu, að stíga fyrsta skrefið inn í (Forseti hringir.) Evrópusambandið sem verður ekki tekið til baka?

[17:10]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að aðildarviðræður eru allt annað en svokallaðar könnunarviðræður. Hér er einmitt verið að tala um að leggja inn umsókn til að geta farið í formlegar aðildarviðræður og sjá þannig hvort úr verður hugsanlegur aðildarsamningur sem þá er lagður fyrir þjóðina. Það er að sjálfsögðu ófrávíkjanlegt prinsipp í því að þjóðin taki þá afstöðu til þess samnings sem hugsanlega kemur út úr þessu ferli. Það held ég að hafi sýnt sig í ýmsum könnunum, svo ég vitni í það, að mjög margir vilja, eins og þeir segja, sjá samning.

Ég gæti talað lengi um það hvernig við getum farið í upplýsingaherför án samnings vegna þess að ég tel að við vitum að mörgu leyti svo margt um hvað við fáum. En það er allt annað mál.

Er þetta leiðin til að fara inn í ESB? Nei, ég held ekki. Í ýmsum löndum — og sú er auðvitað ein af persónuleikagerðum Evrópusambandsins að það vill stöðugt endurtaka þjóðaratkvæðagreiðslur ef það fær ekki þá niðurstöðu sem því hentar — en í ýmsum þessara ríkja hefur einmitt verið gríðarlegur þrýstingur frá pólitíkinni, frá fjölmiðlum, frá háskólasamfélagi og víðar um að þjóðin ákveði tiltekið — segi já við ákveðnum hlutum — en þjóðin hefur vit og ég treysti þjóðinni. Burt séð frá öllum áróðri um hvort þetta sé töfralausn á hennar málum þá treysti ég þjóðinni til að sjá í gegnum það og að hún geti þá þegar henni líður raunverulega eins og hún hafi allar upplýsingar uppi á borðum tekið endanlega afstöðu í þessu máli.

[17:12]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég eins og hv. þingmaður treysti þjóðinni. Hins vegar held ég að við verðum að átta okkur á því í þessari umræðu að þetta er ekki bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla og einn þingmaður Vinstri grænna hefur lýst því yfir, eins og ég skildi orð hans hér í ræðustól, að það er alveg sama hvað kemur úr þjóðaratkvæðagreiðslu, hann mun samt vera andvígur aðildarsamningi.

Ég óttast að þrátt fyrir góða von hv. þingmanns um að við losnum við umræðuna þá held ég að hún verði jafnvel hatrammari eftir að við höfum farið í aðildarviðræður og að fjölmiðlar og aðrir muni haga áróðri sínum þannig að við munum ekki, þau sem hræðumst mjög það skref að ganga í ESB, geta barist gegn því. (Forseti hringir.) En bara ein spurning af því að ég hef spurt þingmenn um þjóðarat-

kvæðagreiðslu um Icesave-samningana. (Forseti hringir.) Er hv. þingmaður sammála þeirri þingsályktunartillögu sem ég hef lagt (Forseti hringir.) fram?

[17:13]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Auðvitað berum við mörg ótta í brjósti vegna hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu rétt eins og aðrir bera til hennar miklar vonir.

Ég sé bara ekki fræðilegan möguleika á því að mikill meiri hluti þingheims og stjórnmálaflokkar í landinu mundu ekki binda sig við þá niðurstöðu sem ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla mundi gefa til dæmis í því hvort ganga ætti til aðildarviðræðna.

Varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave þá hef ég sagt það oft áður og mun halda áfram að segja það að ég er mjög fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslum yfirleitt, beinu lýðræði að ég tali nú ekki um í stórum átakamálum þannig að ég væri, já, fylgjandi því að leita leiða til að setja Icesave í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[17:14]

Útbýting:

Áhrif frestunar stóriðjuframkvæmda á þjóðarbúið, 129. mál, svar fjmrh., þskj. 276.

[17:15]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfunda, er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag en til klukkan átta í kvöld. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

[17:15]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Varðandi tillögu forseta vildi ég fá að spyrja að því að þegar leitað er eftir stuðningi þingsins við að hafa fund í kvöld, þ.e. hvort það sé ekki örugglega rétt skilið hjá mér að það sé þá ekki lengur en til miðnættis.

[17:16]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Forseti vill taka fram að gefnu tilefni að óskað er eftir því að þingfundur geti staðið lengur en til klukkan átta. Lengd umræðunnar verður að ráðast af gangi hennar í kvöld.

[17:16]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að heimildin verði til miðnættis. Ef óskað er eftir lengri tíma en til miðnættis óska ég eftir því að það verði rætt milli þingflokkanna eða greidd um það atkvæði hér á þinginu.

[17:16]

Pétur H. Blöndal (S) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég hlýddi grannt á orð forseta og hæstv. forseti sagði, þ.e. tillagan gekk út á það að lengd þingfundar yrði lengur en til klukkan átta í dag. Það þýðir til miðnættis því að eftir miðnætti er kominn annar dagur.

[17:17]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því, og tek undir með hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur, að forseti upplýsi um hvort meiningin sé að fundurinn standi lengur en til miðnættis, einfaldlega vegna þess að þingmenn þurfa þá að koma í horf hjá sér ýmsum skipulagsatriðum þar sem áætlun þingsins var sú að ekki yrði þingfundur fram eftir kvöldi þennan daginn.

[17:17]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill upplýsa vegna þeirra umræðna sem fara hér fram um lengd þingfunda að gert er ráð fyrir að þingfundur standi til miðnættis. Það verður endurskoðað síðar í kvöld ef efni standa til þess eða á morgun.

[17:18]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla að halda áfram frá síðustu ræðu minni að reifa þetta mál sem erum búin að ræða hér í nokkra daga og byrja á að taka fyrir lagatúlkun sem kom fyrst frá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur og er mjög athyglisverð. Nú hafa þingmenn svarið eið að þessari stjórnarskrá, eins og hún er hér, og engri annarri, ekki breyttri eða neitt slíkt.

Hér er verið að leggja til, frú forseti, svo að ég hafi það nú alveg á tæru í nefndaráliti — segjum að þetta verði samþykkt, þetta nefndarálit meiri hluta hv. utanríkismálanefndar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“

Þarna er verið að fela ríkisstjórninni að sækja um aðild að Evrópusambandinu sem stjórnarskráin bannar. Ég fæ ekki séð hvernig í ósköpunum það stenst. Það er ekki þinglegt. Þingmenn hafa svarið eið að þessari stjórnarskrá, ekki einhverri breyttri. Ég man þá tíð að margir þingmenn, sérstaklega Vinstri grænna og Samfylkingarinnar, voru alveg miður sín þegar kom í ljós í úrskurði Hæstaréttar að lög brutu stjórnarskrána. Það voru reyndar fleiri, líka stjórnarsinnar á þeim tíma. Eða þá í kvótamálinu. Þá einsettu menn sér að breyta lögunum eins hratt og hægt var, lögum sem meiddu stjórnarskrána, sem menn höfðu svarið eið að. Hér eru menn ekki bara að reyna að laga eitthvað heldur eru þeir að flytja þingsályktunartillögu, þeir skora á ríkisstjórnina að gera eitthvað sem stjórnarskráin bannar. Ég geri miklar athugasemdir við þetta vegna þess að aðild að Evrópusambandinu þýðir afsal og framsal á fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Við erum ekki lengur fullvalda og sjálfstæð þjóð, ekki frekar en Danir eru fullvalda og sjálfstæð þjóð. Þeir eru það ekki. Þeir geta ekki gert samninga við erlend ríki eins og Taívan eða hvaða annað ríki sem er utan Evrópusambandsins. Um þann þáttinn sér Evrópusambandið. Þess vegna hef ég sagt að það að sækja um aðild að Evr-

ópusambandinu sé heimóttarstefna en ekki alþjóðastefna.

Ég ætla svo að ræða þá stöðu sem við Íslendingar erum í núna. Við urðum fyrir gífurlegu áfalli í haust, sem kunnugt er, þegar bankarnir hrundu og segja má að þjóðin sé á margan hátt á hnjánum. Hún er mjög illa sett. Við erum hér að ræða á Alþingi um svokallaðan Icesave-samning þar sem Evrópusambandið aðstoðaði Breta og Hollendinga í baráttunni við Íslendinga og beitti sér — Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sömuleiðis — til að kúga Íslendinga og keyra þá niður á hnén. Þar eru Íslendingar núna. Þeir eru á hnjánum. Þjóðin varð fyrir andlegu áfalli. Hún fylltist vonleysi og fjöldi einstaklinga á Íslandi á um mjög sárt að binda. Atvinnuleysi, sem við þekkjum ekki eða höfum ekki þekkt í þessum mæli, gjaldþrot fyrirtækja og einstaklinga eru staðreynd. Í þessari stöðu ætla menn virkilega að fara að sækja um aðild að þessum klúbbi.

Frú forseti. Ég er eiginlega alveg gáttaður á þeim sem láta sér detta þetta í hug. Ég er gáttaður á hv. þingmönnum Samfylkingarinnar sem vilja, sumir hverjir, nota þessa stöðu til að keyra okkur inn í sambandið, nota stöðuna. Þessa stöðu, ef við verðum ekki látin bera allt of þungar byrðar af Icesave, getum við lagað á þremur til fjórum árum. Þá skulum við full sjálfstrausts ganga inn í Evrópusambandið, þeir sem það vilja, en ekki á hnjánum. Við skulum fara inn um aðaldyrnar en ekki inn um bakdyrnar eða hundalúguna, frú forseti.

Það hefur margt undarlegt gerst undanfarna daga, undanfarnar vikur. Fyrst gerist það að þingflokkar stjórnarliða samþykkja að veita fjármálaráðherra eða ríkisstjórninni heimild til að skrifa undir samning sem þeir aldrei höfðu séð og höfðu ekki hugmynd um hvað stóð í. Svo gerist það að það var meiningin að Alþingi samþykkti Icesave-skuldbindinguna án þess að vita hvað væri í henni. Það átti virkilega að halda þessu leyndu. Leyndarhyggjan gengur svo langt að það er alltaf að koma upp meira og meira. Það þarf virkilega að grafa málin upp til að menn fái að vita hvað er á bak við þennan samning sem og fleiri. Það er sem sagt leynd, hótanir og loforð. Stjórnmálin á Íslandi, hjá hæstv. ríkisstjórn, ganga út á þetta.

Þessi umræða sem nú hefur staðið í marga daga hófst á því að ungur hv. þingmaður, Ásmundur Einar Daðason, lýsti því yfir að honum hefði borist til eyrna að það yrðu stjórnarslit ef hann gerði svo mikið að gerast meðflutningsmaður að breytingartillögu. Nú er það þannig að ríkisstjórnir þurfa á stuðningi stjórnarflokkanna að halda og þá aðallega á þann veg, eins og ég hef alltaf skilið það, að einhver maður styður ríkisstjórn — ég vildi gjarnan að hv. þm. Ásmundur Einar Daðason hlýddi á mál mitt — stuðningur við ríkisstjórn felst í því að verja hana vantrausti og styðja fjárlagafrumvarpið. Þannig hafa menn skilið stuðning við ríkisstjórn. Ég hef stutt ríkisstjórnir lengi og hef ekki skirrst við að greiða atkvæði gegn því sem mér finnst vera vitleysa, eins og ríkisábyrgð á DeCode eða eitthvað því um líkt, þó það hafi verið stjórnarfrumvarp. Ég sé því ekki að þarna sé neinn trúnaður brotinn í því að styðja ríkisstjórn. Ég skil því ekki hvers vegna hv. þm. Ásmundur Einar Daðason mátti ekki flytja breytingartillögu um að fara aðra leið í nálgun við Evrópusambandið.

En þetta er hluti af þeim veruleika sem við upplifum á Íslandi í dag, að ríkisstjórnin byggir á dulúð, leynd, loforðum, hótunum og þrýstingi og svo er ríkisstjórnin alltaf að gera eitthvað annað en hún ætti að vera að gera. Heimilin og fyrirtækin, bankakerfið er allt í standandi vandræðum. Á meðan er ríkisstjórnin alltaf að gera eitthvað annað. Hún tekur ekki á vandamálunum. Og nú ræðum við hér dag og nótt aðild að Evrópusambandinu sem leysir engan vanda til skamms tíma og kostar mikla orku og mun binda bæði ráðuneyti og fé í mörg ár í stað þess að sinna fyrirtækjum og einstaklingum, heimilum í landinu sem eru í miklum vanda, þ.e. sum hver.

Ég hef áður farið yfir sögu Íslands og Evrópusambandsins, langa sögu Íslands og stutta og mjög viðburðaríka sögu Evrópusambandsins. Hún er ótrúlega stutt og það eru gífurlegar breytingar þar í gangi. Á hverju einasta ári gerist eitthvað stórkostlegt og allt miðar það meira og minna að því að þróa Evrópusambandið til eins ríkis. Ef maður horfir á þetta með gleraugum áratuganna en ekki ársins, mánaðanna, viknanna eða klukkutímanna þá sér maður að eftir 20, 30 eða 60 ár verður Evrópusambandið orðið pikkfast ríki með sama hraða og áframhaldi. Og þangað ætla menn að stefna.

Evrópusambandið er fyrirbæri sem býr til tollmúra og lokar fátæka fólkið úti. Það er þannig. Það setur tolla á vörur frá þriðja heims löndum og býr til fátækt með þeim hætti, viðheldur sem sagt velsæld innan borðs, innan landamæra. Þannig er það. Þetta þurfa menn að hafa í huga og vita að aðild að Evrópusambandinu þýðir heimóttarstefna og þýðir að menn eru ekki lengur gjaldgengir á alþjóðamarkaði og alþjóðasviði. Menn eru ekki lengur í nefndum sem ræða frjálst eins og hvert annað ríki heldur erum við orðin hjálenda eða hlutaríki, fylki eða hreppur, í risastóru ríki og það mun fara vaxandi.

Sumir hafa sagt: Þetta er nú bara umsókn. Við skulum aðeins kíkja á hvað er í pokanum. Það er bara eins og krakki sem fer út í nammibúð, ætlar að kaupa bland í poka og vill fá að sjá hvað er í pokanum og þá ætlar hann að taka ákvörðun um hvort hann kaupi eða ekki. Þetta er afskaplega billega sagt og þeir sem þetta segja átta sig ekki á áróðursmaskínu Evrópusambandsins. Eins og hér hefur komið fram, meðal annars hjá umræddum hv. þingmanni, Ásmundi Einari Daðasyni, eyðir Evrópusambandið svipuðum upphæðum í markaðssetningu og áróðursstarf og Coca Cola á ári, og það mun vera svona svipuð tala og við erum að glíma við í Icesave-málinu á ári. (Gripið fram í.) Hér er því verið að tala um gífurlegar upphæðir, fyrir utan allt það sem Evrópusambandið er með í sameiginlegum verkefnum í rannsóknum og svo framvegis.

Evrópusambandið er mjög öflugt. Við sjáum það á Íslandi. Hér hefur verið dreginn fram í fjölmiðlana hver „óháður“ umsagnaraðilinn á fætur öðrum, fólk sem í raun er á launum hjá Evrópusambandinu í gegnum rannsóknarverkefni og rannsóknarstyrki. Þetta er því mjög hættulegt og það hefur sýnt sig í sumum löndum að þegar greiða á atkvæði um Evrópusambandið þá magnast áróðursvélin í því landi á þeim tíma, rétt fyrir kosningar, og breytir skoðanamyndun í landinu. Það getur vel verið að menn treysti á einstaklinginn og sem betur fer til dæmis tókst það ekki í Noregi. Þrátt fyrir að bæði atvinnulíf og verkalýðshreyfing

og margir málsmetandi óháðir ráðgjafar stæðu að því að lofa Evrópusambandið þá stóð hinn venjulegi Norðmaður gegn þessu. En það er spurning hvort hann stendur gegn því á Íslandi því að hér hefur hann ekki atkvæðisrétt, þessi ágæti Norðmaður, og ég er ekki alveg viss um Íslendinginn vegna þess að hann hugsar oft mikið til skamms tíma.

Ef það kemur einhver samningur til baka, þegar hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson, sem elskar og dáir Evrópusambandið, kemur til baka með einhvern samning eftir að hafa haft eins lítil samskipti við hv. utanríkismálanefnd og hægt er, því að hann á jú bara að taka tillit sjónarmiða. Það stendur í breytingartillögunni, með leyfi frú forseta:

„Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar.“

Hann á því ekki einu sinni að fara eftir þeim. Hann á að fylgja þeim sjónarmiðum, hvað sem það nú þýðir. Svo gerir hann einhvern samning og kemur til baka með einhvern samning og í þeim samningi fáum við undanþágu fyrir sjávarútveg. Það er ekki spurning. Við fáum undanþágur til að veiða fisk tímabundið. En það verður svo langur tími að Íslendingnum finnst það nánast vera eilífð. Ég geri ráð fyrir að það verði 20 ár, að við megum veiða þorsk einir í 20 ár. Og við megum borða hákarl, sem er skemmdur matur í Evrópusambandinu, í kannski 15 ár. Og Vestfirðingar — af því að ég sé nú einn þarna — þeir mega borða hnoðmör á laun ef þeir lofa að segja engum frá því og gera það einhvers staðar inn til dala. (**Gripið fram í:** Blóta á laun.) Undanþágurnar verða tímabundnar og Íslendingurinn sem hugsar alltaf í vikum og mánuðum, kannski árum eða kannski fimm árum — maður sér það bara í þessari umræðu um Evrópusambandið. Það er enginn að tala um 15, 20 eða 30 ár — hann mun væntanlega hlaupa á þetta. Svo eftir 20 ár kemur Evrópusambandið og sendir hingað skoska togara, hollenska, spænska og svo framvegis. Þá munu Íslendingar fatta að, ja, 20 árin koma líka einhvern tíma. Við erum nefnilega að tala um kynslóðir eins og hv. þm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir kom svo vel inn á. Við erum að tala um kynslóðir. Við erum að tala um svipaðan samning og gerður var 1262, með svipuðum áhrifum. Það er nefnilega þannig með þennan samning.

Svo þegar samningurinn verður lagður undir þjóðaratkvæðagreiðslu, þessa ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þá heyrist gamli söngurinn: „Staðan er orðin svo svakalega slæm. Ef þið ekki samþykkið þá gerist þetta og hitt. Alveg skelfilegt, aumingja þið. (Gripið fram í.) En ef þið samþykkið þá fáið þið þetta: Lágt verðlag, enga verðbólgu, enga verðtryggingu og svo framvegis.“ Og allir verða mjög kátir og glaðir og samþykkja. Svo líða 20 árin og þá er þetta búið.

Mig langar dálítið, frú forseti, að ræða um ábyrgð hv. þingmanna Vinstri grænna því að þeir eru hérna nokkrir. Þeir eru tveir alla vega sem ég ætla að ræða um í þessu sambandi. Ég ætla ekki að tala um ábyrgð Samfylkingarinnar því að þetta er bara trúaratriði hjá þeim og þeir ræða aldrei um kosti eða galla, bara kosti.

Vinstri grænir lofuðu kjósendum sínum að þeir gengju ekki í Evrópusambandið og margir þeirra munu greiða atkvæði á eftir, þ.e. talað er um að einhverjir fimm, sex muni greiða atkvæði með tillögu um að setja þetta í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, aðrir muni greiða atkvæði gegn því og sú tillaga hugsanlega fellur. Þá kemur tillagan sjálf sem um er að ræða frá ríkisstjórninni með breytingartillögu hv. utanríkismálanefndar. Þá munu fleiri Vinstri grænir greiða atkvæði gegn. En þá koma þingmenn frá Framsókn og Sjálfstæðisflokki, hugsanlega einhverjir, og styðja. Málið fer því þannig að hæstv. utanríkisráðherra flýgur til Brussel fyrir helgi með lítið blað sem er umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Ég verð að segja það að ábyrgð hv. þingmanna Vinstri grænna er gífurlega mikil.

Einu sinni sátu Grikkir um Tróju og varð ekkert ágengt vegna þess að múrarnir voru svo háir. Það er svipað og á Íslandi. Landvættirnar standa vörð um Ísland og Vinstri grænir eru fyrir innan og passa að óvinurinn komi ekki inn. En Grikkir voru sniðugir. Þeir byggðu hest mikinn úr tré og fólu hermenn sína inni í hestinum — það er Samfylkingin háttvirt — og svo sigldu þeir burt. Trójumenn héldu að nú væri friður kominn og horfðu á þessa undarlegu skepnu sem stóð þarna, tréhestinn, og ákváðu að draga hann inn fyrir múrana. Þar spruttu Grikkirnir út og lögðu undir sig borgina og var það mikill skaði fyrir Trójumenn.

Ég tel því miður, frú forseti, að hv. þingmenn Vinstri grænna séu í hlutverki þeirra sem draga Trójuhestinn inn í borgina. Þeir meina ekkert illt með því en þannig verður niðurstaðan, frú forseti. Svo verður sótt um og svo, eins og ég er búinn að lýsa, kemur áróðursmaskínan og eftir tíu ár er Ísland allt í einu orðið — eða jafnvel fyrr, innan tíu ára — er Ísland orðið aðildarríki Evrópusambandsins. Ég tel þetta mjög raunhæft. Ég tel að líkurnar séu töluvert miklar. Þeir hv. þingmenn Vinstri grænna sem að þessu standa — ég veit ekki hverjir það eru. Sumir hafa lýst mjög eindregnum andstöðu við það hvort tveggja en aðrir ekki. Ég nefni sérstaklega hv. þm. Árna Þór Sigurðsson, formann utanríkismálanefndar, sem er búinn að búa til hérna yndislega fallega tillögu og ég hef spurt nokkrum sinnum um sannfæringu hans í málinu og ég fæ hana ekki upp. Mér sýnist sannfæringin vera helst sú að fá fram samning svo að þjóðin geti greitt atkvæði um hann og þá ætlar hann að greiða atkvæði eins og þjóðin. En hvað hann sjálfur vill, það veit ég ekki enn þá.

Þetta er stórhættulegt og í því sambandi talaði ég um lýðtoga og leiðtoga. Leiðtogi er sá sem leiðir þjóð sína áfram. En lýðtogi er sá sem lýðurinn togar áfram með skoðanakönnunum og áróðri og svo framvegis.

Ég kemst því miður ekki lengra. Ég ætlaði rétt aðeins að lesa bréf frá Jóni Sigurðssyni nokkrum sem skrifaði það 1849. Það er orðið dálítið gamalt í hettunni en á mjög vel við í dag. En ég kemst bara ekki yfir það í þessum ræðustúf og kem inn á það seinna.

[17:38]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. ræðumanni Pétri Blöndal fyrir alveg stórkostlega ræðu. Honum tekst einstaklega oft vel upp hér í þessum ræðustól.

Hann beindi til mín spurningu og ég fór aðeins yfir þetta

í ræðu minni hér í dag. Raunverulega beindi hann ekki til mín spurningu heldur var hann með svipaðar hugleiðingar og ég í kjölfar þeirrar ræðu sem ég hef flutt hér varðandi það hvort hér eigi sér stað brot á stjórnarskránni.

Ég fór yfir það í dag og ætla að fara aftur yfir það að í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar, sem hálfur hluti Vinstri grænna styður í ríkisstjórninni, stendur skýrum stöfum, svo þetta sé nú einu sinni enn tekið fram hér að Alþingi ályktí að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB. Þetta er alveg skýrt. Það er verið að fara fram á það við Alþingi að þetta sé samþykkt með þessum hætti, að leggja inn umsókn að ESB, að framselja vald til alþjóðlegrar stofnunar. Þetta er brot á stjórnarskránni. Hér tekur það enginn upp því Samfylkingin vill ekki fara eftir stjórnarskránni því að stjórnarskráin er fyrir í Evrópuleiðangrinum og út af því er þetta vandamál hér með þessa þjóðaratkvæðagreiðslu bindandi og ráðgefandi.

Hins vegar gengur breytingartillaga mín við þessa tillögu út á það að bjarga ríkisstjórninni hér frá stjórnskipulegu slysi, að það sé hægt að fara hér leið án þess að brjóta stjórnarskrána þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið “

Það að hefja viðræður er allt annar hlutur en að leggja inn umsókn og þarna greinir þetta á. Þrátt fyrir það er ég að teygja mig mjög rúmt í lögskýringu á stjórnarskránni í minni tillögu, þannig að það sé alveg hér á hreinu, og raunverulega er það mjög alvarlegt að Alþingi Íslendinga sé meðvitað um að leggja hér fram þingsályktunartillögu (Forseti hringir.) til samþykktar þar sem um svo skýrt brot á stjórnarskránni er að ræða.

[17:40]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu og andsvar og lögskýringu. Hún er nú lögfræðingur sem ég er ekki. Ég er eiginlega sammála henni að öllu leyti. Ég hef heyrt af því og þingmönnum hefur borist tölvubréf um það að einn ákveðinn aðili ætlar að fara í mál. Hann ætlar að kæra væntanlega hæstv. utanríkisráðherra þegar sá flýgur til Evrópu til að framkvæma vilja Alþingis eftir að þingsályktunartillagan hefur verið samþykkt.

Ég spurði að því hérna í umræðunni, ég spurði lögfræðing hér að því hvern ég ætti að kæra ef ég teldi að þetta væri brot á stjórnarskránni. Kannski getur hv. þingmaður ráðlagt mér í því hvern ég eigi að kæra ef ég mundi vilja slást í hóp þeirra sem eru ósáttir við þetta brot á stjórnarskránni.

[17:41]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er nefnilega þannig að fólk finnur sínar leiðir til þess að ná réttinum fram. Þó að hér sé brotinn réttur á stjórnarskránni finnur fólk auðvitað sínar leiðir til þess.

Þessi einstaklingur sem hefur lagt fram kæru, og ef hv. þm. Pétur Blöndal vill leggja fram kæru, þá ræður hann sér einfaldlega lögmann og leggur fram kæru og sendir þá kæru í utanríkisráðuneytið á nafni hæstv. utanríkisráðherra og svo fer þá ákveðið kæruferli í gang. Ríkislögmaður kemur til með að verja hann þar sem þetta er embættismaður á vegum ríkisins. Lögmaður hv. þm. Péturs Blöndals sækir málið fyrir hans hönd og svo fer málið fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Það skyldi þó ekki vera að dómstólar þurfi að dæma þessa ríkisstjórn frá völdum? Þetta er alveg hreint með ólíkindum.

[17:42]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Ég þakka hv. þingmanni fyrir lögskýringarnar og lagalega hjálp í þessu máli. Þannig er mál með vexti að í vor lagði ég ofuráherslu á að menn breyttu 79. gr. stjórnarskrárinnar þannig að í stað þess að þjóðin ætti að greiða atkvæði um það í lok kjörtímabils að þá yrði hægt að fá fram breytingar á stjórnarskránni með þjóðaratkvæðagreiðslu sem yrði þó að hafa mjög háan þröskuld að mínu mati. Ég hefði viljað hafa þröskuldinn 50%, þ.e. að 50% kjósenda þyrftu að samþykkja stjórnarskrárbreytingu vegna þess að að ég tel að stjórnarskrárbreytingar eigi að vera mjög þungar, (Gripið fram í.) tregar. Svo var það spurning hverjir ættu að geta krafist stjórnarskrárbreytingar, til dæmis helmingur eða meiri hluti Alþingis, til dæmis góður hluti kjósenda og svo framvegis.

Þetta var ekki gert því miður og nú sitjum við uppi með að stjórnarskránni verður ekki breytt nema í lok kjörtímabils eða þá að um leið og búið er að samþykkja breytingar á stjórnarskránni þá þarf að rjúfa þing. Það eru menn kannski ekkert voðalega æstir í í núverandi stöðu. Við höfum hreinlega ekki efni á því að halda kosningar núna, Íslendingar, nýkomnir úr kosningum. Það að missa af þessu tækifæri í vor gerir það að verkum að allt ferlið verður núna miklu erfiðara. Því miður sé ég ekki lausn á þessu. Það er dálítið hastarlegt að þeir þingmenn sem kannski töluðu mest um stjórnarskrána og mannréttindi og annað slíkt fyrir nokkrum árum í kjölfar kvótadómsins og öryrkjadómsins skuli hugsanlega jafnvel sjálfir standa nú að því að brjóta stjórnarskrána, og þá segi ég, ef þetta er brot á stjórnarskránni.

[17:44]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég velti því fyrir mér áðan hvort ég ætti að fara í andsvar við hv. þm. Pétur H. Blöndal eða láta andsvarið bíða þar til kæmi að mér í minni ræðu, en ég vil gjarnan virða hann svars.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal vill ræða um ábyrgð stjórnmálaflokksins Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gagnvart þjóðinni og þá væntanlega þjóðarviljanum og lýðræðinu. Ég gæti spjallað lengi við hv. þingmann um ábyrgð eða öllu heldur ábyrgðarleysi sem hans stjórnmálaflokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, hefur sýnt í tímans rás gagnvart þjóðinni og varðandi þetta sama málefni líka.

17. dag ágústmánaðar 1992 var útbýtt hér á Alþingi þingskjali um hið Evrópska efnahagssvæði og aðild Íslands að því. Það var rætt allt haustið og fram yfir áramótin þar til það var lögfest 12. janúar 1993. Sjálfstæðisflokkurinn spurði þjóðina aldrei álits. Þó mátti heyra á öldum ljósvakans auglýsingar, ákall, umræður, og í blöðunum voru

skrif. Það voru undirskriftalistar með tugum þúsunda undirskrifta þar sem Sjálfstæðisflokkurinn var beðinn um að leyfa þjóðinni að kjósa um málefnið: Áttu Íslendingar að ganga inn í hið Evrópska efnahagssvæði? Þetta var þjóðinni meinað um, (Gripið fram í.) henni var meinað að gera þetta.

Við erum komin þar á veg í lýðræðisþróuninni sem betur fer að nú lætur enginn sér til hugar koma annað en að innganga Íslands í Evrópusambandið yrði borin undir þjóðina. Það var ekki gert þegar við undirgengumst skilmála hins Evrópska efnahagssvæðis og þó þekkjum við öll hvaða áhrif þeir hafa haft á allt okkar þjóðlíf, allt okkar efnahagslíf og svigrúm til athafna. Það höfum við fengið að finna á undanförnum árum þegar við höfum þurft að endurskipuleggja raforkugeirann, að taka tryggingarnar — brunatryggingarnar í Reykjavík, svo dæmi sé tekið, voru reknar í skrifborðsskúffu hér einhvers staðar í bænum fyrir lítinn pening en skiluðu svo miklum arði að hann dugði hátt í að reka slökkvilið Reykvíkinga. Það voru allir á móti því, nánast, sem spurðir voru hvort heppilegt væri að taka brunatryggingar í Reykjavík, aðgreina þær og setja þær síðan út á markað — sem reyndist dýrara fyrir samfélagið. Hvers vegna var það þá gert? Jú, Brussel fyrirskipaði það. Svona gæti ég tekið fjölmörg önnur dæmi.

Ég ætla ekki að dvelja við rúmið hans Sigvalda Kaldalóns í Ármúla, sem núna er bannað að nota í bændagistingu vegna þess að það samræmist ekki Evrópustöðlum. Ég gæti tekið önnur dæmi líka sem eru öllu alvarlegri og snúa að almannaþjónustunni, hvernig smám saman er verið að herða að henni með því að færa hana nær markaðstorginu. Þar erum við í stöðugri vörn gagnvart ásælni fjármagnsaflanna sem eiga greiða leið um gangvegi Brusselborgar. Þetta eru bara staðreyndir.

Sjálfstæðisflokkurinn, flokkurinn hans hv. þm. Péturs H. Blöndals, meinaði þjóðinni að koma að ákvarðanatöku í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég man eftir því að verkalýðssamtökin, ASÍ, BSRB, Neytendasamtökin, Bændasamtök Íslands, (Gripið fram í.) nánast öll almannasamtök í landinu sameinuðust um að biðja þáverandi ríkisstjórn um þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mikilvæga málefni.

Við höfum rætt mikið í þjóðfélaginu og hér í þingsal líka hvort ekki sé ráð að rýmka reglur sem gera almenningi kleift að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um aðskiljanleg brýn málefni. Við höfum verið þessu fylgjandi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og það er tímaspursmál hvenær slíkar reglur verða rýmkaðar. Ef við værum komin þar í mannkynssögunni að slíkar lagabreytingar hefðu verið gerðar sem opnuðu á þjóðarviljann að þessu leyti, 20% atkvæðisbærra manna gætu krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, væri þetta mál komið á dagskrá, á því leikur enginn vafi. Ég ræð það af hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri á undanförnum árum. Það hefur skipst þetta á 40 á móti 60, 50 á móti 50. Það er drjúgur hluti þjóðarinnar sem á þetta vill láta reyna. Um það snýst þetta í mínum huga, að láta á málið reyna.

Síðan getum við deilt um hvernig við eigum að bera okkur að. Á að spyrja þjóðina fyrst og ganga síðan til viðræðna? Það finnst mörgum eðlilegt, mér finnast mikil rök fyrir því sjálfum. Á að láta reyna á samning og bera hann síðan undir þjóðaratkvæði? Ýmsir stjórnmálaflokkar hafa viljað fara þá leið, Samfylkingin sérstaklega, (Gripið fram í.) sem vill fyrst sækja um aðild, fá samningsdrög og bera síðan undir þjóðaratkvæði. (**Gripið fram í:** Sem er ekki bindandi.) Sem er ekki bindandi, segir hv. þingmaður. Ég tek nú undir málflutning hv. þm. Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur hér áðan, að hvort sem það væri bindandi samkvæmt lagatextanum eður ei þá yrði það að sjálfsögðu siðferðilega bindandi fyrir Alþingi. (**Gripið fram í:** Ekki fyrir Ásmund.) Við skulum ekkert gera lítið úr hans málflutningi. (**Gripið fram í:** Ég er alls ekki að gera það.)

Ég hef alltaf haft þá skoðun að það sé nokkuð vitað hvað er í boði af hálfu Evrópusambandsins, það er mín skoðun. Ég held að við vitum að það sama yrði í boði gagnvart Íslandi og öðrum ríkjum sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu, það er aðkoma að hinum innri markaði og öllu grunngangverki Evrópusambandsins. Það eru ekki allir sammála mér. Ýmsir telja að þau álitamál sem við teljum brýnt að fá á borðið, sjávarútvegsmálin og ýmis önnur mál, þurfi að láta reyna á í samningum. Þetta er viðhorf sem er við lýði hjá stórum hópum í þjóðfélaginu. Á þessari forsendu, þegar saman kemur eindreginn vilji samstarfsflokks okkar í ríkisstjórn og þetta viðhorf sem er víða að finna í þjóðfélaginu, get ég fellt mig við þessa þingsályktunartillögu. Ekki er þar með sagt að ég muni ekki berjast gegn inngöngu Íslands í Evrópusambandið, eins og ég hef gert, nema einhver grundvallarbreyting eigi sér stað í mínu vitsmunalífi eða sálarlífi.

Hv. þm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir vék að Lettlandi hér áðan, efnahagsþrengingunum þar. Það vill svo til að ég hitti heilbrigðisráðherra Lettlands fyrir fáeinum dögum. Ég held að það hafi verið annar eða þriðji heilbrigðisráðherrann í Lettlandi á skömmum tíma. Forveri hennar var nýfarinn frá, hafði ekki hugnast alls kostar lækningamixtúra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem er líka í heimsókn í Lettlandi og með mixtúrur svipaðar og hann er að kynna okkur um harkalegan niðurskurð, kröfu um niðurskurð á velferðinni.

Ég spurði: Finnið þið ekki skjól í Evrópusambandinu? Hefur verið rætt um það hjá ykkur að taka upp evru? Nei, það er afar langur vegur frá því að við fáum heimild til slíks, sagði ráðherrann. En hafið þið fengið einhverja aðstoð frá Evrópusambandinu, einhverja peninga, einhvern stuðning? Forveri þinn í starfi fór frá af því að hann orkaði ekki að horfast í augu við eigin gjörðir, sem var að segja upp heilbrigðisstarfsmönnunum, loka spítölunum og draga úr velferðarþjónustunni að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Jú, við fáum einhverja peninga að sönnu. Eru það styrkir? spurði ég. Nei, nei, nei, það eru ekki styrkir, þetta er allt á háum vöxtum, þetta er á hárri rentu. Hver kallaði Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til sögunnar ykkur „til aðstoðar“? Það voru vinir okkar í Evrópusambandinu.

Af þessum sökum langaði mig til að gera eina litla játningu fyrir Alþingi. Játningin er á þá leið að eftir því sem dagarnir og vikurnar hafa liðið þeim mun erfiðara á ég með að sætta mig við það að við skulum sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þegar ég hugsa til þess hverjir það eru sem reynast eigendur vinarklónna sem um okkur halda. (**Gripið fram í:** Felldu nú tillöguna.) Það eru Evrópusambandsríkin. En … (**Gripið fram í:** En, en.) en — og ég er ekki í nokkurri einustu mótsögn við sjálfan mig — ég vil virða lýðræð-

ið og horfa til þess að það er annað fólk á öndverðum meiði við mig. Það eru margir og það eru heilir stjórnmálaflokkar sem telja að einmitt í Evrópusambandinu sé að finna skjól. Þá greinir okkur á um þetta og við tökumst á um þetta.

Ég held að svo sé komið að við verðum að leiða þetta mál til lykta. Hér eru stjórnmálaöfl, sérstaklega Samfylkingin, sem telja allra meina bót að komast inn, svona eins og lærisveinarnir tólf, þeir vissu hvert átti að halda með hjörðina, þurftu engan meirihlutavilja til að segja fyrir um það, allt gott í himnaríki, Evrópuvextir, ekkert atvinnuleysi.

En vel á minnst, á Íslandi er held ég núna 8,3% atvinnuleysi, það er aðeins lægra í kreppunni hjá okkur en í Evrópusambandinu að meðaltali. Síðan þetta með verðbólguna, evran, það er engin verðbólga, það er sama verðbólgan alls staðar, eða hvað? Kostar kaffibollinn það sama í Norður-Finnlandi og suður á Sikiley? Nei. Þróast verðlagið á kaffibollanum með sama hætti? Nei. Eru lífskjörin hin sömu í sunnanverðri Evrópu eða austanverðri og í henni norðanverðri? Nei. Allt hrynur þetta, öll hrynur þessi glansmynd þegar farið er að skoða hana, og það þurfum að gera og munum gera á komandi mánuðum og árum í tengslum við Evrópuumræðuna, þ.e. að taka málin og greina þau. Erum við hrædd við það? Ekki ég.

Síðan er hitt, þessar þúsund milljónir sem það kostar. Mér finnast það miklir peningar. Nú ætla ég að trúa þinginu fyrir litlu leyndarmáli, enn einu. Sumir telja þetta vanreiknaða upphæð. Ég held, ykkur að segja, að hún sé stórlega ofreiknuð. Ég held að það væri hægt að klára málið á einni viku. Ég held að þetta liggi allt saman meira og minna á borðinu. En ég veit að það er dýrt að senda heila flugvélafarma af sérfræðingum og láta þá halda við lengi í Brussel. Það er dýrt og verður eflaust gert. En mín sannfæring er að hægt væri að klára málið á mjög skömmum tíma.

Það er líka mín sannfæring að við búum betur á hinu Evrópska efnahagssvæði en innan Evrópusambandsins þótt ég viðurkenni, og ég hef mikla reynslu af starfi á vettvangi Evrópusambandsins í verkalýðsmálunum, að auðvitað er það greiðari aðkoma að ákvarðanamyndun og umræðum að vera þar innan vébandanna. En við gátum núna á dögunum með nýjan heilbrigðisráðherra í heilbrigðisráðuneytinu sett fyrirvara við þjónustutilskipun Evrópusambandsins. Við settum fyrirvara eins og Norðmenn. Það gat ekkert Evrópusambandsríki gert það. Hver var fyrirvarinn? Fyrirvarinn sneri að því að verja kjarna velferðarþjónustunnar, heilbrigðisþjónustunnar fyrir markaðsöflunum. Þetta gátum við gert. Þetta gat Frakkland ekki gert og ekki Belgía, ekki Bretar, ekki Danir og ekki Svíar, en við gátum það og Norðmenn gátu það og við gerðum það.

Síðan enn eitt sem mig langar til að nefna varðandi Evrópusambandið og himnaríkið mikla sem á að halda með okkur inn í. Öll réttindin sem launafólkið er að fá í Evrópu, þar er svo mikið af réttindum. Hafa menn gert sér grein fyrir því að allt það besta í réttindakerfi launafólks á Íslandi varð til af völdum okkar sjálfra? Við sjálf bjuggum til fæðingarorlofið. Við sjálf bjuggum til það besta í lífeyriskerfi okkar. Við sjálf bjuggum til það besta í veikindaréttinum.

Síðan er hitt að sá sem ætlar að hagnast á eða hafa af því viðurværi og góða framtíð að sérhæfa sig í sjóðunum í Evrópu og láta berja sig til verkanna, hýða sig til hlýðni til að taka upp öll góðu réttindin, hann endar sem þræll. Hann glatar frumkvæði sínu og endar sem þræll.

Það góða við okkar samfélag, við Ísland — gott að minnast þess á þessum erfiðleikatímum — er frumkvæðið, dugnaðurinn og krafturinn sem býr með þessari þjóð. Ég leyfi mér að fullyrða að þegar hugurinn stendur til þess eins að kunna skil á hvar á að ná í peninga í digrum sjóðum dregur úr þessu frumkvæði. Ég hef séð það gerast. Og þegar menn bíða eftir því að miðstýrða valdið ákveði hvaða réttindi eigi að skapa okkur dregur líka úr viljanum til að berjast fyrir slíkum réttindum.

Þannig er það, forseti, ég gæti haldið lengi áfram að tala um kosti og ekki síður ókosti Evrópusambandsaðildar. Ég tel reyndar að sjaldan hafi verið vitlausara að sækja um aðild að Evrópusambandinu en nú og sjaldan vitlausara að ganga þar inn, (Gripið fram í.) það er mín skoðun. En ég virði þá staðreynd að drjúgur hluti landsmanna óskar eftir því að láta á þetta reyna og ég virði þann vilja því að fyrir mér snýst þetta mál fyrst og síðast um lýðræðið og það snýst líka um að óttast ekki umræðuna og horfast í augu við vandann sem fram undan er. Hluti af veruleika okkar er sá að drjúgur hluti þjóðarinnar trúir því að okkur verði betur borgið innan Evrópusambandsins. Ég er algjörlega á öndverðum meiði og þar til ég sannfærist um eitthvað annað mun ég láta hressilega heyra frá mér í þá veru. Takk.

[18:05]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir skörulega ræðu. Það er alltaf gaman að hlusta á hann í ræðustól þótt maður sé ekki alltaf sammála því sem hann segir. Margt athyglisvert kom þarna fram, m.a. að sérstaklega skýr stefna samstarfsflokks Vinstri grænna í ríkisstjórn réði því hvernig hæstv. heilbrigðisráðherra ætlaði að stýra atkvæði sínu í atkvæðagreiðslu um þetta mál. Þess vegna tel ég ástæðu til að spyrja hæstv. ráðherra hvort sú grundvallarbreyting hafi orðið á hans sálarlífi, svo ég noti orð sem hann lét falla, að hann hafi verið innlimaður í Samfylkinguna. Hvað með stefnu Vinstri grænna? Hvað með kjósendur Vinstri grænna og þá trú þeirra að Vinstri grænir ætluðu ekki að ganga inn í Evrópusambandið, ætluðu sér ekki að sækja um aðild að því og mundu aldrei stýra þessari vegferð sem þingið er á í dag? Ég veit að margir kjósendur í mínu kjördæmi, Suðurkjördæmi, veittu Vinstri grænum styrk með sínu atkvæði vegna þessarar stefnu.

[18:06]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hér situr hv. þingmaður Suðurkjördæmis úr okkar flokki, Atli Gíslason, ég veit ekki betur en hann hafi barist gegn Evrópusambandsaðild með kjafti og klóm og geri enn. Þannig er því varið með Vinstri hreyfinguna – grænt framboð sem stjórnmálaafl að við höfum samþykkt ályktanir í þá veru að aðild Íslands að Evrópusambandinu sé ekki í samræmi við hagsmuni Íslands. Að sjálfsögðu eru deildar meiningar, eins og í öllum stjórnmálaflokkum, nema kannski einum, Samfylkingunni. Innan okkar vébanda eru líka mismunandi áherslur og kem ég þar aftur að

lýðræðinu. Við gengum til þessa samstarfs vitandi vits. Samfylkingin vildi hafa tiltekið form á aðkomu okkar að þessum málum. Gengið var frá því samhliða stjórnarmyndun að þeir sem væru á öndverðum meiði mundu greiða atkvæði í samræmi við sína sannfæringu og það mun koma í ljós við atkvæðagreiðsluna.

[18:08]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Upplýst hefur verið af hálfu hæstv. ráðherra að Vinstri grænir álykti um ýmis mál en hins vegar virðist ekkert vera að marka þær ályktanir, miðað við að hreyfingin er tilbúin að selja stefnu sína fyrir aðgöngumiða að ríkisstjórn.

Hæstv. ráðherra hefur verið tíðrætt um lýðræði og þess vegna skil ég ekki hvers vegna hæstv. ráðherra kýs ekki að styðja tvöfalda atkvæðagreiðslu um málið. Hvers vegna má þjóðin ekki kjósa um að farið verði í þessa vegferð, fyrst ríkisstjórnarflokkarnir geta ekki verið sammála um að fara til Brussel? Hvers vegna er ekki sótt umboð til þjóðarinnar svo að þeir sem fara til Brussel á vegum Íslands standi ekki þar eins og hengilmænur með ekkert umboð heldur hafi umboð þjóðarinnar, ef þjóðin hefur einhvern áhuga á þessari vegferð, sem ég leyfi mér að efast um. Hvers vegna styður ráðherrann ekki breytingartillögu Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar K. Gunnarsdóttur? Gæti það verið vegna þess að hún er lögð fram af sjálfstæðismönnum og hæstv. ráðherra virðist ekki styðja neitt sem frá þeim flokki kemur?

[18:09]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég virði mismunandi sjónarmið í þessu efni. Í mínum huga er ekki sáluhjálparatriði hvernig við förum inn í þessa vegferð þótt ég hlusti af athygli á sjónarmið sem fram hafa komið í því efni og geri ekki lítið úr þeim. Engu að síður er meginatriði í mínum huga að málið fái lýðræðislega meðferð, gagnstætt því sem gerðist haustið 1992 og fyrstu daga janúarmánaðar 1993 (**Gripið fram í:** Er ekki lýðræðislegt …?) undir verkstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins sáluga. (**Gripið fram í:** Svara spurningunni.) Þá var þjóðinni neitað (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Svaraðu spurningunni.) um lýðræðislega aðkomu. (**Gripið fram í:** Lýðræðislegt …) Hér eru fyrirheit um það og fest í lög og í þingmál að málið verði ekki til lykta leitt nema með samþykki meiri hluta þjóðarinnar. Það er meginmálið.

[18:10]

Forseti (Siv Friðleifsdóttir):

Ég vil biðja hv. þingmenn að vera ekki með frammíköll heldur gefa ræðumanni svigrúm til þess að tala í ræðustól.

[18:11]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir ræðuna Ég er ekki eins ánægð með þessa ræðu og þá sem hann hélt um daginn um Icesave-samningana.

Hann hefur farið nákvæmlega yfir að enn eru kratar á ferð með fullveldisafsal. Þessi umræða um stjórnarskrána fór nákvæmlega eins fram varðandi EES-samninginn, þ.e. hvort hann væri það víðtækur að hann væri brot á stjórnarskrá af því að fullveldisafsalið var ekki þar inni. Þetta á ekki að koma hæstv. ráðherra á óvart. Hann talar um að rýmka reglur til að gera almenningi kleift að óska eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Slíkt er ekki hægt af því að stjórnarskráin leyfir það ekki. Hér þarf að koma fram stjórnarskrárbreyting.

Hann talar í miklum styttingi um að þetta kosti ekki þúsund milljónir. Er það friðþæging, hæstv. ráðherra, að þetta kosti minna? Hvernig getur ráðherrann staðið að því að ætla ekki að mælast til að fram fari tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla heldur spandera þúsund milljónum út um glugga Alþingis á meðan heilbrigðiskerfið, menntakerfið og þeir sem minna mega sín þurfa að taka á sig skerðingar.

[18:12]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég skal játa að ég kann ekki skil á þessum peningaupphæðum. Mér vaxa þær nokkuð í augum en sagði áðan að ég teldi að hægt væri að gera þetta fyrir mun minni pening. Það er mín sannfæring að það sé hægt. En eitt get ég sagt hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur: Ég er þegar farinn að hlakka til að taka þátt í slagnum um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég hef grun um að við verðum þá í sama liði.

[18:13]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra talaði um að við ættum líklega eftir að vera í sama liði bráðlega. Að sjálfsögðu óska ég eftir því og býð hann hjartanlega velkominn í Framsóknarflokkinn.

En ég kann ekki við þennan málflutning af því að það er svo mikið kæruleysi að baki. Hér stendur einn af 12 aðilum framkvæmdarvaldsins. Ætlið þið að samþykkja þessa þingsályktunartillögu? Um leið og hún hefur verið samþykkt verður hann farinn að vinna á móti henni. Það er ekki trúverðugt, og sömu skoðun hefur hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að samþykkja þessa þingsályktunartillögu, bretta svo upp ermar og fara að vinna á móti ályktuninni. — Ekki leggja þetta á þjóðina, kæru ráðherrar Vinstri grænna.

En nú langar mig til að koma með aðra spurningu. Í máli hæstv. fjármálaráðherra á föstudaginn kom fram að hann hefði vitað að Vinstri grænir þyrftu eftir kosningar að afleggja kosningastefnuskrá sína varðandi Evrópusambandsaðild. Vissi hæstv. heilbrigðisráðherra af því fyrir kosningar að á stefnuskránni væri að fylgja ekki eftir andstöðu við Evrópusambandið, eins og margir frambjóðendur virðast ekki hafa vitað af fyrir kosningar?

[18:14]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur

ekki aflagt sína kosningastefnu. Ég er að segja mjög svipaða hluti í þessum ræðustóli núna og ég gerði í aðdraganda kosninganna í fjölmiðlum, í greinaskrifum og á kosningafundum. Það gerðu aðrir líka. Ég vísaði í málflutning hv. þm. Atla Gíslasonar. (**PHB:** Samt á að ganga inn.) Hann hefur hvergi hvikað frá sinni skoðun.

Í mínum huga snýst þetta mál fyrst og fremst um lýðræði. Það snýst um lýðræðislega meðhöndlun á þessu stóra álitamáli sem uppi hefur verið í þjóðfélaginu um langt árabil og það snýst líka um lýðræðið innan veggja Alþingis. Það mun koma fram í atkvæðagreiðslu um málið síðar í dag eða í kvöld.

[18:15]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra telur að drjúgur hluti þjóðarinnar vilji skoða aðild að Evrópusambandinu. Hæstv. ráðherra er hluti af Vinstri grænum sem unnu kosningasigur síðast og hvers vegna skyldu þeir hafa gert það? Vegna þess að þeir voru einir flokka eindregið á móti Evrópusambandinu. Er það ekki nægileg skoðanakönnun, frú forseti?

Ég vil skora á hæstv. ráðherra. Þegar menn taka ákvarðanir fórna þeir stundum minni hagsmunum fyrir meiri. Hér eru menn að taka ákvörðun til framtíðar, ekki fortíðar, sem getur þýtt að Ísland endi inni í Evrópusambandinu þegar áróðursmaskína þess fer í gang. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvaða hagsmunir eru meiri í hans huga en sjálfstæði og fullveldi íslensku þjóðarinnar?

[18:16]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það eru engir hagsmunir mikilvægari en sjálfstæði þjóðarinnar og ég tel að forsenda þess að okkur takist að verja það og styrkja í hvívetna sé tvíþætt: Gagnsæ, opin vinnubrögð og lýðræði. Í mínum huga snýst þetta mál fyrst og fremst um lýðræði. Hvað er fólk svona hrætt við? Við ætlum að láta reyna á það í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu hvort Íslendingar vilji fá aðild að Evrópusambandinu eða ekki.

Það er alveg rétt. Ég ætla ekki að gera lítið úr athugasemdum sem komu fram um fjármunina, hvað þetta kostar mikið. En við skulum ekki gleyma því að um langt árabil hefur stór hluti þjóðarinnar verið þeirrar skoðunar að mál málanna sé að komast inn fyrir landamæri Evrópusambandsins. Þetta er staðreynd. Ég er algerlega á öndverðum meiði. En ég held að það standi lýðræðinu að mörgu leyti fyrir þrifum, og markvissum vinnubrögðum í stjórnsýslunni og pólitíkinni, að leiða þetta mál ekki til lykta í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu.

[18:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. ráðherra talar stöðugt um að stór hluti þjóðarinnar vilji skoða þetta. Það hefur aldrei farið fram kosning um það. Þeir sem búa úti á landi segja aðra sögu en þeir sem búa í Reykjavík, eins og hæstv. ráðherra.

Ég vil halda áfram að tala um lýðræðisást hæstv. ráðherra sem hann segir vera mikla en samt vill hann fara í þjóðaratkvæðagreiðslu sem ekki er bindandi. Þegar búið er að semja fer áróðursmaskína Evrópusambandsins á fullt við að telja fólk á að samþykkja eitthvað sem samninganefndir okkar hafa náð fram. Af hverju í ósköpunum vill hæstv. ráðherra ekki spyrja þennan drjúga hluta þjóðarinnar hvort hann vilji yfirleitt ganga inn í þetta samband sem hann er á móti eins og ég? Af hverju vill hann ekki spyrja þjóðina hvort hún vilji ganga í þetta samband eða eitthvað annað, Bandaríkin eða eitthvað svoleiðis?

[18:19]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er sjónarmið sem margir hafa og berjast fyrir og þeir munu greiða atkvæði með tillögum í þá veru sem liggja fyrir þinginu. Ég gerði fyrir mitt leyti samkomulag um annað, komst að annarri niðurstöðu um þetta ferli. (**PHB:** Hvaða hagsmuni … samkomulag?) Hv. þingmaður setur alla hluti sem menn segja inn í þröngan hagsmunafarveg. Það eru einhverjir hagsmunir sem ég á að vera að gæta eða hafna. Þetta snýst ekki um slíkt. Ég er að segja að það sem máli skiptir á endanum er að málið fái lýðræðislega niðurstöðu og hún verði fengin í lýðræðislegri kosningu.

[18:20]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að við hæstv. heilbrigðisráðherra séum ekki alveg sammála um lýðræðið. Hann talar um að drjúgur hluti þjóðarinnar vilji fara inn í Evrópusambandið en samt er hann ekki tilbúinn að rökstyðja af hverju hann vilji ekki tvöfalda atkvæðagreiðslu, svo að fólkið okkar fái að kjósa um hvort það fari þessa leið.

Varðandi kostnaðinn. Ráðherrann taldi sig ekki vita á hverju þessir þúsund milljarðar væru byggðir. Ég skal útskýra það. Það er af nálguninni á viðræðurnar. Ódýrasta nálgunin er væntanlega þessi vika sem hæstv. ráðherra talaði um, þar sem ekki er lögð áhersla á samningsmarkmið og samningsviðræður. Dýrasta nálgunin kostar a.m.k. 1.000 millj., þ.e. viðræður með víðtæk samningsmarkmið sem væru undirbyggð með mjög mikilli sérfræðilegri greiningu, erlendri ráðgjöf og virku baklandi. Árið 2010 er áætlað að skera þurfi niður í heilbrigðisráðuneytinu, ráðuneyti hæstv. ráðherra, um 4.753 millj. Finnst hæstv. ráðherra í ljósi þess forsvaranlegt að verja 1.000 millj. í að fara í viðræður um samning sem ráðherrann er algerlega staðráðinn í að hafna?

[18:21]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tel að þessar fjárupphæðir þurfi að koma til skoðunar og hugsanlega endurskoðunar og tek undir áhyggjur hv. þingmanns.

[18:21]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þetta var það rýrasta svar sem ég hef nokkurn tíma heyrt frá hæstv. ráðherra. Þetta var ekki svar. Þetta voru hártoganir og maðurinn er með hár, ólíkt öðrum

þingmanni sem var hérna í dag. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra aftur: Finnst ráðherranum forsvaranlegt að henda 1.000 millj. kr. í aðildarumsóknarferli sem ráðherrann ætlar að berjast gegn? Sem sagt: Hann vonast til þess að þessum 1.000 millj. verði varið til einskis þegar skera þarf niður um 4.753 millj. í heilbrigðisráðuneytinu á næsta ári. Ég verð að segja að miðað við málflutninginn og þversagnirnar sem hafa komið fram í máli hæstv. ráðherra og annarra þingmanna Vinstri grænna er eins og Vinstri grænir séu orðnir dótturfélag í Samfylkingunni Group.

[18:23]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ítreka að mér finnst miklu til kostnað og að taka þurfi þessar upphæðir til endurskoðunar. Ýmsir, eins og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, telja meira að segja þessar upphæðir vanreiknaðar. Það er rétt hjá hv. þingmanni. Þetta er komið undir hvaða nálgun við höfum á málin. Ég er þeirrar skoðunar að hægt sé að nálgast þetta og ná okkar markmiðum á ódýrari hátt en hér er gert ráð fyrir. Þetta er álitamál sem þarf að koma til skoðunar.

[18:24]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Mikið hefur verið fjallað um þingsályktunartillögurnar sem liggja fyrir þinginu og mörgum hefur verið heitt í hamsi. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim sem hafa komið hérna upp og lagt eitthvað til málanna sem byggist á þeirra eigin sannfæringu, hvort sem ég er sammála þeim eða ekki, vegna þess ég tel að menn séu staddir á Alþingi Íslendinga til að greiða atkvæði eftir sinni sannfæringu, ekki eftir því hvort einhver ríkisstjórn komi til með að lifa af þennan dag eða þann næsta. Ég skora á þingmenn og þá sérstaklega hæstv. heilbrigðisráðherra að greiða atkvæði um þessi mál eftir sinni sannfæringu og sinni stefnu í pólitík.

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst með umræðum um Evrópusambandið frá því að ég byrjaði að fylgjast með pólitík. Eins og hæstv. heilbrigðisráðherra fór yfir áðan var lögfestur aðildarsamningur að EES á síðustu öld og frá þeim tíma hefur verið ljóst að við höfum verið í samstarfi við Evrópusambandið. Því hafa vissulega fylgt kostir og gallar þannig að við höfum ákveðna reynslu. Margir segja að með þeim samningi höfum við tekið upp allt það besta sem sambandið hefur upp á að bjóða en skilið eftir það versta og það sem minnst hentar okkur og okkar hagsmunum, sem vissulega eru sérstakir. Þetta ástand hefur verið í nokkur ár og vissulega hefur það nýst okkur vel. En ég hef haft þá skoðun að okkar hagsmunum sé best borgið utan Evrópusambandsins og hef aðallega byggt það á skoðun minni á landbúnaðarstefnu sambandsins og sjávarútvegsstefnu þess.

Í kjölfar þeirra atburða sem urðu við hrun bankanna sl. haust var engu að síður nauðsynlegt fyrir alla sem starfa í pólitík og alla Íslendinga að skoða hug sinn varðandi ýmsar grundvallarspurningar, þar á meðal varðandi Evrópusambandsaðild. Ég fór í gegnum slíka skoðun ásamt mínum flokki. Viðamikil vinna fór fram á vegum Sjálfstæðisflokksins við að meta hvort ástæða væri til að breyta hagsmunamatinu eða hvort breyting hafi orðið á hagsmunum Íslands að ástæða væri til að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þetta var mikil vinna á mörgum fundum. Mjög margir sjálfstæðismenn komu að þeirri vinnu og margir fræðimenn voru fengnir til skrafs og ráðagerða. Ferlið var allt saman afskaplega opið og m.a. unnið á netinu, þar sem allir Íslendingar gátu tekið þátt. Þessi vinna var vel nýtt, gríðarlega margir tóku þátt í henni en niðurstaðan var skýr: Hagsmunum Íslands er best borgið utan Evrópusambandsins. Í gegnum alla þessa vinnu sannfærðist ég um að mín upphaflega skoðun var rétt og þetta nýja hagsmunamat breytti ekki skoðun minni. Niðurstaðan er að hagsmunum Íslands er best borgið utan Evrópusambandsins. Engu að síður komst landsfundur Sjálfstæðisflokksins að þeirri niðurstöðu að ef sú staða yrði uppi á Alþingi Íslendinga að meiri hluti væri fyrir því að sækja um aðild að Evrópusambandinu þá væri algerlega ljóst að þjóðin ætti að eiga síðasta orðið. Mikið hefur verið rætt hvort, hvenær og hvernig þjóðaratkvæðagreiðsla ætti að fara fram. Þar greinir menn afskaplega mikið á.

Ég vil gera, frú forseti, að umtalsefni breytingartillögu sem lögð hefur verið fram af þeim hv. þm. Bjarna Benediktssyni og Þorgerði K. Gunnarsdóttur. Þar er til í fyrsta lagi lagt til að brott falli 1. málsl. tillögugreinarinnar en í hans staði komi, með leyfi forseta þrír nýir málsliðir sem orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort Ísland skuli sækja um aðild að Evrópusambandinu. Skal þjóðaratkvæðagreiðslan fara fram hið allra fyrsta og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá samþykkt tillögu þessarar. Verði aðildarumsókn samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal ríkisstjórnin leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu.“

Virðulegi forseti. Þarna er lagt til að þjóðin fái að segja sitt um það hvort lagt verði í þessa kostnaðarsömu vegferð til Brussel. Ástæðan fyrir þessari breytingartillögu er að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki til þess meiri hluta og styrk að standa sjálfir að þessari þingsályktun þannig að sómi sé að og hægt að fara í þessa vegferð til Brussel til að vinna þar af einhverju viti. Ef ríkisstjórnin er klofin í málinu og veit ekki í hvorn fótinn hún á að stíga, veit ekki hvort það er raunverulegur vilji á bak við það að fara inn eða ekki, hvernig heldur þingheimur þá, virðulegi forseti, að samningaviðræðurnar komi til með að fara fram. Hvernig haldið þið að viðsemjendur okkar taki á móti samninganefndinni? Verður ekki fyrsta spurningin að gera skoðanakönnun á meðal samninganefndarmanna um hvað þeir vilja gera? Hvernig verður þetta eiginlega? Er eitthvert vit í þessu? Ég segi nei. Það er því nauðsynlegt á þessu stigi málsins að þjóðin verði spurð álits, ekki vegna þess að það eigi að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla í öllum málum heldur einfaldlega vegna þess að málið varðar mikla hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Hér er ekki starfandi ríkisstjórn sem hefur kjark eða getu til að standa samhuga að þessu máli, frekar en mörgum öðrum málum sem er virkilega brýnt að taka á í þessu þjóðfélagi.

Síðan er það tímasetningin á aðildarumsóknni sem ætlunin er að fara með til Brussel en mikil álitaefni eru uppi

um það hversu sterk samningsstaða Íslands er eins og staðan er nú í íslensku efnahagslífi. Mér er mjög til efs að það sé okkur, íslenskri þjóð, til góðs að fara í þessa miklu vegferð til Brussel í því ástandi sem við erum. Við erum, eins og margir hafa sagt hér, í vanda. Efnahagslífið er ekki sterkt og hvernig komum við til með að líta út í augum viðsemjenda okkar, óskandi eftir því með hálfum huga að fá að vera með, meðan við getum ekki verið þess fullviss að við stöndum almennilega í lappirnar hér heima? Viðsemjendur okkar munu líta á okkur eins og ölmusuþega þarna úti. Ég tel að þetta sé ekki rétti tíminn og það sé jafnframt hálffurðulegt að við stöndum hér á heitu júlíkvöldi að ræða þetta mál meðan nóg er af öðrum verkefnum að taka fyrir ríkisstjórnina.

Hvers vegna erum við í dag á Alþingi Íslendinga að ræða um Evrópusambandið? Hvers vegna erum við ekki að ræða hvernig eigi að skera niður i ríkisrekstri? Hvers vegna erum við ekki að tala um hvernig eigi að endurreisa íslensku bankana? Þetta eru tvö lykilatriði sem eru nauðsynleg til að koma efnahagslífinu aftur í samt horf. Hvers vegna, frú forseti, er lögð þessi áhersla á þetta mál og hvers vegna er þessi asi viðhafður?

Frú forseti. Ég svara spurningunni þannig að það er einfaldlega vegna þess að þetta er eina mál Samfylkingarinnar. Þetta er það eina sem tilvera Samfylkingarinnar snýst um og þess vegna stöndum við hér og eyðum tíma Alþingis í þetta mál í staðinn fyrir að tala um heimilin í landinu, endurreisn bankanna, niðurskurð í ríkisrekstri. Ég tel að þetta sé ekki rétt forgangsröðun og að tíma Alþingis og íslensku þjóðarinnar sé ekki vel varið með þessari forgangsröðun.

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað mér að tala hér um breytingartillögu þeirra hv. þingmanna Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar K. Gunnarsdóttur og ég hef farið yfir fyrri hluta tillögunnar, sem snýr að því að þjóðin hafi fyrsta orðið um það hvort við förum í þessa vegferð eður ei. Af andstæðingum tillögunnar hefur því verið fleygt að þetta sé kosning um að kjósa um að kjósa um að fara kannski til Brussel, sem er að sjálfsögðu hártogun, svo að ég noti það orð aftur þrátt fyrir að hv. þm. Þráinn Bertelsson hafi ekki verið hrifinn af því þegar ég beindi því orði að honum.

Virðulegi forseti. Ég er einfaldlega ekki sammála því að þetta sé tímasóun enda segir í tillögunni að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli fara fram innan þriggja mánaða frá því að hún hefur verið samþykkt. Það er ansi þröngur tímarammi sem þarna er veittur vegna þess að stuttur tími er til stefnu og engin ástæða til að velta sér upp úr þessu lengur en þörf er á. Tillagan er með innbyggt að þetta taki snöggt af og taki ekki langan tíma í meðferð, þannig að ég vísa mótrökum andstæðinga tillögunnar algerlega á bug og tel að ekki þurfi að ræða þau frekar.

Virðulegi forseti. Í seinni hluta breytingartillögunnar kemur fram, með leyfi forseta, að við bætist tveir nýir málsliðir sem svo hljóða, með leyfi forseta:

„Náist aðildarsamningur milli Íslands og Evrópusambandsins skal ríkisstjórnin þegar í stað ráðast í að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá, og eftir atvikum öðrum lögum, sem af aðild leiðir. Að því loknu skal aðildarsamningurinn borinn undir Alþingi til staðfestingar og að henni fenginni skal ríkisstjórnin efna til bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um væntanlegan aðildarsamning.“

Virðulegi forseti. Þarna kristallast grundvallarmunur á því hvaða afstöðu þingmenn hafa til þjóðaratkvæðagreiðslna. Þarna er lagt til að sköpuð verði sú umgerð að þjóðin fái í raun að hafa síðasta orðið, ekki eingöngu fyrsta orðið eins og fyrri hluti breytingartillögunnar kveður á um, heldur einnig síðasta orðið.

Í tillögu ríkisstjórnarflokkanna, eða hluta af ríkisstjórnarflokkunum, er gert ráð fyrir að það verði eingöngu ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla sem muni fara fram um hinn endanlega aðildarsamning, náist hann einhvern tíma á blað. Það tel ég ekki fullnægjandi og þess vegna mun ég styðja þessa breytingartillögu. Það er einfaldlega ekki boðlegt að reyna að sannfæra þjóðina um að hún fái að segja sitt lokaorð, eins og ríkisstjórnarflokkarnir eru að reyna að gera, án þess að niðurstaða kosningarinnar hafi nokkurt gildi. Án þess að niðurstaðan sé bindandi fyrir þingið. Þetta er einfaldlega skrípaleikur og ég skil ekki, frú forseti, þá þingmenn sem hafa talað af ástríðuhita og miklum þunga um lýðræðið, gagnsæi o.s.frv. í þessari umfjöllun en ætla svo að greiða atkvæði gegn þeim breytingum sem lagðar eru til. Ég tel fullvíst að það verði stór meiri hluti hér á þinginu fyrir þeim og þá sérstaklega þeirri síðari ef, frú forseti, menn standa við sannfæringu sína.

Menn eiga ekkert að vera feimnir við að standa við sannfæringu sína vegna þess að allir þeir sem sitja á hinu háa Alþingi í umboði þjóðarinnar hafa sótt umboð sitt til kjósenda og hafa staðið úti í sínu kjördæmi og talað fyrir stefnu síns flokks og sínum hugsjónum. Það er því grátlegt að horfa upp á að ýmsir þeirra bera svo litla virðingu fyrir stefnu flokks síns, fyrir sinni eigin sannfæringu og þar með í rauninni fyrir sjálfum sér, að þeir geta ekki einu sinni staðið í lappirnar og kosið eftir eigin sannfæringu. Það er grátlegt, frú forseti, og ég treysti því að við horfum ekki upp á það í raun þegar greidd verða atkvæði um þessar tillögur hér í þinginu. Ég hef þá trú á íslenskum alþingismönnum að þeir hafi bein í nefinu og kjark til að gera eins og þeirra eigin þeirra sannfæring býður þeim.

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég hef talið að hagsmunum okkar Íslendinga sé betur borgið utan Evrópusambandsins en innan hefur aðallega grundvallast á nokkrum málaflokkum. Það eru sjónarmið varðandi landbúnaðinn, sjávarútveginn, orkuauðlindir landsins, fullveldið, atvinnuleysistölur úr Evrópu og svo það hvert Evrópusambandið stefnir og hvernig það muni þróast í náinni framtíð.

Mikið hefur verið fjallað um landbúnað hér í dag og ég fagna því sérstaklega. Reyndar er tilefnið að ríkisstjórnarflokkarnir reyndu að halda leyndri skýrslu sem var gerð um það hvernig finnska leiðin mundi koma út fyrir Íslendinga. Í *Morgunblaðinu* í dag birtist grein eftir Harald Benediktsson, sem er formaður Bændasamtaka Íslands.

Þar segir hann m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir fáar starfsstéttir skiptir sá dagur, sem ákveðið verður að sækja um aðild að ESB, meira máli en bændur.“

Síðan segir á öðrum stað, með leyfi forseta:

„Þau sem styðja aðildarumsókn eru að senda bændum skilaboð um að huga sem minnst að framtíðaruppbyggingu búa sinna. Skipuleggja undanhaldið.“

Já, virðulegi forseti, formaður Bændasamtaka Íslands hefur ekki mikla löngun til þess að Ísland gangi í Evrópusambandið og það er rétt mat hjá honum, út frá þeim hagsmunum bænda sem honum ber að gæta. Það liggur fyrir að tekjur búa munu dragast verulega saman vegna lækkandi afurðaverðs og verðlækkana til bænda verði gengið í Evrópusambandið. Jafnframt er að finna á vef Bændasamtaka Íslands umfjöllun um hvernig landbúnaður hefur verið tryggður í þessari Evróputillögu stjórnarflokkanna.

Í því áliti segir m.a., með leyfi forseta: „Þótt lögð sé áhersla á mikilvægi íslensks landbúnaðar í umsögn nefndarinnar er vart hægt að segja að slegnir séu þeir varnaglar sem veitt gætu landbúnaðinum skjól ef til aðildar kæmi. “

Frú forseti. Mér þykir þetta afskaplega athyglisvert. Þetta er rétt ályktun hjá Bændasamtökunum. Hvers vegna er ekki fjallað um það og settir einhverjir varnaglar vegna landbúnaðarins í tillögunni sem stjórnarflokkarnir leggja fram? Getur það verið vegna þess að stjórnarflokkarnir — og þá er ég aðallega að tala um Samfylkinguna vegna þess að þetta er hennar mál — séu þegar farnir að forgangsraða þeim hagsmunum íslensku þjóðarinnar sem þeir eru tilbúnir að fórna? Getur verið að þeir aðilar innan ríkisstjórnarinnar sem langar afskaplega mikið að ganga í Evrópusambandið séu tilbúnir að fórna hagsmunum íslensks landbúnaðar í samningaviðræðum? Er það ástæðan fyrir því að ekki eru settir varnaglar í tillöguna? Er það gert til þess að einhver leið sé út? Ég tel miklar líkur á að svo sé og tel því nauðsynlegt að ræða ítarlega hér á hinu háa Alþingi um hagsmuni landbúnaðarins og mikilvægi hans fyrir íslenskt þjóðarbú.

Í kjölfar bankahrunsins í október kom í ljós mikill áhugi á íslenskum landbúnaði í samfélaginu. Haldnar voru margar ráðstefnur og fundir í kjölfar bankahrunsins um hvaða tækifæri við höfum í íslenskum landbúnaði. Það var gríðarlega góð og skemmtileg umræða. Ég man sérstaklega eftir málþingi á Skógum í Rangárþingi eystra, sem hv. þm. Árni Johnsen stóð fyrir, þar sem rætt var um tækifærin varðandi byggrækt, hveitirækt og lífdísil, repjuna þar af leiðandi, að ógleymdum tækifærunum sem felast í því stóra fyrirtæki sem heitir Orf líftækni og vinnur að því að vinna efni til lyfjagerðar úr erfðabreyttu byggi. Mikil tækifæri liggja víða, líka í landbúnaðinum. Þess vegna er full þörf á að standa vörð um íslenskan landbúnað og hagsmuni hans í þessari vinnu og þessari vegferð sem ríkisstjórnarflokkarnir eru að senda okkur í.

Ég hef ekki heyrt betur en að Vinstri grænir hafi mikinn áhuga á íslenskum landbúnaði og beri hagsmuni hans fyrir brjósti. Þess vegna bið ég þá enn og aftur að íhuga á hvaða vegferð þeir eru, hvort þeir ætli sér virkilega að láta Samfylkinguna stýra sér inn í að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Er það virkilega í samræmi við stefnu og yfirlýsingar Vinstri grænna hér fyrir kosningar?

Virðulegi forseti. Það þarf hver og einn þingmaður að eiga það við samvisku sína hvernig hann kýs en ég skora enn og aftur á þingmenn að fylgja sinni sannfæringu.

Virðulegi forseti. Varðandi hagsmuni sjávarútvegsins er náttúrlega gríðarlega mikilvægt að öll umgjörð íslensks sjávarútvegs sé stöðug vegna þess að sjávarútvegurinn er okkar helsta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein, hefur verið það og mun verða um ókomna tíð ef okkur auðnast að standa vörð um þessa miklu auðlind. Vissulega þekkjum við Evrópusambandið eins og það er í dag en sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er til endurskoðunar og við höfum ekki hugmynd um í hvaða átt hún muni þróast. Þó er algjörlega ljóst, þrátt fyrir yfirlýsingar ýmissa talsmanna aðildar að ESB, að það verða ekki Íslendingar sem koma til með að ráða því hvernig Evrópusambandið verður og við munum því miður ekki ráða því hvernig sjávarútvegsstefna þess verður.

Virðulegi forseti. Tími minn er að renna út og það eru afskaplega mörg atriði sem ég hef ekki náð að koma inn á hér í dag. En ég vil einfaldlega enda á því að segja að stærsta verkefni íslenskra stjórnmálamanna er að vekja von í brjóstum Íslendinga um að hér sé björt framtíð og að við komum til með að byggja hana á þeim kostum sem við höfum, orkunni okkar, auðlindunum til lands og sjávar, hvort sem er vatn, fiskur, menntun starfsmanna okkar, sterkt lífeyriskerfi eða mannauðurinn sem byggir þetta land. Þetta verða okkar sterkustu vopn í kreppunni og koma okkur upp úr efnahagslægðinni sem við erum stödd í. Á þessu eigum við að byggja okkar sókn. Við eigum að treysta á okkur sjálf og standa með okkur sjálfum. Við eigum að standa með Íslandi. Það er stærsta verkefni íslenskra stjórnmálamanna og til þess erum við kosin á Alþingi.

Hér stendur hópur fólks fyrir utan Alþingishúsið og hrópar allan daginn: Áfram Ísland. Ég segi (Forseti hringir.) einfaldlega: Áfram Ísland. Við höldum áfram og við komum til með að byggja á okkar landkostum (Forseti hringir.) það sem eftir er.

[18:45]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. En það er eitt sem ég var ekki alveg sáttur við. Hún sagði að Evrópusambandið væri með lélega fiskveiðistefnu og hún hafði enga trú á því að við gætum leiðbeint þeim. Ég hef hins vegar trú á því að við getum leiðbeint þeim. Okkur hefur tekist, af því að við verðum, við neyðumst til að vernda fiskstofnana við Ísland kannski ekki eins vel og flestir vildu en vernda þá samt engu að síður. Það er talið að fiskveiðistefna Íslendinga sé með þeim betri og þess vegna gætum við kennt Evrópusambandinu utan þess og innan. Við gætum kennt því ef við værum aðilar og við gætum líka kennt því ef við erum utan. Þess vegna er ég ekki alveg sammála því að við getum ekki kennt Evrópusambandinu.

En Evrópusambandið getur breytt fiskveiðistefnunni í þessa veru og ætlar að gera það. Það stendur til. Það þýðir líka að það getur breytt henni til baka. Það þýðir að eftir tíu ár þá vantar ESB fisk og Spánverja langar til að veiða fisk við Ísland og þá breytir sambandið hreinlega stefnunni til baka og þá eru Íslendingar pikkfastir inni og geta ekki annað en hlýtt.

[18:46]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir andsvarið. Hann einfaldlega misskildi orðalag mitt eða

kannski var ég ekki nógu skýr. Ég er þess fullviss að við getum kennt Evrópusambandinu margt og sérstaklega varðandi sjávarútveginn. Ég sagði hins vegar að við komum ekki til með að ráða því hvernig sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins komi til með að líta út og það verður ekki þannig að Íslendingar einir þjóða innan eða utan Evrópusambandsins komi til með að stjórna sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, hvorki í náinni framtíð né eftir 50 ár eða eftir 100 ár, eins og hv. þm. Pétri H. Blöndal er svo tamt að tala um Evrópusambandið.

Það er rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að sjávarútvegsstefna okkar er til fyrirmyndar alls staðar í heiminum. Fólk lítur hingað eftir fyrirmynd. Það er einfaldlega vegna þess að þetta er okkar grundvallaratvinnugrein. Við lifum og hrærumst í þessu alla daga og það er þess vegna sem við höfum þurft að þróa það kerfi sem hér er til þess að halda vel utan um auðlindina okkar. Þess vegna, eins og ég lýsti hér áðan, hef ég áhyggjur af því að eyða tíma í að ræða hér um Evrópusambandið og ég hef jafnframt áhyggjur af þeirri umræðu sem sett var af stað hér í kjölfar kosninga um fyrningarleiðina sem ríkisstjórnarflokkarnir eru að vinna að. Það hefur valdið miklum óróa í sjávarútveginum, miklum óróa í greininni og það er einfaldlega ekki það sem við þurfum á að halda núna, að rugga þeim bát eða þeirri kjölfestu sem í bátnum okkar er. Á því þarf ekki íslensk þjóð að halda í dag. Við þurfum að halda vel á spilunum. Við höfum fullt af trompum á hendi. Við þurfum bara að vita hver þau eru, sjá þau sjálf, horfa á trompin okkar, standa með okkur sjálfum og byggja á þeim stóra og góða grunni sem við eigum hér í þessu landi. Ég hef trú á að við getum það. Ég veit að hv. þm. Pétur H. Blöndal veit að við getum það. Spurningin er bara að við stöndum með okkur sjálfum og vinnum á þessum trausta grunni sem við þó höfum hér í þessu landi.

[18:48]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég kem upp hér um fundarstjórn forseta einfaldlega til þess að leita eftir því hvort hæstv. utanríkisráðherra sé í húsinu og hvort hann gæti hugsanlega verið viðstaddur ræðuna vegna þess að ég hafði í huga að beina ákveðnum spurningum til hans. Ef hæstv. utanríkisráðherra er í húsinu vildi ég gjarnan að honum yrði gert viðvart. Ef hann getur ekki verið hér til svara þá neyðist ég til þess að koma fram með þessar spurningar gagnvart honum sennilega seinna í umræðunni. Hins vegar vil ég spyrja forseta hvort mögulegt væri að fá hæstv. utanríkisráðherra til þess að koma hingað til að veita svör.

[18:49]

Forseti (Siv Friðleifsdóttir):

Forseti getur upplýst að hæstv. utanríkisráðherra er ekki í húsinu sem stendur. En forseti mun gera ráðstafanir til að kanna hvort hægt sé að ná í hæstv. utanríkisráðherra.

[18:50]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég nefndi í örfáum orðum mínum hér áðan að ég hefði haft hug á því að beina tilteknum spurningum til hæstv. utanríkisráðherra, spurningum sem ég tel að séu afskaplega mikilvægar í ljósi þess hvernig þessi umræða hefur þróast og einmitt í ljósi þess að hæstv. utanríkisráðherra er sá ráðherra sem mun, verði tillaga ríkisstjórnarinnar samþykkt, hafa forræði og fara fyrir samningaviðræðum Íslendinga í þessum málum. Þess vegna er mikilvægt að hæstv. utanríkisráðherra komi inn í þessa umræðu með þeim hætti að unnt sé að spyrja hann hvernig hann túlki ýmsa liði til dæmis í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar sem skipta verulegu máli þegar kemur að samningaviðræðunum.

Spurningar mínar að hæstv. utanríkisráðherra fjarstöddum verða fyrst og fremst retórískar eða ég kem til með að nefna þau atriði sem ég hef áhuga á að fá upplýsingar um frá utanríkisráðherra og ef aðrir hv. þingmenn geta upplýst mig um það hvernig þeir skilja þetta þá er það gagnlegt. En engu að síður er nauðsynlegt áður en þessari umræðu lýkur að hæstv. utanríkisráðherra hafi með skýrum hætti tjáð sig um þá þætti.

Þessi atriði sem ég ætla að nefna eru kannski fyrst og fremst þau sem snúa að þeim sjónarmiðum sem koma fram í áliti meiri hlutans og hafa hér í umræðunni ýmist verið kölluð skilyrði, samningsmarkmið, leiðbeiningar eða hvaða orð hafa verið notuð. Það er ekki orðhengilsháttur af minni hálfu að spyrja um þetta vegna þess að þetta er lykilatriði. Það er lykilatriði ef svo færi að gengið yrði til samningaviðræðna við Evrópusambandið um aðild Íslands að það liggi fyrir hvort þeir sem fara með samningsumboðið fyrir Íslands hönd líti svo á að samþykkt Alþingis setji þeim skilyrði, setji þeim markmið eða hvort aðeins sé um leiðbeiningar að ræða. Þetta skiptir grundvallarmáli. Ég fer ekki nánar út í þetta, hæstv. forseti, að svo stöddu en áskil mér rétt til þess síðar í þessari umræðu að beina spurningum í þessa veru í átt til hæstv. utanríkisráðherra sem ekki er staddur hér nú.

Annað atriði sem ég ætlaði að víkja að varðandi hæstv. utanríkisráðherra var einfaldlega að fá skilning hans á því hvort um væri að ræða alvöru samningaviðræður við Evrópusambandið um aðild Íslands, ef tillaga ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga, eða hvort einungis sé um að ræða einhvers konar þreifingar eða könnunarviðræður svona til þess að sjá hvað sé í pakkanum og athuga málin, því að í máli þeirra sem hafa lýst sig fylgjandi þessari tillögu hefur það alls ekki verið ljóst hvort það er það sem þeir telja sig vera að samþykkja. Sumir hv. þingmenn hafa talað skýrt um það að tillaga ríkisstjórnarinnar feli það í sér að verið sé að leita alvörusamninga við Evrópusambandið með það að markmiði að Ísland verði aðili að sambandinu. Aðrir hv. þingmenn, reyndar sennilega fleiri, hafa talað á þann veg að hér sé einungis um að ræða einhvers konar þreifingar, einhvers konar könnunarviðræður bara svona til þess að sjá hvað sé í boði hjá Evrópusambandinu, hvernig menn ætli að bregðast við hinum og þessum kröfum okkar.

Það er mikilvægt að það komi fram áður en þessari umræðu lýkur hvernig þeir eða sá kannski fyrst og fremst sem á að fara fyrir samninganefnd Íslands og hefur stjórnskipulega það hlutverk að leiða samningaviðræður við önnur lönd og alþjóðastofnanir, þ.e. hvernig hann skilur það, hvort hann telji að hann sé að fara í einhvers konar þreifingar, einhvers konar könnunarviðræður, einhvers konar

leiðangur til þess að skoða hvaða kostir séu í boði, svona einhvers konar rannsóknarferð eða einhvers konar athugun. Það skiptir máli að það komi fram ef það er skilningur hæstv. utanríkisráðherra eða hvort það er skilningur hans að með því að samþykkja þessa tillögu sé Alþingi að stefna að aðild að Evrópusambandinu, að stefna að aðild, því að auðvitað er sá sem sækir um aðild að alþjóðasamtökum eða yfirþjóðlegri stofnun að sækja um aðild. Ef hann hefur umræður eða viðræður með því að senda inn umsóknarbeiðni þá er hann að sækja um aðild. Hann er ekki bara að fara í einhverjar þreifingar. Hann er ekki bara að gá hvað sé í pakkanum. Hann er ekki bara að skoða hvað sé í boði. Hann er að sækja um aðild að viðkomandi sambandi eins og það er. Þetta er mikilvægt að komi skýrt fram við þessa umræðu og þess vegna mun ég spyrja hæstv. utanríkisráðherra þessarar spurningar: Er um að ræða alvöru samningaviðræður með það að markmiði að ná samkomulagi eða er um það að ræða að menn séu bara svona að þreifa á Evrópusambandinu og gá svona hvað hugsanlega sé í boði hjá því? Það skiptir verulegu máli.

Að allt öðru máli. Hér í þessari umræðu hefur töluvert verið fjallað um tillögu sjálfstæðismanna í utanríkismálanefnd, hv. þingmanna Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og Bjarna Benediktssonar, um að farið verði í sérstaka þjóðaratkvæðagreiðslu til þess að kanna hug þjóðarinnar til þess hvort hefja eigi umsóknarferlið, hvort senda eigi inn umsókn til Evrópusambandsins. Þetta er breytingartillaga sem hv. þingmenn fluttu í utanríkismálanefnd og hún var lögð hér fyrir þingið. Eðlilega hefur þetta komið verulega mikið til umræðu hérna enda er þarna um að ræða töluvert aðra nálgun en felst í tillögu ríkisstjórnarinnar. Ég vildi bara geta þess umræðunnar vegna, vegna þess að hér hefur verið fullyrt, ekki einu sinni, ekki tvisvar og ekki þrisvar að engum nokkurn tíma hafi dottið í hug að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort sækja ætti um aðild að Evrópusambandinu. Ég held meira að segja að hér á laugardaginn hafi ég samþykkt þetta sjónarmið. En ég verð hins vegar umræðunnar vegna að geta þess að það hafa komið fram upplýsingar um að svo sé ekki. Slík atkvæðagreiðsla, þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort sækja skyldi um aðild að Evrópusambandinu fór fram í Sviss árið 2001. Þar var reyndar um það að ræða, eins og siður er í því landi og algengt, að talsverður hópur kjósenda lagði fram ósk eða kröfu um að efnt yrði til slíkrar atkvæðagreiðslu og við því var orðið. Sú atkvæðagreiðsla fór fram og niðurstaða hennar var sú að ekki var farið í aðildarviðræður. En umræðunnar vegna, vegna þess að hér hefur margt verið fullyrt í þessum málum, þá vildi ég að þetta kæmi hér skýrt fram. Því er ekki rétt sem haldið hefur verið fram að engum hafi dottið í hug áður að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort sækja skyldi um aðild að Evrópusambandinu. Það er ekki rétt. Það hefur verið gert í því ríki þar sem hefðin er ríkust fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum í Evrópu, í Sviss, og þó að hugmynd hv. þingmanna Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og Bjarna Benediktssonar hafi ekkert endilega verið byggð á einhverri svissneskri fyrirmynd þá er þar komið fordæmi. Enda er það svo að ef menn eru á annað borð þeirrar skoðunar að þjóðaratkvæðagreiðslur séu mikilvægar til þess að kalla fram vilja þjóðarinnar í mikilvægum málefnum og ef menn eru þeirrar skoðunar, eins og ég held að allir þingmenn sem talað hafa í þessari umræðu séu sammála um, að þessi þingsályktunartillaga eða það skref að sækja um aðild að Evrópusambandinu sé mikilvægt mál — þetta eru tvær forsendur. Annars vegar er spurningin sú hvort menn eru almennt fylgjandi því að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram um mikilvæg mál og hins vegar er spurningin hvort þetta sé mikilvægt mál — ef menn eru sammála um þetta tvennt á ég afar bágt með að skilja að þeir geti ekki fallist á breytingartillögu hv. þingmanna Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og Bjarna Benediktssonar. Þetta er mikilvægt mál. Hver höndin er upp á móti annarri hér í þinginu. Alls konar talningar eru í gangi í sambandi við atkvæði í tillögunni og ég held að að minnsta kosti sé óhætt að fullyrða að úrslit hér í þinginu í atkvæðagreiðslu verði mjög tæp á hvorn veginn sem atkvæðagreiðslan fer. Flokkar hafa mismunandi sjónarmið um þetta. Innan flokka eru mismunandi sjónarmið um þetta. Úti í þjóðfélaginu er mikill stuðningur við það að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um þessa spurningu. Skoðanakannanir sýna 75% stuðning við þá niðurstöðu og því á ég bágt með að skilja hvernig fólk sem almennt hefur lýst sig fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslum (Forseti hringir.) geti látið hjá líða að styðja tillögu ágætra þingmanna (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokksins.

[Fundarhlé. — 19:00]

[19:31]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Nú liggur fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Á síðasta landsfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var ályktað á þann veg að hagsmunum Íslands væri betur borgið utan Evrópusambandsins. Við myndun ríkisstjórnar Vinstri grænna og Samfylkingarinnar í vor lá þessi afstaða flokksins ljós fyrir. Ég gerði grein fyrir þeirri afstöðu minni að ég gerði þann fyrirvara við stjórnarmyndunina að ég mundi greiða atkvæði gegn væntanlegri tillögu stjórnarinnar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu þegar hún kæmi til afgreiðslu þingsins. Með þeim fyrirvara var fallist á að ríkisstjórnin legði fyrir Alþingi tillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem fengi þinglega meðferð og afgreiðslu í framhaldinu.

Við meðferð málsins í utanríkismálanefnd hafa verið höfð uppi vönduð vinnubrögð og mikill fjöldi umsagna kom frá félögum, samtökum og einstaklingum sem lýsa afstöðu sinni til aðildarumsóknar að Evrópusambandinu.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um þetta stærsta ágreiningsmál þjóðarinnar og hvaða grundvallarhagsmunum beri að halda á lofti í hugsanlegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið, svo sem forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum og fiskveiðiauðlindum okkar og að tryggja íslenskan landbúnað á grundvelli fæðuöryggis. Allt er þetta gott og blessað fyrir þá sem hafa þá skoðun að hagsmunum okkar sé best borgið innan Evrópusambandsins. Við sem erum annarrar skoðunar og teljum að hagsmunum okkar sé best borgið utan þess erum að sjálfsögðu ekki að banka á dyr Evrópusambandsins og skoða matseðil þeirra þegar

hann hefur legið fyrir í fjölda ára. Hann er sá sami fyrir allar þjóðir innan Evrópusambandsins, staðlaður að hætti hússins og ókræsilegur fyrir litla, sjálfstæða fiskveiðiþjóð norður í höfum. Þjóð sem vann sig upp úr fátækt á ótrúlega skömmum tíma á síðustu öld. Það ætlum við líka að gera núna í þeim miklu hremmingum sem við erum í en við ætlum að gera það á okkar forsendum með hugviti þjóðarinnar, þekkingu og auðlindum landsins ásamt óbilandi trú á framtíð Íslands. Ég trúi því að Íslendingar ætli ekki að gefast upp þótt þjóðin hafi orðið fyrir þungu höggi sem okkur var veitt af græðgisöflum og því spillingarliði sem hreiðrað hafði um sig víðs vegar í þjóðfélaginu og ekki er enn búið að uppræta allt það illgresi sem fest hafði rætur.

Því hefur verið haldið fram að þetta stóra mál, sem vissulega klýfur þjóðina í tvennt í afstöðu sinni, þurfi að leiða til lykta í eitt skipti fyrir öll. Vissulega er það sjónarmið út af fyrir sig en er það á bætandi við þá miklu erfiðleika sem við glímum við nú og stjórnvöld sem standa upp fyrir haus í björgunaraðgerðum fyrir þjóðina að við séum þá að eyða tíma, fjármunum og vinnu ráðuneytisfólks í þetta umdeilda mál þegar við ætlum að einbeita okkur að því að endurreisa efnahags landsins? Nei, Evrópusambandið er ekki sá björgunarhringur sem við þurfum á að halda nú. Nei, það eru engar skyndilausnir eða auðveld leið úr þeim mikla vanda sem við glímum við. En þeir sem trúa því að innganga í ESB lækki vexti og verðlag ásamt því að við fáum sterkari gjaldmiðil eru á villigötum. Þetta eru tálvonir einar því það tekur fjölda ára að uppfylla Maastrichtskilyrðin, skilyrði um að mega taka upp evru sem gjaldmiðil. Þá mega skuldir þjóðarbúsins ekki vera meiri en 60% af vergri landsframleiðslu. Þegar við höfum náð því marki verðum við í nokkuð góðum málum efnahagslega og í sterkri stöðu í samfélagi þjóðanna. Þá mun ekki hvarfla að neinum að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Stórfellt atvinnuleysi hefur verið eitt helsta einkenni Evrópusambandsins þar sem þunglamalegur vinnumarkaður hefur lítinn sveigjanleika og stór hópur ungs fólks kemst aldrei út á vinnumarkaðinn. Þetta er að hluta til þáttur í hagstjórn aðildarríkjanna. Við Íslendingar höfum hingað til ekki þekkt nema mjög takmarkað atvinnuleysi en gengi krónunnar hefur vissulega jafnað hagsveiflur í landinu. Atvinnuleysi er mikið þjóðarböl sem við munum aldrei geta sætt okkur við. Það má því ekki festa hér rætur og við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að atvinnuleysið sem efnahagshrunið kallaði yfir okkur festist ekki í sessi.

Hagsmunir okkar í sjávarútvegsmálum vega þungt í umræðunni um aðild að Evrópusambandinu. Þær skoðanir hafa komið fram að fiskveiðistjórnarkerfið okkar með frjálsa framsalinu og samþjöppun veiðiheimilda sé það gallað að eins gott sé að lúta stjórn Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum. Þessi hugsanagangur finnst mér vera alger uppgjöf. Við verðum að hafa kjark til að breyta okkar sjávarútvegsstefnu og gera það sjálf. Sú vinna er að fara í gang þar sem jafnræði og réttsýni verður höfð að leiðarljósi. Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins hefur ekki verið til fyrirmyndar en nú stefnir sambandið að endurskoðun stefnunnar og þar á meðal að upptöku frjáls framsals sem mesta gagnrýni hefur fengið hérlendis í fiskveiðistjórnarkerfi okkar.

Hagsmunir íslensks landbúnaðar eru í gífurlegri hættu ef við færum í Evrópusambandið. En það gera örugglega ekki allir sér grein fyrir því hve miklir hagsmunir eru þar í húfi. Við mundum tapa fjölda starfa í landbúnaði, í beinum og afleiddum störfum vítt og breitt um landið. Og ekki má landsbyggðin við því í þeirri varnarbaráttu sem hún stöðugt háir.

Eitt af því sem kom í ljós við efnahagshrunið var hve mikilvægt það er fyrir okkur sem þjóð að vera sjálfum okkur nóg í matvælaframleiðslu og tryggja þar með fæðuöryggi þjóðarinnar. Við inngöngu Finna í Evrópusambandið lækkaði verð til bænda á flestum afurðum, búum fækkaði, smærri bú sameinuðust eða urðu gjaldþrota. Við þetta jókst atvinnuleysið í Finnlandi. Íslenskur landbúnaður getur ekki keppt á jafnræðisgrundvelli við landbúnað á meginlandi Evrópu. Það segir sig sjálft. Ég vil ekki sjá íslenskan landbúnað háðan styrkjum frá Evrópusambandinu og fara í gegnum flókið ferli sem þýðir að undirgangast hátt í 4.000 reglugerðir sem snúa að landbúnaði. Við eigum sjálf að vera gerendur í okkar landbúnaðarmálum og stýra þar með stuðningi okkar við greinina. Við þekkjum best aðstæður okkar og vitum hve þýðingarmikið er fyrir þjóðarbúið að öflug landbúnaðarframleiðsla vaxi um allt land þar sem framleidd er mikil hágæðavara.

Svokallaður lýðræðishalli á Evrópusambandinu er oft til umræðu. Með inngöngu í Evrópusambandið erum við að afsala okkur fullveldi okkar í mörgum mikilvægum málaflokkum, svo sem rétti okkar til að gera fiskveiðisamninga við önnur ríki og að gera sjálf viðskiptasamninga við önnur ríki utan Evrópusambandsins. Ákvarðanataka í mörgum mikilvægum málum færi til Brussel þar sem þingmenn Evrópuþingsins eru hátt í 750 og Íslendingar gætu verið með um fimm fulltrúa. Kosningaþátttaka fólks í aðildarríkjum Evrópusambandsins til þingsins er lítil en Evrópuþingið talið frekar valdalítil stofnun. Við fengjum aðeins þrjú atkvæði af 350 í ráðherraráðinu þar sem stærstu ákvarðanir í Evrópusambandinu eru teknar. Okkur sem byggjum landsbyggðina þykir oft nóg um þegar öll ákvarðanataka stjórnsýslunnar er fjarlæg okkur á höfuðborgarsvæðinu. Hvað þá ef boðleiðir og ákvarðanatökur færu alla leið til Brussel.

Að lokum vil ég undirstrika þá gífurlegu hagsmuni sem eru í húfi fyrir okkur sem fullvalda þjóð ef við göngum í Evrópusambandið. Við værum að fórna fullveldi þjóðarinnar og sú ákvörðun verður ekki afturkræf fyrir komandi kynslóðir. Þjóðin stendur því á miklum tímamótum. Hún berst fyrir tilveru sinni á mörgum vígstöðvum. Látum ekki tímabundna erfiðleika hrekja okkur til uppgjafar og til inngöngu í Evrópusambandið. Við höfum fulla burði til að standa á eigin fótum og eiga góð samskipti við aðrar þjóðir á jafnræðisgrundvelli innan sem utan Evrópusambandsins. Við höfum sýnt það í gegnum árin að í krafti sjálfstæðis þjóðarinnar höfum við byggt upp lífskjör okkar mjög hratt og þótt móti blási um sinn eru innviðir samfélagsins sterkir. Við eigum miklar og verðmætar auðlindir og til staðar er þekking og mannauður sem er mikils virði. Með þetta allt munum við koma okkur aftur á réttan kjöl. Við skulum því treysta á dugnað og kraft þjóðarinnar í því endurreisnarstarfi sem fram undan er og standa utan Evrópusambandsins til framtíðar.

[19:44]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega og skelegga ræðu. Það kom skýrt fram í ræðu hv. þingmanns að þegar við stjórnarmyndunina lýsti hún því yfir að hún mundi ekki styðja þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort það hafi verið skilningur hennar á þeim tíma að það væri með einhverjum hætti skilyrði Samfylkingarinnar fyrir stjórnarsamstarfinu að þrátt fyrir afstöðu einstakra þingmanna mundi Vinstri hreyfingin – grænt framboð tryggja að málið næði fram að ganga og næði í gegn. Í umræðunni hefur komið fram mismunandi skilningur á þessu og þó að ég vilji kannski ekki fara langt í að hnýsast í innanflokksmál þá varðar þetta stjórnarsamstarfið. Það hefur komið fram t.d. af hálfu t.d. hæstv. forsætisráðherra að hún telur að komin væri upp ný staða í stjórnarsamstarfinu ef þessi tillaga nær ekki fram að ganga. Hún hefur jafnframt sagt að hún voni að atkvæðagreiðslan um málið fari á þann veg að ríkisstjórnin geti starfað áfram. Þess vegna vildi ég vita ef hv. þingmaður gæti upplýst mig um það hvort það hafi verið með einhverjum hætti frá því gengið milli stjórnarflokkanna svo hún viti til að þrátt fyrir afstöðu einstakra þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væri það tryggt að VG mundi tryggja að málið næði í gegn.

[19:46]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir spurningu hans. Ég kannast ekki við að nein skilyrði hafi verið sett í þessu máli í upphafi um að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mundi tryggja þetta mál í gegnum þingið. Það var eingöngu gefið grænt ljós á að það yrði lagt fyrir þingið en hver þingmaður yrði bundinn af sinni sannfæringu. Við fimm þingmenn gerðum grein fyrir okkar máli strax í upphafi að við mundum greiða atkvæði gegn væntanlegri aðildartillögu að Evrópusambandinu og það stendur.

[19:47]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir svarið. Ég hygg að sá skilningur sem kemur fram í máli hv. þingmanns sé svipaður og hefur komið fram í ræðum ýmissa annarra hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessari umræðu. Ég hlýt þó að vekja athygli á því að innan Samfylkingarinnar virðist vera einhver annar skilningur á þessu máli því að ekki er hægt að skilja orð hæstv. forsætisráðherra og eftir atvikum annarra talsmanna Samfylkingarinnar í málinu nema á þann hátt að þeir telji að stjórnarsamstarfinu sé ógnað ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð klárar ekki málið, hjálpar ekki Samfylkingunni við að koma þessu máli þannig í gegn að þetta helsta stefnumál Samfylkingarinnar árum saman verði að veruleika.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin og ef hún svo kýs þá væri ég líka forvitinn að vita hvort hv. þingmaður hefur mótað sér afstöðu til þeirra breytingartillagna sem komið hafa fram við þessa umræðu, m.a. um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu.

[19:48]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðari spurningu hv. þingmanns mun ég gefa upp afstöðu mína í því máli á morgun við atkvæðagreiðslu og vil ekki segja neitt um það að sinni.

[19:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni mjög góða og einlæga ræðu. Hún lýsti jafnframt þeim vandkvæðum og þeim sársauka sem mér finnst ég skynja hjá mörgum hv. þingmönnum Vinstri grænna. Þeir unnu kosningasigur núna í vor á grundvelli þess að þeir lofuðu kjósendum að berjast gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu og voru sá flokkur sem vann mestan sigur. Síðan taka þeir þátt í samstarfi sem í rauninni ýtir þeim alltaf lengra og lengra í þá átt sem þeir vilja kannski ekki endilega fara. Ég nefni samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, ég nefni samningana um Icesave o.s.frv., allt saman hlutir sem hv. þingmenn Vinstri grænna eru ekki sérstaklega sáttir við eða ánægðir með.

Nú liggur fyrir aðildarbeiðni að Evrópusambandinu, það á að senda beiðni, bréf til Brussel um að Ísland óski eftir að ganga í Evrópusambandið. Með aðstoð Vinstri grænna gerist það, þ.e. ekki allra en hluta þeirra. Nú er það spurningin hvernig hv. þingmaður sér það fyrir sér ef það skyldi gerast að við sæktum um aðild, fengjum samning með einhverju tímabundnu 20 ára leyfi til að veiða fisk o.s.frv. Svo yrðu greidd atkvæði um þennan samning og þá færi öll áróðursmaskína Evrópusambandsins í gang sem við þekkjum, hefur ómælt fé sem enginn Íslendingur eða íslensk samtök geta staðið gegn og þetta yrði samþykkt. Og það gerist með hjálp þingflokks Vinstri grænna því að nokkrir munu hafa lýst því yfir að þeir muni greiða þessu atkvæði. Hvað finnst hv. þingmanni um þessi örlög?

[19:51]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir spurningu hans. Já, örlög mín eru ekki ráðin í þessu máli og ekki þjóðarinnar heldur. Ég ætla kannski ekki að gefa mér það hvað og ef og hvernig mér fyndust málin liggja ef við værum á endanum komin inn í Evrópusambandið. Ég væri auðvitað mjög ósátt við það en það er bara þannig að við þingmenn getum ekki borið ábyrgð á meiru en einu atkvæði. Við getum ekki borið ábyrgð á atkvæðum annarra. Þeir gera það upp við sína samvisku og sannfæringu eins og ég mun gera. En ég tel að við sem erum andsnúin inngöngu í Evrópusambandið eigum að berjast á öllum vígstöðvum til að koma þjóðinni frá þeim örlögum að innlimast í Evrópusambandið.

[19:52]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni svarið. Við erum þá á sama báti, ég og hv. þingmaður, og það eru fleiri Íslendingar á þeim sama báti. En það vill svo til að á morg-

un greiðum við atkvæði um það að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það liggja reyndar frammi nokkrar breytingartillögur og þar munum við taka ákvörðun um það hvort við ætlum að sækja um eða ekki. Umsókn er umsókn, alveg sama hvað maður vill og hvað maður hugsar. Það er eitthvað sem mun hafa áhrif til framtíðar, ekki bara fyrir hv. þingmann og ekki bara fyrir mig heldur fyrir þjóðina og börn okkar og ekki bara núna heldur um alla framtíð því það gæti gerst og er alls ekki ólíklegt að slík umsóknarbeiðni leiði til samkomulags sem er með nægilega miklum undanþágum í svo langan tíma, segjum 15–20 ár, að Íslendingurinn falli fyrir loforðunum og óttist afleiðingarnar ef hann samþykkir ekki, hótanirnar og fallist á það að Ísland gangi í Evrópusambandið. Það gæti gerst og við þekkjum allt það fé sem Evrópusambandið hefur til að beita í áróðri fyrir slíkri niðurstöðu.

[19:54]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Við höldum áfram að ræða þetta mikilvæga mál enda að mörgu að hyggja, margir fletir sem hafa komið upp og ég sé að nú er í salnum hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sem hefur stýrt fundum utanríkismálanefndar. Hann var ekki í salnum um daginn þegar ég var hrósa honum. Sumir sögðu eftir á að ég hefði gert það of mikið, hann hefði fengið of mikið lof en menn verða að eiga það sem þeir eiga. Hann hefur stýrt þessari nefnd með miklum ágætum og vinnunni allri og þess vegna segi ég: Það er tvímælalaust þannig að málið allt hefur batnað enda var það vanbúið frá upphafi. Það er þyngra en tárum taki að sjá hversu grátt Samfylkingin er að leika samstarfsflokk sinn í þessu máli öllu. Sama hversu keikir og glaðir menn geta verið alla jafnan þá er svolítið sorglegt að horfa upp á þá kúgun sem á sér greinilega stað á milli stjórnarflokkanna. En gott og vel. Ég ætla ekki að fara mikið út í það.

Við erum að ræða um það hvort við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég sagði það við fyrri umr. að ég leyndi því ekki að ég teldi það rétt og hef sagt það mörgum sinnum áður, m.a. á stórum fundi hjá Viðskiptaráði í vor. Þá hnykkti ég enn frekar á því sem ég hef lengi talað um og það er tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla. Það er ekki eitthvað nýtilkomið, tilkomið á landsfundi Sjálfstæðisflokksins til að tefja þetta mál, alls ekki. Ég talaði um það á fundi í Viðskiptaráði að við ættum að sækja um en við ættum að spyrja þjóðina í þessu stóra og mikla máli. Þetta er stórt mál og það er mikið skref að taka að sækja um aðild að Evrópusambandinu og fara í viðræður, viðræður sem við vitum vissulega að hluta til hvernig muni fara en ekki að öllu leyti. Það er mikilvægt að hafa þjóðina með í ráðum þegar um svona stórt mál er að ræða og þjóðin vill, og við vitum það ekki síst á þessum tímum, þá vill þjóðin fá í ríkari mæli að taka þátt í ákvörðunarferli, vera þátttakandi í því að móta eigin framtíð, vera með. Það er ótrúlegt að heyra þann málflutning, m.a. frá hv. þm. Helga Hjörvar, að segja að þetta verði þá bara þjóðaratkvæðagreiðsla um þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér finnst það ákveðin lítilsvirðing gagnvart kjósendum að treysta þeim ekki til að taka afstöðu í því hvort eigi að sækja um eða ekki.

Hér er í salnum hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson sem m.a. lýsti því yfir á fundum nefndarinnar að auðvitað væri betra ef meiri samstaða væri um málið, það væri betra og hann staðfesti það líka hér að það væri betra að sem breiðust samstaða væri um þetta mál. Ég er honum sammála en ég lýsi allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og fyrst og fremst Samfylkingunni í þessu máli öllu, á hendur forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur sem leiðir þessa ríkisstjórn, þessa nýju ríkisstjórn sem var fyrst og fremst mynduð vegna nýrrar verkstjórnar. Þetta er hörmuleg verkstjórn. Í hverju málinu á fætur öðru er verið að kasta handsprengjum inn á öll svæði. Það er ekki reynt að sætta aðila, sætta sjónarmið inni á Alþingi og biðja um það að við sameinumst um aðferðafræðina, við sameinumst um leikreglurnar þótt við séum ósammála innan dyra um markmiðin á endanum. Það skiptir svo miklu máli að sá sem fer með þessa blessuðu verkstjórn, forsætisráðherrann sjálfur, haldi utan um hópinn, haldi utan um Alþingi Íslendinga í samvinnu við okkur, í samvinnu við forseta þingsins og sameinist um þær leikreglur sem lagt er upp með í þessu mikla máli, þessu tilfinningalega máli því tilfinningarnar munu skipta okkur miklu máli þegar og ef farið verður út í aðildarviðræður við ESB. Það eru röksemdir byggðar á tilfinningalegum rökum sem við munum hlusta á, verðum að hlusta á. Þess vegna er sárt að horfa upp á það hvernig ríkisstjórnin fer fram í hverju málinu á fætur öðru í máli sem ég er sannfærð um að hægt væri að ná meiri samstöðu um varðandi aðferðafræðina alla.

Af hverju erum við að tala um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu? Ég sagði það í fyrri ræðu minni að það er eðlilegt, ég hef lengi haldið þessu fram, það er eðlilegt í þessu stóra máli því að það eitt að viðurkenna það að fara í aðildarviðræður við ESB þá erum við að viðurkenna að við erum reiðubúin til að ræða það að afsala okkur fullveldi á ákveðnum sviðum. Það eitt út af fyrir sig rökstyður það að við eigum að leita til þjóðarinnar, biðja hana um að vera með okkur í þessu máli, biðja hana um að vera með okkur frá upphafi til enda. En eins og alltaf er lagt af stað, málið ekki hugsað í þaula af hálfu Samfylkingarinnar og síðan er látið reka á reiðanum. Þingmenn stjórnarflokkanna kveljast hér, þeim er ýtt út í horn, sagt hvað þeir eigi að gera, allt til þess eins að ríkisstjórnin haldi. Það er vont að sjá þessi vinnubrögð sem við hefðum átt, sama í hvaða flokki við erum, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, við hefðum átt að vera búin að læra af reynslunni og við eigum að breyta vinnubrögðum í þinginu, við eigum að gera það. Ég lít líka til okkar sjálfstæðismanna, það er líka þannig. Þetta mál er svo mikilvægt, við verðum að hafa þjóðina með okkur. Þess vegna er svo sárt að horfa upp á þetta.

Ég talaði um þetta fyrsta skref, það eitt að við erum reiðubúin til að afsala okkur fullveldi á ákveðnum sviðum. Það réttlætir tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu og tillaga okkar sjálfstæðismanna felst í því. Ekki að tefja málið, við gætum haft hana strax, án tafar, svo fljótt sem auðið er innan þriggja mánaða. Það sjá allir að það er ekki til að tefja málið. Það á ekki að flækjast fyrir Svíunum sem allir eru að stóla á í þessu sambandi, sem verða í formennsku í Evrópusambandinu þótt við sendum inn umsóknina, þ.e. ef hún verður samþykkt, innan þriggja mánaða. Þannig er það.

Í öðru lagi: Ríkisstjórnin er klofin, það er ekki samstaða

um þetta mál á þinginu. Það læðist stundum að manni sá grunur að lagt hafi verið af stað með það í huga að efna sérstaklega til ófriðar í þessu máli. Af hverju? Af hverju þurfa menn að efna til ófriðar? Venjulegir sómakærir menn, heiðvirðir og góðir. Það á ekki að þurfa. Menn þurfa að vera stórhuga. Það var ríkisstjórnin ekki með Samfylkinguna í broddi fylkingar. Hún þarf að sýna reisn, það hefur hún ekki sýnt í þessu máli. Hún þarf að sýna raunverulegan vilja til samstöðu meðal þingmanna og meðal þjóðarinnar til að ná niðurstöðu í þessu máli því það þarf að útkljá.

Síðan hefur kostnaðarmatið komið fram í meðförum nefndarinnar og hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir hefur komið mjög skilmerkilega inn á það. Það eitt að setja milljarða í þetta ferli nú þegar við stöndum frammi fyrir miklum niðurskurði í ríkisfjármálum og verulegum skattahækkunum tel ég mikilvæg rök fyrir því að þjóðin fái að taka þátt í þeirri ákvörðun. Það er viðbótarröksemd við þá upphaflegu sem ég taldi fram á sínum tíma. En þessi ríkisstjórn leyndarhjúps, ríkisstjórn leyndarmálanna hinna stóru setur ekki fram skýrslur í málum eins og best sést í Icesave-málinu því skýrslur sem eru óþægilegar megum við ekki sjá. Nú síðast í dag var það skýrsla á vettvangi landbúnaðarmála sem átti að sussa niður. Ef það hefði ekki verið fyrir atorku okkar í stjórnarandstöðunni þá hefðu við ekki fengið að sjá þessa skýrslu, það er bara þannig. En það er vel og ég vil þakka í leiðinni fyrir þau viðbrögð af hálfu hæstv. utanríkisráðherra að hann lét birta þau í dag eða ætlaði að gera það í dag á heimasíðunni. Það er gott að menn bregðist við en ég vil sjá að menn sýni frumkvæði í þessu máli, menn sýni það raunverulega í vinnubrögðum sínum að þeir vilji eyða tortryggni, ekki ala á tortryggni, menn vilji eyða óvissu en ekki ala á óvissu. Þannig eiga vinnubrögðin ekki að vera.

Það sýnir best hversu mikið offors er í þessu máli öllu að við erum að ræða það núna á löngu sumarþingi. Inn í það blandast náttúrlega Icesave-málið. Við sjálfstæðismenn sögðum það strax 1. febrúar þegar þessi ríkisstjórn tók við völdum, þ.e. fyrst minnihlutastjórn og síðan meirihlutastjórn, að við mundum hleypa öllum góðum málum í gegn og styðja þau og það höfum við gert. Við komum fram með rökstuddar tillögur í t.d. stjórnarskrármálinu þar sem við lögðum fram tillögu um að breyta 79. gr. stjórnarskrárinnar, breytingarákvæðinu á stjórnarskránni. Því var hafnað af hálfu stjórnarmeirihlutans af því að tillagan kom frá okkur sjálfstæðismönnum. Það mátti ekki samþykkja þessa tillögu af því að hún kom frá okkur sjálfstæðismönnum. Þannig var barnaskapurinn svo yfirgengilegur á vordögum en í dag sjá menn miklu betur og átta sig á því að menn hefðu betur tekið í okkar útréttu sáttarhönd á vordögum. Það var ekki gert, ekki frekar en í öðrum stórum málum í þinginu. Við eins og margir aðrir í samfélaginu erum einfaldlega að heyra eitthvað í fjölmiðlum, lesa um eitthvað í fréttatilkynningum en fáum ekki að vera raunverulegir þátttakendur í því að taka stórar ákvarðanir, þrátt fyrir ágætisvinnubrögð í hv. utanríkismálanefnd.

Þannig er það, frú forseti, að það sem einkennir þetta mál allt, mál sem ég hefði viljað sjá njóta framgangs í ákveðinni sátt, breiðri sátt milli stjórnmálaflokka varðandi aðferðafræðina, varðandi leikreglurnar sem ég nefndi áðan um það hvernig við eigum að nálgast hugsanlegar aðildarviðræður ESB, sú sátt hefur ekki náðst. Það ósætti er á ábyrgð Samfylkingarinnar og það er enginn annar flokkur sem ber ábyrgð á því ástandi sem núna er í þinginu. Svo eru menn að tala um ný vinnubrögð. Það er ákall um ný vinnubrögð innan þingsins en þegar reynir á bregst Samfylkingin í því máli öllu.

Ég talaði um að mikilvægt væri fyrir okkur að fara leið tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu, að þjóðin hefði upphafsorðið en líka lokaorðið. Ég fór nokkuð vel yfir það að mínu mati í fyrri ræðu og ætla ekki að endurtaka það mikið hér nema um aðferðafræði ríkisstjórnarinnar um að það verði ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla. Ég bind að sjálfsögðu vonir við það að þegar þar að kemur og ef það verður samþykkt í þinginu að fara leið ríkisstjórnarinnar, þá verði raunverulega hlustað á þjóðina, ríkisstjórnin leggi sig fram um samvinnu og samstarf við þingið, meira en meirihlutaálit utanríkismálanefndar kveður á um, að ríkisstjórnin leggi sig fram um það að vera í meira samráði og samstarfi við þingið og þjóðina í öllu máli á öllum stigum þess. Það skiptir miklu máli en aðferðafræði ríkisstjórnarinnar um að þjóðaratkvæðagreiðslan um samninginn, ef þau drög koma heim, verði bara ráðgefandi, styður í rauninni líka tillögu okkar sjálfstæðismanna um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrsta tillagan eða uppleggið hjá ríkisstjórninni er eingöngu um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Þess þá heldur að hafa þjóðina með í byrjun. Þess vegna spyr ég: Hvernig er ef menn ætla að segja nei við tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu, ef Samfylkingin ætlar að segja nei, við treystum ekki þjóðinni til að taka þessa ákvörðun af því að þetta er svo rosalega flókið, það erum bara við stjórnmálaflokkarnir sem getum tekið þessa ákvörðun af því að þetta er bara atkvæðagreiðsla um atkvæðagreiðslu. Þetta er náttúrlega reginfirra. Ef Samfylkingin og Vinstri grænir eftir atvikum ætla að segja nei við tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu þá geta þeir ekki að mínu mati sagt nei við annarri tillögu okkar sem er bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla. Þeir verða að tryggja það að þjóðin hafi þetta lokaorð fyrst þeir eru á móti því að þjóðin hafi upphafsorðið þannig að það skiptir máli í þessu sambandi.

Ég fór í fyrri ræðu minni líka yfir kosti og galla Evrópusambandsins og ég vil ítreka það og bendi á það sem ég sagði þá. Ég held að það skipti máli að halda því til haga að það eru vissulega margir gallar á Evrópusambandinu, hugsanlegri aðild, fyrst og síðast sjávarútvegs- og landbúnaðarmálin. Við verðum að vera verulega á varðbergi í slíkum samningaviðræðum. Það vita allir og ég fagna því sérstaklega að einmitt í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar er hnykkt á því hverjir hagsmunir okkar eru. Ég trúi ekki öðru heldur en við höfum sameiginlegan skilning þegar kemur að þessu atriði.

Ég hef nefnt lýðræðishallann sem er náttúrlega stórt mál. En ég dró líka fram kosti Evrópusambandsaðildar sem ekki er hægt að líta fram hjá. Ég tel að það skipti máli fyrir okkur að hafa aukið val, aukin tækifæri, ekki síst núna á næstunni og næstu missirum þegar við erum að glíma við margvísleg verkefni til að reisa okkur við eftir þau áföll sem hafa gengið yfir okkur í efnahagslífinu.

Ég óska þess að við fáum frekar tækifæri á næstunni til að ræða um málefni heimilanna, málefni fyrirtækjanna. Á

hverjum degi berast okkur fréttir um að fólk fái engin svör, það séu engar lausnir og verkstjórn þessarar ríkisstjórnar hafi ekki dugað. Ég spyr: Hvernig verður þetta á haustmánuðum? Umsókn um aðild að Evrópusambandinu mun ekki svara þessu fólki, þessu fólki sem fær ekki nein svör við sínum vandamálum, bæði hversdagslegum en líka í atvinnulífinu. Þá dugar ekki að segja: Kæru vinir. Við erum farin af stað í aðildarviðræður. Þá fer það ferli af stað. En þá verða menn að koma með raunhæfar lausnir, lausnir til að ýta af stað fyrirtækjunum, taka stórar ákvarðanir til að ýta þeim af stað, til þess líka að Seðlabankinn geti farið að lækka vexti enn frekar og starta þessu öllu saman upp á nýtt. Þessi leið leysir ekki þann vanda sem blasir við heima. Við þurfum að leysa vandamálin næstu fimm árin á okkar eigin forsendum, með okkar eigin gjaldmiðil. Það er ekki hægt að hlaupa undir pilsfald Evrópusambandsins á næstu fimm árum og benda á að þetta allt muni leysast. Það er ekki þannig. Ég tel hins vegar mikilvægt eins og ég gat um áðan að við sjáum fram á aukna valkosti í framtíðinni. En aðferðafræði ríkisstjórnarinnar gerir okkur sem höfum verið eindregnir talsmenn þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu mjög erfitt um vik. Og það er allt vegna þrákelkni eins flokks sem hefur ekki stórhug, hefur ekki metnað til að reisa sig upp úr þessu öllu saman og fá fólkið, þingmennina og þjóðina til liðs við sig til að tala saman og ákveða hvernig við nálgumst þetta stóra og mikilvæga mál.

Frú forseti. Þessi umræða mun örugglega vara nokkuð lengur núna fram eftir kvöldi. Mér skilst að náðst hafi ákveðið samkomulag um að þetta mál verði rætt í fyrramálið fyrir hádegi frá 10–12 og síðan verði atkvæðagreiðsla. Ég vonast til þess að menn sjái að sér í ríkisstjórninni, stjórnarmeirihlutanum og samþykki tillögu okkar sjálfstæðismanna um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er ekkert erfitt, þetta er ekkert flókið. Málið snýst á endanum um að þjóðin fái að vera með í ráðum. Flóknara er það ekki. Það er ekkert flóknara en það. Þess vegna vonast ég til þess, því það er mikilvægt að ná sáttum í stóru málunum bæði inni á þingi og úti í samfélaginu, að menn sameinist um tillögu okkar til að við getum farið samhent hugsanlega í þessar viðræður, sýnum þessa samheldni sem óskað var eftir m.a. af hálfu utanríkisráðherra í utanríkismálanefnd. En menn verða þá líka að átta sig á því að til að ná samstöðu verða menn að rétta út ákveðna sáttarhönd, þá verða menn að sýna fram á það að þeir vilji raunverulega sátt. Það þýðir ekki að koma hingað upp í stólinn og segja að þingið eigi að hafa allan tíma til að fara gaumgæfilega ofan í kjölinn á öllum gögnum sem liggja fyrir nefndinni, hvort sem það er í þessu máli eða Icesave og meina síðan ekkert með því.

Ég óska eftir því að ríkisstjórnin og þá sérstaklega Samfylkingin sýni meiri sáttfýsi, hætti allri óbilgirni varðandi aðferðafræðina í þessu mikilvæga máli því óbilgirni Samfylkingarinnar er gersamlega að klúðra þessu máli.

[20:14]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Nú erum við að sjá fyrir endann á því leikriti sem umræðan er um tillögu um að ríkisstjórninni verði heimilt að sækja um aðild að Evrópusambandinu fyrir hönd Íslendinga. Ég segi, virðulegi forseti, og ég held að það væri ágætt ef hæstv. utanríkisráðherra mundi nú hlusta, að þetta sé leikrit en í stuttu máli gengur þetta út á það að hér er verið að uppfylla helsta og kannski eina raunverulega stefnumál Samfylkingarinnar sem er aðild Íslands að Evrópusambandinu. Allt annað, virðulegi forseti, er bara aukaatriði í þessu máli.

Það má þó segja að ákveðnir hlutir hafi komið fram í umræðunni sem segir okkur að augu margra eru að opnast. Þá er ég sérstaklega að vísa til Borgarahreyfingarinnar sem hefur bent á hin augljósu tengsl sem eru á milli annars stórs máls sem er núna í umræðu í þinginu, sem er Icesave, og Evrópusambandsins. Ég held að öllum sé að verða ljóst sem vilja opna augun að hér hefur Samfylkingin spilað miklu stærra hlutverk en hefur verið í umræðunni. Af miklum klókindum og í klækjastjórnmálum hafa þeir hent Icesave-málinu öllu í fangið á hæstv. fjármálaráðherra en þegar við skoðum þetta mál sjáum við að ástæðan fyrir því að við erum hérna á miðju sumri ekki að fara í bráðaaðgerðirnar sem lofað var, ekki núna í sumar heldur lofað í febrúar, ekki að taka á vanda heimila og fyrirtækjanna heldur að ræða þetta mál, virðulegi forseti, er sú að þetta snýst bara um hagsmuni Samfylkingarinnar.

Ástæðan, virðulegi forseti, fyrir því að fyrir mánuði síðan, að því er virtist í miklu óðagoti, að Icesave-samningarnir voru kláraðir (Gripið fram í.) tveim dögum, virðulegi forseti, eftir að hæstv. fjármálaráðherra sagði hér í þinginu að samningaviðræður væru ekki byrjaðar, er sú að það þurfti að klára þetta mál vegna þess að það var að þvælast fyrir stefnumáli Samfylkingarinnar, eina stefnumáli Samfylkingarinnar. Virðulegi forseti. Það er sárt fyrir nýjan þingmann eins og Sigmund Erni Rúnarsson að upplifa þetta en þannig er raunveruleikinn, þannig er þetta. Samfylkingin setur alla aðra hluti og þar með talið hagsmuni Íslands í Icesave-málinu til hliðar til þess að koma þessu eina máli í gegn.

Nú, virðulegi forseti, er ekki nokkur vafi að ef nálgunin hefði verið öðruvísi hefði verið hægt að ná breiðari samstöðu um þetta mál, enginn vafi. Ég held að flestum sem hafa fylgst með þessu hafi komið á óvart hvernig að þessu máli hefur verið staðið. Á sama hátt munu sagnfræðingar framtíðarinnar velta því fyrir sér hvernig í ósköpunum gat á því staðið, virðulegi forseti, að á sama tíma og Ísland var í viðskiptastríði við Evrópusambandið sótti Ísland um aðild að Evrópusambandinu. Hvernig gat það verið? Hafið þið einhvern tíma, virðulegi forseti, heyrt um eitthvert slíkt sambærilegt dæmi einhvers staðar í heiminum? Enn og aftur, ef við vísum ekki bara í fortíðina heldur í það sem er að gerast núna þá er það svo, virðulegi forseti, að Króatía sótti um aðild að Evrópusambandinu. Sökum þess að þeir voru með annað deilumál, sem er örugglega smávægilegt í samanburði við það sem við erum að eiga við sem er Icesave þar sem við erum beitt órétti af hálfu Evrópusambandsins og forusturíkja þeirra, þá sagði Evrópusambandið þegar þeir komu til samningaviðræðna: Farið þið heim. Það hvarflaði ekki að Evrópusambandinu að ræða við Króatíu á meðan deilumálið var óleyst.

Við erum að gefa þau skilaboð þegar við samþykkjum hér, sem er búið að semja um af hálfu stjórnarflokkanna, að

ríkisstjórnin sæki um aðild að Evrópusambandinu, við erum að segja: Okkur finnst í fínu lagi hvernig þið komið fram við okkur í Icesave. Við erum alveg tilbúin til þess að láta það ganga yfir okkur. Það eru skilaboðin sem við erum að gefa.

Virðulegi forseti. Ég man eftir því að hæstv. fjármálaráðherra, formaður Vinstri grænna, sagði í umræðuþætti í sjónvarpinu fyrir kosningar (**PHB:** Hann sagði svo margt.) að Vinstri grænir væru staðfastur flokkur. Virðulegi forseti, ég held að það sé alveg rétt. Ég held að Vinstri grænir hafi verið mjög staðfastir í því að gefa eftir í öllum sínum stefnumálum.

Það sem við munum sjá gerast á morgun, virðulegi forseti, er að búið er að telja út og þrátt fyrir að nokkurn veginn hver einasti þingmaður Vinstri grænna sem hér hefur komið hafi talað gegn aðild að Evrópusambandinu, sumir hraustlegar en aðrir, þá er búið að telja út þannig að það passi. Þetta er ákveðið leikrit og Samfylkingin fær það sem Samfylkingunni var lofað. Vinstri grænir munu, með nýju héraðshetjuna, hv. þm. Ásmund Einar Daðason, geta sagt: Það var bara fullt af þingmönnum sem voru ofsalega mikið á móti þessu, það var bara fullt af þeim sem bara stóðu við það sem þeir lofuðu. Sjáið þið hv. þm. Ásmund Einar Daðason, hann fór í heyskap. En það voru ekkert bara sumir, það voru allir þingmenn Vinstri grænna sem sögðu, og sérstaklega formaður þeirra, að það kæmi ekki til greina, virðulegi forseti, það kæmi ekki til greina að fara í Evrópusambandið eða sækja um aðild. (**Utanrrh.:** Þú sagðir það nú líka einu sinni, svo skiptir þú um skoðun.)

Virðulegi forseti. Það sýnir svart á hvítu að allt sem ég hef sagt er satt og rétt þegar hæstv. utanríkisráðherra er farinn að ókyrrast í salnum, því að það gerir hæstv. utanríkisráðherra alltaf þegar honum finnast ræðurnar vera óþægilegar og koma illa við kaunin á Samfylkingunni og honum sjálfum. (**VigH:** Rétt.) (**SER:** Rangt.)

Á morgun sjáum við því þetta leikrit og það er ekki í fyrsta skipti sem við fáum að sjá það. Gallinn við þetta leikrit allt saman er það (**Utanrrh.:** Enginn leikstjóri.) að hér erum við ekki að tala um að menn séu að gæta hagsmuna Íslendinga, þannig er því nú bara fyrir komið. (**Utanrrh.:** Hver er höfundurinn?) Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra kallar fram í glaðhlakkalega: Hver er höfundurinn? Virðulegur forseti. Það er örugglega hæstv. utanríkisráðherra, alveg örugglega. Ég sé bara á andliti hæstv. utanríkisráðherra (Gripið fram í.) að hann er gríðarlega glaður með að vera búinn að loka pakkanum og sér fyrir endann á leikritinu. (Gripið fram í.) Og þó svo að það sé kannski ekki alveg í samræmi við hagsmuni okkar Íslendinga getur maður samt glaðst yfir því litla sem er gleði hæstv. utanríkisráðherra.

Það er nefnilega þannig, virðulegur forseti, að ef menn svona í fullri alvöru skoða málflutning og hlusta á málflutning stjórnarliða hafa menn í fullri alvöru sagt: Eina leiðin fyrir Íslendinga til að vita hvað er í þessu Evrópusambandi er að sækja um aðild. Væntanlega vegna þess að við erum fyrsta ríkið sem sækir um aðild að Evrópusambandinu. (**Utanrrh.:** Hvenær gekkst þú í heimastjórnarflokkinn?) Væntanlega vegna þess að það hefur aldrei gerst áður að nýtt ríki hafi verið tekið inn. En það er nú þannig, virðulegi forseti, svo ég geti lesið það einu sinni enn, að þetta ferli hefur farið í gang hvað eftir annað, er vel þekkt og hefur verið stúderað af hinum ýmsu, bæði fræðimönnum, fréttamönnum og öðrum. Mér finnst Auðunn Arnórsson, sem skrifaði bókina *Inni eða úti? Aðildarviðræður við Evrópusambandið*, sem er gefin út af Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetri um smáríki, orða þetta ágætlega. Hann segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Séð frá bæjardyrum Evrópusambandsins snúast aðildarviðræður í raun aðeins um það hvernig hið væntanlega nýja aðildarríki innleiðir alla gildandi sáttmála, löggjöf og stefnumið sambandsins.“

Ég endurtek: „innleiðir alla gildandi sáttmála, löggjöf og stefnumið sambandsins“.

Svo segir hér, virðulegi forseti:

„Í reynd er þó alltaf eitthvert svigrúm til að sýna sveigjanleika;“ — alltaf svigrúm til að sýna sveigjanleika — „oft er samið um sérstaka aðlögun að tilteknum reglum ESB, tímabundnar undanþágur og sérlausnir.“ — Tímabundnar undanþágur og sérlausnir. (**Utanrrh.:** Og sérlausnir sem ekki eru tímabundnar.)

Virðulegi forseti. Ég held í fullri alvöru, að hæstv. utanríkisráðherra, þó að hann sé byrjaður að kalla svona mikið fram í — sem ég fagna — að hann trúi ekki alveg því að nokkur trúi honum þegar sjálfur hæstv. utanríkisráðherra lætur að því liggja að við höfum bara ekki hugmynd um hvað komi úr pakkanum. (**Utanrrh.:** Lestu ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins.) Þetta sé svona sem kallað er á ensku „window shopping“, og hér komi hæstv. utanríkisráðherra: Vitið þið hvað, við fengum bara alveg frábært, þetta er bara allt öðruvísi en allir hinir, ha, bara alveg stórkostlegt, við vorum svo heppin. Þeir voru í svo góðu skapi í ESB. (**SER:** Þið viljið ekki einu sinni skoða gluggann.)

Eini gallinn, virðulegi forseti, — ég fyrirgef hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni af því að hann er nýr hér og kannski ekki búinn að lesa þessar bækur og tala við þá aðila sem ég veit að hæstv. utanríkisráðherra hefur gert og er búinn að kynna sér þetta til áratuga og veit nákvæmlega og væri miklu heiðarlegra af hæstv. utanríkisráðherra að segja: Ég átta mig alveg á hvað felst í því að fara í Evrópusambandið. Það er Evrópusambandið. Og ég segi sem svo að það eru fleiri kostir en gallar. Það er miklu heiðarlegri nálgun í staðinn fyrir í fullri alvöru að reyna að sannfæra menn um það: Við ætlum að setja einn, tvo milljarða í svona „window shopping“. (**Utanrrh.:** Fullt af göllum, við vitum það.) Virðulegi forseti, það er rosalega dýr verslunarferð þar sem menn í fullri alvöru ætla jafnvel ekki að kaupa neitt. Einn til tvo milljarða.

Hér hafa fagráðherrar, virðulegi forseti, Vinstri grænna komið og talað á þessum nótum. Það er algjörlega ljóst að þessir fagráðherrar geta ekki kvartað undan niðurskurði. Þeir geta ekki komið hér og kvartað undan niðurskurði (**Utanrrh.:** Ég geri það ekki heldur.) því að þeir voru tilbúnir til þess að setja einn til tvo milljarða í þessa verslunarferð.

Nú er það bara þannig, svo að því sé algjörlega til haga haldið, að ég ber alveg virðingu fyrir þeim sem telja hagsmunum Íslands betur borgið innan Evrópusambandsins. En ég ber enga virðingu fyrir því þegar menn sem vita miklu betur koma hér og tala eins og það sé aldrei að vita hvað er

þarna inni, nákvæmlega enga. Ef menn eru fylgjandi því, og margir eru það af hugsjón, þeir telja og þeir hafa trú á Evrópusambandinu, þeir hafa trú á því að þetta sé besta lausnin til framtíðar, en þá eiga menn bara að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir en ekki reyna að setja þetta í einhvern allt annan búning.

Það sem hefur kannski gerst líka, virðulegi forseti, og hefur ekki farið mikið fyrir í umræðunni, þó var hér varaformaður Sjálfstæðisflokksins að fara yfir það ágætlega áðan, að við gætum staðið í þeim sporum, virðulegi forseti, að hér yrði samþykkt að ríkisstjórnin færi með opinn tékka að semja um aðild að Evrópusambandinu og þjóðin fengi aldrei að kjósa um það.

Formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarni Benediktsson, hefur hvað eftir annað spurt hæstv. fjármálaráðherra út í þetta. Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt: Þetta er ekkert vandamál, við verðum með nokkuð sem heitir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla. (**VigH:** Skoðanakönnun.) Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir kallar hér fram í: Skoðanakönnun. Það er nákvæmlega það sem það er. Hæstv. fjármálaráðherra sagði: Ég mun sjá til þess að mitt fólk muni bara greiða síðan atkvæði hér á Alþingi eftir því hvernig skoðanakönnunin fer. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Ásmundur Einar Daðason útskýrði fyrir öllum þingheimi og þjóðinni að hann mundi aldrei hlusta á formann sinn í þessu efni, hann mundi aldrei greiða atkvæði með aðild Íslands að Evrópusambandinu. Hæstv. utanríkisráðherra, heyri ég, finnst þetta vera léttvægt. En það er nú þannig og kannski finnst hæstv. utanríkisráðherra það bara léttvægt en í stjórnarskránni stendur að þingmenn séu bundnir af sannfæringu sinni en ekki öðru. Það stendur ekkert í stjórnarskránni að hv. þingmenn séu bundnir af skipunum formanna sinna, bara nákvæmlega ekki einasta orð.

Það er mín trú að í leikritinu sem hér er lagt upp með sé búið að telja þannig út að það verði felld sú tillaga að þjóðin fái að ákveða hvort Ísland fari í ESB eða ekki. Ekki aðeins að það verði felld sú tillaga að þjóðin ákveði hvort við förum í þessa vegferð heldur líka felld sú tillaga að þjóðin ákveði hvort við afsölum fullveldi okkar með þeim hætti sem ríki gera með því að ganga í Evrópusambandið. Þetta, virðulegur forseti, er alvara málsins. Þrátt fyrir að það sé jákvætt að horfa á glatt fólk eins og forustumenn Samfylkingarinnar hér, sem skoppa um alla þingsali hér og þingganga og við höfum ekki séð hæstv. utanríkisráðherra jafnglaðan núna í fleiri, fleiri daga, þá er þetta mál þess eðlis að menn verða að taka það alvarlega, þingmenn verða að taka þetta alvarlega. (**Utanrrh.:** Utanríkisráðherra er bara lífsglaður að eðlisfari.) Ég fullyrði það, virðulegi forseti, að ef við ætlum að ganga frá þessu máli þannig að þjóðin fái ekki að ákveða það hvort við göngum í Evrópusambandið eða ekki eru menn í besta falli að taka þetta mál ekki alvarlega.

Nú er það auðvitað val Samfylkingarinnar — sem með kúgunum og hótunum og klókindum er búin að snúa Vinstri græna algerlega niður í þessu máli — að fara þannig fram að það var ekki nokkur einasta leið að ná góðri samstöðu um þetta mál. Það er algjörlega á ábyrgð Samfylkingarinnar, það er þeirra val. En ég hvet nú hæstv. utanríkisráðherra, og ég vil nota tækifærið og hvetja hann til þess að fara hér í andsvar, að svara því hvort það sé virkilega svo að hann ætli ásamt sínum flokki ekki að greiða atkvæði með því að þjóðin fái að ákveða það hvort við förum inn í Evrópusambandið eða ekki. (**Utanrrh.:** Jú, ég ætla að gera það.) Hæstv. ráðherra hefur hér tækifæri til að fara í andsvar og við skulum taka eftir því hvort hann treystir sér í það og svara þessari spurningu þannig að það fari inn í þingtíðindin.

Virðulegi forseti. Galsagangur á oft við. Í þessu tilfelli eru hagsmunirnir meiri og ég hvet stjórnarmeirihlutann, (Forseti hringir.) í þessi tilfelli Samfylkinguna til að í það minnsta að sofa á því hvort (Forseti hringir.) það sé ekki rétt að ganga þannig frá málum að íslenska þjóðin fái að ráða því hvort hún gangi í Evrópusambandið eða ekki.

[20:34]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að biðja hv. þingmann afsökunar á því að ég er að eðlisfari lífsglaður maður og það er vor og sumar úti og þó að við ræðum alvarleg mál er það samt sem áður þannig að návistin við hv. þingmann gerir mig glaðan. Þess vegna er ég kátur í dag.

Hins vegar er það algerlega ljóst að það er stefna Samfylkingarinnar, ég held að það sé stefna allra þingflokka sem hér sitja, að það verður íslenska þjóðin sem sker úr um það hvort Ísland, eins og hv. þingmaður sagði, gengur í Evrópusambandið. Það hefur alltaf legið alveg ljóst fyrir að það verður þjóðin sem sker úr um það hvort við göngum þangað inn eða ekki. Það sem mig greinir á við hv. þingmann eftir að hann skipti síðast um skoðun í þessu máli er hvort eigi að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort sækja beri um. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki. Ég tel að það skipti máli að niðurstaðan liggi fyrir en jafnframt tel ég að það sé ekki hagfellt fyrir samningshagsmuni okkar að vera búinn að ákveða það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel sem sagt að svo sé ekki.

[20:35]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að kveinka mér yfir því að hæstv. utanríkisráðherra sé orðinn sérstakur fulltrúi skoðana minna en hins vegar, vegna þess að við getum galsast á eftir, en málið er alvarlegt, þá vil ég fá hreint og klárt svar frá hæstv. utanríkisráðherra. Ég er ekki að tala um tvöföldu þjóðaratkvæðagreiðsluna. Ég er að tala um hvort við samþykkjum á morgun að þjóðaratkvæðagreiðsla verði bindandi vegna þess að ef hún er ráðgefandi þá er þjóðin ekki að taka ákvörðun um þetta. Ég bið hæstv. ráðherra vinsamlegast að svara því skýrt hvort það verði ekki örugglega þannig að hæstv. ráðherra ásamt hans flokki muni styðja það að við höfum bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort Ísland gangi í Evrópusambandið eða ekki.

[20:36]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hún er a.m.k. bindandi samkvæmt þeim skilningi sem stjórnarflokkarnir hafa lagt í þessa aðferð.

Við höfum sagt það alveg skýrt að við munum fylgja niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu hvort sem þið kallið hana ráðgefandi eða bindandi. Ég hef spurt leiðandi menn í stjórnarandstöðunni út í þeirra skilning á því, einn situr út í sal, vörpulegur og bjartur. Hann svaraði því alveg skilyrðislaust fyrir sitt leyti og kvað já við því. (**PHB:** Hvað segir stjórnarskráin?)

Síðan vildi ég að hv. þingmenn sjálfstæðismanna læsu ályktun eigin landsfundar eilítið betur, a.m.k. fyrrverandi heilbrigðisráðherra, hann þyrfti að lesa hana. Þar segir alveg skýrt að það séu sumir hlutir sem ekki sé hægt að ganga að heldur verði að komast að í samningum. Þetta segir í ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins. Það þýðir ekki fyrir hv. þingmann að koma hingað og segja að allir menn viti hvað er inni í þessu Evrópusambandi. Það er ekki svo. Ég hef fyrir því orð ekki ómerkari stjórnmálaflokks en Sjálfstæðisflokksins.

[20:38]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Guð láti gott á vita ef hæstv. utanríkisráðherra er farinn að fara eftir ályktunum Sjálfstæðisflokksins en því miður er eitthvað í það, sýnist mér. En hér kom hæstv. ráðherra og staðfesti það að stjórnarflokkarnir ætli að sjá til þess á morgun (**Utanrrh.:** Ég er opinn fyrir öllu.) að þjóðin fái ekki að ákveða hvort Ísland fari í ESB eða ekki, að þjóðin muni ekki taka ákvörðun um það. Það er bara þannig, hæstv. utanríkisráðherra, að formaður Samfylkingarinnar, hæstv. forsætisráðherra, getur ekki pínt þingmenn þess flokks til að greiða atkvæði. Það er bundið í stjórnarskránni. Þetta hélt ég að allir vissu. Hér kemur hæstv. utanríkisráðherra og hefur ekki hugmynd um hvað felst í Evrópusambandinu. Látum það liggja milli hluta þó menn vilji spila það leikrit en ekki spila það leikrit að hér sé hægt að pína þingmenn til að gera eitthvað sem þeir vilja ekki.

[20:39]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni kærlega fyrir ræðu hans. Hún er efnismikil og góð eins og ég reiknaði með. Þingmaðurinn deilir sömu áhyggjum og við þingmenn Framsóknarflokksins. Það er ekki verið að huga að heimilum og fjölskyldum eins og hann kom inn á. Hér er verið að ræða um umsókn að Evrópusambandinu dag eftir dag. Því langar mig til að spyrja hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson: Telur hann að Íslendingar uppfylli nú Kaupmannahafnarsamkomulagið sem er að finna á bls. 6 sem er skilyrði þess að þjóð geti gengið inn í Evrópusambandið? Ef svo er ekki, er þá ekki mikil eyðsla í gangi að fara með a.m.k. 1.000 millj. í þetta verkefni sem Vinstri grænir ætla sjálfir að vinna á móti strax eftir hádegi á morgun um leið og atkvæðagreiðsla hefur farið fram ef þetta verður samþykkt?

[20:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir kom einmitt að kjarna málsins, að þetta gengur mjög illa upp. Það gengur mjög illa upp að við vitum nákvæmlega hvað í þessum málum felst og við erum með annan stjórnarflokkinn sem í það minnsta í orði, m.a. vegna þess að þeir lofuðu kjósendum sínum því, ætlar að vinna gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Hvaða sannfæring er í því og hvaða skynsemi er í því að fara í vegferð á þessum forsendum, eins og hv. þingmaður benti á eftir hádegi á morgun þegar menn eru búnir að klára leikritið og eru búnir að láta Samfylkinguna fá það sem þeir vilja? Fyrir hverju ætla Vinstri grænir að berjast eftir að þetta mál er komið á rekspöl? Þá ætla þeir að vinna gegn því að Ísland verði aðili að Evrópusambandinu. Hafið þið heyrt um eitthvað sambærilegt?

[20:41]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er mergurinn málsins. Ég held að ráðherrar Vinstri grænna viti ekki hvaða ábyrgð þeir bera með því að sitja í ríkisstjórn. Þeir hafa komið upp, hæstv. heilbrigðisráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og lýst því yfir að þeir ætli að vinna strax á móti þessu verði tillagan samþykkt. Það er alveg með ólíkindum og fáheyrt að aðilar að ríkisstjórn Íslands, framkvæmdarvaldinu, bíði í þinginu eftir atkvæðagreiðslu sem að öllum líkindum nær í gegn, að þessi aðildarumsóknartillaga verði samþykkt. Vita þeir ekki hver ábyrgðin er? Þetta er afar einkennilegt og þetta er afar veikt fyrir ríkisstjórnina og þetta eru afar undarleg vinnubrögð. Ég undanskil þingmenn Vinstri grænna sem ætla að greiða atkvæði á móti þessari tillögu en þetta eru vinnubrögð sem eru fáheyrð.

Ég spyr þingmanninn á ný: Telur hann að Íslendingar uppfylli Kaupmannahafnarsamkomulagið og telur hann að við séum fær til að fara inn á téðum forsendum?

[20:42]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er enginn vafi í mínum huga að við uppfyllum öll skilyrði til að verða aðili að Evrópusambandinu. Það er enginn vafi í mínum huga. En það sem þetta sýnir allt saman og það sem við erum að ræða er að Vinstri grænir munu þrátt fyrir allt gera allt til að halda völdum, allt. Við höfum hlustað á virkilega góðar ræður. Ég er ekki sammála öllu. Það er svolítið langt síðan ég hef hlustað á hugtök eins og arðrán og vitnað í Karl Marx og ýmislegt.

En þótt við sleppum þeim þætti, þá hafa hv. þingmenn Vinstri grænna virkilega verið að tala frá hjartanu. Þeir eru svo hjartanlega mikið á móti þessu og ég hugsa að það eigi við um þá alla. En þeir eru samt sem áður til í að taka þátt í leikriti þar sem nokkrir fá að greiða atkvæði á móti og vera pínuóþekkir en málið fer í gegn til að Vinstri grænir geti haldið völdum.

[20:44]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur flutt ágæta ræðu og hann spurði einmitt: Hvað ætlar Samfylkingin að gera eftir ESB, hver verður hennar pólitík? Ég hef líka verið að velta fyrir mér, hver hefur verið hennar pólitík? Ég hef líka verið að velta fyrir mér, hver hefur ver-

ið pólitík Sjálfstæðisflokksins eftir einkavæðingu? Mér hefur ekki sýnst hún vera mikil nema kannski Guð blessi Ísland, hún hafi falist í þeim orðum. Guð blessi Ísland. Það sé pólitík Sjálfstæðisflokksins eftir einkavæðinguna.

Hann segir hér að við í Samfylkingunni höfum ekki þjóðarhag í húfi þegar við erum að tala um Evrópusambandið. Vissulega. Við lítum svo á að hugsanlegir samningar við Evrópusambandið séu ein af þeim leiðum til að reisa Ísland upp úr þeirri öskustó sem sumir flokkar bjuggu til.

[20:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vona að Guð muni alltaf blessa Ísland. En ef við förum aðeins yfir hugmyndafræði og stefnur þá er athyglisvert að hlusta á hv. þingmenn Samfylkingarinnar tala núna um það að einhverjir aðrir flokkar hafi komið okkur í þau vandræði sem við horfum fram á vegna þess að þessir sömu hv. þingmenn sögðu alltaf að allt góðæri sem við töldum að væri á traustari fótum væri allt komið út af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Sá mikli vandi sem við eigum við núna er út af innstæðutryggingakerfi Evrópusambandsins sem við þurftum að taka upp. Það er ekkert flóknara en það.

En svo ásökunum mínum gagnvart Samfylkingunni sé algerlega komið til skila þá segir, virðulegi forseti: Þeir voru að klára Icesave með þeim afleiðingum sem við þekkjum til þess að koma þessu máli í gegn. Ekkert annað skipti máli. Og gagnrýnislaus afstaða Samfylkingarinnar til Icesave-samningsins staðfestir það og sömuleiðis þessi keyrsla á þessu máli núna.

[20:46]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson segir að það sé eitthvert samhengi á milli ESB og Icesave-samninganna. Ég hafna því algerlega. Það hefur margítrekað komið fram einmitt hjá hagsmunaaðilum sem helst berjast fyrir inngöngu Íslendinga í Evrópusambandið svo sem eins og Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum ferðaþjónustunnar — og svo get ég lengi haldið áfram að telja einhverja úr baklandi Sjálfstæðisflokksins — þeir segja einmitt að það hafi skaðað Evrópusambandsumræðuna hvað mest að Icesave-málið hafi komið upp á síðustu dögum. Það hefur skaðað þann málstað mest. Það er nú allt samhengið á milli ESB og Icesave þegar hagsmunaaðilarnir, þeir helstu, segja að það hefði betur aldrei komið til Icesave á sama tíma og ESB. Þetta er samhengið og ég hafna því að (Forseti hringir.) þingmenn Samfylkingarinnar hafi ekki goldið varhuga við Icesave-samningnum. Hann er vondur kostur, hugsanlega afarkostur (Forseti hringir.) en nokkuð sem við þurfum að taka. (Gripið fram í.)

[20:47]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Bara til upprifjunar. Samfylkingin hefur samþykkt Icesave-samninginn. Ríkisstjórnin samþykkti Icesave-samninginn. (**Gripið fram í:** Rétt.) Svo einfalt er það mál. (**PHB:** Samfylkingarráðherrarnir.) Bara svo því sé til haga haldið, (**SER:** Þið voruð búnir að hanna verri samning.) ég veit ekki hvernig málið er almennt hjá þingmönnum Samfylkingarinnar en ég læt ekki stjórnast af neinum hagsmunasamtökum. Það er svo augljóst að ríki sem er í viðskiptastríði, hörðum deilum, sækir ekki um aðild að ríkjabandalagi sem það er í stríði við á meðan það ástand stendur, ekki frekar en við hefðum sótt um aðild að Efnahagsbandalaginu meðan við áttum í þorskastríði og landhelgisdeilum (**Gripið fram í:** Við vorum í NATO þegar við vorum …) við Efnahagsbandalagið. Já, NATO. Við Íslendingar hótuðum reyndar að ganga út. (**SER:** Við fórum í NATO eftir að við vorum hertekin.) Það (Forseti hringir.) var 1949 — guð minn góður! Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma til að fara í söguskýringu (Forseti hringir.) á þessari mínútu en það væri gaman að fara yfir það. (**Gripið fram í:** Við vorum hertekin af NATO.) (**Gripið fram í:** Nei, nei … Við vorum stofnaðilar að NATO.) (Forseti hringir.) (Gripið fram í.)

[20:49]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja í þessu stutta andsvari mínu að segja hvað ég dáist að þeim þingmönnum Borgarahreyfingarinnar sem hafa lýst því yfir að þeir ætli að styðja það að þjóðin fái að segja sinn hug. Það er nefnilega nákvæmlega í takt við það sem sá ágæti flokkur sagði í sinni kosningabaráttu. Það er nákvæmlega í takt við það að þjóðin fái að segja sinn hug. Það er nefnilega þannig að 76,3% þjóðarinnar, samkvæmt könnun sem ég er hér með í höndum frá 28. maí, vilja fá að segja álit sitt á því hvort fara eigi í þessar aðildarviðræður og við því tel ég að Borgarahreyfingin eða þessir þrír þingmenn séu að bregðast og tek ég ofan fyrir þeim fyrir það.

Mig langar að spyrja hv. þingmann af því að hann hefur reynslu úr heilbrigðisgeiranum. Nú hefur hæstv. heilbrigðisráðherra lýst því yfir að honum þyki nú ekki mikið að setja milljarð í ESB-umsókn. Hvað fær maður fyrir milljarð til dæmis í heilbrigðisþjónustu?

[20:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég segja það að mér finnst — ég fór yfir það í ræðu minni — að það að Borgarahreyfingin skyldi benda á hin augljósu tengsl á milli Icesave og Evrópusambandsumræðna sé algerlega til fyrirmyndar.

Þegar hv. þingmaður spyr hvað sé hægt að fá fyrir milljarð í heilbrigðiskerfinu þá er af mjög mörgu að taka. Það er nefnilega þannig að þegar maður er í því eftirsóknarverða hlutverki að vera heilbrigðisráðherra að þá er það þess eðlis að maður getur alltaf gert betur og það er alltaf hægt að finna verkefni. Einn milljarður, ef ég man rétt, ætli það sé ekki 30% af allri heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu, einn þriðji af því. Ég veit ekki hvað mörg hjúkrunarheimili á Djúpavogi þetta eru. En við erum að tala um að þetta eru alveg gríðarlega mörg slík. Ég veit að hv. þingmaður (Forseti hringir.) er mikill baráttumaður fyrir sitt kjördæmi. Þetta eru ansi margar heilbrigðisstofnanir í hans kjördæmi.

[20:51]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég spyr hv. þingmann að þessu er reynsla hans úr þessum geira sem fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Mér finnst það skjóta svolítið skökku við að núverandi heilbrigðisráðherra skuli tala hér eins og það sé ekkert mál að setja 1 milljarð kr. á tímum þar sem skorið er niður og hjúkrunarheimilum lokað, þar sem skorið er niður í heilbrigðisþjónustunni — við erum stundum í óvissu víða um land, ekki síst kannski á höfuðborgarsvæðinu, um hvernig menn ætla að standa þessa þjónustu — þá finnst mér mjög sérstakt að ætla að eyða 1 milljarði kr. væntanlega plús einhverju meira í að fara í viðræður sem óvíst er að muni nokkurn tíma skila nokkrum árangri vegna þess að hinn stjórnarflokkurinn er á móti því. Þarna er mjög illa farið með peninga almennings og það hlýtur að vera ábyrgðarhluti að fara fram með þessum hætti.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessar upplýsingar varðandi hvað hægt sé að gera fyrir þennan milljarð og mig langar að spyrja hann að lokum hvort hann hefði varið þessum fjármunum öðruvísi.

[20:52]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held því miður að þetta mál allt saman sé svona dæmi um hvernig ekki eigi að vinna hlutina. Ef menn hefðu viljað fá sátt í þjóðfélaginu um að nota milljarð í þessa vegferð þá hefðu þeir átt að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Menn ættu ekki að koma hér og segja að það sé bara ofsalega spennandi að sjá hvað sé í þessum Evrópusambandspakka. Þeir hefðu átt að leggja þetta á borðið, reyna að fá víðtæka samstöðu bæði milli pólitískra aðila og þeirra sem þurfa að þessu máli að koma þannig að vegferðin yrði sannfærandi og hægt væri að réttlæta það að leggja gríðarlega fjármuni í þetta. 1.000 milljónir eru alltaf stór upphæð en hún er sérstaklega stór núna og því miður af því að ég veit hvert verkefnið er og hef verið í þessum viðkvæma málaflokki, ég veit hvað munar um hverja milljón, hvað þá 1.000 milljónir.

[20:53]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Áður en ég hef ræðu mína langar mig að óska eftir því að hæstv. utanríkisráðherra komi í salinn og hlusti á ræðu mína. Ég hef í hyggju að beina til hans spurningu. Hann lýsti því hér yfir áðan að hann væri glaður í hjarta sínu á þessum drottins degi og það skynjar maður mjög á samfylkingarmönnum að þeir eru léttfættir á göngum Alþingis og fallast nánast í faðma, enda vita þeir sem víst að Ísland mun að loknum atkvæðagreiðslum á morgun væntanlega hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Ég hafði áhyggjur af því að hæstv. utanríkisráðherra væri hugsanlega dottinn í bloggheima. Nú fer að nálgast miðnætti (**Utanrrh.:** Farinn til Brussel.) og þá skiptir hæstv. utanríkisráðherra stundum um ham. Mig langar að spyrja bara strax. Ég var einmitt að velta því fyrir mér, af því að í ályktun þarsíðasta flokksþings Framsóknarflokksins þá töldum við að við þyrftum að ná stöðugleika í atvinnulífinu, hvort hæstv. utanríkisráðherra telji að við uppfyllum Maastricht-skilyrðin og hvað það taki okkur langan tíma að ná þeim og þá að ná upptöku evru. Ég hefði áhuga á að fá svar við því.

Önnur ræða vakti athygli mína og það var ræða hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundar Jónassonar. Eftir því sem ég hlustaði betur þá áttaði ég mig á því að hann er, mundi ég orða það, á lymskufullan hátt að finna sér leið til að réttlæta það fyrir sjálfum sér að Vinstri grænir eru núna að svíkja sitt helsta kosningamál með því að fara í aðildarviðræður við ESB. Ég held að það dyljist engum sem háðu kosningabaráttu fyrir tveim mánuðum síðan að þeirra helsta baráttumál — ég get sérstaklega tekið fram að það átti við í mínu kjördæmi, Norðausturkjördæmi — var einmitt að ganga ekki í ESB og þeir héldu fundi sérstaklega með bændum og fullvissuðu þá um að ekki yrði gengið í Evrópusambandið. Ég var að hugsa um hvort ekki væri samlíking með þessu og bændafundi sem var haldinn á Hótel KEA þegar ég óskaði eftir því við þáverandi hæstv. landbúnaðarráðherra Steingrím J. Sigfússon að hann færi strax í að lengja búvörusamninga og þá kom annar frambjóðandi frá Vinstri grænum og sagði að það tæki mánuð ef ekki ár að ná fram þeirri lengingu, en kom svo upp í pontu með skottið á milli lappanna hálftíma síðar og sagði að kannski væri hægt að semja strax á morgun. Ég held að það sé einhvers konar þannig blekkingaleikur sem Vinstri grænir eru í vegna þess að hæstv. heilbrigðisráðherra sagði hér áðan í ræðu til að styðja við mál sitt: „Ég er ekki í mótsögn við sjálfan mig.“ En það segja menn alla jafna ekki nema þeir séu ansi nálægt því að vera í mótsögn við sjálfa sig. (**Utanrrh.:** Það hendir alla góða menn af og til.) Það hendir góða menn af og til. Það er rétt. En ég held að Vinstri grænir séu á einhvern hátt að reyna að blekkja sjálfan sig. Þeir halda að með því að stíga það skref sem þeir ætla að stíga núna geti þeir bara strax á föstudaginn farið að vinna gegn aðild að ESB. Þeir ætla sem sagt að teyma þjóðina af stað, stíga skrefið, en ætla svo að fara að vinna — það er byggt á þeim rökum að nú eigi þjóðin að fá að kjósa um þetta atriði og að nauðsynlegt sé að skera úr um þetta deilumál. Ég get bara ekki skilið hvernig verið sé að skera úr um þetta deilumál eða ná lendingu í því með því í rauninni að fallast algjörlega á málstað annars aðilans vegna þess að deilt hefur verið um að fara í aðildarviðræður, sækja um aðild, leggja inn umsókn eða sleppa því. Nú er einmitt verið að leggja inn umsókn.

Þá vil ég rifja upp ummæli sem fyrrverandi þingmaður, að mig minnir Vilhjálmur Egilsson, sagði eitt sinn þegar hann var í mótsögn við sjálfan sig: „Ég er ekki ég.“ Það er einmitt frammi fyrir þessu sem Vinstri grænir standa, að þeir eru að reyna að segja við þjóðina og sína kjósendur sem eru illir og finnst þeir illa sviknir: „Ja, ég er ekki ég í þessu máli.“ (**Utanrrh.:** Ég er annar, sagði Megas.) „Ég er einhver annar,“ eins og hæstv. utanríkisráðherra kallar hér fram í og þetta er (**Utanrrh.:** Vitnar í Megas.) sorglegt. Það er reyndar ekki hægt að taka dýpra í árinni.

Ég vil líka bregðast aðeins við ummælum sem komu fram hjá hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni þar sem hann vísaði í fund fjárlaganefndar og sagði, af því að hann var að tala um þessi tengsl sem eru augljóslega milli Icesave og Evrópusambandsins, að hér hefðu komið aðilar vinnumark-

aðarins og haldið því fram einróma, ef ég skildi hann rétt, að þetta skaðaði málstað Evrópusinna. Ég vil nú bara leiðrétta þingmanninn (**SER:** Ég sagði ekki einróma.) vegna þess að ég skildi hann á þann hátt. Það var einn aðili sem lýsti því yfir að þetta skaðaði málstað Evrópusinna. En ég vil líka taka það sérstaklega fram að enginn af þeim aðilum fyrir utan Samtök verslunar og þjónustu — þar sem mætti á svæðið varaþingmaður Samfylkingarinnar — hafði haft fyrir því að kynna sér málið sérstaklega og mynda sér skoðun þannig að þeir sem sátu hjá fjárlaganefnd í tvo tíma ræddu við okkur um sínar persónulegu skoðanir. Ég held að ég geti fullyrt að aldrei hefur tíma mínum sem þingmanni verið verr varið en akkúrat á þeirri stundu jafnvel þó að þetta sé nú allt saman sómafólk og gaman að spjalla við það bara undir öðrum kringumstæðum.

Ég get ekki látið hjá líða að vísa enn og aftur í að ég tel einmitt að ályktun flokksþings Framsóknarflokksins sé þverbrotin í þessari þingsályktunartillögu og eins og ég hef ítrekað bent á þá er ekkert um skilyrði flokksins í þessu nefndaráliti eða þessari þingsályktunartillögu. Þar er hins vegar talað um sjónarmið og að það eigi að fylgja einhverjum sjónarmiðum, ekki skilyrðum, og ég skil ekki orðin á sama hátt. Mig langar einmitt að benda á orð í nefndaráliti meiri hlutans þar sem fjallað er um sjávarútvegsmál. Það er farið ágætlega yfir þetta þar en á engan hátt staðfest þau skilyrði sem framsóknarmenn hafa sett. Ég ætla að lesa upp úr nefndarálitinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samstaða var í nefndinni um meginmarkmið“ — ef þarna hefði staðið „skilyrði“ þá hefði þetta kannski væntanlega þýtt eitthvað annað — „í samningaviðræðum við ESB varðandi sjávarútveginn.

Síðan kemur, með leyfi forseta:

„Auk þess verði leitað eftir eins víðtæku forsvari í hagsmunagæslu í sjávarútvegi ... og kostur er lúti málefni að íslenskum hagsmunum.“

Það á sem sagt að fara þarna út og reyna eins og kostur er að leitast við að ná fram einhverjum hagstæðum samningum fyrir Íslands hönd. En það er ekki gert að skilyrði. Það er einmitt þetta sem Bændasamtökin hafa verið að benda á, að það er hvergi að finna skilyrði heldur varðandi landbúnaðinn, (**Gripið fram í:** Engin skilyrði.) engin skilyrði og í rauninni er ekki fjallað um landbúnaðinn í heild. Það er tekinn þröngur, hvað á ég að segja, lítill kassi (Forseti hringir.) landbúnaðarins sem bendir til þess enn og aftur að skilyrði Framsóknarflokksins varðandi (Forseti hringir.) aðild að Evrópusambandinu eru ekki uppfyllt.

[21:04]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður er fastur í skilyrðum Framsóknarflokksins. Ég verð þá að minna hv. þingmann á að því hefur verið lýst í ræðu á hinu háa Alþingi hvernig gerð var tilraun til þess á flokksþingi Framsóknarflokksins að fella úr landsfundarflokksþingsályktun þar sem fjallað er um samningsmarkmið undir kaflaheitinu Fyrstu skref. Það kom fram tillaga um það frá hv. þingmanni sem nú er þingflokksformaður í salnum. Það var fellt. (**GBS:** Það er ekki rétt.) Jú, það var fellt. (Gripið fram í.) Ég meina, það var forveri hv. þm. Gunnars Braga Sveinssonar sem lýsti þessu í ræðu hérna. Ég get látið hann fá útskrift af ræðunni. Því var lýst hvernig hv. þingmaður lagði til að orðinu „markmið“ yrði breytt í „skilyrði“. Það var samþykkt.

Síðan var önnur kaflafyrirsögn sem hét Fyrstu skref þar sem segir: Þessi samningsmarkmið ásamt ýmsum öðrum skulu lögð til grundvallar. Það var líka gerð tillaga um að fella það brott og setja orðið „skilyrði“ en það var fellt þannig að það er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur komist að að þessi skilyrði eiga að vera samningsmarkmið sem eru lögð til grundvallar. (**VigH:** Framsóknartúlkun.) En það er nú annað.

Ég kem aðallega upp til að svara hv. þingmanni því hversu lengi við verðum að uppfylla Maastricht-skilyrðin. Hv. þingmaður veit að ég er bjartsýnn maður. Það er líka hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson sem eins og þing veit er fyrrverandi efnahagsráðgjafi minn. Hann telur að það séu sjö ár. Reynsla mín er sú að það eigi að deila í með svona tveimur að því er hann segir og bæta við kannski einum þannig að ég mundi segja fjögur til fimm ár.

[21:06]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það mátti lesa það úr orðum hæstv. utanríkisráðherra að hann hefði verið fluga á vegg á flokksþingi Framsóknarflokksins og ég hefði að sjálfsögðu boðið hann velkominn. Ég hefði þegið eitt eða tvö atkvæði í viðbót og ég veit að hann hefði stutt mig. Það er alveg ótrúlegt til þess að hugsa hvernig menn geta fengið þetta út vegna þess að hér er ég nú með einmitt flokksályktunina, sem sagt þessa breytingartillögu sem er orðrétt. Þar nefnilega stendur orðið skilyrði, tvípunktur og svo a, b, c, d, e, f, g, h. Það getur vel verið að einhvers staðar annars staðar í ályktuninni standi samningsmarkmið og ég held að það sé nú svona bara til þess að hafa fallegra orðalag á þessu. En hvernig menn fá það út að samningsmarkmið og skilyrði séu sama orðið samkvæmt eðlilegri málvitund, það fæ ég engan veginn skilið. Ef það er þannig bið ég alla íslenskufræðinga landsins að stíga fram og endurskilgreina orðið skilyrði fyrir þjóðinni vegna þess að ég skil það öðruvísi. Ég skil það þannig að ef þú setur einhver skilyrði þýði það að þú ætlar ekki að ganga að neinu nema að þeim uppfylltum.

Varðandi Maastricht-skilyrðin þá deilir hæstv. utanríkisráðherra í með tveimur. En hefur utanríkisráðherra ekki myndað sér sjálfstæða skoðun á þessu máli og hefur hann ekki kannað af sjálfsdáðum og farið kannski yfir álit fleiri efnahagsráðgjafa en hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar vegna þess að þetta er algert grundvallaratriði? Því er haldið hér fram að atvinnulífið muni blómstra ef við göngum (Forseti hringir.) í Evrópusambandið. En ég hef einfaldlega ekki séð nein rök á prenti fyrir því að hægt sé að reikna með því að það verði (Forseti hringir.) hér að minnsta kosti á næstu árum.

[21:08]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég nefndi hv. þm. Tryggva Þór Herbertsson til sögunnar ekki bara vegna þess að hann er fyrrverandi efnahagsráðgjafi minn með alkunnum afleiðingum heldur vegna þess að hann er líklega glúrnasti hagfræðingurinn sem hér situr inni. Ég sjálfur tel að það sé fyrst og fremst skuldahlutfallið sem við munum eiga í erfiðleikum með við að glíma við og það mun taka okkur fjögur til fimm ár. Ég tel það.

Snúum okkur þá að skilyrðum Framsóknarflokksins. Menn eiga að lesa heima, frú forseti. (**SDG:** ... þráhyggjan.) Ég hef ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur. Þar er hún að lýsa því sem gerðist á flokksþingi Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Hún les upp úr fundargerð og segir svo um þetta orð þegar lagt er til að orðinu skilyrði undir kaflanum Fyrstu skref sé breytt í samningsmarkmið. Hún les upp og segir, með leyfi forseta:

„Í fundargerðinni stendur: „Það var fellt með afgerandi hætti að breyta þessu orði „samningsmarkmið“ í orðið „skilyrði““. En þingforseti sagði: „Þetta er fellt, það er kristaltært“, ...“

Þetta er fundargerð af flokksþingi Framsóknarflokksins. Þurfa framsóknarmenn að deila við utanríkisráðherra um það hvað gerðist þar? Nei, þeir þurfa ekki að gera það. Þetta er lesið upp úr fundargerð af þinginu og ekki af mér heldur af hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Ég veit að vísu að hv. þingmaður átti sína stærstu stund á því þingi og ég gladdist innilega þegar hann var kjörinn og dapraðist geð mitt til muna þegar í ljós kom að það var með öðrum hætti. En við getum þó báðir glatt okkur við það að Framsóknarflokkurinn hefur eigi að síður eignast glæsilegan leiðtoga (Gripið fram í.) sem er bara að standa sig nokkuð vel. (Gripið fram í.) Ég er ekki að halda því fram að hv. þingmaður hefði ekki líka staðið sig vel. En svona er þetta. Hver sem er formaður Framsóknarflokksins eða ekki í dag — ég veit að vísu hver það er og hann stendur sig vel — þá er það alveg ljóst að hér er þetta í gadda slegið í fundargerð flokksins. Ekki lýgur sá sem það hefur skrifað því ég veit líka hver það var.

[21:10]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er eins og mig grunaði að hæstv. utanríkisráðherra er einlægur aðdáandi minn og ég hans vegna þess að ég hef lagt mig í líma við að temja mér fas hans, (**Gripið fram í:** Nú?) ekki bara hér í ræðupúlti heldur líka útlitslega séð tel ég hann vera fyrirmynd annarra karlmanna að því leyti. (Gripið fram í.)

Mér finnst ansi skondnar, eins og ég segi, þessar túlkanir á flokksþingi Framsóknarflokksins. Hér í salnum er einmitt staddur sá sem bar fram tillöguna um skilyrðin (Gripið fram í.) og til eru myndbandsupptökur af þessu (Gripið fram í.) flokksþingi og allt saman er þetta meitlað í stein, (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Jú, jú.) (**Gripið fram í:** Getum við fengið að sjá hana?) hæstv. forseti. Hann sagði — við skulum hafa það alveg á hreinu — að þetta væru skilyrði fyrir því að fara í þessar viðræður. Síðan voru ótal tillögur um hitt og þetta felldar í kjölfarið vegna þess að ég held að mönnum hafi einfaldlega verið nóg boðið og Evrópuumræðan var komin á það stig. (Gripið fram í.)

Ég held að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir fari með rétt mál. Ég hins vegar túlka niðurstöðuna allt öðruvísi og ég held til dæmis að þegar menn segja hér „þessi helstu samningsmarkmið“ að þá sé bara verið að vísa í skilyrðin, hvorki meira né minna. Það á ekkert að túlka það á neinn annan hátt vegna þess að í gömlu flokksályktuninni stóð einmitt „leiðir“. Nú er ég bara þannig að ég tel að skilyrði og leiðir (Forseti hringir.) séu ekki sama orðið. En eins og ég segi, þetta er mín túlkun á (Forseti hringir.) því sem ég held að sé almenn málvenja. (**Utanrrh.:** Leiðarskilyrði.) (Gripið fram í.)

[21:13]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Það hvarflaði að mér áðan að koma upp og bera af mér sakir vegna orða hæstv. utanríkisráðherra um hvað fram fór á flokksþingi Framsóknarflokksins. En því miður var hann ekki viðstaddur þar. Ég vil þó segja við hæstv. ráðherra að ég er til í að sitja með honum eitt kvöld og horfa á hið góða flokksþing okkar á vídeóupptöku, bjóða honum upp á popp og kók til þess að (Gripið fram í.) við getum orðið vitni saman að því sem þar fór fram.

Hæstv. forseti. Eins og fram kom áðan þá eru myndbandsupptökur til af þessu fræga flokksþingi sem allir hafa mikinn áhuga á hér. Þar kemur alveg skýrt fram við hvað er átt með þeim skilyrðum og ekki nokkur einasti maður á þessu þingi kemur upp og mælir eitthvað á annan hátt.

Ég ætla ekki að eyða þessum fáu mínútum sem ég á eftir í þetta ágæta flokksþing. Við gerum það upp, held ég bara, innan flokksins eins og vera ber. Ég kem hér upp enn á ný til þess að leggja áherslu á það sem ég hef haldið hér á lofti og það er að það er mikil tímaskekkja og rangt af okkur að vera á þessum tíma nú að samþykkja að fara í eða óska eftir inngöngu í Evrópusambandið. Það sem felst í tillögu ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans er að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það hafa fleiri þingmenn en ég bent á það að sækja um aðild er annað en að fara í viðræður og ég ætla svo sem ekkert að kafa neitt dýpra í það.

Ég hef þó meiri áhyggjur af öllum þeim vísbendingum, öllum þeim greinum, öllum þeim orðum sem hafa komið fram hjá sérfræðingum, hjá erlendum aðilum og innlendum um hvað sé í hættu fyrir okkar íslenska þjóðarbú ef við höldum í þessa vegferð sem nú er að hefjast. Meðal annars vitnaði ég hér í gær í orð sérstaks ráðgjafa okkar, Evu Joly, þar sem hún talaði um að það væri mjög gott fyrir Evrópusambandið og mikilvægt að komast yfir náttúruauðlindir okkar, íslensku þjóðarinnar. Það er til siðs þessa dagana sýnist mér og heyrist að taka mark á öllu því sem þessi ágæta kona segir og við skulum því væntanlega taka mark á því þegar hún segir, með leyfi forseta:

„Og þeir eiga einnig náttúruauðlindir sem eru mikilvægar fyrir Evrópu eins og orku og fisk. Þannig að ég tel að það væri mjög gott fyrir okkur — og einnig fyrir þá — að verða hluti af Evrópusambandinu.“

Þetta er ekkert annað en staðfesting á því sem við höfum

haldið hér fram að Evrópulöndin, Evrópusambandið, eru í vanda. Þau þurfa að komast yfir orku. Þau þurfa að komast yfir auðlindir okkar sem eru aðallega fiskur og auðlindir í jörðu.

Síðan höfum við hér mikið plagg sem ég sagði í gær að væri alveg ágætlega unnið. Ég ítreka það og þakka þeim sem unnu þetta plagg, þ.e. meirihlutaálitið, fyrir þá miklu samantekt sem er þar. Hins vegar lít eg svo á og endurtek að þessi greinargerð er ekki annað en samantekt að mínu mati á upplýsingum vegna þess að ekki er kveðið sterkt að orði, hvergi í þessari greinargerð. Hvergi eru sett þau skilyrði og fyrirvarar sem ég og fleiri teljum nauðsynlega. Því til stuðnings vil ég benda á að á vefsíðunni bondi.is er af hálfu þeirrar vefsíðu eða fyrir hönd bændasamtakanna farið yfir þetta meirihlutaálit, þ.e. landbúnaðarkaflann og þar kemur berlega í ljós að hann er það almennt orðaður að Bændasamtökin telja að ekki sé gætt að hagsmunum landbúnaðarins í þessari greinargerð.

Það getur vel verið að þeir sem eru fylgjandi því að ganga þennan veg taki ekki mark á okkur þingmönnum sem erum að gagnrýna þetta. En ég hefði haldið að það ætti að taka þó nokkuð mikið mark á þeim sérfræðingum og þeim aðilum sem vinna í þessari grein sem hafa mestra hagsmuna að gæta og skoða þessa hluti út frá því. Það er ljóst að þeir gera kröfu og hafa alltaf gert kröfu um að skýrt verði kveðið að orði um þau skilyrði, þ.e. hverju ekki megi fórna, hvað sé óumsemjanlegt varðandi landbúnaðinn.

Ég vil leyfa mér, eftir að hafa lesið mjög ítarlega í gegnum þessa greinargerð, ekki einu sinni og ekki tvisvar heldur oftar, að segja að það sama á við um alla kafla greinargerðarinnar. Þá komum við að merg málsins, þ.e. hvort við séum tilbúin til þess að skilyrða umboð samninganefndarinnar sem væntanlega mun fara til Brussel og semja fyrir okkar hönd. Mig grunar og ekki bara grunar, ég held að það sé þannig að því miður sé hér á þingi meiri hluti fyrir því að fara ekki þá leið að setja inn skilyrði eða skýrt samningsmarkmið eða hvað við köllum það fyrir samninganefndina. Það hefði verið miklu betra og eðlilegra og miklu meiri reisn yfir því ef samninganefndin hefði farið með eða ef samninganefndin fer með — skulum við orða það frekar — í nesti með sér alveg skýrt, svart á hvítu hvað sé óumsemjanlegt af hálfu Íslands, hverju við erum ekki til í að fórna, hverju við erum ekki til í að semja um. Ég hefði haldið að það væri meiri bragur að því að fara þá leið.

Ég átta mig ekki á því hvers vegna stjórnarflokkarnir eða meiri hlutinn hér á þingi sé ekki tilbúinn til að fara þessa leið. Ég átta mig ekki á því. Ég veit ekki og ég bara verð að viðurkenna að ég skil ekki af hverju ekki er hægt að ganga þessa leið. Ég sagði það í fyrstu ræðu minni og mun segja það hér aftur að úr því sem komið er, að ekki er vilji fyrir því að fara þessa leið og ljóst að það á að halda til streitu þessari tillögu meiri hlutans, að þá sé eðlilegra að setja á aðra fyrirvara sem eru þeir að hreinlega láta íslensku þjóðina ákveða hvort við förum í þessa vegferð eða ekki.

Það er nú einu sinni þannig að þetta eru þeir hagsmunir sem mestu skipta sem við erum að tala um og ég fæ ekki séð hvernig við getum hundsað það. Áhyggjurnar eru vitanlega mjög miklar þegar við ræðum um þjóðaratkvæðagreiðslur yfirleitt eins og þær eru túlkaðar hér af hálfu meiri hlutans hér á þingi, þ.e. að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur séu í raun bindandi. Það er undir okkur sjálfum komið og ég hef lýst skoðun minni í andsvari við hv. þm. Pétur H. Blöndal og ítreka það.

Stóra spurningin er, og við komum alltaf að henni aftur og aftur: Hverju erum við tilbúin að fórna? Um hvað erum við tilbúin að semja og hvað ekki? Ég er ekki til í að semja um að íslenskur landbúnaður líði hér undir lok eins og formaður Bændasamtakanna lýsir í grein í *Morgunblaðinu* í dag.

Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Nú er vitneskja fyrir hendi um að stjórnvöld hafi nýlega látið meta stöðu ...“ — þá er hann reyndar að tala um þá skýrslu sem við ræddum í dag og hann segir í niðurlaginu varðandi skýrsluna“ — „Það kemur raunar ekki á óvart því að afstaða Bændasamtakanna er byggð á traustum rannsóknum og undirbúningsvinnu. Skýrslan er því ekki það vopn sem ESB-sinnar í utanríkismálanefnd vonuðust til að geta notað til að slá af málflutning bænda.“

Hann er að segja að sú skýrsla sem við fjöllum um hér í dag var ekki það vopn sem menn vonuðust eftir.

Hann segir að lokum, þessi ágæti formaður, með leyfi forseta:

„Þau sem styðja aðildarumsókn eru að senda bændum skilaboð um að huga sem minnst að framtíðaruppbyggingu búa sinna. Skipuleggja undanhaldið. Skilaboð þeirra eru að það dregur hratt að endalokum nútímalandbúnaðar á Íslandi. Því ekki sækjum við um til að hafna síðan aðild?“

Þetta er formaður Bændasamtakanna sem hér talar. Ég tek undir orð hans að við erum hér að tala um, eins og tillagan lítur út að mínu viti — ég ætla að leyfa mér að orða það þannig — eins og tillagan lítur út í dag eru þessir fyrirvarar ekki fyrir hendi sem ég tel að séu nauðsynlegir. Það sama á við um sjávarútveg. Erum við til í að veita einhverja afslætti eða semja um eitthvað varðandi sjávarútveginn? Erum við til í að semja um að afsala okkur stjórn á okkar náttúruauðlind, okkar fiskveiðum? Erum við til í að gefa það frá okkur að koma að samningaborði varðandi til dæmis nýtingu á þeim flökkustofnum sem hér fara inn í okkar landhelgi? Ég segi nei. Við getum ekki gefið slíkt eftir.

Tíminn er að verða búinn, hæstv. forseti, en ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að á morgun er ögurstund íslenskrar þjóðar þegar við greiðum hér atkvæði. Ég tek ofan fyrir þeim þingmönnum Borgarahreyfingarinnar sem hafa ákveðið að setja hag þjóðarinnar í brodd fylkingar eins og þeir lofuðu í sinni kosningabaráttu og það ber vitanlega að virða. Það ber að virða. Ég treysti því að þegar þingmenn vakna í fyrramálið muni þeir vera búnir að hugsa málið vandlega í nótt, velta því fyrir sér hvort það sé þess virði að taka þá áhættu sem við erum að fara út í núna, eyða í það öllum þessum peningum sem þetta mun kosta. Meðan við lifum í samfélagi þar sem þarf að velta fyrir sér hverri krónu þá getum við ekki leyft okkur að taka hér þúsund milljónir króna eða þaðan af meira og eyða í eitthvað sem er jafnvel ekki og mér sýnist hreinlega að það sé ekki meiri hluti fyrir að verði samþykkt á endanum. Þeim peningum er kastað á glæ.

[21:23]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér af hverju hv. þingmaður, sem er yfirvegaður og umburðarlyndur og mér finnst oft og tíðum vera nokkuð frjálslyndur, telji að það sé eitthvað hættulegt við að sækja um aðild að Evrópusambandinu og leggja það í dóm þjóðarinnar. Hv. þingmaður sagði hér í andsvari við mig um daginn að hann væri meira að segja reiðubúinn til þess að láta niðurstöðu slíkrar atkvæðagreiðslu stýra sinni för í atkvæðagreiðslum hér á Alþingi ef gæfan sér til þess og forlögin að hann verði hér aftur eftir næstu kosningar, sem ég sannarlega vona.

Hvað telur hv. þingmaður að sé í hættu? Ef það er þannig, eins og hv. þingmaður reifaði hérna áðan, að líklegt væri að þeir sem semja fyrir okkar hönd kæmu heim með samning sem væri svona vondur bæði fyrir landbúnaðinn og fyrir sjávarútveginn, hvaða líkur telur þá hv. þingmaður á því að hann verði samþykktur? Við vitum það fullvel að það eru fyrst og fremst þrjú atriði sem munu skipta sköpum, samningar sem tengjast samstarfi um gjaldmiðilinn, um sjávarútveginn og um landbúnaðinn. Af þessu tvennu verður mjög erfitt, teljum við — höfum aldrei dregið dul á það — að semja um viðunandi lausnir í sjávarútvegi en líka í landbúnaði. Ef hann gefur sér það að niðurstaðan verði svona neikvæð af hverju heldur hann þá að Íslendingar muni samþykkja þetta? Ég held að áhættan sé ekki mjög mikil.

Að því er kostnaðinn varðar þá vísa ég til þess sem hv. þm. Birgir Ármannsson sagði hér. Vissulega ræddi hann með gagnrýnum hætti um kostnaðaráætlun. En hann sagði líka að ef menn á annað borð legðu í slíkan leiðangur þá ættu þeir ekki að horfa í kostnaðinn vegna þess að það væri svo miklu meira í húfi. Ég vek eftirtekt á því að stærsti hlutinn af þessum kostnaði er þýðingarkostnaður, 600 milljónir tæpar. En það er hugsanlegt, það er ekki útilokað að við getum fengið styrki til þess. En hitt ber líka á að líta að þarna er um ákveðinn þýðingarhalla að ræða. Við þurfum hvort eð er að þýða (Forseti hringir.) töluvert mikið og erum á eftir þannig að það er peningur sem má draga frá þessu. Það veit ég að hv. þingmaður sem góður kaupfélagsmaður skilur.

[21:25]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þennan kostnað þá vil ég byrja á því að segja að það var upplýst hér í ræðu í dag eða gær — ég man ekki hvort er — að til dæmis í landbúnaðarráðuneytinu, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra upplýsti það að ekki er búið að áætla kostnað þess ráðuneytis varðandi þessa aðildarumsókn. Það er ekki neitt búið að áætla kostnað heils ráðuneytis varðandi þessa umsókn. Ég geri því ráð fyrir að slíkt megi segja um aðrar ríkisstofnanir jafnvel og hugsanlega önnur ráðuneyti og þá spyr maður hvort þessi milljarður sem hér er talað um sé ekki í raun tveir eða fleiri. Það er ágætt að spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort það sé eingöngu hans ráðuneyti sem búið er að áætla þennan kostnað, fyrst hann er hér í andsvörum.

Við hvað er ég hræddur? Ég er hræddur við mjög margt í þessu og ég ætla að nefna aðallega tvennt. Ég er hræddur við það að þeir stjórnarflokkar sem nú eru í ríkisstjórn og þá sérstaklega flokkur hæstv. utanríkisráðherra, þó að ég hafi miklar mætur á honum eins og hann hefur á mér samkvæmt hans yfirlýsingum hér áðan, þá óttast ég að þegar á hólminn verði komið verði ekki staðið á bremsunni, að þá verði ekki virt það álit sem ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla gefur. Eins og ég skil málið á eingöngu að viðhafa ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu og ég hef áhyggjur af því.

Ég hef líka áhyggjur af því, hæstv. utanríkisráðherra, að þegar á hólminn verður komið verði farið með þingið og þjóðina eins og gert er núna varðandi Icesave-samkomulagið, það verður búið að stilla öllum upp við vegg og sagt: „Við verðum að samþykkja þetta. Það er ekkert annað í boði. Það er þjóðarvoði ef þetta verður ekki samþykkt.“ Það eru þau skilaboð og það er sá málflutningur sem hér er hafður uppi af stjórnvöldum varðandi Icesave.

Hvers vegna eigum við sem erum efins að trúa því að það verði eitthvað annað uppi í þessu? Hvers vegna eigum við að trúa því? Þetta mál er þannig vaxið að það er útilokað að mínu viti fyrir ríkisstjórnina að leggja af stað í þessa vegferð með líklega nauman meiri hluta fyrir því að fara þessa leið, með hálft þingið á móti sér og með nærri 80% af þjóðinni á móti (Forseti hringir.) sér.

[21:27]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að leiðrétta það síðasta sem hv. þingmaður sagði, um 80% á móti sér. Það er ekki svo. Ég bendi hv. þingmanni á að hér var gerð skoðanakönnun nýlega þar sem í ljós kom að tvöfalt fleiri voru fylgjandi því að sækja um aðild að Evrópusambandinu en þeir sem voru á móti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram.

Mér finnst líka að hv. þingmaður hafi ekki mikið álit á sinni þjóð. Hann talar hér um að það sé líklegt að samningurinn verði vondur, að samningamennirnir séu alveg sérstaklega vondir og líklegir til þess að kikna í hnjánum eða koma heim með vondan samning. Ef svo er, er það ekki þjóðin sem að lokum í öllu falli sker úr um það? Er það ekki svo? Alla vega miðað við það sem hv. þingmaður segir. Hún fær alla vega að gefa honum ráð, segja sitt álit. Heldur hv. þingmaður að ef þjóðin tekur afgerandi afstöðu að (**VigH:** Afgerandi?) þetta þing (**VigH:** Afgerandi?) og hvaða þing sem þá kann að sitja mundi leggjast gegn því?

Hv. þingmaður verður líka að fylgjast með. Nú veit ég að vísu að hv. þingmaður situr ekki nema endrum og sinnum sem varamaður í utanríkismálanefnd. En hann hafði þar ekki mjög hratt á hæli og staldraði nokkuð við á meðan á umfjöllun nefndarinnar stóð. Hann veit það jafn vel og ég að það komu 55–60 álit skrifleg. Má ég spyrja hv. þingmann: Hvað voru mörg álit af þessum 55–60 sem lögðust beinlínis gegn málinu? Hann þarf ekki að svara því. Ég skal svara því fyrir hann: Þau voru sex. Þetta er nú hin breiða samstaða sem er gegn þessu máli.

Þetta er auðvitað tóm vitleysa og gamlir og gegnir kaupfélagsmenn eins og ég og hann eigum ekki að tala svona. Við getum alla vega sameinast um það að við vitum að það

eru tvö kaupfélög í heiminum sem bera af öðrum. Það eru Kaupfélag Skagfirðinga og Evrópusambandið. Ég styð bæði, hann bara Kaupfélag Skagfirðinga.

[21:29]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman að glettni hæstv. utanríkisráðherra og mér þykir einkar vænt um hug hans til kaupfélaganna. En því miður deilum við ekki sömu ást á þessu stóra kaupfélagi sem hann er um það bil að skrá sig í eins og ég skil hlutina alla vega.

Það er nefnilega þó nokkur munur á því hvort við erum með kaupfélag sem er rekið á héraðslegum forsendum, hugsar um sitt hérað, sitt nærumhverfi, eða hvort við erum með kaupfélag sem er svo stórt að það skilur ekki og veit ekki hvað íbúarnir eða þeirra nærumhverfi vill og hugsar og telur sig þurfa. (**Gripið fram í:** Þá er bara að ...) Það er nefnilega þannig, hæstv. utanríkisráðherra, að hið stóra kaupfélag í Evrópu, í austrinu, sem hann er svo ákafur að ganga inn í, hefur að mörgu leyti ekkert samband og líklega ekkert samband við sína umbjóðendur. (Gripið fram í.) Það undirstrikar það, hæstv. utanríkisráðherra, ef ég veit rétt, að á rúmlega 700 manna þingsamkomu hjá Evrópuþinginu — held ég að það sé eða eitthvað slíkt — munum við eiga um það bil fimm hausa eða sex.

Þrátt fyrir að við hæstv. utanríkisráðherra og getum talað hátt og látið fara mikið fyrir okkur efast ég um að rödd okkar muni ná þeim eyrum sem við þurfum á að halda í þessu stóra og mikla, ja, ég ætla ekki kannski að segja, kaupfélagi þarna austur frá því að mér finnst kaupfélagshugsjónina setja niður, samvinnuhugsjónina, við að bera þetta saman.

Ég vil þó segja að samkvæmt könnun, hæstv. ráðherra, vilja 76,3% landsmanna að greitt verði þjóðaratkvæði um það hvort við eigum að fara í þessa vegferð sem við erum að fara í. Af hverju ætli það sé? Það er vegna þess að þjóðin hefur áhyggjur af því að við séum að gera þetta á röngum forsendum, á röngum tíma og að við eigum að einbeita okkur frekar að hlutunum hér heima. Undir það tek ég með þjóðinni. Við eigum að hugsa um nærumhverfi okkar og reyna að komast út úr þeim vanda sem við erum í í dag, ekki (Forseti hringir.) að leggja í þessa voðalegu vegferð.

[21:31]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er afskaplega gaman að taka þátt í þessari umræðu vegna þess að það lýsir af henni lýðræðislegum þrótti. Ég ber virðingu fyrir hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni fyrir skoðanir hans sem hér hafa komið fram, þær eru mjög mikilsverðar. Hér er ekki um „absalútt“ hlut að ræða, hvorki er hægt að segja að Evrópusambandið sé algott eða alvont.

Ég kem, rétt eins og hann, úr Norðausturkjördæmi þar sem mikill landbúnaður er stundaður og ég hef rætt við fjölda fólks í því ágæta kjördæmi um Evrópusambandið og hugsanlegar afleiðingar af inngöngu í það. Þetta fólk í dreifðum byggðum hefur haft mikinn áhuga á að ræða þessi mál á upplýsandi hátt, ekki með klisjum eða sleggjudómum.

Þegar kemur að Evrópusambandinu og hinum dreifðu byggðum skulu menn hafa í huga þrjú megingildi í landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins, sem eru fjölbreytni lífríkis, fjölbreytni atvinnulífs og matvælaöryggi. Ég held að í ljósi þessara þriggja atriða séu mikil sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað. Þar fyrir utan eru aðrir þættir sem kunna að skapa miklu meiri tækifæri, það eru umhverfistollar, sem verða æ hærri í framtíðinni, landfræðileg staða Íslands og svo sú náttúrulega sóttkví sem af henni hlýst.

Ég tel því að við þurfum ekki að óttast alheiminn og umhverfið í þessu máli heldur eigum við einmitt að opna (Forseti hringir.) á samninga og sjá hvað er í boði með styrk íslensks landbúnaðar í huga.

[21:33]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að möguleikar og sóknarfæri landbúnaðarins eru mikil. Við getum samt ekki verið svo gríðarlega bjartsýn að við getum leyft okkur að segja að með því að ana út í óvissuna sem felst í því að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið og ganga hugsanlega í það, séum við búin að tryggja að íslenskur landbúnaður muni vaxa og dafna um alla eilífð.

Þvert á móti hafa Bændasamtökin og aðilar í landbúnaðinum bent á að í rauninni væri verið að leggja landbúnaðinn í rúst með því að ganga þessa leið sem við erum að tala um að fara. Af hverju ætli menn haldi það? Það er vegna þess að menn hafa reynslu annarra fyrir framan sig.

Það vantar inn í þessa umræðu, t.d. í þá skýrslu sem við ræddum í dag og í álit meiri hlutans. Ekkert er t.d. talað um þær afurðastöðvar sem eru í landinu og fullvinna vörur landbúnaðarins. Ekkert er minnst á þau tíu þúsund störf sem eru í þeim geira og öll þau störf sem eru afleidd, ekkert er minnst á þetta. Af hverju ætli það sé?

Ég vil líka benda á það varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna að Sviss fór í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2001. Hér hafa sumir þingmenn Samfylkingarinnar talað eins og það sé alveg út í hött að ætla að fara þessa leið, að enginn hafi gert það. En Svisslendingar fóru hana og maður veltir fyrir sér, ef maður á að vera ljótur í hugsun, hvort ákveðnir þingmenn hérna og samfylkingarmenn sérstaklega, hv. þingmaður, séu að reyna að leyna þjóðina því að þetta sé þekkt leið sem hefur verið farin. Reyndar höfnuðu Svisslendingar því að fara í aðildarviðræður í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2001 með miklum meiri hluta. Það er kannski þess vegna sem þetta hefur ekki verið dregið fyrr upp á borðið.

[21:35]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er talsmaður upplýstrar umræðu og ég trúi því að hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson sé sömu skoðunar. Ég tel að upplýst umræða um jafnmikilvægan og merkan hlut og hugsanlega inngöngu Íslendinga í Evrópusambandið eigi að byggjast á öllum gögnum og þar á meðal á samningsdrögum sem liggi fyrir vegna þess að við getum aldrei sem þjóð talað endanlega og upplýst um þetta mál nema við höfum fyrir framan okkur hvað er sannarlega í

boði. Annað er spádómur, véfregn. Við hljótum að taka upplýsta ákvörðun byggða á grunni samnings sem liggur fyrir, hitt er í versta falli gamaldags kjaftasaga.

Við eigum að byggja sýn okkar á þeim möguleikum sem landbúnaðurinn hefur, þar á meðal störf afleidd af honum. Ég tel að það séu einmitt sóknarfæri fyrir afurðastöðvar úti um land að fá fellda niður tolla í tengslum við Evrópusambandið og flytja út íslenskar landbúnaðarafurðir í meira mæli en hefur verið gert. En það ræðst vitaskuld allt af þeim samningum sem væru til staðar og þá fyrst getum við skoðað hvað er í boði í þessari umræðu.

[21:38]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Gamaldags kjaftasaga sagði hv. þingmaður og ég ætla ekki að leggja út af þeim orðum en ég velti því fyrir mér hvort það geti verið að það sé álit einhverra að sú gagnrýni sem kemur fram sé kjaftasögur. Það er ekki þannig. Komið hafa fram í blöðum gagnrýnar greinar, upplýsingar og samanburður sem hrekur það að gott sé að vera í þessu Evrópusambandi.

Þegar talað er um upplýsta umræðu velti ég fyrir mér því sem kom fram í máli hæstv. heilbrigðisráðherra í dag — þó að hann væri með og ekki með og á móti og maður viti í rauninni ekki hvað hann er að fara — hann upplýsti að hann treysti sér til þess að komast að því á einni viku hvort við ættum að fara í Evrópusambandið eða ekki. Ég spyr þá: Hvers vegna í ósköpunum var tímanum sem hæstv. utanríkisráðherra eyddi á Möltu, í einhverri dularfullri ferð sem enginn vildi kannast við hér í þinginu, ekki bara varið í Brussel til þess að komast að því hvað við fáum, fyrst þetta er svona einfalt? Af hverju var ekki bara farið og spurt: Hvernig er þetta með sjávarútveginn, hvernig er þetta með landbúnaðinn? Um hvað getum við samið?

Til hvers þurfum við þennan hamagang hér á þingi til að fela utanríkisráðherra og einhverjum samningamönnum sem hann væntanlega velur, til þess að fara í vegferð sem við vitum ekkert hverju skilar okkur? Hvernig er það? (**Gripið fram í:** Margbúið að skoða þetta.) (**Gripið fram í:** Er þetta ekki Icesave á einni viku?)

Ef við getum einfaldlega, hv. þingmaður, farið og spurt (Forseti hringir.) og kannað um hvað við getum samið varðandi sjávarútveginn og landbúnaðinn, hvort við getum fengið afslátt og undanþágur fyrir sjávarútveginn … Ef við þurfum að gefa eitthvað eftir í okkar sjávarútvegi, og við getum á einni kvöldstund fengið það upp á borðið þurfum við ekkert að ræða frekar við Evrópusambandið. (Forseti hringir.) Við þurfum ekki að ræða frekar við Evrópusambandið ef við þurfum að fórna einhverju af þessum grundvallarhagsmunum okkar.

[21:40]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Nú er farið að líða að lokum þessarar umræðu og ég vil nota tækifærið í upphafi síðari ræðu minnar til að þakka enn á ný nefndarmönnum í utanríkismálanefnd fyrir þeirra ágæta starf og einnig fyrir þá umræðu um þetta mikilsverða mál sem hér hefur verið bæði í kvöld og undanfarna daga.

Ég vil byrja á því að velta upp einum þætti sem mér hefur ekki þótt þingheimur veita nægilega athygli en skiptir miklu máli þegar menn velta fyrir sér inn í hvaða samband við gætum farið verði tillaga ríkisstjórnarinnar samþykkt á morgun. Það snýr að efnahagslegri framtíð ESB, hvernig efnahagslegar horfur eru í álfunni þegar menn horfa til lengri tíma. Framleiðni í ríkjum ESB er lægri en gengur og gerist t.d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku sem hefur um leið áhrif á öll lífskjör og hagvöxt í álfunni. Það er alvarlegt vegna þess að þegar menn horfa til lengri tíma hvað varðar möguleika Evrópuríkja til að halda uppi öflugum velferðarríkjum standa menn frammi fyrir mjög alvarlegum vanda sem felst í aldurssamsetningu flestra Evrópuþjóða. Þegar litið er á álfuna í heild voru um það bil 16% af íbúum Evrópu eldri en 65 ára árið 2002. Þegar horft er fram til ársins 2025 má ætla að yfir 20% af íbúum álfunnar verði orðin eldri en 65 ára. Í einstaka ríkjum, t.d. Þýskalandi, bendir allt til þess að 30% þjóðarinnar verði eldri en 65 ára árið 2025. Hverjar eru afleiðingarnar?

Í fyrsta lagi verður lífeyrissjóðakerfi álfunnar í gríðarlegum og vaxandi vanda. Það verður erfitt fyrir þær þjóðir að tryggja að hægt verði að bjóða upp á sambærileg lífskjör fyrir eldri borgara eftir 20–30 ár eins og þau eru núna án þess að til komi miklar skattahækkanir.

Í öðru lagi er einsýnt að draga mun úr sparnaði í samfélögum þar sem stór hluti þjóðarinnar er kominn yfir 65 ára aldurinn, einfaldlega vegna þess að sá hópur leggur ekki til hliðar; hann er kominn af vinnumarkaðnum. Þar með er dregið úr sparnaði og í framhaldinu, verði ekkert að gert, mun draga úr hagvexti. Þetta bítur í skottið á sér því að menn þurfa að leggja á hærri skatta til að standa undir velferðarkerfinu, sérstaklega velferð eldri borgara, og um leið er dregið enn frekar úr möguleikum hagkerfisins til að skapa auð. Þetta er stórt vandamál sem er fram undan í ríkjum ESB, gríðarlegt vandamál sem við Íslendingar stöndum ekki frammi fyrir, í það minnsta ekki í jafnríkum mæli. Þetta mun gera það að verkum að hætta er á að álfan dragist aftur úr í efnahagsþróun bæði miðað við Bandaríki Norður-Ameríku og eins Asíuríki. Þetta er vandamál. Vandinn er magnaður upp innan ESB þar sem sterk tilhneiging er til að búa til verndarmúr utan um fyrirtæki sem starfa á þeim markaði, verja þau fyrir samkeppni frá Asíu og jafnvel Austur-Evrópu. Menn hafa áhyggjur af svokallaðri þjónustutilskipun sem gengur illa að innleiða vegna þess að menn vilja verja þann hluta Evrópu sem býr við einna besta velferðarkerfið fyrir því sem menn kalla undirboð frá ríkjum Austur-Evrópu þegar kemur að framboði og þjónustu en þjónustukerfið er stærsti hluti evrópska efnahagskerfisins. Þetta er vandinn og inn í þessar aðstæður förum við Íslendingar ef við sækjum um aðild að ESB og samþykkjum.

Mér hefur þótt nokkuð vanta upp á að við ræðum einmitt þennan þátt þegar kemur að þróun ESB. Við munum að sjálfsögðu, komi til þess að hingað verði leiddur samningur um aðild Íslands að ESB, þurfa að fara mjög ítarlega og nákvæmlega í gegnum slíkt.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt og það hljóti að koma að því fyrr eða síðar að Íslendingar sæki um aðild að ESB. Ég hef lýst yfir þeirri skoðun minni ítrekað bæði í þessum ræðustól og í greinum í blöðum. Hvers vegna hef ég gert það? Ég hef gert það vegna þess að ég sé

eins og margir aðrir að uppi eru vandamál með íslensku myntina og ég tel að fyrr eða síðar þurfum við að horfast í augu við þá kosti sem í raun og veru fylgja aðild að ESB og vega þá og meta gagnvart þeim möguleika að við getum tekið upp evru. En ég hef líka sagt og lagt áherslu á að það er villuljós að halda og trúa að við leysum öll okkar efnahagsvandamál ef við bara tökum upp evru. Það er langt í frá og sú þraut er alveg örugglega þyngri en margur heldur að stýra efnahagslífinu við þær aðstæður þegar búið er að taka upp mynt sem getur þróast með allt öðrum hætti en aðstæður hér á landi bjóða upp á. En ég hef samt sem áður sagt: Það er rétt að skoða þetta.

Meginástæðan fyrir því að ég hef talið að fyrr en síðar þyrfti þetta að gerast er sú að við verðum að lokum að leiða þessa deilu til lykta. Þess vegna er mjög mikilvægt að þjóðin hafi möguleika á því að lokum að segja sína skoðun á þessum málum. Við getum ekki endalaust haft þetta deilumál uppi í okkar samfélagi. Það þvælist fyrir og gerir illt verra. En, og það er stórt en, það er ekki sama hvernig menn ráðast í þessa vegferð. Það er ekki sama hvernig menn leggja af stað og heldur ekki hvernig menn sjá fyrir sér lendingu. Það er ekki hægt að sigla skipi í land hvar sem er og hvernig sem er, menn verða að hafa komið auga á góða höfn.

Í fyrsta lagi tel ég að sú leið sem ríkisstjórnin ætlar sér að leggja upp með, og mun leggja upp með fái hún til þess samþykki á morgun, sé mjög mörkuð því að flokkarnir sem eru í ríkisstjórn eru fullkomlega og algerlega ósammála um hvort Ísland eigi að ganga í ESB eða ekki. Um er að ræða málamiðlun sem byggir á því að undir liggur ríkisstjórnarsamstarf. Gott og vel. Það hefur komið skýrt fram. En um leið er kominn upp sá vandi, frú forseti, að þótt farið verði af stað í þetta samningaferli og íslenskir samningamenn sendir til Brussel til að semja við ESB er engin trygging fyrir því að þeir komi til baka með samning sem þjóðin geti sagt sitt álit á. Það er langt í frá.

Hjá helstu talsmönnum Vinstri grænna á þinginu hefur ítrekað komið fram að ef sú staða kemur upp í samningaferlinu að menn meti það svo – þá væntanlega ríkisstjórnin, ráðgjafar hennar og þeir sem standa í samningunum – að ekki sé hægt að ná viðunandi samningum t.d. í sjávarútvegs- eða landbúnaðarmálum, hljóti menn að hætta samningum og koma heim. Þá stendur eftir sá vandi sem ég lýsti áðan. Þjóðin hefur ekki fengið að segja sína skoðun. Sá vandi stendur eftir, frú forseti, og er óleystur. Deilan mun halda áfram og verða enn magnaðri en áður. Þessi hætta er yfirvofandi vegna þess að það liggur fyrir þegar stefnuskrá Vinstri grænna er skoðuð að varla er með nokkru móti hægt að sjá fyrir sér að mögulegt sé að búa til samning sem samrýmist skoðunum Vinstri grænna á því hvað sé boðlegt fyrir íslenska þjóð. Svo vel tel ég mig þekkja stefnu Vinstri grænna í þessu máli.

Þetta er fyrsti vandinn. En til að kóróna þennan vanda og bíta höfuðið af skömminni ætlar ríkisstjórnin að lenda málinu þannig — ef svo vill til að samningurinn komi til þjóðarinnar — að þjóðin á ekki að fá síðasta orðið heldur þingið, samkvæmt því sem lagt er upp með. Það á að vera ráðgefandi atkvæðagreiðsla. Sú furðulega umræða sem hefur sprottið upp um að slík ráðgefandi kosning, einhvern veginn á dularfullan hátt, hljóti að vera bindandi fyrir þingið bara svona af því bara, af því að mönnum finnst það, er alveg óskiljanleg. Það dugar ekki og gengur ekki að menn hrópi aftur og aftur að slík atkvæðagreiðsla hljóti að vera bindandi og þjóðin eigi síðasta orðið þegar við blasir allt önnur staða. Það gengur t.d. ekki að hæstv. utanríkisráðherra komi hingað upp og haldi því fram að auðvitað eigi þjóðin síðasta orðið og allir séu sammála um það en hlaupi síðan frá rökræðunni um hvað þetta þýðir. Menn hlaupa nefnilega ekki frá stjórnarskránni þótt þeir hlaupi frá rökræðunni. Það er augljóst mál að við þingmenn erum bundin stjórnarskránni, ekki tilmælum forustumanna flokkanna, ekki óljósum fullyrðingum um að menn hljóti að líta svo á að einhver atkvæðagreiðsla sé bindandi.

Það er reyndar alveg furðulegt að heyra þessar skoðanir koma frá þingmönnum sem margir hverjir hafa í mörg ár verið ötulir talsmenn þess bæði í þingsölum og annars staðar að þingmenn standi við sína sannfæringu, lúti ekki um of flokksaga o.s.frv. Þessir þingmenn ætla síðan að leggja af stað í þá vegferð að sækja um aðild að ESB, koma til þjóðarinnar og segja: Ykkar niðurstaða hlýtur að vera bindandi, við trúum ekki öðru. Á sama tíma liggur fyrir tillaga okkar sjálfstæðismanna um hvernig eigi að tryggja að það sé þjóðin sem eigi síðasta orðið. Enn á ný – menn verða að hafa þetta á hreinu vegna þess að ef það gerist, sem er líklegt, að það verði mjótt á mununum og við skulum segja enn og aftur að rétt rúm 50% þjóðarinnar segi já og rétt tæp 50% segi nei. Hvað ef sú staða kemur upp, hv. þingmenn, að fleiri þingmenn í hjarta sínu og samkvæmt sannfæringu sinni telji að samningurinn sé vondur, að þetta sé óaðgengilegur samningur fyrir íslensku þjóðina, trúi því einlæglega. Hvað gerist þá? Þá gerist það sem kom fram í þingsal þegar hv. þm. Ásmundur Daði Einarsson var spurður nákvæmlega þessarar spurningar

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Einar Daðason)

Ásmundur Einar Daðason

(**Forseti** (ÁRJ)**:** hv. þingmaður)

hv. þingmaður, þegar hann var spurður að því hvað hv. þingmaður — nú ætla ég ekki að leggja aftur í nafnið — hygðist gera kæmi til þess að hann stæði frammi fyrir þessu vali. Svar hv. þingmanns var alveg ljóst. Að sjálfsögðu mundi hv. þingmaður fylgja sinni sannfæringu, nema hvað. Síðan koma upp talsmenn og forsvarsmenn ríkisstjórnarflokkanna og segja: Þetta hlýtur að vera bindandi. Ef hv. þingmenn meta það svo að þrátt fyrir að þjóðin hafi sagt með mjög naumum meiri hluta já og þingið segi nei, hvað gerist þá? Þá gerist það t.d. að ekki verða flutt nein frumvörp sem fá meiri hluta á þingi til að breyta stjórnarskránni svo hægt sé að lögleiða samninginn. Þessi möguleiki er uppi. Það er ekkert flóknara en það. Þess vegna skiptir svo miklu máli að á morgun sjái menn að sér, taki undir tillögu okkar sjálfstæðismanna og búi þessu máli þann búning að hægt sé að tryggja að þjóðin eigi síðasta orðið. Það er lykilatriði. Hér kemur hv. þingmaður sem ég fór rangt með nafnið á og ég bið hann afsökunar á því. (**ÁsmD:** Þakka þér fyrir það.)

Að lokum þetta. Á morgun er tækifæri fyrir ríkisstjórnina, Samfylkinguna og Vinstri græna, að taka ákvörðun þannig að það megi ná sátt og samstöðu í þingsalnum um

þetta stóra og mikla mál. Ég hef það ríkt á tilfinningunni, frú forseti, að í raun og veru vilji meiri hluti þeirra þingmanna sem hér eru inni fara þá leið sem lagt er upp með að fara, tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, þannig að það sé tryggt að þjóðin eigi síðasta orðið.

Einn flokkur virðist ná því tangarhaldi á Vinstri grænum sérstaklega að koma í veg fyrir að það gerist. Að við missum úr höndunum tækifærið til að ná þessari breiðu sátt og það sem meira er, taka þetta mál upp úr pólitíska hjólfarinu, upp úr flokkspólitíkinni og segja við þjóðina: Þetta mál er þannig að það er eðlilegt í ljósi þeirra aðstæðna sem ég hef lýst hér að þið komið að þessu og takið þessa ákvörðun með okkur, hvort við eigum að fara af stað í þessa vegferð eða ekki. Við lofum ykkur að það verðið þið en ekki Alþingi sem eigið síðasta orðið. Ef við förum þessa leið með breiðri sátt, getum tryggt þjóðinni að það komi fram samningur sem hún getur tekið afstöðu til, þá held ég að við séum að vinna þjóðinni ágætt gagn. Þá held ég að við leiðum til lykta þá deilu sem hér hefur staðið undanfarin ár og verið erfið í okkar samfélagi. Þá tökum við skynsamlega á málum en nálgumst ekki þetta mál með því að segja: Ja, þetta bara reddast einhvern veginn, það hlýtur að fara þannig að þingmenn geri hitt og þetta, við trúum ekki öðru. Þess í stað segjum við: Við skulum setja allan ferilinn þannig niður og slá hann þannig í gadda, svo ég noti orðalag hæstv. utanríkisráðherra, að það sé tryggt að við mögnum ekki upp deilur í samfélagi okkar, að við setjum niður deilur og getum tekið ákvarðanir saman þannig að sómi sé að.

Að lokum vil ég nefna eitt af því að hér hafa menn rætt kostnað sem hlýst af þessu öllu saman og talan einn milljarður hefur flogið um þingsalinn. Ég held að það sé eins með þessa tölu og þegar menn setja skip í slipp að skynsamlegt sé að margfalda kostnaðaráætlunina með þremur. (Gripið fram í.) Úr því að þingmaðurinn nefnir það þá hefur einn hv. þingmaður sem hefur margra ára háskólanám á bakinu einmitt í þeim fræðum að reikna út og vinna með tölur, hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson, bent mér á að það sé langskynsamlegast að margfalda þennan milljarð með tölunni pí. Þá fái menn út vísindalega niðurstöðu og þurfi ekki að reiða sig á þær gömlu þumalputtareglur sem menn hafa um að setja skip í slipp, að það eigi allt að margfalda með þremur, bæði tímann og peningana. Mér segir svo hugur, frú forseti, að þetta verði dýr ferð og ekki verði sátt um að hún hafi verið farin. Það verði margir í þjóðfélaginu sárir út af því, sætti sig illa við það vegna þess að þjóðin hafi ekki fengið tækifæri til að segja sína skoðun og við munum að öllum líkindum velta því fyrir okkur hvers vegna við tókum ekki þá ákvörðun að búa til breiða sátt þegar við áttum möguleikann sem við höfum á morgun. Hvers vegna tókum við ekki þá ákvörðun að leyfa þjóðinni að koma að þessu? Þess munum við spyrja okkur og ég tel líklegt að við munum spyrja með söknuði.

[22:00]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Illuga Gunnarssyni fyrir hans ræðu. Það var mjög áhugavert að hlusta á hana. Ég hef áhuga á að heyra aðeins frekar frá honum. Hann talaði töluvert um áhyggjur sína af öldrun í Evrópusambandinu og hvaða áhrif hún mundi hafa á efnahagskerfi þeirra landa sem eru í Evrópusambandinu. Mér skilst að þetta sé vandamál sem fleiri vestrænar þjóðir hafa áhyggjur af.

Ég ætlaði svo sem ekki neitt sérstaklega að tækla það. Ég hef meiri áhuga á að heyra frá hv. þingmanni hvaða hugmyndir og lausnir hann hefur varðandi þetta vandamál sem myntin er. Ég hefði líka gjarnan áhuga á að heyra frá honum hans skoðanir, því ég reikna með að hann hafi kynnt sér þetta tiltölulega vel, hvenær hann telji að við getum uppfyllt Maastricht-skilyrðin og hvaða þættir varðandi það hann teldi erfiðast fyrir okkur að uppfylla.

Síðan ef hann hefur tíma til — ég veit að þetta eru stórar spurningar sem taka kannski aðeins meira en tvær mínútur að svara. En ég veit að hann mun væntanlega gera sitt besta að svara þeim — hvað er það í hugmyndafræði Evrópusambandsins nákvæmlega sem fellur ekki að hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins? (Gripið fram í.)

[22:02]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Ég væri kraftaverkamaður, frú forseti, ef ég gæti svarað þessu öllu í andsvari. En ég skal byrja á þessu öllu saman alla vega.

Hvað varðar peningamálastefnuna þá tel ég alveg einsýnt að hvað svo sem verður með umsókn að ESB þá þarf auðvitað að finna leiðir til að vinna með krónunni á næstunni. Ég tel að að stofni til muni menn horfa meira en áður var gert á svokallaðar flæðistærðir, þ.e. á innflutninginn, á útflutninginn, á þróun viðskiptahalla og þess háttar stærða og reyna að hafa áhrif þar á og hafa áhyggjur af þeim en láti það ekki bara vera þannig að menn einblíni einungis á verðbólgumarkmiðið. Ég held að menn hafi auðvitað lært af reynslunni og muni gæta þess miklu betur hér í framtíðinni að samþætta ríkisfjármálin og reyndar fjármál hins opinbera, þ.e. sveitarfélögin líka með peningamálastefnunni. Ég held að við hefðum getað gert það miklu betur en raun varð á.

Hvað varðar Maastricht-skilyrðin og hvar mestur vandinn muni verða þá held ég að segja megi ljóst að erfitt verði að ná skuldastöðunni viðunandi. Ég held að það sé orðið mjög ljóst. Hitt er það auðvitað að flest önnur Evrópuríki eru komin út fyrir Maastricht-skilyrðin og það eru einmitt skilyrði í þeim skilningi sem ég tel að Framsóknarflokkurinn sé að tala um. Þetta eru ekki Maastricht-markmið heldur eru það skilyrði. Þess vegna má kannski velta því fyrir sér hver verði niðurstaðan með það mál allt saman innan ESB. Erfitt er um slíkt að spá. En það er alveg ljóst að það mun verða erfiðast fyrir okkur hvað þetta varðar.

Hvað varðar hugmyndafræðina þá er það mjög áhugaverð spurning og ég vildi gjarnan geta haldið langa ræðu til að fjalla um það. En það verður að segjast eins og er að eitt af því sem okkur sjálfstæðismönnum finnst erfitt í þessu öllu saman er að sjá hversu mikið vald safnast saman í höndum embættismannanna í Brussel sem er ótengt almenningi í ríkjum bandalagsins, sem er ekki bein lýðræðisleg tenging á milli. Það er vandamál og það grefur um sig og hefur margvíslegar afleiðingar (Forseti hringir.) innan bandalagsins.

[22:04]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég gerði ráð fyrir að hv. þm. Illugi Gunnarsson mundi vera með góð svör við þessum spurningum og ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Ég vil hins vegar gjarnan gefa honum tækifæri til að halda þessu áfram varðandi hugmyndafræði Evrópusambandsins. Þar sem ég hef sjálf átt í svolitlum erfiðleikum varðandi Evrópusambandið tengist því sem ég tel að sé svona grunnhugmyndafræði hjá Sjálfstæðisflokknum, þ.e. þetta um frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns, mikilvægi samkeppni og mikilvægi þess að búa til einn sameiginlegan markað og áherslan á mikilvægi markaðshagkerfis. Stundum hef ég því átt í svolitlum erfiðleikum með að skilja akkúrat hvers vegna Sjálfstæðisflokknum mislíkar svona við Evrópusambandið þegar ég horfi á þessa grundvallarhugmyndafræði hjá Evrópusambandinu. En þessi útskýring hv. þingmanns hérna um að það tengdist því að hann sæi að valdið kæmi ekki nógu beint frá fólkinu, er hann þá að tala fyrir því að Evrópusambandið þyrfti í raun að verða eins og Bandaríkin til að Sjálfstæðisflokkurinn gæti sætt sig við Evrópusambandið? Ég hef mikinn áhuga á að heyra svör hv. þingmanns við þessum spurningum.

[22:05]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er áhugaverð spurning. Fyrst hvað varðar frelsið þá er einmitt það einna skást við þetta system allt saman, þ.e. hugmyndin um frjálst flæði á fjármagni og að fólk hafi möguleika á að fara milli landa til að starfa og það einmitt höfum við með EES-samningnum. Það er rétt að nefna að það kerfi var kannski ekki nægilega vel úr garði gert, að þegar undir lágu síðan ríkisábyrgðir á bönkum þegar kom að innstæðum, sem náttúrlega er ákveðin tegund af sósíalisma, að það var auðvitað ákaflega óheppilegt að slíkt kerfi skyldi vera og mönnum, að því er virðist, hafa verið hulið. En gott og vel.

Það sem er jákvætt í þessu bandalagi er einmitt það að ekki séu tollamúrar á milli landa, að hægt sé að eiga viðskipti á milli ólíkra þjóða. En svo kemur enn og aftur að því sem menn hafa miklar áhyggjur af og margir hafa bæði rætt um og skrifað um, sem er að úr því að menn tóku upp evruna þá er alveg augljóst í mínum huga að þegar menn horfa til nokkurra áratuga fram í tímann þá muni sambandið fara í þá áttina að meira og meira vald verður miðlægt. Það held ég að sé óumflýjanlegt vegna þess að þegar menn eru komnir með einn gjaldmiðil þá kallar það á meiri samþættingu ríkisfjármála ríkjanna. Um leið og menn eru farnir að tala um samþættingu ríkisfjármála er verið að tala um svo mikla samvinnu á svo mörgum sviðum að hún mun dýpka. Þá myndast sá vandi hvernig menn eigi að tengja við þetta mikla miðstýra vald sem verður til venjulega borgara í Finnlandi, Grikklandi, á Ítalíu, Frakklandi eða hvar það er þannig að þeir geti tekið þátt í því að kjósa um sameiginleg málefni (Gripið fram í.) og til að menn geti kosið um sameiginleg málefni verða þeir líka að hafa einhvers konar sameiginlega sjálfsmynd. Það er vandinn, menn eru fyrst Finnar, svo Evrópumenn, menn eru fyrst Ítalir, svo Evrópumenn og svo framvegis. Munurinn á þessu og Bandaríkjunum er nefnilega sá að þar eru menn einmitt Bandaríkjamenn fyrst og svo eitthvað annað.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 22:08.

---

45. FUNDUR

fimmtudaginn 16. júlí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, stjtill., 38. mál, þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266. — Frh. síðari umr.

2. Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, þáltill., 54. mál, þskj. 54, nál. 250. — Frh. síðari umr.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:00]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Borist hefur bréf frá hv. 8. þm. Norðaust., Birni Vali Gíslasyni, þar sem hann tilkynnir forföll frá þingsetu af persónulegum ástæðum. 1. varamaður flokksins í kjördæminu, Bjarkey Gunnarsdóttir kennari, tekur sæti hans á Alþingi í dag. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[10:00]

Útbýting:

Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 160. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 281.

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266.

og

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Þáltill. utanrrh. o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 250.

[10:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Samkomulag er um fyrirkomulag um lok þessarar um-

ræðu. Talar einn frá hverjum þingflokki en andsvör verða ekki leyfð.

[10:01]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Það er bjart yfir þessum degi þegar við erum að ljúka sögulegri umræðu þar sem Alþingi ákveður hvort sótt verður um aðild að Evrópusambandinu og niðurstaðan síðan lögð í dóm þjóðarinnar. Ég vil í mínum stuttu lokaorðum þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu. Hún hefur verið skemmtileg, hún hefur verið lífleg, hún hefur verið upplýsandi en umfram allt hefur hún verið mjög málefnaleg. Meiri hluti þingmanna hefur tekið þátt í þessari umræðu og mér hefur fundist hún hafa borið merki þess að menn vilja ræða þetta mál á upplýstum og málefnalegum grunni.

Það er margt sem mér hefur fundist athyglisvert og ýmsar niðurstöður sem má af þessari umræðu draga. Í fyrsta lagi er það nokkuð augljóst í mínum hug að þingið og þingmenn eru meira en tilbúnir til að taka þessa ákvörðun. Þeir fjölmörgu þingmenn sem hér hafa talað hafa gert það af þrótti og þeir hafa gert það af mikilli þekkingu, sumir yfirburðaþekkingu. Það gildir jafnt um þingmenn stjórnarandstöðu sem stjórnar. Það má heita að sama sé hvar gripið er niður í þá málaflokka sem mikilvægastir eru, sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, byggðamál, umhverfismál. Þingmenn hafa greinilega heyjað sér mjög mikinn þekkingarforða og það er gott, ekki bara fyrir þingið heldur fyrir þjóðina. Hvernig sem ákvörðunin mun liggja í lok þessa dags er alveg ljóst að þessi mál verða brýn á næstu missirum og árum og við þurfum þing sem hefur þekkingu á þessum málum.

Í annan stað hefur mér þótt þegar ég hef hlustað á ræður stjórnarandstæðinga, sem líka hafa verið fluttar sumar innblásnar og af innlifun, að með einstaka undantekningum þar sem menn hafa beinlínis farið gegn því að sótt yrði um aðild þá hefur mér fundist sem það sé ákveðinn skilningur af hálfu stjórnarandstöðunnar á því að það kynni að vera hagsmunum Íslands fyrir bestu að látið yrði á þetta reyna. Þeir þingmenn sem hafa talað fyrir stjórnarandstöðuna hafa fyrst og fremst reifað ýmsar tæknilegar afleiðingar af því ef það verður ráðist í umsókn, þ.e. hverjar afleiðingarnar verða, hvernig verði staðið að þjóðaratkvæðagreiðslu, hvenær hún á að vera, hvernig á að breyta stjórnarskrá, með hvaða hætti og sömuleiðis hvenær. Þetta gefur mér góðar vonir til að ætla það að hvernig sem atkvæðagreiðslan fer á hinu háa Alþingi í dag verði hægt í framhaldinu að ná góðri samstöðu um það með hvaða móti við eigum að leggja í þetta ferðalag alveg eins og dregið er upp á svo grafískan og góðan hátt í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Ég tek fram að það álit var unnið í góðri sátt að mörgu leyti þó niðurstaðan hafi orðið sú að ekki voru allir á eitt sáttir.

Umræða um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu hefur verið í deilu og togstreitu innan þjóðarinnar um árabil og það er einfaldlega kominn tími á það, frú forseti, að þjóðin sjálf skeri úr um hvernig eigi að leiða þá deilu til lykta. Um þetta eru ákaflega margir sammála og það verður ekki gert nema með því að fyrir liggi gögn málsins, þ.e. það sé búið að sækja um þannig að fólk geti tekið upplýsta ákvörðun.

Það hefur komið fram og verið áberandi í máli hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar að þeir saka ríkisstjórnina um að hafa ekki sameiginlega stefnu í þessu máli. Ég segi hins vegar: Það er rangt. Hún er sammála um að búa þetta mál í hendur þjóðarinnar með þeim hætti að hún geti sjálf útkljáð þetta deilumál og skorið úr um það hvort hún telji að hagsmunum sínum sé betur borgið innan Evrópusambandsins eða utan. Hitt er alveg hárrétt hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar að ríkisstjórnarflokkarnir hafa hvor um sig haldið vel til haga sínum rétti til að taka afstöðu með eða móti þeirri niðurstöðu sem hugsanlega kann að verða lögð fram að lyktum þessarar vegferðar.

Í þessum umræðum hefur komið skýrt fram að utanríkismálanefnd og sérstaklega formaður hennar hefur fengið mikið lof fyrir þau vinnubrögð sem þar hafa verið höfð uppi. Ég vil og ekki í fyrsta skipti taka undir það og ég tel að sú niðurstaða sem núna liggur fyrir í meirihlutaálitinu sé ákaflega góð. Þar er í fyrsta lagi að finna skýrustu og ítarlegustu samantekt um helstu samningshagsmuni Íslands. Í öðru lagi er vegvísir að því hvernig framvinda atburðarásarinnar ætti að vera þó ég geri mér grein fyrir því að þar sé kannski vík á milli vina þar sem stjórn og stjórnarandstaða eru. Í þriðja lagi er lögð þar gríðarlega þung áhersla á samráð og ég vil lýsa því alveg skýrt yfir að ég er sammála því verkferli sem þar kemur fram um samráðið. Ég vil að það takist sem best samstaða þegar þessari atkvæðagreiðslu lýkur um það hvernig við högum þessu máli fram að lokaniðurstöðu og ég mun, ef atkvæðagreiðslan fer á þá leið að Alþingi taki þessa ákvörðun, ræða við forustumenn stjórnmálaflokkanna um mögulegt samstarf á því sviði.

Ég tel líka að utanríkismálanefnd hafi farið í mjög hallkvæman farveg í málinu þegar hún ákvað að leita eftir sem víðustu samráði við almenning. Hún auglýsti bókstaflega eftir áliti einstaklinga og félagasamtaka. Ég hef farið yfir þau sem hefur verið skilað skriflega. Ég held að þau séu um það bil 55–60 talsins. Það vekur eftirtekt mína þegar ég les þessi álit að þá kemur í ljós að af þeim öllum eru ekki nema sex þar sem er beinlínis lagst gegn því að menn ráðist í það að sækja um aðild og leggja síðan niðurstöðuna í dóm þjóðarinnar. Það kemur ekki á óvart að þessi sex fjalla um þau tvö hagsmunamál sem við vitum fyrir fram að kunna að verða okkur erfiðust, þ.e. landbúnaðarmál og sjávarútveg.

Ég átti í gærkvöldi orðastað við vaskan og bjartleitan, ungan þingmann, hv. þm. Gunnar Braga Sveinsson, formann þingflokks framsóknarmanna, sem taldi að Evrópusambandið væri þannig vaxið innan frá að það væri með miklum ólíkindum ef samningamönnum okkar tækist að koma heim með samning sem mundi ekki leika grátt þessar tvær lykilgreinar, sjávarútveg og landbúnað. Í okkar orðræðu hélt ég því fram að við Íslendingar værum allir synir og dætur sjávar og sveita og það hlyti að vera í lagi að leggja þá niðurstöðu í dóm þjóðarinnar. Ef hún kæmist að þeirri niðurstöðu að sá samningur væri slæmur fyrir þessar tvær lykilgreinar þá hlyti hún að fella hann. En hv. þingmaður taldi hins vegar að það væri frágangssök, vegna skoðana sem hann deilir með nokkrum öðrum á Evrópusambandinu, að leggja í þennan leiðangur. Ég er því ósammála, frú forseti. Ég tel að það sé ekki sjálfgefið að menn geti gefið sér þessa niðurstöðu fyrir fram.

Hvað varðar landbúnað held ég að við þingmenn séum

flestir sammála um hvaða áherslur á að leggja. Við leggjum þær áherslur sameiginlega að viðhalda eigi fæðu- og matvælaöryggi, gæta eigi þeirrar sérstöðu sem felst í fjarlægð landsins og sóttleysi. Við erum líka sammála um að sækja beri eftir því að þessi sérstaða verði viðurkennd með þeim hætti að sú skilgreining sem Finnar fengu á sínum landbúnaði, þ.e. þar væri um að ræða heimskautalandbúnað sem fékk sérstaka afgreiðslu, ætti a.m.k. við um allan íslenskan landbúnað. En það er ekkert sem segir að við getum ekki sótt fram lengra.

Í gær olli nokkru uppnámi skýrsla eða vinnuskjal, drög að skýrslu sem Hagfræðistofnun hafði unnið fyrir Bændasamtökin, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Ég þakka þeim hv. þingmönnum sem vöktu athygli mína á þessari skýrslu. Ég vissi ekki af henni áður en ég notaði gærkvöldið til að fara yfir hana. Það er dálítið merkilegt að skoða hana. Þar er verið að máta íslenskan landbúnað inn í finnsku skilgreininguna á heimskautalandbúnaði. Það kemur í ljós, þannig er minn skilningur á þessari skimun á skýrslunni, að hefðbundnu greinarnar í landbúnaði komi ekki illa út úr því. Sauðfjárræktin — og ég vona að hv. þm. Ásmundur Daðason hlýði á orð mín — hin hefðbundna íslenska sauðfjárrækt mun koma betur út úr því innan Evrópusambandsins en utan. Mjólkuriðnaður, ef hann nýtur bestu kjara miðað við finnskan landbúnað, mun verða jafnstæður. Ég fellst á það að verksmiðjuframleiðsla innan landbúnaðar kann að fara verr út úr þessu.

En ég vek líka athygli þeirra þingmanna sem hafa áhuga á þessari skýrslu að síðan hún var gerð hafa forsendurnar breyst, þ.e. gengið hefur breyst. Gengisþróun hefur verið sú að þegar skýrslan var gerð var evran á 130 kr. Hún er núna 180 plús, með öðrum orðum krónan hefur fallið um 30%. Samkeppnisstaðan hefur í rauninni styrkst sem því nemur. Það má segja að í því felist innbyggðar innflutningshömlur og tollvernd.

Ég er líka þeirrar skoðunar að íslenskum landbúnaði kunni og muni í framtíðinni verða fundið betra skjól innan Evrópusambandsins en utan þegar horft er til þeirra breytinga sem líklegt er að verði á allra næstu missirum og næstu árum á vegum og innan vébanda Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Varðandi þá umræðu sem farið hefur fram um sjávarútveg vil ég segja að ég er sammála formanni Sjálfstæðisflokksins, formanni Framsóknarflokksins og hæstv. fjármálaráðherra um að við munum ekki fá neinar varanlegar undanþágur frá sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni. Ég held því hins vegar fram að við þurfum ekki slíkar undanþágur. Við vitum að 70% af íslensku fiskstofnunum eru staðbundnir. Það gerir það að verkum að staða okkar er einstök. Við höfum líka sérstöðu umfram Norðmenn að því leyti til vegna þess að sjávarútvegur varð að fótakefli í þeim samningum vegna þess að við höfum enga sameiginlega efnahagslögsögu með Evrópusambandinu eins og Norðmenn.

Okkar staða er líka einstök vegna þess að sjávarútvegurinn er okkur lífsnauðsynlegur. Hann er svo mikilvægur að við þurfum að fá hann, hagsmuni hans og vandamálin sem honum tengjast leyst með sérstökum hætti. Ég hef hins vegar sagt áður að það muni gerast. Reynslan sýnir að Evrópusambandinu hefur alltaf tekist að leysa mál sem varða brýna lífshagsmuni þjóða á grundvelli fyrirliggjandi reglna þannig að það hefur orðið sátt þar um. Þetta skiptir máli. Við þurfum sem sagt að fá viðurkenningu á þessari sérstöðu íslensks sjávarútvegs alveg eins og Finnar fengu viðurkenningu á sérstöðu landbúnaðar síns og alveg eins og Maltverjar náðu líka ýmsum tilslökunum og sérlausnum, 23 ef ég man rétt.

Ég vil líka segja að ég tel að í þeirri grænbók sem nú liggur fyrir, þar sem reifaðar eru breytingar á sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni innan Evrópusambandsins og sjávarútvegsráðherrarnir hafa raunar rætt á meðan hefur staðið á umfjöllun þingsins um þessa tillögu, sjáum við mjög skýr merki um að það er vilji til þess innan Evrópusambandsins að breyta sjávarútvegsstefnunni. Það kemur t.d. fram í því að þar er vilji til þess t.d., sýnist mér ef ég ber saman okkar stefnu og þeirra, að dreifa ákvörðunarvaldinu frá Brussel til sérfræðinga og hagsmunaaðila frá veiðisvæðunum. Þar er líka gert ráð fyrir aukinni ábyrgð og framkvæmd hjá aðildarríkjum og útgerðum. Þar eru menn að tala um það sem við mundum að sjálfsögðu aldrei gera annað en berjast gegn, þ.e. brottkasti, það er verið að tala um að afnema brottkastið.

Í þessari umræðu hafa menn líka verið að ræða um regluna um hlutfallslegan stöðugleika. Hún er lykilregla vegna þess að hún tryggir að með engum rökum væri hægt að halda því fram að aðrar þjóðir gætu í krafti sögulegrar veiðireynslu gert tilkall til veiðistofna okkar. Það hefur komið fram hjá einstökum þingmönnum ákveðinn beygur við það að í framtíðinni eftir að Ísland væri gengið inn yrði þessari reglu hugsanlega breytt. Þá vil ég að það komi alveg skýrt fram að þetta hefur verið kannað innan Evrópusambandsins og af þeim 27 þjóðum sem þar er að finna eru 26 algerlega á móti því að það verði gert. Þetta finnst mér mikilvægt að komi fram í þessari umræðu.

Mér þótti athyglisvert þegar hv. þm. Bjarni Benediktsson reifaði hugsanlega umsókn að Evrópusambandinu. Mér fannst hann þá tala og halda innblásna ræðu af hjarta sannfærðs Evrópusinna sem væri í reynd búinn að gera það upp við sig við hvaða stelpu hann vildi dansa á því balli. Hv. þingmaður sagði að sér þætti merkilegt að Íslendingar legðu meiri áherslu í umræðunni á efnahagslegan ávinning heldur en ýmislegt annað sem tengist Evrópusambandinu eins og friðarhlutverk þess. Þetta er rétt hjá hv. þingmanni. Landfræðileg lega Íslands er þannig að við erum í annarri stöðu en t.d. smáþjóð eins og Belgar sem mörgum sinnum á síðustu öld voru hersetnir. Það gerir það að verkum að við skiljum kannski ekki mikilvægi upprunalegs hlutverks Evrópusambandsins sem friðarbandalags. Eigi að síður hefur Evrópusambandinu tekist í gegnum áranna rás að sjá til þess að í Evrópu, sem áður barst á banaspjót í styrjöldum milli Frakka og Þjóðverja öldum saman, þar hefur ríkt friður. En þetta skiptir líka máli fyrir litla og vopnlausa þjóð eins og okkar. Það skiptir líka máli fyrir okkur að hafa skjól ef til þess kemur að staðan breytist í okkar heimshluta.

Efnahagsrökin eru mjög sterk. Þau hafa verið reifuð vel í þessari umræðu. Það að eiga völ á því að geta tekið upp evruna með öllum þeim kostum sem enginn hefur reifað

betur en t.d. þeir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins skiptir auðvitað mjög miklu máli. Ég er sammála mörgum þeim sem hér hafa talað sem hafa sagt að einn af helstu ávinningum Litháa við að ganga í Evrópusambandið sé sá möguleiki að geta tekið upp evruna. Auðvitað skiptir það mjög miklu máli fyrir okkur að geta með þeim hætti skapað ákjósanlegt umhverfi til að laða að erlendar fjárfestingar. Ég dreg enga dul á að ég tel að það sé mjög nauðsynlegt fyrir okkur í núverandi stöðu að fá hingað erlent fjármagn til að byggja upp atvinnulífið og til að draga úr atvinnuleysinu. Og umsókn og aðild og upptaka evru leikur hlutverk í því, ég hef ekki dregið dul á það. Sömuleiðis eru þingmenn dag út og dag inn að tala um nauðsyn þess að skapa stöðugleika fyrir heimilin, ná burt verðtryggingunni. Besta leiðin til þess er að taka upp evruna, ganga í Evrópusambandið (Gripið fram í.) og ég held að á þeim válegu tímum sem við lifum núna þá held ég að það skipti máli þegar við horfum til framtíðar að ef við skoðum t.d. þann vaxtamun sem er að lágmarki millum okkar og evrunnar þá blasir við að ef við tækjum upp evruna í framtíðinni gæti vaxtabyrði á Íslandi minnkað um 135 milljarða á ári, vaxtabyrði heimilanna minnkað um 60 milljarða á ári og vaxtabyrði vesalings ríkisins kannski um 30–40 milljarða á ári.

Ég vil hins vegar að lokum, frú forseti, reifa tvo athyglisverða punkta sem ég hef hlýtt á í ræðum hv. þm. Ólafar Nordal og hv. þm. Bjarna Benediktssonar. Það er spurningin um það hvar við Íslendingar ætlum að finna okkur samastað í tilverunni í framtíðinni. Við vitum það öll að frá því um miðbik síðustu aldar höfum við Íslendingar verið í nánu pólitísku sambýli við Bandaríkin. Við höfum með vissum hætti verið á jaðri áhrifasvæðis þeirra, við höfum tekið mikið mið af stefnu þeirra í gegnum síðustu áratugi. Staðan á alþjóðavettvangi er hins vegar breytt núna. Hagsmunir stórveldanna eru breyttir og það nána vináttusamband sem við höfum haft við Bandaríkin er auðvitað enn þá til staðar og það skiptir mjög miklu máli. En ég held að augu margra hljóti að hafa opnast fyrir þeim breytingum á alþjóðavettvangi sem spegluðust í því að þegar bandarísk stjórnvöld tóku ákvörðun um að flytja herinn í burtu. Þá opnuðust augu margra, ekki vegna þeirra kaflaskila sem fólust í ákvörðuninni heldur í verklaginu sem leiddi til hennar. Þau stjórnvöld sem hér voru við valdataum á sínum tíma voru ekki einu sinni spurð. Þetta skiptir máli. Við þurfum að velta því fyrir okkur: Hvar er Íslandi best búinn staður í framtíðinni? Við erum Evrópuþjóð. Menning okkar er evrópsk. Við höfum lagt drjúgan skerf miðað við stærð okkar samfélags til hinnar samevrópsku menningararfleifðar. Við skulum ekki gleyma því að einn af þekktustu rithöfundum evrópskrar sögu, Snorri, var Íslendingur. Og við skulum ekki gleyma því að Íslendingasögurnar eru inngróinn hluti af hinni samevrópsku menningararfleifð. Það er á þessum grundvelli, vegna hinnar breyttu stöðu í alþjóðasamfélaginu, vegna þess að okkar menning er hluti hinnar evrópsku, vegna þess að við eigum samleið með Evrópu í svo mörgu tilliti að ég tel að Íslendingar eigi í pólitísku, menningarlegu og efnahagslegu tilliti fremur að finna sér þann samastað sem Evrópa er í tilveru okkar í framtíðinni heldur en láta það vera að fara í þennan leiðangur og taka ákvörðun. Ég held að það sé komið að því núna, að það sé margt sem hnígur að því að tíminn er nákvæmlega réttur núna til að taka þessa ákvörðun. Ég skora á alþingismenn að sýna kjark til að koma saman í þessa vegferð.

[10:22]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S):

Frú forseti. Umræðan er að klárast um þessi tvö mál sem hafa verið hér á dagskrá en einkum hefur verið rætt mál ríkisstjórnarinnar um það hvort við Íslendingar ættum að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Vissulega er það þannig að á nefndasviði þingsins hefur verið unnin mikil vinna og afrakstur hennar liggur frammi í nefndarálitum og hér í þingsal hefur síðan í kjölfarið átt sér stað mikil umræða frá því undir lok síðustu viku.

Það sem hefur komið í ljós við þessa vinnu er í fyrsta lagi það að allt það sem áður hafði verið sagt um möguleika okkar Íslendinga í viðræðum við Evrópusambandið hefur verið staðfest, þ.e. að möguleikar okkar til þess að fá varanlegar undanþágur, einhverjar sérlausnir, eru litlir sem engir. Það vekur reyndar athygli núna undir lok umræðunnar þegar hæstv. utanríkisráðherra kemur í pontu og segir hreint að út að við þurfum engar undanþágur frá sjávarútvegsstefnunni. Sjávarútvegsstefnan hefur verið sú púfa sem hefur velt hvað þyngstu hlassi í stefnu einstakra flokka í Evrópuregluverkinu og reyndar orðið til þess að einstakir flokkar setja einmitt á því sviðinu mesta fyrirvara. Þetta sést t.d. af stefnu Sjálfstæðisflokksins í málinu, þetta má sjá af þeim breytingartillögum sem liggja hér frammi.

Á sviði sjávarútvegsmála höfum við Íslendingar alveg sérstakra hagsmuna að gæta. Stefna Evrópusambandsins á sjávarútvegssviðinu er smíðuð fyrir allt annan veruleika en við búum við þar sem Evrópusambandsríkin eiga með sér sameiginlega fiskstofna. Á sama tíma eru fiskstofnarnir okkar á Íslandi fyrst og fremst staðbundnir og enginn getur fært fyrir því nokkur haldbær rök hvers vegna við Íslendingar ættum að undirgangast sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópusambandsins nema þá bara vegna þess að allir þurfi að undirgangast sömu reglurnar, sama regluverkið sem vilja starfa saman undir fána Evrópusambandsins. Það eru nefnilega engin haldbær rök fyrir því að við ættum að gefa frá okkur fulla stjórn og yfirráð yfir okkar eigin auðlind.

Það vekur ekki með manni mikla bjartsýni þegar hæstv. utanríkisráðherra er þeirrar skoðunar að við þurfum engar sérlausnir á þessu sviði. Ég er hins vegar sammála honum um það að möguleikar okkar til þess að fá einhverjar slíkar lausnir eru afar takmarkaðir, það hef ég margoft tekið fram. Og eins og ég vék að hér rétt áðan er það einmitt meginástæðan til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur, þrátt fyrir endurnýjað hagsmunamat, áfram komist að þeirri niðurstöðu að hagsmunum okkar væri betur borgið utan Evrópusambandsins.

Sannarlega eru kostir við nánara samstarf við Evrópusambandsríkin. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um þann þátt í fyrri ræðu minni en ég ætla þess í stað að gera að umtalsefni þá stöðu sem er hér á þinginu, þá atkvæðagreiðslu sem er fram undan og þann pólitíska stuðning sem er í reynd við það mál sem við erum nú að ljúka umræðu um.

Staðan er sú, ekki satt, að ríkisstjórnarflokkarnir eru sammála um að láta þingið taka ákvörðun í þessu máli. Þeir eru hins vegar ósammála um það í grundvallaratriðum hvort leggja beri fram umsókn. Það má einfaldlega ráða af stefnu beggja flokka sem þeir kynntu fyrir kosningar, annars vegar Samfylkingin, sem var þeirrar skoðunar að það væri okkar brýnasta efnahagslega og pólitíska hagsmunamál að leggja fram umsókn um aðild að Evrópusambandinu, og hins vegar Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem er á öndverðum meiði, sem er þeirrar skoðunar að hagsmunum okkar sé vel borgið utan Evrópusambandsins.

Sú málamyndaniðurstaða fékkst síðan í stjórnarsamstarfinu, þar sem flokkarnir gátu augljóslega ekki komið sér saman um eina stefnu í þessu máli, að leggja málið fyrir þingið. Hvað hefur síðan komið í ljós í umræðum um það á þinginu? Ja, við vitum í fyrsta lagi að ríkisstjórnin er ekki einhuga í málinu. Við vitum það síðan eftir þær umræður sem hér hafa átt sér stað að það er augljóslega ekki meiri hluti fyrir málinu hjá einstökum stjórnarandstöðuflokkum. Ég verð að segja það að verði málið samþykkt hér á eftir er það einfaldlega vegna þess að einstakir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ákveðið að styðja við málið til þess að halda ríkisstjórninni áfram saman. Það getur ekki verið nein önnur skýring eða ástæða fyrir því að það myndist meiri hluti eftir þær umræður sem hafa farið fram á þinginu fyrir því að leggja af stað í þennan leiðangur, þessa vegferð, en sú pólitíska skýring að menn vilji halda ríkisstjórnarsamstarfinu áfram.

Þá er rétt að hafa þetta í huga: Leggi menn af stað í þennan leiðangur er öll vinnan eftir. Menn munu á endanum væntanlega koma heim með einhvern samning og þá tekur aftur við pólitíski veruleikinn sem við horfum framan í í dag, að það er ekki meiri hluti fyrir málinu í ríkisstjórninni og það er ekki meiri hluti fyrir málinu hjá einstökum stjórnarandstöðuflokkum. Það er einmitt þessi pólitíski stuðningur, þetta pólitíska breiða bakland sem ég tel að sé alltaf nauðsynleg forsenda þess að menn leggi af stað og það er ekki nægjanleg forsenda fyrir því að leggja upp í svona mikilvægan leiðangur að mikilvægt sé að halda ríkisstjórninni saman.

Ég tel að þeir sem helst vilja ganga inn í Evrópusambandið, sem helst vilja ná samningi við Evrópusambandið og ganga inn í þann klúbb, séu að gera sjálfum sér ákveðinn óleik með því að búa um málið með þessum hætti þegar lagt er af stað. Ég held að það sé augljóst í hvað stefnir. Ég held að þrátt fyrir góðan vilja þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á þessu stigi málsins til að styðja við ríkisstjórnina muni þeir klæðast fötum andstæðinga Evrópusambandsins þegar fram í sækir og berjast gegn málinu. Reyndar er það skrifað inn í málið sjálft. Það er skrifað inn í þingsályktunartillöguna sjálfa að þeir áskilja sér allan rétt til að berjast gegn niðurstöðunni.

Það sem maður hefur reynt að átta sig á í umræðunni og ég hef spurt eftir, gerði það t.d. við fyrri umr. málsins, er þetta: Er einhver fyrirvari yfir höfuð hjá þeim þingmönnum Samfylkingarinnar sem standa að baki þessari tillögu? Eru einhver skilyrði yfir höfuð fyrir því að ganga inn í Evrópusambandið? Það er eitt að setja inn í álit meiri hluta utanríkismálanefndar langa lista um þá hagsmuni sem gæta þarf að í viðræðuferlinu. En þeir sem tala um það í sama þingmáli og fjallar um það að leggja inn umsókn að þeir áskilji sér rétt til að berjast gegn niðurstöðunni þurfa þá að gera betur grein fyrir þeim fyrirvara sem þeir hafa á endanlegri niðurstöðu málsins. Eða er það kannski þannig að menn séu tilbúnir til að ganga inn í Evrópusambandið, eins og mér heyrist hæstv. utanríkisráðherra vera, eins og það er, án fyrirvara, án allra undanþágna og þrátt fyrir að okkur yrði ekkert ágengt í þeirri hagsmunagæslu sem mönnum verður svo tíðrætt um í samskiptum okkar og Evrópusambandsins? Mig grunar nefnilega að svo sé. En það kann að þjóna skammtímahagsmunum manna sem hafa svo mikinn áhuga á því að hrinda ferlinu af stað að leggja þá umræðu tímabundið til hliðar.

Á sama tíma hafa þessar aðstæður kveikt miklar væntingar meðal þjóðarinnar um að hægt sé að ná hagstæðri niðurstöðu í samningaferlinu. Ég hef bent á það áður í ræðum á þinginu að það er merkilegt að sjá hversu mikill munur er milli skoðanakannana sem sýna annars vegar áhuga manna á því að fara í viðræðurnar og hins vegar áhuga manna á því að ganga inn í Evrópusambandið af því að í öllum aðalatriðum þekkjum við regluverk Evrópusambandsins. Vinnan á þinginu hefur snúist um að fara ofan í saumana á því regluverki og bera það saman við okkar íslensku hagsmuni. Þess vegna tel ég að þegar að því kemur að aðildarsamningur verður lagður fram muni sú staðreynd að annars vegar er ekki breiður pólitískur stuðningur við málið á þinginu, eins og ég hef núna rakið, og svo hins vegar sú staðreynd að það eru mjög miklar væntingar bundnar við mögulegan aðildarsamning úti í samfélaginu leiða til þess að það tekst engin samstaða meðal þjóðarinnar. Af þessari ástæðu höfum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd teflt fram þeirri hugmynd að ekki verði lagt af stað í þessa vegferð án þess að þjóðin hafi kveðið upp úr með það. Þar sem hér á þinginu er í reynd ekki einungis verið að greiða atkvæði um það hvort leggja eigi af stað í þessa vegferð heldur eigi atkvæðagreiðslan sem fer fram í hádeginu í bland að vera atkvæðagreiðsla um það hvort menn vilji sjá þessa ríkisstjórn starfa áfram. Því miður er það þannig þrátt fyrir góðan vilja um allt annað.

Ég vil meina að eina skynsamlega leiðin til að hefja vegferð af þessum toga sé sú að láta reyna á breiða samstöðu meðal þjóðarinnar. Það er um þetta sem við erum að fjalla þegar við segjum að breið samstaða þurfi að nást um það hvernig viðræðuferlinu sjálfu verður hrint af stað.

Það er önnur breytingartillaga sem við leggjum áherslu á að þingið samþykki. Hún fjallar um það hvernig þjóðin kemur að því að staðfesta endanlegan samning. Við erum þeirrar skoðunar að mál af þessum toga þurfi að vera borið uppi af stjórnmálunum í landinu. Þeir sem hrindi viðræðunum af stað óski eftir umboði til að fara í viðræðurnar. Þeir sem ætla síðan að ljúka endanlegum samningi þurfi að hafa pólitískan vilja til að fylgja honum eftir alla leið, fá hann staðfestan á þinginu, berjast fyrir staðfestingu hans á þinginu. Síðan í kjölfarið að leita staðfestingar þjóðarinnar. Ef þessi leið verður ekki farin heldur sú sem ríkisstjórnin er að leggja upp með og meiri hluti utanríkismálanefndar hefur blessað þá er efnt til þessa leiðangurs með þeim hætti sem ég hef núna lýst, án þess að pólitísk samstaða sé um það í

reynd á þinginu. Þegar niðurstaðan er svo fengin, hvað gerist þá? Er þá ríkisstjórnin í landinu tilbúin til að segja: Þetta er það sem viljum. Þetta er það sem við ætlum að gera. Þetta er það sem við teljum þjóðinni fyrir bestu. Þess vegna ætlum við að breyta stjórnarskránni, boða til kosninga, leita heimildar á nýju þingi til að fá stjórnarskrárbreytingarnar samþykktar og staðfesta svo samninginn af því að þetta er það sem stjórnmálamennirnir í landinu, fulltrúar þjóðarinnar, vilja gera í málinu. Nei, menn treysta sér ekki til þess. Menn ætla að fá á þeim tímapunkti einmitt af sömu ástæðu og menn treysta sér ekki til að bera málið undir þjóðina á þessum tímapunkti þá ætla menn að fara í sínar pólitísku skotgrafir, annars vegar Samfylkingin og hins vegar Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hvor flokkur með sína skoðunina á því hvað þjóðin eigi á þeim tímapunkti að gera og ýta málinu frá sér. Þeir eru ekki tilbúnir til þess á þeim tíma, þrátt fyrir að samningur verði í höfn sem framkvæmdarvaldið hefur náð eftir viðræður við Evrópusambandið, til að bera hann upp á þinginu, gera nauðsynlegar stjórnlagabreytingar og staðfesta hann með fyrirvara um samþykki þjóðarinnar. Það er ekki pólitískur kjarkur í ríkisstjórninni til að fara þá leið sem skrifuð er inn í stjórnarskrána í þessum málum. Þá á aftur að skjóta sér undan þeirri staðreynd að flokkarnir eru fullkomlega ósammála og ýta málinu út til þjóðarinnar.

Ég segi einfaldlega við þá sem hafa þá sannfæringu að við eigum að ganga í Evrópusambandið: Þið eruð að gera sjálfum ykkur óleik með því að standa svona að málum. Ef málið er ekki tilbúið núna en þið hafið sannfæringu fyrir því að þetta sé íslensku þjóðinni fyrir bestu þá eigið þið að gefa málinu meiri tíma þangað til sú breiða samstaða sem nauðsynleg er hefur fengist, annaðhvort í þinginu eða meðal þjóðarinnar. Ég tel reyndar að það verði aldrei breið samstaða meðal þjóðarinnar í þessu máli meðan engin samstaða ríkir um það á milli flokkanna í landinu. Þegar ekki einu sinni neinir tveir flokkar á þinginu geta komið sér saman um hvað er þjóðinni fyrir bestu í þessu máli þá tel ég einsýnt að ekki verði samstaða um það meðal þjóðarinnar.

Málið getur tekið breytingum mjög til batnaðar fallist menn á að gera þær breytingar á því sem ég hef rakið og liggja frammi og við munum greiða atkvæði um á eftir. Þá mun verða látið á það reyna hvort þjóðin er tilbúin að leggja af stað í þessa vegferð, upplýst um að enginn samningur verði gerður við Evrópusambandið án þess að fórnir verði færðar, upplýst um að hún muni ávallt fá að eiga síðasta orðið. Hún verði ekki beðin um ráðgefandi álit á þessu þingi sem meiningin er að binda næsta þing með. Við erum búin að fá það staðfest. Það liggur algerlega fyrir svart á hvítu eftir umræðurnar um þetta mál að þingmenn ætla ekki að láta binda sig á flokksklafa í þessu máli. Þingmenn munu ekki fylgja niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu og fara að ráðum forustumanna flokka sinna, gefa frá sér sannfæringu sína þegar málið kemur inn á þingið. Þetta höfum við einfaldlega séð á umræðunum í þinginu. Hugmyndin um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu er því ekkert annað en veikburða tilraun til að komast fram hjá stjórnarskipunarlögunum, komast fram hjá þeirri óumflýjanlegu staðreynd að í ríkisstjórn eru tveir flokkar sem eru ekki einhuga í málinu, sem eru tilbúnir til að bera málið uppi, bera á því ábyrgð, standa og falla með sinni sannfæringu og láta síðan þjóðina eiga úrslitaorðið. Það er af þessari ástæðu sem ég tel að við séum á rangri leið. Það er af þessari ástæðu sem ég tel nauðsynlegt að þingið geri þær breytingar sem ég hef gert að umtalsefni.

Ég ætla rétt að vona að það sé ekki þannig að ríkisstjórnarflokkarnir hafi farið í hausatalningu og stillt svo af þann stuðning sem nauðsynlegur er til að ríkisstjórnin haldi velli og beðið einstaka þingmenn um að fórna sannfæringu sinni í atkvæðagreiðslunni á eftir í einhverjum slíkum tilgangi. Nei, ég ætla frekar að vona að menn fylgi einfaldlega sinni sannfæringu. Hún hefur komið mjög skýrt fram í þinginu. Ég virði það svo sem alveg við hæstv. heilbrigðisráðherra sem flutti innblásna ræðu gegn Evrópusambandsaðild þegar hann mun á eftir greiða atkvæði með því að fara í aðildarviðræður. Hann segir alveg grímulaust að hann muni alltaf berjast gegn Evrópusambandsaðild en hann ætlar að greiða atkvæði með því að lagt verði af stað. Með hverju er þá sá hæstv. ágæti ráðherra að greiða atkvæði á eftir? (**Heilbrrh.:** Viðræðunum.) Ég held að hann sé ekki að fylgja eigin sannfæringu. Hann er fastur í neti pólitísks veruleika sem erfitt er fyrir hann að komast út úr og þannig er það nefnilega með býsna marga aðra, gott ef sumir þeirra eru ekki einmitt hæstvirtir ráðherrar. Að minnsta kosti eru margir þeirra háttvirtir þingmenn sem sitja í súpunni eftir yfirganginn í öðrum stjórnarflokknum sem getur ekki beðið eftir því að málið nái að þroskast og þannig geti það mögulega borið þann ávöxt sem þeir vonast eftir. Ég tel að menn séu á rangri leið, sjálfum sér verstir og vinni málstað sínum ekki gagn með þeim undirbúningi þessa máls sem hér hefur átt sér stað.

[10:42]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):

Frú forseti. Það er til marks um þann blæ sem er á þessum degi að jafnvel þeir samfylkingarmenn sem yfirleitt eru frekar frjálslegir til fara hafa sett upp bindi í dag. Því miður er það ekki vegna þess að þetta sé sérstakur hátíðardagur fyrir þjóðina því að umræðan snýst ekki um hagsmuni þjóðarinnar eða stöðu hennar, hún snýst um hagsmuni og stöðu Samfylkingarinnar. Þannig hefur þetta stóra mál, sem lengi hefur verið deilt um í íslensku þjóðfélagi og menn hafa eðlilega skiptar skoðanir á, verið gert að máli eins flokks og ríkisstjórnarinnar.

Nú eru þau boð látin út ganga í ríkisstjórninni að í raun muni menn ekki að greiða atkvæði um umsókn um aðild að Evrópusambandinu, þeir greiði atkvæði um ríkisstjórnina. Samfylkingin hefur sem sagt ekki meiri trú á þessu stærsta máli sínu en svo að hún vill ekki að þingmenn taki afstöðu til þess út frá málinu sjálfu heldur einhverju öðru og þá er ríkisstjórnin sjálf lögð að veði.

Ég held reyndar að Vinstri grænir hafi enga ástæðu til þess að óttast afleiðingar þess ef þeir greiða atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni í dag vegna þess að á meðan einhver von er til þess að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu mun Samfylkingin áfram sitja í stjórn. Og jafnvel þó að Samfylkingin fyrtist svo við að menn gerðu það sem lagt var upp með í upphafi og greiddu atkvæði samkvæmt

sannfæringu sinni mundi staða Vinstri grænna eingöngu styrkjast við það.

Hvað kæmi þá á daginn? Yrði það þjóðstjórn undir forustu formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ætli það væri ekki líklegasta niðurstaðan? Eða hugsanlega eins og þegar þjóðstjórn var mynduð hér síðast á stríðsárunum og einn flokkur var ekki talinn stjórntækur, að það yrði mynduð eins konar þjóðstjórn fjögurra flokka. Í báðum tilvikum held ég að óhætt sé að segja að staða Vinstri grænna væri sterk. Menn eiga því ekki í þeirri stöðu sem nú er upp komin að láta kúga sig, láta beygja sig frá eigin sannfæringu. Við verðum að ráðast í þetta stóra mál og taka ákvörðun um það eingöngu út frá sannfæringu hvers manns um sig.

Það hvernig haldið hefur verið á þessu máli öllu og tímasetningin segir líka sitt um hversu mikla trú þeir sem hvað mest tala fyrir þeirri leið sem hér er verið að leggja upp með hafa á málinu. Það er reynt að keyra þetta í gegn í júlímánuði þegar íslenskt samfélag er yfirleitt í hálfgerðum dvala og sem allra minnstar líkur á að mikil og uppbyggileg umræða verði í samfélaginu. Allt ber þetta að sama brunni. Menn vilja raunverulega ekki ræða málin, menn vilja ekki fá hina eiginlegu niðurstöðu og sannfæringu þjóðarinnar í málinu, þeir vilja nota tækifærið, nota tækifærið eftir að hér hefur allt hrunið efnahagslega, nota tækifærið á meðan þjóðin er í sumarfríi, nota tækifærið á meðan hægt er að þvinga þingið til þess að klára hlutina á nokkrum dögum, nota þetta tækifæri til þess að koma málinu í gegn. Ber það vott um mikla sannfæringu hvað þetta mál varðar?

Það er sorglegt, bæði fyrir þá sem aðhyllast aðild að Evrópusambandinu og þá sem gera það ekki og þá sem aðhyllast eingöngu aðildarumsókn og þá sem gera það ekki, að málið sé unnið með þessum hætti vegna þess að með því getur niðurstaðan ekki orðið annað en slæm fyrir alla. Ef við leggjum upp á þennan hátt, hvernig samning greiðum við þá atkvæði um eftir þrjú ár? Verður það góður samningur? Varla, miðað við það sem við höfum þegar séð gerast í Icesave-samkomulaginu því að nú er lagt upp á nákvæmlega sama hátt. Íslendingar ætla ekki að mæta Evrópusambandinu uppréttir, segja því hvað þeir hafi upp á að bjóða. Þeir ætla að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið á þeim forsendum að hér hafi allt farið svo illa og þess vegna viljum við ræða við sambandið. Þetta er nú þegar orðin umræðan í Evrópu, í evrópskum fjölmiðlum, að Íslendingar hafi enga sannfæringu fyrir Evrópusambandinu, þeir séu hins vegar að sækja um núna til þess að redda málunum vegna þess að þeir séu komnir í slík vandræði. Þá ætli þeir að koma á hnjánum til Evrópusambandsins. Það er ekki mikið stolt í þessu, þetta er ekki mjög íslenskt, þetta er einhvern veginn svo svekkjandi þegar maður hélt að við mundum nota þá krísu sem þjóðin lenti í til þess að byggja okkur upp. Auðvitað ætti umræða um Evrópusambandið að vera hluti af því, umræða um Evrópusambandið ætti að vera mjög stór hluti af því.

Framsóknarflokkurinn hefur lagt mat á hugsanleg áhrif þess að fara í viðræður við Evrópusambandið og Framsóknarflokkurinn hefur ályktað um að fara eigi í viðræður við Evrópusambandið. Það byggist á því að öll, nánast öll erum við nokkurn veginn sammála um þá hagsmuni sem ber að gæta. Meira að segja hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, hefur nú lýst því yfir að hann telji að ekki eigi að fallast á samninga við Evrópusambandið ef menn muni ekki standa vörð um íslenskan landbúnað. Menn ráða því svo hversu mikið mark þeir taka á því að Samfylkingin mundi fella samning við Evrópusambandið, sem hún hefði sjálf gert, ef hún teldi að ekki væri staðið nógu vel að verki hvað varðar íslenskan landbúnað.

Það breytir þó ekki því að allir, a.m.k. í orði, eru sammála um þá hagsmuni sem ber að verja. Í því felast kostir þess að fara í aðildarviðræður með ákveðin skilyrði, eins og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir leggur til í breytingartillögu sinni í samræmi við ályktun Framsóknarflokksins, vegna þess að ef við förum í viðræður með ákveðin skilyrði erum við að styrkja samningsstöðu okkar. Við erum að styrkja samningsstöðu Samfylkingarinnar líka, Samfylkingin ætti að fagna þessu. Hún hlýtur að gera sér grein fyrir því hversu erfið samningsstaðan er fyrir hana ef hún fer ein í þessa vegferð með mjög tæpan meiri hluta á bak við sig. Það vita allir í Evrópu hvernig Samfylkingin er stemmd í þessu máli, það vita það allir að fulltrúar hennar í samningaviðræðum eru ekki í aðstöðu til annars en að þiggja hvað sem býðst. Það sér enginn fyrir sér að fulltrúar Samfylkingarinnar snúi heim eftir þrjú ár og segi að því miður hafi bara ekki tekist að semja við Evrópusambandið, það hafi ekki náðst samningar svo að það sé ekki neitt til þess að greiða atkvæði um.

Að sjálfsögðu yrði það aldrei niðurstaðan og þetta veit Evrópusambandið og mun þess vegna bjóða sáralítið ef lagt verður upp á þann hátt sem gert er ráð fyrir hér í dag. Þess vegna væri það betra fyrir Samfylkinguna, það væri betra fyrir alla að við staðfestum það sem við erum öll sammála um í orði, að ákveðna grundvallarhagsmuni beri að verja og það sé ófrávíkjanlegt. Hæstv. utanríkisráðherra og fleiri hafa reynt að snúa út úr þessu og telja þessa hagsmuni þegar tryggða. Ef sú er raunin, ef það er raunverulega búið að taka inn þessi skilyrði Framsóknarflokksins, eins og hæstv. utanríkisráðherra heldur fram, ætti ekki að vera neinum vandkvæðum háð að samþykkja breytingartillögu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur. Þá getur þjóðin verið tiltölulega róleg og örugg í því að það sem fram fer næstu árin verði þess eðlis að þessum grundvallarhagsmunum þjóðarinnar verði ekki fórnað. Séu þessi skilyrði ekki til staðar mun eitt óhjákvæmilega leiða af öðru og við yrðum aftur sett í sömu stöðu og við höfum verið sett í í Icesave-málinu, að hér kæmi ómögulegur samningur, sem hugsanlega yrði fyrst hafður glæsilegur en eftir því sem farið yrði að skoða hann betur mundu menn líklega átta sig á því að sú væri ekki raunin. Þá yrði lögð áhersla á að ekki væri um annað að ræða en að staðfesta samninginn vegna þess að yrði það ekki gert færi hér allt í kaldakol, við ættum í rauninni ekki annan kost.

Öll sú umræða sem hér hefur farið fram af hálfu stjórnarflokkanna um að vilji þingsins verði virtur að lokum, er hún ekki býsna lík umræðunni sem átti sér stað þegar var lagt af stað í viðræður um Icesave? Hvað gerist svo þegar búið er að gera samning sem er algjörlega óásættanlegur? Þá hefur þingið ekkert val lengur, það er talið óviðeigandi að þingmenn stjórnarinnar a.m.k., og raunar talið óviðeig-

andi líka að þingmenn stjórnarandstöðu greiði atkvæði gegn samningnum. Telja einhverjir að málið yrði eitthvað öðruvísi þegar kominn væri samningur við Evrópusambandið? Telja einhverjir að þingmenn Samfylkingarinnar fengju frelsi til þess að greiða atkvæði um þann samning eins og þá lystir eða þingmenn Vinstri grænna ef þessi stjórn heldur? Nei, það yrði að sjálfsögðu ekki raunin og þessi mál tengjast náið þó að ekki vilji ríkisstjórnin kannast við það.

Núna í morgun birtist grein í dagblaðinu *Financial Times* þar sem sagt er frá þeim umræðum sem fram fara hér í dag. Þar er útskýrt hvernig þessar umræður tengjast Icesave-samningnum og því að Bretar og Hollendingar vilji að Íslendingar fallist á Icesave-samningana og að Evrópusambandsumræðan sé nátengd því máli. Ég þurfti reyndar ekkert að lesa þetta í *Financial Times* í morgun vegna þess að ég var fyrir nokkrum vikum á fundi í breska þinginu til þess að ræða Icesave-málið. Þar var okkur gert ljóst af hálfu bresku þingmannanna og fulltrúa breska utanríkisráðuneytisins að þessi mál væru nátengd. Þegar við höfðum útskýrt það hvers vegna það hefði verið ósanngjarnt, svo vægt sé til orða tekið, að beita Íslendinga hryðjuverkalögum og hvers vegna lagaleg staða Íslendinga í Icesave-málinu væri sterk var svarið: Já, en þið hafið áhuga á því að ganga í Evrópusambandið. Ef við göngum frá þessu Icesave-máli verður það allt miklu auðveldara, þá getum við aðstoðað ykkur við það og þá verður allt miklu betra.

Hvort sem menn vilja ganga í Evrópusambandið eða ekki, vilja þeir fara í viðræðurnar upp á þessi býti? Vilja þeir fara í viðræðurnar á versta hugsanlega tíma? Eða vilja menn fara yfir málið, vinna það almennilega, eins og fulltrúar Sviss á EFTA-fundi í Noregi fyrir nokkrum vikum bentu okkur Íslendingum á, hugsa hlutina til lengri tíma, undirbúa? Það þekkja flestar Evrópuþjóðir líklega betur en Íslendingar að hugsa til langs tíma og ekki hvað síst Svisslendingar, sem reyndar fóru þá leið að greiða atkvæði um hvort ætti að fara í viðræður. Þeir bentu Íslendingum á það að jú, við værum að vísu í vandræðum, við værum að vísu í verulegum vandræðum, en það mundi vonandi ekki vara lengi. Og þeir bentu okkur á að taka þó ákvarðanir, ekki út frá þeim skammtímavandræðum heldur til langs tíma. Það getur vel verið að Íslendingar telji hag sínum best borgið innan Evrópusambandsins til langs tíma. Mjög margir innan Framsóknarflokksins eru þeirrar skoðunar og mjög margir innan flokksins eru þeirrar skoðunar að það eigi að fara í viðræður við Evrópusambandið, enda er það fullgilt sjónarmið. En að leggja í þessar viðræður með þeim hætti að það geti ekki annað en orðið til tjóns bæði fyrir þá sem vilja inngöngu í Evrópusambandið og þá sem vilja það ekki er ekki ásættanleg niðurstaða. Það er í raun ekki í raun eðlilegt að menn skuli velta því fyrir sér ef þeir hugsa hlutina rökrétt. Eigum við ekki í þessu stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar að reyna að hugsa hlutina rökrétt í stað þess að reyna að knýja þetta í gegn í júlímánuði með sem allra minnstri umræðu í þjóðfélaginu?

Því er haldið hér fram að ekki sé nein ástæða til þess að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið og ég var því alveg sammála. Ég var því sammála að ekki þyrfti þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður ef fyrir lægi að ákveðnir grundvallarhagsmunir yrðu ekki gefnir eftir. Að þessir grundvallarhagsmunir yrðu varðir hvað sem á gengi, það yrði ekki gerður samningur sem fórnaði þeim. Þá gat þjóðin öll verið sátt við viðræðurnar. En þegar lagt er upp með þessum hætti verður þjóðin að fá að taka um það ákvörðun. Og það er nú ekki eins og verið sé að taka ákvörðun um ekki neitt. Um hvað erum við að kjósa hér í dag? Þess vegna skil ég ekki þau rök að þjóðin hafi ekkert til að kjósa um. Hún kýs um nákvæmlega það sama og þingið verður látið kjósa um hér á eftir fái hún að greiða um þetta atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hefur hún til þess verri forsendur? Er málið of flókið fyrir þjóðina? Það væri áhugavert að heyra álit hæstv. fjármálaráðherra á því hvort þetta mál sé of flókið.

Hæstv. fjármálaráðherra taldi ásamt flokksfélögum sínum mörgum að eðlilegt væri að þjóðin fengi að greiða atkvæði um Kárahnjúkavirkjun og byggingu álvers á Austfjörðum. Samkvæmt þeim rökum sem nú er haldið á lofti hefði þjóðin væntanlega ekki átt að greiða atkvæði um það hvort farið yrði í þá framkvæmd heldur hefði fyrst átt að gera samninginn. Fyrst að gera samning um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álversins og svo gæti þjóðin fengið að greiða atkvæði um þann samning. Nei, það er ekki eðlileg nálgun og ekki í þessu máli heldur þegar lagt er upp með þessum hætti. Þetta er mál sem mun ráða för í íslenskri stjórnsýslu næstu árin. Þetta er mál sem mun kosta gríðarlega peninga, það hefur verið nefndur einn milljarður, sem eru miklir peningar. En verum raunsæ, hver telur að kostnaðurinn verði í raun bara einn milljarður? Hver var kostnaðurinn við umsókn um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna? Hver er kostnaðurinn við skilanefndir bankanna, nokkra lögfræðinga sem hafa unnið þar í einhverjar vikur og mánuði? Er hann ekki kominn í milljarð nú þegar? Telja menn að það þurfi að kosta minna til í margra ára viðræðum við Evrópusambandið? Eigum við ekki að fara að ræða þetta mál af raunsæi? Eigum við ekki að leyfa þjóðinni að fá upplýsingarnar sem hún þarf til þess að leggja á það mat svoleiðis að menn geti þá verið sáttir, menn geti verið sáttir við að það sé raunverulegur vilji, það sé bakland i í þessum viðræðum.

Þá segja fulltrúar stjórnarinnar að það sé ekki gott vegna þess að ef þjóðin er búin að greiða atkvæði um það að hún vilji fara í aðildarviðræður sé búið að veikja samningsstöðu Íslendinga. Hvernig menn fá það út skil ég ekki, allra síst Samfylkingin. Hvaða samningsstöðu telur Samfylkingin sig hafa í þessu máli? Nei, ef þjóðin er búin að greiða atkvæði um að hún vilji fara í viðræður — því er alltaf haldið til haga hér að þetta séu bara viðræður en ekkert annað — hverju breytir það um samningsstöðuna? Er samningsstaða Íslendinga þá ekki sterkari? Við erum þó bara að greiða atkvæði um viðræður, ekki endanlegan samning eins og iðulega er haldið hér til haga. Það hlyti þá að vera betra fyrir alla að fyrir lægi ákveðinn vilji til þess að fara í viðræður en hann segði ekkert um endanlega niðurstöðu, enda sýna skoðanakannanir það, sem mönnum er gjarnt að vitna í hér í umræðunni, að meiri hluti Íslendinga vill fara í viðræðurnar en minni hlutinn telur að hann muni samþykkja samning á endanum. Að því leytinu til er þetta sami hluturinn en báðir eru það stórir að það er full ástæða til þess að greiða

um þá atkvæði eigi að ráðast í þetta í þeirri óvissu sem hér er lagt til þar sem þessir miklu grundvallarhagsmunir, sem allir eru þó sammála um, eru upp í loft.

Hvað svo með þessa atkvæðagreiðslu í lokin, þau rök að í raun sé niðurstaða hennar bindandi vegna þess að þingmenn eigi að greiða atkvæði eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslu sem væri ráðgefandi? Ef það munar bara fimm atkvæðum í þessari þjóðaratkvæðagreiðslu eiga þá allir þingmenn að greiða atkvæði í samræmi við þá niðurstöðu? Segjum sem svo að með fimm atkvæða mun yrði aðildarsamningi við Evrópusambandið hafnað eftir þriggja ára samningaviðræður. Munu þá allir þingmenn Samfylkingarinnar greiða atkvæði gegn samningnum vegna þess að í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem kannski 50% þjóðarinnar tóku þátt, voru fimm fleiri sem vildu hafna samningnum en samþykkja hann? Ég á svolítið erfitt með að sjá það fyrir mér. En þó ekki væri nema formsins vegna hlýtur þjóðin raunverulega að fá að hafa síðasta orðið frekar en að gefa aðeins ráðgefandi álit. Ef menn ætla að fara þá braut geta þingmenn farið að taka ákvarðanir eftir skoðanakönnunum og ég veit ekki hvort Samfylkingin vill ganga alveg svo langt eða færa sig lengra niður þá braut.

Ef við hefðum hér í þinginu í sumar rætt af sama kappi og sama ákafa og stjórnarflokkarnir hafa gert í Evrópusambandsmálinu um stöðu heimilanna, um endurreisn bankanna og lausnir í þeim efnum, ef jafnmiklu af tíma ríkisstjórnarinnar hefði verið varið í það að finna lausnir fyrir skuldsett heimili og fyrirtæki, koma atvinnulífinu hér aftur í gang, þá væri kannski byrjað að rætast hér úr og þá væri kannski komin upp einhver samningsstaða gagnvart Evrópusambandinu. Þá gætum við kannski farið að ræða það í raun að taka þetta næsta skref til framtíðar, að ræða við Evrópusambandið um aðild Íslands, ekki bara næsta árið heldur til allrar framtíðar vegna þess að þetta er vissulega langtímaákvörðun þó að sumir virðist telja sig geta tekið hana út frá skammtímahagsmunum.

Samningsstaða okkar verður ekki viðunandi fyrr en við förum að sýna það hér heima fyrir að við getum tekið á málum. Ef það yrði þjóðaratkvæðagreiðsla um hugsanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið ætli það væri þá ekki bara býsna góður hvati fyrir ríkisstjórnina að fara nú loksins að taka á málum hérna heima fyrir svoleiðis að þjóðin hefði þá trú á því þegar að atkvæðagreiðslunni kæmi að við værum í stakk búin til að fara í viðræðurnar? Ef sú væri raunin og ef við værum búin að finna ásættanlega lausn á Icesave-samningunum í millitíðinni, því að þar enn og aftur kemur röng forgangsröð upp, en ef við værum byrjuð að taka á málum hér heima fyrir, þá gætum við farið í aðildarviðræður við Evrópusambandið og raunverulega staðið vörð um hagsmuni okkar. Við gætum staðið vörð um þá gríðarlegu hagsmuni sem við höfum að verja og með því styrkt samningsstöðu okkar, því að þrátt fyrir allt gæti samningsstaða okkar gagnvart Evrópusambandinu bara orðið býsna góð. Þá gætum við kannski fengið einhverjar af þessum undanþágum sem stöðugt er verið að gefa í skyn að við getum — ólíkt öðrum þjóðum — fengið. Það má vel vera vegna þess að Ísland hefur gríðarlegar auðlindir í formi orku, sjávarútvegsins, olíuauðlinda hugsanlega og þó sérstaklega staðsetningar landsins sem er Evrópusambandinu svo mikilvæg að það hefur þegar skipað sérstakan sendiherra fyrir norðurskautssvæðið. Hagsmunirnir eru ljósir. Þeir eru miklir, en verðum við í aðstöðu til þess að verja þessa hagsmuni og nýta þá til að fá eitthvað á móti í viðræðum við Evrópusambandið? Nei, það verðum við ekki ef lagt verður upp með þessum hætti. En ef við ætlum að fara í viðræður strax eða sem fyrst er staðan strax miklu, miklu betri ef þjóðin tekur um það sameiginlega ákvörðun. Það breytir þá sérstaklega því að þá væri hugsanlega búið að setja ríkisstjórnina í þá stöðu að hún yrði að virða það sem kemur fram í greinargerð með þessari þingsályktunartillögu. Í ljósi reynslunnar held ég að fáir þingmenn hafi raunverulega trú á því að allt þetta samráð og þessi opna umræða verði virt.

Enn í gær vorum við að finna faldar skýrslur. Hver trúir því að þar yrði skyndilega breyting á þegar Samfylkingin væri komin í viðræður við Evrópusambandið? En ef hún væri búin að lofa þjóðinni þessu, ef Samfylkingin stæði frammi fyrir því að hún hefði heitið þjóðinni því, þjóðinni sem hefði greitt atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu, að virða þetta samráð, virða þessa upplýsingagjöf er staðan strax orðin önnur og sterkari.

Þar af leiðandi skora ég á þingmenn í dag að greiða atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni og á þann hátt, hvort sem þeir eru hlynntir aðild að Evrópusambandinu eða ekki, að staða Íslands verði sem sterkust.

[11:02]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegi forseti. Alþingismenn munu innan skamms greiða því atkvæði hvort og þá með hvaða hætti umsókn um aðild að ESB verður að veruleika. Þótt ekki sé kveðið á um stefnu Borgarahreyfingarinnar í þessu máli í stefnuskrá hennar hefur það verið óformleg og yfirlýst stefna hreyfingarinnar að eina leiðin til að fá úr því skorið hvort aðild að ESB sé góður valkostur sé að þjóðin greiði um það atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar samningur um aðild liggur fyrir.

Því miður er lífið ekki alltaf einfalt og nú hefur hluti af þinghópi Borgarahreyfingarinnar ákveðið að samþykkja tillögu þá er frammi liggur um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. að þjóðin skeri fyrst úr um það hvort hún vilji hefja aðildarviðræður og síðan, ef svo vill til að samið verði um aðild, verði þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn sjálfan. Ef sú tillaga fellur munu sömu þingmenn greiða atkvæði gegn aðild að Evrópusambandinu.

Hér er um að ræða stefnubreytingu og brot á loforði þinghóps Borgarahreyfingarinnar við ríkisstjórnarflokkana um að styðja þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Af hálfu ríkisstjórnarflokkana hefur verið staðið að fullu við samkomulagið og meira en það því að Borgarahreyfingin fékk inn umtalsverðar viðbætur á óskum sínum í nefndaráliti utanríkismálanefndar. Vil ég taka það fram að ég met mikils það samstarf og þann skilning sem sjónarmið okkar fengu í nefndarálitinu. Eins tel ég að hæstv. utanríkisráðherra hafi haldið vel á þessu máli og af sanngirni.

Stefnubreyting þessi er því alfarið ákvörðun Borgarahreyfingarinnar og að stórum hluta að undirlagi mínu og ég

tek fulla ábyrgð á því. Persónulega þykir mér þetta leitt, mjög leitt.

Frú forseti. Ég mun nú gera nánari grein fyrir þessari stefnubreytingu.

Alþingi hefur nú fjallað um ESB-aðildarumsókn í um sex vikur og um Icesave-málið í þremur nefndum í a.m.k. tvær vikur. Á þessum tíma hafa komið fram upplýsingar sem gerðu það að verkum að sumir þingmenn Borgarahreyfingarinnar hafa oft verið agndofa, að ekki sé minnst á vinnulagið sem hefur verið viðhaft, en eins og kunnugt er varð gassagangurinn á síðustu metrunum í meðferð Evrópusambands-málsins hjá utanríkismálanefnd til þess að upp úr sauð og að ekki gátu allir stuðningsmenn málsins skrifað undir nefndarálitið. Efasemdir fulltrúa Borgarahreyfingarinnar í nefndinni urðu á endanum það miklar að hún lýsti því yfir að hún gæti ekki stutt málið. Fyrir henni var þetta grundvallarsamviskuspurning og hún varð að svara samkvæmt því.

Hvað varðar breytingu á afstöðu minni og hv. þm. Margrétar Tryggvadóttur tekur sú breyting mið af því sem komið hefur fram við Icesave-málið og þann málatilbúnað sem verið hefur á þinginu í kringum það.

Frá upphafi hefur sú hugmynd að skuldum Landsbankans, eða réttara sagt eigenda hans, sé velt yfir á almenning í landinu sem stofnaði ekki til þessara skulda verið mér og fjölmörgum öðrum þvert um geð. Hvorki ég né aðrir Íslendingar eiga að greiða skuldir annarra, í þessu tilfelli skuldir Björgólfsfeðga. Í meðförum þingnefnda, en svo vill til að ég á sæti bæði í efnahags- og skattanefnd og fjárlaganefnd, hefur svo komið í ljós að öll umgjörð málsins er stórlega gölluð og að það er í raun algerlega óásættanlegt frá öllum sjónarhornum séð.

Það er einnig tenging þessa Icesave-samnings og aðildarumsóknarinnar að Evrópusambandinu sem og framganga framkvæmdarvaldsins í þessu Icesave-máli sem gerir það að verkum að hluta Borgarahreyfingarinnar hefur snúist hugur en skýrt hefur komið fram, þótt óformlegt sé, að aðgöngumiðinn að Evrópusambandinu sé samþykkt Icesave-samningsins þar sem bæði Bretar og Hollendingar hafa hótað að beita sér gegn aðild Íslands verði Icesave ekki samþykkt.

Samninganefndin, sem virðist ekki beint hafa verið vel skipuð, kom heim með einhvern þann versta samning sem um getur í sögunni. Hér er ábyrgð hæstv. fjármálaráðherra mikil, það mikil að ég tel fulla ástæðu fyrir hann að athuga stöðu sína.

Eftir undirskrift samningsins tók það þing og þjóð tvær vikur að fá að sjá samninginn, samning sem skuldsetur þjóðina um hugsanlega meira en 700 milljarða króna, skuld sem sama þjóð stofnaði ekki einu sinni til.

Nánast öll gögn, lögfræðileg sem töluleg, gefa til kynna að Icesave-samningurinn sé óaðgengilegur og þar hefur fjármálaráðuneytið gengið fram með mjög einkennilegar hagvaxtarspár sem virðast í raun ekki eiga sér neina stoð í raunveruleikanum, en samkvæmt grófri úttekt á sumum þeirra forsendna sem gefnar eru í tölulegum álitum um málið virðist sem menn hafi einfaldlega reiknað sig til ásættanlegrar niðurstöðu. Eins hafa gögn og heimsóknir Seðlabankans vakið upp fleiri spurningar en þær hafa svarað. Umgjörð funda fjárlaganefndar hefur heldur ekki verið til þess fallin að ræða þessi mál af þeirri nákvæmni sem þarf.

Rétt er að geta þess að formenn beggja nefndanna sem ég á sæti í hafa verið til fyrirmyndar og hafa hv. þm. Guðbjartur Hannesson og Helgi Hjörvar staðið sig vel í flóknu máli og verið sanngjarnir þótt ýmislegt smálegt hefði mátt fara betur.

Eins hefur sá hræðsluáróður sem verið hefur í gangi vegna Icesave af hálfu sumra ráðherra verið ömurlegur, Kúba norðursins, Norður-Kórea, alger einangrun, Parísarklúbburinn. Einskis er látið ófreistað við að ná fram ósanngjarnasta máli lýðveldistímans og ég leyfi mér að spyrja hvers konar fólk sé eiginlega á bak við. Hvað varðar Parísarklúbbinn svokallaða og hræðsluáróðurinn gegn honum vil ég bara benda þingmönnum á síðasta bréfið í leynimöppu fjármálaráðherra sem liggur úti á nefndasviði en það bréf segir allt sem þarf um stöðu Íslands með tilliti til þess klúbbs. Því miður mun fjármálaráðherra halda því leyndu fyrir almenningi, hann skal bara borga.

Við teljum að Icesave-málið sé eitthvert það eitraðasta mál sem Alþingi hefur nokkru sinni séð og muni að óbreyttu valda þjóðinni óbætanlegu tjóni vegna þeirrar skuldastöðu sem hún kemst í. Engu verður eirt þegar kemur að skuldadögunum. Lífeyrissjóðirnir fara, það er þegar gert ráð fyrir þeim sem eign í tölfræðinni þegar kemur að eigum þjóðarbúsins svo kröfuhafar geti nú séð hvað er til. Auðlindirnar fara næst, fyrst með Landsvirkjun sem er komið í ruslflokk matsfyrirtækja og mun innan tíðar ekki eiga fyrir afborgunum. Ekki verða til fjármunir í samgöngukerfið, menntakerfið, heilbrigðiskerfið eða velferðarkerfið og landið verður á endanum einhvers konar nýlenduútvörður Evrópusambandsins í Norður-Atlantshafi og þjóðin leiguliðar í eigin landi.

Hæstv. ráðherrar Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon verða þá hins vegar komin á eftirlaun, með Davíð.

Okkur virðist því sem ríkisstjórnin og stjórnarþingmenn sjáist ekki lengur fyrir í áherslum sínum og við teljum að sú forgangsröðun að hafa þing í allt sumar vegna þessara tveggja mála sem ekki gera neitt til að greiða úr þeim mikla vanda sem steðjar að heimilum og fyrirtækjum í landinu sé einfaldlega kolröng. Spurning er hvort ekki sé kominn tími fyrir þjóðstjórn í landinu.

Vegna þessa alls ákváðum við að spyrna við fótum og reyna að ná athygli ríkisstjórnar um þetta alvarlega mál sem fjármálaráðherra er svo hugleikið og reyna að breyta meðferð ríkisstjórnarinnar á því.

Frú forseti. Tillögur okkar í Icesave-málinu eru þrjár:

1. Að málinu verði frestað til haustsins og þá tekið upp að nýju. Þannig gæfist tími til að gaumgæfa það betur og hugleiða jafnframt betur aðra möguleika í stöðunni, en komið hefur skýrt fram að þeir eru til.

2. Að þingið skipi nýja Icesave-nefnd með sérfræðingum þingsins — en þess má geta að þegar eru í efnahags- og skattanefnd fjórir hagfræðingar, hver úr sínum flokknum — sem hefði það hlutverk að fara faglega yfir málið til haustsins með tilliti til skuldaþols þjóðarbúsins o.fl.

3. Að skýrt verði kveðið á um hvenær og með hvaða hætti eignir þeirra sem stofnuðu til Icesave-

skuldbindinganna verði frystar og hvernig verður reynt að ná til þeirra. Ekki gera ekki neitt, segir einhvers staðar, og það er tillaga okkar. Við viljum ekki henda út Icesave-samningnum og gera ekki neitt, við viljum fá nýjan og hagfelldari samning sem við getum staðið undir.

Þetta eru allt saman eðlilegar og réttmætar ástæður og viðsemjendur okkar yrðu einfaldlega að virða þær.

Þessar tillögur voru kynntar hæstv. ráðherrum Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingrími J. Sigfússyni í gærkvöldi og var þeim hafnað.

Frú forseti. Ósætti hjá þingi, innan þingflokka og hjá þjóðinni í báðum þessum málum er og verður hugsanlega jafnerfitt og jafnlangvarandi og herstöðvarmálið var. Hægt er að gera betur. Við getum gert betur. Það er okkar að gera betur. Því beini ég því einfaldlega til hæstv. forseta að atkvæðagreiðslunni sem fram undan er verði frestað og að þingmenn reyni að ná frekari sáttum í þessum málum.

Frú forseti. Ríkisstjórn Íslands er á einhverri vegferð sem mun ekki leiða til góðs. Hún hefði getað gert vel en kaus að gera það ekki. Ef afstaða Borgarahreyfingarinnar í ESB-málinu verður til þess að þessi ríkisstjórn hugsi ráð sitt erum við, með því að setja stein í götu ESB-aðildarviðræðnanna, að fórna minni hagsmunum fyrir meiri.

[11:13]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Árni Þór Sigurðsson) (Vg):

Frú forseti. Við erum komin að lokum þessarar umræðu um þingmálin er varða tengsl Íslands og Evrópusambandsins eftir að hafa haft þau hér til umræðu í hátt í vikutíma. Áður hafði málið verið til umfjöllunar á vettvangi utanríkismálanefndar Alþingis í um sex vikur. Þannig má segja að þetta mál allt hafi fengið býsna yfirgripsmikla meðferð, og vandaða, af hálfu þingsins. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka fyrir þá umræðu sem fram hefur farið í þingsölum um þetta mál, hún hefur í öllum aðalatriðum verið málefnaleg þótt skiptar skoðanir séu um þetta mál rétt eins og í samfélaginu öllu. Það eigum við að sjálfsögðu að virða og það er eðlilegt að í þingsölum endurspeglist ólík sjónarmið eins og í samfélaginu sjálfu. Annað væri í sjálfu sér óeðlilegt.

Nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar er að mínu viti góður efniviður fyrir alla þá umræðu um tengsl Íslands og Evrópusambandsins sem við munum eiga í á næstunni. Þar hafa margir lagt hönd á plóg, bæði nefndarmenn úr öllum stjórnmálaflokkum, stjórn og stjórnarandstöðu, starfsmenn þings og ráðuneyta og ég ítreka þakkir mínar til allra þeirra fyrir framlag þeirra til vinnunnar. Vinnan á vettvangi nefndarinnar var bæði yfirgripsmikil og upplýsandi, en þrátt fyrir mikla vinnu, upplýsingaöflun og skoðanaskipti er ólíklegt að skoðanir nefndarmanna á aðild að Evrópusambandinu hafi mikið breyst í þeirri vinnu allri, flestir höfðu nokkuð mótaða afstöðu til þessa máls áður en lagt var í þá vegferð.

Mig langar að fjalla hér um nokkur álitamál sem hafa komið fram í umræðunni til þessa, sérstaklega þau sem ágreiningur hefur verið um og birtist í mismunandi nefndarálitum. Þar er fyrst til að taka stjórnarskrána sjálfa. Því hefur verið haldið fram í umræðunni hér að það sé brot á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands að Alþingi eða ríkisstjórn taki ákvörðun um að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla þeirri staðhæfingu, hún er að mínu viti röng. Samkvæmt þeim álitum sem við höfum fengið frá stjórnarskipunarfræðingum er ekkert því til fyrirstöðu að sótt sé um aðild að Evrópusambandinu með að sjálfsögðu eðlilegum fyrirvara um þær breytingar sem slík aðild mundi kalla á á stjórnarskrá lýðveldisins.

Einnig hefur farið fram nokkur umræða um þjóðaratkvæðagreiðslu, hvenær hún eigi að fara fram, hvort hún eigi að vera leiðbeinandi eða bindandi og hvort þær eigi að vera tvær eða hugsanlega fleiri. Varðandi það mál vil ég sérstaklega segja að ég tel mikilvægt að þegar þetta mál verður leitt til lykta af þjóðinni sjálfri í þjóðaratkvæðagreiðslu verði það gert á grundvelli niðurstöðu úr aðildarviðræðum sem farið verður í verði tillaga þar að lútandi samþykkt á Alþingi. Ég tel mikilvægt að öll gögn sé reidd fram fyrir þjóðina til að taka afstöðu til.

Hvað varðar ágreininginn eða skoðanaskiptin um bindandi eða leiðbeinandi þjóðaratkvæðagreiðslu er ég þeirrar skoðunar og meiri hluti nefndarinnar sem skrifar undir nefndarálitið að það sé óviðunandi að niðurstöður úr aðildarviðræðum sem slíkum fari ekki í þjóðaratkvæði þá þegar sú niðurstaða liggur fyrir, að þjóðin fái ekki að taka afstöðu til efnisatriða samningsins. Í hinni leiðinni sem m.a. er gert ráð fyrir að verði farin í einni af þeim breytingartillögum sem liggja fyrir við þetta mál er gert ráð fyrir því að þegar aðildarviðræðum ljúki taki Alþingi ákvörðun um að ráðast í nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni og samþykkja lög um aðild Íslands að Evrópusambandinu, að vísu með fyrirvara um samþykki þjóðarinnar í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, en ég spyr: Trúa menn því að þingmenn sem eru andvígir aðild Íslands að Evrópusambandinu muni einhvern tíma ljá máls á því að setja lög þar að lútandi, þótt með fyrirvara sé um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, hafi þjóðin ekki á fyrri stigum komið að því að ákveða að hún vilji aðildarsamning?

Ég tel þess vegna algert lykilatriði að þegar aðildarsamningurinn liggur fyrir verði hann borinn undir þjóðaratkvæði og þá og því aðeins að þjóðin samþykki efnisatriði slíks samnings verði ráðist í nauðsynlegar stjórnarskrárbreytingar, stjórnarskrárbreytingar sem heimila framsal ríkisvalds eins og fylgir óhjákvæmilega aðild að Evrópusambandinu og eins og m.a. er vikið að í nefndaráliti meiri hlutans og ég hef lýst sem minni skoðun. Í mínum huga er ekkert því til fyrirstöðu, ef Alþingi kýs svo, að í stjórnarskrárbreytingum sé kveðið á um sérstaka meðferð hvað varðar framsal ríkisvalds, t.d. eins og þekkist í öðrum löndum, með aukinn meiri hluta á Alþingi eða staðfestingu þjóðarinnar í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það. Sú leið sem hér er lögð til á þingskjali útilokar hins vegar að niðurstaða aðildarviðræðna verði borin strax undir þjóðina þegar hún liggur fyrir. Því er ég andsnúinn og leggst gegn þeirri tillögu af þeim sökum.

Í þessari umræðu allri hefur verið vikið að skilyrtu umboði og því haldið fram að engir skilmálar eða skilyrði fylgi þeirri tillögu sem hér liggur fyrir í formi breytingartillögu frá hv. utanríkismálanefnd. Ég segi enn og aftur við þá sem

halda því fram: Það er ekki rétt. Í tillögu meiri hlutans er gert ráð fyrir því að setja skýran ramma utan um umboð sem Alþingi ætlar að veita framkvæmdarvaldinu í þessu efni. Það er skýrt kveðið á um að það skuli vera náið samráð milli framkvæmdarvaldsins, löggjafarvaldsins, hagsmunaaðila, milli þings og þjóðar, með ítarlegum ákvæðum um upplýsingagjöf og samráð á hvaða stigi sem er. (**VigH:** Ekki …) Þetta verður ekki verkefni eins flokks eins og haldið er fram í þessari umræðu. Ákveði Alþingi að sækja um aðild að Evrópusambandinu verður það að vera sameiginlegt verkefni allra sem að því eiga að koma, allra stjórnmálaflokka, hagsmunaaðila.

Í nefndaráliti meiri hlutans liggur fyrir skýr lýsing á þessu ferli. Það liggur fyrir ásetningur um náið samráð við alla stjórnmálaflokka. Ég ætla líka að segja að ég mun ekki hlaupa frá neinum fyrirheitum sem ég hef gefið í umræðum eða í nefndaráliti til annarra stjórnmálaflokka, enginn undanskilinn, ég mun ekki hlaupa frá neinum fyrirheitum um samráð eða að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem þeir hafa sett fram í málflutningi sínum og í tillögum verði ég yfirleitt í aðstöðu til þess að hafa einhver áhrif á þetta mál, (**Gripið fram í:** Það er nefnilega málið.) en það er að vísu óráðin gáta. (Gripið fram í.)

Í þessari umræðu hefur talsvert verið talað um að stjórnarflokkarnir séu ósamstiga hvað varðar aðildina að Evrópusambandinu. Ég ætla að segja um þetta mál að ég tel að það sé kostur ef Alþingi ákveður að fara í viðræður við Evrópusambandið að þar komi saman í framkvæmdarvaldinu andstæðir pólar. Efinn er ætíð góður förunautur í hverri vegferð. Við eigum í þessu máli að takast á um kjarna málsins, um aðalatriðin. Atkvæðagreiðslan í dag er ekki atkvæðagreiðsla um aðild að Evrópusambandinu. Hún er atkvæðagreiðsla um málsmeðferð, hún er atkvæðagreiðsla um að koma þessu máli í tiltekinn lýðræðislegan farveg, máli sem lengi hefur verið á dagskrá íslenskra stjórnmála. Hvað sem líður yfirlýsingum einstakra stjórnmálamanna í gegnum tíðina um að málið sé ekki á dagskrá hefur það verið á dagskrá íslenskra stjórnmála. Þetta er tillaga um að koma því í réttan farveg og leggja niðurstöður aðildarviðræðna með öllum efnisþáttum málsins, skýrum og ljósum, fyrir þjóðina til ákvörðunar. Ég tel að það sé lykillinn að sátt í þessu máli.

Ég er ekki sannfærður um að það yrði mikil sæla með það ef farið yrði fyrst í þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort efna ætti til aðildarviðræðna af því að hér hafa menn oft verið með spekúlasjónir um það ef niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu yrði naum. Ég er ekki sannfærður um að það yrði sæla eða sátt um það í samfélaginu ef þjóðin hafnaði því að hefja slíkar viðræður án þess að menn hefðu í raun fengið að sjá hvað væri á borðinu. Ég er þeirrar skoðunar og það er sannfæring mín — af því að hér er mikið talað um sannfæringu — þrátt fyrir afstöðu mína til Evrópusambandsins sem slíks og aðildar Íslands að því að það sé rétt að fara í þennan leiðangur, leiða fram alla efnisþætti málsins og bera þá undir þjóðina. Það er ekkert verri sannfæring en hver önnur að vilja að þjóðin taki af skarið á grundvelli upplýstra upplýsinga.

Við Íslendingar eigum mörg tækifæri til að sigrast á því mótlæti sem við höfum glímt við undanfarna mánuði, á erfiðleikum sem við þurfum líka að takast á við næstu missiri og ár. Við, sem þjóðin hefur kosið til að fara sameiginlega með stjórn landsins, höfum vissulega mismunandi skoðanir á því hvaða leiðir eru bestar inn í framtíðina, en við eigum okkur öll þau markmið sameiginlega að vilja Íslandi allt. Það er tekist á í því máli sem hér er rætt milli flokka og innan flokka, okkur er misjafnlega innanbrjósts og verður það þegar niðurstaða Alþingis í málinu liggur fyrir. Þannig er okkur einnig farið í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Eins og umræður hér hafa endurspeglað eru heitar tilfinningar tengdar þessu máli í okkar röðum, en þær heitu tilfinningar eru líka styrkur og ómetanlegt veganesti inn í óráðna framtíð. (**Gripið fram í:** En kosningaloforðið?)

Evrópusambandið mun ekki leysa þau viðfangsefni sem á herðum okkar hvíla. Við munum fyrst og fremst þurfa að reiða okkur á okkur sjálf eins og við höfum gert hingað til innan eða utan Evrópusambandsins. Hvernig sem atkvæðagreiðslan fer hér í dag, góðir þingmenn, skulum við sameinast um að berjast fyrir hagsmunum íslensku þjóðarinnar, hver á sínum vettvangi og á þann hátt sem hver og einn telur sig best geta gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 11:26]

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 249, 255 og 257, brtt. 256 og 266.

og

Undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Þáltill. utanrrh. o.fl., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[12:03]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Áður en atkvæðagreiðslan hefst og með hliðsjón af því að margir utan þessa þingsalar fylgjast með atkvæðagreiðslunni en hafa ekki þingskjölin við höndina vill forseti skýra hvernig atkvæðagreiðslan fer fram.

Fyrst fara fram atkvæðagreiðslur um þrjár breytingartillögur sem eru við breytingartillögu meiri hluta utanríkismálanefndar. Fyrsta tillagan er frá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur en önnur og þriðja tillagan eru frá hv. þingmönnum Bjarna Benediktssyni og Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Þegar afgreiðslu þeirra er lokið kemur tillaga meiri hluta utanríkismálanefndar til atkvæða breytt eða óbreytt. Loks verða samkvæmt þingsköpum að fara fram atkvæðagreiðslur um fyrirsögn tillögunnar og að síðustu um tillöguna í heild.

[12:04]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Við göngum nú til sögulegrar atkvæðagreiðslu. Samþykki Alþingi að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu markar það upphaf á vegferð sem leiðir vonandi til aðildarsamnings sem lagður verður í mat og dóm þjóðarinnar. Tillaga meiri hluta utanríkismálanefndar, sem við göngum til atkvæða um á eftir, er afrakstur af vinnu utanríkismálanefndar þar sem áhersla var lögð á að ná sem breiðastri samstöðu. Hún leggur þær skyldur á herðar ríkisstjórninni að tryggja meginhagsmuni Íslands í aðildarviðræðum. Það er bjargföst skoðun mín að umsókn um aðild að ESB muni greiða götuna fyrir skjótri endurreisn íslensks efnahagslífs og fela í sér skýr og traustvekjandi skilaboð til umheimsins. Sem umsóknarríki mun Ísland hafa sterkari stöðu en ella. Aðildarumsóknin felur í sér tækifæri til að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir á Íslandi, bæta hag heimila og fyrirtækja og tryggja stöðugleika og efnahagslegar framfarir sem ráðið getur úrslitum um hagsæld í íslensku samfélagi.

[12:05]

Bjarni Benediktsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við greiðum nú atkvæði um mál sem hefur verið til meðferðar í þinginu í margar vikur og ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka formanni utanríkismálanefndar fyrir hans utanumhald með þeirri vinnu sem hefur verið eftir atvikum ágæt. Niðurstaðan er hins vegar sú að það hefur ekki tekist sú breiða pólitíska samstaða um meðferð málsins sem ríkisstjórnin stefndi að, ríkisstjórn sem er klofin í málinu en hugðist láta á það reyna hvort þingið gæti komið sér saman um það hvernig bæri að bera sig að í þessu stóra máli. Það hefur því miður ekki tekist.

1. minni hluti í utanríkismálanefnd teflir fram tveimur breytingartillögum, nr. 2 og 3 í þessu máli, sem ég hvet þingmenn til að styðja vegna þess að ég hef heyrt það á umræðunni hér í þingsal að það er raunverulegur meiri hluti fyrir því að láta þjóðina eiga fyrsta orðið í þessu máli þar sem engin pólitísk samstaða er um það hvernig standa eigi að því að hefja ferlið. (Forseti hringir.) Jafnvel þótt þingmenn treysti sér ekki til þess að styðja þá tillögu hljóta þeir að geta staðið saman um að þjóðin eigi síðasta orðið í þessu máli og við förum að stjórnarskránni, förum að þeim reglum sem (Forseti hringir.) skrifaðar eru inn í íslensk lög um það hvernig þingið eigi að bera sig að í máli sem þessu. Þjóðin verður að fá að eiga síðasta orðið í málinu.

[12:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Frú forseti. Þegar tillaga þessi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu kemur til lokaafgreiðslu vil ég árétta þá grundvallarstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að það þjóni ekki hagsmunum Íslands að gerast aðili. Við greiðum atkvæði um það á eftir hvort rétt sé eftir sem áður að láta reyna á í viðræðum hvers konar samningi sé hægt að ná til þess að þjóðin geti að því loknu hafnað honum eða samþykkt hann komi til niðurstöðu. Þingmenn VG eru bundnir af engu nema sannfæringu sinni varðandi það hvort sú leið skuli farin. Hvor tveggja afstaðan, að vera með því eða á móti, er vel samrýmanleg stefnu flokksins. Öll eigum við það sameiginlegt, þingmenn VG, að áskilja okkur rétt til málflutnings og baráttu utan þings sem innan í samræmi við grundvallaráherslur flokksins og okkar sannfæringu. Það tekur einnig til þess að áskilja okkur rétt til þess að slíta samningaviðræðum séu þær ekki að skila fullnægjandi árangri á hvaða stigi málsins sem er sem og auðvitað að hafna óviðunandi samningsniðurstöðu.

[12:08]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Frú forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vill árétta að í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kemur fram að stjórnarflokkarnir virði ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að Evrópusambandinu og rétt þingmanna til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu í samræmi við afstöðu sína. Þingflokkurinn undirstrikar þá stefnu flokksins að hagsmunum Íslands sé best borgið utan ESB en jafnframt að fram fari opin og lýðræðisleg umræða um samskipti Íslands og sambandsins. Enn fremur er það stefna flokksins að aðild Íslands að ESB eigi að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Afstaða einstakra þingmanna flokksins til þeirrar tillögu sem hér er til afgreiðslu felur því ekki í sér stuðning við aðild Íslands að Evrópusambandinu.

[12:09]

Birgir Ármannsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Við höfum heyrt hér skýringar hv. þingmanna og hæstv. ráðherra Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og auðvitað skynjar maður í hvaða vandræðum þeir hv. þingmenn eru sem eru hér í dag í þeirri stöðu að ætla að fylgja fram máli sem þeir hafa enga trú á og ætla að berjast á móti.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp um atkvæðagreiðslu er önnur. Ég vildi árétta þá skoðun mína sem ég hef látið í ljósi við forseta að það sé ekki rétt að láta atkvæðagreiðsluna um breytingartillögur fara fram í þeirri röð sem hér liggur fyrir, þ.e. að bera upp fyrst tillögu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur og síðan breytingartillögur hv. þingmanna Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar K. Gunnarsdóttur. Ég tel ótvírætt að tillaga hv. þm. Bjarna Benediktssonar og hv. þm. Þorgerðar K. Gunnarsdóttur gangi lengra þar sem hún felur það í sér að þingið taki ekki ákvörðun í dag um það að ganga (Forseti hringir.) til aðildarviðræðna heldur gera það síðar að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hef talað við sérfræðinga þingsins og þeir eru annarrar skoðunar en ég vildi halda þessu sjónarmiði til haga við þessa umræðu.

[12:11]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti mat það svo að tillaga hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur gengi lengst, a.m.k. að formi til, af breytingartillögum við breytingartillögu utanríkismálanefndar og setur því atkvæðagreiðsluna þannig upp.

[12:11]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Frú forseti. Eins og ég nefndi í ræðu minni hefur verið mjög mikill asi á þessu máli öllu og verið reynt að koma á þessari atkvæðagreiðslu sem allra fyrst. Meðal annars var því haldið fram í gær að komist hefði á einhvers konar niðurstaða um að hafa atkvæðagreiðsluna í gærkvöldi. Það varð ekki. Enn þarf ég hins vegar að lesa það í blöðunum í dag að einhver slíkur samningur hafi legið fyrir og frá honum hafi verið horfið. Þetta er mjög til marks um það hvernig þetta mál allt hefur verið unnið, það er ekki reynt með rökræðu eða með því að hugsa á rökréttan hátt hvernig best sé að standa að þessu öllu saman heldur með asanum og þrýstingnum að flýta þessu í gegn sem allra hraðast. Ég held því að okkur veiti ekkert af þeim fáu vikum sem gæfust til að fara almennilega yfir málið og leyfa þjóðinni að kynna sér það sem gæfist með því að um það færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla.

Brtt. 266 felld með 34:15 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BJJ, EyH, GBS, HöskÞ, JónG, MT, REÁ, SDG, SIJ, VigH, ÞSa.

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁsmD, BjarnB, EKG, GÞÞ, GStein, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, RR, SF, TÞH, UBK, ÞKG) greiddu ekki atkv.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:13]

Vigdís Hauksdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til afgreiðslu breytingartillaga um að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið og þau skilyrði sem Íslendingar mega aldrei gefa eftir í samningaviðræðum. Ber þar hæst fullveldi þjóðarinnar og óskorað forræði Íslendinga yfir auðlindum sínum. Það ákvæði er ekki varið í þeirri þingsályktunartillögu sem er hér til afgreiðslu. Byggist þessi tillaga á flokksþingssamþykkt Framsóknarflokksins. Ég segi já.

[12:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Tillaga hv. þingmanns er óþörf. Utanríkismálanefnd Alþingis hefur sett ramma um það starf sem fram undan er á hinu háa Alþingi verði tillaga stjórnarinnar samþykkt. Þar er ramminn um þann leiðangur sem Íslendingar ætla vonandi að leggja í og hann er að mínu viti í fullkomnu samræmi við þá stefnu sem Framsóknarflokkurinn hafði a.m.k. fyrir kosningar. Þingmenn Samfylkingarinnar segja nei við þessari tillögu vegna þess að hún er óþörf.

[12:14]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég tel þörf á að gera grein fyrir atkvæði mínu við þessa atkvæðagreiðslu. Ég styð tillögu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur vegna þess að ég tel að ef á annað borð verði farið í aðildarviðræður við Evrópusambandið sé rétt að setja þau stífu skilyrði sem fram koma í tillögu hv. þingmanns.

Ég lýsi því hins vegar yfir, eins og koma mun fram síðar í þessari atkvæðagreiðslu, að ég tel að slíka ákvörðun eigi Alþingi ekki að taka nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu og persónulega er ég þeirrar skoðunar að við eigum ekki að sækja um aðild. En verði farið í þessa vegferð, svo notað sé vinsælt orðalag, tel ég að rétt sé að gera það með þeim stífu skilyrðum sem fram koma í tillögu hv. þingmanns og greiði henni því atkvæði mitt.

Vegna umræðna um skilyrði er alveg ljóst að það eru ekki skilyrði í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar, það eru óljós markmið og þau þurfa að vera miklu skýrari (Forseti hringir.) ef lagt er í þessa ferð.

[12:16]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram í umræðunni að skilyrðin sé að finna í nefndaráliti meiri hlutans. Ef svo er væri þingmönnum í raun í lófa lagið að samþykkja þessa breytingartillögu. Það er ekki gert og það er að mínu mati til marks um það að skilyrðin er hvergi að finna heldur óljós markmið sem á að fylgja. Við verðum líka að taka tillit til þess að í nefndarálitinu segir einmitt berum orðum að ekki eigi að fara með tilgreind skilyrði í þessar aðildarviðræður.

Svo vil ég taka það fram að hér var haft á orði áðan að fylgja ætti einhvers konar ramma og orðið rammi þýðir að mínu mati ekki það sama og orðið skilyrði eins og kemur mjög skýrt fram í flokksályktun Framsóknarflokksins. Ég segi já við þessari breytingartillögu.

[12:17]

Ragnheiður E. Árnadóttir:

Virðulegur forseti. Ég tek undir með hv. þm. Birgi Ármannssyni. Ég mun greiða atkvæði með tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu og vona því að ekki komi til þess að þetta ákvæði þurfi. En ef til þess kemur segi ég að allt sem hugsanlega takmarkar vald hæstv. utanríkisráðherra Össurar Skarphéðinssonar í þessum efnum er af hinu góða. Ég segi já.

[12:17]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:

Frú forseti. Með tillögu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur gafst tækifæri til að ná sæmilega víðtækri sátt í þessu máli. Það virðist ekki vera vilji til að nýta það tækifæri þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar um að það sem í þessari tillögu felist sé í raun þegar komið inn í þá rammaáætlun sem mun eiga að fylgja tillögu ríkisstjórnarinnar. Þar af leiðandi tel ég að með þeirri niðurstöðu sem hér stefnir í, að þessi breytingartillaga verði felld, sé staðfest það sem haldið hefur verið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar að miklu leyti í umræðum, að það sé ekki búið að setja inn nauðsynleg skilyrði og þessi rammaáætlun um viðmið hafi mjög lítið að segja, sérstaklega ef tekið er tillit til þess hvernig stjórnin hefur fram að þessu haldið á öllu því samráði og þeirri upplýsingagjöf sem lofað hefur verið.

[12:20]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Frú forseti. Ef við höfum lært eitthvað af hruninu síðastliðið haust er það ákall um ný vinnubrögð. Þessi ríkisstjórn hefur ekki sýnt þann stórhug að koma fram með málið í samstöðu og sátt. Ég tel að eitt af því sem við eigum að hafa lært sé ákall þjóðarinnar um að fá að taka í auknum mæli þátt í því ferli sem nefnist lýðræðislegt ferli, að fá að taka þátt í ákvörðunarferlinu um framtíð þjóðarinnar í stórum grundvallarmálum. Hér erum við einmitt að ræða um eitt af þessum stóru grundvallarmálum sem þjóðin vill fá að taka þátt í.

Ég vil nýta þennan tíma, frú forseti, til að skora á þingmenn hér inni að leyfa þjóðinni að hafa upphafsorðið og lokaorðið í allri þessari vegferð. Það er mikilvægt að þingið sýni þennan vilja okkar í verki og greiði atkvæði með tillögum okkar hv. þm. Bjarna Benediktssonar. Leyfið þjóðinni að eiga upphafs- og lokaorðið í þessu, hættulegra er málið ekki.

Brtt. 256,1 felld með 32:30 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBjarn, JónG, KÞJ, LRM, MT, ÓN, PHB, REÁ, RR, SDG, SIJ, TÞH, UBK, VigH, ÞKG, ÞSa, AtlG, ÁJ, ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, EyH, GLG, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG.

nei: JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, BjörgvS, BjG, GuðbH, GStein, HHj, ÁRJ.

1 þm. (BJJ) greiddi ekki atkv.

20 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:22]

Magnús Orri Schram:

Forseti. Eina leiðin til að fá svar við þeirri spurningu hvort aðild að Evrópusambandinu sé til hagsbóta fyrir land og þjóð er að sækja um aðild og í framhaldinu að leyfa þjóðinni að taka afstöðu til samnings. Ef við förum leið tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu mun fyrri atkvæðagreiðslan snúast um kosti og galla aðilar fyrir Ísland án þess að sú umræða hafi nokkurt innihald.

Forseti. Sú atkvæðagreiðsla mun snúast um upphrópanir, grýlur, einfaldanir og hártoganir. Þess vegna segi ég nei.

[12:23]

Margrét Tryggvadóttir:

Frú forseti. Á milli Icesave-málsins og ESB liggja ótal þræðir. Ríkisábyrgð á Icesave-skuldunum er aðgöngumiðinn inn í ESB, rándýr aðgöngumiði sem ég er ekki tilbúin að láta þjóðina greiða. Mér finnst vel koma til greina að sækja um aðild að Evrópusambandinu en við eigum ekki að gera það með Icesave-líkið í farteskinu. Í gær reyndum við að losa okkur við það lík svo Evrópulestin gætu haldið áfram. Við vildum fresta Icesave-samningnum svo þinginu gæti gefist tími til að fá botn í málið því að það er flókið og framlögð gögn stemma ekki og daglega koma fram ný gögn sem varpa ljósi á málið. Það tókst ekki. Því verðum við að reyna að halda áfram með líkið og kryfja það til mergjar en stöðva ESB-lestina. Þar liggur sannfæring mín. Þjóðin fær þá að kjósa um það hvort rétt er að fara í aðildarviðræður og ég treysti henni fullkomlega til þess. (Forseti hringir.) Því segi ég já við tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu til að reyna að rjúfa tengslin milli Icesave-málsins og ESB.

[12:25]

Ólína Þorvarðardóttir:

Frú forseti. Ég lít á það sem hlutverk stjórnmálamanna að vera fulltrúar fólksins og taka þær ákvarðanir sem þeir eru kosnir til. Það er hlutverk okkar og við rækjum það hlutverk best með því að veita málum í lýðræðislegan farveg en ekki með því að skorast undan og vísa frá okkur. Ég lít svo á að hið háa Alþingi geti ekki skorast undan því að leiða samningaviðræður við ESB til lykta og kynna það mál fyrir þjóðinni áður en efnt er til þjóðaratkvæðagreiðslu svo hún hafi um eitthvað að kjósa. Þess vegna lít ég svo á að tillagan um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu sé hvorki í anda lýðræðis né þingræðis og ég segi nei.

[12:26]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég segi já við þeirri tillögu að þjóðin geti og megi greiða atkvæði um það hvort hún í fyrsta lagi vilji að Ísland verði hluti af Evrópusambandinu til framtíðar og afsali sér hluta af sjálfstæði sínu og fullveldi. Í öðru lagi hvort þjóðin vilji afsala sér til framtíðar auðlindum sínum. Í þriðja lagi hvort núna sé rétti tíminn til að verja miklum fjármunum, orku og tíma ráðuneyta til að vinna að umsókn. Í fjórða lagi hvort við eigum núna eftir áfall af hruninu að sækja um úr mjög veikri stöðu. Í fimmta lagi hvort það sé sæmandi að sækja um aðild að þeim klúbb sem hefur kúgað okkur til að samþykkja Icesave-samningana.

Ég tel að þjóðin eigi að taka ákvörðun um það hvort hún vilji að ganga í Evrópusambandið. Ég segi já.

[12:27]

Ragnheiður E. Árnadóttir:

Virðulegi forseti. Þjóðin á að fá að ákveða hvort haldið skuli í þessa vegferð, hvort 1.000 millj. kr. a.m.k. verði varið til þess að fara í viðræður sem annar stjórnarflokkanna er staðráðinn í að muni ekki enda með samningi eða samningi sem þjóðinni ber að fella. Ég treysti þjóðinni svo sannarlega til að taka þessa ákvörðun og ég tel að þjóðin muni geta tekið þá ákvörðun með opin augu og upplýst um öll þau skilyrði og atriði sem skipta máli. Ég segi já.

[12:28]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:

Frú forseti. Þjóðaratkvæðagreiðsla um umsókn um aðild að Evrópusambandinu hefði verið óþörf ef þjóðin gæti verið þess fullviss að það umboð sem þeim sem sjá um samningana væri veitt væri nógu afmarkað til að hægt væri að treysta því að grundvallarhagsmunum þjóðarinnar yrði ekki fórnað í slíkum aðildarviðræðum.

Nú er ljóst að umboðið verður ekki skilyrt og þar af leiðandi að lagt var upp í þennan leiðangur með hætti sem mjög erfitt er að gera sér grein fyrir hvað hafi í för með sér. Þingið virðist eiga mjög erfitt með að taka afstöðu til máls-

ins og ýmsir þingmenn greiða atkvæði um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem eru í raun andvígir aðild. Þegar málatilbúnaður er með þessum hætti tel ég ekki um annað að ræða en þjóðin fái að segja skoðun sína og taka þessa ákvörðun þegar þingið er ekki fært um það. Ég segi já.

[12:29]

Sigurður Ingi Jóhannsson:

Frú forseti. Við greiddum áðan atkvæði um þingsályktunartillögu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur sem ég studdi og taldi að það væri eðlileg leið fyrir okkur að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Að því frágengnu tel ég að við þurfum að leita annarra leiða og ég treysti ekki því að hæstv. utanríkisráðherra leiði þá umræðu með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir til atkvæðagreiðslu á eftir og mun því leggja það til og styðja það að þjóðin fái tækifæri til að taka afstöðu til þess. Þá held ég að við munum m.a. fá meiri tíma til að skoða allar aðrar leiðir sem þessari þjóð bjóðast og það þarf að skoða hvernig við eigum að komast út úr þeirri vandræðastöðu sem við erum í og ég tel að með þeim hætti geti málið líka fengið nægilega góðan undirbúning svo við munum geta tekið upplýsta og góða ákvörðun í kjölfarið, öll þjóðin saman. Ég mun því segja já við þessari tillögu.

[12:31]

Vigdís Hauksdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem breytingartillaga mín var felld áðan hef ég gert það upp við samvisku mína og sannfæringu að það taumlausa umboð sem ríkisstjórnin er að veita hæstv. utanríkisráðherra með þessari þingsályktunartillögu er of víðtækt. Þess vegna vil ég að þjóðin fái að hafa fyrsta og síðasta orðið í þessu máli. Ég segi já.

[12:32]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel að okkur sem þjóð sé best borgið utan Evrópusambandsins og hafna því aðildarumsókn að sambandinu. Hugsanlegur ávinningur af aðild Íslands að Evrópusambandinu réttlætir ekki frekara framsal á ákvörðunarrétti um málefni íslensku þjóðarinnar. Skoðanir fólks í þessu máli eru skiptar í öllum flokkum. Umsókn að sambandinu mun því kljúfa þjóðina í fylkingar á sama tíma og hvað mest á ríður að þjóðin standi þétt saman til að komast sem fyrst út úr þeim miklu efnahagsþrengingum sem við blasa á næstu árum.

Við þessar aðstæður eigum við að leggja til hliðar allar hugmyndir um að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Í dag höfum við hvorki samningsstöðu, tíma né fjármagn til að leggja í umsóknarferli og við megum síst við því þegar mest á ríður að við vinnum okkur út úr efnahagshruninu á okkar eigin forsendum, á forsendum til sjálfbærrar þróunar. Ég greiði því atkvæði gegn öllum tillögum sem fyrir liggja um mismunandi leiðir til aðildarumsóknar að Evrópusambandinu. Ég segi nei.

[12:33]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Þessi tillaga er í anda stefnumörkunar VG. Hún er í anda lýðræðisáherslna flokksins um að þjóðin skuli spurð í veigamiklum málum. Hún er í samræmi við fyrirheit mín í kosningabaráttunni síðastliðið vor. Hún er í samræmi við skýra, opinskáa og gegnsæja fyrirvara mína við stjórnarmyndunarviðræður. Hún er í samræmi við einbeitta afstöðu mína sem lá fyrir löngu áður en þessi tillaga var flutt og hún er í samræmi við það að við vitum nákvæmlega að hverju við göngum um samningsskilmála rétt eins og nýjar þjóðir í Evrópusambandinu. Ég segi já.

[12:34]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason):

Virðulegi forseti. Þegar við tökum ákvarðanir sem miklu skipta viljum við vanda til þeirra og við viljum taka þær með upplýstum hætti. Fjölskylda sem ákveður að kaupa sér húsnæði án þess að skoða það gerir það sjaldnast sjálfri sér til góðs. Það er mikilvægt að við leggjum traustan grunn og kynnum okkur, eins og sú fjölskylda mundi gera, hvernig húsaskipan er háttað, hvort húsnæðið henti og kynnast til hlítar kostum og göllum þeirra vistarvera sem fjölskyldan veltir fyrir sér að gera að sínum til lengri tíma litið. Sú breytingartillaga sem hér er lögð til atkvæða gerir ráð fyrir að ekki fari fram þessi nauðsynlega skoðun og könnun. Það er mjög mikilvægt að þjóðin fái að taka upplýsta ákvörðun um aðildarsamning þegar hann liggur fyrir og við vitum kost og löst á aðild að fullu og öllu leyti. Því segi ég nei.

[12:35]

Ásmundur Einar Daðason:

Frú forseti. Við ræðum breytingartillögu um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu sem ég hafði hug á að taka þátt í að flytja og hef lýst því yfir hér að ég muni styðja þessa tillögu. Þetta er í samræmi við það sem kynnt var í kjördæmi mínu fyrir síðustu kosningar. Þetta er það lengsta sem ég hugsanlega get teygt mína sáttarhönd til að koma þessu Evrópusambandsmáli í einhvern farveg. Því segi ég já. Þjóðin á ekki einungis að eiga síðasta orðið, hún á líka að eiga það fyrsta.

[12:36]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Við höfum heyrt atkvæðaskýringar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eins og hv. þm. Atla Gíslasonar og hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar. Það er greinilegt að þeir hafa talað af sannfæringu og í samræmi við stefnu síns flokks. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir aðra þingmenn flokksins að hlusta á þessar skýringar. (**Gripið fram í:** Hver er þín skoðun?) En svo ég víki að minni skoðun sem er skýr í þessu máli, þá styð ég þá leið að farið verði í þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort aðildarumsókn verði send inn. Ég held að þar stöndum við frammi fyrir mjög einföldum kostum, styðjum við það að stór mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu? Teljum við að þetta sé stórt mál? Ef við segjum já við þessum spurningum báðum hljótum við að segja já við þessari tillögu en þeir þingmenn sem talað hafa hátt um þjóðaratkvæðagreiðslur (Forseti hringir.) og þykjast hafa fundið upp lýðræðið verða að eiga það við sjálfa sig hvernig þeir greiða atkvæði í þessari atkvæðagreiðslu. Ég segi já.

[12:38]

Birgitta Jónsdóttir:

Frú forseti. Ég er ekki á móti aðildarviðræðum. Mér finnst þetta aftur á móti vera kolrangur tími til að fara í aðildarviðræður. Mér finnst að þjóðin eigi að fá að kjósa um það að fara í aðildarviðræður. Þess vegna segi ég já.

[12:38]

Bjarni Benediktsson:

Frú forseti. Ég segi já vegna þess að þetta er ekki tillaga um að kaupa óskoðað hús. Þetta er ekki tillaga um að leggja í hendur þjóðarinnar spurningu sem er stærri eða meiri en þingmenn treysta sér til að greiða atkvæði um í dag. Þetta er tillaga sem er tilkomin vegna þess að í landinu er ekki ríkisstjórn sem er einhuga í þessu máli. Þetta er tillaga sem er tilkomin vegna þess að eftir kosningarnar í vor var ljóst að það var ekki kosið um að leggja af stað í þessa vegferð. Þetta er tillaga sem er tilkomin vegna þess að engin samstaða náðist á þinginu um það hvernig með þetta mál ætti að fara, hvorki um formsatriði né efnisatriði. Þeir sem greiða atkvæði gegn þessu máli hljóta að eiga erfitt með að finna nokkurt það annað mál sem tilefni er til að senda í þjóðaratkvæðagreiðslu í framtíðinni. Ég segi já.

[12:40]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er mikill ágreiningur um spurninguna um aðildarumsókn að Evrópusambandinu jafnt hjá ríkisstjórninni, hjá þinginu og þjóðinni. Þessi ágreiningur er bæði um efni máls og síðan um aðkomu þjóðarinnar að ákvörðuninni. Umboð stjórnvalda við þessar aðstæður verður að vera skýrt. Þess vegna verðum við að leita sem víðtækastrar samstöðu. Við eigum ekki að óttast að kalla þjóðina til formlegs samráðs. Þingmenn sækja umboð sitt til þjóðarinnar. Forsenda þess að við getum stuðlað að sátt um þetta mikla mál sem nú klýfur þjóðina, þingið og ríkisstjórnina er að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu. Ríkisstjórnin vill ekki einu sinni að þjóðin eigi síðasta orðið í þessu máli, hún virðist óttast vilja þjóðarinnar. Það geri ég ekki. Ég segi já.

[12:41]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Við erum hér á sérstökum tímum. Forustumenn ríkisstjórnarinnar eru að leggja það til við þjóðina að hún gangi til samninga við ríkjabandalag sem hefur beitt okkur og eins og sumir segja kúgað okkur til að hlíta afarkostum. Ég tel að svo sé í Icesave-málinu. Ég tel að þetta hljóti að vera einsdæmi í sögunni.

Allir vita sem vilja vita, sama hvaða skoðun menn hafa um aðild Íslands að Evrópusambandinu, það er málefnalegt að hafa mismunandi sjónarmið á því, að við vitum nákvæmlega í hverju það felst. Þeir sem halda því fram að þær upplýsingar liggi ekki fyrir eru ekki læsir. Það er þess vegna ekkert praktískt vandamál við það og gæti verið leið til sátta að láta þjóðina kjósa um það hvort við göngum til samninga við Evrópusambandið. Ég segi já.

[12:42]

Gunnar Bragi Sveinsson:

Virðulegi forseti. Við erum að fjalla um líklega eitt stærsta mál sem fjallað hefur verið um frá lýðveldisstofnun landsins. Ég hef lengi borið þá von í brjósti eftir að ég kom inn á þing, inn á Alþingi Íslands, að við gætum afgreitt þessa tillögu í þeirri sátt að um hana mundi ríkja friður á þingi og meðal þjóðarinnar. Því miður virðist ekki svo vera.

Mér þykir vanta inn í þessa tillögu þau skilyrði og þá fyrirvara sem ég tel að samninganefndin þurfi að hafa og hef talað fyrir hér. Ég tel að það sé skárri kostur í stöðunni fyrst þingið hefur í raun hafnað þeim skilyrðum sem við höfum talað fyrir, allnokkur, að þjóðin fái að segja sitt álit og því segi ég já.

[12:43]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Eins dapurlegt og það er hefur því verið haldið fram á Alþingi að undanförnu að þjóðinni sé ekki treystandi til að greiða atkvæði um flókin mál. Ég er ósammála þeirri fullyrðingu. Ég er líka ósammála þeim sem halda því fram að þjóðinni sé ekki treystandi til að taka ákvörðun í þessu máli vegna þess að umræðan verði á einhvern hátt ómálefnaleg. Ég held að þjóðin geti vel greint á milli málefnalegrar og ómálefnalegrar umræðu.

Síðan vil ég taka það fram að lokum að áður en menn leggja í þann leiðangur að skoða hús þarf að taka þá ákvörðun hvort á annað borð eigi að skoða hús til að kaupa. Það hlýtur að vera fyrsta ákvörðunin. Í ljósi þessa alls og í ljósi þess að skilyrðum okkar framsóknarmanna var algerlega hafnað áðan, þá segi ég já. Ég tel að þjóðin eigi að fá að segja skoðun sína í veigamiklum málum.

[12:45]

Illugi Gunnarsson:

Frú forseti. Sú tillaga sem ríkisstjórnin hefur lagt fram hefur að mínu mati einn galla, sérstaklega. Það er ekki tryggt að sé farið til samninga, komi sá samningur síðan til þjóðarinnar til endanlegrar ákvörðunar. Það hefur komið fram af hálfu forustumanna Vinstri grænna í þinginu að ef það er mat þeirra og þeirra sérfræðinga að samningurinn sé ekki góður, þá verði einfaldlega gengið frá samningaborðinu og þjóðin komi ekki að málinu. Ég tel því nauðsynlegt að það sé þjóðin sem ákveði það hvort eigi að fara af stað eða ekki og ef það er niðurstaða þjóðarinnar að leggja af stað, þá eigi að semja og sá samningur komi síðan til þjóðarinnar og það sé þjóðin sem eigi lokaorðið. Þetta er lykilatriði.

Ég vil einnig taka fram að mér finnst furðulegt að heyra það hér hjá mörgum hv. þingmönnum að þetta mál sé þannig vaxið að þjóðin geti ekki tekið upplýsta ákvörðun. Alþingismenn gera sér fulla grein fyrir því að það er munur á því að sækja um aðild og síðan að taka ákvörðun um það hvort menn ganga inn. Þjóðin, hv. þingmenn, gerir sér fulla grein fyrir því líka. Almenningur í landinu skilur muninn á því að sækja um aðild eða ganga inn. Við eigum að treysta þjóðinni. Ég segi já.

Brtt. 256,2 felld með 37:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, KÞJ, MT, ÓN, PHB, REÁ, RR, SDG, SIJ, TÞH, UBK, VigH, ÞKG, ÞSa, ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjarnB, EKG, EyH.

nei: GLG, GStein, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, BjG, GuðbH, ÁRJ.

18 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Við getum deilt um ýmislegt í tengslum við Evrópumálin. En ég held að það sé algjörlega útilokað að menn geti deilt um það að þjóðin eigi að eiga síðasta orðið. Út á það gengur þessi tillaga. Og ef einhver greiðir atkvæði gegn þessari tillögu skal hinn sami aldrei koma fram og segja að hann treysti þjóðinni. Hann skal bara aldrei gera það.

Það er mjög einfalt, virðulegi forseti, það þarf að varla að taka það fram, að sjálfsögðu segi ég já.

[12:49]

Illugi Gunnarsson:

Frú forseti. Sú tillaga sem hér er til atkvæðagreiðslu upp borin gengur út á það að það sé þjóðin sem eigi síðasta orðið. Sú hugmynd að það geti verið þannig að ráðgefandi atkvæðagreiðsla bindi þingmenn framar skýrum ákvæðum stjórnarskrárinnar um að það sé samviska þingmannanna sem ráði för gengur auðvitað ekki upp. Og það hefur komið fram hér í þingsal með skýrum hætti að þingmenn, hvorki í stjórnarliði núverandi né í stjórnarandstöðu, eru tilbúnir til að fallast á slíka hugmynd. Ef við þingmenn ætlum að standa við þau orð að við viljum að þjóðin eigi síðasta orðið um þetta mál þá hljótum við að samþykkja þessa tillögu. Öðruvísi er það svo að það er Alþingi sem tekur lokaákvörðunina. Og hinu hafði jú verið lofað. Þingmaðurinn segir já.

[12:50]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér erum við að verða vitni að mikilli nauðgun á lýðræðinu, nauðgun á lýðræðinu af hálfu jafnaðarmannaflokka og vinstri manna hér á Alþingi. [Háreysti í þingsal.] (Forseti hringir.) Þetta fólk sem gjarnan hefur komið í ræðustól Alþingis og kennt sig við það að láta þjóðina ráða og að það eigi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu oftar en sjaldnar er nú hér í þingsal að greiða atkvæði gegn því að þjóðin fái að gefa endanlegt svar í þessu máli. Það er búið að hafna því hér að þjóðin eigi fyrsta orðið. En hér er verið að fjalla um það að þjóðin eigi áreiðanlega síðasta orðið í þessu máli. En það eru jafnaðarmannaflokkarnir á Íslandi, það er vinstri stjórnin sem hafnar því. Það er nauðgun á lýðræðinu, virðulegi forseti. Þingmaðurinn segir já.

[12:52]

Ólöf Nordal:

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það grundvallaratriði að Íslendingar fái að ákveða hvernig sá samningur er, hvernig þeir taka þeim samningi sem kemur út úr samningaviðræðum við Evrópusambandið. Hér er farið fram á að Íslendingar hafi á því rétt með bindandi atkvæðagreiðslu að ákveða hvort ganga eigi í Evrópusambandið. Ég trúi því ekki að þingmenn séu ekki reiðubúnir til að samþykkja þessa tillögu. Það er mín einlæga skoðun og hefur alltaf verið að til þess að hægt sé að taka svona stórt skref verði þjóðin að fá að ráða því í lokin hvernig farið skuli með það mál. Og ég hvet þingmenn sem eftir eiga að greiða atkvæði að hugsa til þess hvað við erum að greiða atkvæði um hér núna. Það er algjört grundvallaratriði í þessu máli að í lok þessa samningaviðræðuferlis (Forseti hringir.) fái Íslendingar allir tækifæri til þess að taka afstöðu í þessum samningaviðræðum. Ég segi já.

[12:53]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég vil ekki ganga í Evrópusambandið. (**Gripið fram í:** Nú?) Ég vil ekki að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. En ef Alþingi skyldi samþykkja tillögu ríkisstjórnarinnar um að sækja um aðild vil ég þó að minnsta kosti hafa þann fyrirvara að menn fari að þeirri stjórnarskrá sem við höfum svarið eið að. En hún segir að ekki megi afsala sér fullveldi þjóðarinnar og sjálfstæði. Þess vegna þarf að breyta stjórnarskránni áður en menn geta sótt um aðild að Evrópusambandinu fyrir utan það að þjóðin getur ekki greitt atkvæði bindandi fyrir Alþingi nema það sé búið að breyta stjórnarskránni. Og ef menn ætla að fara í þá vegferð sem hæstv. ríkisstjórn vill, að láta menn greiða atkvæði, þá bindur það ekki þingmenn því að þeir verða samkvæmt stjórnarskrá, þessari sömu stjórnarskrá og við höfum svarið eið að, að fara bara eftir sannfæringu sinni. Þess vegna er það ekki í rauninni þjóðin sem ræður heldur hið nýja Alþingi (Forseti hringir.) sem verður kosið. Ég segi já.

[12:54]

Ragnheiður E. Árnadóttir:

Virðulegi forseti. Hér var verið að fella þá breytingartillögu okkar sjálfstæðismanna um að þjóðin fái að ákveða hvort haldið skuli í þessa vegferð, hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu og mér finnst mjög sorglegt að svo hafi farið. En ég trúi því ekki, og tek undir með hv. þm. Ólöfu Nordal, að óreyndu að hér í salnum séu þingmenn sem treysti því ekki að þjóðin fái að eiga síðasta orðið um þetta risavaxna skref.

Við verðum að tryggja það. Ég segi já.

[12:55]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir:

Frú forseti. Í mínum huga þýðir þjóðaratkvæðagreiðsla að þjóðin eigi að ráða. Hún þýðir ekki að þjóðin sé að veita þinginu leiðbeiningar um það hvernig þingið eigi síðan að haga sér eða þingmenn að greiða atkvæði. Í þjóðaratkvæðagreiðslu birtist vilji þjóðarinnar. Það á að vera úrslitavald vilji menn á annað borð leggja mál í dóm þjóðarinnar. Þingmaðurinn Ragnheiður Ríkharðsdóttir segir já.

[12:56]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Þessi tillaga sjálfstæðismanna og röksemdafærsla hefur tvo stórfellda ágalla. Í fyrra lagi að það kæmi í veg fyrir það að þjóðin léti strax sitt álit í ljós eftir að aðildarsamningi hefði verið landað að undangenginni kynningu og umræðu og tefði það að þjóðin gæti sagt sitt orð og í seinna laginu horfir hún fram hjá þeirri augljósu staðreynd að ef þjóðin fellir slíkan samning eru stjórnarskrárbreytingar óþarfar og þarf ekki að ráðast í það ferli. Þessa tvo stóru ágalla hefur þessi tillaga. En hún snýst ekki um það hvort það eigi að vera þjóðin sem ráði niðurstöðunni. (**Gripið fram í:** Ó, jú.) Það eru allir sammála um að verði. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Og tillaga stjórnarinnar gengur út á það. (**Gripið fram í:** … að ráða.) (Forseti hringir.) Frú forseti. Ég heyri að það er auðvelt að ræða þetta málefnalega hér í salnum í dag. (Gripið fram í.) Það er sem betur fer þannig að þótt menn séu ósammála um margt í þessu hefur enginn mælt því í móti að lyktir málsins eigi að ráðast í þjóðaratkvæðagreiðslu. En ég tel að þetta sé gölluð aðferð og segi nei.

[12:58]

Unnur Brá Konráðsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér eitt stærsta mál Íslandssögunnar, um það hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu og hér hafa verið lagðar fram góðar breytingartillögur varðandi þetta mál sem lagt hefur verið fram og það hryggir mig að hæstv. fjármálaráðherra hafi ekki kynnt sér þessar breytingartillögur betur vegna þess að í atkvæðaskýringu hans hér að framan kom fram að hann hreinlega skilur ekki þessa breytingartillögu sjálfstæðismanna. Að sjálfsögðu gengur hún út á það að fram fari bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem íslenska þjóðin fái að ráða lyktum þessa máls. Það er það sem þetta gengur út á. Ríkisstjórnin hefur fjölyrt hér um lýðræði, gagnsæi í vinnubrögðum og framlagningu gagna. Hverjar eru efndirnar? Allar þessar yfirlýsingar eru í orði en ekki á borði og þess vegna verður að samþykkja þessa tillögu þannig að það verði í raun þjóðin sem fái að hafa síðasta orðið. Ég segi því já.

[12:59]

Valgerður Bjarnadóttir:

Virðulegi forseti. Það er enginn ágreiningur um að samningur um aðild að Evrópusambandinu verði lagður í dóm þjóðarinnar. Það er enginn ágreiningur um það og hefur ekki verið í fjölda ára svo ég viti. Það er hins vegar ágreiningur um það í hvaða röð það sé gert og hér hefur Sjálfstæðisflokkurinn lagt fram það sem ég vil kalla sýndartillögu um það hvaða leið þetta á að vera. Þetta var mikið rætt í utanríkismálanefnd og meiri hlutinn var á því að fyrst komum við heim með samning. Við leggjum hann í dóm þjóðarinnar. Ef hann er samþykktur þá verða gerðar nauðsynlegar stjórnarskrárbreytingar og þá fara náttúrlega fram kosningar eins og lög gera ráð fyrir. Þess vegna hafna ég þessari tillögu eins og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar.

[13:00]

Vigdís Hauksdóttir:

Virðulegi forseti. Í þessum umræðum hefur verið valtað yfir þingið og nú á að valta yfir þjóðina líka verði þessi tillaga ekki samþykkt. Þjóðin verður að hafa síðasta orðið í þessu máli og sú atkvæðagreiðsla sem fer fram verður að vera bindandi, annars má tala um að þetta verði skoðanakönnun á meðal þjóðarinnar sem stjórnvöld verða ekki bundin af og þurfa einungis að hafa til leiðbeiningar. Við höfum séð hvernig þessi ríkisstjórn vinnur. Ég treysti ríkisstjórninni ekki verði hún við völd þegar að þessum örlagaríka degi kemur, treysti ekki að farið verði að vilja þjóðarinnar í skoðanakönnun sem er ekki bindandi. Ég segi já.

[13:01]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Eru menn búnir að gleyma því að bara fyrir nokkrum vikum lögðu stjórnarflokkarnir, hinir sömu, upp með það að hér ætti að vera bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla? En það var vel að merkja fyrir kosningar. Nú er allt breytt. Nú þarf að breyta leikreglunum til að halda völdunum. Þetta eru sömu flokkarnir og sögðu fyrir kosningar: Við viljum bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, að þjóðin fái að ráða. Síðan er taflinu snúið við til að halda völdum.

Það er mikilvægt að þjóðin hafi upphafsorðið en ekki síður lokaorðið og að þjóðin hafi vissu fyrir því að hún hafi raunverulegt lokaorð. Þess vegna segi ég já.

[13:02]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Ég hygg að enginn hv. þingmaður á hinu háa Alþingi deili um það í alvöru að hugsanlegur aðildarsamningur að Evrópusambandinu verði lagður í dóm þjóðarinnar og að Íslendingar kveði upp úr um það hvort þeir vilji þennan samning eða ekki.

Vandi þingmanna virðist hins vegar liggja í tveimur orðum, ráðgefandi og bindandi. Það sem lýsir afstöðu flytjenda þessarar tillögu er að hv. þingmenn sem flytja svona tillögu treysta sér ekki til að fara að vilja þjóðarinnar [Háreysti í þingsal.] nema að þeim hafi verið fyrir mælt um að það sé bindandi. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Hvar er þá trúnaður þingmanna, sjálfstæðismanna, (**Gripið fram í:** Við þjóðina.) við þjóðina og vilja hennar í þessu máli? (Gripið fram í.) Ég segi nei.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti biður þingmenn um að gefa ræðumönnum hljóð.)

[13:04]

Árni Þór Sigurðsson:

Frú forseti. Hér er að mínu viti ekki verið að taka afstöðu til þess hvort bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Sú ákvörðun er tekin á síðari stigum, hún er tekin þegar stjórnarskrárbreytingar fara fram því að það er ekki hægt samkvæmt núverandi stjórnarskrá að efna til bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Þess vegna bíður sú ákvörðun þess að stjórnarskránni verði breytt.

Mér sýnist þessi tillaga ganga út á það að þjóðin fái ekki að kjósa um aðildarsamning þegar hann liggur fyrir, heldur

ætlar Alþingi fyrst að taka ákvörðun um það fyrir þjóðina að samþykkja lög um aðild að Evrópusambandinu ef það koma niðurstöður úr aðildarviðræðum. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) (**Gripið fram í:** Ha?) Ég er ósammála þessari aðferðafræði, (Gripið fram í.) það er ekki langsótt, virðulegur þingmaður, þetta er sannfæring mín í málinu. Ég hef hana og ég segi nei við þessari tillögu.

[13:05]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Þetta er ekkert flókið mál. Við fjöllum hér um þingsályktunartillögu sem er stefnumörkun Alþingis og tilmæli eða fyrirmæli til ríkisstjórnar. Í tillögu okkar sjálfstæðismanna er tryggt að það verði þjóðin sem hafi með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu síðasta orðið. Það er ekkert flókið, það er alveg ljóst eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sagði að komi málið á það stig þarf að breyta stjórnarskránni. Þá breytum við auðvitað stjórnarskránni með þeim hætti að bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla skeri úr um það hvort við framseljum fullveldi til yfirþjóðlegra stofnana eða ekki. Það er ekkert flóknara en það.

Málflutningur okkar sjálfstæðismanna hér í dag hefur gengið út á tvennt, að þjóðin hafi fyrsta orðið og að þjóðin hafi síðasta orðið. Það er búið að hafna því að þjóðin hafi fyrsta orðið og mér heyrist að meiri hlutinn hér ætli að hafna því að þjóðin hafi síðasta orðið. Ég segi já.

[13:06]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Það er mikið leikhús sett á svið hér í dag, mikið leikhús um lýðræðið og rétt þjóðarinnar til að tjá sig um niðurstöðu þessa máls. Það er nauðsynlegt vegna þess að í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar segir að málsaðilar áskilji sér rétt til að mæla með eða leggjast gegn samningnum. Það er einmitt það sem vinstri grænir ætla að gera þegar samningurinn er kominn. Þeir ætla að nýta sér þennan skriflega rétt sinn í þingsályktunartillögunni til að leggjast gegn samningnum og báðir ríkisstjórnarflokkarnir vita að það er ekki meiri hluti fyrir þeirri niðurstöðu sem þannig fæst. Vegna þess að þeir eru fullkomlega ósammála ætla þeir að losa sig undan þeim vanda sem skrifaður er inn í stjórnarskrána og íslensk lög um að þá skuli breyta stjórnarskrá og kosið og farið eftir réttum leikreglum. Þeir ætla að senda málið frá sér. Þetta er allt gert í þágu ríkisstjórnarsamstarfsins. Vinstri grænir eru búnir að koma hér upp hver á fætur öðrum og lýsa því yfir að þeir muni berjast gegn þessum samningi (Forseti hringir.) og niðurstöðunni, þeir hafa enga sannfæringu í málinu. Þess vegna er kokkuð upp þessi aðferð sem er ekkert annað en það (Forseti hringir.) að fara á svig við stjórnarskrána. Ég segi já.

[13:08]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sú var tíðin að það var enginn ágreiningur um að það væri þjóðin sem gæfi lokasvarið um það hvort Ísland gerðist aðili að Evrópusambandinu. Nú er öldin greinilega önnur. Nú virðist stefna í að ekki sé einu sinni einhugur um að þjóðin fái að ráða í þessu mikilvæga hagsmunamáli sínu.

Leið ríkisstjórnarinnar er sú að efna til eins konar skoðanakönnunar og sé þess vegna ekki bindandi fyrir þingið. Meðferð málsins í þinginu hefur því að lokum illu heilli aukið á ágreininginn, jafnvel í máli þar sem góð sátt ríkti, um málsmeðferð ESB-málsins. Meðferð málsins í þinginu hefur því miður ekki aukið á sáttina eins og að var stefnt.

Nú er einfaldlega spurt að því hvort þjóðin eða þingið taki hina endanlegu ákvörðun í þessu veigamikla máli. Mér finnst ákaflega auðvelt að svara því. Ég segi já.

[13:09]

Guðbjartur Hannesson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið rætt um leikhús og afskræmingu á lýðræðinu. Höfundur að þessu leikhúsi og aðalleikstjóri er formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarni Benediktsson. (**BjarnB:** Þetta var ekki …) Ég sat hér og hlustaði á 600 ræður um fundarstjórn forseta þar sem var verið að reyna að breyta stjórnarskránni til þess að auka möguleikana á að vera hér með þjóðaratkvæðagreiðslur. (Gripið fram í.) Ég hlustaði á röð af þingmönnum sem töluðu um að þingið ætti að hafa síðasta orðið (Forseti hringir.) og að ég sem forseti væri að vanvirða þingið með því að láta ekki þingið ráða. (Gripið fram í.) Ég hafði barist fyrir því og mun gera það áfram að þjóðin fái að ráða í þessu máli, (**Gripið fram í:** Gerðu það þá.) en ég ætla ekki að taka þátt í þessu leikhúsi með sjálfstæðismönnunum og segi því nei.

Brtt. í nál. 249 (ný tillgr.) samþ. með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KaJúl, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RR, RM, SER, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BjG, GuðbH, GStein, HHj, JóhS, JRG, KJak, ÁRJ.

nei: KÞJ, LRM, ÓN, PHB, REÁ, SDG, SIJ, TÞH, UBK, VigH, ÞSa, ÞBack, AtlG, ÁJ, ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG.

3 þm. (MT, ÞKG, GLG) greiddu ekki atkv.

39 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:11]

Ólöf Nordal:

Virðulegur forseti. Nú hefur það gerst að Alþingi hefur hafnað því að þjóðin sé spurð í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu hvort ganga skuli í Evrópusambandið. Mér finnst þetta alveg óskiljanlegt. Mér finnst óskiljanlegt að Alþingi skuli hafa fellt þá tillögu og ég skil ekki hvernig alþingismenn ætla sér að fara af stað með þetta mál í þessum búningi. Þarna höfðu ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir tækifæri til að ná um þetta mun breiðari samstöðu sem er nauðsynlegt fyrir Íslendinga í yfirstandandi erfiðleikum. Þegar við þurfum mest á því að halda að reyna að standa saman um einhverja hluti ákveður ríkisstjórnin, stjórnarflokkarnir, að hafna því að ná þeirri samstöðu. Mér finnst þetta gríðarleg vonbrigði. (Forseti hringir.) Þetta verður til þess, virðulegi forseti, að ég segi nei.

[13:13]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Samkvæmt stjórnarskrá Íslands sem við hv.

þingmenn höfðum svarið eið að má Alþingi ekki afsala sjálfstæði og fullveldi ríkisins. Þessi þingsályktunartillaga er ekki þingtæk að mínu mati og ef hún verður samþykkt og sótt verður um aðild að Evrópusambandinu brýtur það stjórnarskrá Íslands sem ég hef svarið eið að.

Ég trúi því að sjálfstæði Íslands og fullveldi sé ástæðan fyrir því að íslenska þjóðin hefur risið úr öskustónni, úr því að vera ein sú fátækasta í Evrópu eftir 600 ára samband við ríki í Evrópu í það að vera ein sú ríkasta. Ég tel að dofi, framtaksleysi og fólksflótti muni grípa um sig þegar valdamiðja Íslands flyst til Brussels, þrjá flugtíma í burtu, eins og sést hefur víða hér á landi. Evrópusambandið hættir ekki að breytast þegar Ísland er gengið inn. Eftir nokkra áratugi verður Ísland lítill hreppur í risastóru ríki. Af þessum og mörgum öðrum ástæðum segi ég nei við þessari tillögu ríkisstjórnarinnar um að ganga í Evrópusambandið.

[13:14]

Ragnheiður E. Árnadóttir:

Virðulegi forseti. Hér höfum við orðið vitni að því að Samfylkingunni hefur tekist að svínbeygja samstarfsflokkinn sinn, innlima Vinstri græna í Samfylkinguna Group. Hér er haldið af stað í vanbúna og illa ígrundaða vegferð þar sem þjóðin fær ekki að ákveða upphafspunkt og fær ekki að eiga síðasta orðið. Þetta er sorglegt og ég segi nei.

[13:15]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir:

Frú forseti. Ég hefði svo sannarlega kosið að hér hefði ríkt breiðari samstaða um jafnmikilvægt mál. Ég ætla líka að leyfa mér að treysta því að við lokameðferð málsins hafi þjóðin ein úrslitavald.

Frú forseti. Ég styð ekki þessa ríkisstjórn og mun aldrei styðja hana, en ég stend við mína skoðun, við skoðun mína og við mína sannfæringu og er trú sjálfri mér og ég segi já. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[13:15]

Róbert Marshall:

Frú forseti. Hér er stigið skref inn í nýja framtíð, skref sem sumum finnst ómögulegt að stíga. En ómögulegt er bara orð sem notað er af fólki sem vill lifa í veröldinni eins og hún er frekar en að kanna til hins ýtrasta möguleika sína á því að breyta henni. „Það er ómögulegt“ er ekki staðreynd, það er skoðun. „Það er ómögulegt“ er ekki yfirlýsing, það er áskorun. Ómögulegt er tímabundið ástand, ómögulegt er mögulegt, ómögulegt er ekkert, ekkert er ómögulegt.

Nú lýkur honum, þessum lengsta vetri í íslenskri stjórnmálasögu og nýr kafli hefst í sögu Íslands og þótt fyrr hefði verið. Virðulegi forseti. Ég segi já.

[13:16]

Sigmundur Ernir Rúnarsson:

Hæstv. forseti. Íslendingar þurfa sem aldrei fyrr á kröftugu atvinnulífi að halda. Kröftugt og ábyrgt íslenskt atvinnulíf um allt land sem byggir á almannahagsmunum fremur en sérhagsmunum vill tengjast Evrópu sterkum böndum. Ég segi já.

[13:17]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir:

Frú forseti. Samfylkingin er Evrópuflokkur því að við teljum okkur eiga menningarlega og efnahagslega samleið með öðrum Evrópuríkjum. Við leggjum þessa ríku áherslu á aðildarviðræður við Evrópusambandið nú því að við erum sannfærð um að þessi stefnumótandi ákvörðun um framtíð Íslands muni flýta efnahagslegri endurreisn, lýðræðisumbótum og efla með þjóðinni bjartsýni og trú á framtíðina. Sem einlægur Evrópusinni og samfylkingarkona segi ég já.

[13:18]

Sigurður Ingi Jóhannsson:

Virðulegur forseti. Verulega þykk og umfangsmikil greinargerð og á margan hátt vel gerð liggur hér fyrir. Þar skortir þó ýmislegt, m.a. í kafla um landbúnaðarmál ásamt öðrum köflum þar sem mörgum hagsmunum er nánast fórnað og langar mig að nefna að það er svolítið merkilegt í því ljósi að skýrsla sem hér var rædd í gær á marga skírskotun í umfjöllun meiri hlutans og það er nánast samhljóða sem þar stendur en það virðist þó enginn kannast við að hafa séð þá skýrslu.

Í öðru lagi hafnar meiri hlutinn að skilyrði séu sett, skilyrði sem samninganefnd sem fer fyrir hönd Íslands til samninga við Evrópusambandið þyrfti nauðsynlega að hafa með í farteskinu til að verja þá hagsmuni sem við sem þjóð erum ekki tilbúin að gefa afslátt af eða gefa eftir á nokkurn hátt og því segi ég nei.

[13:19]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Í tillögu meiri hluta utanríkismálanefndar og því nefndaráliti sem fylgir henni er tekið tillit til ályktana framsóknarmanna og þeirrar þingsályktunartillögu sem við fluttum í félagi við annan flokk um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að ESB á þskj. 54. Tillagan kemur einnig til móts við ákall forustumanna margra mikilvægra hagsmunaaðila í atvinnulífinu. Í tillögu meiri hlutans er tekið tillit til allra þeirra helstu samningsmarkmiða og skilyrða sem framsóknarmenn hafa lagt áherslu á og reyndar meira til. Með samþykkt þessarar tillögu erum við að ákveða að fara í viðræður við ESB, að þeim loknum mun þjóðin sjálf ákveða hvort hún telur hagsmunum sínum betur borgið innan ESB eða utan.

Það ferli sem hér er lagt upp með byggir á málefnalegum grunni og er skynsamlegt. Því segi ég já.

[13:20]

Skúli Helgason:

Virðulegi forseti. Umræðan á Íslandi um Evrópusamrunann hefur staðið yfir í næstum því hálfa öld eða frá því að íslenskir jafnaðarmenn hreyfðu þeirri hugmynd í byrjun 7. áratugarins að við ættum að skoða aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Þessi umræða nær vonandi ákveðnum áfanga í dag með því að við tökum ákvörðun um að stíga fyrsta skrefið á langri leið.

Mig langar að fagna þeirri miklu og vönduðu vinnu sem utanríkismálanefnd þingsins vann í sínu nefndaráliti, bæði þingmönnum stjórnar og stjórnarandstöðu, og set fram þá

ósk að þessi samvinna gefi tóninn um áframhaldandi samvinnu um það víðtæka samráðsferli sem þarf að eiga sér stað í framhaldinu við endanlega útfærslu samningsmarkmiðanna og að sjálfsögðu meðan á aðildarviðræðunum stendur. Það er mín sannfæring að umsókn um aðild að Evrópusambandinu gefi mikilvæg fyrirheit um framtíðarstefnu Íslands. Þetta er stórt skref fyrir Ísland í rétta átt, þess vegna segi ég já.

[13:21]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

Frú forseti. 16. júlí er sögulegur dagur. Í dag fer fram atkvæðagreiðsla á hinu háa Alþingi um umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Stefna míns flokks hefur legið lengi skýrt fyrir í þessu stóra máli. Það hefur verið athyglisvert og fróðlegt að fylgjast með oftast málefnalegum umræðum á þinginu síðustu daga þó að umræðurnar hafi stundum, að sjálfsögðu, eins og oft vill verða í svona stóru máli, fallið í pytti sem a.m.k. ég er ekki hrifin af.

Það er með miklu stolti sem ég stend hér sem þingmaður Samfylkingarinnar og segi eitt stórt já.

[13:22]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir):

Frú forseti. Ég hef þá sannfæringu að Íslandi sé betur borgið utan Evrópusambandsins en innan þess. Ég hef þá sannfæringu að bandalagið sé á krossgötum eins og heimurinn allur og þurfi á endurmati að halda. Þar þurfi að efast um mælikvarða, grundvöll og forsendur þess samfélags sem við höfum byggt á Vesturlöndum undanfarinna áratuga. Ég hef þá sannfæringu að lýðræðið sé fyrir borð borið í Evrópusambandinu vegna þess að valdið er of langt frá fólkinu. Ég hef þá sannfæringu að markmið Evrópusambandsins sé að verða stórt og sterkt og hugsanlega sjálfstæður gerandi í stríði á forsendum valdbeitingar og yfirgangs eins og um hernaðarbandalag væri að ræða.

Ég hef þá sannfæringu að Evrópusambandið snúist um forréttindi Vesturlanda umfram fátækustu ríki heims og það orki tvímælis að keppast við að koma okkur í slíkan félagsskap nú þegar fátæktin í heiminum verður sífellt alvarlegri og leiðrétting á misskiptingunni sífellt meira aðkallandi.

Ég hef þá sannfæringu að Evrópusambandið snúist um hagsmuni á forsendum 20. aldarinnar en ekki þeirrar 21. Ég hef líka sannfæringu fyrir því að það séu breyttir tímar á Íslandi. Ég hef þá sannfæringu að í svo stóru máli eigi almenningur allur milliliðalaust (Forseti hringir.) að fá aðkomu að aðildarsamningi Íslands og Evrópusambandsins og segi já.

[13:24]

Tryggvi Þór Herbertsson:

Virðulegi forseti. Eftir samtöl við embættismenn í Evrópu, eftir samtöl við evrópska stjórnmálaleiðtoga, eftir að hafa stundað rannsóknir á forsendum Evrópusambandsins í næstum því 18 ár — ég tók þátt í skýrslunni sem gerð var fyrir inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið árið 1991–1992 — er ég sannfærður um að við munum ekki fá varanlegar undanþágur frá sjávarútvegsmálum. Þekkjandi mína þjóð veit ég að ef við erum ekki með varanlegar undanþágur mun þjóðin fella samninginn í skoðanakönnun valdhafanna. Þess vegna segi ég að sú vegferð sem verið er að leggja upp í hérna sé tímaeyðsla og peningaeyðsla. (Forseti hringir.) Það sem við þurfum núna er tími og peningar. Þess vegna segi ég nei.

[13:25]

Unnur Brá Konráðsdóttir:

Hæstv. forseti. Mín skoðun er sú að hagsmunum íslensku þjóðarinnar sé betur borgið utan Evrópusambandsins en innan. Ég tel því að sú vegferð sem þingið er á í dag, að fara að samþykkja þessa tillögu ríkisstjórnarinnar, sé röng forgangsröðun í fyrsta lagi, röng tímasetning og haldin þeim mikla ágalla að ríkisstjórnarflokkarnir eru alls ekki sammála í þessu máli, ekki sammála um leiðir og annar ríkisstjórnarflokkurinn hefur áskilið sér rétt til þess að berjast gegn þeim aðildarsamningi sem út úr viðræðunum kemur. Þetta er ekki vænlegt til árangurs og þetta er ákveðið villuljós í augum þeirra Íslendinga sem úti á Austurvelli standa og kalla „áfram Ísland“ yfir okkur sem höfum verið hérna inni að ræða um þessa tillögu. Ég segi því nei og ég segi áfram Ísland og við stöndum fyrir utan Evrópusambandið.

[13:26]

Valgerður Bjarnadóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að taka hér ákvörðun um hvort við eigum að stíga mjög mikilvægt skref í átt til þess að verða hluti af hinu merkilega starfi sem Evrópuþjóðir hafa átt með sér nú í rúma hálfa öld. Fram undan eru strangar og erfiðar samningaviðræður þar sem við þurfum á öllu okkar besta fólki að halda, við þurfum að halda vel á spöðunum þannig að samningurinn sem komið verður með heim og lagður verður í dóm þjóðarinnar verði á þann veg að við getum öll verið jafnglöð og ég í dag. Ég segi já. (**Gripið fram í:** Er það Icesave-samninganefndin sem á að fara …?)

[13:27]

Vigdís Hauksdóttir:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir þinginu tillaga um að leggja inn umsókn að aðild Íslands að Evrópusambandinu en ekki að hefja aðildarviðræður eins og ég lagði til í þeirri tillögu sem var felld hér áðan. Tillagan sem liggur fyrir er án skilyrða Framsóknarflokksins og veitir hæstv. utanríkisráðherra hömlulaust umboð til viðræðna án þess að setja nokkur einustu skilyrði. Auk þess á stjórnarskráin að njóta vafans í þessu máli eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur komið inn á.

Frú forseti. Ég segi nei.

[13:28]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Þetta mál snýst um aðildarviðræður við ESB, þetta snýst ekki um inngöngu í Evrópusambandið. Mín skoðun er sú, og hefur verið, að við Íslendingar eigum að fara í aðildarviðræður við ESB en að það skref verði að vera tekið í sátt við þjóðina og með þjóðinni, ekki síst þegar við horfum hér upp á klofna, ráðvillta og óbilgjarna ríkisstjórn. Þjóðin vill vera með í ráðum um ESB, hún vill að á

hana sé hlustað í þessu máli og hún vill vissu fyrir því að hún hafi síðasta orðið. Það hefur sérstaklega strandað á vilja ríkisstjórnarinnar að teygja sig eftir breiðari samstöðu akkúrat í því efni. Þótt málið hafi allt batnað mjög í meðförum utanríkismálanefndar er það engu síður þannig að leið Samfylkingar og Vinstri grænna tryggir ekki að þjóðin hafi raunverulegt lokaorð í þessu máli. Ég greiði því ekki atkvæði í þessari tillögu.

[13:29]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Það blasir við mér og mörgum fleirum að þessi aðildarumsókn gengur gegn brýnum hagsmunum sjávarútvegs og landbúnaðar og þar með landsbyggðarinnar. Það er borin von, það er tálsýn, blekking að við fáum undanþágur í þeim efnum frá grundvallarreglum Rómarsáttmálans, fjórfrelsinu, frá hinu sameiginlega markaðssvæði. Umsóknin felur í sér að hafin er vegferð sem vegur að sjálfstæði og fullveldi landsins. Umsóknin er í mótsögn við stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eins og ég skil hana. Umsóknarferlið og allt sem því fylgir hindrar að við getum unnið af þeim krafti við að bjarga heimilum landsins og atvinnulífinu sem okkur er lífsnauðsynlegt. Málið er auk þess til þess fallið að kljúfa þjóðina þegar aldrei er meiri þörf á samstöðu en nú.

Ég ítreka fyrri atkvæðaskýringu mína, rökin eru ótal fleiri fyrir afstöðu minni. (Forseti hringir.) Ég sem alþjóðasinni segi nei.

[13:31]

Álfheiður Ingadóttir:

Frú forseti. Stuðning minn við þessa tillögu um aðildarviðræður ber ekki að skilja sem stuðning við aðild Íslands að Evrópusambandinu. (**Gripið fram í:** Nú?) Ég er eindreginn andstæðingur þess að Ísland gangi í ESB og ég tel ólíklegt að aðildarviðræður muni skila samningi sem getur varið íslenska hagsmuni og auðlindir gagnvart alþjóðlegu auðvaldi og yfirþjóðlegri drottnun þess. Ýmsir telja þó að svo geti orðið og jafnvel að ekki þurfi annað en að senda umsókn til Brussel og þá muni allir okkar efnahagslegu erfiðleikar gufa upp og hverfa. Það eru slík villuljós sem ég tel að muni slokkna við upplýsta umræðu í kjölfar aðildarviðræðna. En ég treysti því líka að upplýst umræða muni verða til þess að þjóðin hafni inngöngu í Evrópusambandið í þjóðaratkvæðagreiðslu því að þjóðin á að eiga þar síðasta orðið og að því mun ég vinna í samræmi við sannfæringu mína og í samræmi við stefnu míns flokks, Vinstri grænna. Ég segi já. (Gripið fram í.)

[13:32]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Við skulum vona að þessi fundur verði ekki upphafið að árinu 1262 í Íslandssögunni. Í síðasta hefti bókmennta- og listatímaritsins Stínu segir Guðbergur Bergsson orð sem falla að minni skoðun í málinu. Með leyfi forseta, segir Guðbergur:

„Ó hvað við erum viðkvæm fyrir því litla sem sagt er um okkur í útlöndum til hróss eða lasts, svo smá í sniðum að allt er tekið hátíðlega. Eftir fallið mikla er þetta furðulegt enda vitað að hrunið hefur stærra í veröldinni en íslenskir bankar úr hendi góðra drengja. Breska heimsveldið féll, það spænska, franska og gleymum ekki fjármálakerfinu þýska fyrir tíma nasista. Skop í bandarískum blöðum verður vandræðalegt þegar haft er í huga að herveldið USA hefur tapað í öllum heiminum frelsisstríðum sínum og húkir nú á heljarþröm.“

Í lokin segir Guðbergur, með leyfi forseta:

„Látið ekki minnimáttarkenndina sem leysir mikilmennskuna af hólmi reka ykkur í Evrópuréttina. Þar verðið þið troðin undir eins og riðufé í (Forseti hringir.) jötu og soðin í mauk. Skárra er að japla á myglaða moðinu heima en hafna í kæfubelgnum Brussel.“

Ég berst fyrir Ísland fram í rauðan dauðann til síðasta blóðdropa og segi nei.

[13:34]

Ásmundur Einar Daðason:

Frú forseti. Ég tilheyri þeim hóp í salnum sem lítur ekki á þennan dag sem jákvæðan og bjartan dag. Ef þessi tillaga fer hér í gegn er þetta sorgardagur í mínum huga. Það hefur öllum verið ljós mín afstaða gagnvart því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu. Ég hef ekki farið leynt með hana. Ég hef barist fyrir þessu máli innan veggja Alþingis, sama með hverjum það er, úr hvaða flokki sem er og ég get upplýst það hér að varðandi hvert það mál sem kemur inn í þingið og tengist þessu máli þá stíg ég aftur upp úr flokkshjólförunum.

En það er samt svo að við skulum ekki vera allt of svartsýn og ekki hengja haus því að fyrsta orrustan er kannski að tapast en stríðið er eftir. Ég segi nei.

[13:35]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Það er kannski tvennt sem í rauninni hefur mest áhrif á mann á þessum degi, annars vegar er það hin mikla kátína sem greinilega er farin að ná tökum á samfylkingarmönnum í salnum og spunameisturum þeirra í hliðarherbergjum og hins vegar sá mikli þungi sem er í ræðum hv. þingmanna Vinstri grænna. Það er auðvitað svolítið erfitt að fylgjast með þeim þegar þeir koma barðir í ræðustólinn til að greiða atkvæði gegn sannfæringu sinni en segja svo að frá og með deginum í dag munu þeir fara að berjast fyrir sannfæringu sinni. En það er kannski ekki skrýtið eftir að hafa heyrt svipuhöggin dynja á þingmönnum Vinstri grænna undanfarna daga í þinginu. (Gripið fram í.) Maður hefur heyrt handjárnahringlið þegar (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) ríkisstjórnarflokkarnir hafa verið að reyna að tryggja (Gripið fram í.) sér framhaldslíf (Forseti hringir.) með því að pína nógu marga þingmenn Vinstri grænna (Forseti hringir.) til þess að greiða atkvæði með ríkisstjórninni, (Forseti hringir.) til þess (Gripið fram í.) að koma þessu (Forseti hringir.) máli í gegn sem ekki á (Forseti hringir.) meiri hluta (Forseti hringir.) í þinginu. (**Gripið fram í:** ... atkvæði.) Ég segi nei.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Þingmaðurinn segir?) (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Hann var bara að segja frá lífsreynslu sinni.) [Háreysti í þingsal.] (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

[13:37]

Birgitta Jónsdóttir:

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan er ég ekki á móti aðildarviðræðum en mér finnst forgangsröðunin á Íslandi í dag vera á algerum villigötum. Það hafa ekki verið tekin nein mál fyrir sem tryggja það að hér verði lækkaðir stýrivextir, að það sé gert eitthvað fyrir fjölskyldurnar í landinu. Nei, það er bara talað um ESB og Icesave. Hvernig væri nú að við mundum gera eitthvað annað á þessu sumarþingi og frestuðum Icesave fram á haust og tryggjum það að hér verði gert eitthvað í alvörunni fyrir fjölskyldurnar í landinu. Ég er búin að fá nóg. Þetta er svo mikið kjaftæði að mér er bara illt. Mér er illt að horfa upp á ofbeldið sem ég hef horft upp á hérna, á ákveðna þingmenn hér í húsinu. Þetta er ógeðslegt. Ég segi nei.

[13:37]

Birkir Jón Jónsson:

Frú forseti. Í þessu stóra máli, þessu mikla hagsmunamáli allra Íslendinga á hver og einn þingmaður að greiða atkvæði í samræmi við sína sannfæringu og það ætla ég mér að gera. Við stöndum núna í miðjum rústum efnahagslífsins og við megum ekki gleyma því að horfa fram á veginn. Framtíðarhagsmunir Íslendinga munu fyrst og síðast liggja í góðu samstarfi og samvinnu við aðrar þjóðir. Það er mín lífsskoðun.

Við stöndum á krossgötum, frú forseti, og á þessum krossgötum tel ég rétt að ganga til aðildarviðræðna og sjá hvað út úr slíkum samningum kemur og því segi ég já í samræmi við samvisku mína og sannfæringu.

[13:38]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég segi nei við þessari tillögu. Það hefur verið merkilegt að fylgjast með atkvæðaskýringum í dag. Ég bíð enn eftir að sjá þingmann Vinstri grænna stíga hér upp og lýsa hrifningu sinni á Evrópusambandinu og vilja til að ganga til samninga þar og ljúka þeim með því að ganga inn í Evrópusambandið. Ég hef ekki fengið að sjá það enn. Þetta lýsir þeim vanda sem málið er í. Pólitísk samstaða er engin. Frá og með deginum í dag ætlar annar ríkisstjórnarflokkurinn greinilega að berjast gegn þeim samningi sem lagt er nú af stað til að ljúka á meðan hinn ríkisstjórnarflokkurinn (Gripið fram í.) berst að fullu fyrir málinu. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar lagt er af stað á jafnveikum forsendum og hér er gert. Það er ekki hægt að standa að jafnstóru máli með jafnveikum forsendum (Forseti hringir.) og lagt er upp með í þessu máli.

Verst er að Vinstri grænir hafa efnt verstu loforðin sín um að lækka laun og hækka skatta en svíkja þetta loforð gagnvart sínum kjósendum. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!) (Gripið fram í.)

[13:40]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Nú fer fram ein af sögulegri atkvæðagreiðslum og mikilvægari í þingsögunni. Gangi hún fram markar hún að mínu mati upphafið að nýjum tímum á Íslandi. Umsókn um aðild að Evrópusambandinu er að mínu mati eitt stærsta framfaraskref sem íslensk þjóð hefur stigið um árabil. Um það vitnar sá breiði stuðningur sem er við málið úti í samfélaginu, við umsókn um aðild að Evrópusambandinu og þjóðaratkvæðagreiðslu um niðurstöðuna. Sá breiði stuðningur gengur þvert á flokka og hagsmuni á vinnumarkaði og hefur þeirri skoðun vaxið mjög fiskur um hrygg á síðustu mánuðum.

Um leið vakna að sjálfsögðu margar spurningar sem svara verður í umsóknarferlinu sem lúta að sjálfum grundvelli þjóðarinnar, yfirráðum yfir auðlindum okkar og stöðu landbúnaðarins. Þetta eru mikil álitaefni sem lúta að kostum og göllum aðildar. Þau álitaefni verða aldrei leidd til lykta og um þau getum við deilt um árabil nema við göngum til viðræðna við Evrópusambandið um aðild og kjósum síðan um niðurstöðuna. Ég segi að sjálfsögðu já við þessari tillögu.

[13:41]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það eru líka skiptar skoðanir innan okkar flokks. Hv. þm. Bjarni Benediktsson hafði miklar áhyggjur af því að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs værum öll á móti aðild og síðan óskaði hann eftir yfirlýsingu frá þeim sem væru hlynntir aðildarviðræðum.

Það vill kannski þannig til að þingmenn hér inni eru fulltrúar þeirra sem í flokknum eru og hafa kosið, ekki bara sjálfs sín. Þar af leiðandi getur það vissulega skipast þannig að þeir sem hér inni sitja séu ekki samþykkir aðildarumsókn eða því að ganga í ESB en það þýðir ekki að þeir eigi ekki að vera fulltrúar þeirra innan hreyfingarinnar sem kjósa að slíkt sé gert.

Það var í engu beygt út af stefnu flokksins Það er áherslumunur um málsmeðferð, og aðildarviðræður og þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem þjóðin tekur þessa ákvörðun er í fullu samræmi við áherslur VG í kosningabaráttunni og stefnu flokksins. Gengið byggðist á því í kosningunum að almenningur í landinu treysti okkar flokki til að leiða þjóðina í gegnum þær hörmungar sem yfir okkur hafa dunið. Þetta er grundvallaratriði. Þjóðin fellst um leið á áætlaða málsmeðferð Vinstri grænna í ESB-málinu. Það væru því alvarleg svik við yfirlýsta kosningastefnu að hlaupast (Forseti hringir.) undan þeim skyldum og afhenda boltann til þeirra afla sem komu þjóðinni í þetta fen. (Gripið fram í.) Ábyrgð felur í sér þátttöku sé þess (Gripið fram í.) kostur en ekki í því að sitja á hliðarlínunni. (Forseti hringir.) Ég segi því já. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[13:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er sagt að ögurstundin sé ótrygg og hún er svo sannarlega runnin upp í dag. Sjaldan ef nokkurn tíma hafa þjóðkjörnir fulltrúar axlað jafnmikla ábyrgð, að svara spurningunni um aðildinni að Evrópusambandinu í skugga Icesave-samningsins og í skugga versta efnahagslega áfalls sem þjóðin hefur tekist á við frá tímum heimskreppunnar miklu.

Virðulegi forseti. Gáum að því að við erum í raun að greiða atkvæði um aðgöngumiða VG að ríkisstjórninni eins og formaður flokksins greindi hér frá á föstudaginn var.

Þessi tillaga er afrakstur af hagsmunamati, flokkspólitísku hagsmunamati. Meirihlutaálitið er fullt af óraunhæfri óskhyggju sem allir vita að er ekki í samræmi við veruleikann. Aðildin að Evrópusambandinu er ósamrýmanleg hagsmunum sjávarútvegsins, ósamrýmanleg hagsmunum landbúnaðarins og felur í sér óviðunandi fullveldisafsal og er þess vegna í andstöðu við hagsmuni þjóðarinnar. Höfuðið hefur síðan verið bitið af skömminni með því að meina þjóðinni að hafa síðasta orðið í þessari miklu spurningu. Því segi ég nei.

[13:44]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Ég segi nei við þessari tillögu. Ég tel að hún uppfylli ekki, eins og þetta verður endanlega, skilyrði flokksþings framsóknarmanna. Ég tel að við eigum á þessu sumarþingi og næstu þingum að einbeita okkur að heimilunum og fyrirtækjunum í landinu. Það gerum við meðal annars með tillögum framsóknarmanna um afskriftir lána, um lækkun vaxta, afnám verðtryggingar og með því að stoppa Icesave. (Gripið fram í.) Þetta eru málin sem skipta íslensku þjóðina máli og því segi ég nei, frú forseti.

[13:45]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu er ég andvíg því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu. Allra síst þykir mér heppilegt að fara í svo afdrifaríkt kostnaðarsamt og umdeilt ferli í þeim gríðarlegu efnahagsþrengingum sem nú steðja að og með svo klofna þjóð að baki. Ef fram kæmi að meiri hluti þjóðarinnar vildi að við sæktum um aðild, gengum inn í þetta inngönguferli þá ættum við að sjálfsögðu að ganga til aðildarviðræðna á grundvelli þess og á grundvelli þess ítarlega nefndarálits sem meiri hluti utanríkismálanefndar stendur að. En við vitum í öllum megindráttum út á hvað aðild að ESB gengur. Við þekkjum aðildarsamninga annarra ríkja og ófrávíkjanleg skilyrði ESB. Því ætti þjóðin núna strax að fá að segja sitt um leið og ég fagna því að sjálfsögðu að hún fái það einnig í lokin. En ég tel varasamt að halda þessu afdrifaríka máli til streitu án þess að skýr þjóðarvilji sé til staðar eða að afgerandi meiri hluti Alþingis sé þessu samþykkur.

Fram hefur komið í umfjöllun þingsins að svo er ekki. Ég var með fyrirvara á þessu máli frá utanríkismálanefnd, lýðræðislegan fyrirvara um að þjóðin fengi strax aðkomu. Á þessum forsendum, frú forseti, sit ég hjá í málinu.

[13:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það geta verið og eru málefnaleg rök fyrir því að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið en það er ekki sama hvernig það er gert og það má svo sannarlega gagnrýna núverandi ríkisstjórn fyrir það hvernig á málum hefur verið haldið og það hefur verið gert hér. Reyndar er það svo að núverandi ríkisstjórn er búin að sýna að hún er í rauninni ekki annað en nakið valdabandalag.

Ég tel hins vegar að steininn hafi tekið úr þegar í sölum þingsins var felld tillaga um að þjóðin mundi taka ákvörðun um það hvort Ísland gengi í Evrópusambandið eða ekki en það gerði stjórnarmeirihlutinn. Það gerir það að verkum að ekki er hægt að gera neitt annað en greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Ég segi nei.

[13:47]

Guðmundur Steingrímsson:

Frú forseti. Sú stjórnartillaga sem hér er til umfjöllunar með þeim breytingum sem meiri hluti utanríkismálanefndar leggur til að verði gerðar tel ég fela í sér að vinna samninganefndarinnar í væntanlegum aðildarumræðum verður skilyrt við samningsumboð sem er skilgreint í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar. Þetta tel ég vera málsmeðferð sem er í fullu samræmi við stefnu míns flokks. (Gripið fram í.) Ég segi já, ekki bara á grundvelli stefnu míns flokks, ég segi já líka á grundvelli minnar sannfæringar vegna þess að ég tel að þegar þjóðin fór á hliðina í október hafi myndast sú staða á Íslandi að við sem erum í stjórnmálum skuldum þjóðinni að við könnum allar leiðir sem eru fyrirliggjandi til að hugsanlega reisa á Íslandi betra samfélag, stöndugra samfélag, lífvænlegra og byggilegra samfélag. Aðild að Evrópusambandinu er hugsanlega slík leið. Það er bara ein leið til að komast að því og það er að sækja um.

Ég er enginn Evrópusinni en það getur vel verið að aðildarviðræður leiði til samnings sem verður íslensku þjóðinni hagstæður. Í huga mér hljóma laglínur: „Segðu ekki nei, segðu kannski, kannski, kannski.“ Ég vil að þessi möguleiki verði skoðaður. Ég segi já.

[13:49]

Gunnar Bragi Sveinsson:

Virðulegi forseti. Það eru fjórar meginástæður fyrir því að ég segi nei við þessari tillögu. Í fyrsta lagi treysti treysti ég ekki þeirri ríkisstjórn sem hér situr til að fara í þessa vegferð og leiða okkur í hana.

Í öðru lagi eru kostnaðurinn það mikill sem tilgreindur er, a.m.k. milljarður, og ég skil ekki hvernig hæstv. heilbrigðisráðherra getur réttlætt það að setja slíka peninga í þetta um leið og hann þarf að skera niður í okkar stóra og mikla heilbrigðiskerfi.

Í þriðja lagi tel ég hér hafi verið sýnd vanvirðing varðandi aðkomu þjóðarinnar að þessu máli.

Í fjórða lagi og síðast en ekki síst er ekki farið eftir þeim skilyrðum sem flokksþing Framsóknarflokksins samþykkti og er í stefnu flokksins. Það er svo langt frá því að það sé gert, því miður.

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra. Þú berð mikla ábyrgð á því sem er að gerast hér í dag sem formaður þíns flokks, mikla ábyrgð, og því miður held ég, þó að ég voni að ég hafi rangt fyrir mér, að þetta verði svartur dagur í sögunni.

[13:50]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Meginhlutverk Alþingis nú er að endurreisa traust Íslands á alþjóðavettvangi því það er ábyrgð þingsins að lýðveldi vort er trausti rúið. Að lánamarkaðir heimsins eru okkur lokaðir og að landinu hefur verið læst með gjaldeyrishöftum. Að rjúfa þennan vítahring einangrunar, að opna Ísland á ný er brýnasta úrlausnarefni

okkar. Aðildarviðræður við Evrópusambandið eru liður í að endurreisa trúverðugleika okkar á alþjóðavettvangi og því segi ég já. En það er líka viðleitni okkar til að uppfylla aðra frumskyldu þjóðkjörinna fulltrúa, að fá þjóð okkar gjaldmiðil, evruna, sem hægt er að byggja á fjölskyldur og fyrirtæki. Íslenska krónan er því miður orðin of lítil fyrir hagkerfi heimsins og okurvextir hennar, óðaverðbólga, gengishrun og gjaldþrot eru verri lífskjör en Ísland og Íslendingar eiga skilið. Ég segi já.

[13:52]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þjóðinni sé hollast á hvaða tímum sem er að halda sjálf á hagsmunum sínum. Ég tel að í því ástandi sem við búum við núna getum við undir engum kringumstæðum gefið eftir af auðlindum þjóðarinnar. Um það snerust skilyrði Framsóknarflokksins og þeim hefur verið hafnað. Það liggur fyrir. En við skulum átta okkur á því að þessi inngöngubeiðni í ESB er alfarið í boði Vinstri grænna. Þá vil ég rifja upp ummæli hæstv. heilbrigðisráðherra í umræðunni þegar hann þurfti að taka það sérstaklega fram að hann væri ekki í mótsögn við sjálfan sig og það gerði hann án allra frammíkalla eða nokkurs tilefnis til þeirra ummæla nema kannski vegna þess að samviska hans nagaði hann að innan (Gripið fram í.) og orð hans til kjósenda kölluðu á hann. Ég segi nei.

[13:53]

Illugi Gunnarsson:

Frú forseti. Því miður fór það svo í atkvæðagreiðslu í þingsal að ríkisstjórnarflokkarnir misstu af því tækifæri að ná breiðri samstöðu um að farið væri af stað í það að sækja um aðild að ESB. Ég hef verið þeirrar skoðunar að fyrr eða síðar hlyti að koma að því að við Íslendingar mundum gera slíkt og það er tvennt sem hefur ráðið því. Annars vegar vegna gjaldmiðilsmála vorra og hins vegar, og það er mikilvægt atriði, vegna þess að ég hef talið að við yrðum að ná einhvers konar niðurstöðu í þessu máli og þjóðin yrði að fá að segja sína skoðun.

Nú hefur málum verið svo fyrir komið að hér stefnir í að það verði samþykkt leið sem er m.a. með þann galla sem ég hef áður vikið að, að t.d. hæstv. ráðherrar Vinstri grænna geta þvingað fram þá ákvörðun að samningaviðræðum verði hætt og samningurinn komi ekki til þjóðarinnar. Jafnframt hefur það verið fellt núna að það verði tryggt að íslenska þjóðin hafi síðan lokaorðið. Með öðrum orðum, það erum við hér inni sem bæði eigum að ráða því hvort samningurinn komi til þjóðarinnar og hvort eigi að samþykkja hann. (Forseti hringir.) Þessu er ég ekki sammála og því, frú forseti, segi ég nei.

[13:55]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar sagði að meginhlutverk okkar yrði að endurreisa traust á Íslandi á erlendum vettvangi. Meginhlutverk okkar alþingismanna verður að endurreisa traust fólksins í landinu á lýðveldinu og lýðræðinu. Hæstv. ráðherra Svandís Svavarsdóttir sagði að lýðræðið væri fyrir borð borið í ESB, í Evrópusambandinu. En jafnaðarmannaflokkarnir, vinstri flokkarnir á Alþingi hafa séð til þess að lýðræðið er fyrir borð borið á hinu háa Alþingi. Lýðræðið á Íslandi er fyrir borð borið. Þeim sveið það áðan þegar ég nefndi það í ræðu minni að ég kallaði það nauðgun á lýðræðinu sem hér færi fram. En hvað er þetta annað? Hvað er það annað þegar jafnaðarmannaflokkarnir, jafnaðarmenn og vinstri menn undir forustu þessarar ríkisstjórnar hafa hafnað þeirri lýðræðislegu meðferð þessa máls sem við sjálfstæðismenn lögðum til. Hvað er það annað en nauðgun á lýðræðinu, virðulegi forseti? Ég treysti ekki þessu fólki. Það er alveg morgunljóst að það hefur sýnt þau vinnubrögð (Gripið fram í.) í þessu máli og öðrum (Forseti hringir.) að því er ekki treystandi til að fara með þessi [Háreysti í þingsal.] málefni fyrir okkur og því segi ég nei.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti biður um þögn.)

[13:56]

Jónína Rós Guðmundsdóttir:

Frú forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir felur í sér framtíðarsýn. Hún felur í sér viðurkenningu á veruleika dagsins í dag þar sem landamæri eru ekki lokaðir múrar heldur línur sem marka sjálfstæði og sérstöðu. 21. öldin er öld hnattvæðingar og samstarfs þvert á landamæri. Í dag ræðum við samstarf við nágranna okkar sem við eigum margt sameiginlegt með en við erum ekki eins og eigum ekki að verða eins. Við eigum einmitt keik og stolt að marka sérstöðu okkar, standa föst á henni og gefa síðan og þiggja í samstarfi við nágranna okkar. Sem landsbyggðarkona sé ég mikla möguleika fyrir landsbyggðina í Evrópusambandinu. Byggðastefna þess er mun kjötmeiri og fylltari en hinn íslenski mjóslegni vísir að slíkri stefnu. Innan hennar eru möguleikar til atvinnuuppbyggingar í hefðbundnum landbúnaði, í hrossarækt og ferðaþjónustu miklir. Innan hennar sé ég mörg tækifæri fyrir hinar dreifðu byggðir Íslands í atvinnuuppbyggingu. Ekki síst finnst mér sú tilhugsun (Forseti hringir.) að barnabarnið mitt og jafnaldrar hennar geti búið við öruggan gjaldmiðil, þurfi ekki að setja sig á hausinn til að eignast heimili. Þess vegna segi ég já fyrir landsbyggðina og framtíðina.

[13:58]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson talaði um svipuhögg og flengingar. Kannski er slíkt hluti af hans reynsluheimi. Ég stend hér keik. Þetta mál, umræðan um samskipti Íslands og Evrópusambandsins hefur verið til umræðu svo lengi sem ég man eftir mér, löngu áður en ég byrjaði í pólitík. Ég hef mótað mér mína afstöðu. Sem alþjóðasinni er ég krítísk á Evrópusambandið og ég tel hagsmunum Íslands betur borgið utan Evrópusambandsins en innan þess. En ég segi líka: Það er tími til kominn að þjóðin fái tækifæri til þess að taka upplýsta ákvörðun um málið. (Gripið fram í.) Þess vegna styð ég það að þessu máli, þeim drögum að niðurstöðu sem munu liggja fyrir verði vísað til þjóðarinnar og henni verði gefinn kostur á slíku. Ég segi já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33:28 atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BJJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, GStein, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RR, RM, SER, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

nei: AtlG, ÁJ, ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, EyH, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JBjarn, JónG, KÞJ, LRM, MT, ÓN, PHB, REÁ, SDG, SIJ, TÞH, UBK, VigH, ÞSa, ÞBack.

2 þm. (GLG, ÞKG) greiddu ekki atkv.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 283).

Fundi slitið kl. 14:01.

46. FUNDUR

fimmtudaginn 23. júlí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Náms- og starfsráðgjafar, stjfrv., 83. mál, þskj. 95. — 3. umr.
3. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 82. mál, þskj. 203, brtt. 265. — 3. umr.
4. Embætti sérstaks saksóknara og rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, stjfrv., 138. mál, þskj. 217, nál. 277, brtt. 278. — 2. umr.
5. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 134. mál, þskj. 187, nál. 254. — 2. umr.
6. Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, stjfrv., 37. mál, þskj. 37, nál. 200. — 2. umr.
7. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 70. mál, þskj. 82, nál. 201. — 2. umr.
8. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 78. mál, þskj. 90, nál. 202. — 2. umr.
9. Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 199. — 2. umr.
10. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 197, brtt. 198. — 2. umr.
11. Bankasýsla ríkisins, stjfrv., 124. mál, þskj. 166, nál. 245 og 253, brtt. 244. — 2. umr.
12. Kjararáð o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 143, nál. 235. — 2. umr.
13. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 231, brtt. 232. — 2. umr.
14. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 218, brtt. 219. — 2. umr.
15. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 220, brtt. 221. — 2. umr.
16. Framhaldsskólar, stjfrv., 156. mál, þskj. 274. — 1. umr.
17. Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 160. mál, þskj. 281. — 1. umr.
18. Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, stjfrv., 147. mál, þskj. 241. — 1. umr.
19. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 149. mál, þskj. 252. — 1. umr.

[10:31]

Útbýting:

Afkoma sveitarfélaga, 135. mál, svar samgrh., þskj. 282.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Þrátt fyrir ákvæði í 4. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfunda, er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag en til kl. 8 í kvöld. Jafnframt vill forseti geta þess að um það varð sammæli á fundi með formönnum þingflokka að fundur stæði ekki lengur en til kl. 10 í kvöld.

Hádegishlé verður milli kl. 1 og 2 í dag. Er það lengt svo þingflokkar geti haldið fundi. Loks vill forseti geta þess að atkvæðagreiðslur verða síðdegis. Þær verða boðaðar sérstaklega.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Greiðslur af Icesave-láni.

[10:32]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég hef enga tölu á því hversu oft við fengum að heyra það í kosningabaráttunni að við það eitt að Ísland staðfesti umsókn um aðild að Evrópusambandinu mundi gengi krónunnar snarlega styrkjast, og staða landsins þar með. Nú var samþykkt hér umsókn um aðild að Evrópusambandinu og gengi krónunnar hreyfðist ekki nokkurn skapaðan hlut. Nú hefur greiningardeild forsætisráðuneytisins, ef svo má segja, Seðlabankinn, gert spá um það hvaða möguleika Íslendingar hafa á því að standa í skilum varðandi Icesave-lánið. Sú spá hefur verið mjög gagnrýnd og bent á að inn í hana vanti ýmislegt. Raunar er furðulegt ef ríkisstjórnin ætlar að reiða sig á Seðlabankann hvað þetta varðar. Ég hélt að enginn seðlabanki í sögu heimsins hefði nokkurn tíma gert ráð fyrir því að sitt eigið ríki væri ekki gjaldfært. Það gengur í rauninni gegn eðli seðlabankans.

Því spyr ég forsætisráðherra hvort ráðherrann taki ekki undir það að í svo gríðarlegu hagsmunamáli sem Icesave-málið er verði núna leitað ráða utan ríkisvaldsins, leitað til óháðs aðila, helst erlends ráðgjafarfyrirtækis, til að meta raunverulega stöðu Íslands og getuna til að endurgreiða. Við höfum þegar séð að líklega er ekki jafnauðvelt og

Seðlabankinn heldur fram að standa straum af þessum greiðslum. Bankinn gekk reyndar svo langt að senda frá sér fréttatilkynningu um allan heim þar sem fram kom að meira en nóg væri til af peningum til að standa við þessar skuldbindingar.

Hvernig má það vera að til sé meira en nóg af peningum til að borga skuldir sem eru ekki lagalega okkar þegar menn hafa ekki einu sinni efni á því að reka lögregluna sómasamlega? Niðurskurðurinn þar nemur u.þ.b. 13 klukkutíma vaxtagreiðslum af Icesave-láninu sem menn segja nú að þeir hafi meira en nóga peninga til að standa straum af.

[10:34]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að Icesave-málið hvílir mjög þungt á þingmönnum, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég tel eðlilegt að þingmenn fái það svigrúm sem þarf til að skoða þetta mál í botn. Þegar liggur fyrir mjög mikið af gögnum í þessu máli eins og hv. þingmaður nefndi. Það liggur fyrir ítarleg úttekt að því er varðar Seðlabankann á fjárhagsskuldbindingum sem Íslandi tæki á sig með Icesave-samningnum og ég hef heyrt að líka hafi verið óskað eftir því að hagfræðistofnun mundi skila slíku áliti og ég tel alveg sjálfsagt að verða við því.

Hv. þingmaður byrjaði á að nefna að ESB-aðild mundi styrkja gengið og breyta öllu. Við erum ekki gengin í Evrópusambandið en ég hef haldið því fram (**Gripið fram í:** … umsóknin.) að með því að leggja fram umsóknina mundi það hjálpa okkur í stöðugleikanum. Það er nýlega búið að samþykkja þessa umsókn (Gripið fram í.) þannig að við skulum bara sjá til.

Það er ýmislegt sem hefur gerst á undanförnum vikum og mánuðum sem er til þess fallið að hjálpa okkur í að endurreisa hér íslenskt efnahagslíf. Það er óþarfi að fara yfir það en ég nefni þó stöðugleikasáttmálann og þá braut sem við erum með bankana og endurreisn þeirra á. Það held ég að skipti verulegu máli. Á næstu dögum verður líka sett fram áætlun um gjaldeyrishöftin sem skiptir miklu máli, en það er líka mikið í húfi að við samþykkjum Icesave-samninginn. Ég tel það ekki kost í stöðunni að fella þann samning en auðvitað fær þingið hann til meðferðar og hann er undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis á ríkisábyrgðinni. Auðvitað er eðlilegt að Alþingi skoði þá umgjörð sem það vill hafa um þann samning og veit ég ekki betur en að þingið sé að skoða það. (Forseti hringir.) Ég mundi óska eftir því að það yrði skoðað það vel að breið samstaða gæti náðst um samninginn.

[10:36]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Mér þykir þetta viðhorf hæstv. forsætisráðherra, og raunar nánast allra ráðherra í ríkisstjórninni, í garð þingsins mjög undarlegt þegar því er stöðugt haldið fram að það sé enginn annar kostur en að samþykkja samninginn. Þingið á sem sagt bara einn kost. Hvert er þá hlutverk þingsins í þessu? Þessi samningur hefur ekki í raun verið gerður fyrr en þingið er búið að staðfesta hann.

Nú er ljóst að þessi samningur er meingallaður. Þá hlýtur að vera eðlilegasti hlutur í heimi að þingið sem hefur eftirlitshlutverki að gegna segi það bara og útskýri um leið að laga þurfi samninginn til að hann sé aðgengilegur. Það hefur reyndar þegar komið í ljós að allar fullyrðingarnar um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mundi hætta nánast samskiptum við okkur og að við fengjum engin lán hafa ekki reynst réttar. Fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur staðfest að þetta hafi ekkert með afgreiðslu hans að gera.

Telur hæstv. forsætisráðherra að Norðurlöndin viti raunverulega út á hvað þessi samningur gengur? Hæstv. forsætisráðherra upplýsti það sjálfur fyrir ekki svo löngu síðan að ráðherrann vissi það ekki. (Forseti hringir.) Því skyldu Norðurlöndin vita það?

[10:37]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Ég skil ekki almennilega þessi orð hv. þingmanns vegna þess að það er auðvitað Alþingi sem hefur síðasta orðið að því er þetta mál varðar. Auðvitað hef ég tekið eftir því að ýmis álitamál hafa komið upp í þinginu varðandi þennan samning sem þingnefndir eru eðlilega að skoða. Það er eðlilegt, eins og ég sagði, að Alþingi setji þannig umgjörð um þennan samning sem það er sátt við, en ég sagði líka að ég teldi að það væri afar óheppilegt ef þessi samningur yrði felldur og því mundi ég kjósa að þingmenn einbeittu sér að því að gera þessa umgjörð þannig úr garði að sem flestir gætu sætt sig við hana.

Það er alveg ljóst að varðandi t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er unnið þar að endurskoðaðri áætlun sem á að taka fyrir 3. ágúst. Ég er ekki að segja að menn eigi að horfa í þá dagsetningu, en það er ákveðin hætta á því að þá frestist líka endurskoðun varðandi lánasamningana við Norðurlöndin. Þetta gæti haft áhrif á áhuga kröfuhafa bankanna um að gerast eigendur í Kaupþingi og Íslandsbanka. (Forseti hringir.) Þetta gæti haft neikvæð áhrif á lánshæfismat ríkisins svo dæmi sé tekið og gæti ég nefnt nokkur atriði í viðbót. Það er mikið í húfi en þetta er vandasamt mál og menn eiga að taka þann tíma sem þeir þurfa (Forseti hringir.) til að fara yfir þetta.

Gerð Icesave-samningsins.

[10:39]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Það kom fram í svari hæstv. forsætisráðherra við fyrirspurn hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar að Icesave-málið svokallaða hvíldi þungt á þingmönnum og það væri sjálfsagt að skoða flesta þætti þess til botns. Það er vel og ber að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra. Það er vissulega rétt að þar eru mörg stór og mikil álitamál uppi og eitt af því sem hefur verið til umræðu úti í þjóðfélaginu er það sem bar örlítið á góma í skoðanaskiptum þeirra tveggja áðan, tengingin á milli Icesave-málsins og Evrópusambandsins.

Það kom fram í fjölmiðlum um daginn að fyrrverandi utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar taldi einn stærsta gallann á málsmeðferðinni varðandi Icesave þann að horfið hefði verið frá hinum umsömdu viðmiðunum sem samþykkt voru 14. nóvember sl. Að mati fyrrverandi utanríkisráðherra var stærsti gallinn sá að Evrópusambandið

hafði ekki komið að samningsgerðinni heldur hafi fyrst og fremst verið um tvíhliða samning að ræða á milli Íslands og Hollands og Bretlands.

Því er mér spurn og ég kalla eftir svörum frá hæstv. forsætisráðherra: Hvers vegna í ósköpunum var fallið frá því skilyrði að draga Evrópusambandið að þessu? Og hvernig í ósköpunum stendur á því að ríkisstjórnin sem tók við framfylgdi ekki því ákvæði sem fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi utanríkisráðherra heldur fram að sé stærsti gallinn á því samkomulag sem hér liggur fyrir?

[10:41]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Út af upphafsorðum hv. þingmanns vil ég fyrst taka fram að ég tel engin tengsl á milli Icesave-samningsins og umsóknaraðildar að ESB. (Gripið fram í.) Ég tel fráleitt að tengja það (**Gripið fram í:** Ha?) saman eins og hollenski utanríkisráðherrann gerði. Mér finnst afar óheppilegt að það skuli hafa verið gert með þessum hætti.

Eitt af því sem hefur verið nefnt er alveg rétt, og hv. þingmaður nefndi, þessi svokölluðu Brussel-viðmið og raunverulega fleira, að styrkja þurfi endurskoðunarákvæðið í samningnum, þá í tengslum við gjald- og greiðsluþol þjóðarinnar. Þetta er mál sem ég veit að þingnefndir eru að skoða og ég hefði talið æskilegt að ná inn þessu Brussel-viðmiði. Ég heyri að nefndirnar eru að skoða það í þeirri umgjörð sem þær vilja sjá þennan samning í. (**Gripið fram í:** Það er búið að rífa …)

[10:42]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér skiptir engu þó að nefndarmenn hafi mikinn áhuga á því að fá að skoða þetta. Svörin við fyrirspurn minni liggja hjá hæstv. ríkisstjórn, hvers vegna ekki var dregið inn í þetta ferli allt saman að Evrópusambandið kæmi að þessu borði. Það er í rauninni á borði hæstv. ríkisstjórnar að svara þessu. Hæstv. forsætisráðherra nefndi að hún áliti að engin tengsl væru á milli Icesave og Evrópusambandsins. Það kann vel að vera að við teljum svo ekki vera en engu að síður er fullkomlega ljóst að ríkisstjórnir annarra landa telja svo vera.

Að þessu gefna tilefni spyr ég því enn og aftur hæstv. forsætisráðherra: Liggur það fyrir að íslenska ríkisstjórnin hafi komið þeim skilaboðum á framfæri við Brussel eða Norðurlöndin að hún telji engin tengsl þar á milli eða hefur íslenska ríkisstjórnin gefið fyrirheit um að Icesave-málið komist út úr Alþingi á einhverjum ákveðnum tímamörkum?

[10:43]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Íslenska ríkisstjórnin hefur ekki gefið Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nein fyrirheit um nokkra tímasetningu á því hvenær Icesave-samningurinn yrði afgreiddur á þingi enda hefur ríkisstjórnin engin tök á málinu. Það er Alþingi fyrst og fremst sem er í forsvari með þetta mál og á að afgreiða það. Ef það tekur lengri tíma en til 3. ágúst sem er sá tími sem var áformað að þetta yrði tekið fyrir hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum verður bara að hafa það. Þetta er það stórt mál að ég tel alveg eðlilegt að ef það þarf meiri tíma verður svo að vera og þá verðum við bara að sjá hver áhrifin af þessu verða. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Íslenska ríkisstjórnin hefur aldrei sagt og ekki einu sinni leitt hugann að því að einhver tengsl séu á milli þess að við göngum í Evrópusambandið og afgreiðslu á þessum Icesave-samningi. Ég geri mér hins vegar ljóst að sum lönd gera það, eins og kom fram í gær að því er varðar hollenska utanríkisráðherrann. (Forseti hringir.) Kannski gera það einhver fleiri lönd en íslenska ríkisstjórnin gerir það ekki og utanríkisráðuneytið kom því rækilega til skila í gær (Forseti hringir.) opinberlega að það væru engin tengsl þar á milli.

Listaverk í eigu gömlu bankanna.

[10:44]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um listaverk í eigu gömlu bankanna. Það var tilkynnt á mánudaginn að langþráð endurfjármögnun bankanna og efnahagsreikningur mundu liggja fyrir 14. ágúst nk. og jafnframt var kynnt að kröfuhöfum gefist kostur á að kaupa allt að 90% hlut í nýju bönkunum tveimur, Íslandsbanka og Kaupþingi. Þar með yrðu, ef það gengur eftir, tveir bankanna komnir í einkaeign aftur fyrir áramót eða í byrjun næsta árs en sl. haust þegar bankarnir lentu óforvarindis í eigu ríkisins komust um 4.000 listaverk sem voru í eigu þeirra aftur í eigu ríkisins. Þessi listaverk höfðu flotið með í einkavinavæðingu bankanna 2002 og margir töldu að hefðu verið mikil mistök og vildu að þetta væri áfram í eigu ríkisins.

Það voru flutt tvö þingmál sl. haust af þessu tilefni og viðskiptanefnd fékk þau til umfjöllunar og flutti einróma þingsályktunartillögu sem því miður dagaði uppi á þingi um að fram færi listfræðilegt mat á söfnunum í því skyni að undirbúa kaup á þeim sem teldust þjóðargersemar.

Hinn 20. febrúar svaraði hæstv. menntamálaráðherra því til í þingsal að hún hefði hug á því að umrædd verk færðust í hendur ríkisins þegar efnahagsreikningur bankanna lægi fyrir. Nú er fyrirséð að hann mun liggja fyrir 14. ágúst nk. þegar ríkið mun greiða 271 milljarð inn í bankana og því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra: Hvað verður þá um listaverkin?

[10:46]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni spurninguna. Það er rétt að vinna hefur staðið yfir af hálfu menntamálaráðuneytisins og Listasafns Íslands við að meta listaverkin og listaverkasöfnin sem voru í eigu bankanna og það liggur fyrir ákveðið bráðabirgðamat á því hvaða listaverk í þessum stóru söfnum má telja þjóðargersemar og má telja eðlilegt að verði í eigu íslenska ríkisins. Það ferli stendur í rauninni enn þá yfir. Þetta bráðabirgðamat liggur fyrir.

Nú er mér kunnugt um að fjármálaráðherra hefur rætt við formenn skilanefnda Glitnis og Kaupþings um að þetta ferli verði til lykta leitt þannig að þau verk sem sérfræðingar Listasafns Íslands og menntamálaráðuneytis telja mikilvægt að lendi í eigu íslenska ríkisins verði þar eða hafni þar. Við munum halda því ferli áfram þrátt fyrir þær breyt-

ingar sem verða á eignarhaldi og það er áfram unnið að því samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra við formenn skilanefndanna.

Hvað varðar safnið í Landsbankanum þá heldur þetta áfram á óbreyttri braut þar enda liggja ekki fyrir breytingar á eignarhaldi þar. Ég lít því svo á að við munum fá niðurstöður úr þessu ferli óháð breytingum á eignarhaldi og við munum sjá þessi verk enda í eigu ríkisins.

[10:48]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra þessi svör og ég finn það og það hefur reyndar komið áður fram að hún hefur áhuga á því að Listasafni Íslands verði tryggð aðkoma að þeim verkum sem teljast þjóðargersemar og þýðingu kunna að hafa fyrir listasögu landsins. Ég fagna því sérstaklega að þetta mál skuli áfram hafa verið í vinnslu með þessum hætti sem skýrt var því það urðu mér veruleg vonbrigði og fleirum í vor þegar þessi einróma þingsályktun, frá fulltrúum allra flokka í viðskiptanefnd, dagaði uppi. En það er skammur tími til stefnu, 14. ágúst er ekki langt undan og ég vil hvetja menntamálaráðherra og fjármálaráðherra áfram til dáða í þessum efnum og tryggja að þessi verk verði áfram í eigu þjóðarinnar sem þau eiga að sjálfsögðu að vera og áttu aldrei að fara með einkavinavæðingunni úr því eignarhaldi.

[10:49]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni um mikilvægi þessa máls. Lokasamningarnir eru eftir og við erum mjög meðvituð um að fylgja þessu máli eftir og ljúka því þannig að gerð verði grein fyrir því þegar lokasamningar liggja fyrir og ég fagna áhuga þingsins á að fylgja málinu eftir.

Innstæðutryggingar.

[10:50]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Eins og hefur komið fram í fjölmiðlum gengur mikið á í efnahagslífi okkar eins og búið er að vera síðustu mánuði. Það hefur verið í fréttum að menn telja að nú sé að nálgast og væntanlega komin fyrir vind, endurreisn íslenska bankakerfisins og þar er rætt um að erlendir aðilar muni eignast bankana að einhverju leyti eða öllu leyti o.s.frv.

Í október á síðasta ári þegar allt dundi á okkur lýstu stjórnvöld því yfir að allar innstæður í íslenskum bönkum, sparisjóðum og öðru slíku væru tryggðar að fullu, þ.e. innstæðurnar væru tryggðar líka umfram það sem tryggingarsjóðurinn ábyrgist. Því langar mig að spyrja og velta því upp við hæstv. fjármálaráðherra hvort þessar yfirlýsingar gildi enn þá og vil þá gjarnan fá hann til að segja að allar innstæður fyrirtækja og einstaklinga í þessum bönkum séu tryggðar óháð því hver muni eignast bankana. Það skiptir miklu máli fyrir okkur að fá þetta alveg á hreint. Ég hef hlustað á ræður hæstv. fjármálaráðherra í fjölmiðlum um þetta mál, kannski ekki náð að fóta mig alveg nákvæmlega í því hvað felst í orðum hans, hvort hann er að tala um eingöngu það sem tryggingarsjóðurinn ábyrgist eða allar innstæður, eins og rætt var um og gefin fyrirheit fyrir tæpu ári. Ég vil því gjarnan að það sé sett á prent í þingtíðindum og fyrir okkur þingmenn, að þetta eigi við enn þá og spyr því fjármálaráðherra: Eru allar innstæður fyrirtækja og einstaklinga tryggðar í íslenskum bönkum og þá á ég við á Íslandi og þeim bönkum sem verða reknir áfram á Íslandi, eins og gefin voru fyrirheit um?

[10:52]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að gefnar voru pólitískar yfirlýsingar um að séð yrði til þess að allar innstæður bæði einstaklinga og fyrirtækja sem falla undir innlánstryggingakerfið eða flokkunina, sem sagt innstæður í þeim skilningi sem innlánstryggingarnar taka til, yrðu að fullu varðar. Við þær hefur verið staðið. Aðgerðir vetrarins og vorsins hafa falið það í sér. Sömuleiðis má segja að sú aðgerð að koma nú á fót fullfjármögnuðum og sterkum nýjum bönkum þar sem þessar innstæður eru í skjóli séu liður í því að tryggja þetta. Sama gerðist í vetur þegar sparisjóðir komust í erfiðleika, í öllum tilvikum var innstæðum borgið með því að færa þær til annarra fjármálastofnana. Yfirlýsingar fyrri og þessarar ríkisstjórnar um að við þetta yrði staðið eru í fullu gildi þangað til annað er boðað.

Það er hins vegar mikilvægt að menn hafi það í huga að þetta er hluti af tímabundnum og sérstökum aðstæðum og fyrr eða síðar munu auðvitað þessir hlutir koma til endurskoðunar og færast yfir í það framtíðarfyrirkomulag sem verður um innstæðutryggingar og fjármálakerfið í heild. Hvorki á Íslandi né annars staðar er held ég reiknað með því að tímabundnar og sérstakar aðgerðir af þessu tagi standi um aldur og ævi. Þar á meðal munu til að mynda neyðarlögin koma til endurskoðunar enda eru endurskoðunarákvæði í þeim sjálfum þannig að ég held að það sé alveg ljóst að þessir hlutir verði síðan skoðaðir í framhaldinu þegar við færum okkur smátt og smátt yfir í það sem hægt er að kalla venjubundið ástand en það er von okkar allra að við komumst út úr þessum sérstöku neyðarlögum og neyðaraðstæðum sem við höfum búið við. En bara til að það sé algerlega á hreinu, yfirlýsingar bæði fyrri og núverandi ríkisstjórnar í þessum efnum eru í fullu gildi þangað til eitthvað annað er boðað.

[10:54]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svör hans. Ég skil þau þannig og ég tel að skýrt hafi verið kveðið uppi með það, hann leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál, að það eru allar innstæður tryggðar eins og áður hafði verið gefið út um. Hins vegar kom fram í máli ráðherrans: „þangað til annað hefur verið ákveðið“, og ég geri þá ráð fyrir að hann eigi við að þegar ljóst er orðið að bankakerfið og fjármálakerfið sé orðið sjálfbært og geti staðið undir sér þá verði þetta endurskoðað, fyrr ekki.

Ég vil þakka ráðherranum fyrir að lýsa því yfir með skýrum hætti að allar innstæður fyrirtækja og einstaklinga eru áfram tryggðar óháð því hversu háar þær eru.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að nota hefðbundin ávarpsorð í þingsal.)

[10:55]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu er ekki miklu við þetta að bæta. Ég vil bara leggja áherslu á að stærstur hluti innstæðna í landinu er nú í höndum nýju bankanna þriggja sem eru með um a.m.k. 4/5 af innstæðusafninu í landinu og það er að sjálfsögðu verið að búa eins vel um þær og hægt er með því að fjármagna bankana að fullu og vel. Þeir munu fá a.m.k. 12% eiginfjárhlutfall A, vel yfir lágmörkum, og til viðbótar eru lausafjárráðstafanir sem munu tryggja enn frekar stöðu þeirra ef á þarf að halda. Ég tel því að í raun og veru ættum við ekki að þurfa að vera að ræða um það sem einhverja áhættu í hinum nýju og fullfjármögnuðu bönkum að innstæður væru ekki fulltryggðar en ég vil samt segja þetta: Í því ólíklega tilviki að einhvers staðar kæmi upp vandamál af þessu tagi þá stendur ekki til að fara að gera þar mismunun á þeim ráðstöfunum sem þá yrðu gerðar til að koma innstæðum í skjól og því sem gert hefur verið í vetur og vor.

Frumvarp um Bankasýslu ríkisins.

[10:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það hefur mikið gengið á að undanförnu og lítur út fyrir að náðst hafi jákvæð niðurstaða í því sem snýr að bönkunum. Við erum að tala um miklar breytingar sem urðu fyrir nokkrum dögum og þá er ég að vísa til samkomulagsins við kröfuhafana sem hæstv. fjármálaráðherra kynnti fyrir nokkrum dögum. Áður en það lá fyrir hafði hæstv. ráðherra talað fyrir nokkru sem heitir Bankasýsla ríkisins. Hún átti að halda utan um alla þrjá viðskiptabankana, að auki ríkissparisjóðina og eignaumsýslufyrirtæki sem átti að hafa umsjón með lánasöfnun skuldbærra fyrirtækja og var það eðli málsins samkvæmt afskaplega stórt verkefni.

Eftir þessa breytingu hefur verið upplýst að eignaumsýslan verður ekki stofnuð. Hún er uppi í hillu hjá fjármálaráðherra og í rauninni er bæði Kaupþing og Íslandsbanki þar af leiðandi ekki undir þessari stofnun og má því í rauninni segja að Bankasýsla ríkisins sé orðin að Landsbankasýslu ríkisins ef áfram verður haldið með málið. En ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra hvort það geti virkilega verið að menn ætli að halda áfram með málið eins og lagt var upp með.

Nú er augljóst að það er orðin gerbreyting hvað þessa hluti varðar þannig að allt sem þessu máli tengist, hvort sem það er Bankasýslan eða eigendastefnan er í rauninni orðin algerlega úrelt fyrirbæri. Ég vil fá að vita það frá hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til þess að hægja aðeins á og bíða með þessa hluti vegna þess að forsendur hafa augljóslega algerlega brugðist.

[10:58]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Nei, ég tel að forsendur hafi ekki breyst í neinum grundvallaratriðum og það er ærið verkefni með að fara að halda eignarhlutinn 100% eign í langstærsta banka landsins, sem verður Landsbankinn, og ekkert bendir til annars en verði áfram í fullri eigu ríkisins, enda svo sem aldrei reiknað með öðru. Í öðru lagi verður ríkið með beinan eða óbeinan eignarhlut á móti kröfuhöfum, bæði í Kaupþingi og Íslandsbanka, þ.e. fari svo að þeir samþykki samningana frá því um helgina. Geri þeir það ekki mun ríkið halda áfram fullri fjármögnun í þeim bönkum þannig að enn vitum við ekki fyrir víst hvernig það mál endar. Í fjórða lagi mun ríkið væntanlega gerast meðeigandi í allmörgum sparisjóðum á næstu vikum og mánuðum.

Ég tel að það sé fullt tilefni áfram til þess að koma Bankasýslunni á fót og búa með faglegum og vönduðum hætti um eignarhald ríkisins í fjármálastofnunum sem allt bendir til að verði umtalsvert á komandi árum. Sama gildir um eignaumsýslufélagið. Það er misskilningur hjá hv. þingmanni að það hafi verið sett upp í hillu. Að sjálfsögðu er rétt og skylt að stofna það samkvæmt lögum sem þegar hafa verið sett. Það mun síðan einfaldlega reyna á hversu mikil verkefni berast því. Ég hef margsagt það hér og get endurtekið það einu sinni enn hv. þingmanni til ánægju að glaðastur manna yrði ég ef það fær aldrei neitt að gera og málin leystust án þess að þurfa neitt að fara í þann farveg. En það er þó þegar þannig að við höfum jafnvel í huga vissar eignir eða beinar og óbeinar eignir sem ríkið heldur sem gætu átt heima í eignaumsýslufélaginu. Ég held að það hafi í grundvallaratriðum ekkert breyst annað en kannski það að við getum gert okkur vissar vonir um að umfang aðkomu ríkisins að þessum málum verði minna en menn reiknuðu kannski með að yrði fyrir nokkrum vikum eða mánuðum. Og eru þá ekki allir sáttir?

[11:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegur forseti. Það er mikil frétt að það hafi, eins og hæstv. fjármálaráðherra segir, í grundvallaratriðum ekkert breyst. Fyrir nokkrum dögum var hæstv. ráðherra að fara nákvæmlega yfir það með okkur hvað hafði gerst í grundvallaratriðum. Fulltrúi hans frá ráðuneytinu kom og sagði að það hefði verið hætt við eða staldrað við að stofna eignaumsýslufélagið, eðli málsins samkvæmt. Og ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að hér ætla menn að stofna 80 milljóna króna stofnun sem er á fjárlögum og mun kosta 80 milljónir króna utan um Landsbankann. (**Gripið fram í:** Mikið af peningum til.) Bara svona til að hafa eina fína stofnun, væntanlega af því að við eigum svo gríðarlega mikið af fjármunum og það er engin ástæða til þess að fara að endurskoða þessa hluti eitthvað þó svo að, ja, ef það er eitthvað að marka hæstv. fjármálaráðherra eru allar líkur á því að ríkið muni ekki þurfa að yfirtaka (Forseti hringir.) nema einn af þrem bönkum, en ekki þrjá eins og lagt var upp með.

[11:02]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ef ég á að skilja hv. þingmann þannig að hann vilji að þetta sé bara áfram inni í fjármálaráðuneytinu, þá þakka ég auðvitað traustið. Ég hef fundið fyrir því

hversu mikið traust sjálfstæðismenn bera til þess að eignarhaldið á öllum bönkum í landinu sé inni í fjármálaráðuneytinu í umræðum undanfarnar vikur.

Ég hélt að við værum að tala um annað fyrirkomulag, ég hélt að við værum að tala um (Gripið fram í.) að búa til (Gripið fram í.) armslengd frá (Gripið fram í.) framkvæmdarvaldinu með því að búa (Gripið fram í.) um þetta með faglegri umgjörð. Að sjálfsögðu ræðst umfang starfseminnar og kostnaður af rekstri stofnunarinnar af þeim verkefnum sem þar verða. Og eftir því sem þau eru minni verður það minna. Þetta er fyrirkomulagsatriði, verkin þarf að vinna og þau kosta eitthvað, hvort sem þau eru unnin af starfsmönnum í ráðuneyti eða af sérhæfðu fólki sem á grundvelli þessa fyrirkomulags (Gripið fram í.) sér um þetta í Bankasýslunni.

Ég átta mig ekki alveg á því hvernig sjálfstæðismenn vilja hafa þetta. Vilja þeir sem sagt að eignarhaldið verði áfram óbreytt inni í fjármálaráðuneytinu? Það eru tíðindi (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) fyrir mig. (Gripið fram í.)

Um fundarstjórn.

Atkvæðagreiðsla um ESB, nefndastörf o.fl.

[11:03]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Á fimmtudaginn var varð ég ásamt fjölmörgum öðrum þingmönnum vör við atburði hér í þingsalnum sem samkvæmt skilgreiningu á atferlisfræði er aðeins hægt að skilgreina sem einelti á vinnustað. Í miðri atkvæðagreiðslu voru þingmenn annars stjórnarflokksins sem vitað var að ætluðu að segja nei eða sitja hjá við atkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við ESB, kallaðir út úr þingsalnum og haft í hótunum við þá. Þá heyrði ég greinilega hv. þingmenn hafa í hótunum við aðra hv. þingmenn í þingsalnum. Þetta gekk svo langt að einn hv. þingmaður var dreginn út úr salnum í miðri atkvæðagreiðslu af hæstv. forsætisráðherra og hefðu sennilega fæstir tekið eftir því nema svo óheppilega vildi til (Forseti hringir.) að hv. þingmaður var fyrir tilviljun sá sem fyrstur átti að greiða atkvæði.

Ég legg til að við atkvæðagreiðslu varðandi Icesave verði þingmönnum gert að sitja í sætum sínum á meðan á atkvæðagreiðslu stendur og að virðulegur forseti beiti sér fyrir því (Forseti hringir.) að hér verði tekið upp eineltisprógrammið Olweus sem hefur gefið svo góða raun í skólum landsins. [Hlátrasköll í þingsal.] Einelti hjá æðstu stofnun landsins ætti ekki að líðast í nútímasamfélagi.

[11:04]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess (Gripið fram í.) að undir liðnum um fundarstjórn forseta skal rædd fundarstjórn forseta. Á morgun er aftur á móti liður til umræðu fyrir þingmenn um störf þingsins. Þar gæti hv. þingmaður tekið málefni sem þessi fyrir.

[11:05]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það er nú undir liðnum um fundarstjórn forseta sem hv. þingmenn geta átt orðastað við hæstv. forseta um það sem varðar störf þingsins, og fundarstjórn þar á meðal, og af því tilefni vil ég spyrja hvort ekki væri tilefni til þess að hæstv. forseti efndi til fleiri hefðbundinna fyrirspurnadaga í þinginu þannig að ekki þurfi að nota óundirbúinn fyrirspurnatíma til að koma á framfæri spurningum sem eru undirbúnar.

En svo ég víki að öðru máli þá kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra áðan að nefndir þingsins væru að störfum en hæstv. forseti hefur yfirumsjón með nefndastarfi þingsins, skv. 5. mgr. 8. gr. þingskapa. Ég velti fyrir mér hvort hæstv. forseti getur upplýst hvort það var með vitund hæstv. forseta að mál sem tengjast Icesave voru slitin út úr utanríkismálanefnd (Forseti hringir.) og efnahags- og skattanefnd í gær (Forseti hringir.) þótt augljóst sé að fjárlaganefnd muni lengi verða að störfum (Forseti hringir.) varðandi þau mál.

[11:06]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti óskar eftir því að menn ræði fundarstjórn forseta undir þessum lið.

[11:06]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að athuga hvort virðulegur forseti getur beitt sér gegn því að hlutir eins og gerðust hér í gær þegar mál voru rifin út úr efnahags- og skattanefnd sem ég sit í, í fullkominni ósátt við minni hlutann og algjörlega að ástæðulausu, gerist ekki. Það var jafnvel gert með því að það var skipt um fulltrúa í nefndinni vegna þess að þá var ljóst að annar fulltrúi Vinstri grænna (Forseti hringir.) var ekki til með að greiða atkvæði með því.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Þetta snýr ekki að fundarstjórn forseta.)

Má ég biðja forseta um að beita sér í þessu máli, (Forseti hringir.) að í störfum sínum mælist forseti til þess (Forseti hringir.) við formenn nefnda í þinginu að (Forseti hringir.) þetta verði …

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Tíminn er liðinn.)

að þessu verði kippt í liðinn?

[11:07]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill ítreka það að undir þessum lið ræði menn fundarstjórn forseta. Hvernig nefndir haga vinnu sinni varðar ekki fundarstjórn forseta. (**TÞH:** En það varðar forsetann.) Forseti tekur við ábendingum frá formönnum … (**TÞH:** Hvað heitir vettvangurinn?) (**Gripið fram í:** Störf þingsins.) Þetta er ekki vettvangur fyrir umræðu sem þessa. Forseti ræðir þessi mál við formenn þingflokka á sérstökum fundum.

[11:08]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil bara mælast til þess að forseti fari yfir það með formönnum þingflokka hvar er best að koma skilaboðum áleiðis. Ég verð að viðurkenna að þegar ég hlustaði þá þrjá á hv. þingmenn sem nú hafa talað þá sé ég ekki annan vettvang fyrir þá til að koma skilaboðum sem

þessum áleiðis nema undir þessum lið hér. Ég hvet virðulegan forseta (Forseti hringir.) til að beita sér í þessum málum. Virðulegur forseti er okkar forseti. Hann er forseti okkar allra þingmanna, við treystum virðulegum forseta til þess að halda stjórn á þinginu og ég held að við þurfum (Forseti hringir.) að fá það þá algerlega á hreint hvar það er (Forseti hringir.) sem …

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill benda hv. þingmanni á það að þegar forseti slær í bjöllu ber þingmanni að þagna. Forseti …) [Hlátur í þingsal.]

Hversu lengi, virðulegur forseti?

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Þangað til að — forseti vill benda hv. þingmanni á að honum ber að ræða fundarstjórn forseta undir þessum lið, og það var hv. þingmaður ekki að gera.)

Ja, virðulegur forseti, nú vil ég ræða fundarstjórn forseta. Ef það er svo … (Forseti hringir.) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Tíminn er liðinn.)

[Fundarhlé. — 11:10]

Um fundarstjórn.

Umræður um fundarstjórn.

[11:33]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað vont að geta ekki átt áfram orðastað um fundarstjórn forseta við þann hæstv. forseta sem sat hér áðan því mér virðist að það sé alveg tilefni til. Ég hef á tilfinningunni að núverandi hæstv. forseti þingsins hafi töluvert aðrar hugmyndir um hvernig túlka eigi ákvæði um fundarstjórn forseta heldur en margir þingmenn a.m.k. og það er umræðuefni út af fyrir sig.

Nú er það auðvitað svo að samkvæmt þingsköpum er það úrskurður forseta sem gildir í ágreiningsmálum sem upp koma varðandi fundarstjórn en ef þingmenn eru ósáttir við úrskurð forseta um að viðkomandi málefni heyri ekki undir fundarstjórn forseta þá hafa þeir sjálfsagðan rétt til að mótmæla þeirri túlkun forseta og koma þeirri skoðun sinni á framfæri. Það er augljóst.

Ég velti því fyrir mér hvort von sé á hæstv. forseta Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur í forsetastól þannig að við getum átt milliliðalaust viðræður við hana um þetta efni?

[11:34]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill minna hv. þingmann á að nokkrar undanfarnar mínútur hafa staðið yfir fundir með forseta og þingflokksformönnum og þessi mál ásamt öðrum hafa verið rædd.

[11:35]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta skipta verulegu máli og mér finnst skipta máli að umræður um þessi atriði eigi sér stað í þingsal. Það er ágætt að forseti og formenn þingflokka ræði saman og nauðsynlegt að það sé gert reglulega og þar sé farið yfir ágreiningsmál sem um þetta eru. Nú berast mér þær fréttir af þessum fundi hæstv. forseta með þingflokksformönnum að þar hafi verið mjög skiptar skoðanir og mér finnst ósköp eðlilegt að þingmenn fái tækifæri til að ræða þetta vegna þess að hér voru atriði sem voru vissulega umdeild, varðandi fundarstjórn forseta og túlkun forseta á því hvað heyrði þar undir. Slík ágreiningsmál hafa komið upp áður og virðast þar af leiðandi vera óleyst. En ég held að ágætt sé að við hugum að því hvort ekki sé hægt að gera hlé á þingfundi þangað til hæstv. forseti Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir getur komið hingað.

[11:36]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum fundarstjórn forseta eins og við höfum margoft gert áður á þessu sumarþingi. Það hefur margoft komið fyrir, því miður, að hv. þingmenn hafa komið hingað upp til að ræða fundarstjórn forseta og hafa orðið frá að hverfa vegna þess að hæstv. forseti hefur talið að þeir væru ekki að tala um fundarstjórn. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til að reyna að ná samkomulagi og skýra hvernig þetta verður túlkað. Ég er einn af varaforsetum Alþingis og átta mig ekki á því, frekar en margir aðrir þingmenn miðað umræðurnar. Nú sitja 27 nýir þingmenn á þingi og ég get ekki séð mun á nýjum þingmönnum eða þingmönnum með reynslu sem koma upp til að ræða fundarstjórn. Jafnt er komið á með þeim og þeir virðast ekki vera sammála um hvað fellur undir fundarstjórn forseta. Ég tek undir með hv. þm. Birgi Ármannssyni um hvort það sé rétt að fresta fundi enn frekar.

[11:37]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það eru greinileg þreytumerki á forseta þingsins og er kannski ekki óeðlilegt. Mikið álag hefur verið í þinginu á þingmönnum og starfsfólki undanfarnar vikur en ég vil af því tilefni rifja aðeins upp til hvers þessa sumarþings var stofnað og, virðulegi forseti, benda á hvernig dagskráin er samsett í dag. Á þessu sumarþingi hefur ekki verið ástæða til að funda í félags- og tryggingamálanefnd sem ætti að vera sú leiðandi nefnd sem annast að slá skjaldborg um heimilin í landinu. Í henni hafa verið fundir varðandi mál eins og aðild starfsmanna að samruna félaga. (Forseti hringir.) Það eru EES-innleiðingar sem eru þar á ferðinni og það er eina málið. (Forseti hringir.) Er ekki rétt að virðulegur forseti tali við þessa hæstv. ríkisstjórn (Forseti hringir.) og fái hana til að koma inn í þetta þing með einhver mál sem skipta máli, (Forseti hringir.) ekki sé boðið upp á dagskrá með málum sem skipta engu máli fyrir þjóðina eins og staðan er núna.

[11:39]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti biður hv. þingmenn um að hlýða kalli bjöllunnar. Þegar forseti hringir bjöllu þá eiga hv. þingmenn að ljúka máli sínu og hlusta eftir orðum forseta. Hv. þingmaður var að ræða um annað en fundarstjórn forseta. Það er í höndum formanna að boða til fundar í nefndum.

[11:39]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Virðulegi forseti. Menn gera sér að leik að ræða af mikl-

um móði um fundarstjórn forseta og rétt áðan var fundað niðri um fundarstjórn forseta, þá deilu sem hér hefur staðið í morgun. Þar varð niðurstaðan að fundað yrði sérstaklega um málið síðar í dag með forseta og formönnum þingflokka af því að aldrei verður dregin endanleg lína á milli þess sem er störf þings og þess sem er fundarstjórn forseta. Tilraun var gerð til þess fyrir tveimur árum með mjög misheppnuðum nýjum lögum um þingsköp sem þáverandi forseti leiddi til lykta. Þau gerðu að verkum að þinghald varð að mörgu leyti enn þá ruglingslegra heldur en áður. Deilur hafa aukist þrátt fyrir að fundarstjórn forseta sé með allra besta móti á þessu þingi núna. En þessi þingsköp eru misheppnuð. Þau ber að leiðrétta. Þau ala af sér deilur dag eftir dag sem gera ekkert annað en þvælast fyrir þinghaldi. Þetta ætlum við hins vegar að ræða á eftir með forseta og þingflokksformönnum þannig að við hljótum að geta haldið áfram og farið að ræða þá myndarlegu og mikilvægu dagskrá sem hérna liggur fyrir.

Náms- og starfsráðgjafar, 3. umr.

Stjfrv., 83. mál (útgáfa leyfisbréfa). — Þskj. 95.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 82. mál (afnám skilyrðis um ábyrgðarmenn). — Þskj. 203, brtt. 265.

[11:41]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu við frumvarpið þar sem lagt er til að við efnismgr. a-liðar 1. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

„Ábyrgðir geta m.a. verið ábyrgðaryfirlýsing fjármálastofnunar eða yfirlýsing ábyrgðarmanns um sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu námsláns ásamt vöxtum og verðtryggingu þess allt að tiltekinni fjárhæð.“

Ástæða þessarar breytingartillögu er í raun tæknilegs eðlis því að við gerð breytingartillögu við frumvarpið frá menntamálanefnd féll síðasti málsl. 1. gr. frumvarpsins brott og nú er lagt til að hann verði settur inn aftur. 1. gr. hljóði því svo ef breytingartillagan verður samþykkt:

„Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku, teljist þeir lánshæfir samkvæmt reglum stjórnar sjóðsins. Teljist námsmaður ekki lánshæfur getur hann lagt fram ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.“ Búið að samþykkja þessa breytingu og við bætist þá þessi síðasti málsliður: „Ábyrgðir geta m.a. verið ábyrgðaryfirlýsing fjármálastofnunar eða yfirlýsing ábyrgðarmanns um sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu námsláns ásamt vöxtum og verðtryggingu þess allt að tiltekinni fjárhæð.“

[11:42]

Skúli Helgason (Sf):

Frú forseti. Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar felur í sér mikla réttarbót fyrir þá námsmenn sem þurfa að leita ásjár Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að fjármagna framhaldsnám. Í gildandi lögum er kveðið á um að skilyrði sé fyrir afgreiðslu námslána að lánsþegar útvegi sér ábyrgðarmann, eða menn eftir atvikum, sem taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu. Þetta ákvæði hefur verið umdeilt árum saman enda má færa fyrir því gild rök að það mismuni námsmönnum þar sem þeir kunna að hafa afar misjafnan aðgang að bakhjörlum sem tilbúnir eru að taka á sig sjálfskuldarábyrgð á námslánum, ekki síst þegar illa árar í þjóðarbúskapnum eins og nú.

Neyðarbrauð þeirra námsmanna sem ekki hafa getað útvegað sér ábyrgðarmenn hefur verið að kaupa bankaábyrgð með tilheyrandi álögum í formi ábyrgðargjalds sem numið hefur 2,5% af lánsfjárhæð. Ábyrgðarmannakerfið hefur því í reynd vegið að því grundvallarhlutverki lánasjóðsins að tryggja námsmönnum jafnrétti til náms óháð efnahag.

Sú breyting sem hér er lögð til, afnám ábyrgðarmannakerfis af nýjum námslánum er tímanna tákn og verður vonandi einungis hin fyrsta af mörgum nauðsynlegum réttarbótum sem bæta munu þjónustu lánasjóðsins við námsmenn á komandi árum. Þar þarf sérstaklega að skoða, um leið og hagur vænkast í ríkisbúskapnum, að vinda ofan af hinu svokallaða eftirágreiðslukerfi sem hefur lagt auknar skuldabyrðar á herðar námsmanna frá því að LÍN var breytt árið 1992.

Sömuleiðis er mikilvægt að skoða framfærslugrunninn sjálfan en nú er grunnframfærsla námsmanns, eða sú fjárhæð sem námsmaður á rétt á án skerðingar, 100.600 kr. og er hún óbreytt frá fyrra námsári. Meginskýringin á því að námslán hækka ekki milli ára er þröng staða ríkissjóðs sem kallar á sparnað á öllum sviðum en ekki síður gríðarleg fjölgun lánþega sem setur mikinn þrýsting á sjóðinn um útgjaldaaukningu. Tölurnar tala sínu máli því lánþegum hefur fjölgað um ríflega 60% frá árinu 2003 og um tæplega 140% á síðustu 10 árum. Auðvitað er slæmt fyrir námsmenn að fá ekki hækkun á námslánum þegar verðbólga er enn í tveggja stafa tölu og skoða þarf allar leiðir til hækkunar svo fljótt sem aðstæður í þjóðarbúskapnum og ríkisfjármálum leyfa. Þar er rétt að skoða sérstaklega samhengi námslána og atvinnuleysisbóta því kerfið má ekki vera þannig að það sé fjárhagslegur hvati fyrir námsmenn að segja sig frá námi og fara á bætur. Þetta samhengi er til skoðunar hjá hæstv. ráðherrum menntamála og félagsmála.

En fleiri leiðir þarf að skoða til að hækka grunnframfærsluna og í því samhengi er ekki óeðlilegt að horft verði til þess að auka tekjutillit námslána, þ.e. að skerðingar verði auknar vegna sérstaklega hárra tekna, en athyglisvert er að þetta tekjutillit hefur lækkað mjög hratt á undanförnum árum, er nú aðeins 10% en var 50% í upphafi þessa áratugar.

Virðulegi forseti. Lánasjóður íslenskra námsmanna hvílir á sterkum grunni. Fjárhagsstaða hans er traust og það er gleðilegt að afskriftir af námslánum hafa verið í lágmarki undanfarin ár en samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóðnum hefur afskriftahlutfallið farið lækkandi allan þennan áratug,

var 0,76% árið 2001 en var komið niður í 0,19% um síðustu áramót. Á sama tíma stendur afskriftasjóður lánasjóðsins vel. Um síðustu áramót voru í honum 15,5 milljarðar sem gerir hann vel búinn undir framtíðina og hugsanleg áföll tengd þrengingum í þjóðarbúskapnum. Lánasjóðurinn stendur traustum fótum um þessar mundir. Þetta er því heppileg tímasetning fyrir réttarbót af þessu tagi. Afnám ábyrgðarmannakerfisins mun leiðrétta mismunun í námslánakerfinu auk þess að létta af öllum þorra námsmanna verulegu óhagræði og sumum þeirra hreinum fjárútlátum í formi ábyrgðargjalds í bönkum.

[11:46]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Gott samstarf hefur verið í menntamálanefndinni um þetta mál og ég vil þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir öflugt starf í þá veru. Við fengum á fund nefndarinnar góða gesti og allir voru sammála um að þetta væri framfaramál.

Hins vegar höfðum við áhyggjur af því að þetta gæti haft þær afleiðingar að skilyrði yrðu þrengd fyrir þá sem eiga kost á því að taka lán hjá lánasjóðnum og þess vegna settum við inn í nefndarálitið skýra afstöðu nefndarinnar um þetta atriði. Gríðarlega mikilvægt er að þessi breyting varðandi ábyrgðarmennina hafi ekki þau áhrif að skilyrðin verði þrengd þannig að mér fannst full ástæða til að hnykkja á sjónarmiði nefndarmanna, sem allir voru einhuga um í nefndinni. Við sjálfstæðismenn, ég og hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, skrifuðum undir nefndarálitið með fyrirvara varðandi það að útreikningar á kostnaði sem breytingin hefur í för með sér liggja ekki fyrir. Ekki var hægt að taka saman neinar tölur vegna þess að ekki voru ekki til gögn um það í hvaða tilfellum hefur reynt á ábyrgðarmannakerfið og hversu oft hefur þurft að ganga að ábyrgðarmönnunum til þess að innheimta námslánin.

Virðulegi forseti. Það er gríðarlega mikilvægt þegar við erum í þessari stöðu, og í rauninni alltaf þegar við erum að taka ákvarðanir hér á hinu háa Alþingi, að við áttum okkur á því hvaða kostnað ákvarðanirnar hafa í för með sér. Í þessu tilfelli höfum við ekki þær tölur í höndunum og það er miður en engu að síður er málið ágætt og við styðjum það í sjálfu sér. Það er gríðarlega mikilvægt, sérstaklega á tímum sem þessum þegar þrengir að í þjóðarbúskapnum, að við séum full ábyrgðarkenndar varðandi kostnaðinn og ég veit að allir nefndarmenn voru sammála um að betra hefði verið að hafa þetta á hreinu. Því miður var ekki hægt að leggja fram gögn um kostnaðinn. Fyrirvari okkar lýtur að þessu atriði og því að við sjálfstæðismenn í nefndinni óskuðum eftir að hægt yrði að átta sig betur á kostnaðinum.

Staða lánasjóðsins er sterk og aðrir sjóðir á Norðurlöndunum, hjá stallsystkinum okkar þar, hafa litið hýru auga til ábyrgðarmannakerfis okkar Íslendinga. Nú verður breyting á því og ég vonast til að staða sjóðsins verði áfram sterk þrátt fyrir þessar breytingar sem vissulega eru í rétta átt fyrir lánþegana.

Virðulegi forseti. Ég hafði bara hugsað mér að gera aftur grein fyrir þessum fyrirvara okkar sjálfstæðismanna þannig að það væri ljóst að kostnaðurinn við þessar breytingar liggur ekki fyrir.

[11:50]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Afnám kröfunnar um ábyrgðarmenn á námslán er mikið framfaraskref. Um er að ræða mikla umbótalöggjöf sem verður til þess að styrkja mjög stoðir Lánasjóðs íslenskra námsmanna og þeirrar undirstöðu sem hann er undir hið félagslega kerfi sem menntakerfi okkar hvílir á, þ.e. háskólanám og framhaldsskólanámið að hluta. Krafa um ábyrgðarmenn á námslán hefur vegið að félagslegu hlutverki sjóðsins um árabil. Árin 2003, 2004 og 2005 fluttum við nokkrir þingmenn Samfylkingar frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna þar sem lagt var til afnám ábyrgðarmannakröfunnar og nokkrar aðrar breytingar sem hv. þm. Skúli Helgason rakti ágætlega áðan, þær munu vonandi ganga fram síðar. Undirstaða þess lagafrumvarps og meginkrafa var að ábyrgðarmannakerfið yrði afnumið að fullu. Við þekkjum þess öll dæmi að námsmenn hafi ekki getað fengið námslán, a.m.k. ég en í gegnum árin hafa þó nokkrir leitað til mín, af því að þeir hafa ekki haft ábyrgðarmann að leita til og það er heilmikið mál að leita til einhvers og biðja hann að skrifa upp á lán.

Þetta er að sjálfsögðu áhætta sem lánastofnanir, að ég tali ekki um námslánastofnanir, eiga að sjálfsögðu að taka sjálfar. Meginþorri allra stendur í skilum, það eru örfá prósent, ef í prósentum telst, sem verða fyrir þeim skakkaföllum í lífinu, ógæfu, óheppni, slysum eða atvinnumissi, að þeir geti ekki staðið í skilum með námslán. Þetta er sá hópur fólks sem er trúlega hvað best staddur með að borga af lánum sínum, fólk sem sækir sér menntun sem gerir það að verkum að það stendur betur á vinnumarkaði.

Í vor voru líka samþykkt mikil umbótalög þegar frumvarp frá þáverandi. hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni var loksins samþykkt eftir að hafa verið flutt hérna átta eða níu sinnum á einum og hálfum áratug. Þá þrengdi mjög að ábyrgðarmannakröfu banka og lánastofnana almennt en þetta er ósiður í bankakerfi sem á að heyra sögunni til. Lánastofnanir eiga að vega og meta hvern lántakanda og taka sjálfar áhættuna af því að lána honum. Það mundi örugglega líka gera að verkum að fjármálafyrirtæki almennt yrðu varfærnari í útlánum ef þau hefðu ekki ábyrgðarmanninn að að ganga ef illa færi. Sérstaklega er mikilvægt að afnema ábyrgðarmenn í námslánakerfinu. Þess vegna fluttum við þetta mál nokkur ár í röð og nokkrum árum þar áður hafði þáverandi þingmaður Sigríður Jóhannesdóttir flutt það ásamt öðrum breytingartillögum um lánasjóðinn. Þess vegna fagna ég alveg sérstaklega að þetta mál gangi hérna fram. Þetta er félagslegt réttlætismál, umbótamál, og óska ég hæstv. ráðherra og menntamálanefnd allri og þingheimi til hamingju með að ná að ljúka þessu mjög svo góða máli.

[11:53]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég vil taka undir orð annarra þingmanna og fagna því að verið sé að leggja til þessa breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég vil líka hrósa hæstv. menntamálaráðherra, þetta er mál sem hún hefur barist

mjög hatrammlega fyrir og er algjörlega í samræmi við stefnu Vinstri grænna þannig að það er ágætt að einhver af stefnumálum Vinstri grænna koma í gegn í þinginu.

Við framsóknarmenn höfum lagt líka lagt mikla áherslu á þetta atriði og samþykktir liggja fyrir um að gera þessar breytingar í ályktun flokksþings okkar. Ég fagna líka yfirlýsingum hv. þm. Skúla Helgasonar og hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um að þeir sjái fyrir sér að gerðar verði enn frekari breytingar á lánasjóðnum og tel að dæmi sem voru nefnd séu líka í samræmi við yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra, eins og fyrirframgreiðslur á lánum. Eitt af því sem við framsóknarmenn höfum rætt mikið á þingum okkar er hvort möguleiki sé á því að hluti af námsláni yrði styrkur. Mér skilst að í Svíþjóð sé um 30% af námslánum styrkur en ekki lán.

Annað atriði sem ég vil gjarnan nefna er hugmynd sem hæstv. forsætisráðherra hefur barist mikið fyrir, þ.e. svokallaður neyslustaðall sem er samræmdur staðall varðandi það sem fólk raunverulega þarf á að halda til þess að lifa af. Hæstv. forsætisráðherra lagði nokkrum sinnum fram tillögu þess efnis að búinn yrði til samræmdur staðall fyrir ríkið sem sjóðir gætu nýtt til þess að ákvarða hversu miklu fólk þarf á að halda. Mig minnir að það hafi verið hæstv. viðskiptaráðherra Jón Sigurðsson sem skipaði nefnd til að athuga hvernig hægt væri að innleiða svona neyslustaðal og var með ákveðnar tillögur tilbúnar þegar hann vék úr því ráðuneyti. Síðan hefur að vísu lítið frést af þessum samræmda neyslustaðli.

Fram kom í fyrri umræðum að áhyggjuefni væri að það skuli „borga sig“ frekar fyrir fólk að vera á atvinnuleysisbótum en að sækja sér menntun af því að það munar allt að 50 þús. kr. á grunnnámsláni og grunnatvinnuleysisbótum. Það virðist ekki vera mikill innbyggður hvati í kerfinu hjá okkur til þess einmitt að sækja sér menntun og verða verðmætari starfskraftur fyrir samfélagið. Ég tel skipta miklu máli að farið verði í þessa vinnu og reynt að samræma enn frekar það sem er borgað út úr hinum ýmsu sjóðum og á vegum Tryggingastofnunar. Ég held að ég hafi orð hæstv. menntamálaráðherra einmitt fyrir því að hún hafi mikinn áhuga á að skoða þetta og þá væntanlega í samstarfi við hæstv. félagsmálaráðherra.

Ég fagna því að verið er að gera þessa breytingu. Fram kemur í nefndaráliti, sem ég skrifa undir ásamt meiri hluta nefndarinnar, að ef stjórnin telur að námsmaður uppfylli ekki skilyrði fyrir að taka námslán án ábyrgðarmanna verður sá möguleiki til staðar að viðkomandi geti fengið námslán gegn tryggingu í formi sjálfskuldarábyrgðar ábyrgðarmanns, veðrétti í fasteign eða bankaábyrgð. Þannig er tryggt að fólk verði ekki útilokað frá því að fá námslán þó að það uppfylli ekki skilyrði sem kannski er eðlilegt að gera, t.d. að fólk sé ekki á vanskilaskrá eða með mikinn skuldahala á eftir sér.

Þetta er gott mál og ánægjulegt fyrir okkur að vera að fjalla um þess konar mál, svona ólíkt því sem við höfum verið að gera hingað til og að í þessu máli skuli stjórnarandstaðan og stjórnarliðar vera sammála.

[11:57]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ræddi þetta mál í 1. umr. þannig að ég hef ekki miklu við að bæta en þó. Þannig er að þegar maður tekur lán til annaðhvort fjárfestingar eða neyslu eða til skemmtunar, ferðalaga eða annars slíks, þá finnst mér að hann eigi sjálfur að bera ábyrgð á því. Sá sem lánar honum á að athuga hvort það sem maðurinn ætlar að nota fjármagnið til sé skynsamlegt eða ekki en ekki að velta því yfir á einhvern þriðja aðila.

Hér á landi hefur tíðkast í áratugi, sennilega vegna þess að bankarnir voru ríkisbankar lengi vel, að menn veltu vandanum og ábyrgðinni yfir á þriðja aðila, sem kom viðkomandi fjárfestingu eða neyslu ekkert við og kom heldur ekki bankanum neitt við, hann var ekki endilega í viðskiptum við hann. Þetta er ósiður sem var afnuminn núna í vor með samþykkt frumvarps sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafði lengi barist fyrir og ég með honum, í átta ár samtals, til að afnema þennan ósið vegna þess að hann hafði í för með sér agaleysi í lánveitingum og agaleysi í lántökum. Aganum var velt yfir á þriðja aðila sem oft gat mjög illa neitað um ábyrgðina.

Það sem við ræðum hérna er lán til menntunar. Menntun er fjárfesting þó að mjög fáir virðist átta sig á því og það er svo merkilegt að menn átta sig ekki á því að stærsti hluti fjárfestingarinnar er ekki skólabækur eða skólagjöld eða laun kennara, sem ríkið borgar, eða byggingin eða slíkt. Langmesti kostnaðurinn er fórnarkostnaður nemandans sem vinnur kauplaust við að læra. Það hleypur á milljörðum á ári þannig að þetta er mjög dýr fjárfesting fyrir þjóðfélagið og einstaklinginn. Það er mikilvægt að í þeirri fjárfestingu sé gætt þess aga sem ég gat um áðan og felst í því að menn beri ábyrgð á henni sjálfir, sá sem tekur lánið og sá sem veitir lánið, þ.e. Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Þegar fenginn var ábyrgðarmaður hvarf þessi ábyrgð og miklu meiri lausung var í náminu, miklu meiri lausung í lánveitingunni og miklu minni agi í öllu kerfinu. Ég held að þessi breyting sem við ræðum sé mjög til bóta og muni gera að verkum að námsmenn verði agaðir, þeir átti sig á því að þeir skulda þessa upphæð sjálfir. Lánasjóðurinn verður líka agaðri því að hann veit að hann þarf að kanna námið mikið betur, hvað maðurinn er að fara út í og lánasjóðurinn þarf að gæta þess að maðurinn standi sig í námi þannig að fjárfestingin borgi sig. Fjárfestingin er að sjálfsögðu fyrst og fremst fyrir einstaklinginn, hann er að fjárfesta í því að bæta sína eigin stöðu í lífinu, hann getur sótt um betri störf og hann nýtur meiri virðingar, en þetta er líka fjárfesting fyrir þjóðfélagið. Þetta er ekkert síðri fjárfesting en að byggja álver eða byggja skip til að veiða þorsk eða annað slíkt eða að byggja vegi. Þetta er fjárfesting fyrir þjóðfélagið og þess vegna finnst mér mjög skynsamlegt að það séu lánasjóðurinn og námsmaðurinn einir sem beri ábyrgð á því að fjárfestingin sé skynsamleg.

Svo vil ég ekki fara aftur að endurtaka þá harmleiki sem mjög margir hafa kynnst í fjölskyldum þar sem fólk hefur skrifað upp á lán og neyðist svo til að borga skuldir af lánum sem það eyddi aldrei sjálft, það er mjög biturt og mjög sorglegt. Það er annað að borga lán sem ég tók til að eyða sjálfur, keypti mér bíl og svo er hann farinn og ég borga

lánið, það er allt annað en að borga af láni sem ég eyddi aldrei sjálfur, hvorki í menntun né í annað. Við erum hér að koma í veg fyrir þá harmleiki sem eru mjög víða, sérstaklega þegar fólk á kannski erfitt með að borga af láninu og missir húsið sitt og annað slíkt sem mörg dæmi eru um.

Ég er því mjög sáttur við þessa tillögu og líka þá breytingartillögu sem lögð er hér til á þessu til að bæta úr tæknilegum göllum og lýsi því yfir að ég mun styðja þetta frumvarp.

[12:02]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmönnum sem hafa rætt um jákvæð áhrif þeirra breytinga sem hér er verið að leggja til og sem stuðla að enn frekara jafnrétti til náms sem er auðvitað mikilvægasta atriðið í þessu máli finnst mér.

Markmiðin með frumvarpinu lúta fyrst og fremst að jafnréttis- og samræmingarsjónarmiði en mér finnst mikilvægt að hér komi fram vegna þess að hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir minntist á óvissuþættina varðandi kostnaðarmatið og það er alveg hárrétt að þeir eru ýmsir óvissuþættirnir þar. En sá sem tekur lán haustið 2009 útskrifast í fyrsta lagi í janúar 2010 og hefur afborgun af láninu árið 2012. Samkvæmt upplýsingum frá stjórn Lánasjóðsins verður auðvelt að bregðast við ef afskriftir aukast og það var með þetta í huga sem allir gátu tekið undir markmið þessara laga og stutt þessa framgöngu þó að hart sé í ári.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Embætti sérstaks saksóknara og rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, 2. umr.

Stjfrv., 138. mál (efling embættisins). — Þskj. 217, nál. 277, brtt. 278.

[12:04]

Frsm. allshn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum, og lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, nr. 142/2008.

Ég vil fyrst byrja á því að segja, frú forseti, að ég tel að um afar stórt og mikilvægt mál sé að ræða sem skiptir okkar samfélag miklu máli. Ég vil einnig nota þetta tækifæri og þakka nefndarfólki í hv. allsherjarnefnd fyrir afar gott samstarf í þessu máli og segja að það bar engan skugga á samstarf milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þessu máli og allir voru sammála um að hraða þessu máli og því er einkar ánægjulegt að það skuli komast á dagskrá þingsins í dag vegna þess að þetta er auðvitað liður í því að endurreisa traust í íslensku samfélagi.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Rögnu Árnadóttur dóms- og kirkjumálaráðherra, Ásu Ólafsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Ólaf Þ. Hauksson frá embætti sérstaks saksóknara, Markús Sigurbjörnsson frá réttarfarsnefnd, Boga Nilsson, Sigurð Tómas Magnússon, Valtý Sigurðsson ríkissaksóknara, Helga Magnús Gunnarsson frá Ákærendafélaginu og Ragnar Haflíðason, Rúnar Guðmundsson og Árnýju Guðmundsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu.

Einnig barst nefndinni umsögn frá ríkisskattstjóra og Viðskiptaráði Íslands.

Það eru í raun og veru þrjú meginatriði, frú forseti, sem lögð eru til í þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi er lagt til að embætti sérstaks saksóknara verði styrkt með skipan þriggja saksóknara við embættið sem hafi það hlutverk að stýra rannsókn og fara með saksókn í málum. Í öðru lagi að skýrt verði kveðið á um að embætti sérstaks saksóknara hafi sömu stöðu og heimildir og lögreglustjóri samkvæmt lögum um meðferð sakamála og lögreglulaga. Í þriðja lagi að skipaður verði sérstakur ríkissaksóknari til að fara með eftirlit og aðrar skyldur sem ríkissaksóknara er í dag falið að hafa gagnvart embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum um meðferð sakamála og lögum um sérstakan saksóknara.

Í frumvarpinu er auk þess lagt til að lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða verði breytt þannig að tilkynningar frá rannsóknarnefndinni um grun um refsiverða háttsemi eða hvort ekki eigi að ákæra þann sem býður nefndinni upplýsingar berist til sérstaks ríkissaksóknara í stað ríkissaksóknara eins og nú er.

Þá vil ég víkja orðum mínum að saksóknurunum, frú forseti. Nefndin ræddi á fundum sínum nokkuð um ákvæði frumvarpsins um skipan þriggja saksóknara við embætti sérstaks saksóknara sem fara skulu með sjálfstætt ákæruvald og hvernig það komi til með að virka í framkvæmd. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að ekki væri nægilega skýrt kveðið á um í hverju sjálfstæði þessara þriggja saksóknara felst og hvernig boðvald hins sérstaka saksóknara eigi að vera gagnvart þeim. Nefndin telur því nauðsynlegt að skýra það nánar. Fram kom að fyrirmynd þessarar útfærslu er fengin frá Noregi og að ráðgjafi sérstaks saksóknara, Eva Joly, hafi lagt til að þessi leið yrði farin.

Fyrirkomulagið í Noregi er að hið miðlæga ákæruvald sem annast meðferð alvarlegra og flókinna fjármuna- og efnahagsbrota, bæði er varðar rannsókn og saksókn sakamála og alvarlegra umhverfisbrota (miljøkriminalitet), er embætti sem kallast Økokrim og hefur aðsetur í miðborg Óslóar. Embættið hefur verið til sem slíkt í skipulagi norskra löggæslu- og saksóknaryfirvalda frá árinu 1989 og er hvort tveggja í senn saksóknaraembætti sem nýtur stöðu héraðssaksóknaraembættis, með umsvif og verksvið á landsvísu og heyrir þannig sem slíkt undir norska ríkissaksóknarann í skipuriti norska ákæruvaldsins, en í hina röndina er Økokrim lögreglustjóraembætti sem stjórnsýslulega og þar með talið varðandi fjárhagslegan rekstur heyrir undir norska ríkislögreglustjóraembættið en nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum gagnvart norska ríkislögreglustjóranum.

Embættinu er skipt niður í nokkrar starfseiningar sem flestum er stýrt af héraðssaksóknurum (statsadvokat) en í nokkrum tilfellum yfirmönnum lögreglu (politiinspektor)

og deildarstjórum (avdelingsdirektør). Meðal starfseininga Økokrim eru meðferð skatta- og gjaldamála, meðferð spillingarmála, meðferð mála verðbréfamarkaðar, meðferð fjársvikamála, meðferð peningaþvættismála, meðferð eignaupptökumála, meðferð alvarlegra umhverfisbrota og aðstoð við önnur efnahagsbrotalið norskra löggæsluyfirvalda.

Um ákæruvaldið gilda ákvæði 6. kafla norsku sakamálalaganna. Nánari útfærsla er í grein 35 í reglugerð um ákæruvaldið sem byggð er meðal annars á sakamálalögunum. Samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar fara statsadvokatene við Økokrim hver um sig með sjálfstætt ákæruvald. Málunum er skipt niður á deildir embættisins og fer saksóknari hverrar deildar með ákæruvald í þeim málum sem undir deildina heyra. Ákærur eru gefnar út í nafni saksóknaranna við embættið og undirritaðar af einum saksóknaranna, sem bendir eindregið til þess að ákærendur séu sjálfstæðir. Innra skipulag embættisins er staðfest af norska dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin telur að við þær sérstöku aðstæður sem ríkja í íslensku efnahagslífi eftir bankahrunið sé eðlilegt að líta til fyrirkomulagsins í Noregi þar sem byggt er á áratuga reynslu sem varð til eftir bankahrun þar.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem lúta að sjálfstæði saksóknaranna þriggja og byggir þær að nokkru á norska fyrirkomulaginu. Nefndin leggur til orðalagsbreytingu sem hún telur til þess fallna að hnykkja á sjálfstæði saksóknaranna þriggja þannig að í stað þess að þeir fari með sjálfstætt ákæruvald verði þeir sjálfstæðir saksóknarar sem tryggir að þeir hafa frá upphafi máls ákvörðunarvald um það hvernig farið verði í rannsókn og ákæru þeirra mála sem þeir fá til meðferðar. Nefndin telur það einnig mikilvægt og til þess fallið að tryggja að ef upp kemur álitamál, til dæmis um hæfi, þá hafi það ekki sjálfkrafa áhrif á hæfi hinna.

Þá vil ég, frú forseti, aðeins víkja að sérstökum saksóknara. Nefndin ræddi einnig stöðu sérstaks saksóknara gagnvart hinum sjálfstæðu saksóknurum en í frumvarpinu er lagt til að hinn sérstaki saksóknari skipti verkum með saksóknurum embættisins og feli þeim rannsókn, stjórn og flutning mála. Nefndin telur eðlilegt að líta til norsku fyrirmyndarinnar sem og til ákvæða laga um dómstóla þar sem boðvald dómstjóra er mjög skýrt gagnvart héraðsdómurum sem eru sjálfstæðir í störfum sínum. Dómstjóri hefur, auk þess að gegna dómstörfum, með höndum stjórn dómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans.

Nefndin leggur til breytingar á 1. gr. frumvarpsins sem eru til þess fallnar að skýra nánar hlutverk sérstaks saksóknara og hinna þriggja sjálfstæðu saksóknara. Þannig er meðal annars lagt til að hinn sérstaki saksóknari hafi umsjón með störfum annarra saksóknara við embættið og gæti meðal annars faglegs samræmis þannig að sambærileg eða hliðstæð mál fái sömu meðferð. Þá hefur hann ákveðnu eftirlitshlutverki að gegna sem forstöðumaður embættisins/stofnunarinnar. Nefndin leggur til að hann geti þegar sérstaklega stendur á tekið í sínar hendur mál sem hann hefur úthlutað saksóknara til meðferðar eða falið öðrum saksóknara að fara með. Þetta á við til dæmis vegna veikinda saksóknara, tímabundins orlofs, svo sem fæðingarorlofs eða þess háttar. Að öðru leyti eru þeir jafnsettir hinum sérstaka saksóknara varðandi sjálfstæði í störfum sínum sem saksóknarar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstakur saksóknari geti falið saksóknarafulltrúum við embættið, lögreglustjóra, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni að flytja mál fyrir héraðsdómi. Nefndin telur rétt að taka fram að þetta á við um veigaminni mál þar sem eðlilegt er að viðkomandi saksóknari fari með rannsókn og málflutning veigameiri mála.

Þá vil ég, frú forseti, víkja að skipun sérstaks ríkissaksóknara. Nefndin ræddi einnig um ákvæði frumvarpsins um skipun sérstaks ríkissaksóknara sem lagt er til að fari með hlutverk og valdheimildir ríkissaksóknara í þessum málum. Fyrir liggur að núverandi ríkissaksóknari hefur lýst sig vanhæfan til þess að fara með mál sem embætti sérstaks saksóknara hefur til meðferðar sem felur í sér að embætti hans er einnig vanhæft til þess. Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að það sé nokkuð viðurhlutamikið að stofna nýtt embætti sérstaks ríkissaksóknara með tilheyrandi kostnaði vegna þessa einstaka málaflokks og fellst nefndin á það. Nefndin telur að það sé mun einfaldari leið að telji ríkissaksóknari sig vanhæfan til að fara með ótilgreind mál á afmörkuðu sviði um tiltekinn tíma skuli dómsmálaráðherra heimilt að setja annan löghæfan mann til að gegna hlutverki ríkissaksóknara í slíkum málum. Nefndin leggur því til breytingu á frumvarpinu sem felur í sér að í II. kafla verði 26. gr. laga um meðferð sakamála breytt og tekin upp heimild fyrir ríkissaksóknara að segja sig frá málum á afmörkuðu sviði. Nefndin tekur fram að með þessu er átt við að hann geti sagt sig frá öllum verkefnum sínum á tilteknu afmörkuðu sviði, þar með talið eftirlitshlutverki sínu varðandi það svið og að dómsmálaráðherra setji annan tímabundið í hans stað. Nefndin leggur því til breytingar á 1. gr. og að 3. og 4. gr. frumvarpsins falli brott þar sem þær verða óþarfar nái þessi breyting fram að ganga, þar eð skipaður saksóknari færi með hlutverk ríkissaksóknara í stað sérstaks eins og frumvarpið gerði ráð fyrir. Nefndin telur að breyting þessi sé í reynd tæknileg þar sem hún leiði til sömu niðurstöðu og farin er í frumvarpinu en sé mun einfaldari og hagkvæmari, því að eftir að setningartíminn er liðinn tæki ríkissaksóknari aftur við málaflokknum. Nefndin telur þó rétt að taka skýrt fram að þessi heimild sem hér er lögð til er alger undantekningarheimild, enda um einstakt tilvik að ræða.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sérstakur ríkissaksóknari geti falið sérstökum saksóknara, saksóknurum við embætti hans eða hæstaréttarlögmanni að flytja áfrýjunarmál fyrir Hæstarétti. Framkvæmdin hefur verið sú að ríkissaksóknari hefur almennt falið saksóknurum efnahagsbrotadeildar að flytja þau áfrýjunarmál sem þeir hafa ákært í, enda málin oft mjög flókin og umfangsmikil og því erfitt fyrir utanaðkomandi að setja sig inn í sönnunarstöðu í þeim auk þess sem oft reynir á nýja löggjöf í þessum málum. Nefndin telur þá framkvæmd eðlilega og með þeim breytingum sem nefndin leggur til verður það skipaður ríkissaksóknari sem fer með þessa heimild í stað sérstaks ríkissaksóknara í frumvarpinu.

Nefndin leggur því einnig til að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu í II. kafla á lögum um rannsókn

á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða falli brott. Þannig standi óbreytt í lögunum að tilkynningar frá rannsóknarnefndinni vegna gruns um refsiverða háttsemi eða hvort ekki eigi að ákæra þann sem býður nefndinni upplýsingar berist til ríkissaksóknara og þá eftir atvikum skipaðs ríkissaksóknara nýti ráðherra heimild þá sem nefndin leggur til.

Nefndin tekur sérstaklega fram að við skipun ríkissaksóknara tímabundið í ákveðinn málaflokk sé mikilvægt að ráðherra tiltaki í skipunarbréfi hlutverk hans, þ.e. varðandi það hvaða málaflokka um ræðir og úrskurðarvald um valdmörk hans gagnvart sérstökum saksóknara og sjálfstæðum saksóknurum og efnahagsbrotadeild sem og gagnvart ríkissaksóknara, meðal annars um mál sem eru takmarkatilvik og ef ekki er ljóst hjá hvaða embætti mál skuli sæta meðferð. Þetta fyrirkomulag er meðal annars byggt á norskri fyrirmynd en ef upp kemur ágreiningur í Noregi um hvort Økokrim eða einstakt lögreglustjóraembætti skuli annast meðferð máls sker norski ríkissaksóknarinn úr. Þá getur ríkissaksóknarinn í einstaka tilvikum einnig tekið ákvörðun um að mál skuli sæta meðferð af hálfu Økokrim jafnvel þótt málið sem slíkt falli ekki undir þær lagaskilgreiningar á brotaflokkum og verkefnum sem gilda um brotaflokka og verkefni sem Økokrim skal fara með. Þá eru lagaheimildir til að mynda sameiginleg rannsóknarteymi þar sem í eiga sæti bæði starfsmenn Økokrim og starfsmenn frá umdæmislögreglustjóra.

Ákvörðun um hvort Økokrim tekur mál til meðferðar er tekin af yfirmanni Økokrim eða næstráðanda hans. Við þá ákvörðun skal leggja höfuðáherslu á umfang rannsóknar, flækjustig sakarefna og hversu mikil efnahagsleg verðmæti um er að ræða. Þá er einnig horft til þess hvort mál teygi anga sína til útlanda og hvort líkur séu á að um sé að ræða mál sem kann að hafa í för með sér fordæmisgefandi úrlausnir.

Eins og ég sagði í upphafi, frú forseti, gengur þetta frumvarp út á faglega styrkingu embættisins. Fyrir nefndinni kom líka fram að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra muni hugsanlega geta verið í sama húsnæði og embætti sérstaks saksóknara. Nefndin telur það til þess fallið að styrkja embættið þar sem þau verkefni sem falla undir verksvið embættis sérstaks saksóknara eru bæði umfangsmikil og flókin og því gæti sérþekking innan efnahagsbrotadeildar nýst hinu nýstofnaða embætti. Nefndin bendir enn fremur á að með slíkri samnýtingu geti einnig náðst fram fjárhagslegur sparnaður en ljóst er að þær breytingar sem lagðar eru til á embættinu hafa aukinn kostnað í för með sér og telur nefndin nauðsynlegt að það verði tryggt að embættið fái samfara því aukin fjárframlög.

Nefndin tekur undir mikilvægi þess að frumvarpið nái fram að ganga þar sem markmið þess um styrkingu og eflingu embættisins er afar mikilvægt þegar litið er til hlutverks þess í því uppgjöri sem nú er hafið vegna bankahrunsins en rannsókn refsiverðrar háttsemi í tengslum við hrunið er nauðsynlegur liður í endurreisn íslensks samfélags.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ásmundur Einar Daðason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Auk þeirrar sem hér stendur skrifa undir þetta álit þeir hv. þingmenn Atli Gíslason, Birgir Ármannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Róbert Marshall og Þráinn Bertelsson.

[12:20]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Málið sem við ræðum er viðbrögð löggjafans við því hruni sem varð sl. haust þegar við upplifðum mikið hrun á eignum, mikið hrun á atvinnu, mikið hrun í atvinnulífinu en sérstaklega mikið hrun á trausti. Tortryggnin var mjög ríkjandi gagnvart því sem hafði gerst og fljótlega eftir hrunið, nokkurn veginn um leið og rykið hafði sest, setti Alþingi í gang rannsóknarnefnd til að rannsaka það sem gerst hafði og síðan sérstakan saksóknara til að kæra þá sem hugsanlega hefðu brotið lög í aðdraganda hrunsins og jafnvel valdið því að einhverju leyti.

Frumvarpið sem við ræðum hér er angi af þessu og dýpkun á því að byggja upp traust. Traustið byggist á því að menn hafi trú á því að hafi einhver brotið lög sé honum refsað, ekki vegna refsigleðinnar heldur til að gefa merki um að menn eigi ekki að brjóta lög í atvinnulífinu, þar eigi að ríkja heiðarleiki og traust sem byggist á sanngirni og heiðarleika.

Frumvarpið sem hér um ræðir byggist á norskri reynslu, þ.e. þær breytingar sem hér er verið að gera. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga og tel að það sé mjög mikilvægt. Hins vegar þurfa menn alltaf að gæta að því eftir hrun, þegar tortryggnin verður svona mikil, að halda sig við réttarríkið. Mjög mikilvægt er að við förum ekki út fyrir það og að við gætum að því að borgarinn sé tryggður með þeim tækjum sem réttarríkið hefur.

Þegar maður stelur sjónvarpi eða bíl eða einhverju slíku er yfirleitt mjög einfalt að sjá það. Hann tók sjónvarp og það hvarf og auðvelt er að rannsaka það. Hins vegar eru efnahagsbrot miklu flóknari og erfiðara að rannsaka þau. Þess vegna stöndum við frammi fyrir ákveðnum vanda. Eignin sem stolið var er oft og tíðum ósýnileg, það eru huglæg virði, það eru rafrænar færslur og stundum þarf að kanna ekki bara eina eða tvær, hundrað eða þúsund heldur hundruð þúsunda færslna til að finna þá færslu sem virkilega leiðir til þess að hægt sé að sanna sök í málinu. Þetta gerir þessi brot svo miklu erfiðari heldur en venjulegu brotin þar sem nægir að finna sjónvarpið og rekja fótsporin í snjónum sem menn skilja kannski stundum eftir. En það leiðir líka til þess að menn hafa ekki eins mikinn skilning á því hvað langan tíma tekur að rannsaka þessi mál og að sanna sekt. Þess vegna eru menn að setja enn meiri kraft í þetta og ég er mjög sáttur við það. Ég held að þeim peningum sé vel varið vegna þess að þeir byggja upp traust í þjóðfélaginu, sem er nauðsynlegt til að hjólin fari aftur að snúast, fyrirtækin fari í gang, geti farið að ráða fólk og vinna þá bug á atvinnuleysinu sem aftur lagar stöðu heimilanna, þannig að þetta hangir allt saman. Þetta frumvarp er til að stuðla að traustinu og til að atvinnulífið fari aftur í gang, það er verið að gera ýmislegt jákvætt í því sambandi líka. Ég held að það sem hæstv. ríkisstjórn gerði gagnvart bönk-

unum hafi verið jákvætt og skref í þá átt að horfa til framtíðar. Ég held að þetta frumvarp sé líka þáttur í því.

Eftir 2–3 ár þegar menn eru komnir út úr þessu, vonandi — og örugglega, munum við geta horft til framtíðar og þá má eflaust slaka á öllum þessum saksóknum sem talað er um í frumvarpinu en þangað til er nauðsynlegt að saksóknarar starfi og þeir starfi vel.

Ég hef reyndar dálitlar athugasemdir við að sérstaki saksóknarinn geti tekið mál til baka sem hann hefur úthlutað og ekki er talað um að hann þurfi að rökstyðja það neitt sérstaklega. Ég bendi á að kannski hefði þurft að geta um að hann þyrfti að rökstyðja þá atburðarás til að eyða tortryggni um að hann sé hugsanlega að taka til baka einhver mál sem þola ekki dagsins ljós.

[12:25]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég á sæti í allsherjarnefnd og skrifaði undir nefndarálitið sem hv. formaður nefndarinnar gerði grein fyrir áðan og styð breytingartillögur sem þar koma fram og ætla ekki að hafa mörg orð um þann þátt. Ég vildi aðeins bæta við þá upprifjun sem hér hefur komið fram varðandi tilkomu þessa máls.

Eins og hv. þm. Pétur Blöndal vék hér að, varð í kjölfar bankahrunsins um það samstaða að annars vegar þyrfti að bregðast sérstaklega við til að upplýsa orsakir bankahrunsins og þeirra efnahagslegu hörmunga sem því fylgdu og hins vegar þyrfti að skoða sakamálaþáttinn sérstaklega. Eins og hv. þingmaður gat um var annars vegar sett á fót embætti sérstaks saksóknara til að hafa með höndum rannsókn og saksókn í hugsanlegum sakamálum sem upp gætu komið og hins vegar rannsóknarnefnd Alþingis sem hefur það hlutverk að greina og upplýsa orsakir þessara atburða og gera sem vandaðasta greinargerð um orsakirnar sem lágu að baki, lagalega þætti, ákvarðanir stofnana og einstaklinga og annað sem máli skiptir og þetta hvort tveggja er komið vel á veg. Segja má að enn þá betra hefði verið ef störf rannsóknarnefndar og sérstaks saksóknara hefðu farið af stað fyrr, en það á sér skýringar að tíma tók að koma hlutunum í þann farveg sem þeir eru.

Frumvarpið sem við erum að ræða er í rauninni framhald af málinu um sérstakan saksóknara frá síðasta hausti og felur í sér eflingu embættisins og styrkingu og er þar af leiðandi bæði mikilvægt mál og brýnt.

Ég vildi geta þess, af því að ég átti sæti í allsherjarnefnd sem fjallaði um málið á síðasta hausti, að við gerðum okkur auðvitað grein fyrir því þegar við vorum að afgreiða það frumvarp að margir óvissuþættir væru uppi sem kynnu að kalla á breytingar síðar. T.d. tókum við skýrt fram í nefndaráliti að ekki væri bara mögulegt heldur jafnvel líklegt að sú rannsókn eða þær rannsóknir sem þarna væri fjallað um mundu kalla á meira fjármagn en gert var ráð fyrir í forsendum frumvarpsins og það hefur sannarlega komið á daginn. Þegar hefur ríkisstjórnin að frumkvæði dómsmálaráðherra ákveðið aukafjárveitingar til embættisins og þetta frumvarp kallar auðvitað á aukin framlög líka. Það er í samræmi við það sem við gerðum ráð fyrir á síðasta hausti þó að mér sé óhætt að segja að þörfin sé jafnvel enn þá meiri en við gerðum okkur grein fyrir. Menn tóku ákvarðanir í hálfgerðri þoku á síðasta hausti í mörgum efnum, urðu að átta sig á því og taka ákvarðanir með fyrirvörum af þeim sökum. Hlutirnir hafa verið að skýrast og svo virðist sem þörfin sé miklu meiri en fyrirsjáanlegt var á síðasta hausti, bæði hvað varðar umfang og fjölda þeirra mála sem þarf að rannsaka. Þess vegna er fagnaðarefni að góð samstaða er í þinginu um að tryggja þessu máli framkvæmd. Þetta er partur af dæminu. Verið er að efla embættið og lagfæra ýmis atriði sem menn töldu að gætu hugsanlega staðið starfsemi þess fyrir þrifum, lagfæra ákveðna þætti af ástæðum sem öllum eru kunnir og ég er sannfærður um að verði þetta frumvarp að lögum stöndum við betur að vígi en áður.

Ég legg mikla áherslu á að þetta mál fái hraðan framgang. Þess vegna hef ég stutt innan allsherjarnefndar að málið fengi fremur hraða afgreiðslu þó að vissulega væri reynt að velta við svo til hverjum steini. Nefndin reyndi að sjálfsögðu að vanda sig en hins vegar var um það samstaða líka að hraða málinu þannig að hægt væri að fara að vinna eftir því nýja kerfi sem þarna er gert ráð fyrir. Ég dreg enga dul á að ég held að það sé afskaplega mikilvægt vegna þess, eins og hv. þm. Pétur Blöndal kom vel inn á áðan, að hagsmunirnir af því að leiða til lykta lagalegan ágreining og grun um refsivert athæfi eru gríðarlega miklir og mikilvægir. Þess vegna er það von mín að þetta mál fái skjóta framgöngu í þinginu og samstaðan um það verði jafngóð og verið hefur þannig að hægt verði að fara að vinna eftir kerfinu sem þarna er gert ráð fyrir.

Í þessari umræðu vildi ég hins vegar nefna nokkur atriði sem ég tel að við þurfum að leiða hugann að varðandi framhaldið. Vikið er að því í nefndaráliti allsherjarnefndar en það eru ákveðnar spurningar sem við þurfum að velta fyrir okkur varðandi fyrirkomulag þessara mála. Allir eru sammála um að við erum að fást við afbrigðilegt ástand. Skyndilega hellist yfir mikill fjöldi mála sem þarf að vinna í og afgreiða, þau krefjast mikillar vinnu, mikils mannskaps, meiri aðkeyptrar sérfræðiþjónustu en ella o.s.frv. Við verðum í afbrigðilegu ástandi um einhverra missira skeið, enginn sagt með vissu hversu lengi en við verðum að velta fyrir okkur hvernig við viljum móta framtíðarfyrirkomulag rannsóknar- og ákæruvalds í efnahagsbrotamálum. Við komumst að ákveðinni niðurstöðu þegar sakamálafrumvarpið var afgreitt á sínum tíma en þó voru einhver álitamál uppi sem eftir er að útkljá. Þetta er þáttur sem er allt í lagi fyrir okkur að leiða hugann að þótt við þurfum ekki að komast að niðurstöðu. Kannski er ekki skynsamlegt að komast að niðurstöðu fyrr en við sjáum aðeins betur hvernig þeim málum vindur fram sem nú eru í gangi.

Við meðferð þessa máls kom upp spurning um aðgreiningu lögregluvalds og ákæruvalds. Tekið er á henni með sérstökum hætti í frumvarpinu og við þurfum að velta fyrir okkur hvernig við viljum hafa þau mál í framtíðinni, hvort við viljum hafa stjórn lögreglumála og stjórn ákæru á hendi sömu embætta eða að í meginatriðum sé aðskilnaður þar á milli. Við þurfum að velta þessu fyrir okkur, ekki bara í efnahagsbrotamálunum heldur almennt. Í þessu sambandi þarf að skoða ákvæði sakamálalaganna og lögreglulög og hvernig þeim málum er fyrir komið. Um leið held ég að hollt sé fyrir okkur að huga að málunum í stærra samhengi, það varðar rannsóknir sem fara fram á vegum sérstakra eft-

irlitsstofnana stjórnvalda og þá nefni ég Fjármálaeftirlitið, Samkeppnisstofnun og fleiri stofnanir. Ég kasta þessu fram vegna þess að þær hafa mesta samsvörun við þessi mál sem við erum að ræða, jafnvel mætti nefna rannsóknarþátt skattamála í því samhengi líka. Við þurfum að velta fyrir okkur hvernig við viljum greina á milli annars vegar rannsókna á vegum eftirlitsaðila innan stjórnkerfisins, sem lúta sérstökum reglum, og rannsókna sem fara fram á vegum lögreglu og ákæruvalds og lúta öðrum reglum, af því að þarna verða árekstrar á milli.

Þessi mál hafa áður verið til umræðu. Ég hygg að það hafi verið árið 2006 sem nefnd á vegum þáverandi forsætisráðherra skilaði af sér mjög viðamikilli skýrslu um þessi mál þar sem byggt var á tilteknum niðurstöðum. Mörgum þeirra niðurstaðna var fylgt eftir með lagabreytingum en ég held að við komumst ekki hjá því, í ljósi bankahrunsins og þeirra rannsókna sem nú eiga sér stað, að huga að því hvernig við viljum haga þessum málum til framtíðar. Þar held ég að við verðum að vera krítísk, læra af reynslunni og vera tilbúin til að gera breytingar í ljósi þess sem við lærum af þeim atburðum sem nú eiga sér stað.

Að lokum vildi ég nefna að með þeim lögum sem voru samþykkt um sérstakan saksóknara sl. haust og þeim breytingum sem við erum núna að leggja til að verði afgreiddar frá þinginu, og raunar með auknum fjárheimildum, er vonandi sá þáttur mála sem lýtur að rannsókn og ákæruvaldsmeðferðinni komin í gott horf varðandi þetta. En ég vildi vekja á því athygli, án þess að hafa á þessu stigi neinar sérstakar tillögur um það, að fyrr eða síðar fara þessi mál til dómstóla. Ég velti því fyrir mér hvort við þurfum ekki líka á þingi að huga að dómstólaþættinum, sérstaklega ef við sjáum fram á að hjá dómstólum muni lenda mikill fjöldi umfangsmikilla mála á þessu sviði. Við þurfum að velta fyrir okkur með góðum fyrirvara hvernig við ætlum að bregðast við því, meta hvort dómstólarnir séu tilbúnir að taka við slíkum málafjölda, hvað varðar umfang, efni og annað þess háttar og hvort þeir munu einfaldlega ráða við að afgreiða holskeflu flókinna erfiðra mála af þessu tagi á skikkanlegum tíma. Við höfum séð á undanförnum árum að viðamikil efnahagsbrotamál hafa tekið gríðarlega langan tíma hjá dómstólum. Reynslan er sú að sakborningar í slíkum málum nota hvert tækifæri til að verja sig, eins og kannski eðlilegt er, en spara ekkert til þess að halda uppi vörnum á hvaða stigi sem er, kæra allar ákvarðanir og búa sér til eins margar lagalegar varnarlínur og hægt er. Að auki eru málin sjálf viðamikil og flókin og augljóst að það er meira en segja það fyrir dómstólana að taka við mörgum, hugsanlega tugum slíkra mála á sama tíma og afgreiða þau á skikkanlegum tíma.

Ég vildi nefna að mér finnst mikilvægt að við í þinginu, innan allsherjarnefndar og í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, reynum að sjá fyrir okkur hvað við getum gert til að bregðast við að þessu leyti því það væri ekki góð staða ef við næðum árangri í sambandi við rannsókn og ákærustigið á þessu sviði en lentum í stíflu þegar málin eiga að fá dómsmeðferð. Það skiptir máli frá sjónarhóli ákæruvaldsins, sjónarhóli sakborninga og ekki síst sjónarhóli almennings að málin fái vandaða meðferð fyrir dómstólum, annars vegar eðlilegan og góðan málshraða og hins vegar að öllum skilyrðum og sjónarmiðum réttarríkisins sé haldið til haga og þeirra gætt.

Þetta vildi ég nefna við þessa umræðu, hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mál lengra en ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég styð þær breytingar sem hér er lagt upp með. Þó það sé ekki partur af þessu frumvarpi sem slíku styð ég líka að varið verði nauðsynlegu fjármagni til þeirra embætta og þeirrar starfsemi sem hér um ræðir og er sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að það má ekkert til spara til að réttlætið nái fram að ganga á þessu sviði og að allir sjái réttlætið ná fram að ganga.

[12:42]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Hv. formaður allsherjarnefndar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, hefur gert skilmerkilega grein fyrir þessu máli í ágætri framsögu sem ég gæti tekið undir. Þá hefur hv. þm. Birgir Ármannsson hreyft sjónarmiðum sem eru allrar athygli verð og ég get tekið undir að mestu ef ekki öllu leyti. Allsherjarnefnd mælir fyrir sameiginlegu nefndaráliti og breytingartillögum, það er mikið ánægjuefni að samstaða skapaðist í nefndinni og breytingartillögurnar eru í þeim farvegi sem ég taldi æskilegar við 1. umr. þessa máls. Aðalatriðið hér er þó, um það vorum við sammála við 1. umr. og engin breyting hefur orðið á því, að styrkja embættið verulega. Því er skapað nýtt form með því að skipa þrjá, nýja sjálfstæða saksóknara. Það er nýmæli að þeir séu sjálfstæðir í störfum og sá vandi lá fyrir nefndinni að skapa umgjörð sem stæðist fullkomlega allar kröfur. Ég hygg að það hafi tekist, formið stenst og aðalatriðið er að réttaröryggið sé líka tryggt. Búin var til formleg umgjörð þar sem horft var til efnahagsbrotadeildar Norðmanna, Økokrim, og skipulagt að mestu leyti út frá því. Ég vek athygli á að fyrrverandi ríkissaksóknari, Bogi Nilsson, hefur haft uppi hugmyndir um skipulag á þessu m.a. og sett fram hugmyndir um aðskilnað ákæruvalds og lögreglustjórnar sem eru allra góðra gjalda verðar.

Ég vil hins vegar líka vekja athygli á því að hugmyndir hafa komið fram um að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra verði ekki bara í sama húsnæði og hinn sérstaki saksóknari heldur verði embætti sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sameinuð. Ég tek undir þær hugmyndir og hygg að hefja ætti undirbúning að þeirri vinnu sem fyrst. Þá þarf að huga vel að skipulaginu, lögreglustjórninni, ákæruvaldinu, faglegu boðvaldi, stjórnsýslulegu boðvaldi og fleiri þáttum. En ég hygg að þessi sameining mundi styrkja rannsóknir í þessum brotaflokki verulega og ekki síst núna þegar þetta flóð af málum streymir fram.

Hv. þm. Birgir Ármannsson reifaði áðan m.a. sjónarmið um styrkingu dómstóla og ég tel alveg óhjákvæmilegt að við hugum að því fyrr en seinna. Þetta eru umfangsmikil og erfið mál, miklir skjalabunkar, þó að þau lúti sönnunarreglum í venjulegum opinberum málum. Sönnunarreglurnar eru þær sömu. Aðalatriðið í þessum málum er hvað hinn ákærði vissi eða mátti vita og menn geta ekki skýlt sér bak við vanþekkingu, að þeir hafi ekki mætt á stjórnarfundi.

Hins vegar er önnur hlið á þessari kreppu sem við þurfum líka að horfa alvarlega á. Svo virðist sem við séum að

ganga í gegnum svipaða reynslu og Finnar í krísunni sem varð þar við fall Sovétríkjanna 1992, 1993, 1994. Þá jukust afbrot þar verulega og mörg hver þeirra tengdust aukinni fíkniefnaneyslu. Fíkniefnaneysla var tiltölulega lítil í Finnlandi en jókst mjög og fíkniefni flæddu yfir landið með tilheyrandi afbrotum. Það þýðir að við verðum líka að horfa til þessarar hliðar á kreppunni og efla mjög hina almennu löggæslu, hvernig sem við svo förum að því, með hagræðingu, og eins að horfa til þess að fjárveitingar hafa verið naumt skornar á undanförnum árum, þar eru vandamál uppi sem Alþingi verður að taka á.

Ég vil að lokum fagna því sérstaklega að í breytingartillögunum var fallið frá því að skipa sérstakt embætti ríkissaksóknara heldur að veita heimild til að skipa ríkissaksóknara í þessum málaflokki ad hoc. Það er mun viðurhlutaminna heldur en setja á stofn embætti, ódýrara og skilvirkara. Nauðsyn á sérstökum ríkissaksóknara ad hoc fellur auðvitað á brott komi til þess að núverandi ríkissaksóknari láti af störfum og annar verði ráðinn í hans stað.

Frú forseti. Ég fagna að lokum þeirri samstöðu sem náðist í allsherjarnefnd og vil taka undir orð þeirra sem hér hafa mælt á undan mér.

[12:48]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vildi koma hingað upp til þess að taka undir eitt atriði í ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar. Það varðar þessa spurningu um hvaða áhrif versnandi efnahagsástand, kreppan, kemur til með að hafa á aðra brotaflokka og mikilvægi þess að aðrir þættir löggæslunnar verði ekki skornir niður heldur efldir. Ég held að það sé mikilvægt að við skoðum einmitt í þessu samhengi að hættan er sú að brotatíðni fari vaxandi, ekki bara hvað varðar efnahagsbrot heldur einnig á fjölmörgum öðrum sviðum. Auðvitað er það alltaf mikilvægt en á erfiðleikatímum er alveg sérstaklega mikilvægt að hin almenna löggæsla og löggæslukerfið í það heila sé öflugt og njóti trausts. Það er gríðarlega mikilvægt. Þetta er viðfangsefni sem við þurfum að ræða síðar en ég vildi nota tækifærið til þess að taka undir þessi orð hv. þingmanns.

[12:49]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hygg að allir þingmenn hér inni deili þessum áhyggjum. Það er, að ég hygg, orðin staðreynd að afbrot hafa aukist í kjölfar kreppunnar og við verðum auðvitað að huga að öllum afleiðingum hennar. Einnig er afar brýnt, eins og ég hef kannski nefnt áður í þessum málaflokki varðandi fé til löggæslumála, að við þurfum ekki bara að láta þá sem brotlegir eru í þessum efnahagsbrotum sæta ábyrgð heldur er jafnbrýnt að ná til þeirra fjármuna sem þeir hafa náð undir sig með ólögmætum hætti.

Ég vil síðan nefna varðandi hina almennu löggæslu að innan úr lögreglunni hafa komið hugmyndir um skipulagsbreytingar sem eru að mínu mati til þess fallnar að styrkja hina almennu löggæslu. Ég hef séð slíkar tillögur sem ég get stutt en burt séð frá því hygg ég að það verði að auka fjárveitingar til hinnar almennu löggæslu, til grenndargæslunnar.

[12:50]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst upp til þess að lýsa stuðningi Framsóknarflokksins við þetta mál og láta í ljósi ánægju með hvernig vinnan hefur farið fram og hvernig samstaða hefur náðst um að ljúka málinu.

Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir hefur setið í allsherjarnefnd fyrir okkar hönd og unnið þar að málinu og aðrir þingmenn hafa fylgst með í gegnum hana, í rauninni samkvæmt hennar upplýsingum. Ljóst er að menn hafa lagt töluvert á sig til þess að gera þessar breytingar þannig að þær virki og geri gagn og því ber að fagna. Verið er að eiga við stór og flókin mál sem eru flókin fyrir okkar réttarkerfi, rannsóknarkerfi og löggæslu. Það er ekki síst mikilvægt að þarna náist árangur í ljósi þess að margt bendir til að einnig séu miklir fjármunir í húfi og við verðum að gera allt sem við getum til þess að nálgast þá aftur.

Í ræðum þingmanna hafa komið fram vangaveltur um hvort rannsókn og eftirfylgni af henni eigi að vera á sama stað og annað. Ég hef velt því fyrir mér eftir að ég heyrði að dæmi eru um það víðar úr okkar kerfi að sömu aðilar rannsaka eða lýsa einhvers konar kærum í málum og úrskurða síðan jafnvel í þeim sjálfir. Dæmi um slíkt er að finna hjá skattinum. Þetta verður vonandi rætt hér undir öðrum lið og síðar, í haust jafnvel. Ég tel að þetta þurfi að skoða.

Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið varðandi að það hafi tekist að skapa raunhæfa umgjörð til þess að styrkja þetta embætti og þá rannsókn sem er í gangi. Ég vil líka taka undir orð hv. þm. Atla Gíslasonar um afleiðingar þessarar kreppu sem við glímum við í dag. Við erum farin að sjá þessar afleiðingar sem hann nefndi í ræðu sinni, þ.e. aukna tíðni afbrota. Við þurfum að vera reiðubúin að bregðast við þeim. Við þurfum að efla okkar almennu löggæslu til þess að geta staðist þann þrýsting sem er kominn nú þegar og verður því miður örugglega enn þá meiri með haustinu. Það er ekki gaman að ræða þetta á þessum nótum en ef við ætlum að læra af óförum annarra í ástandi eins og hér er eigum við að horfa á þennan þátt og bregðast við áður en illa fer með því að efla þá löggæslu og þær heimildir eða úrræði sem við eigum.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég lýsi aftur og enn yfir ánægju með þetta frumvarp og þakka nefndinni fyrir að hafa unnið hratt og vel.

[12:54]

Frsm. allshn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þingmönnum sem til máls hafa tekið í þessari umræðu fyrir málefnalegar ræður og að hafa komið inn á margt fróðlegt og merkilegt. Aðalatriði þessa máls er auðvitað, eins og hefur komið fram, að verið er að styrkja embætti sérstaks saksóknara með því að setja inn þrjá sjálfstæða saksóknara. Þetta er afar mikilvægt mál og í anda þeirrar þverpólitísku samstöðu sem ekki er bara í allsherjarnefnd heldur líka hér á hinu háa Alþingi um mikilvægi þess að styrkja þetta embætti.

Ég vil koma inn á nokkur efnisatriði sem hafa verið nefnd í þessari umræðu. Í fyrsta lagi kom hv. þm. Pétur

Blöndal hingað upp og velti fyrir sér og viðraði efasemdir um að það væri rétt að hinn sérstaki saksóknari hefði heimild til þess að taka til baka mál sem hann hefði úthlutað til hinna þriggja saksóknaranna. Því er til að svara að í frumvarpinu sjálfu er gert ráð fyrir að þetta eigi eingöngu við ef um er að ræða veikindi saksóknara, tímabundið orlofs, svo sem fæðingarorlof eða þess háttar. Ekki er gert ráð fyrir að almenna reglan sé sú að hinn sérstaki saksóknari geti afturkallað mál sem hann hefur úthlutað til hinna þriggja saksóknaranna því að það skiptir auðvitað afar miklu máli og er hlutverk hins sérstaka saksóknara að gæta samræmis í störfum embættisins og að eins sé farið með öll mál.

Hv. þm. Birgir Ármannsson var með prýðilegar vangaveltur um framtíðarfyrirkomulag ýmissa mála sem lúta að efnahagsbrotum, lögregluvaldi, ákæruvaldi o.s.frv. og hægt er að taka undir margt af því sem hv. þingmaður kom inn á. Það sem ég vildi nefna hér og hef verið sérstaklega hugsi yfir eftir hrunið sl. haust er aðkoma þessara sérstöku eftirlitsstofnana ríkisins eða stjórnvalda, t.d. Fjármálaeftirlits, Samkeppniseftirlits og ef út í það er farið skattayfirvalda — hvernig hlutverk þeirra er í samhengi við lögreglu, efnahagsbrotadeild o.s.frv. Ég held að það sé orðið afar brýnt að valdheimildir þessara aðila séu skýrðar betur og jafnvel verkaskipting líka vegna þess að mér skilst, svo lítið dæmi sé tekið, að ef rannsóknarnefnd Alþingis, sem er að störfum núna, rekst í störfum sínum á mál sem hún hefur athugasemdir við vísar hún því til Fjármálaeftirlits. Fjármálaeftirlitið fer yfir það mál og vísar því, ef efni standa til, áfram til lögreglu. Það er umhugsunarefni hvort þetta fyrirkomulag sé rétt og nógu skilvirkt við þær aðstæður sem eru í samfélaginu núna. Mér finnst full ástæða til þess að skoða þetta.

Ég vil líka taka undir það sem hv. þm. Birgir Ármannsson og Atli Gíslason gerðu að umtalsefni og lýtur að dómstólum. Ég tel það afar brýnt og held að það hljóti að verða verkefni okkar á allra næstu vikum og mánuðum að sjá fyrir okkur endastöðina, endapunktinn. Hvað muni gerast hjá dómstólum landsins þegar búið verður að ljúka rannsókn á þeim málum sem núna eru í rannsókn, koma þeim til ákæruvaldsins og á endanum til dómstóla. Að það verði tryggt að dómstólarnir hafi þá yfir nægum mannafla að ráða til að málin taki ekki allt of langan tíma en verði leidd til lykta á sem skemmstum tíma. Ég held að það skipti líka almenning í landinu mjög miklu máli að dómstólarnir séu efldir. Þess vegna vil ég taka undir þau sjónarmið sem hér voru nefnd um styrkingu á dómstólunum.

Hv. þm. Atli Gíslason nefndi einnig fjölgun afbrota, til að mynda í Finnlandi í kjölfar þeirrar kreppu sem þar ríkti. Mér sýnist að miðað við þær fréttir sem við fáum núna úr íslensku samfélagi — það er hægt að orða það þannig að ýmis teikn séu á lofti um að við séum ekki í ósvipuðum aðstæðum og Finnar lentu í á sínum tíma. Þá skiptir aðbúnaður hinnar almennu lögreglu mjög miklu máli. Núna síðustu daga, frú forseti, hafa borist fréttir af bréfum og skrifum einstakra lögreglumanna um aðbúnað lögreglunnar, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, um skort á mannafla og fjármunum. Ég tel að Alþingi eigi að taka þetta mjög alvarlega. Þetta mál var m.a. rætt í hv. allsherjarnefnd í morgun og ákveðið þar að nefndin mundi hitta dómsmálaráðherra og ráðuneytisfólk auk lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til þess að fara yfir þetta mál. Ég tel algjörlega einsýnt að hér verður að koma til ekki bara aukning á fjármunum til lögreglunnar heldur ekki síður styrking á lögreglunni og skipan lögreglumála í landinu.

Sjálf hef ég á öðrum vettvangi haft sterkar skoðanir á skipan lögreglumála, sérstaklega varðandi hverfalöggæslu og almennu löggæsluna. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að hverfalöggæslan og hluti af hinni almennu löggæslu, sem í eðli sínu er nærþjónusta, eigi betur heima hjá sveitarfélögum en ríkinu. Ég hef talað fyrir þeim sjónarmiðum á öðrum vettvangi í mörg ár en reyndar mætt litlum skilningi af hálfu dómsmálayfirvalda. Menn hafa rætt um að það mundi flækja skipan lögreglumála að skipta lögregluliði upp o.s.frv. Hins vegar er staðreyndin sú að þetta fyrirkomulag er þekkt víða um heim og þar sem hverfislöggæsla og grenndarlöggæsla hefur verið reynd, til að mynda hér í höfuðborginni, hefur hún gefist afskaplega vel. Þetta er fyrirbyggjandi starfsemi þar sem lögreglumennirnir í hverfunum sjálfum mynda tengsl við íbúana, hafa yfirsýn yfir hvað er að gerast og geta þannig í mörgum tilfellum komið í veg fyrir minni háttar afbrot. Þessi umræða er ekki beinlínis tengd þessu frumvarpi en tveir hv. þingmenn komu inn á þetta hér áðan og þess vegna vildi ég bregðast við og taka undir þau sjónarmið að við þessar aðstæður beri að styrkja lögregluna.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem hafa tekið til máls í þessari umræðu fyrir málefnalegar ræður og nefndinni fyrir afar gott samstarf og samhug í þessu verkefni. Ég vil einnig taka undir að nefndin var samstiga um að flýta málinu og vinna það hratt og örugglega og ég vonast til þess nú að lokinni þessari umræðu að málið geti komið til atkvæðagreiðslu hér í þinginu við allra fyrsta tækifæri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:02]

Útbýting:
Bankasýsla ríkisins, 124. mál, brtt. ÁI, þskj. 287.

[Fundarhlé. — 13:03]

Um fundarstjórn.

Umræðuefni í fundarstjórnarumræðu.

[14:01]

Birgir Ármannsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Fyrr í dag skildum við við umræðu um fundarstjórn forseta í nokkurri óvissu um það hvernig framhald yrði á umræðum um þá mismunandi túlkun sem fyrir liggur og greinilega kom fram í morgun á heimildum þingmanna til að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Ég vil bara inna hæstv. forseta eftir því hvort einhver lína sé komin í það. Það bárust óljósar fregnir af því að hæstv. forseti Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir ætlaði að ræða við formenn þingflokka eitthvað frekar. Álitamálin eru engu að síður fyrir hendi og óráðd í þinginu þannig að ég er að velta fyrir mér hvort hæstv. forseti geti upplýst eitthvað um þetta.

[14:02]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Sá forseti sem stjórnar fundi nú hefur ekki upplýsingar um það mál sem hv. þingmaður spyr um en mun hlutast til um það gagnvart forseta Alþingis, hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, að fá upplýsingar um það mál síðar í dag.

Ríkisútvarpið ohf., 2. umr.

Stjfrv., 134. mál (gjalddagar útvarpsgjalds). — Þskj. 187, nál. 254.

[14:02]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá menntamálanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson og Auði B. Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti, Ástu Garðarsdóttur og Guðjón Á. Ríkharðsson frá Fjársýslu ríkisins, Skúla Eggert Þórðarson og Ingvar J. Rögnvaldsson frá ríkisskattstjóra, Daða Sverrisson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Ástrúnu Björk Ágústsdóttur frá Íslandsbanka og Grétu Berg Ingólfsdóttur og Jón Örn Guðmundsson frá Landsbankanum. Umsagnir bárust frá Ríkisútvarpinu ohf. og ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu er lagt til að gjalddögum útvarpsgjalds fjölgi úr einum í þrjá hjá einstaklingum en hjá lögaðilum verði einn gjalddagi. Gert er ráð fyrir að gjalddagar hjá einstaklingum verði 1. ágúst, 1. október og 1. desember en 1. nóvember hjá lögaðilum. Markmiðið með þessari breytingu er að skapa fjárhagslegt hagræði fyrir einstaklinga með dreifingu á greiðslu útvarpsgjaldsins.

Í kostnaðarumsögn frá fjárlagaskrifstofu kemur fram að áætlað er að útgjöld ríkissjóðs gætu aukist um 9 millj. kr. með auknum fjölda útsendra innheimtuseðla og að þessi viðbótarútgjöld muni falla til hjá Fjársýslu ríkisins sem heyrir undir fjármálaráðuneytið.

Á fundi með nefndinni kom fram hjá fulltrúum frá Fjársýslu ríkisins að fyrirkomulag á innheimtu gjaldsins sé með þeim hætti að þeir greiðendur sem ekki eru launagreiðendamerktir í kerfi hennar fái senda sérstaka greiðsluseðla. Fjölgun gjalddaga úr einum í þrjá mun því hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þar eð greiðsluseðlum, sem sendir eru gjaldendum sem ekki eru launagreiðendamerktir hjá innheimtumönnum ríkissjóðs, muni fjölga.

Í frumvarpinu er eins og áður segir gert ráð fyrir að gjalddagar hjá einstaklingum verði 1. ágúst, 1. október og 1. desember. Fram kom hjá Fjársýslu ríkisins að ef gjalddagaskiptingin er miðuð við þá gjalddaga hefur það í för með sér kostnaðarauka sem nemur u.þ.b. 11,5 millj. kr. Sé gjalddagaskiptingin hins vegar ákvörðuð 1. ágúst, 1. september og 1. október mun kostnaður lækka um u.þ.b. 4 millj. kr. og verða 7,5 millj. kr. Útvarpsgjaldið fari á greiðsluseðil með eftirstöðvum gjalda til innheimtu eftir álagningu og skýringin á kostnaðarlækkuninni sé sú að eftirstöðvum gjalda við álagningu er skipt á fimm gjalddaga en þó sé miðað við að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga, sbr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þannig að útsendum greiðsluseðlum fækkar eftir því sem líða tekur á árið. Fram kom að í fyrra voru sendir út 42.000 greiðsluseðlar 1. ágúst en 1. desember 15.000. Þá kom fram hjá Fjársýslunni að misræmi milli kostnaðarmats hennar og fjárlagaskrifstofu helgist af óvissu um hversu margir greiðendur eru ekki launamerktir. Í upphafi var talið að þeir væru mun fleiri en áætlað var en nú sé jafnvel gert ráð fyrir að þeir séu mun færri.

Nefndin telur mikilvægt með hliðsjón af stöðu ríkissjóðs, og í ljósi þess að fjárlög ársins 2010 munu innihalda mikinn niðurskurð á öllum sviðum, að nauðsynlegt sé að leita leiða sem hafa í för með sér hagræðingu eða sparnað. Nefndin leggur því til þá breytingu að gjalddagar verði miðaðir við 1. ágúst, 1. september og 1. október. Nefndin bendir á að bankar bjóði upp á þann greiðslumöguleika að þeir aðilar sem eru í greiðsludreifingu geti dreift greiðslunni á lengra tímabil. Með vísan til þessa telur nefndin að breytingin hafi í för með sér bæði sparnað fyrir ríkissjóð og nái því markmiði sem upphaflega var stefnt að með frumvarpinu, að veita gjaldendum aukið hagræði við greiðslu útvarpsgjalds.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „1. október og 1. desember“ í 1. gr. komi: 1. september og 1. október.

Hv. þingmenn Ásmundur Einar Daðason, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eftirfarandi hv. þingmenn skrifa undir nefndarálitið: Oddný G. Harðardóttir, Eygló Harðardóttir, Árni Þór Sigurðsson, Skúli Helgason og Unnur Brá Konráðsdóttir.

[14:08]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Þegar ákveðið var að fara frá því kerfi sem var við lýði um innheimtu útvarpsgjalds þar sem það var lagt á og innheimt gegnum mjög dýrt kerfi sem var auk þess ekki mjög skilvirkt því talið var að stór hluti notenda greiddi ekki þó þeir notuðu sér þjónustu Ríkisútvarpsins, þá gerðu menn veigamikil mistök að mínu mati. Þeir ákváðu að leggja á sérstakt útvarpsgjald í staðinn fyrir að lækka persónuafsláttinn í skattkerfinu og færa hluta af þeim persónuafslætti sem útvarpsgjald. Það virkar nákvæmlega eins fyrir velflesta, er réttlátara fyrir þá sem eru á mörkunum vegna þess að nú er það þannig að ef tekjur manna hækka um eina krónu og þeir fara upp fyrir skattleysismörkin þá borga þeir í fyrsta lagi útvarpsgjald sem er umtalsverð upphæð og gjald til aldraðra einnig þannig að ein króna getur valdið því að menn borga eitthvað um 25 þús. kr. í heildina í þessa tvo skatta. Þetta eru nefskattar sem eru mjög óféla gslegir sem kunnugt er þar sem menn borga þá án tillits til tekna. Mér fannst vera mjög eðlilegt að menn notuðu tækifærið og tækju þann skatt sem er neikvæður nefskattur, sem er persónuafslátturinn, og bara hreinlega lækkuðu hann á móti báðum þessum gjöldum. Það hefði mátt hafa það í kerfinu sérmerkt að þessi stóri hluti af persónuafslættinum sé vegna útvarpsgjalds og annar hluti vegna gjalds í Framkvæmdarsjóð aldraðra. Þá liggur það alveg fyrir og það

hefði alveg mátt gefa það upp í yfirliti eftir áramót að menn hafi borgað þetta og þetta mikið í þessi gjöld. Nei, menn ákváðu að fara þá leið að vera með sérstakt gjald með sérstöku innheimtukerfi, með sérstöku kerfi í kringum þetta og þá kom í ljós að fólk átti erfitt með að borga þetta allt í einum gjalddaga. Menn fóru að fjölga gjalddögunum upp í tíu og nú er verið að breyta því, það er aftur verið að breyta því og ég mundi segja að þetta væri allt meira og minna rugl vegna þess að til er afskaplega einföld leið til að gera þetta. Ég sé ekki að hv. menntamálanefnd hafi nokkurn skapaðan hlut fjallað um það að setja þetta inn í skattkerfið. Við erum með ýmis gjöld í skattkerfinu. Ég vil minna á barnabætur, sjómannaafslátt, vaxtabætur. Það eru sem sagt þrjú bótakerfi inni í tekjuskattslögunum. Það þykir mér öllu verra. En um þessa innheimtu sem er í rauninni skattur eru sett sérlög. Hér er verið að breyta því og flytja fram og til baka.

Það er ekki hægt að tala um þetta gjald án þess að tala um gjaldið sem var lagt á fyrirtæki. Nú er það svo að fyrirtæki hlusta ekki á útvarp og horfa ekki á sjónvarp. Ég hef aldrei séð trillu hlusta á útvarp eða horfa á sjónvarp. Í því tilfelli er því ekki um að ræða þjónustugjald. Það er hreinn og klár skattur á atvinnulífið í landinu. Núna mun koma í ljós að það kostar 19 þús. kr., eða hvað gjaldið er, að reka eitt stykki fyrirtæki á Íslandi. Þá eiga menn að kalla það það, frú forseti, og segja bara að þetta sé tilvistargjald eða lífsgjald eða hvað á að kalla það sem fyrirtæki borgar fyrir að vera á lífi og fá að vera virkt í kerfinu, en ekki kalla það útvarpsgjald því í því liggur að fyrirtæki séu einhvern veginn að hlusta á útvarp og horfa á sjónvarp. Sumir hafa sagt að það sé eðlilegt að fyrirtæki, til dæmis rakarastofur og slíkir borgi útvarpsgjald af því að útvarpið sé í gangi og svona. En það vill svo til að fólkið sem hlustar á útvarpið á rakarastofunni er allt saman búið að borga útvarpsgjald heima hjá sér. Það er búið að borga fyrir þessa notkun þannig að þetta er mjög skrýtin skattlagning og ég gagnrýndi hana mikið á sínum tíma og gagnrýni hana ekki minna núna. Ég er nærri viss um að það eiga eftir að koma upp einhver jafnvel málaferli þar sem menn munu kæra það að fyrirtæki þar sem ekki einu sinni er starfsmaður, þ.e. fyrirtæki sem er bara með rekstur og ekki með starfsmann eða neitt er að borga útvarpsgjald og það liggur í orðinu að það sé eitthvað tengt útvarpi, þetta getur jafnvel verið skip á hafi úti sem nær ekki í útvarp eða inni í afdölum. Mér finnst þetta vera mjög slæmt.

Mér finnst sérstaklega slæmt að hv. menntamálanefnd hafi ekki munað eftir umræðum þegar þetta gjald var sett á og ekki munað eftir þeirri einföldu lausn sem fólst í því hreinlega að lækka persónuafsláttinn um þetta gjald, lækka gjaldið í Framkvæmdarsjóð aldraðra um þetta gjald og við erum komin með afskaplega einfalt kerfi sem kostar ekki neitt í rekstri, ekki krónu því það er innbyggt inn í skattkerfið. Það hefði mátt prenta eina línu á álagningarseðla og segja fólki að það sé búið að borga þetta útvarpsgjald þar.

[14:13]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal kærlega fyrir ræðuna og fyrir ábendingarnar. Ég mundi kannski segja að það væri ástæða til að kalla málið aftur inn á milli 2. og 3. umr. til að ræða jafnvel þessar ábendingar því verið er að tala um að ákveðnir aldurshópar ættu í raun ekki að borga þetta útvarpsgjald. Þá er jafnvel spurning hvort setja þurfi einhverjar reglur líka varðandi lögaðila, að lögaðilar til dæmis þyrftu að vera á launaskrá til að þeir væru skyldugir til að borga þetta útvarpsgjald miðað við það sem þingmaðurinn var að nefna. Það er náttúrlega mikið áhyggjuefni að ef þú ert með fyrirtæki — ég skal bara viðurkenna að ég á fyrirtæki sem er ekki með neinn rekstur en heldur utan um ákveðna eign — en það er enginn starfsmaður sem starfar hjá fyrirtækinu. Þetta fyrirtæki mun þá væntanlega þurfa að borga útvarpsgjald samkvæmt því sem þingmaðurinn er að segja. Væntanlega þarf fjöldi svona fyrirtækja þá að borga þessa skatta þó að viðkomandi eigendur séu hvort sem er líka að borga útvarpsgjald sem einstaklingar.

Ég mælist því til þess að þetta mál fari aftur í nefnd milli 2. og 3. umr. og ég efast ekki um að það er ýmislegt sem við getum rætt áfram varðandi þessa breytingu þar inni.

[14:15]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og stundum áður er mér svara vant af því að þetta var ekki andsvar heldur meðsvar. Ég tek undir með hv. þingmanni og held að alveg sé ástæða til þess, af því að við erum að gera ýmislegt í þjóðfélaginu til þess að spara og gera kerfin einfaldari, að setja þetta gjald ásamt gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra inn í persónuafsláttinn. Það kemur nákvæmlega eins út fyrir einstaklinga.

Varðandi unga fólkið og þá sem eru undir skattleysismörkum, þá er gert ráð fyrir því í gjaldinu að þeir sem eru undir skattleysismörkum borgi ekki þetta gjald og ekki heldur í Framkvæmdasjóð aldraðra, þannig að segja má að þeir séu varðir, t.d. unglingar sem búa heima hjá foreldrum sínum. En ef þeir fara eina krónu umfram borga þeir allt í einu 19 þús. kr. í útvarpsgjaldið og síðan 6 eða 7 þús. kr. í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þeir geta borgað 25 þús. kr. fyrir þessa einu krónu sem þeir höfðu í tekjur umfram mörkin. Þau áhrif mundu hverfa ef menn hefðu þetta inni í persónuafslættinum, þá kemur þetta ekki upp.

Ég er því hlynntur því að hv. þingmaður leggi til að þetta verði tekið inn til nefndar milli umræðna og nefndin hugi virkilega að því að gera breytingar á tekjuskattslögunum og lækka persónuafsláttinn.

[14:16]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er kannski ástæða til þess að fara að breyta nafninu á þessu, í staðinn fyrir að tala alltaf um andsvar getum við kallað þetta and- og meðsvör.

Hins vegar var fór ég að velta því fyrir mér í framhaldi af ræðu þingmannsins að segja má að þetta mál falli ekki undir það sem við fjöllum almennt um í menntamálanefnd. Þetta er fyrirkomulag sem ætti mun frekar heima innan efnahags- og skattanefndar sem hv. þingmaður situr í og sérstaklega þessar athugasemdir sem hafa komið frá honum. Ég skrifa undir nefndarálitið og vil benda á að þó að talað sé um ákveðinn kostnaðarauka við þessar breytingar er samt sem áður sparað í heildina miðað við hvernig fyrir-

komulagið hefur verið á gjaldinu eða skattlagningunni, hvort sem við viljum kalla það. Í kostnaðarumsögn með frumvarpinu kemur fram að útgjöld geti hugsanlega aukist um 9 millj. kr. við þessa breytingu en mér skilst að miðað við hvernig innheimt var áður hafi kostnaðurinn verið einhver hundruð milljóna.

Hins vegar eru mjög áhugaverðar vangaveltur og ábendingar hjá þingmanninum, sem virðast hafa verið ræddar áður innan efnahags- og skattanefndar og hérna í þinginu, um hvort hægt væri að samnýta það skattakerfi sem er þegar til staðar. Þess vegna spyr maður enn á ný hvort þetta mál hefði ekki frekar átt heima undir efnahags- og skattanefnd og meðhöndlun hjá henni frekar en hjá okkur sem erum frekar sérfræðingar í mennta- og menningarmálum.

[14:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég lagði til að sínum tíma að það yrði lagt í hendur efnahags- og skattanefndar að fjalla um þetta, sem er klárlega skattamál. Eins og ég gat um áðan gagnvart fyrirtækjunum hefur þetta ekkert að gera með þjónustu af því að þau nota ekki þjónustuna og gagnvart einstaklingum er þetta óháð því hvað menn horfa mikið og hvort menn noti sjónvarp yfirleitt. Sumir horfa eiginlega ekkert á sjónvarp lengur og ég þar með talinn, ég horfi bara á það á netinu. Eins með útvarp, margir hlusta mjög lítið á útvarp og aðrir meira, þannig að þetta er í rauninni ekki lengur þjónustugjald, þetta er skattur. Það verða allir að borga hvort sem þeir nota kerfin eða ekki og þess vegna finnst mér eðlilegra að þetta eigi heima hjá efnahags- og skattanefnd.

[14:19]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Við erum að fjalla um ákveðnar formbreytingar, að breyta gjalddögum útvarpsgjalds, að þeir fari úr því að vera einn niður í þrjá hjá einstaklingum en að hjá lögaðilum verði áfram einn gjalddagi.

Þegar maður situr í nefndum þingsins lærir maður alltaf eitthvað nýtt og kannski getum við sagt að einna helst hafi maður lært við meðferð þessa máls að það er hægt að setja skatt í greiðsludreifingu hjá bönkunum. Þetta þyrfti kannski að benda almenningi á því að þetta kom mörgum nefndarmönnum svolítið á óvart — talandi um áhugaverða þjónustu hjá bönkunum.

Þegar hefur komið fram hérna, í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals, að fyrir lágu aðrar hugmyndir um hvernig væri hægt að innheimta þennan skatt. Ég verð að segja sem nýr fulltrúi í menntamálanefnd að mér finnst slæmt að við skyldum ekki ræða þetta aðeins frekar, ræða aðeins víðar hvort það sé rétta leiðin sem við leggjum til, þ.e. að þetta verði rukkað sérstaklega Mér þætti mjög áhugavert ef við gætum tekið það upp í nefndinni á milli 2. og 3. umr.

Ég verð líka að segja að hef svolitlar áhyggjur af Ríkisútvarpinu. Mikill halli hefur verið á rekstri þess og mikil fór vinna fram í þinginu þegar sem við vorum að búa til nýja löggjöf um RÚV. Eitt af því sem ég man eftir frá því þegar ég kom sem varamaður inn í menntamálanefnd var sú áhersla sem var lögð á að réttlætingin fyrir því að ríkið ræki útvarp væri sú áhersla sem stofnunin eða þetta opinbera hlutafélag ætti að leggja á íslenskt sjónvarpsefni og það ætti að vera í forustu fyrir gerð þess. Ég verð að segja að síðan þá hef ég ekki séð miklar breytingar verða á sjónvarpsdagskránni hjá RÚV og ég mundi telja að hæstv. menntamálaráðherra, með sinn bakgrunn í bókmenntum, hefði mikinn áhuga á hvernig RÚV getur raunverulega sinnt þessu forustuhlutverki og verið í forsvari fyrir íslenska menningu í gerð sjónvarpsefnis.

Við getum nefnt sem dæmi Silfur Egils, það er þáttur sem ég held að við stjórnmálamenn flestir horfum gjarnan á, sá þáttur á ekki uppruna sinn hjá RÚV. Sama má segja um Popppunkt, sem er mjög áhugaverður spurningaþáttur um tónlist. Oft virðast hugmyndir verða til hjá öðrum sjónvarpsstöðvum, hjá hinum einkareknu sjónvarpsstöðvum, og þegar viðkomandi sjónvarpsþáttur eða þáttastjórnandi er búinn að sanna sig er hann keyptur yfir til RÚV. Ég held að það sé ekki sú hugmyndafræði sem við lögðum upp með við þessa vinnu innan menntamálanefndar. Þar var núverandi hæstv. menntamálaráðherra einmitt mjög virkur og kröftugur í gagnrýni sinni á þá löggjöf sem var verið að setja um Ríkisútvarpið.

Það sem ég á við með þessu er að við erum hér að fjalla um skatt sem er hugsaður til þess að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins. Þó að við séum fyrst og fremst að tala um að breyta gjalddögunum skiptir máli í hvað á að nota þessa peninga, að við séum sátt við hvernig viðkomandi hlutafélag, sem er í eigu hins opinbera, notar þessa fjármuni. Það er umræða sem má ekki lognast út af heldur verðum við að halda henni lifandi innan þingsins og í samfélaginu og gera kröfur. Við eigum að gera kröfur til Ríkisútvarpsins, sérstaklega í ljósi þess að verið er að leggja þennan nefskatt á núna, að vísu með þrjá gjalddaga í staðinn fyrir einn hjá einstaklingum en hjá lögaðilum verður áfram einn gjalddagi.

Þetta eru helstu athugasemdir mínar varðandi þetta mál og ég hefði mikinn áhuga á að við skoðuðum það aðeins betur á milli 2. og 3. umr.

[14:24]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um breytingar á innheimtu útvarpsgjaldsins svokallaða sem er í rauninni skattur. Menntamálanefnd hefur fjallað um málið og ágætis samstarf hefur verið í nefndinni um það enda svo sem ekki margt annað sem nefndin er að sýsla þessa dagana á sumarþinginu. Uppleggið með þessu máli er að lagt er til að gjalddögum útvarpsgjalds verði fjölgað úr einum í þrjá hjá einstaklingum en hjá lögaðilum verði einn gjalddagi.

Við fengum ágæta gesti fyrir nefndina og þar með fæddist þessi breytingartillaga um að í stað þess að gjaldið yrði innheimt í ágúst, október og desember verði það í ágúst, september og október. Er þetta vegna hagræðingar við innheimtu og þarna næst að spara fjármuni. Um það snýst þetta nú allt saman, starf okkar hér á þessu sumarþingi, að fjalla um breytingar og reyna að ná sem mestri hagræðingu í öllum þeim ákvörðunum sem hér eru teknar, í ljósi þess efnahagsástands sem við búum við. Þetta er í sjálfu sér hollt fyrir okkur og að sjálfsögðu á stöðugt að hafa í huga hvernig kostnaður verður til og hvernig við ætlum að nýta sem

best þær krónur sem til falla og við höfum til umráða í þessu ástandi.

Mig langar að þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir athyglisverðar hugmyndir sem hann fram kom með og viðurkenni að þær voru ekki ræddar í nefndinni og komu ekki upp á fundi nefndarinnar. Því tel ég því fulla ástæðu til þess að við tökum þetta inn í nefndina á milli umræðna og ræðum það. Jafnframt væri ágætt að vita hvort mögulegt væri að fá einhvers konar umsögn þá frá efnahags- og skattanefnd þar sem þetta er í rauninni skattamál en ekki mál sem varðar menntamálin sem slík eða hlutverk menntamálanefndarinnar.

Jafnframt eru athyglisverðar þær hugmyndir sem hann er með varðandi fyrirtækin. Að sjálfsögðu gengur ekki eins og ástandið er hjá íslenskum fyrirtækjum að verið sé að bæta þessum skatti á fyrirtæki sem eru í rauninni kannski ekki í rekstri og eru ekki með starfsmenn í vinnu. Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal komst svo skemmtilega að orði þá eru það ekki bátarnir sem horfa á sjónvarpið alla dagana. Þetta er því mál sem ég tel að við verðum að taka til umfjöllunar.

Við sitjum hér, hv. þingmenn, á þessu sumarþingi og förum yfir ýmis mál, við í menntamálanefnd erum að fara yfir þessi gjalddagamál meðan aðrar nefndir eru að fjalla um Icesave-samkomulagið, og það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að við vöndum okkur, að við köstum ekki til höndum og reynum að afgreiða málin hratt — sem er að sjálfsögðu alltaf kostur — en við þurfum að að nota tímann vel og einbeita okkur að því að við náum þá a.m.k. sem bestri niðurstöðu þrátt fyrir að þingmenn séu að sjálfsögðu með hugann við önnur stærri mál. Við megum engu að síður, fyrst þetta mál er hér á dagskrá, og dagskráin eins og hún liggur fyrir í dag er sambland af ýmsum misstórum málum, aldrei missa sjónar á því að vanda okkur.

Ég tek því einfaldlega undir þessi sjónarmið hv. þm. Pétur H. Blöndals um að það er full ástæða til að ræða þetta í nefndinni og jafnframt þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Eygló Harðardóttur, sem situr með mér í menntamálanefndinni, að við þurfum að opna augun og vanda okkur í því sem við erum að gera í nefndinni.

Að öðru leyti vonast ég bara til þess að við eigum áfram gott samstarf í nefndinni um þetta mál og hef í rauninni ekki meiru við málið að bæta.

[14:29]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Við erum hér að ræða frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6, sem sett voru árið 2007, um Ríkisútvarpið ohf. Markmiðið með þessum breytingum sem fjallað er um er að skapa fjárhagslegt hagræði fyrir einstaklinga með dreifingu á greiðslu útvarpsgjaldsins. Ég tel að breytingin sem lögð er til hafi, eins og segir í nefndarálitinu: „… í för með sér bæði sparnað fyrir ríkissjóð og nái því markmiði sem upphaflega var stefnt að með frumvarpinu, að veita gjaldendum aukið hagræði við greiðslu útvarpsgjalds.“ Það hefur jafnframt komið fram að af þessu gjaldi fá fáir afslátt, svo sem öryrkjar, og er fjallað um þetta m.a. í *Fréttablaðinu* í dag.

Ég mun beita mér fyrir því að milli 2. og 3. umr. verði talað um þetta og óskað eftir því við menntamálaráðherra að hún taki málið til frekari skoðunar. Ég legg hins vegar áherslu á að það seinki ekki afgreiðslu þessa máls, þ.e. fjölgun gjalddaganna, en að við getum séð til þess að þetta mál fari í frekari skoðun jafnvel þó að við afgreiðum frumvarpið með breytingum eins og lagt er hér til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 2. umr.

Stjfrv., 37. mál (EES-reglur, aðild starfsmanna að ákvörðunum). — Þskj. 37, nál. 200.

[14:31]

Frsm. fél.- og trn. (Lilja Mósesdóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

Þessu frumvarpi er ætlað að innleiða 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins frá 26. október 2005, um samruna hlutafélaga yfir landamæri. Tilskipunin var að stórum hluta innleidd hér á landi með lögum nr. 54/2007, um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Í þeirri löggjöf voru ekki ákvæði um þátttökurétt starfsmanna og því er lagt til að þau verði innleidd með sérlögum. Markmið laganna er að tryggja áunninn rétt starfsmanna félaga sem verða til við samruna yfir landamæri til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi slíkra félaga og til að viðhalda reglum um aðild starfsmanna sem í gildi eru í þeim félögum sem taka þátt í stofnun samrunafélags. Með öðrum orðum er hér ekki verið að veita ný réttindi heldur að tryggja áunnin réttindi. Frumvarpinu er ætlað að innleiða lágmarksreglur skv. 16. gr. tilskipunarinnar.

Þau atriði sem fengu mesta umfjöllun voru réttindi starfsmanna, hugtakanotkun frumvarpsins og gildissvið þess.

Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að samræmi væri milli hugtaka og orðanotkunar í lögum nr. 27/2004 og í því frumvarpi sem við ræðum hér og tekur nefndin undir það. Nefndin leggur til þá breytingu að í stað samrunafélags komi yfirtökufélag og í stað þátttökufélags komi samrunafélag til þess að samræma þessa hugtakanotkun.

Nefndinni voru að auki kynnt þau sjónarmið að eðlilegt væri að fella brott orð eins og framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn enda slíkar stjórnir ekki til að íslenskum rétti þar sem kveðið er á um framkvæmdastjóra og stjórnir félaga. Þar sem frumvarpið kveður á um samruna yfir landamæri leggur nefndin þó ekki til breytingu á þessu enda stjórnarform fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu ekki með samræmdum hætti.

Markmið frumvarpsins er að tryggja, eins og áður sagði, áunninn rétt starfsmanna félaga sem verða til við samruna yfir landamæri. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að því sé ætlað að innleiða lágmarksreglur 16. gr. tilskipunar-

innar og telur nefndin því rétt að afmarka gildissviðið nánar í 1. gr. og auka þannig skýrleika laganna. Auk þessarar breytingar leggur nefndin til smávægilegar leiðréttingar á texta. Þessar leiðréttingar eru fjórar talsins.

„1. Við 1. gr. bætist: þegar starfsmenn a.m.k. eins yfirtökufélags hafa áunnið sér réttindi til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi slíkra félaga.

2. Við 3. gr. a. 7. tölul. orðist svo: Millilandasamruni: Samruni þar sem samrunafélag lýtur löggjöf minnst tveggja ríkja sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar, svo og annarra ríkja samkvæmt heimild í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra. b. Í stað orðsins „samrunafélag“ í 9. tölul. og í stað sama orðs í öðrum ákvæðum frumvarpsins, nema í 7. tölul. greinarinnar, komi (í viðeigandi beygingarfalli): yfirtökufélag. c. Í stað orðsins „þátttökufélag“ í 13. tölul. og í stað sama orðs í öðrum ákvæðum frumvarpsins komi (í viðeigandi beygingarfalli): samrunafélag.

3. Í stað orðanna „að minnsta kosti“ í b-lið 2. mgr. 5. gr. og tvisvar í 2. mgr. 8. gr. komi: a.m.k.

4. Við 16. gr. Orðin „skv. 1. og 2. mgr.“ falli brott.“

Undir nefndarálitið skrifa hv. þingmenn: Sú sem hér stendur, Lilja Mósesdóttir formaður nefndarinnar, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir. Þuríður Backman, Guðbjartur Hannesson og Guðmundur Steingrímsson.

Við afgreiðslu nefndarálitsins voru eftirfarandi hv. þingmenn fjarverandi: Pétur H. Blöndal, Jón Gunnarsson og Ólína Þorvarðardóttir.

[14:36]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér nefndarálit um frumvarp til laga um aðild starfsmanna að samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, sem var fjallað um í hv. félags- og tryggingamálanefnd. Ég var ekki viðstaddur þá umræðu enda var ég þá staddur í Vilníus á vegum þingsins á ÖSE-þingi. Ég vil samt ræða þetta mál og sérstaklega vil ég benda á að við erum að innleiða ákveðna tilskipun Evrópusambandsins, Evrópuþingsins og -ráðsins. Við höfum áður innleitt t.d. innlánstryggingakerfi þess ágæta sambands og þar voru stórir gallar sem ekki voru uppgötvaðir, kerfisgallar frá Evrópusambandinu. Ég hef áður bent á eftir hrunið að menn þurfi kannski að vanda sig enn frekar, sérstaklega þegar kemur að tilskipunum Evrópusambandsins og gæta þess að í þeim séu ekki fólgnir gallar. Þrátt fyrir að maður freistist til að halda að sérfræðingar Evrópusambandsins í Brussel sjái við slíku er sá galli, sem kom fram í tilskipun um innlánstryggingar og kristallast svo í vanda íslensku þjóðarinnar gagnvart Icesave — sem er stórhættulegur vandi — vegna galla í tilskipunum Evrópusambandsins. Ég held að á því leiki enginn vafi og ég get fært rök fyrir því.

Það sem við ræðum hér er tilskipun um að þegar fyrirtæki sameinast yfir landamæri innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins haldi starfsmenn og aðrir réttindum sem þeir hafa áunnið sér í einu ríki. Nú er það oft dálítið erfitt vegna þess að í nokkrum löndum er t.d. aðild starfsmanna að stjórnum tryggð, í öðrum ekki. Það er óleyst hvernig menn ætla að fara með það ef fyrirtæki sameinast yfir landamæri, sérstaklega ef þeir flytja höfuðstöðvarnar til lands þar sem ekki er gerð krafa um að starfsmenn eigi aðild að stjórn. Út úr þessum lögum má þó kannski lesa að þá yrði í sameinuðu fyrirtæki að gera ráð fyrir að menn héldu því.

Í nefndarálitinu er líka getið um að æskilegt hefði verið að samræma hugtaka- og orðanotkun en það sé ekki hægt vegna þess að mismunandi fyrirkomulag sé í stjórnarskipun innan Evrópusambandsins.

Allt er þetta náttúrlega gert til þess að gera frjálst flæði fólks, fjármagns og fyrirtækja sem liprast innan Evrópusambandsins. Sumir hafa þó bent á að kannski varð holskeflan svona óskaplega stór á Íslandi vegna þess að fjármagninu var gefin frjáls braut en regluverkið og eftirlitskerfið fylgdi ekki eftir í sama mæli. Þess vegna mynduðust hér á Íslandi svo háar skuldbindingar að það svaraði til 40 milljóna á hvert einasta mannsbarn á Íslandi, litlu börnin talin með, þ.e. fjögurra manna fjölskylda skuldar í þeim skilningi 160 milljónir til útlanda en að sjálfsögðu voru það einkafyrirtæki sem skulduðu þetta. Það var því mikið fall sem stafaði af þessari frjálsu för fólks, fjármagns og fyrirtækja.

Ég vildi líka benda á að æskilegt væri að þegar frumvörp koma um breytingar á lögum eða til að innleiða tilskipanir sé tilskipunin alltaf talin upp í frumvarpinu en á því hefur verið ákveðinn misbrestur. Að menn ræði þá tilskipunina í hörgul og hvað hún þýði.

[14:41]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér innleiðingu á tilskipunum frá Evrópusambandinu og þetta mál ásamt næstu tveimur málum eru á dagskrá þingsins. Það er táknrænt fyrir þessa ríkisstjórn og hennar áherslur að þetta eru fyrstu og einu málin sem hæstv. félagsmálaráðherra hefur lagt fyrir þetta sumarþing. Ríkisstjórnin segist hafa verið stofnuð til þess að standa vörð um heimilin, til þess að slá skjaldborg um heimilin og atvinnulífið í landinu, en þetta eru einu málin sem hæstv. félagsmálaráðherra, sem stýrir því ráðuneyti sem ætti að vera í forustu um skjaldborg heimilanna, setur fram á þinginu. Þetta er dæmigert fyrir áherslur þessarar ríkisstjórnar og hún endurspeglast í þeirri umræðu sem okkur er ætlað að fara í gegnum hér í dag, þeirri dagskrá sem liggur fyrir þinginu. Áherslur ríkisstjórnarinnar liggja þar. Það er magnað að fylgjast með getuleysi hæstv. ríkisstjórnar til þess að snúa sér að þeim raunverulegu vandamálum sem eru í samfélagi okkar og liggja fyrir þjóðinni.

Atvinnuleysi hér er stöðugt og mikil óvissa er um framtíðina. Í raun er ekkert annað í pípunum en aukin gjaldþrotahrina fyrirtækja nú seinni part sumars og á haustdögum. Það heyrum við alls staðar úr atvinnulífinu. Fyrirtæki fara í raun hvert á fætur öðru að undirbúa að fara í þrot með tilheyrandi áhrifum á vinnumarkaðinn og auknu atvinnuleysi á haustdögum.

Hverjar eru þá úrlausnir þessarar ríkisstjórnar í atvinnumálum? Ég veit ekki hvort meining hæstv. félagsmálaráðherra, þegar hann talaði fyrir því að atvinnumálin þyrftu að fara inn í félagsmálaráðuneyti, var að hann væri að gefast upp á verkum og vinnu annarra ráðuneyta og ráðherra í

hæstv. ríkisstjórn, aðgerðaleysi, sinnuleysi og úrræðaleysi þegar kemur að málefnum atvinnumarkaðarins, fyrirtækjanna í landinu og þar með málefnum heimilanna. Einu úrræði þessarar ríkisstjórnar í þeim málum hafa verið auknir skattar, aukin gjaldtaka. Það eru skilaboðin til fólksins. Við ætlum að pína ykkur enn meira í skattheimtu og aukinni gjaldtöku. Á hverjum var byrjað? Jú, það var byrjað á þeim sem ætti kannski helst að slá skjaldborg um, öldruðum og öryrkjum. Á þeim vettvangi var byrjað að skera niður fyrst og fremst.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvert þessi ríkisstjórn er að fara. Það er í raun ekkert annað en vanvirða bæði við þing og þjóð að við skulum vera hér núna þegar júlí er að verða liðinn, haldandi starfsfólki þingsins frá því að geta tekið sín sumarleyfi, ræðandi þau mál sem eru lögð fyrir okkur. Þetta er alveg hreint með ólíkindum. Það er ekki eins og hér sé ekki hægt að ræða aðrar tillögur, önnur miklu brýnni mál. Bæði frá Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki liggja fyrir ítarlegar tillögur í efnahagsmálum, ítarlegar tillögur í skattamálum sem munu milda þær leiðir sem verið er að fara. Þær koma í raun algjörlega í stað þeirra sársaukafullu leiða sem þessi ríkisstjórn hefur valið að fara.

Þessi ríkisstjórn hefur engin úrræði í atvinnumálum, það er einn af þeim stóru málaflokkum sem hún getur ekki komið sér saman um. Auðvitað er rosalega alvarlegt þegar fagmenn og opinberir aðilar, stofnanir og alþjóðastofnanir, vekja á því athygli að viðspyrna Íslendinga til að komast út úr þeim hremmingum sem við erum í og koma aftur á stöðugleika í efnahagslífi liggur í því að efla atvinnustigið í landinu. Það er ekki eins og við eigum ekki tækifæri umfram aðra í þeim efnum, virðulegi forseti. Við eigum tækifæri sem við erum öfunduð af og aðilar eins og OECD hafa bent á að nýting náttúruauðlinda og aukin stóriðja eru þau atriði sem ber að leggja áherslu á til þess að ná stöðugleika á ný.

Þessi ríkisstjórn er hér með dagskrá í nítján liðum um nánast ekki neitt. Mér ofbýður þetta og ég er ekki einn um það. Auknir skattar og gjöld er það sem þau boða. Til þess að hvetja nú fyrirtæki eða hitt þó heldur til þess að horfa til Íslands og koma með starfsemi sína og fyrir fyrirtæki innan lands til þess að berjast áfram, reyna að halda sinni stöðu og skapa hér atvinnu þá boða þau enn frekar aukna skatta. Eða hvað sagði í skýrslu fjármálaráðuneytisins fyrir stuttu síðan? 7,5 milljarðar skulu koma inn í formi auðlindaskatts á næstu mánuðum og árum. 7,5 milljarðar til þeirra sem ætla að nýta hér auðlindir til atvinnusköpunar. Er þetta líklegt til þess að hvetja fyrirtæki til dáða eða hvetja erlend fyrirtæki til að horfa til Íslands sem möguleika á að koma upp sinni starfsemi? Menn tala alltaf eins og við búum ekki við neina samkeppni á þessum vettvangi en hún er mikil.

Virðulegi forseti. Ég vil hvetja forseta þingsins til þess að tala við þessa ríkisstjórn um að hún hætti að eyða tíma manna í það úrræðaleysi sem hún hefur upp á að bjóða. Að hún fari að taka til á sínu heimili og komi fram með þau mál sem hún lofaði, mál sem skipta heimilin og fyrirtækin í landinu einhverju, mál sem skipta þessa þjóð máli og gefa henni von. Það er lágmarkskrafa okkar og við í stjórnarandstöðunni gerum þá kröfu að hér verði farið að taka á alvörumálum.

Það er alveg ljóst að hið svokallaða Icesave-mál er í uppnámi í ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin kemur því ekki í gegn óbreyttu og það er tímabært að hæstv. ráðherrar geri sér grein fyrir því og fresti málinu, fari til þeirra sem þeir voru að semja við og segi að þetta gangi ekki upp. Það liggur orðið fyrir samkvæmt yfirlýsingu þingmanna úr þeirra eigin röðum að þetta mál fær ekki þann endi sem þeir lögðu af stað með.

Á meðan skulum við vera tilbúin til þess eins lengi og með þarf að ræða hér þau mál sem skipta máli. Að hér komi fram tillögur sem verði til þess að efla atvinnulífið, vernda heimilin í landinu og gefa þessari þjóð einhverja von næstu mánuði og ár.

[14:51]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill benda hv. þingmanni á að verið er að ræða 6. dagskrármálið, aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

[14:51]

Frsm. fél.- og trn. (Lilja Mósesdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil taka fram að mér finnst mjög í anda vinstri stjórnar að taka til afgreiðslu á þessu sumarþingi þrjár tilskipanir Evrópusambandsins sem hafa það að markmiði að tryggja réttindi launafólks. Sú tilskipun sem við ræðum í dag var lögð fram á löggjafarþinginu 2007–2008 og hana dagaði þar uppi. Þetta er sem sagt í annað skipti sem hún er lögð fram og ástæðan fyrir því að hana dagaði uppi í fyrra skiptið var m.a. sú að aðilar vinnumarkaðarins gerðu veigamiklar athugasemdir við tilskipunina. Þær athugasemdir hafa verið teknar til greina þannig að ég tel að mjög vel hafi verið unnið að innleiðingu þessarar tilskipunar.

Ég vil líka taka fram að ég get ekki séð sömu hættu við að innleiða hér tilskipanir sem tryggja áunnin réttindi launafólks eins og að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins þar sem um er að ræða einhverja óljósa tilskipun um að ríkið eigi að taka á sig skuldbindingar einkafyrirtækja.

[14:52]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessar tilskipanir geta rúllað í gegnum þingið, það er ekkert vandamál. Ég gerði að umræðuefni hversu táknrænt það er fyrir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar að þetta skuli vera einu mál hæstv. félagsmálaráðherra, einu mál þess ráðherra og ráðuneytis sem á að standa vörð um heimilin og fjölskyldurnar í landinu. Þetta eru einu málin sem sá ráðherra hefur lagt fram á þessu þingi og var þó til þess boðað svo að hér yrði rætt um skjaldborg um heimilin og fyrirtækin. Gagnrýni mín hefur ekkert efnislega að gera með afgreiðslu þessara tilskipana, þær þurfa sína afgreiðslu og geta rúllað í gegn á skömmum tíma en ég vek athygli á þessu og tel fulla ástæðu til að þingið ræði hvaða áherslur þessi ríkisstjórn leggur.

[14:54]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti áréttar við hv. þingmann það mál sem er til umræðu, 6. mál sem er aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

[14:54]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil taka undir orð hv. formanns félags- og tryggingamálanefndar, Lilju Mósesdóttur, áðan. Hv. þm. Jón Gunnarsson segir að sér misbjóði sú dagskrá sem liggur fyrir og að þau þrjú mál sem hér eru, nr. 6, 7 og 8, við ræðum 6. dagskrármálið, skuli vera fyrstu mál sem hæstv. félagsmálaráðherra leggur fyrir þingið.

Ég vil láta í ljós það álit mitt að þessar þrjár tilskipanir, þessi þrjú mál skipti verulega miklu máli. Í þeim eru fólgnar miklar réttarbætur fyrir vinnandi fólk. Vinnandi fólk heldur uppi heimilum og fyrirtækjum og þess vegna er mikilvægt að ræða þessi mál og koma þeim á dagskrá. Það er nöturlegt að fulltrúi Sjálfstæðisflokksins skuli koma hér og tala út og suður í stað þess að tala um efni þess máls sem er á dagskrá enda hefur hæstv. forseti tekið það fram í tvígang.

Með tilskipuninni er verið að tryggja að starfsmenn komi að borðinu þegar um samruna er að ræða yfir landamæri. Af hverju skyldi þetta hafa verið stoppað á árum áður? Það er m.a. vegna þess að bankarnir gerðu, eftir því sem ég best veit, veigamiklar athugasemdir og vildu ekki sjá að ræða þau mál við starfsmenn. Nú höfum við aðra ríkisstjórn í landinu og við höfum hæstv. félagsmálaráðherra sem hefur lagt þetta fram. Málið er komið inn í þingsal eftir því sem ég best veit í fullu samkomulagi allra nefndarmanna í hv. félags- og tryggingamálanefnd. Það staðfestir hv. formaður nefndarinnar í þingsal. Þess vegna er undarlegt að hv. þm. Jón Gunnarsson skuli nota þetta þarfa mál til að veitast að stjórnvöldum og samstarfsmönnum sínum í nefndinni.

[14:56]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Sannleikanum er hver sárreiðastur. Þannig met ég málflutning þeirra fulltrúa stjórnarflokkanna sem taka til máls. Vinnandi fólk heldur uppi fyrirtækjunum í landinu. Það er alveg rétt. En það eru líka fyrirtækin í landinu sem halda uppi heimilunum og án þeirra verður ekkert vinnandi fólk. Þessu virðast hæstv. ríkisstjórn og hv. þingmenn ekki gera sér grein fyrir og tilskipanir sem þær sem við erum að fjalla um hafa ekkert erindi, engan tilgang ef við erum með viðvarandi og bullandi atvinnuleysi. Um það snýst þetta og þess vegna, virðulegi forseti, af því að þú gerir athugasemdir við að ég skuli ræða málið á þessum nótum, er sterk tenging við þau mál sem við ræðum hérna.

Það er full ástæða til að vekja athygli á því að sá ráðherra í þessari ríkisstjórn sem á að fara með velferð heimilanna (**Gripið fram í:** Velferðarstjórnin.) já, velferðarstjórnin, og það ráðuneyti sem á að slá skjaldborg um heimilin í landinu, aldraða og öryrkja, sem hefur verið ráðist hvað harðast á á þeim vikum sem við erum búin að starfa í sumar, hefur haft þessi einu þrjú mál fram að færa á þessu sumarþingi. Efnislega hef ég engar athugasemdir, eins og ég hef sagt áður, við það sem verið er að keyra í gegn. En málavalið hef ég athugasemdir við og það er sterk tenging, virðulegi forseti, milli þess sem ég er að ræða og þeirra mála sem eru til umræðu.

[14:58]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er algerlega óskiljanlegur málflutningur. Þessi þrjú mál eru gríðarlega mikilvæg fyrir vinnandi fólk í landinu. Það er nöturlegt að hv. þingmaður skuli koma upp og ráðast sérstaklega að þessari ríkisstjórn og hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að bera þessar réttarbætur inn í þingsal. Eins og ég sagði áðan koma starfsmenn að borðinu við samruna félaga yfir landamæri. Í máli nr. 7 er verið að auka réttindi fólks í hlutastörfum. Hlutastörfum fer fjölgandi í atvinnuleysinu og það þarf að tryggja réttindi fólks. Með þriðja málinu, tímabundinni ráðningu starfsmanna, er verið að koma í veg fyrir misnotkun á fólki í tímabundinni ráðningu. Þannig að þetta eru gríðarlega mikilvæg mál og dapurlegt að heyra þennan málflutning hjá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

[14:59]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Oft og tíðum þegar maður tekur þátt í umræðu á hinu háa Alþingi virðast þingmenn vinstri flokkanna ekki skilja það sem við í stjórnarandstöðunni erum að reyna að segja, hvort sem það er viljandi eða óviljandi. Ég átta mig ekki á því. En hv. þm. Álfheiður Ingadóttir virðist alls ekki skilja hvað ég er að fara. (**ÁI:** Nei.) Nei, og þetta fjallar ekkert efnislega um þau mál sem koma hérna inn. Þetta fjallar um forgangsröðunina sem er hjá ríkisstjórninni, að hér skuli dagskráin vera eins og hún er í dag, þegar við eigum að vera að ræða önnur og miklu mikilvægari mál. Svona mál eru afgreiðslumál sem geta rúllað í gegn en það er táknrænt fyrir vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar að þetta skuli vera einu málin sem eru komin frá velferðarstjórninni, frá því ráðuneyti sem á að slá skjaldborg um heimilin og standa vörð um hagsmuni eldri borgara og öryrkja í þessu landi.

[15:01]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er svo sem óþarfi að hafa um það of mörg orð að uppruni þeirra frumvarpa sem hér liggja fyrir er alveg ljós. Hér er um að ræða EES-frumvörp sem hefur lengi legið fyrir að þyrfti að leiða í lög. Í því felst að sjálfsögðu ekki að orka félags- og tryggingamálaráðuneytisins fari í það eitt að leggja fram þessi mál hér. Það er auðvitað verið að vinna að réttarbótum á mörgum sviðum og ég fagna þeim orðum hv. þingmanns að hann sé tilbúinn að ræða slíkar réttarbætur. Það er alveg ljóst að við munum verða með frumvörp sem taka á ýmsum þáttum í atvinnuleysistryggingakerfinu, svo dæmi sé tekið, strax í haust, og það er ánægjulegt að heyra að hann boðar gott samstarf um þjóðþrifamál af slíkum toga.

Að öðru leyti þegar rætt er hér um atvinnumál almennt séð held ég að það væri líka full ástæða til þess að hv. þingmaður hefði frumkvæði að utandagskrárumræðu um stöðu á vinnumarkaði. Ég væri alveg tilbúinn að eiga við hann orðastað um aðgerðir og áherslur ríkisstjórnarinnar við þær kringumstæður. Eftir stendur að sjálfsögðu hitt að við þurfum, eins og hv. þingmaður sagði réttilega, að telja trú og

von í atvinnulíf til þess að fyrirtækin sjái sér hag í því að halda fólki í vinnu og að atvinnuleysi aukist ekki. Þess vegna kemur mér mjög á óvart sú hugmynd hans að fara að fresta umræðum um Icesave-samkomulagið því að ég tók eftir því í dag að flokksbróðir hans, hv. þm. Pétur H. Blöndal, komst svo ágætlega að orði að þann samning væri hvorki hægt að samþykkja né fella. Ég held að það sé akkúrat mergurinn málsins, að í Icesave-samkomulaginu er að finna mikilvægan leiðarstein á þeirri vegferð okkar (Forseti hringir.) að við komumst inn í efnahagslegan stöðugleika og treystum (Forseti hringir.) atvinnu fólks í landinu með því að ganga frá því máli með sóma.

[15:03]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það ræður einhverju hjá hæstv. ráðherra dýrkun hans á Evrópusambandinu og mikill áhugi á því að ganga í það samband að það skuli ráða vali þeirra mála sem ráðuneyti hans leggur áherslu hér á. Orkan hefur ekki farið í þessi mál, segir hann, ekki eingöngu, og við munum verða vör við það í haust hvaða aðrar aðgerðir og ráðstafanir hæstv. ríkisstjórn ætlar að bjóða þjóðinni upp á. Voru það loforðin sem þessi ríkisstjórn gaf þegar hún tók við um mánaðamótin janúar/febrúar fyrr á þessu ári? Lofaði hún þjóðinni að koma með eitthvað í haust?

Í haust verður einfaldlega of seint fyrir marga, það er bara það sem brennur, og það virðist þessi hæstv. ríkisstjórn ekki skilja. Hún virðist ekki skilja það alvarlega ástand sem er í samfélaginu í dag og þá alvarlegu þróun sem á sér stað. Hún er ekki að grípa til aðgerða eða vinnu til þess að sporna við þar. Hún er miklu frekar að grípa til aðgerða sem draga úr mætti fyrirtækjanna til þess að efla starfsemi sína. Hún er að senda þau skilaboð út á markaðinn að menn eigi frekar að draga saman seglin en að blása í þau. Það er staðreyndin í þessu máli.

Hún liggur á mörgum vettvangi þessi aukna skattheimta, sú aukna gjaldheimta sem er boðuð. Það er boðað í tilvonandi loftslagsviðræðum að við ætlum að falla frá þeirri mikilvægu viðurkenningu sem við fengum í Kyoto, við ætlum að gefa það eftir í viðræðunum í Kaupmannahöfn, það á að vera fyrsta útspil okkar þar, endilega að draga nú úr bjartsýni manna um að hér sé eitthvað hægt að gera af viti.

Eins og hæstv. ráðherra vitnaði í talaði hv. þm. Pétur Blöndal um að það væri hvorki hægt (Forseti hringir.) að fella né samþykkja Icesave-samninginn. Það er nákvæmlega staðan, nákvæmlega sú er staðan, (Forseti hringir.) og þess vegna á þessi ríkisstjórn að taka málið til sín aftur og vinna það betur.

[15:05]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að skattyrðast við hv. þingmann í þessum tón. Staðan er ósköp einfaldlega þannig að af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið lögð áhersla á það frá fyrsta degi að grípa til aðgerða fyrir skuldug heimili, fyrir fólk sem er að missa vinnuna. Þess vegna var t.d. gengið frá mjög mikilvægum lagabreytingum sem varða atvinnuleysistryggingar strax á þingi í mars og við búum auðvitað að því. Það voru engar aðrar lagabreytingar fyrirliggjandi sem þurfti að leggja fram þegar ég kom í þetta ágæta ráðuneyti og það er ekki þannig að menn hafi ekki verið að vinna vinnuna sína. Við höfum verið að leggja grunninn, við höfum verið að setja lög og síðan höfum við verið í sumar, eins og hv. þingmaður þarf nú að reyna að viðurkenna, að grípa til aðgerða sem skipta mjög miklu máli um lánshæfismat ríkisins, um getu fyrirtækjanna til þess að fjármagna sig með því að semja um uppskiptingu gömlu og nýju bankanna, með því að ganga frá aðildarumsókn að Evrópusambandinu, (Forseti hringir.) með því núna að leggja grunn að því að loka deilum við erlend ríki með (Forseti hringir.) Icesave-samkomulaginu. Allt mun þetta styðja undir efnahagslíf í landinu (Forseti hringir.) hratt og örugglega.

[15:06]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hæstv. ríkisstjórn hefur sáralítið gert á vinnumarkaði annað en að draga úr vilja manna og draga úr elju manna til þess að vilja reyna að berjast áfram. Svo má tala um þá sem vilja efla hér stóriðju, laða til landsins stærri og öflugri fyrirtæki. Það má tala þannig um sjávarútveginn sem er í algjöru uppnámi vegna áforma ríkisstjórnarinnar í fiskveiðistjórnarkerfinu, þar er algjört uppnám. Svona má tala um verslun og þjónustu í landinu þar sem er algjört uppnám líka og það er hægt að tala svona nánast um hvern þann atvinnuveg sem við stundum. Staðan er háalvarleg og með sömu vinnubrögðum gerist ekkert annað á vinnumarkaði en að atvinnuleysi eykst, (Forseti hringir.) og það er það versta sem getur haldið hér áfram.

Ég ítreka það því, virðulegi forseti, að í stað þess að eyða tíma okkar hv. þingmanna í að ræða þá dagskrá sem er lögð fyrir þingið í dag snúi (Forseti hringir.) menn sér að því ræða alvörumál og við komum að því vandamáli sem er í þessu samfélagi, því stóra vandamáli.

[15:08]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist að gera athugasemd við fundarstjórn virðulegs forseta þegar forseti ekki einu sinni heldur í tvígang snuprar þingmanninn sem hér var í ræðu sinni að fjalla um ákveðið dagskrármál á einhvern þann hátt sem forseta líkaði greinilega ekki.

Ég spyr: Er hæstv. forseti búinn að taka sér eitthvert ritstjórnarvald yfir ræðum hv. þingmanna? Ef svo er held ég að það ætti þá bara að gefa það út með skýrri línu vegna þess að þetta fannst mér alveg með ólíkindum og hreinlega dónaskapur í garð þingmannsins sem færði góð rök í máli sínu fyrir því af hverju hann tók þetta sjónarmið í sinni ræðu. Ég skil ekki af hverju hæstv. forseti beitir sér þá ekki t.d. fyrir því þegar við erum hér með fyrirspurnir til hæstv. ráðherra á dagskrá og þegar þeir svo sannarlega víkja sér undan því að svara spurningum, sem gerist hér oft á tíðum, (Forseti hringir.) hvort þessu ritstjórnarvaldi mætti ekki beita líka þá við fleiri tækifæri.

[15:09]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Hér kem ég upp til að taka undir hvert einasta orð hjá hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur um að hæstv. forseti skuli gera athugasemdir við það þegar þingmenn tjá sig og setja mál í samhengi. Á sama hátt vil ég benda á, ef það hefur verið athugavert að hv. þm. Jón Gunnarsson skyldi hafa rökstutt mál sitt hér fyrir því frumvarpi sem hér liggur fyrir, að á sama tíma kemur hæstv. félagsmálaráðherra og fer að tala um Icesave-samninginn í þessu samhengi. Frú forseti. Hér verður að ríkja jafnræði.

Eins vil ég minna á að í morgun, fyrst ég er komin hér undir þessum lið og þingmenn eru oft stoppaðir ef þeir tala undir þessum lið, þá kom hæstv. forsætisráðherra hér þrisvar í ræðustól án þess að ávarpa forseta með formlegum hætti, en um leið og einn stjórnarandstöðuþingmaður kom upp og gleymdi því fékk sá hinn sami skammir. Hér verður að gæta jafnræðis. Ég fer fram á það við forseta þingsins að hér verði jafnræði milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

[15:10]

Forseti (Steinunn Valdís Óskarsdóttir):

Forseti vill í tilefni orða tveggja þingmanna um fundarstjórn forseta taka það fram að það er skylda forseta að gæta þess að allt fari skikkanlega fram í sölum Alþingis. Forseti reynir að sjálfsögðu að gæta jafnræðis en auðvitað getur það komið fyrir þar sem þeir forsetar sem stjórna þingfundum eru alls sex, að það gæti ekki fyllsta samræmis á milli þess hvernig þeir haga sinni fundarstjórn en við munum að sjálfsögðu fara yfir það í forsætisnefnd þingsins.

Varðandi athugasemd um fundarstjórn forseta er laut að ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar voru þetta eingöngu vinsamleg tilmæli forseta með vísan í það mál sem um var að ræða og forseti lítur ekki svo á að þingmaðurinn hafi verið snupraður af hálfu forseta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsmenn í hlutastörfum, 2. umr.

Stjfrv., 70. mál (EES-reglur, brottfall undanþágna). — Þskj. 82, nál. 201.

[15:11]

Frsm. fél.- og trn. (Lilja Mósesdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða með fullnægjandi hætti tilskipun ráðsins 97/81/EB um rammasamning um hlutastörf. Þetta frumvarp er til komið vegna þess að Eftirlitsstofnun EFTA hefur talið þær undanþágur of víðtækar sem lögfestar voru með 3. og 4. mgr. 2. gr. laga um starfsmenn í hlutastörfum. Ákvæðin sem lagt er til að felld verði brott kveða á um undanþágu frá lögunum vegna starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem greitt fá tímavinnukaup og þeirra sem stunda störf á grundvelli grunnnáms, námssamninga eða ráðningarsambands sem er liður í þjálfunar-, aðlögunar- eða endurmenntunaráætlun. Þrátt fyrir breytinguna verður ríki og sveitarfélögum áfram heimilt að ráða til starfa fólk sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fær greitt tímavinnukaup enda samræmist slík ráðning ákvæðum kjarasamninga og eftir atvikum öðrum lögum. Fái starfsmaður í hlutastarfi greitt tímavinnukaup skulu kjör hans borin saman við starfskjör og starfsskilyrði sambærilegs starfsmanns, þ.e. starfsmanns í fullu starfi sem fær greitt tímavinnukaup. Sé enginn sambærilegur starfsmaður í fullu starfi skal samanburðurinn gerður með vísan til viðeigandi kjarasamnings.

Nefndin hefur fjallað um málið en markmið breytinganna er að tryggja fólki í hlutastörfum á tímavinnukaupi þá vernd sem lögunum er ætlað að veita. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Lilja Mósesdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Þuríður Backman, Guðbjartur Hannesson og Guðmundur Steingrímsson.

Fjarverandi voru hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jón Gunnarsson og Ólína Þorvarðardóttir.

[15:14]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Lilju Mósesdóttur fyrir framsögu hennar. Það hefur komið fram að hér sé verið að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins eða réttara sagt það er verið að gera réttarbætur á því, það er verið að laga þær til. Hæstv. félagsmálaráðherra lét svo líta út í máli sínu áðan að verið væri að leiða þetta í lög en þetta er lagasetning sem er löngu komin til og er raunverulega verið að laga.

Í máli hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur hér áðan kom fram að þetta snerist allt saman um réttarbætur starfsmanna. Svo er nú ekki með þetta frumvarp því að það er til komið vegna þess, með leyfi forseta, að Eftirlitsstofnun EFTA hefur talið þær undanþágur sem í lögunum felast allt of víðtækar, þ.e. þær undanþágur sem voru lögfestar í 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum. Hér er því ekki um réttarbætur að ræða því að verið er að þrengja þann rétt sem starfsmenn í hlutastörfum hafa og það eru þeir starfsmenn sem eru þarna nánar taldir upp og hv. þingmaður fór yfir í máli sínu.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann: Þegar svona innleiðingar og leiðréttingar á EES-gerðum eru gerðar, hvernig líður þá viðkomandi þingmanni varðandi það, því að þetta er náttúrlega tekið hér upp í gegnum innleiðingar frá Evrópusambandinu. Finnst henni hún ekki vera að eyða sínum tíma í mikinn óþarfa að þurfa að leggja það hér fram á þingi og sitja yfir þessu og fjalla um það í félags- og tryggingamálanefnd á meðan heimili og fyrirtæki brenna? Væri tíma hv. viðskiptanefndar ekki betur (Forseti hringir.) varið í önnur störf?

[15:16]

Frsm. fél.- og trn. (Lilja Mósesdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir talar um að þessi tilskipun auki ekki réttindi þeirra sem eru á tímavinnukaupi. Því er reyndar ekki þannig farið. Þessi leiðrétting er til komin vegna þess að þegar tilskipunin var inn-

leidd hér 2004 skildu embættismennirnir hér á landi tilskipunina þannig að ekki mætti ráða fólk í tímavinnu. Í tímavinnu starfa meðal annars háskólakennarar margir hverjir og fólk á námssamningum.

Það hefur síðan komið í ljós, meðal annars eftir að ESA-dómstóllinn benti á ágalla við innleiðingu hér á landi að þetta er rangur skilningur. Fólk sem er ráðið í tímavinnu, eins og háskólakennarar og aðrir, námsmenn á samningi, er í raun og veru í hlutastarfi. Þetta frumvarp fjallar um það að tryggja að fólk sem er ráðið í tímavinnu njóti sömu réttinda og fólk í hlutastörfum þannig að það má eiginlega segja að verið sé að tryggja þessu fólki aukin réttindi.

[15:18]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í athugasemdum við lagafrumvarp það sem varð að lögum árið 2004 með lögum númer 10 segir, með leyfi forseta:

„Í inngangsorðum rammasamningsins kemur fram að hann sé framlag til skipulags atvinnumála í Evrópu. Þar eru settar fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutastörf. Í samningnum komi fram vilji aðila vinnumarkaðarins til að setja almennan ramma í því skyni að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastörfum og til að auka möguleika á hlutastörfum á forsendum sem eru viðunandi bæði fyrir vinnuveitendur og launþega.“

Þarna er þetta alveg skýrt. En svo segir um 2. gr., sem nú er verið að fella út, 3. og 4. mgr., að þar sé ekki gert ráð fyrir því að heimilt sé að að undanskilja ákvæðum frumvarpsins þá starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt tímavinnukaup eins og það er oftast nefnt í kjarasamningnum. Þarna er verið að breyta þessu og hv. þm. Lilja Mósesdóttir var að tala hér um að þetta væru til dæmis háskólakennarar og fleiri og þarna er verið þá að fella þetta úr gildi. En ég endurtek það sem ég sagði áðan að frumvarpið er tilkomið vegna þess að eftirlitsstofnunin taldi þessar undanþágur allt of víðtækar, sem voru lögfestar með þessum lögum á sínum tíma og nú er verið að leiðrétta það. Þetta er nú ekki svo sem fyrsta athugasemdin sem Eftirlitsstofnun EFTA gerir við íslenska löggjöf og lagasetningu á þessum ESB-gerðum sem við höfum þurft að taka hér upp í íslenskan rétt. Það er nú ágætt að einhverjir hafi vinnu við það því að þetta virðist oft vera ansi misskilið og illa túlkað þegar löggjafinn hér Íslandi setur svo lög í framhaldi af þessu.

Mig langar til að spyrja þingmanninn á ný, því að hún rann út á tíma hér í fyrra andsvarinu: Er ekki svolítið sorglegt að eyða öllum þessum tíma nú á sumarþinginu í viðskiptanefnd í að fjalla um svona mál og fá til sín fólk á meðan heimilin og fyrirtækin eru að brenna upp og ekkert er gert fyrir þau á meðan?

[15:20]

Frsm. fél.- og trn. (Lilja Mósesdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir spyr hvort það sé ekki sorglegt að vera að eyða tíma í að innleiða tilskipanir ESB. Ég verð nú að segja að nefndin eyddi ekki miklum tíma í þessa vinnu. Hún kallaði til sín hagsmunaaðila. Það tók hálfan dag eða tvo klukkutíma og síðan átti nefndin mjög gott samstarf um að semja þetta nefndarálit. Í nefndinni situr meðal annars fulltrúi Framsóknarflokksins sem tók þátt í að semja álitið. (Gripið fram í.)

Við eyddum sem sagt ekki miklum tíma í þetta. En þess má líka geta að við höfum tekið fyrir önnur mál. Við höfum meðal annars kallað á fund okkar hjálparsamtök til þess að gera okkur betur grein fyrir stöðu fólks sem misst hefur vinnuna og þarf að þiggja bætur og stuðning frá ýmsum samtökum og stofnunum.

[15:22]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum hér breytingar á lögum sem var ætlað að innleiða reglur tilskipunar Evrópusambandsins um hlutastörf. Eins og ég gat um í fyrri ræðu um annað mál sem var á undan vil ég gjalda ákveðinn varhuga við tilskipunum Evrópusambandsins vegna slæmrar reynslu. Mér þykir ekki mjög gott að heyra að mönnum þyki það hafa verið gott að hafa afgreitt málið á stuttum tíma. Ég held að menn þurfi alveg sérstaklega að skoða þessar tilskipanir eftir þá döpru reynslu sem Íslendingar hafa orðið fyrir vegna þessara tilskipana. Þá er ég bæði að tala um hrunið í haust sem er að hluta til vegna reglna Evrópusambandsins en alveg sérstaklega Icesave-vandann sem við erum að glíma við þessa dagana, sem er bein afleiðing af gölluðu regluverki Evrópusambandsins. Ég hef sem sagt lagt til að menn væru sérstaklega varkárir þegar eitthvað kæmi inn í nefndir þingsins sem fjallar um Evróputilskipanir þannig að ég held að það sé ekki gott að menn hafi afgreitt þetta á stuttum tíma.

Hlutastörf hafa bæði kosti og galla og þau eru mjög mikilvæg í þjóðfélögum. Þau auka sveigjanleika þjóðfélagsins mjög mikið. Það hentar oft bæði starfsmönnum og fyrirtækjum að ráða fólk í hlutastörf. Reyndar má segja að þetta sé kannski orðið fullmikið hér á landi með hlutastörfin. Fólk er oft í vandræðum með að útskýra hvar það í raun-inni vinnur vegna þess að það vinnur hér við þetta starf og svo annars staðar í einhverju öðru starfi og stundum um helgar og stundum á kvöldin og hjá mörgum mismunandi fyrirtækjum þannig að þetta getur orðið mjög skrautlegt, sérstaklega hjá yngra fólki. Þetta er mjög veigamikill þáttur og það er mjög mikilvægt að um þetta séu reglur. Reyndar fjallar það frumvarp sem hér er verið að ræða eiginlega ekkert um þetta heldur er verið að afnema undanþágur sem menn settu á sínum tíma varðandi opinber fyrirtæki. Þar af leiðandi skiptir þetta, held ég, ekki mjög miklu máli fyrir atvinnulífið í heild.

Ég má til með, frú forseti, að koma inn á það sem hér var rætt áðan, þ.e. umræðu sem hv. þm. Jón Gunnarsson kom inn á, að við erum hér að ræða í hverju málinu á fætur öðru alls konar innleiðingar á reglum sem heyra undir félags- og tryggingamálanefnd og eru til þess að bæta stöðu fólks eða jafnvel eins og þetta frumvarp að skerða rétt sem var veittur of rúmur. En á sama tíma — ég leyfi mér að taka það í samhengi, frú forseti, og vona að ég fái ekki ákúrur fyrir það — á sama tíma er nefndin eiginlega að bíða eftir því að ríkisstjórnin sýni frumkvæði í því að slá skjaldborg um heimilin og vandamál þeirra. Það eru ákveðin vandamál hjá heimilunum. Stór hluti fólks hefur orðið atvinnulaust. Það er allt of mikið atvinnuleysi sem við viljum ekki sjá hér

á landi, þó að það sé reyndar reglan í fyrirheitna landinu sem búið er að taka ákvörðun um að sækja um. Þar er reglan 8% atvinnuleysi, búið að vera í 30–40 ár svo. Það er ekkert nýtt og bara allt að því náttúrulögmál í því ágæta ríkjasambandi. En hér á landi hefur atvinnuleysi verið miklu minna og víðast hvar í heiminum yrði það flokkað undir atvinnuskort og mér finnst það miklu jákvæðara. Það er nefnilega þannig að þegar það er atvinnuleysi þá gerast hlutir — það er nú þannig með mannskepnuna, frú forseti, þó að ég kannski megi ekki tala um það, að hún notar sér valdastöðu. Þegar atvinnurekendur uppgötva að tíu, tuttugu manns bíða eftir hverju starfi sem losnar þá falla athugasemdir eins og þessar: „Ertu nokkuð að hætta hjá okkur?“, þegar starfsmaðurinn leyfir sér að biðja um launahækkun eða eitthvað slíkt. Það hef ég heyrt á starfsmönnum úti í Þýskalandi sem ég þekki, vinum mínum, að ef þeir biðja um launahækkun eða tala eitthvað um að bæta sín kjör þá er þeim svarað með spurningunni: „Ertu nokkuð að hætta hérna hjá okkur, vinurinn?“ Þá eru atvinnurekendur farnir að nota sér stöðuna til þess að kúga starfsmennina.

En það merkilega er að það öfuga gerist nefnilega líka þegar það er skortur á vinnuafli. Ég hef lent í því sem atvinnurekandi að til mín kom fólk sem spurði: „Hvað borgarðu í dag?“ Og ef ég borgaði ekki nógu mikið í dag þá bara hætti það, bara viðstöðulaust, bara labbaði út og sem sagt var í rauninni að nota sér þá stöðu að það gat fengið vinnu hvar sem var og það er heldur ekki heilbrigt. Þarna þarf því að vera ákveðið jafnvægi. Ég tel að það atvinnuleysi sem við höfum haft undanfarið, 2–3%, sé í rauninni ákveðið jafnvægisatvinnuleysi sem er bara mjög gott og jákvætt.

Nú erum við sem sagt komin með allt of mikið atvinnuleysi og ég hefði talið að það væri boðlegt verkefni fyrir hv. félags- og tryggingamálanefnd að fjalla um það og hvernig eigi að leysa það. Hvað gerum við til að leysa atvinnuleysið og hvað gerum við sérstaklega til að milda áhrif atvinnuleysis á félagslega stöðu fólks, sem er mjög alvarleg? Það er nefnilega ekkert grín þegar fólk sem er kannski með 500 þús. kr. á mánuði fellur allt í einu niður í það að vera með 150 þús. kr. á mánuði fyrir skatt í atvinnuleysisbætur og allar skuldbindingar halda að sjálfsögðu áfram sem fólk er búið að gíra sig inn á. Svo ég tali nú ekki um fólkið sem var í bönkunum með miklu hærri laun. Þar er félagslega fallið enn meira og enn alvarlegra og á því hefur ekki verið tekið neitt sérstaklega vel. Þó að það sé búið að gera reyndar ansi margt þá finnst mér, frú forseti, að nefndir þingsins og þingið sjálft ætti að ræða meira um þau vandamál sem knýja á hjá almenningi. Ég sakna þess að hæstv. félagsmálaráðherra hefur ekki komið með nein úrræði önnur en þau sem hér er um að ræða.

Þessi frumvörp sem við ræðum í dag, þessi innleiðing og leiðrétting á Evrópusambandstilskipunum breyta ósköp litlu fyrir hinn venjulega launamann á Íslandi. Það eru ekkert voðalega margir sem starfa hjá fyrirtækjum sem hafa verið sameinuð yfir landamæri, hvað þá að þeir njóti ákveðinna réttinda við það samrunaferli vegna þess að réttindin hér á landi eru nú ekkert mikið frábrugðin eða miklu meiri en annars staðar þannig að íslenskir starfsmenn njóta þess ekkert voðalega mikið. Ég held að þessi tilskipun hérna, sem er nú skerðing á réttindum, bæti ekki neitt, hvað þá þær innleiðingar sem við ræðum hér á eftir. Þetta þarf að sjálfsögðu að innleiða en ég hefði talið að menn ættu að nýta annan tíma til þess en einmitt núna. Núna ætti Alþingi að vera að fjalla um lausnir, hvernig við leysum vandamál heimilanna, fyrirtækjanna sem veita atvinnu og tengjast vandamálum heimilanna beint vegna þess að þegar fyrirtæki fer illa og fer á hausinn og segir upp starfsmönnum þá verður fólk atvinnulaust og þá vantar pening heima hjá því. Það er vandamál sem við hér á Alþingi ættum að vera að ræða miklu meira en við höfum gert. Ég vil bara benda á þetta í umræðunni, frú forseti, og þó að það varði ekki beint það mál sem ég er að ræða hér þá ætla ég að leyfa mér að gera það samt.

[15:30]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að koma hér og reifa þetta mál fyrir okkur. Vissulega blandast þessi mál saman og við komumst alltaf að sömu niðurstöðu um að það sé skrýtið að þessi mál skuli vera til umræðu nú, miðað ástandið í landinu. Allir þingmenn sem koma hér upp komast að kjarna málsins, þ.e. að hér eru mikil vandræði og það er ekki verið að taka á vandanum, heldur er verið að reyna að vinna tíma á þinginu vegna þess að ríkisstjórnin er komin með allt í vandræði. Þá erum við aðallega að tala um hið svokallaða Icesave-mál. Þingmönnum er haldið í þinginu til þess að reyna að sýna að hér sé eitthvað að gerast og að eitthvað sé í gangi.

Ég tek undir með hv. þingmanni, þetta er orðið nokkuð skrýtið allt saman. Áhersla hæstv. félagsmálaráðherra á þetta mál er afar einkennileg því að það hefði svo sannarlega getað beðið fram að haustþingi. Raunverulega er þetta uppfærsla á EES-reglugerðum sem við verðum hvort sem er að innleiða í lög þegar búið er að benda okkur á að þær hafi verið rangt innleiddar eða að vantað hafi upp á þegar þær voru settar á sínum tíma sem lög.

Ég vil spyrja hv. þm. Pétur Blöndal í framhaldi af þessu. Hér er mikið atvinnuleysi og þetta er til þess að auka rétt aðila í hlutastörfum. Hver er hans skoðun á því hvernig atvinnulífið og launþegar komu út úr því þegar lögum var eftir bankahrunið breytt í þá veru að starfsmenn fengu atvinnuleysisbætur á móti hlutastörfum? Nú hefur komið í ljós að þær eru að einhverju leyti misnotaðar. Telur þingmaðurinn ekki að það hafi samt verið (Forseti hringir.) til bóta á sínum tíma að bregðast við á þennan hátt?

[15:32]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég gæti talað langt mál um bótakerfi og hvernig misnotkun eyðileggur bótakerfin sem allir eru sammála um að koma á fót. Einhverjir skúrkar misnota þau og eyðileggja og gera ómöguleg.

Ég var mjög ánægður með þá hugmynd að veita hlutaatvinnuleysisbætur. Það er afskaplega merkileg tilraun sem verið er að gera hér á Íslandi. Fyrirtæki sem er með 100 manns í vinnu og neyðist til þess að segja 10% upp vegna þess að það ræður ekki við meiri kostnað en 90% af launakostnaði stendur frammi fyrir þrem kostum. Það getur sagt

upp 10% af mannskapnum alveg, það getur sagt upp hverjum einasta manni 10%, þ.e. hver maður vinnur þá 90%, eða lækkað launin hjá öllum um 10%. Þetta eru þrjár leiðir og mér finnst langskynsamlegust sú að segja hverjum manni upp 10%. Þá haldast tengslin við vinnumarkaðinn, menn þurfa að mæta í vinnuna og annað slíkt. Þeir geta hugsanlega fengið sér einhvers staðar annars staðar vinnu fyrir 10 prósentin sem eftir eru eða verið atvinnulausir að því leyti. Mér fannst þetta merkileg tilraun og mér þykir mjög miður ef einhverjir skúrkar eyðileggja þessa merkilegu tilraun sem ég held að sé ekki þekkt annars staðar í heiminum, sennilega vegna þess að menn sjá möguleikann á misnotkun.

Svo var þetta líka víkkað yfir í sjálfstæða atvinnurekendur. Þar eru náttúrlega enn meiri möguleikar, en mér finnst að gera eigi kröfu til fólks í svona stöðu um að það misnoti ekki þau úrræði sem er verið að setja á laggirnar, einmitt til þess að bjarga þeim sem lenda illa í kreppunni.

[15:35]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir andsvarið. Við erum þá að nokkru leyti sammála um að þetta hafi verið afar góð tilraun á sínum tíma. Hugsunin á bak við hana, alveg eins og hv. þingmaður fór yfir, er að fólk hafi kost á því að fá atvinnuleysisbætur niður í 50% því að ef það fer niður í 49% starfshlutfall og neðar er viðkomandi starfsmaður flokkaður sem atvinnulaus og fer þá á fullar bætur.

Hins vegar hefur ekki verið mikið rætt um að launþegarnir reyndust ekki endilega vera aðalskúrkarnir heldur bar svolítið á því hjá fyrirtækjum að launþegum var sagt upp og minnkað hjá þeim starfshlutfall, bara af því að þarna myndaðist gloppa, þó að kannski hefði ekki verið þörf á að segja viðkomandi starfsmanni upp eða lækka starfshlutfallið. En við skulum vona að þegar frá líður nái þetta jafnvægi því að svona aðgerðir eru fyrst og fremst gerðar fyrir fólkið sem þarf á þeim halda en ekki þá sem sjá sér hag í því að brjóta reglurnar. Þetta er eins og ég segi ágæt tilraun.

Í lokin hef ég spurningu til hv. þingmanns varðandi þetta. Sér hv. þingmaður fyrir sér að í framtíðinni fjölgi hlutastörfum? Sér hann þá ekki tækifæri í því að fólk sé á atvinnuleysisbótum og taki svo kannski að sér störf við mannúðarmál? (Forseti hringir.) Þá er ég að tala um í skólum, mötuneytum og víðar þannig að fólk geti verið í vinnu á atvinnuleysisbótum eins og tíðkast víða, (Forseti hringir.) t.d. í Kanada.

[15:37]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þessi umræða er að verða mjög áhugaverð vegna þess að það hefur sýnt sig að atvinnuleysi hefur hörmulegar afleiðingar fyrir þann atvinnulausa og þjóðfélagið í heild. Í fyrst lagi er í atvinnuleysi ekki verið að nýta vinnukraft allrar þjóðarinnar og í öðru lagi gerist það inni í hverjum manni sem verður atvinnulaus, nema hann sé þeim mun sterkari, að sjálfsálitið og sjálfsmyndin brotna. Jafnvel svo að rannsóknir hafa sýnt að fólk sem er um sex, átta mánuði frá vinnumarkaði er nánast orðið öryrkjar. Það eru sem sagt mjög litlar líkur á því að fólk sem lendir í þeirri stöðu fari nokkurn tíma að vinna aftur.

Þetta er mjög dapurlegt og mér finnst að við eigum að vinna gegn þessu með því að virkja þá sem eru atvinnulausir. Hreinlega segja þeim að þeir eigi að mæta einhvers staðar og læra. Hægt er að fá hluta af atvinnuleysingjum sem eru menntaðir til þess að kenna hinum sem eru ómenntaðir. Ég held að við þurfum að fara að skoða þetta með allt, allt öðru hugarfari en gert hefur verið, að setja fólk bara til hliðar og láta það eiga sig af því að þannig koðnar maður niður. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn séu virkjaðir. Það er t.d. mjög góð hugmynd að fólk fari að vinna, þá jafnvel kauplaust, við alls konar störf sem er þörf á, jafnframt atvinnuleysisbótunum, eða hreinlega að það verði á launum og fái þá kannski eitthvað hærri laun en atvinnuleysisbæturnar eru til þess að hvetja það til að stunda störf.

Ég held nefnilega að virknin sé eitt almikilvægasta meðalið gegn því niðurbroti sem ég gat um. Þetta á ekki síður við um öryrkja, virkni öryrkja mætti vera mikið, mikið meiri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur, ráðningarsamningar). — Þskj. 90, nál. 202.

[15:39]

Frsm. fél.- og trn. (Lilja Mósesdóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða með fullnægjandi hætti tilskipun Evrópusambandsins frá árinu 1999 um rammasamning um tímabundna ráðningu.

Tilgangur framangreindrar tilskipunar er að koma í veg fyrir misnotkun á tímabundnum ráðningum. Samkvæmt íslenskum lögum er óheimilt að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfellt lengur en í tvö ár. Hefur ákvæðið því þau áhrif að líði lengri tími en þrjár vikur þar til nýr samningur er gerður telst ekki vera um framlengingu eða endurnýjun samnings að ræða heldur sé kominn á nýr samningur. Í frumvarpinu er því lagt til að þessi tími verði lengdur úr þremur vikum í sex vikur sem þyki þá hæfilegur tími og talinn ná tilgangi laganna til að koma í veg fyrir misnotkun á tímabundnum ráðningum.

Nefndin telur rétt að benda á að í dómi Evrópudómstólsins kemur ekki fram hver hæfilegur tími sé, einungis að 20 virkir dagar eða fjórar vikur sé ekki nægjanlega langur tími enda gætu starfsmenn oftar en ekki þurft að sætta sig við svo langt tímabil milli starfssamninga við vinnuveitanda sinn. Þannig mætti leiða að því líkur að taki starfsmenn sér sumarfrí við lok tímabundins samnings og nýr samningur sé ekki gerður fyrr en að sumarleyfi loknu geti hafa liðið þrjár til fjórar vikur sem leiði þá til þess að nýtt ráðningarsamband myndast og tveggja ára hámarkstímabil tímabundinnar ráðningar byrjar að telja að nýju. Af þessum sökum

áréttar nefndin mikilvægi þess að launafólki með tímabundna ráðningu sé veitt nægileg vernd og sá tími sem frumvarpið kveður á um verði lengdur leiði reynslan í ljós að þörf sé á því.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Lilja Mósesdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Þuríður Backman, Guðbjartur Hannesson og Guðmundur Steingrímsson.

Fjarverandi voru hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jón Gunnarsson og Ólína Þorvarðardóttir.

[15:42]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er komin upp til þess að lýsa ánægju minni með breytinguna í þessu frumvarpi. Ég tel þetta vera mestu réttarbótina af þessum þremur málum sem hafa verið lögð fram og kannski það sem skiptir mestu máli. Þarna vegur þungt, eins og hv. þm. Lilja Mósesdóttir fór yfir, að lengja frestinn úr þremur vikum upp í sex vikur vegna sumarleyfisákvæðisins.

Umboðsmaður Alþingis hefur aðeins fjallað um þetta í máli nr. 4929 frá 2007, auk þess sem Evrópudómstóllinn hefur fjallað um þessi mál. Oft er á mjög gráu svæði hvenær þetta tekur gildi og hvað má líða langur tími. Ég ætla því fyrir hönd Framsóknarflokksins að lýsa hér yfir ánægju með þetta frumvarp og við komum til með að styðja það.

[15:44]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ráðningarsamningur er samningur milli tveggja aðila og væntanlega er beggja hagur að gera ákveðinn samning. Það ætti að vera þannig en þó myndast oft misvægi. Þegar skortur er á vinnuafli eða skortur á vinnu, atvinnuleysi, getur myndast misræmi. Þegar fólk ræður sig í vinnu getur vel verið að launþeginn vilji gjarnan hafa vinnuna tímabundna og ekki hafa ótímabundinn ráðningarsamning, það er ekki endilega alltaf atvinnurekandinn sem knýr á um að samningar séu tímabundnir. Þessi tilskipun og þessar reglur sem við erum að setja í lög skerða í rauninni samningsfrelsi launþeganna líka.

Ég vildi bara benda á þetta, það er ekki alltaf fyrirtækið sem stjórnar því hvernig ráðningarsamningar eru heldur líka launþegarnir. Sú staða gæti komið upp að einhver vildi ráða sig fram á haustið, þá vildi hann vera laus og ekkert þurfa að segja upp sérstaklega vegna þess að hann ætlar að fara í nám t.d. Vel má vera að þessi lög og þessar reglugerðir geri slíkt ómögulegt. Hafi maður verið í starfi tímabundið fram á vor, af því að þá þurfti hann að fara í vorpróf eða eitthvað slíkt, getur hann lent í því að vera kominn í ótímabundna vinnu og þurfa að segja upp með formlegum fyrirvörum eins og um ótímabundinn samning væri að ræða.

[15:46]

Frsm. fél.- og trn. (Lilja Mósesdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu taka undir með hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur og fagna innleiðingu þessarar tilskipunar sem felur í sér réttarbót fyrir fólk sem er ráðið tímabundið. Þess er að geta að í kjölfarið á bankahruninu á Norðurlöndunum fjölgaði mjög þeim á vinnumarkaði sem voru aðeins með tímabundna ráðningu. Flestir þeirra sem féllu undir þann hóp voru ungt fólk og þá sérstaklega háskólamenntað fólk. Það er því mikilvægt að innleiða þessa tilskipun núna þegar við erum að fara í gegnum svipað ástand og tryggja frá byrjun að það fólk sem mun bara eiga kost á tímabundinni ráðningu njóti sem mestra réttinda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, 2. umr.

Stjfrv., 13. mál (EES-reglur). — Þskj. 13, nál. 199.

[15:47]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun nr. 29/2005, frá Evrópusambandinu, um óréttmæta viðskiptahætti. Frumvarp sama efnis var til umfjöllunar í hv. viðskiptanefnd á 136. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Nefndarálitið er að finna á þskj. 199. Þar kemur fram að nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með einni orðalagsbreytingu, þ.e. að í stað orðanna „sem innleiða á“ í c-lið 1. gr. komi: sem innleiddar hafa verið. Er þetta gert til þess að taka af öll tvímæli um að ekki verður sett ný reglugerð eða gerð breyting á reglugerð í þá veru að bæta við upptalningu þeirra laga sem teljast til verndar hagsmunum neytenda nema efni þeirrar reglugerðar hafi verið tekið upp í íslenskan rétt. Um þetta voru nokkur áhöld. Menn gátu misskilið orðalagið eins og það var í frumvarpinu og var það nokkuð rætt við 1. umr. málsins, bæði fyrr í vetur og eins aftur núna þegar mælt var fyrir því á nýju þingi.

Verði þetta frumvarp að lögum verður sú breyting á að viðauki sem geymir upptalningu á þeim reglugerðum sem hafa verið innleiddar í íslenskan rétt og eru á sviði neytendamála mun ekki lengur hafa lagagildi heldur verður hann reglugerð. Þannig verður hægt á einfaldari hátt en áður að bæta inn á viðaukann þeim málum sem þegar hafa fengið lagagildi á Íslandi og teljast á sviði neytendamála. Nú inniheldur þessi viðauki 15 töluliði og hann er að finna í lögum nr. 56/2007. Verði frumvarpið að lögum með þessari breytingu verður eins og ég sagði áðan bætt við upptalninguna með reglugerð.

Frú forseti. Ég tel ekki ástæðu til að lesa nefndarálitið sem hér liggur fyrir á þskj. 199 og flutt er af hv. viðskiptanefnd.

Hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Eygló Harðardóttir og Jónína Rós Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið og breytingartillöguna þar með rita auk þeirrar sem hér stendur Magnús Orri Schram, Guðlaugur Þór Þórðarson, Björn Valur Gíslason, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Margrét Tryggvadóttir.

[15:51]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að gera grein fyrir efni þessa frumvarps svo langt sem það nær og einnig þeirri breytingartillögu sem nefndin flytur við frumvarpið sem ég hygg að sé til bóta þó ég ætli að koma aðeins betur að því síðar.

Þetta frumvarp er þess eðlis að það getur kallað á margs konar umræðu og vangaveltur sem ég held að sé nauðsynlegt aðeins að vekja upp. Þá langar mig fyrst að velta því einfaldlega fyrir mér hvernig við förum að því að lögfesta ýmsar gerðir Evrópusambandsins á sviði réttarfars eins og þeirrar sem við erum um það bil að fara að lögfesta. Um þetta mál virðist ætla að takast almenn og breið pólitísk samstaða þannig að engar líkur eru á öðru en að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Þess vegna er full ástæða til að reyna að velta fyrir sér efni málsins og einnig hvernig við stöndum að því að innleiða þessar gerðir.

Í fyrsta lagi varðandi þetta frumvarp almennt vil ég segja að mál af þessu taginu sem fjallar um tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti kallar auðvitað á það í sjálfu sér, ekki síst því andrúmi sem núna ríkir í þjóðfélaginu, að í frumvarpinu sé gerði miklu betri grein fyrir efni málsins en þar er gert. Hér er verið að fjalla um óréttmæta viðskiptahætti og verið að innleiða í lög með þessum hætti tiltekna þætti þeirra mála og vísað mjög í einstaka kafla, bæði í gerðum Evrópusambandsins og í gildandi lögum. Hins vegar er manni alls ekki ljóst þetta samhengi málsins með því að lesa þetta frumvarp eitt og sér. Þetta er býsna tæknilegt mál, ég segi ekki að það sé bara fyrir innvígða og innmúraða. Það er hægt að átta sig á hinum tæknilegum breytingum með því að lesa vandlega yfir texta málsins en hið stóra samhengi sem við erum að fjalla um, þessi löggjöf og tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti, en það hefði auðvitað verið eðlilegt af hálfu hæstv. viðskiptaráðherra að gera nánari grein fyrir því í athugasemdum um frumvarpið. Það er auðvitað skaði að ég skyldi ekki eiga þess kost á þeim tíma að vekja máls á þessu þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir málinu. Þess vegna nýti ég það tækifæri sem ég hef núna til að fara yfir það sem ég tel vera mikið aðfinnsluefni, að ekki skuli gerð betri grein fyrir bakgrunni málsins sem ég geri að umtalsefni.

Það er auðvitað ekki einfalt mál að innleiða þessar gerðir og tilskipanir Evrópusambandsins og Alþingi hefur gert nokkrar atrennur að því að fara yfir það hvernig skynsamlegt sé að vinna þessi mál á þinginu. Við vitum hvernig þetta ber að. Það er lögð fram þingsályktunartillaga sem utanríkismálanefnd fer yfir og síðan, ef tilefni er til, er flutt frumvarp til að lögfesta efnisþætti tilskipunarinnar ef ekki liggja þegar fyrir lög í því sambandi. Þess vegna held ég að það væri mjög til bóta bæði í þessu máli og ýmsum öðrum þegar þau eru lögð fram, mál sem eru í rauninni kannski að megninu til eða uppistöðu til tæknileg, þá væri auðvitað nauðsynlegt að við gerðum grein fyrir hver hin stóra mynd er sem við erum að fjalla um. Ég man að á frumbernskuárum EES-samningsins voru þess mál oft til umræðu og ég man sérstaklega eftir ljóðrænum leiðara *Alþýðublaðsins* sáluga sem félagi Hrafn Jökulsson skrifaði sem hét „Pósturinn Páll“ og fjallaði um hlutskipti þáverandi hæstv. félagsmálaráðherra sem hafði verið í óðaönn að taka við pósti frá Brussel sem var síðan nánast framsendur hingað til þingsins. Það losar þingið auðvitað ekki undan þeirri ábyrgð að fara efnislega yfir þessi mál eins og vel og hægt er. Til að við þingmenn, a.m.k. þeir sem standa utan um þær þingnefndir sem í hlut eiga, getum áttað okkur á málinu er mjög mikilvægt að efni þess sé betur reifað en gert er í þessu frumvarpi.

Ef við skoðum hvernig það er rakið t.d. í nefndaráliti hv. viðskiptanefndar hvernig staðið var að þessari tilteknu reglugerð, þá segir þar svo í 3. mgr., með leyfi forseta:

„Reglugerð EB, nr. 2006/2004 frá 27. október 2004, um samvinnu um neytendavernd var tekin upp“— ég vil biðja fólk um að veita þessu athygli — „í íslenskan rétt á þann hátt að birta sjálfa reglugerðina sem fylgiskjal við lögin. Í viðauka við reglugerðina eru taldar upp þær EB-tilskipanir og -reglugerðir sem teljast vera „lög til verndar hagsmunum neytenda“.“

Í 1. gr. þessa frumvarps er hins vegar lagt til að heimilt verði á grundvelli 3. gr. laganna, þeirra laga sem vísað er til, að láta viðaukann hafa reglugerðargildi. Með öðrum orðum er hér verið að breyta þessu talsvert að því leytinu að áður hafði reglugerðin verið birt sem fylgiskjal við lögin en farið öðruvísi með viðaukann. Nú er verið að leggja til að viðaukinn sjálfur hafi sjálfstætt reglugerðargildi. Síðan er það hugsunin á bak við þetta frumvarp eins og kemur fram í 1. gr. að ef breytingar verði síðar gerðar á þessum viðauka eigi að vera hægt að bæta við upptalninguna á þessum lögum, með leyfi virðulegs forseta, „sem teljast vera lög til verndar hagsmunum neytenda“. Það verði unnt með breytingu á reglugerð að bæta þeim við upptalninguna. Þarna er auðvitað verið að stytta sér leið. Viðskiptaráðuneytið er í raun að afla sér heimilda til að hafa það vald að geta breytt reglugerð með einföldum hætti og bætt við þessa upptalningu eins og þörf krefur. Síðan er það rakið að ef frumvarpið verði að lögum gæti viðskiptaráðherrann haft heimild til að bæta 16. tölulið við viðaukann eins og mælt er fyrir í frumvarpinu.

Það vekur síðan athygli og má segja að sé undirritað með breytingu viðskiptanefndar að eins og málið var lagt upphaflega fram var þessi heimild alveg ótrúlega opin. Svo opin í rauninni að það má ætla að þarna hafi tilraun verið gerð til þess, væntanlega óafvitandi, að fela hæstv. viðskiptaráðherra, sem vel að merkja er í dag einstaklingur sem stendur utan þingsins, hæstv. viðskiptaráðherra til að leiða inn í þessa reglugerð sem fer ekki fyrir Alþingi upptalningu á tilgreindum atriðum. Þetta hefði auðvitað verið mjög alvarlegur hlutur. Þess vegna eins og ég sagði í upphafi fagna ég því að hv. viðskiptanefnd hefur ákveðið að leggja til breytingu við þetta frumvarp sem gerir það að verkum að hæstv. ráðherra getur ekki bætt við inn í viðaukann nánast eftir „smag og behag“ eins og upphaflegt frumvarp gerði ráð fyrir heldur er eingöngu um það að ræða að hann getur einungis haft inni í viðaukanum þau atriði sem þegar hafa verið innleidd.

Að vísu er það svo að ef Alþingi hefur samþykkt þessi tilteknu atriði er hæstv. ráðherra heimilt að færa þau atriði, sem aflað hefur verið lagaheimildar til á Alþingi, inn í þennan viðauka. Það er því ekki alveg nákvæmt eins og

kemur fram í nefndaráliti viðskiptanefndar að hér sé um að ræða orðalagsbreytingu. Hér er um að ræða efnisbreytingu og raunar mjög mikilvæga efnisbreytingu. Maður spyr sjálfan sig þegar þetta er lesið og þessi mál rakin í sögulegu samhengi hvort ekki sé ástæða til þess að Alþingi fari mjög rækilega yfir tilskipanir af þessu taginu, hvort sem þær koma úr þessu ráðuneyti eða öðrum, með hliðsjón af því verklagi sem Alþingi hefur tamið sér. Það er augljóst mál að í þessu litla, sakleysislega frumvarpi, þar sem hið stóra, efnislega samhengi er ekki rakið, var ákvæði sem fól í sér algerlega óviðunandi og óeðlilegt vald sem í þessu tilviki hæstv. viðskiptaráðherra hefði getað fengið.

Nú er ég ekki að segja að hæstv. viðskiptaráðherra hefði verið líklegur til að misnota þetta vald. Það er hins vegar ljóst að hefði málið ekki fengið þessa meðhöndlun viðskiptanefndar og hefði hv. viðskiptanefnd ekki kosið að gera þessa breytingartillögu hefði í raun og veru verið opnað á ótrúlega mikla möguleika framkvæmdarvaldsins til að breyta þessum viðauka eins og það lysti. Það er mjög slæmt og mér finnst ástæða til að hafa nokkur orð um þetta mál. Ég ítreka sem sagt að þessi efnisbreyting sem viðskiptanefndin er að gera er ekki orðalagsbreyting, heldur efnisbreyting sem skiptir máli. Almennt sýnist mér að þetta feli í sér aukið reglugerðarvald ráðherra. Viðaukinn, sem verður reglugerð í framtíðinni, getur haft tvíþættan tilgang, annars vegar að vera skrásetning á sögunni og hins vegar aðferð við að tína þær breytingar sem Alþingi hefur gert inn í reglugerðina.

Einmitt um þessar mundir er full ástæða til að velta fyrir sér ýmsum þáttum sem lúta að óréttmætum viðskiptaháttum í þjóðfélagi okkar. Við þurfum ekki annað en fletta blöðunum dag frá degi til að átta okkur á því að hér er um að ræða mjög alvarlega hluti. Það er engin tilviljun að í Evrópusambandinu og á hinu Evrópska efnahagssvæði skuli vera mikill skógur laga og reglna um óréttmæta viðskiptahætti eins og málin þróast nú. Þeir óréttmætu viðskiptahættir sem væntanlega er vísað til eiga sér ekki bara stað í einstökum þjóðríkjum heldur yfir landamæri. Þau dæmi sem við höfum séð í okkar litla þjóðfélagi upp á síðkastið eru lýsandi fyrir það. Þetta tekur til mjög margra hluta og snýr ekki bara að neytendavernd og öðru slíku. Hér getur verið um að ræða mjög flókna hluti sem þarf að mæta með sameiginlegu átaki þeirra ríkja sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þess vegna er út af fyrir sig fagnaðarefni þegar færi gefst á að fjalla aðeins um þessa löggjöf. Því ítreka ég að ég tel, ekki síst í ljósi þess umhverfis sem við erum í núna, að þetta frumvarp sem hefur yfir sér yfirbragð tæknilegra leiðréttinga á flóknum fjarlægum gerðum hefði átt að vera gert þannig úr garði að okkur væri betur ljóst um hvers konar löggjöf við værum að fjalla, hvaða löggjöf þetta snerti og hvað nákvæmlega væri við að eiga.

Ég vil í þessu sambandi líka, vegna þess að hér er staddur hv. formaður nefndarinnar, vekja athygli á því að í *Morgunblaðinu* í morgun er fjallað um einn anga þessa máls sem snertir óréttmæta viðskiptahætti. Þetta er mál sem ég hef nokkuð hreyft við í þinginu og ég vil leyfa mér að lesa örlitla frásögn sem birtist í viðskiptablaði *Morgunblaðsins* í dag, í fréttaskýringu eftir Bjarna Ólafsson blaðamann. Þar segir blaðamaðurinn, með leyfi forseta:

„Hlutabréfaeign á við eðlilegar aðstæður að vera ein þeirra leiða sem almenningur hefur til að ávaxta fé sitt. Það að græða á kaupum og sölu á hlutabréfum, að elta hækkanir og lækkanir á mörkuðum, er frekar iðja sérfræðinga en almennra hluthafa. Margir eiga hlutabréf í sínu félagi svo árum eða jafnvel áratugum skiptir og fá sína ávöxtun í formi arðgreiðslna. Þeir kippa sér ekki endilega upp við það þótt hlutabréfaverð taki tímabundna dýfu, vegna þess að þeir hafa ekki hug á að selja bréfin hvort eð er. Þessir smáu hluthafar skipta stærri leikmenn litlu máli.“

Þetta er auðvitað einn angi þessa máls sem hér er verið að ræða; meðhöndlun á þessum litlu hluthöfum sem hafa skipt svo miklu máli í efnahagslegri uppbyggingu á Íslandi. Fjöldi fólks hefur nurlað saman aurum og lagt inn í fyrirtæki, bæði til að ávaxta fé sitt og einnig til að dreifa áhættunni og freista þess að fá meiri ávöxtun en hægt er með venjulegum sparnaði á sparireikningum bankanna. Þetta hefur líka verið aðferð almennings til að taka virkan þátt í uppbyggingu atvinnulífsins og njóta ávaxtanna þegar vel gengur. Hins vegar hefur skort mikið á að séð væri fyrir hagsmunum minni hluthafa. Þótt ýmislegt hafi verið gert í þessum efnum er það mjög miður hve illa hefur í raun og veru verið farið með marga litla hluthafa í okkar þjóðfélagi. Það hefur t.d. verið vakin athygli á því að bara í hruninu í haust er talið að 47 þúsund einstaklingar hafi tapað u.þ.b. 130 milljörðum kr. á einni viku vegna hlutafjáreignar í bönkum sem nú er verðlaus. Til viðbótar við þetta kemur sú lækkun sem varð á hlutabréfum á árinu 2008 og enn fremur að hlutabréf í öðrum fyrirtækjum hafa verið að lækka. Eignir fyrirtækjanna hafa dregist saman og litlu hluthafarnir, sem blaðamaðurinn sem ég vitnaði til áðan lýsti svo ágætlega, eru algerlega óvarðir í þessu sambandi. Þetta er m.a. það erindi sem ég á við hv. formann viðskiptanefndar — ég vil spyrja hæstv. forseta hvort formaður viðskiptanefndar sé ekki nærri og geti hlýtt á mál mitt.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti getur ekki heyrt betur en hv. formaður viðskiptanefndar sé í hliðarherbergi.)

Virðulegi forseti. Ræða mín er ekki löng og þess vegna vil ég biðja hv. formann (Gripið fram í.) — Það er gott að hv. formaður viðskiptanefndar heyrir orð mín vegna þess að til viðbótar við það sem ég hef sagt almennt um málið og hvernig það ber að, að ég telji að skortur sé á ákveðinni upplýsingagjöf í þessu frumvarpi þótt ég skelli ekki skuldinni á nefndina eða hv. formann nefndarinnar — til viðbótar við þetta allt saman á ég það erindi við hv. formann að vekja athygli á því að hluti af þeim óréttmætu viðskiptaháttum sem hafa tíðkast í okkar samfélagi lúta að meðhöndlun og meðferð á litlum hluthöfum í atvinnulífi okkar. Ég hef oft gert grein fyrir því hvernig þessi mál blasa við mér og ég hef talið fulla ástæðu til þess, þótt fyrr hefði verið, að við hertum þessa löggjöf mun meira en gert hefur verið. Eins og ég rakti hefur ýmislegt gerst í þessum efnum en það vantar mjög mikið upp á.

Á sínum tíma hafði ég ásamt þingmönnum úr öllum þingflokkum sem þá sátu á Alþingi forgöngu um að flytja tiltekin frumvörp í þessa veru. Þau frumvörp voru illu heilli ekki afgreidd frá Alþingi á þeim tíma af ástæðum sem mér eru í sjálfu sér ekki ljósar nema um hafi verið að ræða þetta gamla tregðulögmál sem gildir þegar þingmenn flytja þing-

mál. Ég ákvað þess vegna núna í vor ásamt félögum mínum í Sjálfstæðisflokknum að flytja mál á grundvelli þessara frumvarpa sem svo breið pólitísk samstaða hafði skapast um þótt Alþingi hefði ekki afgreitt þau.

Þingsályktunartillagan gengur út á að hæstv. viðskiptaráðherra skipi nefnd til að leggja fram hugmyndir að þeim breytingum sem þyrfti að gera á lögum til að tryggja betri stöðu minni hluthafa. Ég tel að þetta eigi beint erindi í umræðuna núna vegna þess að við fjöllum um afmarkaðan þátt tilskipunar um óréttmæta viðskiptahætti. Þegar við horfum á þessa hluti er enginn vafi á að margt ljótt hefur gerst innan hlutafélaga þar sem hagsmunir minni hluthafa hafa verið fyrir borð bornir. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann að því, í ljósi þess sem ég hef þegar rakið og vegna þess að á bak við þessa tillögu er mjög breið almenn pólitísk samstaða — og ég vil til fróðleiks geta þess að þau tvö frumvörp sem eru fylgiskjal þingsályktunartillögunnar og á vissan hátt ákveðinn bakfiskur í þessari tillögu voru flutt af m.a. hæstv. núverandi fjármálaráðherra og hæstv. núverandi forsætisráðherra, auk mín. Þess vegna ætla ég að við þetta mál sé mikill almennur pólitískur stuðningur.

Þetta mál var eitt af þeim fyrstu sem flutt voru á Alþingi og það fór tiltölulega snemma inn í viðskiptanefnd. Mér er kunnugt um að þar hafa komið fram sjónarmið fjölmargra þeirra sem láta sér þessi mál varða. Ég hef kynnt mér þau sjónarmið í umsögnum sem hafa borist nefndinni og þar er allt á sömu bókina lært. Allir þeir sem á annað borð taka efnislega afstöðu til málsins hvetja til þess að málið verði afgreitt frá þinginu. Þess vegna vil ég spyrja hv. formann nefndarinnar hvort hún hafi hugleitt að þetta mál verði afgreitt núna fyrir þinglok þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til málsins. Ég geri það í tilefni af þessu frumvarpi til laga um óréttmæta viðskiptahætti vegna þess að stór angi þess máls eru óréttmætir viðskiptahættir, a.m.k. mjög ósanngjarnir viðskiptahættir sem hafa tíðkast innan hlutafélaga í ýmsum tilvikum og hafa átt sinn þátt í að fjölmargir einstaklingar urðu fyrir meiri skaða en ella hefði orðið í þeim darraðardansi og því hruni sem varð hér á sl. hausti.

[16:11]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Við erum komin í 2. umr. um frumvarp um breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti. Þetta er ekki stórmál. Ég var því miður ekki viðstödd afgreiðslu á málinu út úr nefnd en geri fastlega ráð fyrir að ef ég hefði verið viðstödd væri ég á nefndarálitinu þar sem hér er ekki um neitt tímamótamál að ræða. Það er verið að tala um að fá að setja reglugerð. Það eru lagðar til breytingar á annars vegar lögum um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu um neytendavernd og hins vegar lögum um lögboðin dómsmál til verndar heildarhagsmunum neytenda. Tilgangur frumvarpsins er að ljúka innleiðingu á tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti en efni tilskipunarinnar hefur verið tekið upp í íslenskan rétt að undanskilinni 16. gr. hennar. Þær breytingar sem um ræðir felast í breyttum tilvísunum til tilskipunar sem hafa þegar verið innleiddar og þeir sem hafa kíkt á breytingartillögu nefndarinnar sjá að þær snúast meira og minna um tilvísanir en ekki efnisbreytingar.

Helstu athugasemdirnar sem gerðar voru í 1. umr. um málið voru um setningar í greinargerð frumvarpsins og það má væntanlega rekja til biturrar reynslu okkar á undanförnum mánuðum af því að hafa innleitt Evrópurétt, í sumum tilvikum hugsunarlaust. Hér stendur í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Innleiðing síðari breytinga á viðaukanum, sem geymir upptalningu á ákveðnum EES-gerðum á sviði neytendamála, yrði í formi reglugerða sem er mun einfaldara en að breyta lögum hverju sinni. Það er því til mikils hægðarauka að breyta lögunum með þessum hætti enda þarf þá ekki að taka upp breytingar í lögin í hvert skipti sem breytingar eru gerðar á viðauka tilskipunarinnar.“

Það er kannski ekki að undra að hárin hafi ýfst á hnakka þingmanna þegar þeir sáu þessa setningu frá viðskiptaráðuneytinu um að embættismenn telji til mikils hægðarauka að sleppa því að breyta lögum en fara þess í stað beint í gegnum reglugerðir. Enda er kannski óþarfi að trufla þingmenn við ýmis önnur mikilvæg störf eins og að fjalla um hvort endurskoðendur eða sérfróðir matsmenn megi gefa yfirlýsingu um samruna.

Þetta eru þau mál sem við fjöllum um núna í miðju efnahagshruninu. Þegar hafa komið fram athugasemdir við áherslur hæstv. félagsmálaráðherra í sambandi við þau mál sem hann leggur fram og ég held að það megi að vissu leyti kvarta undan sömu vinnubrögðum hjá hæstv. viðskiptaráðherra. Það er spurning hvort þetta sé mál sem ástæða er til að ræða á sumarþingi, sérstaklega í ljósi þess að staðan á Íslandi er enn þá mjög erfið. Hér hafa ekki orðið miklar breytingar frá því að við ræddum þetta í fyrstu umferð, þrátt fyrir að við séum búin að senda þessa fínu umsókn tvisvar sinnum inn til ESB. Í annað skiptið afhenti sendiherra okkar í Svíþjóð hana og svo fór hæstv. utanríkisráðherra aftur til Svíþjóðar og endurafhenti umsóknina Evrópusambandinu. Við skulum því vona að umsóknin sé komin til skila til Evrópusambandsins. Það hefur þó svo sem ekki breytt neinu fyrir okkur, við erum enn að fást við stór vandamál. Þess vegna finnst manni svolítið einkennilegt að við séum að ræða um innleiðingar á gerðum og reglugerðum. Í *Morgunblaðinu* í morgun var t.d. bent á að hæstv. félagsmálaráðherra er núna loksins búinn að ákveða að skipa nefnd til að huga að vandamálum heimilanna. Núverandi flokkar eru búnir að skipa ríkisstjórn frá því í febrúar og hafa gefið sér ágætan tíma til að huga að vandamálum heimilanna á Íslandi. Í fréttum kom einnig fram að vanskil Íbúðalánasjóðs hafa nú tvöfaldast en við inni á þingi ætlum hins vegar að fjalla um reglugerðir og mjög mikilvægar ESB-tilskipanir.

Í nefndarálitinu leggjum við til eina breytingu á orðalagi frumvarpsins. Lagt er til að í stað orðanna „sem innleiða á“ í c-lið 1. gr. frumvarpsins komi orðin: „sem innleiddar hafa verið“. Þarna erum við að ítreka að það á ekki að vera embættismanna að ákveða hvað eigi að innleiða eða flýta fyrir heldur sé algerlega kýrskýrt að það þurfi fyrst að innleiða viðkomandi gerðir í íslenska löggjöf áður en þær eru settar inn í reglugerðina. Hér segir, með leyfi forseta:

„Er þetta lagt til svo skýrt sé að ekki verður sett ný eða gerð breyting á reglugerð í þá veru að bæta við upptalningu þeirra laga sem teljast lög til verndar hagsmunum neytenda

nema efni hennar hafi áður verið tekið upp í íslenskan rétt.“

Þetta stóra og mikilvæga mál ræðum við nú á þessu sumarþingi.

Ég fagna því að við höfum klárað eitthvað og einhver mál komist alla vega út af þinginu. Það skiptir íslenskan almenning þó kannski mjög litlu máli.

[16:18]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég skal alveg fyrirgefa forseta að hafa fært mig aðeins neðar á listann ef hann lofar að gera það aldrei aftur. Nú færist maður upp hér eftir.

Virðulegi forseti. Við erum að ræða, eins og hér hefur komið fram, breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um óréttmæta viðskiptahætti. Margt af því sem ég hafði ætlað að vekja athygli á hefur þegar komið fram, í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og hjá hv. þm. Eygló Harðardóttur. (Gripið fram í.) Góð vísa, eins og hv. þingmaður bendir á, er aldrei of oft kveðin þannig að ég hef í hyggju að fara aðeins yfir nokkur þau sjónarmið sem mér finnst standa upp úr.

Ég verð að segja að það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Einari Guðfinnssyni, þetta er lítið og sakleysislegt frumvarp og virðist við fyrstu sýn vera lítið og sakleysislegt mál. En það getur haft verulega víðtæk áhrif. Breytingartillagan sem við nefndarmenn flytjum sameiginlega í góðri sátt, — það er rétt að fram komi líka í þessum ræðustól að það eru sum atriði sem við getum náð ágætri sátt um — breytingartillagan er afar mikilvæg og ég tek undir það sem hv. þm. Eygló Harðardóttir sagði áðan varðandi það. Við nefndarmenn fyrtumst öll við þegar við lásum athugasemdirnar sem hér hafa verið lesnar en ég ætla í anda þess að góð vísa hefur aldrei verið of oft kveðin að lesa textann aftur, með leyfi forseta. Hér segir:

„Innleiðing síðari breytinga á viðaukanum, sem geymir upptalningu á ákveðnum EES-gerðum á sviði neytendamála, yrði í formi reglugerða sem er mun einfaldara en að breyta lögum hverju sinni. Það er því til mikils hægðarauka að breyta lögunum með þessum hætti enda þarf þá ekki að taka upp breytingar í lögin í hvert skipti sem breytingar eru gerðar á viðauka tilskipunarinnar.“

Það er allt í lagi að einhver hugsi: „Það er ágætt að hafa þetta svona, þurfa ekki að vera að ónáða þingheim með einhverjum litlum breytingum á listum og reglugerðum.“ En það er sláandi að sjá þetta á prenti og sú breytingartillaga sem við leggjum fram er klárlega til bóta.

Ég verð að gera þá játningu að þetta mál hefur ekki fengið mestu athygli mína undanfarnar vikur á þessu sumarþingi og ég ætla að játa það að ég hef ekki lesið tilskipunina og þessa löggjöf saman. Kannski er alvarlegt mál að ég standi hér í skriftastólnum. Jú, jú, ég hef flett í gegnum þetta, enda eru gögn málsins í möppum okkar og við höfum farið í gegnum þetta, á einum fundi þar sem við fengum gesti. Svipað og hv. þm. Lilja Mósesdóttir benti á áðan varðandi aðra Evróputilskipun sem var verið að innleiða var þetta kannski tveggja tíma fundur sem fjallaði um margt annað líka. Formaður mig leiðréttir ef ég fer rangt með, en ég tel að þetta mál hafi í mesta lagi fengið 45 mínútna umfjöllun í nefndinni samtals. Það er sláandi og hræðir mig. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti á áðan þá tökum við þessar Evróputilskipanir kannski ekki nógu alvarlega og afleiðingarnar sem þær geta haft, eins og við erum nú að súpa seyðið af eftir ófarirnar á fjármálamörkuðum í haust. Það er alvarlegt að lögleiðing tilskipana skuli ekki vera vandaðri og við þurfum að hafa þetta sérstaklega í huga núna þegar aðildarumsóknin er farin til Evrópusambandsins. Innganga í Evrópusambandið mun ekki minnka mikilvægi þess að við förum vel og vandlega yfir það sem er að gerast. Allt hefur þetta áhrif hér innan lands og því mikilvægt að vanda til verka.

Ég hef sagt í umræðum um Evrópumálin að ég held að við fáum ekki það út úr samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem við gætum fengið og að við gætum haft mun meiri áhrif á gerðir Evrópusambandsins á mótunarstigi heldur en við höfum núna, við erum mjög meðvituð um það á þinginu. Ég sat í utanríkismálanefnd á síðasta þingi. Þar var þetta mikið til umfjöllunar og nefndin fór að beiðni virðulegs forseta Alþingis vel yfir hvernig bæta megi aðkomu Alþingis að Evróputilskipunum á mótunarstigi og skilaði skýrslu um það. Í rauninni liggur í augum uppi að mikilvægast er að leggja meiri vinnu í þetta, við þurfum að setja fleira fólk í að skoða þetta og það kostar fjármuni.

Af hverju segi ég þetta núna? Jú, vegna þess að við erum komin í aðildarumsóknarferli, þökk sé hv. þingmönnum Vinstri grænna, og við þurfum á nákvæmlega sama hátt að standa vörð um íslenska hagsmuni og passa upp á að þessar gerðir á mótunarstigi hafi ekki slæm áhrif hér á landi. Hvernig gerum við það? Það lagast ekki bara við að ganga í Evrópusambandið heldur þurfum við að leggja vinnu í þetta, tíma og fjármuni og gefa þessum hlutum gaum. Klárlega þarf að setja meiri slagkraft í þetta. En ég óttast að við munum ekki gera það. Okkur fjölgar ekkert Íslendingum þó að við sækjum um aðild að Evrópusambandinu. Ég held að meira að segja að Samfylkingin geti ekki haldið því fram. Við erum enn þá með litla stjórnsýslu, fáliðað embættismannakerfi sem á fullt í fangi með að halda í horfinu og er ekki endilega að gera það sem þyrfti, að lúslesa þessar gerðir og meta hvaða áhrif þau hafa á íslenskan rétt.

Virðulegi forseti. Eftir játningar mínar áðan um hversu litla athygli þetta mál hefði fengið vekur samt athygli að það er komið á dagskrá, sem þá væntanlega eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar. Ég tek undir þá gagnrýni sem hefur verið sett fram. Við höfum verið hér í margar vikur frá kosningum, á sumarþingi sem átti að vera til að slá skjaldborg um heimilin og koma heimilum og fyrirtækjum til bjargar vegna þess bráðavanda sem nú ríkir. En við erum, 23. júlí, að ræða um Evróputilskipanir, stórar sem smáar. Þessi dagskrá er hreint með ólíkindum, að forgangsröðunin sé svona, en ég get alveg upplýst hv. þingheim um mína skoðun á því af hverju þetta er. Það er mjög einfalt. Verið er að bíða eftir Icesave. Icesave-málið er í miklum hnút innan ríkisstjórnarinnar, það er verið að telja hausa nákvæmlega eins og var gert í ESB-málinu. Hæstv. ríkisstjórn er búin að komast að því að hún fær ekki samninginn staðfestan á þessu þingi þannig að nú þarf að hlaða inn litlu málunum, sem undir öllum eðlilegum kringumstæðum mundu bíða, svo að tími vinnist til að breiða yfir þennan mikla ágreining.

Við höfum rætt í viðskiptanefndinni hvernig sjónarmiðum okkar í minni hlutanum er tekið. Við fáum að tjá þau en ég hef sagt við hv. formann nefndarinnar að ég líti svo á að ekki sé mikið mark á okkur takandi miðað við þær fáu breytingar sem við höfum náð að koma fram á málum sem eru stærri en þetta. Þess vegna ætti ég kannski ekki að vera að gefa hæstv. ríkisstjórn góð ráð en ég ætla samt að gera það þó að ekki væri nema til að skaprauna hv. þm. Álfheiði Ingadóttur einn eina ferðina með góðum ráðum … (**ÁI:** Hvað á hv. þingmaður við?) Hv. þingmaður á þá við að í mikilli undirgefni vill þingmaðurinn geta þess að hún hefur ítrekað á fundum viðskiptanefndar komið fram með ýmis sjónarmið sem ekki hafa verið tekin til greina við niðurstöðu og úrvinnslu mála vegna þess að við höfum ekki verið sammála. Þetta var sagt góðlátlega og ekki meint neitt illt með því en það ráð sem ég vildi gefa hæstv. ríkisstjórn er að einbeita sér að því að klára þau mál þar sem mikið liggur við. Þetta getum við klárað í sátt og sameiningu en við skulum sýna íslensku þjóðinni að á þessum óvissutímum leggjum við okkur öll fram um að vinna að málum sem munu koma til með að breyta einhverju til batnaðar fyrir íslensk heimili og fyrirtæki. Með allri virðingu fyrir tilskipun Evrópusambandsins um óréttmæta viðskiptahætti þá held ég að hún muni ekki skipta miklu máli í lífi Íslendinga á komandi vikum og mánuðum og hefði þess vegna mátt bíða haustsins.

[16:31]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Það er alltaf hægt að bíða með alla hluti. Frumvarpið sem við ræðum beið sl. vor og er því komið öðru sinni á borð þingmanna. Ég verð að segja af því tilefni að hv. þingmenn töluðu eins og lítið hefði verið fjallað um málið í þingsal og í nefnd að það er ekki alls kostar rétt. Við 1. umr., eins og ég nefndi áðan, bæði fyrr í vetur og svo aftur nú á vordögum var fjallað mjög ítarlega um nákvæmlega það sem hv. þingmenn hafa bent á að fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið, þ.e. hversu mikið auðveldara það er fyrir framkvæmdarvaldið að setja reglugerð heldur en að setja lög á Íslandi. Þannig á það að vera, það á að vera miklu erfiðara að setja lög en reglugerðir. En reglugerðir þurfa að hafa stoð í lögum.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu er tilgangur frumvarpsins að ljúka innleiðingu á tilskipun nr. 29/2005, um óréttmæta viðskiptahætti, en efni hennar var tekið upp í íslenskan rétt með lögum nr. 141/2001, að undanskilinni 16. gr. sem varðar tilvísun í Evrópuráðstilskipun um lögbann og dómsmál til að verja hagsmuni neytenda.

Breytingarnar felast að öðru leyti í breyttum tilvísunum til tilskipana sem þegar hafa verið innleiddar. Viðaukann sem hér hefur verið fjallað um er núna að finna í lögum nr. 56/2007, í honum er upptalning í 15 liðum á þeim lagabálkum og tilskipunum Evrópusambandsins sem hafa verið teknar í íslenskan rétt. Hér er lagt til að í stað þess að upptalning tilskipana sem innleiddar hafa verið og lúta að neytendamálum sé í lögum nr. 56/2007 verði hana að finna í reglugerð, þ.e. ef 16. tilskipunin verður lögleidd á sviði neytendamála þurfi ekki að breyta lögum nr. 56/2007 heldur verði þess getið í reglugerð að þessi tilskipun hafi verið innleidd. Þetta er öll breytingin sem um ræðir. En vegna misvísandi orðalags í c-lið 1. gr. laganna þótti nefndinni rétt að flytja breytingartillögu til að taka af öll tvímæli um að það stæði ekki til að setja í reglugerð innleiðingu sem ekki hefði farið í gegnum þingið sem lög.

Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið. Ég vil árétta að það sem af er sumarþingi hefur hv. viðskiptanefnd fengið frá þinginu 12 mál, sum hver veigamikil, hún hefur afgreitt átta mál, og að auki er eitt sem var tekið upp og flutt sérstaklega af nefndinni og varðaði slitastjórn SPRON. Enn er á borðum nefndarinnar mjög stórt stjórnarfrumvarp, þ.e. heildarlög um vátryggingastarfsemi, og þar að auki eru þrjú þingmannafrumvörp til vinnslu. Það skal viðurkennt að nefndin hefur ekki gefið sér tíma til að fjalla efnislega um þau. Málið sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson nefndi, 7. mál þingsins, er um stöðu minni hluthafa, eða minnihlutavernd, og ég vil taka undir með hv. þingmanni um nauðsyn þess að auka vernd minni hluthafa og hef engu við það að bæta sem hann sagði.

Þá er einnig um að ræða mál sem fjallar um vexti og verðtryggingu, þ.e. hámarkshækkun verðtryggingar fjárskuldbindinga, frá hv. þm. Eygló Harðardóttur og fleirum og loks er þriðja þingmannamálið sem bíður umfjöllunar frá hv. þm. Pétri H. Blöndal og fleirum, 5. mál þingsins, hlutafélög með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi. Um þessi þrjú þingmál má segja að nú þegar liggja fyrir nokkuð margar umsagnir um þau og ég ætla að vona að hv. viðskiptanefnd veitist tími til að fjalla um þau en það skal viðurkennt að afskaplega mikil pressa er á vátryggingafrumvarpinu sem er gríðarlega stórt, lagabálkur sem hefur verið lagður í þriðja sinn fyrir þingið og ég sé ekki alveg hvernig nefndin nær að ljúka fyrir haustið.

[16:36]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að víkja að 1. gr. í frumvarpinu og þá c-lið hennar sem hljóðar svo, virðulegi forseti: „Viðskiptaráðherra skal í reglugerð kveða á um að viðauki við reglugerð samkvæmt 1. mgr. og breytingar á honum sem innleiða á skuli hafa reglugerðargildi hér á landi.“

Viðskiptanefndin hefur ákveðið að leggja til breytingar á þessu og í stað orðanna „sem innleiða á“ komi orðin: sem innleiddar hafa verið. Eins og ég sagði í ræðu minni er ekki um að ræða orðalagsbreytingu heldur klárlega efnisbreytingu. Sé frumvarpið lesið bókstaflega var verið að opna reglugerðarheimild fyrir hæstv. viðskiptaráðherra til að gera breytingar á viðaukanum við reglugerðina án þess að tryggt væri að þessi atriði hefðu verið tekin inn í íslenskan rétt. Ég veit ekki hvernig ber að skilja þetta. Ég vil sakir góðsemi minnar gefa mér að hér hafi verið um að ræða hrein glöp af hálfu viðskiptaráðuneytisins við undirbúning málsins sem hv. viðskiptanefnd er að lagfæra. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. formann nefndarinnar hvort ástæða hafi verið talin til að ætla að með textanum í frumvarpinu hefði verið opnuð heimild til að taka upp í viðaukann atriði sem ekki hefðu verið tekin upp í íslenskan rétt. Um þetta spyr ég vegna þess að sérstaklega er nefnt í nefndarálitinu að verið sé að girða fyrir að það sé gert. Ég

vil spyrja hv. þingmann hvort hann telji að óbreytt frumvarp hefði mátt túlka þannig að það gæti verið opnun á að taka eitthvað inn í viðaukann án þess að það lægi fyrir í íslenskri löggjöf.

[16:39]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka skýrt fram að hvorki kom fram við meðferð málsins né í umræðum í þinginu af hálfu hæstv. viðskiptaráðherra að sú hafi verið ætlunin og á það við um báðar 1. umræðurnar sem hafa farið fram í þinginu, bæði í vetur og nú eftir að nýtt þing var sett. Hv. þingmaður hefur allmiklu meiri þingreynslu heldur en sú sem hér stendur og veit að lögskýringar er að finna víðar en í lagatexta. Til að rýna í hvað við er átt og hvernig túlka beri lög leita menn að sjálfsögðu til greinargerða en þeir leita einnig í ræður flutningsmanna, í nefndarálit og ekki síst breytingartillögur sem fram eru bornar, eins og hér háttar.

Ég tók skýrt fram og aðrir hv. nefndarmenn sem hér hafa talað að breytingartillagan er flutt til að taka af allan vafa í þessum efnum. Vegna ábendinga sem hér komu fram í þingsal bæði við 1. umr. í vetur og svo aftur í vor þótti það rétt en á fundum nefndarinnar með fulltrúum viðskiptaráðuneytisins kom fram að aldrei stóð til af ráðuneytisins hálfu að túlka þessa heimild á annan hátt en hér er verið að árétta.

[16:40]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrra andsvari mínu kom fram að ég teldi allar líkur á því að hér væri um að ræða hrein glöp af hálfu ráðuneytisins en ekki ásetning um að læða inn heimildum til að taka inn í reglugerðarviðauka ákvæði sem ekki væri búið að lögfesta á Alþingi. Andsvar hv. þingmanns er staðfesting á þeirri tilgátu minni. Auðvitað hef ég ekki aðstæður til að kynna mér þetta en ég ætlaði ekki ráðherra eða neinum öðrum að standa þannig að málum að lauma inn í löggjöfina heimildum til að taka inn í reglugerðir eða reglugerðarviðauka einhverjar heimildir sem Alþingi hefur ekki þegar veitt.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það eru ekki bara lögin sem eru lögskýringargögn. Þegar lögin eru túlkuð geta skipt máli nefndarálit, greinargerð með frumvarpi, ræða formanns og ræða ráðherrans eða þess sem flytur hið upprunalega frumvarp. Aðalatriðið er þó að hafa lögin svo skýr að þau séu ekki opin fyrir túlkun sem eykur óvissuna þegar talað er um þýðingarmikil mál. Þess vegna skiptir máli að hér er verið að taka af tvímæli um þessa heimild sem ef til vill hefði mátt lesa út úr textanum óbreyttum. Það liggur þá fyrir að með þessari breytingartillögu viðskiptanefndarinnar er þessi heimild til að taka inn í viðaukann einskorðuð við lög sem Alþingi hefur þegar samþykkt .

[16:43]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki ætlun mín að lengja þessa umræðu á nokkurn hátt en ég hafði ekki tækifæri til þess í stuttum andsvörum að víkja að einu af mínum erindum sem ég átti í ræðustólinn hér áðan, sem var að vekja athygli á þingmáli sem ég er 1. flutningsmaður að og ég gerði að umtalsefni og snýr að hagsmunum minni hluthafa í hlutafélögum. Ástæðan fyrir því að ég tók þetta upp núna var auðvitað sú að við erum hér að ræða um frumvarp um óréttmæta viðskiptahætti. Ég vakti athygli á því að því miður eru ýmis dæmi um að menn hafa verið að beita óréttmætum og ég vil segja jafnvel óeðlilegum aðferðum innan hlutafélaga í krafti meirihlutavalds eða í krafti þess að aðilar eru með ráðandi hlut í hlutafélögum sem litlir hluthafar eiga fá úrræði við.

Þess vegna lagði ég fram þessa þingsályktunartillögu með fjölmörgum félögum mínum úr Sjálfstæðisflokknum. Hér er þó ekki um að ræða mál sem eingöngu er bundið við sannfæringu sjálfstæðismanna í þessum efnum heldur skírskotaði ég til þess að um þessi mál hefur verið mjög breið og almenn samstaða í þinginu. Þessi mál hafa oft verið rædd hér á vettvangi þingsins og fjölmargir þingmenn hafa einmitt látið í ljós áhyggjur sínar af því að verið sé að fara illa með litla hluthafa í stórum og smáum hlutafélögum. Ég vek athygli á því að hér getur verið um að ræða gríðarlega mikla hagsmuni.

Það er oft talað um þessi mál eins að þeir sem eru eigendur að hlutafé séu hinir ríku og öflugu í þjóðfélaginu sem ekki þurfi að hafa miklar áhyggjur af. En það er óvart ekki þannig heldur er það svo, eins og kom fram í máli mínu, að 50 þúsund hluthafar eða þar um bil töpuðu miklu fé við hrun bankanna og fjölmargir aðrir hafa bæst í þann hóp eftir að fór að halla undan fæti hjá atvinnulífinu. Þess vegna er hér um að ræða mikla almenna hagsmuni sem lúta að hagsmunum ekki síst launafólks og mjög margra til að mynda eldri borgara í landinu þannig að hér er um að ræða mjög stórt mál.

Ég vil út af fyrir sig fagna því sem kom fram í máli hv. formanns nefndarinnar, Álfheiðar Ingadóttur, um velvilja hennar í garð þess að þetta mál verði skoðað. Ég geri mér grein fyrir því að á dagskrá nefndarinnar hafa verið stór og erfið og þung mál, m.a. frá ríkisstjórninni. Ég er ekki svo grænn að ég geri mér ekki grein fyrir því að mál ríkisstjórnarinnar hafa eðli máls samkvæmt ákveðinn forgang í þinginu og hef svo sem staðið að því sjálfur og ætla mér ekki að fara að setja mig á háan hest yfir einhverju slíku. Það er hins vegar þannig að nú fer væntanlega að hilla einhvern tíma undir það að þessu þingi ljúki og þess vegna vil ég ítreka það og hvetja til þess að þetta mál verði skoðað alveg sérstaklega vegna þess sem ég nefndi hér áðan að það eru mjög miklir hagsmunir í húfi. Þetta eru stór álitaefni, þetta eru hagsmunir fjölda fólks um allt land, stórra og smárra, fátækra og ríkari, og þess vegna er hér um að ræða mikla almenna hagsmuni sem ég tel að menn eigi að hyggja að. Einnig vegna þess sem ég benti á að á bak við það þingmál sem ég gerði að umtalsefni eru tvö frumvörp sem ég gerði lauslega grein fyrir, sem voru vandlega unnin frumvörp á sínum tíma þar sem kallaðir voru til ýmsir sérfræðingar til þess að aðstoða okkur flutningsmenn málsins og á bak við þessi tvö frumvörp stendur hópur flutningsmanna úr öllum þáverandi þingflokkum sem áttu fulltrúa á Alþingi á þeim tíma.

Til viðbótar, svo ég nefni það enn og aftur, er það svo að bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra eru meðal flutningsmanna málsins. Og að lokum sem rök

fyrir því að ég tel að þetta mál eigi að fá þinglega afgreiðslu í vor vil ég vekja athygli á því að það liggja þegar fyrir umsagnir frá fjöldamörgum aðilum. Ég hef farið yfir þessar umsagnir sjálfur, þær eru ekki flóknar eða kalla sérstaklega á mjög ítarlega skoðun. Þær umsagnir sem á annað borð taka efnislega afstöðu til málsins eru þess eðlis að þær hvetja eingöngu til þess að málið verði samþykkt, líka vegna þess að þetta er þingsályktunartillaga þar sem efnið er það að hæstv. viðskiptaráðherra eða ríkisstjórninni verði falið að setja á laggirnar nefnd til þess að fara yfir löggjöfina sem snertir hagsmuni hinna minni hluthafa með það fyrir augum að leggja fyrir þingið á næsta þingi, sem er kannski orðinn tiltölulega of lítill tími til, en að gera það þá alla vega hið fyrsta að leggja fram hugmyndir um það hvernig hægt sé að breyta löggjöfinni eða meðferð mála þannig að betur verði séð fyrir hagsmunum minni hluthafa í landinu.

Virðulegi forseti. Ég hef allan skilning á því að mikið sé að gera hjá viðskiptanefnd og ég geri ekki lítið úr því. Mér er alveg ljóst að hún hefur haft stór og mikil mál á sinni könnu og hef alveg skilning á því að þetta mál — þó að ég telji það mikilvægt — hafi beðið, en nú tel ég hins vegar að ekki sé eftir neinu að bíða og það sé full ástæða til að nefndin gefi sér örlítinn tíma til að skoða þessar umsagnir og sannreyna það sem ég er að segja hér að þær umsagnir eru allar á þann veg, að það er ekkert að vanbúnaði að taka efnislega afstöðu til málsins. Þess vegna vil ég hvetja hv. formann nefndarinnar til að beita sér fyrir því að að þetta mál verði skoðað sem fyrst á fundi nefndarinnar.

Það kom fram að t.d. þetta mál hefði í þessari atrennu verið afgreitt á um það bil 45 mínútum. Ég er út af fyrir sig ekki að hvetja til þess að mál séu afgreidd með einhverju hraði en vil ég vekja athygli á því að það þingmál sem ég er að vísa til hefur fengið þá meðferð að það er búið auðvitað að fara rækilega yfir það. Það er að stofni til byggt á þeim hugmyndum sem koma fram í frumvörpunum sem ég hef vísað til og eru í fylgiskjölum tillögunnar og þau mál hafa þess vegna verið grandskoðuð. Þau mál voru síðan lögð fyrir Alþingi einu sinni ef ekki tvisvar án þess að hljóta afgreiðslu. Því tel ég að þingið, þó að það sé ekki þetta þing, hafi haft aðstöðu til að velta þessum sjónarmiðum fyrir sér. Fyrir utan það að ég hygg að um það sé almenn pólitísk samstaða að hluti af þeim óréttmætu og óeðlilegu viðskiptaháttum sem hafa viðgengist í okkar samfélagi snerta einmitt þetta tiltekna atriði. Í ljósi þess að nú er þó verið að afgreiða frumvarp sem tekur einmitt á óréttmætum viðskiptaháttum, þó að það sé ekki mikið að vöxtum, gæti það gefið tilefni til heilmikilla vangaveltna og starfa af hálfu nefndarinnar og með skírskotun til alls þessa tel ég að ekkert sé að vanbúnaði að ljúka meðferð málsins.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að lokum aðeins ítreka það sem ég sagði áðan. Þetta frumvarp er í sjálfu sér eins og það er lagt fram að öllum líkindum ekki þess eðlis að það verði einhver héraðsbrestur eða tímamót í íslenskri löggjöf sem snertir hagsmuni neytenda eða annað sem snýr að óréttmætum viðskiptaháttum. Þetta frumvarp mun ekkert brjóta sérstaklega í blað, geri ég ráð fyrir, en það er hins vegar angi af stórri löggjöf og heilmiklu tilskipana- og reglugerðarumhverfi sem er um þessi mál innan Evrópusambandsins. Ég tel að þetta frumvarp gæti verið okkur tilefni til þess enn einu sinni að fara yfir það með hvaða hætti við vinnum þessi mál hér í þinginu. Það er auðvitað búið að gera, eins og ég nefndi áðan, ýmsar atrennur að því að skoða hvernig Alþingi geti, til þess að halda sinni eðlilegu reisn og sem þjóðþing fullvalda þjóðar, farið yfir tilskipanir frá Evrópusambandinu og gert á því þær breytingar sem hægt er innan þess ramma sem okkur er settur. En til þess að það sé hægt með eðlilegum hætti þarf auðvitað að gæta þess að þegar málin koma fyrir þingið séu þau lögð þannig upp að þingmenn eigi greiða leið að því að gera sér grein fyrir málinu, ekki bara hinum þröngu efnsiatriðum í einstökum frumvarpsgreinum, heldur að gera sér grein fyrir efni málsins í því samhengi sem það er upphaflega hugsað.

Það er ekki sanngjarnt gagnvart þinginu að gera það eins og hér er gert þar sem frumvarpstextinn er svo sem ekki mikill að vöxtum og athugasemdirnar, bæði við einstakar greinar frumvarpsins og (Forseti hringir.) frumvarpið sjálft, eru ekki til þess fallnar að skýra málið fyrir manni. Þetta er nokkuð flækjukennt og gerir það að verkum að fyrir okkur sem stöndum utan við fagnefndina, sem hefur auðvitað möguleika á að fara betur yfir þessi mál, er þetta ekki viðunandi að búa við það að geta ekki tekið afstöðu til málsins nokkuð örugg um að þær breytingar sem verið er að gera feli ekki í sér einhverjar afleiðingar sem ekki verða séðar fyrir. Þess vegna vil ég ítreka þá kröfu mína að þegar svona mál verða (Forseti hringir.) lögð fyrir verði þau skýrð betur og bakgrunnur þeirra skýrður betur en gert er í þessu frumvarpi og ýmsum öðrum sem lögð eru fram og fela í sér vilja til staðfestingar á reglugerðum Evrópusambandsins.

[16:53]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum nú hefur þá sérstöðu ásamt, held ég, ýmsum málum sem rædd verða á eftir, að það er tekið út með ágætisfriði í viðskiptanefnd, en það virðist því miður orðin regla að þar eru mál afgreidd í miklum ágreiningi á milli meiri hluta og minni hluta. Er það mikill plagsiður og er sömuleiðis líka ávísun á mistök.

Það hefur verið farið ágætlega yfir efni málsins í þessari umræðu en þetta er eitt af þessum málum sem gætu verið hættuleg. Við skulum samt vona að svo sé ekki og alla vega er það ekki niðurstaða nefndarinnar heldur að hér sé aðeins um að ræða eitt fjölmörgum málum sem við afgreiðum sem er í rauninni búið að ganga frá að stærstum hluta frá Evrópusambandinu og okkur ber að taka upp.

Við höfum að vísu séð afskaplega slæm dæmi þess að við höfum ekki skoðað þessi mál nógu vel og er kannski stærsta einstaka málið sem við glímum við núna afleiðing þess. Það er Icesave-málið sem á rætur sínar til stórgallaðs innstæðutryggingarkerfis hjá Evrópusambandinu sem okkur bar að taka upp. Ég efast ekki um það að okkar dæmi, Ísland og Icesave-málið, verður notað í kennslubókum framtíðarinnar um það hvað er hægt að gera mikil mistök í þessu evrópska samstarfi sem við að stórum hluta tökum þátt í.

Hér tel ég að vísu að við höfum komið í veg fyrir, og ég tek það fram, virðulegi forseti, að það var gert í góðri sátt að við komum í veg fyrir að færa löggjafarvaldið í rauninni

yfir til framkvæmdarvaldsins. Eins og frumvarpið leit út þegar nefndin fékk það eftir að hæstv. viðskiptaráðherra hafði talað fyrir því gátum við ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að við svona breytingu á reglugerðum Evrópusambandsins þá mundi það sjálfkrafa hafa gildi sem reglugerðir og reglur á Íslandi og jafnvel án þess að löggjafinn hefði breytt lögunum. Það var niðurstaða nefndarinnar þegar við vorum búin að skoða þetta mál að þarna væri kominn sá háttur á, og allt í nafni tæknilegra úrlausna, að breyting á einum stað á vettvangi Evrópusambandsins mundi sjálfkrafa leiða af sér breytingar hjá okkur. Allt var þetta lagt upp með að hér væri um smámál og tæknileg úrlausnarefni að ræða. En það er bara þannig, virðulegi forseti, að þessi smámál og ég tala nú ekki um tæknileg úrlausnarefni verða oftar en ekki langstærstu málin.

Við skulum ekki gleyma því, virðulegi forseti, að þeir sem semja þessa hluti og fara af stað í þessa vegferð vinna annars staðar en hér á Íslandi miða allt við mið-evrópskan veruleika. Þarna eins og annars staðar, og er svo sem ekkert óeðlilegt við það, eru stóru ríkin í aðalhlutverki þegar menn leggja af stað með löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins sem hefur það í för með sér, ef menn eru ekki vakandi hjá hinum ýmsu þjóðum, að það getur komið mjög illa niður á viðkomandi þjóð.

Ég nefndi hér Icesave og við getum rætt það betur annars staðar en eftir því sem ég best veit erum við líka, sökum þess að við höfum verið að taka upp, oft á tíðum án þess að skoða það eins og við ættum að gera, erum við að taka upp alls kyns lög og reglugerðir, tilskipanir frá Evrópusambandinu. Frægt er að ég held að það sé til ágæt löggjöf um skipaskurði á Íslandi og má færa rök fyrir því að það sé ekki það sem við þurfum kannski hvað mest á að halda. Við tókum t.d. upp samkeppni á raforkumarkaði, eins og það var kallað. Það var í anda innri markaðar eða í kjölfar innri markaðar Evrópusambandsins að við fórum í heljarinnar vinnu bæði við innleiðingu þeirra laga og í kjölfarið á lagabreytingunni þurftum við að skipta upp orkufyrirtækjum landsins og koma á einhvers konar samkeppni á raforkumarkaði.

Það eru nú orðin nokkur ár síðan og hver og einn getur dæmt um það, fundið á eigin skinni hvort hér sé um mikla samkeppni að ræða. Hún er kannski einhver. Það hefur að vísu verið boðið út, sérstaklega hjá stærri aðilum, en við höfum örugglega getað komið því áleiðis án þess að fara í alla þessa vinnu og uppskiptingu á fyrirtækjum með þeim kostnaði sem því tilheyrir. Þau lög og það regluverk var svo sannarlega ekki samið með Ísland í huga, enda var svo sem ekkert leyndarmál að þetta var samið fyrir Evrópulöndin sem liggja þétt hvert að öðru. Þar er áratugahefð fyrir því, jafnvel lengri, að menn selji orku á milli landa og ekkert við það að athuga. En ég þarf ekki að útskýra fyrir þeim sem hér eru inni, virðulegi forseti, að við búum á eyju norður í Atlantshafi í allt öðru umhverfi. Við þurfum þess vegna að huga sérstaklega að því að þegar menn leggja af stað í vegferð, semja tilskipanir á vegum Evrópusambandsins, er ekki hugsað um þarfir Íslands sérstaklega.

Síðan getum við velt því fyrir okkur, af því að við erum hér á þessum fallega en frekar kalda júlídegi, hvort þetta sé nákvæmlega það við ættum að afgreiða núna. Það heyrir til undantekninga að við höldum sumarþing og þó að ég telji að sumarþing geti bæði verið gagnleg og skynsamleg verð ég að segja að þetta er ekki sú forgangsröð sem ég vildi sjá. Þótt ég sé varkár við að tala fyrir hönd þjóðarinnar, aðrir eru gjarnari á að gera það. — Það var einu sinni blað sem hét *Þjóðviljinn* . Það sem einkenndi blaðið kannski helst var að það birti eiginlega aldrei neitt sem var þjóðarvilji en var þess í stað fulltrúi lítils minnihlutahóps sem þótti mjög róttækur í skoðunum. Arftaki þess flokks, þáverandi Alþýðubandalagið, gott ef það var ekki Sósíalistaflokkurinn, eru núna Vinstri grænir ... (**TÞH:** Varst þú ekki dreifingaraðili fyrir blaðið?) Virðulegi forseti. Ég get alveg gengist við því að hafa gert ýmislegt af mér í gegnum tíðina. Úr því að hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson kallar og spyr hvort ég hafi ekki verið dreifingaraðili fyrir blaðið verð ég að gangast við því að ég bar það blað út. Ég bar það ekki aðeins út, ég var líka umboðsmaður þess og það eina sem ég hef mér til málsbóta er að þetta var ágætlega borgað og ég var ekkert sérstaklega gamall, ég man ekki hvort ég var 10 eða 12 ára. Það er afrek út af fyrir sig að græða á sósíalistunum svo ég hef það mér til ákveðinna málsbóta.

Hvað sem því líður held ég að það sé almennur vilji þjóðarinnar að við breytum um forgangsröð og við hefðum betur gert það strax. Sú ríkisstjórn sem nú situr og tók við 1. febrúar, þeir flokkar lögðu mikla áherslu á, og ég held að um það hafi verið samhljómur þá meðal allra, að það þyrfti að fara í björgunaraðgerðir fyrir heimilin og fyrirtækin. Það voru allir sammála um það. Menn voru í raun ekki alveg sammála um hvernig ætti að fara að því en þessir flokkar töldu að þeir gætu gert það hraðar og betur en sú ríkisstjórn sem þá sat. Því miður bendir þó ekkert til þess. Ef dagskrá þingsins í dag er skoðuð sést að menn hafa ekki náð þeim markmiðum sem þeir settu sér hvað þetta varðaði. Ég ætla ekki að lesa dagskrána upp núna, virðulegi forseti, enda er ég ekki með hana með mér hér í ræðustól en ég hvet þá aðila sem fylgjast með þingstörfum til að kynna sér hana. Það er hægt að sjá hana á vef þingsins og síðan getur hver og einn metið hvort þetta sé sú forgangsröðun sem menn vilja sjá.

Þeir pólitísku flokkar sem hér eru á þinginu, sérstaklega þeir sem nú eru í minni hluta, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og að ég tel Borgarahreyfingin sömuleiðis, hafa komið fram með hugmyndir og jafnvel áætlanir um heilsteyptar áætlanir. Við sjálfstæðismenn höfum til dæmis gert það varðandi efnahagsráðstafanir en því miður er ekki verið að vinna eftir því og ekki verið að ræða þá hluti sem nauðsynlegir eru fyrir fyrirtækin og einstaklingana. Maður finnur þess merki. Rétt áðan fékk ég tölvupóst frá smáatvinnurekanda sem býsnaðist yfir þessu. Hann býr til gjaldeyri úr litlu. Hann er með gallerí á Laugavegi og selur myndir til útlendinga. Hann er með í svokallaðri nýsköpun og fer einmitt yfir það hér að ekki sé hugað að þessum hlutum. Það sé ekki verið að setja hlutina í forgangsröð og þau úrræði sem menn hafi lagt upp með — þá er hann sérstaklega að vísa í reynsluráðningar eða starfsþjálfun — eigi alls ekki við hjá þessum litlu og meðalstóru nýsköpunarfyrirtækjum heldur sé í rauninni bara lagt upp eða teiknað fyrir stærri aðila sem hafi jafnvel ekki áhuga á að nýta sér þetta. Ég hef áhyggjur af þessu, virðulegi forseti. Ég hef áhyggjur

af því að þess sé ekki langt að bíða, þegar frystingin á húsnæðislánunum hjá fólkinu fer að þiðna og sömuleiðis hefur því verið spáð, að í haust muni koma til samdráttar eða uppsagna hjá ýmsum fyrirtækjum. Ég hef heyrt frá mjög mörgum aðilum sem reka stór, lítil og meðalstór fyrirtæki að þeir hafa gríðarlegar áhyggjur af því að bankarnir hafi ekki verið starfandi og geti ekki sinnt sínu hlutverki.

Nú vonast ég til þess að það sem var kynnt fyrir nokkrum dögum muni verða til að það komist einhver skriður á þau mál en því miður er það ekki alveg ljóst. Við erum ekki komin með öll þau svör sem nauðsynleg eru í tengslum við þessi mál og ég vonast til að við nýtum þessa sumardaga til þess. Stærsta einstaka málið finnst mér vera að við eigum að sinna öðrum þáttum en því að innleiða tilskipanir eins og þessa í lögum um óréttmæta viðskiptahætti. Þetta er allt saman gott og blessað og það er mikilvægt að klára mál sem þessi en við eigum ekki að setja þau framarlega í forgangsröðina, alls ekki. Við förum því miður ekki vel með tíma okkar og við vinnum ekki eins og við ættum að gera fyrir umbjóðendur okkar á meðan dagskrá þingsins er eins og hún er í dag. Þetta vita allir. Ég efast ekki um að þingmenn meiri hlutans eru mér sammála hvað þetta varðar og ég vil hvetja þá til að beita áhrifum sínum til að breyta þessari forgangsröðun svo við förum að gera það sem núverandi ríkisstjórn lagði upp með og lofaði í orði, ræðu og greinaskrifum bæði fyrir og eftir kosningar.

Virðulegi forseti. Þetta var stutt innlegg í tengslum við þetta frumvarp. Ég vil þakka meiri hlutanum og formanni nefndarinnar fyrir að þetta var unnið í góðum friði um leið og ég vil hvetja formann nefndarinnar og meiri hlutann að gera slíkt hið sama í öðrum málum. Við höfum þegar á þessu þingi séð afleiðingar þess þegar menn vinna hlutina í miklum ófriði og á gríðarlegum hraða. Það var pínlegt að við þyrftum að breyta nokkurra vikna gömlum lögum vegna þess að menn flýttu sér of mikið. Heilir tveir dagar í þinginu voru teknir í að ganga frá breytingum á lögunum. Þrátt fyrir allar viðvaranir, ekki bara frá minni hlutanum heldur einnig umsagnaraðila, var sá háttur hafður á og lítill eða enginn friður var um hvernig að þeirri vinnu var staðið. Þess vegna þurftum við að breyta þeim lögum aftur fyrir nokkrum dögum. Ég vona að þetta verði endirinn á því en það er ekkert öruggt í þeim efnum. Því miður er ekkert öruggt hvað varðar hin ýmsu frumvörp sem við leggjum hér fram og höfum jafnvel klárað. Þá vísa ég sérstaklega í lögin um sparisjóðina, hugsanlegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem snúa fyrst og fremst að sparisjóðunum. Þar voru dæmi um að menn köstuðu til höndunum í besta falli. Það mál mun því miður örugglega dúkka aftur upp í sölum Alþingis. Sökum þess hve menn unnu það illa er skaðinn kannski skeður og það mun jafnvel kosta skattgreiðendur nokkra fjármuni að löggjafinn vandaði ekki vinnu sína betur en raun bar vitni.

Virðulegi forseti. Ég vonast samt sem áður til þess að þetta frumvarp sé nokkuð skaðlaust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 15. mál (einföldun reglna við samruna og skiptingu, EES-reglur). — Þskj. 15, nál. 197, brtt. 198.

[17:12]

Frsm. viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. viðskiptanefndar sem er að finna á þskj. 197, um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, þ.e. einföldun reglna við samruna og skiptingu. Þetta frumvarp felur í sér innleiðingu EES-reglna um að einfalda ákvæði um samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga með því að fella niður kröfu um framlagningu skýrslu óháðs sérfræðings ef allir hluthafar eru því samþykkir. Þetta frumvarp var lagt fram á 136. þingi en náði ekki fram að ganga, einkum vegna athugasemda sem nefndinni bárust frá ríkisskattstjóra. Tekið var tillit til þeirra við endurflutning málsins í vor og aðrir sem umsögn veittu um málið, en þeir voru samtals átta, gerðu ekki athugasemdir við frumvarpið.

„Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB um breytingu á tveimur tilskipunum ráðsins, þ.e. 78/855/EB og 82/891/EB. Tilskipunin tekur til hlutafélaga en gert er ráð fyrir samsvarandi breytingum til einföldunar í lögum um einkahlutafélög enda ákvæði um samruna og skiptingu svipuð í lögunum. Í frumvarpinu eins og það kemur fram nú hefur verið tekið tillit til breytingartillögu sem gerð var við fyrra frumvarpið á 136. löggjafarþingi. Hún lýtur að því að þrátt fyrir samþykki allra hluthafa um að falla frá gerð samrunaskýrslu skuli engu síður lögð fram yfirlýsing frá endurskoðanda um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í einstökum félögum.“

Ríkisskattstjóri lagði áherslu á mikilvægi þessara gagna.

„Nefndin leggur til þá efnisbreytingu á frumvarpinu að í stað þess að endurskoðandi veiti yfirlýsingu um það að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum, sbr. 2. málsl. 1. gr. frumvarpsins, þá muni óháðir, sérfróðir matsmenn gefa þá yfirlýsingu. Ekki þykir ástæða til að einskorða slíka yfirlýsingu við það að endurskoðendur gefi hana.“ — Þ.e. ekki þrengja skilgreininguna í hlutafélagalögunum. — „Í 1. mgr. 7. gr. laga um hlutafélög eru matsmenn skilgreindir sem löggiltir endurskoðendur, lögmenn eða aðrir sérfróðir dómkvaddir menn. Þessi breyting leiðir af sér nokkrar tæknilegar breytingar á I. kafla frumvarpsins hvað varðar hugtakanotkun, tilvísanir í önnur ákvæði o.fl.“

Þær breytingartillögur eru þess vegna nokkuð fyrirferðarmiklar. Þær er að finna á sérstöku þingskjali, nr. 198, en efnisatriði máls breytingartillagnanna er það eitt sem ég nefndi að í stað þess að endurskoðandi veiti yfirlýsingu munu óháðir sérfróðir matsmenn, þ.e. löggiltir endurskoðendur, lögmenn og aðrir sérfróðir dómkvaddir menn, veita slíka yfirlýsingu.

Undir þetta nefndarálit rita auk þeirrar sem hér stendur Magnús Orri Schram, Guðlaugur Þór Þórðarson, Björn Valur Gíslason, Ragnheiður E. Árnadóttir og Margrét Tryggvadóttir. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum.

[17:16]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Hér eru enn ein lögin sem við afgreiðum í tengslum við tilskipun Evrópusambandsins. Þetta fer þannig fram að samþykktar eru tilskipanir á Evrópuþinginu og sökum þess að við eigum aðild að Evrópska efnahagssvæðinu ber okkur að samþykkja þær ásamt öllum öðrum þeim sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu en það eru Evrópusambandsríkin 27 og síðan þrjú EFTA-ríki af fjórum, þ.e. Ísland, Noregur og Liechtenstein. Sviss er hins vegar með tvíhliða samning við Evrópusambandið og tók þann kostinn að vera ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Það var fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu á sínum tíma í Sviss. Þótt ég sé ekki sérfræðingur um þá atkvæðagreiðslu tel ég að helsta ástæðan fyrir því að Sviss felldi tillögu um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hafi verið að íbúar í Sviss töldu að þar færi of mikið af fullveldi ríkisins til yfirþjóðlegra stofnana og vildu frekar fara aðrar leiðir í Evrópusamstarfinu. Þeir völdu þá leið að fara í tvíhliða samning við Evrópusambandið. Nú geta menn deilt um það hvort slíkt stæði okkur Íslendingum til boða, þ.e. ef Ísland mundi ekki vilja vera áfram í Evrópska efnahagssvæðinu. Það væri að vísu erfitt fyrir Evrópusambandið að skera á öll þau tengsl því samkvæmt Alþjóðaviðskiptastofnuninni er þjóðum ekki heimilt að segja upp viðskiptasamningum á milli ríkja nema bæta mönnum það upp með einhverju móti. Þetta hefur t.d. komið fram í því að þegar Pólverjar gengu í Evrópusambandið á sínum tíma áttum við Íslendingar samning við þá um innflutning á síld, við fluttum út síld til Póllands og ef ég man rétt, virðulegi forseti, var það tollfrjálst. En sökum þess að Pólland var í Alþjóðaviðskiptastofnuninni ásamt okkur Íslendingum þurfti Evrópusambandið að bæta okkur það upp við inngöngu Póllands. Við það að Pólland gekk í Evrópusambandið tóku við tollmúrar þess ríkjabandalags sem voru hærri en það tollfrelsi sem við bjuggum við í samskiptum okkar við Pólland og við fengum þá lækkun á öðrum tollum í Evrópusambandinu. Ég man ekki nákvæmlega hverjir þeir voru, virðulegi forseti, en þeir voru á sviði sjávarútvegsmála.

Hvað sem því líður, virðulegi forseti, þó að svona mál líti sakleysislega út ef þannig má að orði komast, þá leynast hættur í litlu málunum og við vorum einmitt með annað slíkt áðan.

Það er þannig og er í rauninni mjög sérstakt að skoða dagskrá þingsins, fimmtudaginn 23. júlí 2009, á sumarþingi þegar mikið liggur við og svo sannarlega liggur mikið við í sumar. Við erum með þetta stóra hagsmunamál sem er Icesave. Menn fóru að vísu í þá vegferð, sem var óskaplega óskynsamleg og við erum að sjá upp á hvern einasta dag hversu var óskynsamleg hún er, að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ætli það verði ekki lengi í minnum haft sökum þess hversu langt var gengið í að snúa upp á hendur á þingmönnum Vinstri grænna og mátti heyra harmkvæli um alla ganga þegar verið var að pína þá inn á þá leið og allt var það gert væntanlega í nafni samstöðu ríkisstjórnarinnar. En menn fóru þá leið að gera það á sama tíma og við erum í þessari miklu deilu við Evrópusambandsríkin út af Icesave. Það eitt og sér mun veikja samningsstöðu okkar. Það kom strax í ljós.

Það skiptir engu máli, virðulegi forseti, þó að hæstv. forsætisráðherra segist hafa útskýrt það fyrir Evrópulöndunum að engin tengsl séu á milli Icesave og Evrópusambandsins, þá erum við búin, virðulegi forseti, að gefa Evrópusambandslöndunum hverju og einu sérstakt vald í hendurnar að stöðva aðildarviðræður og inngöngu Íslands í ESB. Við erum búin að gefa þeim það vald bara með því að sækja um. Og nú strax beittu Hollendingarnir sér í þessu máli, þeir tengdu þessi mál saman og þeim er í lófa lagið, Hollandi, Bretlandi, Spáni, hvaða ríki sem er, í lófa lagið að koma í veg fyrir að Ísland verði aðili að Evrópusambandinu, hverju og einu ríki. Ef einhver velkist í vafa um það hvort einhverju slíku valdi yrði beitt þá er alveg augljóst að menn í viðkomandi þjóðríkjum víla það ekki fyrir sér. Við þurfum ekki annað en líta á samninginn um Icesave til að sjá hvernig þau ríki sem áttu mest undir þar beittu sér. Ef einhver er í vafa um hvort þetta vald yrði notað þá kom hollenski utanríkisráðherrann og sýndi það hvernig menn beita sér í sinni utanríkispólitík og hafa gert strax á fyrstu dögum þess að þingið var búið að samþykkja að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Praktískt var því afskaplega óskynsamlegt að sækja um aðild að Evrópusambandinu um leið og við erum að takast á um Icesave við þessi ríki. Þetta eru stærstu deilur sem Íslendingar hafa átt í. Við erum að tala um að þær séu sambærilegar, sumir telja að það séu stærri hagsmunir að veði en voru í þorskastríðunum. Og það er ekki aðallega praktískt, óskynsamlegt, að gera þetta á sama tíma heldur er það hreint og klárt niðurlægjandi að sækja um aðild að Evrópusambandinu á sama tíma og Evrópusambandsríkin koma fram við okkur eins og raun ber vitni í Icesave-málinu.

Það má líka tala um Icesave og það tengist nákvæmlega málum eins og eru í gangi núna ef menn lesa þá dagskrá sem hér liggur fyrir. Þetta er Ríkisútvarpið, mál sem fjallar um gjalddaga á greiðslum, aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaða ábyrgð yfir landamæri, starfsmenn í hlutastörfum, tímabundin ráðning starfsmanna, breyting á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, hlutafélög og einkahlutafélög, erfðabreyttar lífverur, eiturefni og hættuleg efni, meðhöndlun úrgangs, endurskoðun á undanþágu frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, kosningar til sveitarstjórna. Þegar maður les þessa dagskrá gæti maður fengið á tilfinninguna að nú væri febrúar 2006 eða 2007 og lítið um að vera í þinginu eins og hægt væri að orða það, ekki væri mikið um að vera í þjóðfélaginu. En það er öðru nær og það er krafa okkar þingmanna til stjórnvalda, sérstaklega ríkisstjórnarinnar, að sinna því sem lofað var að sinna eins og bráðaaðgerðum í þágu heimila og atvinnulífs. Þess í stað erum við að nota tímann og óhætt að segja eyða tímanum í að ganga frá málum sem þessum.

Þessi mál, innleiðing tilskipana Evrópusambandsins, eru oftar en ekki stórhættuleg. Ástæðan fyrir því að dagskráin er eins og raun ber vitni, ekkert mál sem skiptir virkilega máli fyrir fyrirtækin og heimilin í landinu, er sú að stjórnin veit ekki hvernig hún á að snúa sér í Icesave-málinu. Það er kaldhæðnislegt að við séum að ræða eina tilskipun Evrópusambandsins sem við erum að taka upp í íslensk lög því Icesave á akkúrat rætur að rekja til slíks máls. Þannig var, virðulegi forseti, að sökum þess að það er sameiginlegur

fjármálamarkaður í Evrópu þá þótti mönnum nauðsynlegt að hafa sameiginlegt innstæðutryggingarkerfi sem átti að gera það að verkum að þeir sem áttu viðskipti við evrópska banka sama hvar þeir væru gætu verið nokkuð öruggir með innstæður sínar í viðkomandi fjármálastofnun. Þannig er þetta til komið að páverandi viðskiptaráðherra talaði fyrir þessu máli á þinginu, virðulegi forseti, en að vísu voru nokkrir þingmenn sem allir eiga það sameiginlegt að vera held ég núna í forustu í ríkisstjórn, það var hæstv. forsætisráðherra, það var hæstv. heilbrigðisráðherra, gott ef ekki hæstv. fjármálaráðherra líka og þá voru allt saman óbreyttir þingmenn, sem vildu svo bæta um betur og hækka þá lágmarksfjárhæð sem um var getið í frumvarpinu upp í hið óendanlega. En hún er, eins og við vitum og er orðið allt of frægt, 20.882 evrur, ef ég man rétt.

Virðulegi forseti. Sem betur fer var þessi breytingartillaga ekki samþykkt en þarna var hins vegar um það að ræða að þessi tilskipun var meingölluð. Ef menn ætluðu, sem getur verið mikil skynsemi í, að hafa innstæðutryggingar þá hefðu menn þurft að láta þær ná yfir landamæri og hafa þá einn innstæðusjóð fyrir alla bankana á svæðið sökum þess að þetta er einn markaður. Það deilir enginn um það að við tókum allt regluverkið og allt saman frá Evrópusambandinu hvað þetta varðaði. Hins vegar var þetta ekki einn sjóður. Þetta var sjóður í hverju landi og sem gerði það að verkum að þegar fjármálakreppa varð og nokkur hluti af fjármálakerfinu hrundi, það voru ekki bara bankastofnanir á Íslandi, þær voru í fleiri löndum, þá lentum við Íslendingar með þetta gríðarlega stóra fjármálakerfi sem var orðið of stórt fyrir okkur en ekkert stórt í Evrópu, þá er ætlast til að við sitjum uppi með allan reikninginn, jafnvel reikninga sem urðu til í öðrum löndum.

Ég held að allir sanngjarnir menn séu sammála um að uppbygging innstæðukerfisins voru mikil mistök. Það hefur komið fram að Evrópusambandið ákvað að endurskoða það en það dugar okkur lítt af því að við sitjum uppi með skellinn. Að vísu sá ég prófessor í Háskóla Íslands, sem maður hafði um tíma á tilfinningunni að væri nær eini álitsgjafi Ríkisútvarpsins, sem talaði sérstaklega um að þetta innstæðutryggingarkerfi væri alveg sérstaklega snjallt. Virðulegi forseti, ég veit ekki fyrir hvað það er svona snjallt. T.d. er það ekki snjallt fyrir Íslendinga að hafa þurft að taka upp þetta kerfi. Ég veit að þegar þingmenn samþykktu þetta á sínum tíma í þingsal gerði sér enginn grein fyrir því hvaða afleiðingar það kynni að hafa en það er nákvæmlega það sem er í gangi kannski almennt, að þegar við erum að innleiða tilskipanir frá Evrópusambandinu þá hafa menn ekki hugsað málið í stærra samhengi og ekki verið nógu mikið á varðbergi. Ég vonast til að ekki sé um slíkt að ræða hér því eins og segir í nefndarálitinu sem allir nefndarmenn skrifuðu undir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið felur í sér innleiðingu EES-reglna um að einfalda ákvæði um samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga með því að fella niður kröfu um framlagningu skýrslu óháðs sérfræðings ef allir hluthafar eru því samþykkir. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB um breytingu á tveimur tilskipunum ráðsins, þ.e. 78/855/EB og 82/891/EB. Tilskipunin tekur til hlutafélaga en gert er ráð fyrir samsvarandi breytingum til einföldunar í lögum um einkahlutafélög enda ákvæði um samruna og skiptingu svipuð í lögunum.

Í frumvarpinu eins og það kemur fram nú hefur verið tekið tillit til breytingartillögu sem gerð var við fyrra frumvarpið á 136. löggjafarþingi. Hún lýtur að því að þrátt fyrir samþykki allra hluthafa um að falla frá gerð samrunaskýrslu skuli engu síður lögð fram yfirlýsing frá endurskoðanda um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í einstökum félögum.

Nefndin leggur til þá efnisbreytingu á frumvarpinu að í stað þess að endurskoðandi veiti yfirlýsingu um það að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstökum félögum, sbr. 2. málsl. 1. gr. frumvarpsins, þá muni óháðir, sérfróðir matsmenn gefa þá yfirlýsingu. Ekki þykir ástæða til að einskorða slíka yfirlýsingu við það að endurskoðendur gefi hana. Í 1. mgr. 7. gr. laga um hlutafélög eru matsmenn skilgreindir sem löggiltir endurskoðendur, lögmenn eða aðrir sérfróðir dómkvaddir menn. Þessi breyting leiðir af sér nokkrar tæknilegar breytingar á I. kafla frumvarpsins hvað varðar hugtakanotkun, tilvísanir í önnur ákvæði o.fl.“

Ég tel að nefndin hafi farið vel yfir þetta og hún leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum eins og ég rakti og las úr nefndarálitinu. Það hefur verið fróðlegt að sitja núna í viðskiptanefnd og hlusta á sérfræðinga viðskiptaráðuneytisins ræða þessi mál og önnur. Það er þannig og það er nokkuð sem hefur ekki fengið það vægi í umræðum í þingi sem ætti að vera, og þá er ég að vísa í tilskipanirnar, að hægt er að hafa áhrif á þær að því gefnu að menn komi, virðulegi forseti, að þeim nógu snemma. Þá vísa ég til þess að það er vitað að þegar farið er af stað í gerð tilskipana og aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins fá tilkynningar um það hvaða mál eru í gangi í hverjum málaflokki, að því fyrr sem menn geta komið athugasemdum að — og í samningum Evrópska efnahagssvæðisins er gert ráð fyrir því að lönd fyrir utan Evrópusambandið geti komið slíkum athugasemdum eða komið sínum athugasemdum áleiðis snemma í ferlinu — að það er besta leiðin til að hafa áhrif á það þannig að menn sitja ekki uppi með tilskipun sem menn geta lítið breytt eða lítið átt við sem geta skaðað verulega hagsmuni þjóðarinnar. Það kallar á að framkvæmdarvaldið sé vel vakandi til að fylgjast með þessum málum og í mörgum málaflokkum er það gert.

Það kom mér nokkuð á óvart, virðulegur forseti, þegar ég spurðist sérstaklega fyrir um þetta vinnulag hjá viðskiptaráðuneytinu kom í ljós að sökum þess hve lítið og fámennt það hefur verið þrátt fyrir að fjármálakerfið var orðið svona gríðarlega stórt þá voru menn ekki að fylgjast með þessu eða koma að gerð tilskipana á fyrstu stigum máls eins og svo nauðsynlegt hefði verið fyrir land eins og okkar. Á undanförnum árum hafa hagsmunir Íslendinga í rauninni verið fólgnir að stórum, jafnvel stærstum, hluta í því hvernig fjármálaumhverfið liti út því það var orðinn svo stór hluti af efnahagskerfinu eins og við öll þekkjum. Þess vegna hafði það þessi alvarlegu áhrif þegar hrunið varð á fjármálamörkuðum og kom það mun verr niður á okkur en öðrum ríkjum.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að við

rækjum þessa hluti og skoðum þá í stærra samhengi. Það er mikil ábyrgð lögð á nefndir þingsins að fara vel yfir frumvörp og sérstaklega þegar kemur að tilskipunum frá Evrópusambandinu. Ég vona að við í viðskiptanefnd höfum gert það í þessu tilfelli og hér séum við með frumvarp sem, þegar það verður að lögum, muni ekki valda neinum skaða hér á landi eins og sumar tilskipanir Evrópusambandsins hafa því miður gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:36]

Útbýting:

Bankasýsla ríkisins, 124. mál, brtt. GÞÞ, þskj. 289.

Kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna, 162. mál, frv. ÁÞS o.fl., þskj. 288.

Skólaeinkunnir og inntaka nemenda í framhaldsskóla, 130. mál, svar menntmrh., þskj. 284.

Kjararáð o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 114. mál (ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna). — Þskj. 143, nál. 235.

[17:37]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og nokkrum breytingartillögum við stjórnarfrumvarp um kjararáð, á þskj. 235. Málið gerir í meginatriðum ráð fyrir því að til kjararáðs verði fluttar ákvarðanir um laun forstöðumanna ýmissa ríkisstofnana og hlutafélaga í eigu ríkisins og að það sjónarmið eigi að ríkja við ákvörðun um laun þeirra að þau séu ekki hærri heldur en sem nemur launum forsætisráðherra, út af þeirri hugsun að forsætisráðherra sé sá stjórnandi hjá íslenska ríkinu sem mestar starfsskyldur ber og ábyrgð og ekki sé eðlilegt, nema í algerum undantekningartilfellum, að aðrir stjórnendur hjá ríkinu hafi hærri laun en forsætisráðherra.

Þær breytingar sem lagðar eru til varða í fyrsta lagi að betur er afmarkað til hvaða félaga málið nær. Það nær ekki til dótturfélaga, dótturfélaga hlutafélaga í eigu ríkisins. Til útskýringar á því þá nær frumvarpið til Landsvirkjunar og framkvæmdastjóra þess. Það nær sömuleiðis til dótturfélags Landsvirkjunar, Landsvirkjunar Invest hf. og stjórnanda þess en það er afmarkað að lengra niður ættartréð, ef svo má kalla það hjá fyrirtækjum, nái áhrif frumvarpsins ekki. Sömuleiðis kemur fram að málið eigi ekki við um félög sem fjármálastofnanir í meirihlutaeigu ríkisins kunni að eignast, til að mynda við tímabundna yfirtöku sem gerð er til lúkningar skulda við ríkisbankana, við þær erfiðu aðstæður sem nú eru í mörgum skuldsettum atvinnufyrirtækjum.

Þá er fært til betri vegar það sem lýtur að ákvörðun um launakjör í Seðlabankanum því ekki er eðlilegt að kjararáð úrskurði um biðlaun og önnur réttindi. Því er hagað með öðrum hætti og kosið að notast við biðlaun framkvæmdastjóra í stað forstöðumanns.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði, að lokinni þessari umræðu, samþykkt með þessum breytingum sem nánar koma fram á þskj. 235.

[17:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta mál virðist því miður hafa öll einkenni þess að menn séu að slá pólitískar keilur, að þeir séu að ná sér í vinsældastig í staðinn fyrir að taka í alvöru á og gæta meira samræmis milli launa hjá hinu opinbera. Þekki ég t.d. til í heilbrigðisgeiranum, sem er 25% af útgjöldum ríkisins. Þetta mun koma við einn starfsmann í allri heilbrigðisþjónustunni. Það eina sem vantar er kennitala viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns. Sá starfsmaður er forstjóri Landspítalans, kona. Ég veit ekki hvort það hefur áhrif, að menn gátu þá tekið sig til. Sá aðili starfaði við sambærileg störf í Noregi, mér sýnist að eftir þessa breytingu séu laun viðkomandi starfsmanns einn þriðji af því sem þau voru þegar viðkomandi réð sig, ef við tölum um þetta í norskum krónum. Raunar er hagstæðara fyrir viðkomandi einstakling að fara frekar að vinna í öðrum stjórnunarstörfum inni á spítalanum, sem hjúkrunarfræðingur eða hugsanlega sem skurðhjúkrunarfræðingur, en að starfa sem forstjóri spítalans. Ætli það verði ekki um 160 manns sem verða launahærri en forstjóri spítalans þegar þessi breyting nær fram að ganga. Þetta er bara eitt dæmi, virðulegi forseti.

Mér finnst nauðsynlegt að skoða alla þætti í opinbera kerfinu, launaþætti og aðra þætti. Þetta mál ber þess merki að menn séu frekar að reyna að slá pólitískar keilur en taka á því með skynsemi. Ég spyr hv. þingmann, því hann er sanngjarn maður, hvort það sé ekki nær að skoða þessi mál betur þannig að við náum þeim markmiðum sem menn ætla en völdum ekki skaða í því kerfi sem við erum með núna.

[17:43]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni að sannarlega væri til bóta að fara yfir málin enn víðar í ríkisrekstrinum og með sem heildstæðustum hætti. Ég get út af fyrir sig líka tekið undir þær íhuganir sem hv. þingmaður hafði um tiltekinn stjórnanda hjá ríkinu enda öllum ljóst að í því tilfelli er um að ræða gríðarlega mikla stjórnunarlega ábyrgð og starfsskyldur, rétt eins og hjá hæstv. forsætisráðherra.

Ég held hins vegar að menn hljóti að vera sammála um það þvert á flokka, eins og kom ágætlega fram í viðræðum sem ég átti í nóvember sl. við hæstv. þáverandi fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen, að í uppsveiflunni höfum við misst nokkuð tökin á launaþróun víða í ríkiskerfinu, ekki síst hjá framkvæmdastjórum og í opinberu hlutafélögunum eða hlutafélögum í eigu ríkisins. Þar hafa laun sums staðar orðið, að ég held að ég megi segja, nokkuð úr hófi fram og úr samhengi við annað sem við þekkjum í ríkisrekstrinum. Vissulega er þetta mál sem nær til takmarkaðs hluta kerfisins. Við getum sagt að verið sé að slá keilur með því og annað þess háttar en hið táknræna skiptir líka máli. Litlar tölur skipta líka máli í sparnaði og þó að sparnaðurinn nemi ekki nokkrum tugum milljóna þá eru það líka peningar. Það eru líka skilaboð til þeirra lágt launuðu ríkisstarfsmanna

sem taka á sig kjaraskerðingar að þeir verði ekki einir um að þurfa að þola það heldur þurfi topparnir líka að taka á sig skerðingar á þeim erfiðu tímum sem við nú glímum við.

[17:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég heyri ekki annað en hv. þingmaður sé sammála mér um að það væri skynsamlegt að líta á þetta í stærra samhengi. Það er vinna sem nauðsynlega þarf að fara fram. Ég heyri að hv. þingmaður er algerlega sammála mér í því að eftir þessa breytingu sitjum við uppi með mjög sérkennilega stöðu á ýmsum stöðum. Þá er ég sérstaklega að vísa í heilbrigðiskerfið. Ég ítreka að um 160 manns verða þá með hærri laun en forstjórinn og var þó slatti með hærri laun en forstjóri Landspítalans. Ég tek það dæmi af því að ég þekki það vel og ég tek líka fram að ekki eru nein hlunnindi hjá forstjóranum, bílahlunnindi eða neitt slíkt eins og hjá mörgum öðrum.

Hv. þingmaður sagði réttilega: Hið táknræna skiptir líka máli. Eru það skilaboðin sem við viljum gefa, að þegar við köllum á karlmann frá Noregi til hjálpar, seðlabankastjóra … ætli hann sé ekki með um 2 millj. á mánuði með öllu … ég veit ekki til að menn hafi gert neitt til að setja þann einstakling niður í laun forsætisráðherra. En síðan kemur að umönnunarstéttunum, þessum erfiðu stjórnarstörfum sem þar eru, þá keyrum við einstakling sem kom frá Noregi niður í 935 þúsund (**Gripið fram í:** Kona.) sem er kona. Ég spyr hv. þingmann af því að ég veit að hv. þingmaður er sanngjarn maður: Eru þetta skilaboðin sem við viljum gefa? Er ekki svolítið táknrænt að frá sama vinalandi okkar kemur annars vegar karl sem er með um 2 millj. í laun á mánuði þegar allt er tekið og hins vegar fáum við góðan feng frá Noregi í væntanlega erfiðustu stjórnunarstöðuna í opinbera geiranum og þar skulum við taka af launununm — hjá konunni.

[17:47]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í fyrra svari mínu skil ég vel þær hugleiðingar sem hv. þingmaður hefur haft uppi en ég vek líka athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ekki sé mismunað á milli þess hvort um er að ræða fjármálageirann eða umönnunarstéttirnar. Nokkur umfjöllun var í nefndinni um hvort slík hámörk á stjórnendur í stofnunum í fjármálageiranum, sem augljóslega munu falla undir frumvarpið, yrðu til þess að draga úr möguleikum okkar á því að sækja fólk á alþjóðlegan markað og höfðu ýmsir af því nokkrar áhyggjur. Engu að síður er þannig um málið búið að þar gilda sömu reglur í heilbrigðiskerfinu og hjá hlutafélögum ríkisins almennt.

Það orkar auðvitað allt tvímælis sem gert er en einhvers staðar verðum við að byrja. Ég held að það hafi beinlínis verið hróplegt að fylgjast með launaþróun sums staðar hjá hinu opinbera og forstöðumönnum og ég tel að það sé ekki hægt að líta algerlega til launa undirmanna stjórnenda. Það er nú einu sinni þannig að í sumum fyrirtækjum og stofnunum eru að störfum sérfræðingar sem eru samkeppnishæfir á alþjóðlegum markaði og eðli starfanna vegna þarf að greiða þeim mjög há laun. Það þýðir ekki þar með að stjórnandi viðkomandi stofnunar eigi skilyrðislaust að vera á hærri launum en viðkomandi sérfræðingar en auðvitað þurfum við að launa fólki okkar vel. Ég vek athygli á því að laun hæstv. forsætisráðherra eru auðvitað umtalsverð og margfalt hærri en fjöldi fólks hér á landi þarf að draga fram lífið af á hverjum degi.

[17:49]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp um kjararáð þar sem gert er ráð fyrir því að hæstu laun stjórnenda hjá ríkinu verði að hámarki laun forsætisráðherra. Hv. formaður efnahags- og skattanefndar rakti ágætlega að hugsunin væri sú að ábyrgð forsætisráðherra væri hvað mest í stjórnkerfinu og þar af leiðandi væri eðlilegt að hann væri með hæstu launin. Síðan rakti hann í andsvari að það væri ekki algilt að sá með mestu ábyrgðina ætti að vera með hæstu launin vegna þess að sérfræðingar þyrftu að keppa við erlenda aðila. Það er því svona eins og annað í frumvörpum valdhafanna að þar rekst hvað á annars horn og rökin halda ekki á milli ræðu og andsvara.

Þessi hugmynd um hæstu laun hjá hinu opinbera er ekki ný af nálinni. Hugmyndin var viðruð hér á áttunda áratugnum og þar gekk ónefndur maður með þessa hugmynd í maganum svipað og hæstv. forsætisráðherra gerir núna. Þingmenn þá sögðu að hann væri með „fix-ídeu“, að þetta væri ruglhugmynd, og ég ætla að taka undir að þessi hugmynd hefur ekki batnað með árunum. Þegar verið er að breyta skipulagi, hvort sem það er launaskipulag hjá hinu opinbera, hagskipulag eða hvaða skipulag sem mun hafa langtímaáhrif á ýmsa geira þjóðlífsins, þá er ágætt að líta til annarra landa og skoða hvort hlutirnir hafi reynst vel þar. Hvort þeir hafi yfirleitt verið reyndir einhvers staðar annars staðar og hvernig sé staðið að málum.

Þetta hefur verið reynt í einu landi, Afríkuríki sem ég man ekki alveg hvað heitir í svipinn en það kemur kannski síðar í ræðu minni. Það gekk í eitt, tvö ár en þá var þessi hugmynd lögð af vegna þess að þeir niðri í Afríku sáu að þetta var tómt rugl.

Við höfum fjallað um þetta mál í efnahags- og skattanefnd. Því miður var málinu mjög óvænt kippt út á fundi, sem ég gat því miður ekki verið á, án þess að nægilega vel hefði verið fjallað um það. Okkur sjálfstæðismönnum gafst ekki kostur á að koma fram með okkar sjónarmið í nefndaráliti þannig að því miður endurspeglar nefndarálitið á engan hátt okkar álit.

Frumvarpið hefst á því að talað er um að vegna efnahagslegra erfiðleika á Íslandi þurfi að leita allra leiða til sparnaðar. Áætlaður sparnaður af þessu frumvarpi, ef það fer í gegn, eru 12 milljónir í A-hluta ríkissjóðs og 38 milljónir í öðrum hlutum ríkisins, samtals um 50 milljónir. (Gripið fram í.) Nei, þetta er um helmingurinn af Bankasýslunni. Mér er ekki annt um þá peninga sem fara í Bankasýsluna miðað við þá peninga sem við höfum samþykkt að greiða í lögfræðikostnað fyrir Breta út af Icesave, sem eru 2.000 milljónir. Við erum tilbúin til að greiða 2.000 milljónir fyrir lögfræðikostnað hjá öðru ríki en með þessu frumvarpi viljum við ráðast beint gegn örfáum einstaklingum hér á Íslandi. Við viljum ráðast gegn forstjórum opinberra

hlutafélaga, Seðlabanka og stofnana eins og Landspítalans – háskólasjúkrahúss, eins og hér var rakið áðan, til þess að kroppa 50 milljónir. Það getur vel verið að við kertaljós í Stjórnarráðinu hafi mönnum dottið í hug að þetta væri bráðgóð hugmynd og það sýndi mikið og gott fordæmi að lækka laun ríkisforstjóranna til þess að auðveldara yrði að lækka laun ríkisstarfsmanna.

Hv. þm. Helgi Hjörvar rakti áðan að þetta væri táknrænt, að oft þyrfti að sýna fórnir og byrja á sjálfum sér. Það er kannski með einhverjum rökum hægt að fá það út að hæstv. forsætisráðherra byrji á sjálfri sér með því að lækka laun hjá ríkisforstjórum. Ég sé þó ómögulega hvernig það getur verið einhvers konar fyrirmynd þess að skorið verði niður hjá almennum ríkisstarfsmönnum, væntanlega síðar í haust. Það er eins og annað að röksemdafærslan rennur alltaf út í sandinn ef maður fer aðeins að hugsa um hana.

Ég rakti nokkuð vel í ræðu við 2. umr. eða 1. umr. — þessar umræður um öll þessi smámál renna nú orðið saman — að þetta breytir launastrúktúr hjá hinu opinbera. Ljóst er að smám saman mun það markmið nást að hæstv. forsætisráðherra verði launahæstur með 935 þús. kr. á mánuði og allir hinir verði þar undir. Það mun leiða yfir á einkamarkaðinn hugsanlega, eða sem líklegra er að einkamarkaðurinn muni hirða starfsmenn sem flýja vegna fáránlegra launareglna. Þetta er ekki hvati til þess að byggja upp sérfræðiþekkingu hjá hinu opinbera, sem getur komið hinu opinbera vel og stuðlar að bættari rekstri. Þetta stuðlar frekar að því að við búum til rekstur hjá hinu opinbera sem minnir meira á amatöra en sérfræðinga sem geta lagt gott til og komið með góðar hugmyndir í rekstur ríkisins. Þetta leiðir kannski til þess sama og við sáum í Icesave-málinu þar sem Þróttur í Neskaupstað var sendur gegn Mílanó. Hugsanlega verður það þannig að (**GÞÞ:** Með hverjum hélst þú?) — Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson spyr hvaða liði ég hafi haldið með og ég tek þessu sem hálfgerðri móðgun, auðvitað Þrótti Neskaupstað.

Punkturinn sem ég er að reyna að setja fram á léttari nótum til þess að stytta hv. þingmönnum stundir er að þetta er vanhugsað, þetta getur breytt launastrúktúrnum. Þetta leiðir til spekileka þar sem sérfræðingar hjá hinu opinbera fara yfir á einkamarkaðinn og ekki verður hægt að fá færustu sérfræðinga til þess að stýra t.d. Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, Seðlabankanum og öðrum stofnunum hjá hinu opinbera.

Það er sagt að þetta sé af efnahagsástæðum, eins og ég rakti hérna áðan. Ég setti þetta líka í samhengi við hvað sérfræðingar eða samninganefnd fjármálaráðuneytisins taldi ásættanlegan lögfræðikostnað sem greiða ætti breska ríkinu fyrir hálfs árs vinnu. Tvo milljarða. Þetta sýnir raunverulega fáránleika málsins. Hér stöndum við í ræðustól og sitjum í sölum Alþingis og fjöllum um mál sem er ekki til neins annars fallið en að slá ryki í augu fólks og er ekkert annað en popúlismi. Þetta er einfaldur popúlismi sem skilar ekki neinu, nema ef þessi lög fá að hanga inni í einhvern tíma getur það skilað sér í breyttum launastrúktúr hjá hinu opinbera því að ekki verður hægt að fá hæfustu einstaklingana o.s.frv.

Ég get sem stjórnarandstöðuþingmaður ekki gert neitt annað en bent á þessar augljósu staðreyndir. Það er leiðinlegt að ég skuli ekki geta bent stjórnarliðunum, valdhöfunum, á það vegna þess að þeir eru ekki margir hér í salnum. Þeir eru raunar tveir, hæstv. umhverfisráðherra — ég met það að hún skuli sitja hér undir þessu tali — og hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir. Ég kann vel að meta það.

Mér skilst að í dag séu um níu af átján málum tæknilegs eðlis, snúist um að breyta setningum, mál sem skipta engu máli um erfðabreyttar lífverur og urðun úrgangs og alls konar smámál, meðferð hlutafélaga yfir landamæri og annað slíkt. Ekkert mál á listanum sem við sjáum hérna í dag viðkemur því sem þessi ríkisstjórn sem nú situr við völd lofaði kjósendum fyrir kosningar. Það átti að halda sumarþing og einhenda sér í að bjarga heimilunum og fyrirtækjunum. Ekkert mál sem hefur verið til umfjöllunar undanfarna daga og vikur, með kannski einni eða tveimur undantekningum, kemur þessu yfirleitt við. Þetta er miklu fremur eins og einhvers konar afgreiðsluþing. Í dag afgreiðum við níu mál sem varða Evrópska efnahagssvæðið, níu af átján. Síðan læðist inn eitt og eitt mál til þess að hægt sé að slá um sig í fjölmiðlum og segja að það sé verið að ná tökum á einhverri óskilgreindri óráðsíu í launamálum. Ég man að hv. þm. Róbert Marshall talaði í 1. eða 2. umr. um sjálftökulið, að hér væri verið að ná tökum á sjálftökuliði. Hann er þá væntanlega að vísa til konunnar sem hér var til umræðu áðan, sem náð var í til Noregs. Hún er sérfræðingur í að reka sjúkrahús og það er gríðarlega mikill fengur að henni hér. Þetta er allt einhvern veginn hálffurðulegt.

Maður er farinn að spyrja sig: Til hvers er verið að halda þessu sumarþingi gangandi? Þetta virðist bara vera hálfgerður leikaraskapur. Ekki það að ég sé of góður til þess að vera á þingi í sumar. Ég tel brýnna að afgreiða mál sem snerta þau vandamál sem við glímum við núna, þ.e. þessa fjármálakreppu og efnahagshrun sem við höfum orðið fyrir. Mér finnst súrt í broti að við eyðum tímanum í erfðabreyttar lífverur. Ég held að þær ógni okkur Íslendingum ekki það mikið að við getum ekki beðið fram í september eða október með að afgreiða það mál. Kannski er einhver ógn af erfðabreyttum lífverum sem ekki er búið að segja Alþingi frá. Mörgum málum og miklum upplýsingum virðist vera haldið leyndum fyrir okkur í minni hlutanum að það gæti vel verið að ógn af erfðabreyttum lífverum standi fyrir dyrum. Það væri alveg hugsanlegt en þá væri kannski rétt að segja okkur það.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra í bili en vil að síðustu benda mönnum á að það getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér ef þetta verður fest í lög, að hér sé forsætisráðherra sem sagður er bera mesta ábyrgð. Hann ber þá mesta ábyrgð á því úrræðaleysi og seinagangi sem virðist vera á að eiga við þessa efnahagskrísu sem við búum við.

Að lokum vil ég bara segja að menn væru meiri fyrir það að kippa til baka þessu bulli.

[18:06]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmanni þar sem hann talar um vinsældapólitík. Hér er dæmi um einhverja mest misskildu pópúlismapólitík þessarar jafnaðarmannastjórnar, þessarar vinstri stjórnar, sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Það á að skera

niður laun hjá þeim sem hafa hvað hæst laun í opinbera geiranum. Þetta getur haft í för með sér atgervisflótta úr landinu og þess er þegar farið að gæta. Fyrir skömmu voru auglýstar sérfræðistöður lækna sem venjulega hafa verið eftirsóttar af okkar fólki í sérfræðinámi erlendis og þetta fólk hefur sótt heim. Hér hafa líka stöður, sem hafa verið taldar góðar stöður heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu, verið auglýstar og umsækjendur eru engir. Enginn sækir um, virðulegi forseti. Það er rakið m.a. til þessa popúlismafrumvarps sem ríkisstjórn vinstri manna setur fram hér í þinginu og er algjörlega misskilið en getur haft þessar alvarlegu afleiðingar.

Það er ekki eins og við höfum ekki dæmin fyrir okkur, virðulegi forseti. Í þessu efnahagshruni er gjarnan talað um að einhver hluti í eftirlitinu hafi brugðist. Við hvað bjó Fjármálaeftirlitið? Fjármálaeftirlitið bjó við það að vera uppeldisstöð, útungunarstöð fyrir fjármálakerfið í landinu, fyrir bankakerfið. Þaðan var besta fólkið tekið og yfirborgað í bankakerfinu þannig að alltaf var verið að ala upp nýtt fólk. Það var ekki fyrr en á síðustu metrunum að farið var að auka fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins þannig að hægt væri að bregðast við þessu og halda fólki þar í vinnu.

Við munum sjá þetta sama gerast núna í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu og víðar í opinbera geiranum. Besta fólkið okkar verður yfirboðið. Það verður ekki yfirboðið innan lands hjá öðrum ríkisfyrirtækjum. Það verður yfirboðið erlendis og við missum það úr landi. Afleiðingar þessa frumvarps (Forseti hringir.) þessarar vinstri jafnaðarmannastjórnar verða atgervisflótti úr landinu.

[18:08]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson hitti einmitt naglann á höfuðið þegar hann sagði að hættan af því að innleiða vanhugsuð lög sem eiga að líta vel út í augum hins almenna manns, líta út fyrir að verið sé að taka á einhverri óráðsíu, líta úr fyrir að menn taki á hlutunum af mikilli ábyrgð, líta út fyrir að verið sé að takast á við efnahagsvandann, eins og segir í inngangi frumvarpsins — þetta eru bara falsrök. Þetta er bara til þess gert að slá ryki í augun á almenningi og reyna að sýna eitthvað sem hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar kallaði táknrænan gjörning. Eins og það létti lífið fyrir opinbera starfsmenn þegar kemur að því að þeim verði tilkynnt um að það eigi að lækka laun þeirra í haust.

Það er bara barnaskapur að halda að þetta muni lina þjáningar þess fólks sem verður fyrir þessum launalækkunum. Eins og hv. þm. Jón Gunnarsson benti ágætlega á eru einu afleiðingarnar af þessu þær að hér getur orðið spekileki. Við getum misst ungt, klárt fólk úr landi og náum ekki að laða að fólk í þau störf sem þarf svo bráðnauðsynlega að sinna núna við uppbygginguna.

[18:10]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Svo ég grípi boltann á lofti frá hv. þingmanni er það nákvæmlega þetta sem mun gerast. Þetta mál er dæmigert fyrir hæstv. ríkisstjórn. Hér er verið að slá ryki í augun á almenningi um að þessi ríkisstjórn ætli að ganga fram fyrir skjöldu og gæta ýtrustu varúðar í öllum kostnaðarliðum á sama tíma og hún leggur á borðið hjá okkur reikning upp á tvo milljarða fyrir lögfræðikostnaði þjóðar sem ræðst á okkur í svokölluðu Icesave-máli, tvo milljarða. Hana munar ekki um það. Nei, hún kýs að skera niður til aldraða og öryrkja um 300 milljónir á mánuði, sem var eitt hennar fyrsta verk. Bara reikningurinn fyrir lögfræðiþjónustunni hefði getað mildað afleiðingarnar ef við hefðum dreift honum í tvö ár á þá málaliði og hjálpað því fólki. Þessi ríkisstjórn þarf ekki að hugsa sig tvisvar um þegar kemur að þeim efnum, jafnaðarmannavinstristjórnin. Nei, það er allt í lagi að skera niður hjá þeim sem minna mega sín í þessu samfélagi. Nú á að ganga fram með rykbólstrum, eins og gjarnan gerist, fara af stað með miklum látum þannig að það gusti nú nógu mikið af henni. Þetta er algjörlega misskilin popúlismapólitík.

Ég vil taka undir með hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni að auðvitað eiga stjórnarliðar að sjá sóma sinn í því að taka þetta mál til baka ásamt mörgum af þeim nítján málum sem okkur er boðið upp á að ræða á sumarþinginu í dag og flestöll skipta engu máli fyrir þessa þjóð. Þá er allt annað sett á hilluna, allt sem var lofað. Velferðarbrúin svokallaða sem var lofað má rykfalla á hillunni. Það þarf (Forseti hringir.) ekki að sinna fólkinu í þessu landi.

[18:13]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Nú veit ég ekki hvort ég man rétt en … (Forseti hringir.)

(Forseti (ÁI)**:** Forseti minnir hv. þingmann á að beina orðum sínum til forseta.)

Virðulegi forseti. Það er eins og mig minni að þetta mál sé eitt af þeim málum sem eru á listanum góða hjá ríkisstjórninni. Það er því kannski ekki auðvelt að kippa því út eins og ég og hv. þm. Jón Gunnarsson höfum lagt til og mundum báðir telja stjórnarþingmenn menn að meiri fyrir að gera það. Þannig að það kannski kemur í veg fyrir það.

Það er alveg hárrétt. Það að beina athyglinni að svona smá tittlingaskít á meðan stóru málin bíða, skuldabaggi heimilanna vex og vex, greiðslubyrðin verður þyngri og þyngri og fyrirtækin brenna. Nei, þá er ágætt að tala um popúlistamál, erfðabreyttu lífverurnar, förgun úrgangs og öll þessi smámál sem skipta engu máli í því samhengi og við þann raunveruleika sem við búum í dag, ekki nokkru máli.

Hv. þm. Jón Gunnarsson minntist á velferðarbrúna. Öll þessi málsmeðferð ber vott um að valdhafarnir eru orðnir bensínlausir áður en þeir komast á brúna. Þeir komast ekki að brúnni og að því sem skiptir raunverulega máli, það er fyrirtækjum og heimilum í þessu landi, og að koma landinu upp úr þeim hjólförum sem það er í. Þess í stað á að stunda popúlisma og (Forseti hringir.) slá ryki í augu fólks.

[18:15]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að upplýsa hvers vegna ég var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins. Ég var staddur erlendis og það fórst fyrir eða mistókst að koma boðum um að það kæmi varamaður í minn stað. Ég var því ekki viðstaddur umræðu um þetta mál í nefndinni og er það

miður. En þannig er nú það, ég var erlendis á vegum þingsins.

Ég er ekki alveg sammála hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni í greiningu hans á vandanum. Þetta frumvarp er algerlega í samræmi við hugsanir og stefnur vinstri manna. Þeir stefna að því að hafa öll lögin helst eins og ýtrustu kommúnistar vilja náttúrlega að allir séu með sömu launin og ekki tekið tillit til reynslu, menntunar, þekkingar, snilli, dugnaðar eða nokkurs skapaðs hlutar og allir eiga að vinna og vera góðir, vinna jafnt. Þetta frumvarp er í sjálfu sér alveg í takt við þá heimssýn. Ég hugsa að það örli eitthvað á lýðskrumi og eitthvað af popúlisma en ég hugsa að þetta sé alveg í takt við þá heimssýn sem þeir hafa. Ég tek því þannig.

Gallinn við þetta er sá að það er í gangi ákveðinn vinnumarkaður hvort sem menn vilja eða ekki. Það hefur sýnt sig að kommúnisminn sem ætlaði að byggja á því að allir væru jafnir gekk ekki upp vegna þess að fólk er mismunandi eins og ég gat um áðan. Sumir eru duglegir, aðrir snjallir og útsjónarsamir og sumir eru klaufar o.s.frv. þannig að fólk er ekki allt eins. Það þýðir að þeir sem geta boðið vinnu vilja gjarnan borga meira fyrir einn starfsmann en annan af ýmsum ástæðum.

Ég vil minna á það að núna erum við í miklum vanda. Við erum að glíma við kreppu sem hefur ekki komið á Íslandi áður og við leitum ráða erlendis, reynum að fá erlenda sérfræðinga og annað slíkt og við lendum strax í vanda. Hvað ætlum við að borga þeim sérfræðingum sem koma hingað til Íslands? Eiga þeir að vinna við hliðina á Íslendingum, jafnvel forstöðumönnum í stofnunum, með miklu hærri laun? Menn lenda strax í þessum vanda við það að fá almennilega þekkingu.

Við erum að fara að ræða við Evrópusambandið. Hvernig fólk ætlum við að senda þangað? Á það að vera fólk sem nennir þessu varla, hefur engan hvata og fékk starfið af því að enginn annar almennilegur sótti um eða eitthvað slíkt? Þeir eiga svo að tala við háþróaða sérfræðinga hinum megin? Er þetta gæfulegt að ráða áhöfnina á skipið svona? Ég er ekki viss um það.

Svo lendum við strax í vandræðum með vissa aðila, t.d. dómara. Dómarar benda á það að þeir eru þriðja valdið, þeir eru ein af þremur stoðum þjóðfélagsins. Við erum með ráðherra, framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið og svo dómsvaldið. Það er svo mikið samkrull á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að þar eru menn ekki að tvínóna við það að hafa sambærileg laun. Þau eru reyndar ekki sambærileg en hvað um það. Dómarar segjast aftur á móti vera óháðir og það megi ekki setja svona takmarkanir á þá.

Svo er dálítið merkilegt að einn aðili í þjóðfélaginu er undanskilinn og það er forseti Íslands. Það er vegna þess að í stjórnarskránni stendur að ekki megi skerða laun hans á kjörtímabili hans. Auðvitað mætti skerða hið mesta af þessu. En það merkilega var að fyrir nokkrum árum er forseti Íslands með nánast sömu laun samkvæmt kjaradómi og forsætisráðherra. En það virðist vera að kjaradómur hafi ekki áttað sig á því að forsetinn borgaði enga skatta en forsætisráðherra gerði það. Og forsetinn borgaði ekki bara enga skatta af tekjum heldur borgaði hann ekki virðisaukaskatt eða yfirleitt neina skatta, hvergi, tolla, vörugjald eða nokkuð, fékk allt endurgreitt. Svo var þetta skattfrelsi afnumið og ég átti þátt í því, frú forseti, þannig að ég er dálítið stoltur af því að hafa gert hann jafnan hinum Íslendingunum en þá taldi kjararáð að hækka þyrfti launin hans umtalsvert. Mig minnir að það hafi verið 50% sem hann hækkaði í launum við það að missa skattfrelsið. Allt í einu myndaðist mikill munur á milli forsætisráðherra og forseta. Menn ætla sér í þessu frumvarpi að viðhalda þeim mun og geta sennilega ekki mikið annað nema þeir hefðu getað sett í bráðabirgðaákvæði að hann skuli halda þeim launum út kjörtímabilið en næsti forseti verði með lægri laun og sömu laun og forsætisráðherra. Ég sé enga ástæðu til að forseti sé miklu hætti laun en forsætisráðherra.

Við erum líka að ráða inn saksóknara og við viljum gjarnan að það séu afskaplega færir menn vegna þess að það er mikill vandi að ráða við og ráða úr og finna í þeim mikla haug af gögnum sem þarf til að sakfella menn í efnahagsbrotum sem við erum að glíma við núna. Ég veit ekki hvort það er gæfulegt á því augnabliki að byrja á því að lækka launin. Ég er ekki viss um það.

Það sem ég er í raun að tala um er að þegar fólk fær laun er í fyrsta lagi oftast verið að borga fyrir menntun. Sumir fara í langskólanám, jafnvel 10 ára nám, hjartaskurðlæknir fer í 10 ára nám og hann kemur til starfa 10 árum seinna en aðrir. Segjum að hann byrji að vinna þrítugur. Þá er hann með heljarinnar skuldir á bakinu. Hann getur ekki verið með sömu laun og einhver annar sem fór ekki í skóla þannig að það er greinilegt að það þarf að borga fyrir menntunina. Nú er engin krafa gerð til þess að forsætisráðherra sé með sérstaka menntun og ekki heldur þingmenn þannig að hvorki hjá forsætisráðherra né hjá þingmönnum er borgað fyrir menntun eða reynslu. Það er því dálítið undarlegt að setja svo þak á aðra sérfræðinga sem stýra stofnunum og kerfi ríkisins.

Það sem ruglar þetta líka er það að vissar stéttir á Íslandi hafa heiminn undir í sínu starfi. Flestir geta sótt um störf á Íslandi og þekkja þar til. Margir geta farið til Norðurlandanna, iðnaðarmenn og fleiri en svo eru sumir sem hafa allan heiminn undir. Til dæmis hjartaskurðlæknar, svo ég nefni þá aftur. Ég hugsa að þeir geti fengið vinnu hvar sem er og þá fer gengi krónunnar að skipta máli. Það er búið að lækka þessi laun óskaplega mikið með því að gengið hefur fallið og ég hugsa að bráðum fari að verða erfitt að fá slíka menn, sérfræðinga til landsins sem rogast hingað til lands með miklar námsskuldir, hvað þá ef við ætlum að fá erlenda sérfræðinga. Það verður þá útilokað og við getum lent í því eftir ekki langan tíma að við hreinlega fáum ekki fólk til að skera upp í okkur hjartað. En það er kannski það sem einhver vill, ég veit það ekki. Það sem ég er að tala um er í rauninni það sem menn nefna spekileka eða „brain drain“ að besta fólkið kemur ekki til landsins og hér verða meðalmenni eftir. Það er kannski hættan við svona frumvarp.

Svo er líka dálítið merkilegt í þessu frumvarpi eða breytingartillögum nefndarinnar að þeir taka út dótturfélög. Það er fyrsta stigið sem gildir hjá hlutafélögum hins opinbera. Þá getur komið upp sú merkilega staða að forstjóri móðurfélagsins er með segjum 800 þús. kr. á mánuði en forstjóri dótturfélagsins sem hann ræður yfir í rauninni og er oft og tíðum í stjórn dótturfélagsins er með miklu hærri

laun. Ég er nærri viss um að hann ræður sjálfan sig í dótturfélagið og setur hinn í gamla starfið til að hækka sig í launum og þá er ekki víst að hinn sætti sig við það. Þetta er dálítið ankannalegt allt saman og fyrir utan það sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson nefndi var áðan að í heilbrigðiskerfinu virkar þetta bara á einn starfsmann. Sparnaðurinn verður ekki mikill þar því sá ræður yfir fjölda fólks sem verður með hærri laun en hann og er mjög ankannalegt.

Svo er eitt sem menn gleyma iðulega, það er ákveðin starfsgleði og hvati. Fólk sem er með góð laun er yfirleitt ánægðara í vinnunni, því finnst það vera metið að verðleikum. Ég veit ekki hvað gerist með mann eins og þessi umræddi forstjóri sem valdi að koma hingað með eitthvað lægri laun, svo fer gengið niður, svo er farið að lækka launin og hann er kannski kominn með miklu lægri laun, einn þriðja, eitthvað svoleiðis. Hver er starfsánægjan? Ég veit það ekki. Það getur vel verið að menn séu svo fullir af hugsjónum að þeir geti haldið áfram að vinna af jafnmikilli gleði og langt fram á nótt og jafnvel á næturnar við að leysa ákveðin vandamál í slíkri stöðu. Ég er ekki viss um það. Ég held að svona lög og svona frumvörp eyðileggi starfsánægju og hvata fólks til að vinna umfram það sem það sem bráðnauðsynlega þarf.

Það er nú einu sinni þannig að í stjórnunarstöðum geta menn stjórnað óskaplega hratt og tekið margar ákvarðanir á stuttum tíma en svo geta þeir líka verið lengi að því og jafnvel tekið engar ákvarðanir sem er alverst. Þeir fá alltaf sömu launin, það skiptir ekki máli. Ef launin eru lág ríkir engin samkeppni annars staðar frá þannig að þeir geta alveg verið rólegir að slappa dálítið af.

Þetta er allt saman dálítið varasamt og ég bendi mönnum á að þetta getur eftir einhver ár leitt til mikilla vandræða. En ég skil alveg hugsunina á bak við þetta og ég skil það líka að lækka þarf kostnað í ríkisgeiranum. Það er búið að lækka laun í einkageiranum þannig að að því leyti er þetta skynsamlegt en það vill svo til að kjararáð á að taka mið af þeim launum við ákvarðanir sínar þannig að kjararáð ætti núna að lækka laun hjá þeim sem heyra undir það núna að óbreyttum þessum lögum.

Það er dálítið ankannalegt eins og bent hefur verið á að á sama tíma og við erum að ræða svona hluti, skerðingar, lokun deilda og allt það þá eru menn að taka ákvörðun um að halda áfram með eitthvert tónlistarhús, það kostar 20–30 milljarða. Skrifa undir Icesave-samninginn um að borga Bretum og Hollendingum, Bretum 9 millj. pund ef ég man rétt og Hollendingum 7 millj. evra fyrir kostnað, alger niðurlæging, bara alger niðurlæging, frú forseti, svo ég undirstriki það. Það sýnir að þeir láta okkur borga fyrir vöndinn sem við erum flengd með. Á sama tíma og við gerum þetta í dag kom fram í svari að ríkið ætti að taka einhver listaverk, 4.000 listaverk og hvað halda menn að gerist þar? Við þurfum að borga fyrir þau að sjálfsögðu. Halda menn virkilega að þau séu einhvers staðar á lausu, svífandi í loftinu og kosti ekki neitt? Þau eru eign kröfuhafanna. Það er þannig. Ef við ætlum að fá þau, þessi 4.000 listaverk, þá verðum við bara að kaupa þau. Það gerist ekkert öðruvísi. Ef þau verða áfram í gömlu bönkunum eða nýju bönkunum, það skiptir ekki máli, þá eru þau eign. Það minnkar þá þörf bankanna fyrir annað eigið fé, þau eru eign og þetta eru 4.000 stykki. Ég veit ekki hvað svona málverk kostar, hef ekki hugmynd, 100 þús. eða milljón. Ef stykkið kostar milljón þá eru þetta 4 milljarðar. Hér við þetta púlt í dag svaraði menntamálaráðherra að hún ætlaði að kaupa þetta á 4 milljarða. Á sama tíma og við erum að tala um einhvern smáaur í þessum samanburði, á sama tíma og við ætlum að fara að loka deildum, segja upp umönnunarstéttum o.s.frv. Þetta gengur ekki upp, frú forseti. Það er ekkert samræmi í því að við erum að setja 10 milljarða í tónlistarhús, ráða erlenda verkamenn, borga dýran júan fyrir þetta gler sem kemur til landsins, gjaldeyri sem við eigum ekkert af og svo er tekin ákvörðun um það eða mikil hrifning yfir því að nú skulum við bara kaupa þessi 4.000 stykki af málverkum. Til þess þarf peninga. Það er ekki nógu mikið samræmi í þessu og mér finnst að menn þurfi virkilega að fara að átta sig á því að peningarnir eru takmarkaðir og við þurfum að nota þá skynsamlega. Ég er ekki viss um að þetta frumvarp sé besta leiðin til að nota peninga skynsamlega fyrir utan það að þetta ruglar allt kerfið hjá ríkinu.

Þetta er bara allt á sömu bókina lært eins og ég gat um áðan, að þau frumvörp sem við erum að ræða í dag leysa engan vanda hjá heimilum og fyrirtækjum landsins eins og ég er búinn að kalla eftir aftur og aftur, bæði fyrir ríkisstjórnarskiptin í febrúar og eftir kosningar. Ég vil að menn fari að taka á þessum vanda. Það er reyndar búið að koma bönkunum í gang. Ég þakka fyrir það, frú forseti, að það sé búið að koma bönkunum í gang. Það er jákvætt skref, mjög jákvætt, allt of seint en það er búið að taka það og vonandi fer eitthvað í gang. En það þarf að gera miklu meira og það þarf að kanna og huga að því hvar skórinn kreppir hjá hinum venjulegu fjölskyldum því það er víða mikill vandi. En þetta frumvarp, ég held að það lagi ekki stöðu eins einasta heimilis, það frumvarp sem við ræðum hér.

[18:31]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að ræða þetta mál sem ég ræddi einnig við 1. umr. og velti því þá upp hvort hér væri um að ræða einhvers konar sjónarspil sett fram af hálfu ríkisstjórnarinnar eða stjórnarflokkanna til að afla sér vinsælda. Fleiri þingmenn hafa svo sem nefnt það í dag. Þrátt fyrir orðalagsbreytingar sem lagðar eru til í nefndarálitinu undirstrikar það margt af því sem hefur verið að velkjast í huga manns varðandi þetta mál.

Í sjálfu sér er gott og gilt að setja fram markmið sem þessi, að enginn skuli hafa hærri laun heldur en eitthvað tiltekið, í þessu tilfelli laun hæstv. forsætisráðherra. En e.t.v. hefði verið betur heima setið en af stað farið í þá miklu vegferð sem er hafin og þær örfáu milljónir sem þetta á að spara, samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum.

Ég velti því fyrir mér enn á ný hvaða skilaboð við sendum með málum sem þessum. Það lítur vel út, frú forseti, þegar við segjum svona hluti. Þetta er dæmi um mál sem okkur detta í hug á góðri stundu og mönnum finnst mjög snjallt að setja fram en þegar farið er að reikna og hugleiða hlutina eru þeir ekki jafnsnjallir og virtist vera.

Þegar ég las hverjir komu á fund efnahags- og skattanefndar fór ég að hugsa um stéttarfélög þeirra sem vinna hjá ríkinu og þetta getur haft óbein áhrif á. Hvort BSRB,

svo eitthvert dæmi sé tekið, hefur velt þessu máli fyrir sér. Þá horfi ég á málið út frá því sem ég nefndi í ræðu minni við 1. umr., þ.e. hvort ríkisvaldið sé hugsanlega að setja eins konar tappa í þá möguleika sem almennir starfsmenn ríkisins hafa til að ná fram kjarabótum. Líta má þannig á að þegar búið er að binda laun æðstu stjórnenda við ákveðna tölu eða einhvern ákveðinn punkt ætli ríkisvaldið að halda öðrum starfsmönnum eða stéttum í ákveðinni fjarlægð frá því viðmiði. Hugleiða má hvort það sé eðlilegt að tilteknir heilbrigðisstarfsmenn eða almennir starfsmenn ríkisins séu með hærri laun en forsætisráðherra eða mun t.d. hjúkrunarfræðingum ganga verr að semja um laun við ríkisvaldið þegar búið er að setja viðmiðun sem þessa. Á þessu máli eru margar praktískar hliðar sem ég hef fyrst og fremst áhyggjur af. Ég get ekki séð að þetta mál skipti sköpum fyrir ríkissjóð, um er að ræða örfáar milljónir í sparnað. Ég hef meiri áhyggjur af því að þessi ákvörðun muni leiða til þess að við gerum starfsmönnum ríkisins erfiðara fyrir með að sækja sér hugsanlega réttlátar launahækkanir og launabreytingar. Verið er að byggja upp kerfi sem á að taka mið af einum starfsmanni ríkisins, í þessu tilviki forsætisráðherra. Enn og aftur má velta fyrir sér hvort laun forsætisráðherra séu yfirleitt rétti viðmiðunarpunkturinn en að miðað við þá vinnu sem ég sé hæstv. forsætisráðherra inna af hendi held ég að hún sé ekkert ofsæl af þeim launum sem hún fær.

Í nefndarálitinu kemur fram við hverja ekki er átt. Þá vaknar spurning um hvað þessi ákvörðun taki til margra og í framhaldi af því hvort við erum enn að tala um 50 millj. kr. Er upphæðin sem á að spara með þessu hugsanlega enn lægri, 20 millj. eða 30 millj.? Ef svo er finnst mér enn þá draga úr vægi rakanna sem hafa verið uppi, um að nauðsynlegt sé að sýna svart á hvítu hver hugur ríkisvaldsins er. Ef markmiðið er að spara og halda í við starfsmenn ríkisins almennt er heiðarlegra að segja það. Mér þætti gott að fá að vita hvort svo sé. Að verið sé að segja við ríkisstarfsmenn: Laun ykkar munu ekki hækka á næstu árum eða breytast vegna þess að við erum búin að setja ákveðin viðmið og eðlilegt er að ákveðin fjarlægð sé á milli æðstu stjórnenda, eða handhafa ríkisvaldsins, og annarra starfsmanna. Mjög heiðarlegt væri að segja það ef svo er.

Ég velti líka fyrir mér enn á ný hvort þetta geti haft í för með sér atgervisflótta úr starfsstéttum hjá ríkisvaldinu þar sem krafist er mikillar menntunar og leiði hugsanlega til þess að við sjáum á bak hæfu og góðu fólki. Ég vona svo sannarlega að svo sé ekki. Svarið gæti hugsanlega verið að þetta eigi við fáa aðila og muni ekki hafa áhrif á önnur laun eða möguleika annarra til að semja um laun sín. En ég held því miður að það svar komi ekki hér en svarið sé það sem ég nefndi áðan, að markmiðið sé í raun að halda aftur af launaþróun ríkisstarfsmanna í heild og þetta sé leiðin sem er farin í stað þess að segja það hreint út. Svo við setjum þetta í samhengi þá erum við að tala um að örfáar milljónir sparast með að mínu viti ófyrirsjáanlegum afleiðingum ef illa fer. Áðan var bent á að samningamönnum Íslands í Icesave-samningnum þótti lítið mál að samþykkja að borga 2 milljarða lögfræðikostnað við Icesave-samningana, ef ég hef tekið rétt eftir. Þá er mjög merkilegt að við erum orðin svo áttavillt í tölum að 2 milljarðar af 700 séu svo lítið mál að okkur finnist sjálfsagt að borga það en að 30 eða 50 millj. séu gríðarlega mikilvægar í sparnaði í launum hjá starfsmönnum ríkisins. Hver er samfellan hjá þeim sem fjalla um þessi mál?

Einnig má benda á að fyrir skömmu var ekki tiltökumál að samþykkja að sækja um aðild að Evrópusambandinu og kosta til þess a.m.k. 1 milljarði, en það mun væntanlega kosta mun meira. Spurningin er enn þá hvort ekki sé eðlilegt að það sé tækifæri til að borga sanngjörn og mjög ásættanleg og góð laun þeim ríkisstarfsmönnum sem eru mjög hæfir, hafa menntun og reynslu og við viljum hafa í vinnu hjá okkur.

Ef ætlunin er að sýna gott fordæmi fyrir vinnumarkaðinn í heild, bæði opinbera geirann og einkageirann, þá held ég að það hafi algerlega mistekist vegna þess hversu í sjálfu sér lítilfjörleg upphæðin er og væntanlega til fárra sem þetta nær beint, en ég óttast að nokkru leyti að áhrifin verði víðtækari. Ég hef ekki trú á að þetta eitt og sér hafi áhrif á einkageirann vegna þess að í þeim geira hafa áföllin sem dunið hafa yfir orðið til að menn endurskoða hlutina, en áfallið sem ríkissjóður hefur orðið fyrir verður ekki leyst með þessari aðgerð eða svipuðum. Við vitum alveg að launakostnaður ríkisins er einn stærsti pósturinn af kostnaði við rekstur ríkisins. Þar ber hæst menntakerfið og heilbrigðiskerfið, boðaður hefur verið niðurskurður hjá ríkisvaldinu og væntanlega þá mest á þessum tveimur stoðum kerfisins og á félagspakkanum, ef má orða það þannig. Við höfum hins vegar ekki enn fengið að vita hvernig niðurskurðurinn lítur út en þar er vitanlega verið að tala um hærri upphæðir en hér.

Ég hef miklar efasemdir, frú forseti, um að hér sé verið að fara af stað með mál sem skiptir nokkrum sköpuðum hlut í þjóðfélaginu, til að uppfylla hugmyndir sem hafa orðið til hjá stjórnarflokkunum um að það gæti verið gott að slá þessu fram. Í sjálfu sér er ágætt að það sé þá búið, því markmiði náð og hægt að merkja við það í 100 daga áætluninni. En þetta lyktar frekar af vinsældaveiðum heldur en einhverju öðru og er alls ekki til þess fallið að senda skilaboð varðandi það hömluleysi sem varð í launastrúktúr, sérstaklega í fjármálageiranum. Þetta er að mínu viti óskylt og sá geiri hefur sannarlega fundið fyrir því, er meira eða minna farinn á höfuðið og hefur væntanlega lært af því. Það þarf ekki að kenna honum lexíu með þessu.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég hef áhyggjur af að verði þessi viðmið tekin upp geti þau haft áhrif á möguleika annarra starfsmanna eða stétta til að ná fram réttlátum kjarabótum. Verið sé að setja ný viðmið sem erfitt verður að komast frá aftur. Þetta eru ekki rétt viðmið því að miðað við þá gríðarlegu vinnu, ábyrgð og álag sem er á hæstv. forsætisráðherra eru hennar laun alls ekki of mikil. Það er mín persónulega skoðun og ég held að í þessu tilfelli hefði verið betra heima setið en af stað farið því að árangurinn sem á að nást verður enginn.

[18:45]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um lagafrumvarp um kjararáð o.fl., sem er stjórnarfrumvarp. Í því felst í stórum dráttum að miðað verði við laun forsætisráðherra þegar ákvörðuð eru laun ýmissa stjórnenda hjá hinu opinbera.

Þannig er að við lifum á miklum óvissutímum og eftir

að bankarnir hrundu í október hefur umhverfið hér á Íslandi verið frekar óvisst og mikil óvissa í lofti. Á slíkum tímum er svigrúm fyrir ýmsar skrýtnar og hættulegar hugmyndir til þess að komast á blað og verða að raunveruleika. Þetta mál sem við ræðum nú er dæmi um mál sem augljóslega er lagt fram í því skyni að skapa m.a. vinsældir í fjölmiðlum og einhverjir ræðumenn sem töluðu hér á undan mér nefndu þetta lýðskrum.

Hugmyndin í sjálfu sér er eitthvað sem maður kannast við og hefur heyrt áður fleygt, að miða skuli hámarkslaun við ákveðinn fasta sem í þessi tilfelli eru laun forsætisráðherra. Hv. formaður nefndarinnar, Helgi Hjörvar, fór yfir að væri það væri eðlilegt viðmið. Mér þótti þó aðeins á skorta í rökstuðningnum og þætti vænt um að hv. þingmaður færi betur yfir hvers vegna það eru laun forsætisráðherra sem miða skal við í þessu dæmi. Það var ekki alveg í samræmi við andsvar hans sem hann síðan veitti áðan.

Virðulegi forseti. Þegar maður skoðar málið og þau gögn sem lögð eru fram með þessu frumvarpi sést að í umsögn frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að eins og málið var lagt fram í upphafi sé miðað við að með frumvarpinu sparist um 50 milljónir kr. Um þetta snýst málið og þarna er um að ræða launalækkun hjá tólf aðilum. Þetta finnst mér ekki sýna mikla heildarhugsun. Þessar 50 millj. kr. virðast smávægilegar í ljósi þeirra frétta sem berast í dag um þann kostnað sem íslenska ríkið hefur í huga að taka á sig varðandi samningskostnað Hollendinga og Breta. Þegar maður horfir á heildarmyndina sér maður ekki alveg tilganginn með þessum vinnubrögðum. Þegar þetta er farið að snúast um laun nokkurra örfárra handvalinna einstaklinga fer maður að spyrja sig: Hvers vegna er lagt af stað í þessa vegferð og hvert er í rauninni markmiðið? Ég tel að það hafi ekki komið fram í máli formanns nefndarinnar, Helga Hjörvar. Hv. þingmaður heldur væntanlega síðari ræðu sína hér á eftir og það væri ágætt ef þessi rökstuðningur kæmi þá skýrar fram, hvers vegna er lagt af stað? Afleiðingarnar af því ef þetta frumvarp verður að veruleika eru, eins og aðrir hv. þingmenn hafa bent á, að sjálfsögðu þær að það verður minna eftirsóknarvert að sækjast eftir þeim störfum sem hér er um að ræða. Það er hætt við því að meðalmennskan verði alls ráðandi og það er hætta á spekileka eins og alþekkt er þegar betur launuð störf bjóðast annars staðar og möguleikarnir á því að ná árangri eru ekki til staðar.

Jafnframt finnst mér athyglisvert að í frumvarpinu er talað um að laun forseta Íslands falli ekki hér undir. Vissulega veit ég að stjórnarskráin ver núverandi forseta fyrir því að laun hans verði lækkuð á kjörtímabilinu. Engu að síður, ef heildarhugsunin er sú að þetta eigi að senda skilaboð út í samfélagið, þarf jafnt að ganga yfir alla. Þetta hlýtur að vera tíminn til þess að kveða á um lækkun á launum forseta sem tæki þá gildi á næsta kjörtímabili forseta, hver sem það verður. Það væri líka ágætt ef formaður nefndarinnar mundi útskýra hvers vegna ekki var gengið í þessa átt með frumvarpið.

Í nefndarálitinu er fjallað um að meginmarkmið frumvarpsins sé að draga úr launakostnaði ríkisins og að föst laun fyrir dagvinnu skuli ekki vera hærri en föst laun forsætisráðherra. Ég skil þessi sjónarmið, maður hefur heyrt þetta áður hjá vinstri mönnum. Jafnframt er í nefndarálitinu vitnað í ýmsar áhyggjur sem væntanlega hafa komið fram í meðferð nefndarinnar á málinu og frá umsagnaraðilum.

Í nefndarálitinu stendur, með leyfi forseta:

„Áhyggjur komu fram við umfjöllun nefndarinnar um að áhrif frumvarpsins á gildandi ráðningarsamninga væru óljós. Ætti það ekki aðeins við gagnvart þeim sem stjórna stofnun eða félagi sem frumvarpið tekur til heldur gæti það haft óbein áhrif á starfskjör undirmanna. Ríkinu væru aðrar leiðir færar við að lækka laun í gegnum val sitt á stjórnum hlutaðeigandi stofnana og félaga.“

Jafnframt segir þar, með leyfi forseta:

„Áhyggjur komu einnig fram um að frumvarpið hefði í för með sér skerðingu á sjálfstæði dómsvaldsins og réttindi minni hluta hluthafa umfram það sem stjórnarskráin heimilar og að það takmarkaði réttindi launafólks til að semja um starfskjör sín og möguleika ríkisins til að ráða til sín hæft starfsfólk. Enn fremur komu fram ábendingar um að frumvarpið gæti haft neikvæð áhrif á sjálfstæði Seðlabankans og Samkeppniseftirlitsins.“

Mér þykir frekar léttvægt hvernig skautað er fram hjá þessum sjónarmiðum í nefndarálitinu. Þessum áhyggjum er í rauninni ekki svarað og ekki er farið yfir mótrökin gegn þessum sjónarmiðum. Þess í stað segir hér að í ljósi núverandi efnahagsaðstæðna sé í frumvarpinu fólgin eðlileg skammtímaráðstöfun. Ég fór að leita að því hvar kæmi fram að þetta væri skammtímaráðstöfun en ég get einfaldlega hvergi fundið því stað í frumvarpinu né í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram. Það væri því ágætt ef títtnefndur Helgi Hjörvar, formaður nefndarinnar, gæti farið yfir hvað er átt við með þessu. Hvað sá nefndin fyrir sér að þessi skammtímaráðstöfun mundi taka langan tíma og hvar sér þess stað? Hvað í lagafrumvarpinu segir okkur að þetta sé skammtímaráðstöfun?

Virðulegi forseti. Meginumtalsefni mitt í dag varðandi þetta mál er að heildarsýnin varðandi þetta stóra verkefni, að taka á ríkisfjármálunum, er ekki fyrir hendi. 50 millj. kr. eiga að sparast með þessu frumvarpi eða jafnvel lægri fjárhæð eins og kom fram í máli hv. þm. Gunnars Braga Sveinssonar. Heildarsýnin liggur hins vegar ekki fyrir. Miðað við gögnin sem lögð eru fram með þessu frumvarpi er bara verið kroppa í einhverja tólf einstaklinga í því skyni að slá pólitískar keilur í fjölmiðlum. Þannig lítur þetta út fyrir mér og ég tel að nær væri að leggja fram heildarsýn um hvernig á að brúa þetta bil sem við þurfum að brúa á næstu árum.

Hér þarf að fara fram mikill niðurskurður. Hvers vegna er ekki rætt um hvernig hann skuli fara fram? Þessar 50 millj. duga ekki langt upp í fjárlagahallann. Hvernig sér ríkisstjórnin fyrir sér að farið verði í þessa vegferð? Hvernig sér ríkisstjórnin fyrir sér að farið verði í að skapa meiri gjaldeyristekjur? Um það snýst í rauninni verkefnið. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi það að skapa fleiri störf og aðstæður fyrir þau störf hér á landi? Ég hef ekki séð slíka stefnu. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi það að skapa fleiri störf í kringum orkufrekan iðnað? Það er mikið talað um að það eigi að gerast. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur mikinn áhuga á því að greiða fyrir að fleiri tækifæri verði til hér í orkufrekum iðnaði en miðað við verkin liggur einfaldlega ekki fyrir hvernig sú orkuöflun

sem til þarf í þeim geira á að fara fram. Samkvæmt stjórnarsáttmálanum er ætlunin t.d. ekki að fara í virkjanir í neðri hluta Þjórsár að svo stöddu en í stöðugleikasáttmálanum er gert ráð fyrir að farið verði í þessar virkjanir og öllum hindrunum varðandi það mál verði rutt úr vegi fyrir 1. nóvember. Þetta stangast allt saman á og það er eins í þessu og í flestöllum öðrum verkum þessarar ríkisstjórnar, margt er í orði en afskaplega fátt er í raun á borði. Þetta er stórt vandamál vegna þess að við Íslendingar höfum einfaldlega ekki efni á að hafa ríkisstjórn sem stjórnar með þessum hætti.

Við þurfum að hafa fólk við stjórnvölinn sem þorir að taka ákvarðanir og getur vakið von í brjósti fólks um að við eigum fyrir okkur bjarta framtíð hér í þessu landi. Ég hef fulla trú á að við höfum það en til þess að svo megi verða verðum við að grípa þau tækifæri sem fyrir hendi eru. Við verðum að greiða fyrir því að hér verði hægt að fara í frekari orkunýtingu. Við verðum að greiða fyrir því að hér verði hægt að grípa tækifæri t.d. varðandi heilsutengda ferðaþjónustu á Suðurnesjum. Við verðum að grípa þessi tækifæri sem liggja í loftinu vegna þess að þrátt fyrir að erlendir aðilar hafi áhuga á því að koma hingað og fjárfesta bíða þeir ekki endalaust eftir því að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir, sem eru algjörlega ósammála um hvernig eigi að fara t.d. með orkuöflun — þessir erlendu fjárfestar hafa einfaldlega ekki þolinmæði eða tíma til þess að bíða eftir því að stjórnarflokkarnir semji um hvað eigi að gera. Þeir hafa ekki tíma í það og við Íslendingar höfum ekki efni á að bíða eftir því að ríkisstjórnarflokkarnir berji hvor annan til hlýðni í hverju einasta máli sem kemur hingað inn á borð.

Þetta eru einfaldlega ekki boðleg vinnubrögð. Ég hvet þá þingmenn sem sitja á þingi fyrir þessa flokka til þess að leggja fyrir landsmenn heildarsýn varðandi hvernig eigi að fara í þessi mál í stað þess að leggja fram smáfrumvörp varðandi 50 millj. kr. sparnað sem taka á tólf einstaklingum úti í bæ. Hver eru skilaboðin með þessu? Þau eru einfaldlega að það er popúlisminn sem ræður hér ríkjum en ekki það að taka á raunverulegum vandamálum.

Umræðu frestað.

Náms- og starfsráðgjafar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 83. mál (útgáfa leyfisbréfa). — Þskj. 95.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁRJ, BirgJ, BjörgvS, EKG, GLG, GBS, HHj, IllG, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, LRM, LMós, MT, ÓÞ, PHB, RR, RM, SDG, SIJ, SF, SJS, SVÓ, SSv, UBK, VBj, VigH, ÞBack, ÖJ.

30 þm. (ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, EyH, GuðbH, GÞÞ, GStein, HöskÞ, JónG, KaJúl, KÞJ, KLM, MSch, OH, ÓN, REÁ, SER, SII, SkH, TÞH, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 290).

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 82. mál (afnám skilyrðis um ábyrgðarmenn). — Þskj. 203, brtt. 265.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:03]

Brtt. 265 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjörgvS, EKG, GLG, GBS, HHj, IllG, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, LRM, LMós, MT, ÓÞ, PHB, RR, RM, SDG, SIJ, SF, SJS, SVÓ, SSv, UBK, VBj, VigH, ÞBack, ÖJ.

29 þm. (ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, BJJ, BjG, BjarnB, EyH, GuðbH, GÞÞ, GStein, HöskÞ, JónG, KaJúl, KÞJ, KLM, MSch, OH, ÓN, REÁ, SER, SII, SkH, TÞH, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [19:03]

Unnur Brá Konráðsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að gera grein fyrir því að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menntamálanefnd skrifuðu undir nefndarálitið en gerðu fyrirvara varðandi kostnaðarmatið á frumvarpinu. Það liggur ekki fyrir og var ekki hægt að leggja fram nein gögn varðandi það hvaða áhrif þetta hefði á sjóðinn og hvaða kostnað þetta hefði í för með sér.

Að öðru leyti fögnum við þessu máli og ég kem til með að greiða því atkvæði.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjörgvS, EKG, GLG, GBS, HHj, IllG, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KLM, LRM, LMós, MT, ÓÞ, PHB, RR, RM, SDG, SIJ, SF, SJS, SVÓ, SSv, UBK, VBj, VigH, ÞBack, ÖJ.

28 þm. (ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, BJJ, BjG, BjarnB, EyH, GuðbH, GÞÞ, GStein, HöskÞ, JónG, KaJúl, KÞJ, MSch, OH, ÓN, REÁ, SER, SII, SkH, TÞH, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 291).

Embætti sérstaks saksóknara og rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, frh. 2. umr.

Stjfrv., 138. mál (efling embættisins). — Þskj. 217, nál. 277, brtt. 278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:04]

Brtt. 278,1 (ný 1. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 278,2 (3.–4. gr. falli brott) samþ. með 34 shlj. atkv.

5. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 278,3 (ný 6. gr., verður 4. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 278,4 samþ. með 41 shlj. atkv.

7. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 278,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 41 shlj. atkv.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Ríkisútvarpið ohf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 134. mál (gjalddagar útvarpsgjalds). — Þskj. 187, nál. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:08]
Brtt. í nál. 254 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til menntmn.

Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 37. mál (EES-reglur, aðild starfsmanna að ákvörðunum). — Þskj. 37, nál. 200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:09]
Brtt. í nál. 200,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 200,2–4 samþ. með 48 shlj. atkv.
3.–25. gr., svo breyttar, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Starfsmenn í hlutastörfum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 70. mál (EES-reglur, brottfall undanþágna). — Þskj. 82, nál. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:12]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Tímabundin ráðning starfsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur, ráðningarsamningar). — Þskj. 90, nál. 202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:12]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 13. mál (EES-reglur). — Þskj. 13, nál. 199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:13]
Brtt. í nál. 199 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Hlutafélög og einkahlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 15. mál (einföldun reglna við samruna og skiptingu, EES-reglur). — Þskj. 15, nál. 197, brtt. 198.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:15]
Brtt. 198,1 (ný 1.–5. gr., 6.–10. gr. falla brott) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 198,2 (ný 11. gr., verður 6. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 198,3–4 samþ. með 49 shlj. atkv.
12.–20. gr. (verða 7.–15. gr.), svo breyttar, samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

[Fundarhlé. — 19:16]

Kjararáð o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 114. mál (ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna). — Þskj. 143, nál. 235.

[20:01]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða mál sem snýr að kjararáði og gengur í örstuttu máli út á það að ákveðin störf hjá hinu opinbera, nánar tiltekið stjórnunarstörf, eru lækkuð niður í sömu laun og laun forsætisráðherra. Það hefur verið nokkur umræða um þetta og ég ætla ekki að halda langa ræðu og endurtaka það sem áður er komið fram en í örstuttu máli ber þetta mál þess merki að hér séu menn fyrst og fremst í því að reyna að afla sér pólitískra vinsælda í stað þess að taka heildstætt á málum.

Við vitum það öll, virðulegi forseti, að verkefni okkar sem erum á þinginu, löggjafarsamkundunnar, er að búa þannig um hnútana að okkur gangi sem best að komast í gegnum þær efnahagsþrengingar sem við stöndum frammi fyrir og reyna að vinna okkur eins hratt út úr þeim og mögulegt er. Eitt af því, virðulegi forseti, er að sníða sér stakk eftir vexti. Það er alveg ljóst að við þurfum að spara þegar kemur að opinberum rekstri. Um það er ekki deilt. Það er algerlega ljóst að við munum þurfa að taka á því sem snýr að launum, kaupi og kjörum hjá opinberum starfs-

mönnum. Það er auðvitað ekki einfalt verk eða til vinsælda fallið. Það er hins vegar ekkert sem bendir til þess að fara eigi í aðgerð eins og þessa og taka út nokkra forstöðumenn á vegum hins opinbera og setja þá niður á sömu laun og forsætisráðherra. Það er ekkert sem bendir til þess að það sé góð leið í þeirri vegferð.

Nú er það ekki svo, virðulegi forseti, að þessir aðilar séu heilagir og ekki megi lækka laun þeirra. Það er sjálfsagt og eðlilegt en ef menn ætla að gera þetta af einhverri skynsemi þá verða menn að setja þetta í samhengi. Hugmyndin var sú að kjararáð kæmi með almennar leikreglur ef þannig má að orði komast og legði einhverja línu í launauppbyggingu hins opinbera. Þannig var lagt af stað með í þá vegferð. Hugsunin er sú að launakerfið hjá hinu opinbera sé þannig að það taki mið af ábyrgð þeirra einstaklinga sem þar starfa og taki tillit til þess hvað viðkomandi aðilar gera og er í mörg horn að líta hvað það varðar. Við sjáum að við erum í samkeppni og það hefur verið rætt lítillega á undanförnum árum að á þessu góðæristímabili hafi laun ýmissa aðila, og vísað sérstaklega í opinberu hlutafélögin, að laun forstöðumanna þar hafi hækkað mjög. Því var kennt um að það hafi verið samkeppni um þessa aðila, hæfa stjórnendur, við einkamarkaðinn. Það er einn þátturinn. En það bara er einn af þeim þáttum sem hér er tekið tillit til. Hér er tekið til miklu fleiri þátta en bara opinberu hlutafélögin. Það er alveg rétt, virðulegi forseti, að það virðist ekki vera mikið samhengi á milli stjórnarstarfa hjá hinu opinbera og launa. Ég minntist á það áðan í andsvari að ég tel t.d. að það starf sem sé einna erfiðast í íslensku þjóðfélagi sé forstjórastaða í Landspítalanum. Það að stýra slíkri stofnun krefst mikillar hæfni og þar erum við núna og verðum vonandi alltaf í samkeppni um fólk því að hæfir stjórnendur eru vinsælir um allan heim. Það er þannig að Íslendingar stýra spítölum annars staðar í heiminum með mjög góðum árangri. T.d. stýrir Íslendingur stærsta spítala á Norðurlöndunum, Karolinska spítalanum, og gerir það með mikilli prýði. Það væri kannski fróðlegt að heyra hvernig það kom allt saman til en stundum er það þannig að enginn er spámaður í sínu föðurlandi og við höfum misst ágætisfólk til útlanda sem hefur ekki skilað sér til baka, m.a. vegna þess að það hefur ekki fengið tækifæri hér á landi.

Af hverju nefni ég þetta? Við erum í samkeppni t.d. í heilbrigðisgeiranum um sérfræðinga og í rauninni flestar heilbrigðisstéttir. Af rúmlega 30 heilbrigðisstéttum erum við í samkeppni í það minnsta við Norðurlöndin og mörg fleiri ríki um allt þetta fólk. Ef við ætlum að ná árangri, virðulegi forseti, í því að halda uppi þjónustustigi á þessum sviðum og öðrum með minni fjárhæðum þá er það alveg klippt og skorið, alveg kristaltært að þá verða menn að vera með einhver þau kjör sem eru sambærileg við það sem gerist annars staðar.

Ég fer ekki í neinar grafgötur með það að mér finnst að þegar kemur að þessu frumvarpi sé tekið á einum einstaklingi í heilbrigðisgeiranum. Ég vek aftur athygli á því að þetta er stærsti einstaki útgjaldaliður hins opinbera, 25% af ríkisútgjöldunum fara í heilbrigðismálin og þar er tekið á einum einstaklingi, einum. Sá einstaklingur eins og aðrir stjórnendur er í rauninni má segja í þeirri stöðu að geta gengið í störf annars staðar en hér á Íslandi og kom reyndar frá Noregi. Þegar þessi lög verða samþykkt verður hann með einn þriðja af þeim launum sem hann var með í sambærilegri stöðu í Noregi. Ég skoðaði þetta alveg sérstaklega því ég þekki þarna nokkuð til. Hann var á sambærilegum kjörum þegar hann kom til Íslands en eftir þessa breytingu var hann með einn þriðja ef við reiknum þetta í norskum krónum. Það eru um það bil 160 manns á Landspítalanum með hærri laun en forsætisráðherra núna og verða þá 160 manns með hærri laun en forstjórinn.

Þetta einstaka dæmi — og ég tek það sérstaklega af því að ég þekki mjög vel til — segir okkur að ekki er mikil hugsun í þessu máli. Það dugar ekki sem rök, virðulegi forseti, að segja að einhvers staðar verði að byrja. Þetta er þannig mál að menn komast ekki hjá því að fara í þetta verkefni og ef sumarþingið hefði verið nýtt eins og það hefði átt að vera þá hefðu menn verið undirbúnir með heildstæðari hugmynd um það hvernig við vildum nálgast þessa hluti. Við viljum halda uppi þjónustustigi. Til þess þurfum við hæft fólk. Við erum í samkeppni um þetta fólk og einn þáttur sem verður að vera í lagi snýr að stjórnendum. Við erum búnir að byggja allt okkar þjóðfélag og vonandi hættum við því aldrei, allt okkar þjóðfélag, menntakerfi og allt saman þannig upp að unga fólkið okkur verði samkeppnishæft um allan heim. Þannig erum við búin að byggja þetta upp. Við kennum Íslendingum tungumál á unga aldri. Við erum í mjög miklum samskiptum við aðrar þjóðir og allt er þetta gert til þess að fólk geti starfað annars staðar, stundað nám annars staðar og komið heim aftur með þekkingu sem það næði í annars staðar þannig að við getum haft besta þjóðfélag í heimi.

Það er verkefnið, virðulegi forseti, og við megum ekki gleyma okkur í því að vera í einhverjum vinsældakosningum sífellt. Þetta frumvarp er alveg skólabókardæmi um vinsældakosningar. Ég hef tekið eftir því að ákveðnir þingmenn stjórnarliðsins eru búnir að kría út fréttatíma eftir fréttatíma til að toga þetta mál og reikna út hvað margir aðilar séu á þessum launum hjá hinu opinbera og hvað þetta lækkar mikið. Þetta ber öll einkenni þess að hér er fyrst og fremst um að ræða að verið sé ná sér í vinsældastig í stjórnmálum. En skaðinn getur orðið mikill, virðulegi forseti. Ef við missum fólk á þessum sviðum hvort sem það er í menntageiranum, heilbrigðissviðinu eða annars staðar úr þeim stofnunum sem nú eiga að fara að taka mjög erfiðar ákvarðanir til að hjálpa okkur út úr þessum vanda, ef við göngum of langt í því að skerða kjörin, ef við byggjum upp kerfi þar sem er enginn hvati fyrir þá sem eru núna t.d. á góðum launum, segjum í heilbrigðiskerfinu að fara í stjórnarstöður þá erum við að skaða verulega það uppbyggingarstarf sem við erum í og ætlum að fara í. Þannig er það, virðulegi forseti, og ég hvet meiri hlutann til að hugsa þetta mál því það er enginn vafi í mínum huga og ég held að öllum sé það ljóst sem þetta mál skoða að þetta frumvarp verður ekki til að hjálpa til, enda erum við ekki, virðulegi forseti, að tala um neinar upphæðir. Það hefur verið upplýst að sparnaðurinn í A-hluta ríkissjóðs er 12 milljónir. Menn ætla að setja á hér eina stofnun, Bankasýslu ríkisins sem ætti að heita Landsbankasýsla ríkisins sökum þess að hún er bara með einn banka núna en ekki þrjá og eignaumsýslufyrirtæki. Hún á að kosta 80 millj. Þar fór sá sparnaður ef

sparnað mætti kalla.

Mats Josefsson, sérfræðingurinn á því sviði, kom og sagði að setja ætti upp bankasýslu. Hann kom á fund viðskiptanefndar og sagði að aðalatriðið væri að ekkert hefði gerst í bankamálum í níu mánuði og það þyrfti eitthvað að gera. Hann sagði að það væri stór galli við þetta frumvarp að gert væri ráð fyrir því að enginn væri á hærri launum en forsætisráðherra. Mats Josefsson taldi nauðsynlegt að fá erlenda sérfræðinga til að koma að þessum málum og hann sagði: Þið fáið enga erlenda sérfræðinga á þessum launum. Það þýðir að þið verðið, eins og hann orðaði það, 2. til 3. stigs sérfræðingar og það mun vera mjög hættulegt fyrir ykkur, sagði hann. Þetta upplýsti Mats Josefsson í þingnefndinni.

Ég er ekkert að fara út í upphæðir eins og 2.000 millj. sem við eigum að greiða í lögfræðikostnað, 10 millj. punda sem við erum að greiða í lögfræðikostnað bara til Breta. Ég man ekki hver talan var í evrum, voru það ekki 7 millj. evra fyrir Hollendinga?

Virðulegur forseti. Þetta mál ber öll einkenni þess að hér séu menn að reyna að slá einhverjar keilur í vinsældakosningum en ekki sé verið taka á málum af ábyrgð. Hér hefur verið nefnt að þetta sé táknrænt. En svo því sé til haga haldið þá var það eitt af fyrstu verkum síðustu ríkisstjórnar eða ríkisstjórnar undir forustu Sjálfstæðisflokksins þegar kreppan kom að lækka laun allra sem voru hæst launaðir hjá hinu opinbera, algerlega yfir línuna. Það átti við þessa forstöðumenn jafnt sem aðra, ráðherra og þingmenn. Ég beitti mér sjálfur fyrir því að Sjúkratryggingastofnun mundi sérstaklega skerða kjör sérfræðinga þannig að menn hafa gengið í þau verk. Nema hvað. Stendur ekkert annað til og menn hafa reynt að gera það með einhverri samfellu og ekki þannig að við séum að koma okkur í snúna stöðu.

Og af því að menn tala um táknræna hluti, þá verð ég að viðurkenna, virðulegi forseti, að það er kannski táknrænt en ekki mjög jákvætt að úr því að við höfum litið svo mikið til Noregs, okkar gömlu vinaþjóðar að við fengið norskan karlmann í Seðlabankann. Við borguðum honum um það bil 2 millj. á mánuði ef hlunnindin eru tekin til en við fengum íslenskan hjúkrunarfræðing frá Noregi til að gegna að ég tel erfiðustu stjórnunarstöðu á Íslandi, okkar stærstu umönnunarstofnun, sem er Landspítalinn, og þar göngum við fram í að lækka þau laun eins og ég nefndi áðan. Einhvern tíma hefði verið kallað að menn væru að mismuna milli kynja. Ég ætla ekki að fara í það, ég ætla mönnum ekki neitt slíkt.

Hér hv. þm. Helgi Hjörvar sem hefur oft tekið það upp hjá sjálfum sér að breyta rétt. Hann er í þeirri stöðu að vera formaður þeirrar nefndar sem um þetta mál fjallar. Ég veit það, því ég hlustaði á hv. þingmann áðan, að hann hefur skilning á þessum sjónarmiðum og skilur þetta mál. Ég vil hvetja hv. þm. Helga Hjörvar að tala um fyrir meiri hlutanum og að við hugsuðum og færum betur yfir þetta mál svo ekki sé hægt að misnota það. Það vita allir að það verður að spara og allir eru sammála því að þeir sem hafa meira finni meira fyrir sparnaðinum, þeir sem hafa hærri launin verði fyrir meiri sparnaði og við viljum vernda þá sem lægst hafa launin. Það er markmið, svo því sé algerlega til haga haldið, og ég ætla ekki hv. þingmanni sem ég vildi gjarnan að færi í andsvar við mig, ég ætla honum ekki að fara að snúa út úr. En ég vil bara hvetja hann, virðulegi forseti, hv. þm. Helga Hjörvar með mestu vinsemd að beita sér fyrir því að menn taki einn hring í þessu máli í viðbót. Ég veit að það verður samstaða milli stjórnaraðila og stjórnarandstöðu um að setjast yfir þetta mál og ná þeim markmiðum sem við erum sammála um en með því að gera þetta svona erum við ekki að stíga spor sem mun hjálpa okkur í þeirri vegferð sem við erum í. Við erum sammála um að við verðum að standa saman til að ná árangri.

[20:18]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir hans mál. Það hefur komið oft fram í ræðum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal hv. þm. Guðlaugs Þórs, að þetta mál sé mjög til vinsælda fallið og flutt til þess að slá pólitískar keilur o.s.frv. Mér leikur þess vegna hugur á að hv. þingmaður fari með okkur í gegnum það hvers vegna það sé hans mat að þetta mál, sem þykir í öðru orðinu svo lítið umfangs og að ýmsu leyti nánast ómerkilegt vegna þess hvað það sparar litla peninga — hvers vegna hv. þingmaður sé svona sannfærður um að það njóti almennra vinsælda og almenns stuðnings úti í samfélaginu. Hvort það séu tilteknar ástæður fyrir almenning til þess að hafa jákvæða afstöðu til málsins og finnast rétt að flytja það þó að á því kunni að vera ákveðnir gallar eins og hv. þingmaður hefur leitast við að halda til haga.

[20:20]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er vel þekkt í almennri umræðu um lýðræðið — það eru ekkert ofsalega margir áratugir síðan menn töluðu í fullri alvöru um hvað væri skynsamlegasta þjóðskipulagið. Winston Churchill nefndi einhvern tímann að lýðræðið væri meingallað og í rauninni gallaðasta fyrirkomulag sem menn hefðu notað til þess að stjórna ef undan væru skilin öll hin. Þá nefndu menn sérstaklega að við sem störfum að stjórnmálum gerum í flestum tilfellum ekki neitt annað, það erum við sem eigum að vera sérfræðingar á þessu sviði. Á meðan maður er í annarri stöðu, er t.d. almennur kjósandi, hefur maður ekki tíma eða orku til að standa í slíku og verður því að treysta þessum aðilum til þess að draga upp myndina rétta eins og hún er.

Nefnt hefur verið að það sé galli á slíku fyrirkomulagi að þeir aðilar, margir hverjir, reyni að draga athyglina frá aðalatriðum en draga út þætti sem eru litlir en hljóma vel til þess að afla sjálfum sér vinsælda. Enginn hefur samúð með forstöðumönnum ríkisstofnana, nema kannski forstöðumennirnir sjálfir og nánasta fjölskylda alla jafna. Það að taka þann þátt út og segja: Þessir aðilar eru með hæstu launin og við skulum bara lækka þau, það hljómar örugglega alveg ágætlega. Ég held að fæstir séu meðvitaðir um að þeir eru ekki launahæstu mennirnir innan ríkisgeirans. Ég fullyrði að enginn í þingsalnum vissi að 160 manns væru með hærri laun en forstjóri Ríkisspítalanna, ég efast um það. Ég held því að þetta hljómi allt saman bara alveg ágætlega svo að maður tali um hlutina eins og þeir eru. Það sem ég vara hins vegar við er að það er ekki nóg.

[20:22]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir skýr svör. Þetta hljómar allt saman ágætlega. Ég held að það sé sannarlega þannig og það sé líka ýmislegt óhóf í ríkisrekstrinum, m.a. í launum einstakra ríkisforstjóra, sem hafi kallað fram ákveðnar kröfur hjá almenningi um að á því verði tekið í framhaldi af hruninu.

Ég vil hins vegar vegna orða hv. þingmanns taka fram að ég mun taka málið inn í nefnd á milli 2. og 3. umr., bæði vegna athugasemda sem hér komu fram frá hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni, vegna fyrirvara frá öðrum einstökum þingmönnum og vegna ábendinga frá hv. þingmanni, og taka á því einn aukahring áður en það kemur hér inn til 3. umr. Ég get út af fyrir sig deilt þeirri skoðun með hv. þingmanni að forstjóri Ríkisspítalanna fæst náttúrlega við eitthvert alerfiðasta stjórnunarstarf sem hægt er að fást við í íslensku samfélagi.

[20:23]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir hans andsvar og ég er mjög ánægður að heyra að hann ætli að taka málið inn í nefnd. Ég hvet hann til þess og veit, af því að hann hefur sagt það hér, að hann mun fara vel yfir það mál.

Nokkur umræða hefur verið um einstaka forstjóra, og ég held að hægt sé að segja eins og er, sérstaklega opinberra hlutafélaga. Ég held að menn hafi ekki alveg hugsað þá hugsun til enda. Í það minnsta er ég ekki viss um að menn hafi séð fyrir sér hvernig opinberu hlutafélögin mundu þróast. Það var örugglega ekki lagt í þá vegferð eins og raunin hefur verið — eða það er í það minnsta mín skoðun að það megi skoða það mjög vel.

Kjör eru þó meira en laun og menn hafa vísað á ýmis önnur hlunnindi, bílakjör og aðra slíka hluti. Ég hef alltaf litið svo á og ég veit að það var markmiðið með kjararáði að hafa einhverja samfellu. Það á náttúrlega alls staðar við en þó sérstaklega hjá hinu opinbera. Menn eiga að hafa prinsipp sem ganga í gegnum allt kerfið. Þá verða menn að líta til fleiri þátta en nokkurra tuga forstöðumanna. Menn þurfa að líta á þá aðila sem þarna vinna og í mínum huga skiptir engu máli hvað ríkisfyrirtæki heitir. Það skiptir hins vegar miklu máli að það sé réttlæti og samfella í þessu. Ég held að allir séu sammála um það.

Þetta einstaka frumvarp nálgast hins vegar málin ekki með þeim hætti, alls ekki. Þess vegna er ég mjög ánægður að heyra að hv. þm. Helgi Hjörvar ætli að taka þetta inn og ég treysti því að það verði farið almennilega yfir þetta (Forseti hringir.) þannig að út komi mál sem allir geti verið sáttir með.

[20:25]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Við sem erum áhugamenn um það hvernig ríkisstjórninni gengur að framfylgja málum sínum fylgjumst dálítið með því þegar ríkisstjórnin tilkynnir með reglubundnum hætti um afrek sín og hvernig mönnum miðar þar á bæ við að koma áfram málum sem sett voru inn í svokallaða 100 daga áætlun. Í nýjustu útskrift af afrekaskrá ríkisstjórnarinnar í þeim efnum er sagt frá í lið nr. 16 að þeim lið hafi verið hrundið í framkvæmd með þeim hætti að gripið hafi verið til viðeigandi aðgerða til að lækka hæstu laun hjá ríkinu og félögum á þess vegum með það að leiðarljósi að enginn verði með hærri laun en forsætisráðherra. Þetta voru upphaflegu markmiðin sem sett voru í 100 daga áætlunina. Þegar farið er yfir þau þingmál sem gætu hugsanlega átt við þennan efnislið blasir við að hér er greinilega verið að vísa til þess frumvarps sem er nú til umfjöllunar, þ.e. frumvarps til laga um breytingu á lögum um kjararáð og fleiri lögum.

Þetta frumvarp svarar alls ekki til þeirrar stórkarlalegu lýsingar sem getur að líta í 100 daga áætlun ríkisstjórnarinnar og enn síður er hægt að segja að í afrekaskrá ríkisstjórnarinnar sé farið satt og rétt með því að þetta frumvarp sem við ræðum hér tekur ekki nema til hluta þeirra starfsmanna sem hafa hærri laun en forsætisráðherrann í landinu. Engu að síður hljótum við að ræða þessa hugmynd eins og hún var sett fram og í ljósi þess að ríkisstjórnin er greinilega ekki fallin frá þeim áformum sínum að glíma við að lækka hæstu laun hjá ríkinu til samræmis við þau sem forsætisráðherrann hefur.

Þetta frumvarp gengur fyrst og fremst út á að útvíkka hlutverk kjararáðs og láta það úrskurða um fleiri aðila en það hefur gert. Síðan er því sett fyrir í 2. gr. frumvarpsins með þeim hætti að það skuli gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu annarra en forseta Íslands verði ekki hærri en laun forsætisráðherra. Þetta er kjarni málsins. Annars vegar útvíkkað hlutverk kjararáðs og hins vegar sá ásetningur, sú stefnumörkun, að þeir tilgreindu aðilar sem þarna eru nefndir til sögunnar fái ekki hærri laun fyrir sína dagvinnu en hæstv. forsætisráðherra hefur.

Hér var rætt um hvort frumvarp af þessu taginu væri til vinsælda fallið eða ekki. Ég er sammála hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, og raunar fleirum sem hér hafa talað, um að auðvitað er þetta frumvarp líklegt til vinsælda. Það er að sönnu rétt sem hefur komið fram að þetta frumvarp hefur ekki mikil áhrif á heildarlaunasummu ríkisins. Mér telst svo til að hér geti verið um að ræða lækkun á heildarlaunakostnaði ríkisins um u.þ.b. 50 millj. kr. Auðvitað er þetta táknræn aðgerð og hún hefur skírskotun til þess ástands sem hér ríkir. Við höfum orðið fyrir gríðarlega miklu efnahagslegu áfalli sem ekki þarf að orðlengja um. Mjög margar starfsstéttir hafa orðið að sætta sig við lækkandi launakjör. Við sjáum að launaþróunin hefur almennt verið þannig í landinu að kaupmáttur hefur rýrnað og hann mun rýrna á þessu ári. Það er í raun og veru viðurkennt í stöðugleikasáttmálanum sem gerður var og tilkynntur fyrir ekki löngu síðan. Síðan hefur tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði að til þess að reyna að afstýra atvinnuleysi hafa launþegar og vinnuveitendur komist að samkomulagi um að lækka launakjör önnur en samningsbundin laun til þess að draga úr launakostnaði.

Það er því ljóst að tillaga af þessu tagi sem kemur fram í frumvarpsformi á sér þessa forsögu og hefur þennan jarðveg og í sjálfu sér er ekkert við það að athuga að reynt sé að lækka laun þeirra sem hærri launin hafa í þjóðfélaginu við þær aðstæður sem við búum við núna. Hins vegar er ástæða

til að vekja athygli á því, eins og ég nefndi áðan, að þetta er væntanlega hluti af áformum ríkisstjórnarinnar. Ég hef ekki skilið það svo að ríkisstjórnin sé fallin frá því sem kemur fram í aðgerðaáætlun hennar og er síðan áréttað í þeim lista yfir árangur sem ríkisstjórnin birtir með reglubundnum hætti, þ.e. að gripið skuli til aðgerða sem tryggi að enginn verði með hærri laun en forsætisráðherra. Ekki er aðeins um að ræða þessa hópa sem hér eru til umfjöllunar heldur aðra hópa jafnframt og við hljótum að líta svo á að þetta sé einungis áfangi á þeirri leið.

Fyrir ekki löngu síðan kom fram á Alþingi svar hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Skúla Helgasonar um hálaunastörf á vegum ríkisins. Ég hef saknað þess dálítið að þetta svar hafi fengið þá athygli sem mér finnst það sannarlega verðskulda vegna þess að það er í raun og veru mjög lýsandi fyrir þessa stöðu og sýnir okkur um hvaða hóp verið er að tala þegar rætt er um að lækka laun starfsmanna ríkisins niður í laun hæstv. forsætisráðherra. Í svari hæstv. fjármálaráðherra kemur fram að af þeim 20.762 starfsmönnum sem fengu greidd dagvinnulaun í mars 2009 uppfylltu 402 starfsmenn þau skilyrði að vera með hærri heildarlaun en forsætisráðherra. 402 starfsmenn. Þessi hópur er síðan sundurliðaður allnákvæmlega og þá kemur í ljós að þrír fjórðu, 75% þeirra sem hér er um að ræða, eru einstaklingar sem starfa innan vébanda Læknafélags Íslands. Þeir eru með öðrum orðum læknar. 301 af þessum 402, sem eru með laun hærri en hæstv. forsætisráðherra, eru læknar. 34 þeirra eru í Skurðlæknafélagi Íslands og 13 eru í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Þegar við leggjum þessar tölur saman og skoðum hana sérstaklega blasir við að heilbrigðisstarfsmenn í þessum hópi eru 348, þ.e. lunginn af þessum 400 manna hópi sem hefur hærri laun en hæstv. forsætisráðherra.

Annar hópur er einnig tilgreindur þarna, þ.e. Félag prófessora við ríkisháskóla, en þeir eru tólf. Innan Kennarasambands Íslands eru tíu með hærri laun en hæstv. forsætisráðherra og innan Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga hjá ríkinu eru þeir sex. Síðan eru allmörg önnur stéttarfélög talin upp þar sem færri en fimm eru með hærri laun en hæstv. forsætisráðherra en ég ætla ekki að rekja þá tölu. Þetta er sem sagt viðfangsefnið sem enn er óleyst. Það er þó greinilega ásetningur hæstv. ríkisstjórnar að glíma við það og í raun og veru er þannig komin yfirlýsing, staðfesting ríkisstjórnarinnar sem ég vísaði til á því að unnið yrði að þessum málum.

Einnig er rakið í svari hæstv. fjármálaráðherra hvernig þessi laun skiptast, dagvinnulaun, yfirvinnulaun og önnur laun. Þá kemur í ljós þegar heildarlaunin eru skoðuð, sem eru yfir launum hæstv. forsætisráðherra eða yfir 935 þús. kr. á mánuði, að þetta eru laun sem að meðaltali eru tæplega 1.200 þús. kr. 54% af launanum eru dagvinnulaun, 11% yfirvinnulaun og 34,6% önnur laun. Niðurstaða útreiknings fjármálaráðherra og ráðuneytisins er að til að ná fyrrgreindu markmiði og færa laun þessa hóps, þessara 402 einstaklinga sem um er að ræða, þyrfti að lækka heildarlaun hópsins um fimmtung. Það yrði að framkvæma 20% almenna launalækkun yfir línuna til að ná launakjörum þessa hóps niður í þau sem hæstv. forsætisráðherra hefur.

Hins vegar er líka vakin athygli á því að þessi leið er ófær. Niðurstaða hæstv. fjármálaráðherra er sú að sé ekki hægt að hreyfa við dagvinnuhluta launanna með einhliða aðgerðum og þá skulum við hafa í huga að af þessari launasummu er rúmlega helmingurinn dagvinnulaun. Lækkunin þyrfti að koma á aðra launaútgjaldaflokka, þ.e. yfirvinnulaun og önnur laun. Niðurstaða hæstv. fjármálaráðherra er að ef menn ætla að reyna að ná þessum árangri, þessu markmiði ríkisstjórnarinnar frá því í vor, þyrfti að lækka aðra launaliði en dagvinnulaun um 44%. Þetta eru staðreyndir málsins, hinar tölulegu staðreyndir sem við okkur blasa og menn þurfa ekki að deila um þær nema menn vilji vefengja tölur hæstv. fjármálaráðherra. Ég hef ekki lagt niður forsendurnar en gef mér að þetta séu réttar tölur og hef enga ástæðu til að draga þær í efa. Hæstv. fjármálaráðherra hefur auðvitað allar forsendur til að reikna þetta út eða láta reikna þetta út fyrir sig. Það sem mér fannst hins vegar athyglisverðast þegar ég las þetta svar á sínum tíma var mat hæstv. fjármálaráðherra á afleiðingum þess ef gripið yrði til þeirra viðeigandi aðgerða sem hæstv. ríkisstjórn boðaði til að lækka hæstu laun niður í laun hæstv. forsætisráðherra. Hverjar yrðu afleiðingarnar? Þær eru dregnar saman í knöppum embættismannastíl og ekki er skafið utan af hlutunum. Þar er dregin upp mynd sem hver meðalstjórnarandstæðingur sem dregur fram afleiðingar af gjörðum ríkisstjórnar gæti verið stoltur af. Ég ætla aðeins að tíunda þessi atriði sem hæstv. fjármálaráðherra gerir að umtalsefni í svari sínu.

Hann segir að ef farið yrði að ráðum ríkisstjórnarinnar og gripið til viðeigandi aðgerða til að lækka öll laun þannig að enginn væri hærra launaður en hæstv. forsætisráðherra mundi það í fyrsta lagi leiða til skertrar þjónustu. Það mundi leiða til breytinga á vinnufyrirkomulagi hjá þeim starfsstéttum sem um ræddi, þ.e. hjá læknum, hjúkrunarfræðingum, prófessorum, kennurum, viðskiptafræðingum o.s.frv. Það yrðu líka augljóslega færri staðar- og gæsluvaktir á sjúkrahúsum. Heilbrigðisstarfsmenn yrðu fyrst og fremst fyrir barðinu, ef ég má orða það svo, á þessari hugmynd. Það yrðu unnin færri gjaldskrárverk innan heilsugæslunnar og þetta mundi leiða til breytts fyrirkomulags og samdráttar í vaktavinnu jafnframt því að kennsla í framhaldsskólum og háskólum mundi minnka. Þetta eru afleiðingarnar.

Virðulegi forseti. Þegar maður les þessa svörtu skýrslu hæstv. fjármálaráðherra um afleiðingar þess að áformum ríkisstjórnarinnar verði fylgt eftir, sem raunar var sagt að búið væri að hrinda í framkvæmd sem er þó kannski ekki öll sagan, vil ég leyfa mér að efast um að hæstv. ríkisstjórn muni þrátt fyrir mikinn kjark og vilja ganga eins langt og hún hefur gefið fyrirheit um. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er auðvitað ákveðin niðurstaða og þrátt fyrir áform hæstv. ríkisstjórnar og að ég hafi sagt fyrr í ræðu minni að ég liti svo á að hún væri í miðju kafi ætla ég að leyfa mér að draga í efa að hæstv. ríkisstjórn muni halda áfram þessari vegferð sem leiðir til skertrar þjónustu, breyttrar vaktavinnu hjá þeim starfsstéttum sem ég nefndi, minni kennslu í framhaldsskólum og háskólum o.s.frv.

Ég vildi draga þetta fram vegna þess að þótt menn fái góðar hugmyndir sem við fyrstu sýn virðast réttlátar og eðlilegar í því umhverfi sem þær eru settar fram eru auðvit-

að ákveðnir vankantar eða erfiðleikar til staðar þegar menn standa frammi fyrir raunveruleikanum. Ég ætla að öðru leyti ekki að fjölyrða sérstaklega um þetta frumvarp til laga sem hér liggur fyrir, það hefur verið farið allítarlega yfir það mál. Ég vildi hins vegar aðallega setja þetta mál í það samhengi sem því ber vegna þess að þetta frumvarp er svar við fyrirheitum ríkisstjórnarinnar um að jafna kjörin í þjóðfélaginu, líka innan vébanda ríkisins. Þá er nærtækast, vilji menn gera það, að horfa til þeirra launa sem hæst eru og viðmiðið var laun hæstv. forsætisráðherra.

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að ætlun formanns nefndarinnar er að taka þetta mál inn til nefndarinnar að nýju á milli 2. og 3. umr. Ég geri ekki ráð fyrir því að þau mál sem ég gerði síðast að umræðuefni, þ.e. áhrifin af því ef menn fylgja eftir hugmyndafræðinni gagnvart öllum þeim hópum sem hafa hærri laun en hæstv. forsætisráðherra, verði verkefni nefndarinnar að velta því fyrir sér, a.m.k. að sinni, heldur takist hún frekar á við þetta frumvarp og ramma þess sem fyrir liggur. Óneitanlega hefur þó komið fram að ýmsir skavankar koma upp þegar svona mál er til umfjöllunar og þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt að málið komi til frekari skoðunar í nefnd á milli umræðna.

[20:41]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta umræðu og hún mun nýtast okkur við frekari umfjöllun um málið. Ég vil þó vegna orða sem fallið hafa um að þetta sé vinstrimannamál halda því aftur til haga að málið á rót sína að rekja til umræðna sem fóru fram í þessum sal m.a. í nóvember sl. milli þess sem hér stendur og þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, Árna Mathiesens, sem leiddi á þeim tíma Sjálfstæðisflokkinn í Suðurkjördæmi. Ég held þess vegna að þessar hugmyndir eigi í sjálfu sér fylgi að fagna í öllum flokkum sem starfa hér á þinginu.

Vegna þeirra athugasemda sem komu fram m.a. hjá hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur vil ég taka fram að það sem lýtur að dómurum og nefnt er í nefndarálitinu er ekki í raun og veru raunhæft vegna þess einfaldlega að málið skerðir ekki laun hjá neinum dómurum. En í sjálfu sér er ekki gert ráð fyrir öðru en málefnalegri umfjöllun um þau mál og farvegi.

Hvað varðar stjórnendur í einstaka eftirlitsstofnunum getur eftirlitsstarfsemin í landinu að sjálfsögðu ekki verið einhvers konar fríríki eða launakjör æðstu yfirmanna þar verið sérstök og ólík því sem annars staðar gerist í samfélaginu af því að þetta eru eftirlitsstofnanir. Það sem máli skiptir er að þetta sé í faglegum farvegi og á málefnalegum forsendum og um það sé traust umgjörð. Við teljum að svo sé í umfjöllun kjararáðs.

Vegna orða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar um umfang málsins er út af fyrir sig rétt að málið kemur við tiltölulega lítinn hóp og ég held að, kannski fyrir utan forstjóra Landspítalans, það séu ekki miklar efasemdir í röðum þingmanna um að það sé hægt að lækka þau laun sem hér um ræðir með þeim hætti sem lagt er til enda hafi þau þróast umfram það sem eðlilegt má teljast á uppgangstímanum sem hér var. Þegar allur almenningur tekur á sig verulegar launalækkanir er auðvitað eðlilegt að hæst launaða fólkið í kerfinu þurfi líka að gera það.

Vegna tilvísana til þess hversu mikill fjöldi lækna er í þeim hópi sem fara yfir þessi laun og kom fram í ágætri ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar þá er það út af fyrir sig alveg rétt. Hv. þingmaður veit þó líka að nú hefur verið sett niður áætlun í ríkisfjármálum til nokkurra ára sem kallar á gríðarlegar aðhaldsaðgerðir alls staðar í ríkiskerfinu, gríðarlega mikinn sparnað. Ég hygg að menn geti sagt sér það sjálfir að hluti af þeim niðurskurði verður að taka niður yfirvinnu og vaktafyrirkomulag ýmiss konar, bakvaktir og annað þess háttar í stærstu rekstrarþáttum ríkisins. Það mun nánast sjálfkrafa leiða til umtalsverðrar fækkunar í þessum hópi þó að auðvitað kunni eftir sem áður að vera einhver hópur mikilvægra og stundum beinlínis lífsnauðsynlegra sérfræðinga fyrir okkar samfélag sem nýtur hærri launa en forsætisráðherra. Í þessu máli er þó auðvitað fyrst og fremst verið að leggja áherslu á að stjórnendurnir í kerfinu séu ekki á launum langt yfir því sem forsætisráðherra hefur og ég treysti því að við lokaafgreiðslu málsins geti verið nokkurt sammæli um það eðlilega sjónarmið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eiturefni og hættuleg efni, 2. umr.

Stjfrv., 3. mál (flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur). — Þskj. 3, nál. 218, brtt. 219.

[20:46]

Frsm. umhvn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 842/2006 um tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir. Meginmarkmið reglugerðarinnar er að takmarka losun þessara lofttegunda út í andrúmsloftið. Í frumvarpinu er lagt til að mælt verði fyrir um skyldur rekstraraðila hvað varðar geymslu og endurnýtingu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda og um merkingu á vörum og búnaði sem inniheldur þær. Þá er lagt til að gerð verði krafa um tiltekna menntun þeirra starfsmanna sem annast uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu við kerfi og búnað sem inniheldur flúoreraðar lofttegundir. Að auki verði gerð krafa um vottun starfsmanna og rekstrar- og þjónustuaðila fasts búnaðar og kerfa sem innihalda þessar lofttegundir. Gert er ráð fyrir því að ný námskrá verði sett um nám sem veiti réttindi til að starfa við kerfi og búnað sem inniheldur lofttegundirnar og að námið verði fjögur ár, þar af eitt í starfsnámi. Þeir sem nú þegar hafa menntun á þessu sviði geta þó samkvæmt frumvarpinu fengið vottun á því námi og þeim sem starfa á sviðinu en hafa aðra menntun verður boðið að sækja styttri námskeið til að uppfylla kröfur vottunar.

Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að skilgreiningu á rekstraraðila væri ábótavant þar sem skilja mætti hana þannig að um væri að ræða starfsmenn þess aðila sem stjórnar tæknilegri virkni búnaðar. Tók

nefndin undir þessi sjónarmið og gerir tillögu til breytinga í samræmi við það.

Því var einnig beint til nefndarinnar að orðið fjölflúorkolefni væri ekki það sama og PFC vegna efnasamsetningarinnar. Nefndin leitaði upplýsinga hjá sérfræðingum um þetta mál og varð niðurstaðan sú að í lagi væri að tala um perflúorkolefni eða fjölflúorkolefni.

Nefndin leggur til þá breytingu að við frumvarpið bætist ákvæði sem aflétti stjórnskipulegum fyrirvara af reglugerðinni sem frumvarpinu er ætlað að innleiða. Í skýrslu utanríkismálanefndar Alþingis frá 8. október 2008 segir að frá árinu 2000 hafi verið gert ráð fyrir að sá háttur yrði hafður á að utanríkisráðherra legði tillögu til þingsályktunar fyrir Alþingi vegna EES-gerða sem kölluðu á lagabreytingar. Þær breytingar yrðu síðan lagðar fram í formi frumvarps af fagráðherra samhliða því sem EES-þingsályktunartillaga yrði lögð fyrir þingið eða í framhaldi af samþykkt hennar. Eitthvað hefur þó borið á því að lagt sé til að stjórnskipulegum fyrirvara sé aflétt með frumvarpsákvæði en slíkt verður til þess að þingið fær ekki gerðina sjálfa birta í þingskjali. Þó svo að nefndin leggi hér til þá breytingu að stjórnskipulegum fyrirvara sé aflétt með frumvarpsgrein áréttar hún mikilvægi þess að samræma framkvæmd þess hvernig ríkisstjórninni er veitt heimild til að staðfesta ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og aflétta þannig stjórnskipulegum fyrirvara af EES-gerðum sem kalla á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og eru í sérstöku þingskjali þar um.

Vigdís Hauksdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Birgitta Jónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit rita sú sem hér stendur og hv. þingmenn Atli Gíslason, Valgerður Bjarnadóttir og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, og með fyrirvara Birgir Ármannsson og Kristján Þór Júlíusson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðhöndlun úrgangs, 2. umr.

Stjfrv., 4. mál (flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur). — Þskj. 4, nál. 220, brtt. 221.

[20:51]

Frsm. umhvn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1013/2006/EB um flutning úrgangs. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs sem ætlað er að koma í veg fyrir ólöglegan flutning á úrgangi auk þess að stuðla að aukinni umhverfisvernd og öruggri meðhöndlun og eyðingu spilliefna og annars hættulegs úrgangs. Með frumvarpinu er m.a. lagt til að bannað verði að flytja tiltekinn úrgang milli tiltekinna landa til förgunar og endurnýtingar. Lagt er til að Umhverfisstofnun fái gjaldtökuheimild vegna umsýslu við tilkynningar og eftirlit, lagastoð fyrir tilkynningarskyldu verði styrkt og reglur um upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar verði hertar og útfærðar.

Meginmarkmið reglugerðarinnar er að vernda umhverfið og tryggja að úrgangur sé meðhöndlaður á réttan hátt. Í því skyni leggur hún þá skyldu á aðildarríki að samræma reglur um flutning úrgangs og er frumvarpinu ætlað að veita lagastoð fyrir innleiðingu reglugerðarinnar í heild. Verður það gert með reglugerð þar sem EB-reglugerðin er þýdd og tekin upp í heild sinni.

Nefndin ræddi nokkuð þær reglugerðarheimildir sem kveðið er á um enda er gert ráð fyrir að þó nokkrar upplýsingar séu einungis í reglugerð. Til að mynda er í b-lið 3. gr. frumvarpsins kveðið á um að bannað sé að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa. Í ákvæðinu er þó ekki tiltekið um hvaða lönd og úrgang er að ræða enda gert ráð fyrir að þessi atriði verði tilgreind í reglugerð. Í raun inni má segja sem svo að reglugerðin sé nauðsynleg til þess að hægt sé að skilja þær breytingar og þau lög sem hér eru á ferðinni. Nefndin áréttar að lagatexti skuli vera skýr en telur þó jafnframt að það skilyrði sé uppfyllt hér enda er gert ráð fyrir að reglugerð verði lögunum til fyllingar líkt og á við um gildandi lög. Þá áréttar nefndin að í viðauka við EB-reglugerðina sé tæmandi upptalning á úrgangstegundum og löndum. Breytingar á efni viðaukans verður þá gerð með breytingu á reglugerð þeirri sem er lögunum til fyllingar.

Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að eðlilegt væri að ákvarðanir Umhverfisstofnunar um hvort um vöru eða úrgang væri að ræða væru kæranlegar en þær munu skv. 3. mgr. b-liðar 3. gr. frumvarpsins ekki sæta endurskoðun æðra stjórnvalds. Nefndin áréttar þá meginreglu stjórnsýsluréttar að ákvarðanir stjórnvalda séu kæranlegar og leggur því til breytingar á þessu. Nefndin telur þó veigamikil rök lúta að því að ákvarðanir Umhverfisstofnunar fái gildi meðan kæra er til meðferðar enda eru þær grundvöllur þess að hægt sé að grípa til nauðsynlegra ráðstafana og stöðva farm. Nefndin leggur því til að kæra á ákvörðun stofnunarinnar fresti ekki réttaráhrifum hennar.

Þá voru nefndinni kynnt þau sjónarmið að þar sem Umhverfisstofnun er tilgreindur eftirlitsaðili með úrgangi skv. d-lið 3. gr. frumvarpsins gæti eftirlit stofnunarinnar skarast við eftirlit heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna sem taka á móti úrgangi og undirbúa hann til flutnings. Nefndin fékk þær upplýsingar frá ráðuneyti og Umhverfisstofnun að eftirlitið sem mælt er fyrir um í frumvarpinu falli vel að þeim verkefnum sem stofnunin sinnir nú þegar og að það væri ekki sambærilegt því eftirliti sem sinnt er hjá sveitarfélögunum. Því telur nefndin skýrt að ekki verði um skörun að ræða og áréttar jafnframt að nánar verði kveðið á um eftirlit og sýnatöku í reglugerð.

Nefndinni voru jafnframt kynnt þau sjónarmið að skýring hugtaksins „framleiðandi úrgangs“ væri of rúm þar sem tiltekið er að um sé að ræða aðila sem veldur því að úrgangur myndast. Nefndin áréttar að þótt orðskýringin sé almenn sé gildissvið laganna afmarkað við meðhöndlun úrgangs. Það hugtak er svo nánar skilgreint í lögunum og telur nefndin því um skýrt afmarkaða merkingu að ræða.

Kveðið er á um greiðslu kostnaðar vegna ólöglegs flutn-

ings og við að taka úrgang til baka í g-lið og h-lið 3. gr. Ekki virðist þó skilgreint nægilega hver sé tilkynnandi og telur nefndin hættu á misskilningi hvað þetta varðar. Nefndin áréttar að ákvæði sem þessi skuli vera skýr og leggur því til að bætt verði við frumvarpið skilgreiningu á tilkynnanda í samræmi við 2. gr. reglugerðarinnar.

Einnig voru gerðar athugasemdir við kostnaðarmat frumvarpsins þar sem miðað er við að 20–30 farmar úrgangs séu fluttir úr landi á ári. Umsagnaraðili benti réttilega á að farmafjöldinn væri órökstuddur og ekki réttur. Nefndin fékk þær upplýsingar að fjárhæðir kostnaðarmatsins væru réttar en hins vegar væri villa í texta þess. Þannig miðar það við að á ári séu gerðar 20–30 tilkynningar og fékkst sá fjöldi staðfestur hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin benti jafnframt á að fjöldi farma væri hins vegar meiri enda getur hver tilkynning gilt um fleiri en einn farm sé úrgangur í honum af sömu tegund.

Nefndin leggur til þá breytingu að við frumvarpið bætist ákvæði sem aflétti stjórnskipulegum fyrirvara af reglugerðinni sem frumvarpinu er ætlað að innleiða í samræmi við niðurstöðu skýrslu utanríkismálanefndar Alþingis frá 8. október 2008.

Að lokum leggur nefndin til breytingar til leiðréttingar á texta og vísunum milli greina.

Umhverfisnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Vigdís Hauksdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Birgitta Jónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit skrifa auk þeirrar sem hér stendur hv. þingmenn Atli Gíslason, Birgir Ármannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Kristján Þór Júlíusson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 156. mál (innheimta efnisgjalds). — Þskj. 274.

[20:57]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla.

Í frumvarpinu er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem gerir ráð fyrir því að fram til vors 2012 verði framhaldsskólum heimilt að halda áfram að innheimta af nemendum sem njóta verklegrar kennslu efnisgjald fyrir það efni sem skólinn lætur þeim í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Þetta frumvarp snýst í stuttu máli um að ákvæði 2. mgr. 7. gr. eldri laga um framhaldsskóla um innheimtu og fjárhæð efnisgjalda gildi óbreytt næstu þrjú skólaár. Samkvæmt því er miðað við að hámark gjaldsins verði 50 þús. kr. á skólaári eða 25 þús. kr. á önn.

Ákvæði gildandi laga um framhaldsskóla tóku gildi 1. ágúst 2008. Á því tímamarki var innritun fyrir skólaárið 2008–2009 almennt lokið og efnisgjöld voru þá ákveðin samkvæmt eldri lögum. Fyrirmæli b-liðar 1. mgr. 45 gr. laganna sem koma til framkvæmda á komandi skólaári veita heimild til innheimtu efnisgjalds er miðast við efni sem skóli lætur nemanda í té og hann hefur sérstök not af. Hér er um mun takmarkaðri heimild að ræða til innheimtu efnisgjalda en samkvæmt eldri lögum. Sé miðað við innheimtu efnisgjalda verknámsskóla á árinu 2008 má búast við að fjárframlög til framhaldsskóla eða tekjur þeirra af þessum gjöldum dragist saman um 200 millj. kr. en gert hafði verið ráð fyrir að þessari breytingu yrði mætt með hækkun framlaga úr ríkissjóði.

Ástæða þess að þetta frumvarp liggur hér fyrir er auðvitað ekki gleðileg en það er staða ríkisfjármála um þessar mundir. Í þeim niðurskurðartillögum sem nú liggja fyrir á málefnasviði menntamálaráðuneytis hefur verið leitast við að skerða sem minnst þjónustu framhaldsskólans. Eigi að síður hefur verið gert ráð fyrir um 5,5% niðurskurði sem þýðir um 850 millj. kr. lækkun á framlögum til reksturs framhaldsskóla.

Í þessum tillögum, sem auðvitað verða hér til umræðu síðar, hefur verið leitast við að standa sem mest vörð um kjarnaþjónustu og skera fremur af viðbótarþjónustu. Hins vegar mundi 200 millj. kr. kostnaður til viðbótar þýða kröfu um viðbótarniðurskurð hjá framhaldsskólum um 1%. Til að mæta slíkum kröfum yrði óhjákvæmilegt að skerða þjónustu framhaldsskóla, einkum hjá þeim skólum sem bjóða upp á verknám. Það er við þessar aðstæður sem þetta frumvarp er lagt fram. Í því felst, eins og ég kom að áðan, að ákvæði 2. mgr. 7. gr. eldri laga um heimildir framhaldsskóla til innheimtu efnisgjalda og hámark þeirra gilda þá óbreytt út skólaárið 2011–2012. Ég legg ríka áherslu á að hér er um að ræða tímabundna ráðstöfun til að mæta erfiðleikum í ríkisfjármálum. Ég vil líka minna á að þegar ný framhaldsskólalög voru samþykkt voru fulltrúar allra stjórnmálaflokka sammála um að þessi gjöld skyldu niður felld og fögnuðu þeirri ráðstöfun. Við lítum hins vegar svo á að þetta sé þá sársaukaminni aðgerð en að ráðast í 200 milljóna niðurskurð og minni einnig á að hér er ekki um nýja innheimtu að ræða heldur óbreytta innheimtu og ekki hækkun á gjaldinu.

Ég mun ekki hafa frekari orð í þessari framsögu en legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni 1. umr.

[21:01]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra skýra framsögn um þetta mál og kem upp til að taka undir það. Ég býst við að framhaldsskólarnir, sem hefðu að óbreyttu átt að taka þetta gjald á sig, séu ánægðir með að heimild sé sett inn aftur í lögin til að innheimta gjald af nemendum, en það er nægilegur niðurskurður fram undan í skólunum.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um tvennt. Annars vegar um af hverju þessi þrjú ár séu látin duga, hvort talið sé að enginn frekari niðurskurður á skólahaldi verði að þeim loknum, að við verðum búin að koma okkur fyrir vind í efnahagsmálum að þremur árum liðnum eða hvort hugmyndin sé að framlengja þetta síðar meir.

En þá hins vegar um annan kostnað sem hlýst af reglugerðum sem settar verða í kjölfar nýrra laga um framhalds-

skóla, sem eru kostnaðaraukandi frá því sem við höfum þekkt. Hvort eitthvað hafi verið rætt um hreinlega að fresta þeim reglum öllum um þennan sama óákveðna tíma vegna óljósrar stöðu í efnahagsmálum.

[21:03]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni þessar athugasemdir. Forsendurnar sem unnið er út frá í niðurskurði miðast við að næstu þrjú ár verði erfið og svo horfi vonandi til betri tíma. Það var ástæða þess að við settum þetta á þrjú ár, ekki síst af því að okkur, eða a.m.k. mér, þykir þetta óskemmtileg aðgerð og við vonumst til þess að hægt verði að standa við þennan hluta laganna að þremur árum liðnum. Lögunum er að hluta til ætlað að styrkja verknám, ég held að allur þingheimur hafi verið sammála um að það væri mjög mikilvæg breyting, og við vonumst til að kleift verði að uppfylla þessi ákvæði að þremur árum liðnum.

Hvað varðar innleiðingu laganna almennt, þá höfum við skoðað það og ég held að við sjáum fram á að það muni hægjast eitthvað á innleiðingunni. Verulegur þróunarkostnaður fylgir því að innleiða ný lög og í framhaldsskólum er gert ráð fyrir miklum breytingum. Við höfum hins vegar ekki viljað stoppa þróunina og teljum að þar fari fram mjög áhugavert starf. Núna í haust fara a.m.k. tveir tilraunaskólar af stað með innleiðingu nýrra laga en við höfum viljað nýta færið og læra af starfi þeirra. Við reynum að nýta þá fjármuni sem við þó eigum til innleiðingar laganna með sem skynsamlegustum hætti og læra af þeim skólum sem fara áfram en fyrir liggur að við getum séð fram á eitthvað hægari þróun en ætlunin var.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og menntmn.

[21:05]

Útbýting:

Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 37. mál, þskj. 294.

Almenn hegningarlög, 161. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 286.

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, 13. mál, þskj. 295.

Embætti sérstaks saksóknara og meðferð sakamála, 138. mál, þskj. 292.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 15. mál, þskj. 296.

Ríkisútvarpið ohf., 134. mál, þskj. 293; frhnál. menntmn., þskj. 297.

Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 160. mál (upplýsingar um fjárframlög 2002–2006). — Þskj. 281.

[21:06]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, og um upplýsingaskyldu þeirra.

Fyrir síðustu alþingiskosningar átti sér stað mikil umræða um styrkveitingar til stjórnmálaflokkanna og frambjóðenda þeirra á árunum áður en lög um fjármál stjórnmálasamtaka tóku gildi, hinn 1. janúar 2007. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í þeim lögum ber forsætisráðherra eigi síðar en 30. júní 2010 að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi til að endurskoða lögin og framkvæmd þeirra. Það er mat mitt að rétt sé að flýta þessari endurskoðun í ljósi þeirrar umræðu sem skapaðist og vegna ábendingar nefndar Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu, GRECO-nefndarinnar svokölluðu.

Í skýrslu nefndarinnar frá því apríl 2008 kemur fram að íslenska ríkinu beri að upplýsa GRECO fyrir lok október nk. um viðbrögð við ábendingum nefndarinnar. Ég ákvað því að skipa nefnd til að endurskoða lögin skömmu eftir að ný ríkisstjórn tók við í maí sl. Nefndinni var jafnframt falið að fylgja eftir og leiða til lykta hugmyndir um að Ríkisendurskoðun verði falið að gera úttekt á fjárreiðum stjórnmálaflokka fyrir gildistöku laga nr. 162/2006. Nefndina skipuðu fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, auk fulltrúa Frjálslynda flokksins og eins fulltrúa forsætisráðherra. Nefndina skipuðu Ágúst Geir Ágústsson, sem var formaður nefndarinnar, Margrét S. Björnsdóttir, Gréta Ingþórsdóttir, Drífa Snædal, Sigfús Ingi Sigfússon, Jóhann Kristjánsson og Magnús Reynir Guðmundsson.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nefndinni fyrir skilvirka og góða vinnu. Það er skemmst frá því að segja að í kjölfar vinnu nefndarinnar undirrituðu Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn ásamt Borgarahreyfingunni hinn 14. júlí sl. samkomulag um að Ríkisendurskoðun verði falið að veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein framlög til þeirra, auk annarra framlaga sem metin eru að fjárhæð 200 þús. kr. eða meira. Samkomulagið tekur til áranna 2002–2006 að báðum árum meðtöldum, eða til þess tíma þegar lög um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra tóku gildi.

Með yfirlýsingunni skuldbinda stjórnmálasamtökin sig jafnframt til að veita Ríkisendurskoðun samkvæmt bestu vitneskju allar fyrirliggjandi upplýsingar um öll bein framlög til þeirra á umræddu tímabili, auk upplýsinga um önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200 þús kr. eða meira. Þau lýsa jafnframt vilja sínum til að Ríkisendurskoðun verði með sérstakri lagaheimild veitt heimild til að veita viðtöku og birta upplýsingar um framlög til einstakra frambjóðenda vegna forvala eða prófkjara innan stjórnmálasamtaka fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar á tímabilinu frá 1. janúar 2005 til 31. maí 2007, enda fari slík úrvinnsla og birting upplýsinga fram með fullu samþykki og þátttöku viðkomandi frambjóðenda. Loks lýsa aðilar vilja sínum til þess að Ríkisendurskoðun verði með lögum veitt sams konar heimild til að taka við og birta upplýsingar um framlög til einstakra frambjóðenda vegna kosninga til æðstu embætta innan stjórnmálasamtaka á árunum 2005–2009, að báðum árum meðtöldum. Fái Ríkisendurskoðun slíka lagaheimild skora stjórnmálasamtökin á frambjóðendur sína að veita stofnuninni allar fyrirliggjandi upplýsingar um fram-

lög til þeirra á umræddu tímabili.

Hæstv. forseti. Í samræmi við viljayfirlýsingu stjórnmálasamtakanna mæli ég því hér fyrir frumvarpi sem flutt er af forustumönnum allra þeirra stjórnmálasamtaka sem fulltrúa eiga á Alþingi og byggt er á efni yfirlýsingarinnar. Er það samdóma álit þessara stjórnmálasamtaka að samræmd upplýsingagjöf um framlög til flokkanna aftur í tímann sé besta leiðin til að auka traust og draga úr tortryggni sem skapast hefur meðal almennings á starfsemi þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að við lög nr. 162/2006 bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem Ríkisendurskoðun verði veitt heimild til að taka við og birta upplýsingar um framlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda þeirra aftur í tímann. Úrvinnsla og birting upplýsinga um framlög til einstakra stjórnmálaflokka byggist, samkvæmt ákvæðinu, á því að viðkomandi stjórnmálasamtök óski sjálf eftir slíkri úttekt. Með hliðsjón af framangreindum viljayfirlýsingum stjórnmálaflokkanna er ljóst að þau stjórnmálasamtök sem að yfirlýsingunni standa munu öll beina slíkri ósk til Ríkisendurskoðunar. Með sama hætti er það skilyrði úttektar á framlögum til einstaklinga aftur í tímann að einstakir frambjóðendur óski sjálfir eftir því að slík úttekt fari fram og miðli í því skyni upplýsingum til Ríkisendurskoðunar. Í þessu sambandi skal tekið fram að ekki þykir unnt með hliðsjón af grundvallarreglum um bann við afturvirkni laga að leggja lagaskyldu á frambjóðendur um upplýsingagjöf aftur í tímann.

Undirstrika ber að hlutverk Ríkisendurskoðunar samkvæmt ákvæðinu er að taka við upplýsingum um framlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda þeirra og birta þær með samræmdum hætti. Þær heimildir sem lagt er til að Ríkisendurskoðun fái samkvæmt frumvarpi þessu eru í meginatriðum þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að Ríkisendurskoðun verði veitt heimild, að ósk stjórnmálasamtaka, til að taka við og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra, sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200 þús. kr. eða meira á árunum 2002–2006, jafnt til landsflokka sem allra eininga sem undir þá falla. Þó er lagt til að stjórnmálasamtökum verði heimilt að undanskilja flokkseiningar ef tekjur þeirra eru undir 300 þús. kr. á ári. Ef erindi frá stjórnmálasamtökum undanþiggur fleira en þarna er heimilað ber Ríkisendurskoðun að vísa því frá.

Í öðru lagi er lagt til að Ríkisendurskoðun verði veitt heimild, að ósk frambjóðenda í forvali eða prófkjöri innan stjórnmálasamtaka fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar sem fram fóru á árunum 2006 og 2007, til að taka við og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200 þús. kr. eða meira.

Í þriðja lagi er lagt til að Ríkisendurskoðun verði veitt heimild, að ósk frambjóðenda í kosningum til æðstu tveggja embætta, formanns og varaformanns, innan stjórnmálasamtaka, til að taka við og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200 þús. kr. eða meira á tímabilinu frá og með 2005 til og með ársins 2009.

Hvað frambjóðendur varðar er lagt til að hafi heildarfjárhæð framlaga til frambjóðenda á ársgrundvelli verið undir 300 þús. kr. geti hann beint einfaldri yfirlýsingu til Ríkisendurskoðunar um að svo sé án þess að tilgreina nánar eða sundurliða upphæðir. Upplýsingum skal fylgja yfirlýsing viðkomandi stjórnmálasamtaka eða frambjóðenda um að upplýsingarnar séu veittar eftir bestu vitneskju. Getur Ríkisendurskoðun kallað eftir nánari upplýsingum og skýringum ef hún telur annmarka á upplýsingagjöfinni.

Í frumvarpinu er lagt til að frestur til að skila upplýsingum til Ríkisendurskoðunar verði 15. nóvember 2009 en að Ríkisendurskoðun geti framlengt þann frest um allt að einn mánuð. Í 5. mgr. ákvæðisins er mælt er fyrir um að Ríkisendurskoðun skuli taka við þeim upplýsingum sem til hennar er miðlað, skv. 4. mgr., og birta með samræmdum hætti niðurstöður fyrir hver stjórnmálasamtök og frambjóðendur þeirra. Um er að ræða heildarfjárhæð árlegra framlaga frá einstaklingum samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, heildarfjárhæð árlegra framlaga frá lögaðilum samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum og tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500 þús. kr. eða meira.

Með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum er ekki talið unnt að birta upplýsingar um nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög að fjárhæð 500 þús. kr. eða meira nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þeirra fyrir slíku. Slík persónuverndarsjónarmið eiga ekki við þegar um lögaðila er að ræða. Þó er talið eðlilegt að hafi lögaðili krafist trúnaðar um styrkveitingar sínar til stjórnmálasamtaka eða einstakra frambjóðenda, hvort sem það var gert við veitingu styrksins eða síðar, skuli slíkur trúnaður virtur.

Þá er í 6. mgr. kveðið á um að Ríkisendurskoðun geti sett reglur um það með hvaða hætti framlög sem ekki eru bein fjárframlög skuli metin til fjár.

Í 7. mgr. er kveðið á um að Ríkisendurskoðun skuli bundin trúnaði um allar upplýsingar sem stjórnmálasamtök og frambjóðendur þeirra miðla til hennar samkvæmt ákvæðinu að öðru leyti er leiðir af 5. mgr.

Loks er í 8. mgr. ákvæðisins mælt fyrir um að viðurlagaákvæði laganna taki ekki til upplýsingagjafar samkvæmt ákvæðinu. Þykir rétt að tekinn sé af allur vafi um þetta en ekki verður talið að unnt sé að beita viðurlögum samkvæmt ákvæðinu þar sem það felur ekki í sér lagaskyldu til upplýsingagjafar heldur byggist á frjálsu vali viðkomandi stjórnmálasamtaka og frambjóðenda þeirra.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu á Alþingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 1. umr.

Stjfrv., 147. mál (matvælalöggjöf, EES-reglur). — Þskj. 241.

[21:15]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi á þskj. 241, 147. mál, en um er að ræða frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Þann 23. október 2007 heimilaði ríkisstjórnin staðfestingu á sex ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Efnislega var um að ræða endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn og upptöku löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður inn í EES-samninginn.

Ofangreindar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar voru staðfestar af nefndinni 26. október 2007 með fyrirvara um samþykki Alþingis. Lagafrumvarpið kveður á um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru vegna ofangreindra breytinga á EES-samningnum og innleiðingar ofangreindrar EES-löggjafar um matvæli og fóður.

Frumvörp með sama heiti voru lögð fram bæði á 135. og 136. löggjafarþingi en voru ekki afgreidd. Við framlagningu þessa frumvarps nú eru gerðar nokkrar efnislegar breytingar frá fyrra frumvarpi sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi. Ég kýs að þessu sinni að útskýra þær eingöngu sérstaklega en vísa að öðru leyti til fyrri umræðna um önnur atriði sem ekki er þörf á að endurtaka hér.

Að lokum hér í inngangi vil ég ítreka að mjög mikilvægt er að þetta matvælafrumvarp fái nú afgreiðslu á Alþingi til nefndar og fyrir frestun þingsins og nái að ljúkast á þessu þingi áður en nýtt þing hefst. Umtalsverðir hagsmunir eru í húfi sem snerta samskipti okkar innan EES. Það á sérstaklega við um Norðmenn sem eru algjörlega háðir því að þetta frumvarp verði samþykkt samanber reglur EES. Ráðuneytið fékk síðast í dag fyrirspurn frá norska sendiráðinu um gang málsins. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd verður auk þess að fá nægan tíma til þess að fjalla um þetta viðamikla mál.

Helstu breytingar núna eru eftirfarandi, þ.e. breytingar frá fyrra frumvarpi:

Frumvarp þetta er í samræmi við efnisákvæði ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar að öðru leyti en því að innflutningsbann á hráu kjöti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, helst og er ekki afnumið. Sama á við um alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði en slíkur innflutningur er óheimill. Innflutningsbanni er viðhaldið með það að markmiði að tryggja núverandi stöðu sjúkdómavarna vegna dýra og manna. Þá er ekki síst höfð í huga langvarandi einangrun búfjárstofna okkar sem reynslan hefur sýnt að geta verið sérlega næmir fyrir sjúkdómum sem litlum skaða valda í öðrum löndum.

Tiltaka má hér, sem ekki hefur verið haldið mjög á lofti, að frystikrafan kemur til að mynda í veg fyrir að tríkínur geti borist með fersku kjöti til landsins en Ísland er tríkínulaust svæði í dag. Sníkjudýr þessi lifa líka auðveldlega í mönnum en menn smitast ekki nema við neyslu á hráu kjöti. Sníkjudýrin geta verið banvæn berist þau í fólk og því er gífurleg áhersla lögð á eftirlit með þessu í kjötskoðun flestra landa. Suða og frost drepa þessi sníkjudýr. Þetta felur í sér að Ísland er viðurkennt sem tríkínulaust land sem þýðir að eftirlitskostnaður getur verið langtum minni en hjá löndum sem ekki hafa slíkar viðurkenningar.

Ég vil einnig vekja sérstak athygli á að stór og mikil landbúnaðarframleiðslulönd eins og Ástralía og Suður-Afríka heimila ekki innflutning á hráu, ófrystu kjöti. Þetta eru bæði lönd sem treysta mjög á útflutning landbúnaðarafurða og kæmust ekki upp með bönn af þessu tagi nema fyrir lægju góð og gild rök og það eru sömu rökin og hér eru sett fram. Ég tek skýrt fram að innflutningsbann á ófrosnu kjöti er því númer eitt heilbrigðismál manna og dýra. Augljóst er að annars mundi ESB eða GATT fljótt grípa til sinna ráða burt séð frá því hvað gerist á vettvangnum innan EES.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að matvælalöggjöf ESB muni taka gildi hérlendis með samþykkt þessa frumvarps. Þannig verða sömu heilbrigðiskröfur gerðar til matvælaframleiðslu hérlendis og á EES-svæðinu. Þetta á jafnt við um búfjárafurðir, þ.e. kjöt, mjólk og egg sem og sjávarafurðir. Jafnframt munu gilda sömu lagareglur um matvælaeftirlit með þessum afurðum hérlendis og á EES-svæðinu að öðru leyti en því að innflutningseftirlit með hráu kjöti frá EES-svæðinu verður eins og verið hefur. Þegar um er að ræða hrátt kjöt þarf að framvísa fullgildum heilbrigðisvottorðum og eftir atvikum framkvæma sýnatökur enda hefur áður verið aflað innflutningsleyfis. Slík leyfi eru nú nær eingöngu veitt fyrir frosið kjöt, og ekki er gert ráð fyrir breytingum þar á. Hvað varðar alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði helst innflutningsbann, og eftirlitsreglur því óbreyttar.

Í frumvarpinu er skýrt kveðið á um skyldur ráðherra, eftirlitsaðila og stjórnenda matvælafyrirtækja til að koma í veg fyrir að matvæli sem geta valdið matarsýkingum komist á markað. Í þessu skyni er m.a. sett inn nýtt ákvæði sem leggur þá skyldu á ráðherra að setja reglugerð um ráðstafanir sem gera skal til að fyrirbyggja markaðssetningu slíkra matvæla, m.a. með vottorðagjöf, samanber. 5. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

„Til að tryggja ýtrasta matvælaöryggi og vernda líf og heilsu manna og dýra skal ráðherra setja reglugerð þar sem kveðið er almennt á um sýnatökur, vottorðagjöf og skilyrði markaðssetningar matvæla til að fyrirbyggja að þau geti valdið matarsjúkdómum.“

Jafnframt liggja fyrir drög að breytingum á reglugerð nr. 688/2002 sem fjallar um slátrun og markaðssetningu alifugla þar sem kveðið er á um skilyrði markaðssetningar innlendrar og erlendrar framleiðslu alifuglakjöts.

2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 verður óbreytt efnislega. Matvælastofnun var heimilt að leyfa innflutning samkvæmt ákvæði eldra frumvarps. Ráðherra hefur þetta vald núna samkvæmt frumvarpinu og því er 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 færð aftur í fyrra horf.

2. mgr. 41. gr. frumvarpsins frá 136. þingi, sem er ákvæði til bráðabirgða, er felld burtu en þar var ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða skiptingu og fjölda dýralæknaumdæma samkvæmt 11. gr. laganna aðra en þar greinir í þeim tilgangi að unnt væri að gera breytingar á umdæmum í áföngum. Matvælastofnun er gert að spara umtalsverða fjármuni í rekstri og talið hagkvæmt að að gera umræddar breytingar á skemmri tíma en eldra frumvarp gerði ráð fyrir.

Gildistöku 43. gr. frumvarpsins sem fjallar um eftirlitskostnað vegna slátrunar er breytt sbr. 79. gr. frumvarpsins. Ákvæðið tekur gildi 1. september 2009 en þetta er annað tímamark en gilti um önnur ákvæði IV. kafla sem taka gildi 1. maí 2011. Ástæða þessa er sú að brýnt þykir, m.a. vegna tilmæla frá umboðsmanni Alþingis, að leiðrétta kjötskoðunargjald þannig að greiddur sé raunkostnaður af eftirliti með öllum tegundum búfjár.

Skýrt er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um erfðabreytt matvæli og merkingar þeirra. Sama á við um fóður, samanber 28. og 70. gr.

Jafnframt er það áréttað að matvæli mega ekki innihalda lyf eða lyfjavirk efni með sama hætti og fæðubótarefni, samanber 8. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að matvælalöggjöf ESB taki gildi hérlendis 1. september 2009 enda verði Alþingi búið að samþykkja meðfylgjandi frumvarp fyrir þann tíma. Efnisákvæði sem varða búfjárafurðir taka þó ekki gildi fyrr en 1. maí 2011.

Hvað varðar hrátt, ófrosið kjöt vil ég hér tiltaka sérstaklega að það hvarflar ekki að mér annað en að rök mín fyrir innflutningsbanni standist skoðun enda byggja þau á skyldu stjórnvalda gagnvart 13. gr. EES-samningsins. Ef til þess kemur að eftirlitsaðilar eða aðrir dragi það í efa mun því verða mætt af fullri einurð. Ég hef heyrt því haldið fram, frú forseti, að um sé að ræða bráðabirgðaráðstöfun sem ekki haldi nema í 20 mánuði þar til hinn stjórnskipulegi fyrirvari sé fallinn úr gildi. Ég ítreka að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir áframhaldandi innflutningsbanni og er ekki fyrirhugað að á því verði nein breyting.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu efnisatriðum frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og 2. umr.

[21:27]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem við ræðum hérna er á margan hátt gamall kunningi. Það er nú að koma fram í þriðja sinn og í nýjum búningi í hvert skipti. Út af fyrir sig hefur frumvarpið fram að þessu tekið nokkuð góðum breytingum en ég óttast, virðulegi forseti, að þær breytingar sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var að mæla hér fyrir séu eins konar gálgafrestur sem hæstv. ráðherra er að reyna að afla sér. Annars vegar til þess að geta í senn fullnægt þeim skuldbindingum sem við höfum tekist á herðar og koma í veg fyrir þann vanda sem gæti stafað af fyrir sjávarútveginn ef við ljúkum ekki gerð þessa matvælafrumvarps og hins vegar að halda því áfram sem hæstv. ráðherra var að reyna að tala fyrir hér áður og fyrr að við værum ekki skuldbundin til þess að opna á heimildir til innflutnings á fersku kjöti með þeim hætti sem fyrri frumvörp kváðu á um.

Ég er út af fyrir sig ánægður með að hæstv. ráðherra skuli nú viðurkenna varðandi samþykkt þessa frumvarps að í því séu fólgnir umtalsverðir hagsmunir fyrir sjávarútveginn. Þetta var eitt af þeim grundvallaratriðum sem ég lagði áherslu á þegar ég mælti fyrir þeim tveimur frumvörpum sem ég bar pólitíska ábyrgð á hér í þinginu á sínum tíma. Þá var því tekið mjög fálega. Það voru margir spámennirnir sem þá risu upp á afturlappirnar til þess að segja okkur að þetta væri mjög fáfengileg bábilja og það væri ekkert sem benti til þess í þeim gögnum sem fyrir lægju að það væru neinir sérstakir hagsmunir í þessu máli fyrir íslenskan sjávarútveg eða annan útflutning á matvöru. Ég mótmælti því að sjálfsögðu enda vissi ég betur og þess vegna er það nokkur áfangi í málinu að hæstv. núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skuli vera kominn upp að hliðinni á mér í þessari umræðu til þess að staðfesta það sem augljóst var, að það væri ekkert undan því vikist að innleiða þá matvælalöggjöf sem við höfðum skuldbundið okkur til á sínum tíma.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði líka hér áðan, Norðmenn eru í sambærilegri stöðu og við, standa utan Evrópusambandsins eins og við gerum enn þá a.m.k., eru aðilar að EES, eru aðilar að innra markaði Evrópusambandsins og hafa mikla útflutningshagsmuni. Þeir hafa hins vegar innleitt þessa matvælalöggjöf, þeir hafa gengið lengra en við, þeir hafa aflétt banni við innflutningi á lifandi dýrum. Þeir eru hins vegar í þeirri stöðu að fyrir það að við erum ekki búin að fullnusta okkar hluta málsins hafa þeir ekki getað notið góðs af því sem samþykkt þessa frumvarps mundi hafa í för með sér og hafa auðvitað haft miklar áhyggjur af því að það að við erum ekki búin að ljúka okkar hluta málsins kunni að hafa afleiðingar fyrir útflutningsatvinnuvegina þar, auðvitað sérstaklega fyrir útflutning á matvöru.

Í sjálfu sér er það rétt og nauðsynlegt að árétta það að þetta er áfangi á þessari leið og auðvitað er það svo að þessi matvælalöggjöf almennt talað, eins og margoft hefur komið fram, er í meginatriðum framfaraspor. Þarna er verið að taka í raun og veru yfir gríðarlega mikla vinnu sem Evrópusambandið vann í kjölfar búfjársjúkdómanna sem komu upp um og eftir aldamótin, Creutzfeldt-Jacobs sjúkdómsins o.fl., sem gerði það að verkum að Evrópusambandið fór í það að endurskoða frá grunni meira og minna allar forsendur matvælalöggjafar sinnar.

Á sínum tíma fengum við undanþágu frá innleiðingu matvælalöggjafarinnar eins og hún lagði sig. Það var svo niðurstaða sjávarútvegsins á sínum tíma að það væru hagsmunir greinarinnar að fá að taka yfir þann hluta matvælalöggjafar Evrópusambandsins sem sneri að sjávarútveginum vegna þess einfaldlega að mjög erfitt væri að búa við það að geta ekki flutt út matvæli í sæmilegu öryggi á grundvelli þeirrar matvælalöggjafar sem væri í gildi í Evrópusambandinu. Þannig var þetta um tíma og það er auðvitað út af fyrir sig veruleiki sem flest okkar hefðu gjarnan viljað hafa áfram að við værum undanþegin því að þurfa að taka yfir þann hluta matvælalöggjafar Evrópusambandsins

sem sneri að búfjárafurðunum og framleiðslu á matvælum af landbúnaðarafurðum. Það var hins vegar ekki möguleiki vegna þess einfaldlega að sú breyting hafði verið gerð á matvælalöggjöf Evrópusambandsins í heild sinni að skil á milli sjávarútvegsins og landbúnaðarins voru úr sögunni og þess vegna urðum við að lokum að fallast á að aflétta þessu banni, aflétta fyrirvaranum sem við höfðum gert við matvælalöggjöfina sem tók sérstaklega til landbúnaðarins.

Það höfðu verið gerðar margar atrennur að þessu máli. Á sínum tíma hafði Evrópusambandið mjög leitað eftir því að við afléttum þessum fyrirvara. Því höfnuðum við, en svo var komið á árinu 2005 að þáverandi hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, komst að þeirri niðurstöðu og fékk hana samþykkta í ríkisstjórninni á þeim tíma að ekki væri annað að gera en að fara í þá vinnu með Evrópusambandinu að skoða þessi mál efnislega, fara yfir það með okkar helstu sérfræðingum, yfirdýralækni og hans fólki, hvort hægt væri að standa þann veg að eftirliti með innflutningi á kjöti að það skaðaði ekki búfjárstofna okkar og hefði ekki skaðvænleg áhrif eða slæm áhrif á heilbrigði þeirrar matvöru sem við værum að vinna.

Niðurstaðan af þessu varð sú að hægt væri að koma fyrir því fyrirkomulagi á grundvelli matvælalöggjafar Evrópusambandsins, og þrátt fyrir að við afléttum þessum fyrirvara, að við gætum í senn tryggt heilbrigði dýrategunda okkar og um leið tryggt það að ekki væri smit í því kjöti sem yrði flutt hingað til lands þó hrátt væri. Þessi mál voru síðan í vinnslu á árunum 2005 og 2006 og fram á árið 2007 og í raun og veru voru allar línur orðnar ljósar í þessu máli strax á árinu 2006. Frágangsatriði hömluðu því á árunum 2006 og 2007 að þessum málum yrði lokið á þeim tíma. Það var svo á síðari hluta árs 2007 sem samþykkt var gerð í sameiginlegu EES-nefndinni, eins og hæstv. ráðherra rakti, sem kvað á um að við afléttum þessum fyrirvara með ákveðnum takmörkunum þannig að við viðhöldum t.d. áfram fortakslausu banni við innflutningi á lifandi dýrum.

Það er ekki svo að ekki hafi verið farið mjög rækilega ofan í það hvort hægt væri að styðjast áfram við fortakslaust bann við innflutningi á fersku kjöti. Á sínum tíma var af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins farið mjög rækilega ofan í þessi mál, bæði áður en fyrra frumvarpið var lagt fram í minni tíð og einkanlega eftir að því máli hafði verið frestað á sínum tíma þegar kallaðir voru til helstu sérfræðingar sem tiltækir voru bæði hér innan lands, hjá Matvælastofnun og á alþjóðlegum vettvangi. Niðurstaða þeirra var mjög ákveðin sú að til þess að geta innleitt matvælalöggjöfina þannig að það væri gert í samræmi við reglur Evrópusambandsins væri ekki hægt að viðhalda þessu fortakslausa banni þrátt fyrir að okkar vilji gæti hugsanlega staðið til þess, heldur yrðum við að reyna að tryggja þau markmið okkar með öðrum hætti þannig að við gætum haldið áfram að hafa virkt eftirlit með innflutningi á kjöti og þannig komið í veg fyrir smit og þannig komið í veg fyrir það að einhver hætta stafaði af fyrir búfénað okkar.

Ég vil aðeins vekja athygli í þessu sambandi á mjög ítarlegri greinargerð sem sá kunni maður Peter Dyrberg, sem hæstv. ríkisstjórn styðst m.a. við um þessar mundir, ritaði og skilaði af sér 11. ágúst 2008. Þar er farið mjög rækilega efnislega, lögfræðilega yfir þennan þátt málsins. Niðurstaða Dyrbergs er mjög skýr. Hann vísar til þess að þessi löggjöf er einhvers konar jafnvægi á milli hugmyndar Evrópusambandsins um frjálsa vöruflutninga og lýðheilsu. Þess vegna þegar verið er að innleiða þessa matvælalöggjöf þurfum við að taka tillit til hvors tveggja, þ.e. annars vegar öryggissjónarmiðanna gagnvart lýðheilsu manna og auðvitað heilbrigði dýra, og hins vegar hugmyndarinnar um frjálsa vöruflutninga. Hann vísar til allnokkurra dóma sem fallið hafa á vettvangi Evrópusambandsins um þessi mál og þeir eru mjög á einn veg.

Hann vísar t.d. til þess í áliti sínu þar sem hann segir sem svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Í fyrsta lagi er vert að vekja athygli á því að kerfisbundið eftirlit með innfluttu kjöti frá öðru EES-ríki virðist ekki heimilt. Það álit byggist einkum á úrskurðinum sem tekinn er saman hér að ofan“ — í sænska málinu sem hann hafði vísað til áður. — „Úrskurðurinn í því máli byggðist á tilskipun 89/662.“

Síðan segir hann:

„Kerfisbundið eftirlit með innflutningi er í algjörri andstöðu við hugmyndina um innri markað og verður eingöngu samþykkt að vel rökstuddu máli.“

Hann segir enn fremur hér:

„Það er ekkert sem útilokar það að íslensk yfirvöld geti gert skyndiskoðanir á innflutningi.“

Hins vegar er alveg ljóst mál af röksemdum fræðimannsins að það sé ekki hægt að ganga svo langt að halda uppi fortakslausu banni, það sé einfaldlega ekki í samræmi við þá löggjöf sem við höfum skuldbundið okkur að innleiða.

Við skulum ekki ímynda okkur að ekki hafi verið reynt á fyrri stigum að kanna það vel hvort hægt væri að komast undan því að innleiða þessa löggjöf. Það var orðið fullreynt. Það höfðu reynt ráðherrar í nokkrum ríkisstjórnum og margir stjórnmálaflokkar sem höfðu komið að þeim ákvörðunum og þessi mál voru orðin algjörlega fullreynd. Þess vegna, virðulegi forseti, hef ég nokkurn beyg af því að hæstv. ráðherra, þrátt fyrir mikinn vilja sinn, sé hér að fara inn á mjög hættulega braut. Ég veit að að baki hugmyndar hans vakir auðvitað sú fullvissa hans að þetta sé besta leiðin til að tryggja heilbrigði og stöðu íslensks landbúnaðar. Hættan er sú að hann lendi í þeirri stöðu að eftir 18 mánuði, við gildistöku þessa hluta matvælalöggjafarinnar, muni verða gripið til viðeigandi ráðstafana af hálfu Evrópusambandsins sem hefur þá nánast öll ráð í sinni hendi.

Ég held, virðulegi forseti, að í sjálfu sér væri hægt að ræða þessi mál mjög ítarlega. Ég ætla ekki á þessari stundu að gera það vegna þess að tími minn er heldur ekki nægur til þess. Það er alveg ljóst að hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd mun þurfa allmikinn tíma til þess að fara yfir þessi mál. Þau hafa verið að vísu skýrð mjög mikið í meðferð þingsins á fyrri þingum en eru hins vegar þess eðlis að ekki veitir af upprifjuninni. Hér er líka boðuð breyting sem að mínu mati er í besta falli umdeilanleg og gæti verið hættuleg. Þess vegna þarf auðvitað af hálfu nefndarinnar að fara ofan í þessi mál með þeim fræðimönnum sem gleggst þekkja til. Það þarf að kalla eftir áliti utanríkisráðuneytisins, það þarf að heyra viðhorf fulltrúa okkar í sendiráðinu í Brussel. Það þarf að fara yfir þessi mál með fulltrúum Mat-

vælastofnunar, það þarf að sjálfsögðu að kalla til þann fulltrúa sem á sínum tíma vann grundvallarálitið fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og hafði komist að þessari ótvíræðu niðurstöðu sem er eftir minni vitneskju í samræmi við mat nánast allra þeirra lögfræðinga sem hafa komið að þessu máli.

Þess vegna er það svo að það er auðvitað miður að lögfesting þessarar löggjafar hefur dregist úr hömlu. Þetta getur valdið hættu fyrir útflytjendur okkar og ekki síst við þær aðstæður sem nú eru þegar erfiðara er um sölu á til að mynda íslenskum sjávarafurðum en áður. Við vitum að ótti Norðmanna kemur ekki til af engu. Þeir telja sig hafa lögmæltar og tilefnisríkar ástæður til þess að ætla að dráttur á lögfestingu þessarar löggjafar hér á landi geti haft slæm áhrif fyrir þá. Þess vegna, virðulegi forseti, kallar þetta frumvarp á talsvert mikla vinnu.

Það er aðeins eitt mál svona í bláendann sem ég vil vekja athygli á. Eins og ég skil frumvarpið hefur verið tekin ákvörðun um það af hálfu hæstv. ráðherra að fara öðruvísi með málefni sem snúa að dýralæknum en ráðgert hafði verið í fyrra frumvarpi, fyrri frumvörpum raunar báðum. Í fyrri frumvörpum, ekki síst í því síðara, var reynt að stíga mjög varlega til jarðar varðandi þær skipulagsbreytingar sem óhjákvæmilegar væru vegna lögfestingar matvælalöggjafar Evrópusambandsins. Hér sýnist mér hins vegar vera horfið frá því. Hér á að ganga miklu lengra, hér er ætlunin að segja upp öllum héraðsdýralæknunum í stað þess að fara þá leið sem fyrra frumvarp gerði ráð fyrir og ég tel að hafi verið skynsamlegt. Þar var reynt að koma til móts við sjónarmið og hagsmuni dýralækna þó að ég viti að það hafi ekki verið gert að fullu, en mér sýnist á þessu frumvarpi að það sé algjörlega horfið frá þessu.

Virðulegi forseti. Tíminn leyfir ekki frekari orð um þetta og ég ákvað að fara almennum orðum um þetta mál að þessu sinni (Forseti hringir.) og vísa sérstaklega til þeirrar lögfræðilegu ráðgjafar sem fyrir liggur. Ég bendi á að ég óttast að þetta frumvarp sé byggt á mikilli óskhyggju og (Forseti hringir.) von um gálgafrest sem ég óttast að muni ekki fást. (Gripið fram í.)

[21:43]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Það er óþarfi að fara í langa tölu um upphaf og feril þessa máls. Þeir ræðumenn sem hér hafa staðið hafa farið aðeins yfir það en þó er rétt að minnast á að þessar breytingar voru fyrst lagðar fram á 135. þingi, í apríl 2008, næst á 136. þingi, í desember 2008, og loks á yfirstandandi þingi. Því var útbýtt fyrir hálfum mánuði en er fyrst núna komið til umræðu, á miðju sumri, og gat ég ekki betur heyrt á hæstv. ráðherra en að nú lægi skyndilega verulega mikið á að klára málið.

Frú forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að við áttum okkur aðeins á hvað við erum að fara út í og hvað við erum að ræða um. Af hverju er þetta matvælafrumvarp hérna? Ríkisstjórnin samþykkti að hefja viðræður um endurskoðun á undanþágum Íslands í EES-samningnum sumarið 2007. ESB setti skilyrði þess efnis að sett yrði heildstæð matvælalöggjöf og m.a. að undanþágur varðandi búfjárafurðir yrðu endurskoðaðar. Ríkisstjórnin heimilaði staðfestingu á þessum sex ákvörðunum sameiginlegrar EES-nefndar haustið 2007 með fyrirvara um samþykki Alþingis. Hvað þýðir þetta? Um hvað var verið að semja? Það þýðir að innflutningur búfjárafurða var leyfður, það var krafa frá ESB. Áfram var leyft að fóðra búfé með fiskimjöli, það var krafa frá Íslandi. Ísland gat bannað innflutning á kjötmjöli. Reglur um líflömb á bæjum þar sem greinst hafði riða var krafa frá ESB en reglur ESB um dýravelferð voru ekki teknar upp, að kröfu frá Íslandi, og er kannski svolítið sérstakt. Bann við innflutningi lifandi dýra þar sem enn eru rök fyrir því er krafa frá Íslandi og ég ætla að vona að sú krafa og þau rök haldi sem lengst. Að lokum var krafa frá Íslandi þess efnis að tolla mætti innflutning búfjárafurða.

Þetta þýðir að Ísland mun framfylgja reglum ESB varðandi búfjárafurðir eins og gert er með fiskafurðir. Heildarendurskoðun á matvælalöggjöf og ráðherraheimild til innleiðingar reglugerða er sett inn án þess að fella nokkuð burt. Nýjar reglur um aukaafurðir eða úrgang frá dýrum eru settar inn og það þyrftum við að skoða miklu nánar, þ.e. hvað það þýðir ef við ætlum að taka upp alls kyns Evróputilskipanir í reglugerð án þess að við fjöllum um það í þinginu. Einnig eru settar nýjar reglur um fóður og fóðureftirlit.

Áhrif almennt eru þess efnis að aukinn kostnaður vegna opinbers eftirlits er viðurkenndur af öllum aðilum. Allir bændur verða eftirlitsskyldir, í það minnsta í gegnum fóðureftirlit. Mismunandi er hvort aðilar þurfa starfsleyfi eða nóg er að tilkynna rekstur, t.d. er nóg fyrir sauðfjárbændur og hrossaræktendur að tilkynna reksturinn til Matvælastofnunar.

Ísland tekur fullan þátt í starfi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, EFSA. Ísland getur ekki stöðvað innflutning nema með ríkum sönnunum og rökstuðningi. Ég vonast til að hæstv. ráðherra muni standa við orðin stóru áðan og geti sýnt fram á það um lengri tíma. Opinbert eftirlit skal byggt á hættumati. Síðar á að semja um viðbótartryggingar, m.a. vegna salmonellusmits í innfluttum dýraafurðum, og fara verður í kostnaðarsamar aðgerðir varðandi annað kjöt en kjúklinga til að geta farið fram á viðbótartryggingar. Það má spyrja sig með þessar viðbótartryggingar: Hvað gerist í millitíðinni ef við getum ekki sannað að við eigum rétt á slíkum viðbótartryggingum? Erum við þá búin að taka við því allélegasta og mest heilsuspillandi kjöti sem er til á markaði í Evrópu?

Almennt, frú forseti, um frumvarpið. Þar sem það hefur verið lagt fram í tvígang áður er hægt að fara yfir fjölmargar umsagnir, svo sem umsagnir sveitarfélaga, t.d. Reykjavíkurborgar eða Sambands íslenskra sveitarfélaga og þó nokkurra annarra sveitarfélaga, landshlutasamtaka og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna, auk ýmissa hagsmunasamtaka bænda, verslunar og þjónustu og annarra fagaðila. Ekki er að sjá að tekið hafi verið tillit til margra þessara umsagna þó að ýmislegt hafi breyst á milli framsagna í öll skiptin og að fjallað hafi verið um þetta mál á þremur þingum á tveimur árum.

Í þessu sambandi langar mig að styðjast að nokkru leyti við umsagnir sveitarfélaganna og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna þar sem ekkert tillit virðist hafa verið tekið til þeirra. Frumvarpið byggist á Evrópusambandslöggjöf og í ljósi þess að því er sérstaklega ætlað að skýra hugtök, meg-

inreglur og málsmeðferð finnst mér nauðsynlegt að benda á og gera alvarlega athugasemd við að samkvæmt frumvarpinu á einnig að breyta fyrirkomulagi opinbers eftirlits og flytja verkefni í stórum stíl frá sveitarfélögum til ríkisins. Það eru laumufarþegar í þessum tilskipunum, þetta er ekki sá eini.

Í aðildarlöndum Evrópusambandsins er opinbert eftirlit með ýmsum hætti enda kveður reglugerðin, sem matvælahluti frumvarpsins byggist á, einungis á um að aðildarlöndin skuli halda úti kerfi opinbers eftirlits og annarri starfsemi eftir atvikum, þar með talið upplýsingagjöf til almennings um öryggi og áhættu í tengslum við matvæli og fóður, eftirliti með öryggi matvæla og fóðurs og annarri vöktunarstarfsemi sem tekur til framleiðslu, vinnslu og dreifingar á öllum stigum. Rök fyrir tilflutningi verkefna til ríkis frá sveitarfélögum eru mjög veik ef horft er til þess að verkefnaflutningurinn kemur til með að auka skörun, í það minnsta ekki minnka hana en kannski færa á gráu svæðin, auka óhagræði og kostnað eftirlitsþega og eftirlitsaðila.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur enn fremur fram að kostnaður við opinbert eftirlit muni aukast við gildistöku frumvarpsins. Matvælastofnun hefur fengið yfirumsjónarhlutverk sem áður var á hendi Matvæla- og umhverfisstofnunar sem nú hefur verið lögð niður. Með þessu eru tvær ríkisstofnanir í stað einnar með umsjónar- og samræmingarhlutverk með verkefnum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, þ.e. Umhverfisstofnun með hollustuháttum og mengunareftirliti og nú Matvælastofnun með það sem snýr að matvælafyrirtækjunum.

Það væri nauðsynlegt að í kjölfarið á þessu yrði lögð fram samræmd matvælalöggjöf og það yrði ekki bara löggjöfin sem hæstv. ríkisstjórn athugaði, heldur jafnframt að koma skýrri stefnu fram um samskipti þessara opinberu aðila við aðra stjórnsýsluaðila.

Benda má á þann stóra ágalla, sem margsinnis hefur verið bent á af sveitarfélögunum, að þrátt fyrir að þetta sé lagt fram í þriðja sinn á tveimur árum og þremur þingum, skuli ekki skuli hafa verið lagt mat á þann kostnaðarauka sem sveitarfélögin verða fyrir. Má þá vísa bæði til umsagnar SASS, þ.e. Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem lögðust gegn frumvarpinu þar sem ekki hefði verið metinn kostnaður sveitarfélaganna af breytingum sem það hefði í för með sér og að breytingarnar leiddu jafnframt til aukinnar skörunar eftirlits Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sem mundu hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir fyrirtækin sem í hlut ættu og hið opinbera eftirlit.

Þá má líka minnast á umsögn Reykjavíkurborgar sem var á sömu nótum, að kaflinn um gjaldskrá og innheimtu gjalda væri bæði óljós og óskýr og ekki alveg ljóst hvernig eigi að fara með þann kostnað. Þar er jafnframt nefnt að í athugasemdum með frumvarpinu sé staðhæft að breytingarnar hafi ekki í för með sér aukakostnað fyrir Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga þar sem eftirlitsþegar greiði raunkostnað við eftirlitið. Þetta sé því miður alls ekki rétt þar sem reynslan sýni að alls ekki sé unnt að reikningsfæra alla vinnu, sérstaklega ekki vegna þess aukna markaðseftirlits sem talað sé um í frumvarpinu.

Að lokum, í þessum kafla, langar mig að vekja athygli á umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem ég get ekki séð að tekið hafi verið nokkurt tillit til hennar en þar segir, með leyfi forseta: „Sambandið vekur athygli á því að frumvarpið hefur ekki verið kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögunum. Meginbreytingin á verkefnum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga felst í því að innflutt matvæli munu ekki lengur sæta innflutningseftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Þess í stað verður tekið upp markaðseftirlit sem er að áliti sambandsins mun flóknari og kostnaðarsamari framkvæmd og mun leiða til hækkunar matvælaverðs. Hvorki hefur farið fram kostnaðarmat á markaðseftirliti né verið ákveðið hvernig sveitarfélögunum verður bættur sá kostnaðarauki sem af slíku eftirliti hlýst. Sama máli gegnir um færslu verkefna frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Matvælastofnunar. Sambandið leggur ríka áherslu á að hér er um verkefnaflutning á milli ríkis og sveitarfélaga að ræða sem ber að hafa samráð við Sambandið sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga …“

Frú forseti. Hér hef ég rakið almennar áhyggjur og athugasemdir ýmissa hagsmunaaðila. Þó er ónefnd ein stærsta og merkilegasta staðreyndin, sem staðfest er í mörgum athugasemdum, að við á Íslandi búum við eitt mesta matvælaöryggi í heimi og tíðni matarsýkinga á Íslandi er sú lægsta í heimi. Þetta kemur fram í umsögn sóttvarnalæknis og í umsögn sóttvarnalæknis og sóttvarnaráðs þar sem ítrekað er mikilvægi þess að innflutt matvæli lúti sama stranga eftirlitinu og innlend matvælaframleiðsla. Fulltrúi í sóttvarnaráði lét bóka að hann legðist gegn því að innflutningur á hráum sláturafurðum yrði heimilaður af lýðheilsuástæðum. Þar er jafnframt fjallað um góðan árangur í kjúklinga- og svínaeftirliti sem hafa skilað því að lýðheilsa fólks er betri en í öðrum löndum. Þetta er ákaflega mikilvægur þáttur.

Við erum, frú forseti, að setja okkur lægri standard með því að taka upp Evrópusambandstilskipunina, þessar breytingar, í matvælalöggjöfina heldur en við búum við í dag. Það er óskiljanlegt. Ýmis lönd, eins og Noregur og Nýja-Sjáland, og hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra nefndi önnur lönd, hafa farið aðrar leiðir. Þau hafa hreinlega bannað innflutning á hráum afurðum, og jafnvel dýrum, vegna þess að heilbrigðisástand er þannig í löndunum að slíkur innflutningur er talinn ógna því.

Varðandi þennan almenna hluta, áður en ég kem að einstökum greinum, langar mig að lokum að nefna annan laumufarþega sem hefur heldur ekki neina skírskotun í tilskipun Evrópusambandsins, það eru breytingar á lögum um dýralækna. Ýmsar þeirra eru til bóta en aðrar eru varasamar og má þar nefna 39. gr. Stjórn Dýralæknafélagsins hafði þungar áhyggjur af því að dýralæknar hverfi úr störfum í strjálbýlli héruðum og erfitt verði að manna stöður sökum þeirrar óvissu sem umrætt frumvarp hafi þegar skapað. Jafnframt benti stjórn Dýralæknafélagsins, með leyfi forseta, á að það væri „… afar mikilvægt að sem allra fyrst verði hafist handa við gerð reglugerðar þeirrar sem ætlað er það mikilvæga hlutverk að tryggja dreifðum byggðum þjónustu dýralækna. Reglugerðinni er ætlað að mæla fyrir um starfsaðstöðu, greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér slíka þjónustu.“ Mig langar að taka undir áhyggjur stjórnar Dýralæknafélags Íslands.

Frú forseti. Ég sé að nokkuð hratt gengur á tíma minn. Ég hefði áhuga á því að taka fyrir einstakar greinar frumvarpsins og nefna þar einna helst að í fyrstu greinum frumvarpsins, til að mynda í 3. og 4. gr., er talað um breytingar og færslu á verkefnum. En það eru engar kröfur af hálfu Evrópusambandsins um tilflutning verkefna frá sveitarfélögum til ríkisins. Hér er bein þýðing á reglugerð sem er ætlast til að aðildarlöndin taki upp í sín lög. Þrátt fyrir að þetta hafi verið lagt fram í þrígang virðist þýðing á reglugerð vera tekin upp í staðinn fyrir að lögin séu sett á grundvelli þessarar reglugerðar. Langar mig að nefna eitt dæmi þar að lútandi, til að mynda er í 11. gr. laganna talað um að leitast skuli við að vernda hagsmuni neytenda og gefa þeim kost á upplýstu vali. Þannig skal leitast við að fyrirbyggja framleiðslu og markaðssetningu svikinna matvæla. Núna er þetta bannað í íslenskum lögum. Óskiljanlegt er að tekinn sé texti beint upp úr tilskipun þar sem aðildarríkið, Ísland í þessu tilviki, á að taka málið upp og semja sín eigin lög en ekki þýða lélega Evróputilskipun með lakari kröfum heldur en þekkist í landinu.

Frú forseti. Ég næ því miður ekki að fara yfir einstakar greinar en mun væntanlega gera það í nefndinni og tek undir orð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar um að við þurfum nokkurn tíma í nefndinni að fjalla um þetta. Það hefði verið betra að fá þetta mál inn fyrr í sumar úr því að það er búið að liggja útbýtt í hálfan mánuð.

[21:58]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður um þetta mál. Ég vil segja að sú vegferð sem var hafin þegar fulltrúar Íslands vildu falla frá þeim fyrirvörum sem voru settir við viðauka við EES-samninginn um innflutning á dýrum, á hráum kjötvörum m.a. — ég var mjög andvígur því. Ég minnist þess að í umræðunni um EES-samninginn á sínum tíma þegar þessi fyrirvari var settur, að Íslendingar innleiddu ekki þennan þátt, hvorki sem laut að innflutningi á lifandi dýrum né hráu kjöti, var það ein af þeim forsendum sem sumir þingmenn sem greiddu atkvæði með samningnum þá settu fyrir stuðningi sínum. Þetta atriði sem hér hefur verið mest rætt um og tekist á um, hvort viðhalda ætti sömu fyrirvörum, almennu innflutningsbanni á hráu kjöti, hefur alltaf verið mjög sterkt. Þess vegna kom það mjög á óvart að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og ráðherrar í ríkisstjórninni skyldu ekki halda þessum fyrirvara til streitu eða leggja hann fram.

Engu að síður sýnir þetta áfram mjög sterkan vilja bæði Alþingis og fjölda félagasamtaka og einstaklinga sem vildu halda þessum hömlum. Málið hefur í tvígang komið fyrir Alþingi en ekki fengið brautargengi, ekki hvað síst af þessum ástæðum. Ég minnist þess ekki að síðan ég kom hingað hafi nokkurt mál á þingi fengið meiri umfjöllun, meiri andstöðu og háværari kröfur hafi verið um að ákvæði væri haldið úti. Þess vegna liggur vilji þings og þjóðar í þessum efnum skýrt fyrir að mínu mati. Það var afar dapurt þegar þáverandi stjórnvöld fóru þá leið að opna á þetta. Hér er á grundvelli EES-samningsins einmitt sóttur lagastuðningur fyrir því að þessu sé haldið óbreyttu.

Vegna orða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar vil ég minna á að flestallt sem lýtur að sjávarútveginum og er í þessum innleiðingarlögum er þegar virkt og komið til framkvæmda. Kaupendur í Evrópu sem þetta tekur til vita vel af því. Þar er í sjálfu sér ekkert nýtt á ferðinni þó að hér sé um eina löggjöf að ræða af því að Evrópusambandið flokkar þessi mál saman undir eitt, landbúnað og sjávarútveg.

Það er enginn óskadraumur minn að flytja frumvarp um innleiðingu á Evrópusambandslögum og -reglugerðum. Það vita allir þingmenn. Hins vegar erum við á vissan hátt bundin af því sem aðrir hafa gert.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Vegna orða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar um hversu lagalega helt þetta væri, að hér skyldi áfram vera viðhaldið innflutningsbanni á hráu kjöti, vil ég þó vitna til 13. gr. sem kom fram í máli mínu. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra“.

Ég tel að á grundvelli m.a. þessara laga og ákvæða beri okkur samfélagsleg og þjóðfélagsleg skylda til að standa vörð um heilsu manna og dýra og þá sérstöðu sem íslensk húsdýr hafa hér á landi. Þau hafa búið við langvarandi einangrun og eru verðmæti, ekki aðeins sem húsdýr og virk framleiðsluvara heldur einnig sem mikilvæg menningarverðmæti sem okkur ber skylda til að standa vörð um. Ég vísa m.a. til ágætrar skýrslu lögfræðingsins Stefáns Más Stefánssonar og einnig Ólafs Oddgeirssonar dýralæknis sem vann fyrir Bændasamtökin hvað þetta varðaði.

Hins vegar er það þannig eins og við bjuggum við árin 2005, 2006 og 2007 að hagsmunir Íslands verða aldrei betur bornir upp en af þeim stjórnvöldum sem ráða á hverjum tíma. Komi stjórnvöld sem ekki vilja standa vörð um íslenska hagsmuni, um íslenskt búfé og um heilsu og hollustu manna og dýra á Íslandi, verður ekki við margt ráðið. Ég vil alla vega segja að ég mun leggja mitt af mörkum og treysti því að einlægur þingvilji sé til að þetta verði með þessum hætti. Ég hef fullvissu fyrir því að lagaleg rök séu sterk fyrir að svo megi verða. Í því trausti er málið flutt á þennan hátt, enda speglar það að mínu viti einlægan og eindregan þjóðarvilja í þeim efnum.

Ég vil taka undir ræðu hv. þm. Sigurðar Inga Jóhannssonar varðandi það að auknu eftirliti fylgir aukinn kostnaður. Það er mjög mikilvægt að hafa í huga að fara mjög varlega varðandi allar íþyngjandi aðgerðir í þeim efnum. Við erum hins vegar aðilar að þessu regluverki hvort sem okkur líkar betur eða verr og þurfum að uppfylla lágmarksskyldur. Okkur ber þó líka að horfa til allrar hagræðingar sem hægt er að gera til að halda þeim kostnaði niðri.

Varðandi heilbrigðiseftirlitið þá er það svo að Matvælastofnun hefur yfirumsjón með heilbrigðisnefndunum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum verkefnatilflutningi á milli heilbrigðisnefndar og Matvælastofnunar en markmiðið er að gera þetta annars vegar skilvirkara og heildstæðara og hins vegar að ná fram hagræðingu.

Farið verður í gegnum þetta mál í hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sem og þau atriði sem hv. þm. Sigurður Ingi Jóhannsson minntist á. Ég treysti því að nefndin skoði þau atriði vel.

Ég vil, frú forseti, leggja í lokin áherslu á þá skyldu okkar að standa vörð um íslenskt búfé, kýr, kindur, hross, svín, hænsn o.s.frv. Dýrin eru verðmæti í sjálfu sér en þau eru einnig mikilvæg fyrir fæðuöryggi okkar, fyrir þá matvælaframleiðslu sem við viljum hafa í landinu. Þau eru líka trygging fyrir hollri og góðri vöru, landbúnaðarvörum og matvælum þannig að þetta er ekki hvað síst neytendamál.

Ég treysti því að Alþingi afgreiði þetta mál og hv. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd taki þetta mál til góðrar og efnislegrar meðferðar og að við getum sem fyrst afgreitt það sem lög frá Alþingi. Það er mjög mikilvægt í þeirri stöðu sem þessi málaflokkur er í.

[22:10]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við hæstv. ráðherra munum örugglega ekki útkljá ágreining okkar um gálgafrestshluta þessa frumvarps sem ég gerði að umræðuefni. Við höfum tækifæri til að fara mjög rækilega ofan í þá hluti við meðferð nefndarinnar sem ég á sæti. Þar munum við auðvitað kalla eftir þeim lögfræðilegu álitsgerðum sem hafa verið unnar fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og styðja mitt mál.

Hins vegar er hæstv. ráðherra kominn í alvarlega mótsögn við sjálfan sig. Hann sagði: Það voru mistök að hafa ekki aflað sérstakra undanþágna þegar tekin var ákvörðun um að lögfesta matvælaráðgjöf Evrópusambandsins. Hann vísaði til þess að þar með hefði verið hægt að komast hjá því að leyfa innflutning á fersku kjöti. Það sem hæstv. ráðherra er í rauninni að segja er að forsendan fyrir því að fá slíkt fortakslaust bann samþykkt hefði verið að fá undanþágu frá löggjöfinni í þessu veigamikla atriði. Hins vegar var það þannig að öll þau ár sem Íslendingar reyndu að koma í veg fyrir að við þyrftum að aflétta fyrirvaranum varðandi matvælalöggjöfina sem snýr að landbúnaði var það gert vegna þess að við vorum að reyna eftir föngum að tryggja óbreytt ástand. Þegar niðurstaðan varð sú að það væri ekki hægt og að það mundi m.a. setja útflutningshagsmuni okkar í uppnám varð verkefnið fram undan einfaldlega að reyna að búa þannig um hnútana að við gætum varið heilbrigði dýra okkar og matvælaöryggi með því að hafa öflugt eftirlitskerfi með innflutningnum. Niðurstaða sérfræðinga okkar, þar á meðal yfirdýralæknis, var sú að það væri hægt og að það væri mjög samrýmanlegt markmiðum okkar um matvælaöryggi. Þess vegna varð niðurstaðan sú að það væri hægt að fara þá leið að setja varnirnar nógu hár þrátt fyrir að þetta fortakslausa bann sem ekki stenst gagnvart matvælalöggjöf Evrópusambandsins (Forseti hringir.) væri afnumið.

[22:12]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hefði verið betra þegar hv. þingmaður var ráðherra í ríkisstjórn, ef ég man rétt, alla vega studdi hann þá ríkisstjórn sem beitti sér fyrir því að falla frá þessum undanþágum, að hann hefði haldið þessum sjónarmiðum fram þar. Eftir því sem mig minnir, þegar EES-samningurinn var samþykktur og þessi undanþága veitt, var ekki sjálfgefið að hún félli niður heldur átti að endurskoða það ákvæði að ákveðnum árafjölda liðnum, að mig minnir 10 árum. Endurskoðunarákvæði þýðir að semja á um framhaldið en það var ekki haldið betur á málum en það. Ég tel þrátt fyrir allt að sú lagastoð, sem við getum sótt í rétt okkar til að halda hagsmunum okkar til verndar lífi og heilsu manna og dýra eins og kveðið er á um í 13. gr. samningsins, gefi okkur hald.

Ég vildi heldur heyra, frú forseti, að hv. þingmaður og fyrrverandi ráðherra sem flutti þetta mál ööruvísi fyrir tveimur árum síðan, hefði sagt: Við skulum standa að baki þessu, halda þessu til fullkominnar streitu og berjast á þessum vettvangi. Ég held að það sé það sem við gerum núna og er þess (Forseti hringir.) fullviss að nægilega styrk lagastoð og heimild sé til að við gerum það. Ég held reyndar að okkur beri skylda til þess gagnvart þeim verðmætum sem eru í húfi, sem eru líf og (Forseti hringir.) heilsa manna og dýra á Íslandi.

[22:14]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra talar eins og þetta mál dúkki upp fyrst núna. Árum saman móuðust íslensk stjórnvöld við, reyndu að berjast fyrir því að þurfa ekki að aflétta þessum fyrirvara varðandi matvælalöggjöfina. Ástæðan var sú að við hefðum kosið að geta viðhaldið óbreyttu ástandi, þ.e. hafa opinn aðgang fyrir okkar sjávarafurðir og útflutning á matvörum en um leið að viðhalda þessu banni. Það var ástand sem okkur líkaði ágætlega við en eftir því sem málin þróuðust, sérstaklega löggjöf Evrópusambandsins á matvælasviði, urðu varnir okkar stöðugt minni.

Það er alveg rétt að á sínum tíma var þessi fyrirvari gerður hvað varðaði landbúnaðinn og raunar sjávarútveginn í upphafi líka eins og ég rakti í ræðu minni. Það var hins vegar gert á grundvelli allt annarrar matvælalöggjafar. Nú er komin ný matvælalöggjöf en við reyndum að koma í veg fyrir að þurfa að taka yfir hluta hennar. Það var hins vegar orðið fullreynt og þess vegna urðum við að fallast á að taka upp þessa matvælalöggjöf en reyna þá að gera það með þeim hætti að við reistum eins háar varnir og mögulegt var.

Hæstv. ráðherra segir að ég ætti að koma með honum í lið og segja: Við skulum berjast um á grundvelli þess frumvarps sem hann leggur fram. Ég skal vera heiðarlegur í þessum efnum. Það er niðurstaða mín eftir að hafa skoðað þessi mál að hæstv. ráðherra sé, svo ég taki ekki allt of mikið upp í mig, að berjast um á ákaflega þunnum ís á þessum lagalega grundvelli. Ég hef miklar áhyggjur af því að hæstv. ráðherra tefli með þessum hætti mjög í tvísýnu og þegar lyktir málsins verði ljósar getum við lent í því að staða okkar verði verri en sú sem lagt var af stað með í þeim frumvörpum sem ég mælti fyrir. Þar var þó búið að fara ofan í lagalegar forsendur þessarar ákvörðunar. Ég ber mikinn kvíðboga fyrir því ef niðurstaðan verður sú. Ég óttast að hæstv. ráðherra sé með svo veigalítil lagaleg rök á bak við gjörðir sínar (Forseti hringir.) að málið sé í fullkominni tvísýnu. Þess vegna tel ég að hæstv. ráðherra sé fyrst og fremst að reyna að kaupa sér gálgafrest.

[22:16]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst þetta ósköp aumt af hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni sem flutti frumvarp með galopnum innflutningi á hráu kjöti og var harðlega gagnrýndur. Svo þegar kemur frumvarp þar sem er sýnt fram á með lagalegum rökum að hægt sé að koma í veg fyrir þennan óhefta frjálsa innflutning á hráu kjöti finnur hv. þingmaður því allt til foráttu. Mér finnst alveg furðuleg röksemdafærsla, hann veltist á hvolf í þessu máli.

Ég vil líka minna hv. þingmann á, ætli það hafi ekki verið Sjálfstæðisflokkurinn í ríkisstjórn sem hafi einmitt fallið frá þessum fyrirvörum sem þarna voru? Ég minni aftur á að þegar var undanþága frá innflutningi á hráu kjöti og lifandi dýrum átti samkvæmt samningnum að endurskoða það en ekki fella niður, eins og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins gerði. (Gripið fram í.) Ég veit, frú forseti, að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson var að segja að þeir hefðu ekki getað gert neitt — en þeir reyndu ekkert. (**EKG:** Það er rangt.) Það er nefnilega því miður hinn dapri sannleikur, frú forseti.

Ég vil árétta að nú grípum við þó til þeirra varna sem mögulegt er. Frumvarpið sem nú er lagt fram tekur einmitt á því máli sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson flutti hér á síðasta þingi, það var galopið fyrir innflutningi á hráu kjöti en nú er tekið fyrir hann. (**EKG:** Þetta er gálgafrestur og þú veist það.)

[22:19]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að blanda mér aðeins í þessa umræðu um hráa kjötið, ég komst ekki almennilega til þess áðan, og fagna því banni sem hér kemur fram á innflutning á hráu, ófrosnu kjöti. Hægt er að benda á fleiri álit en hæstv. ráðherra benti á, ekki einungis á lagalega sviðinu heldur einnig á faglega sviðinu hvað þetta varðar — ég nefndi sóttvarnaráð í mínu máli.

Ég hefði hins vegar viljað sjá skýrari texta í frumvarpinu, ekki aðeins heimild ráðherra til að bregðast við. Reyndar er, eins og ég sagði í mínu máli, ótrúlegt að þetta mál sé ekki betur unnið eftir alla þá vinnu sem lögð hefur verið í það, í 30. gr. er meira að segja vitnað til rangrar greinar, 31. gr. a-liðar en ég held að það ætti að vera 32. gr., ef ég man rétt.

Ráðherra kom hér inn á þvinganir Evrópusambandsins og við þekkjum þvinganirnar sem það beitir aðildarríki EES-samningsins, þetta er ekki eina málið. Við þurfum ekki að fara langt til þess að muna eftir ýmsum þeim þvingunum sem við erum beitt, eins og Icesave og annað í þeim dúr. Við ættum að reyna að standa í lappirnar til þess að verja hagsmuni Íslands í þessu máli eins og ýmsum öðrum.

Ráðherra minntist hér aðeins á fyrri ræðu mína varðandi íþyngjandi kostnaðarauka. Hann talaði jafnframt um einföldun og hagræðingu og nefndi þá að það að færa verkefni yfir til Matvælastofnunar gæti gert allt þetta í senn, þrátt fyrir að viðurkennt sé að kostnaðurinn verður meiri og þarf að vera meiri til þess að hægt sé að standa undir almennilegum hluta. Mig langar að nefna í þessu sambandi að það er ekkert einfaldara að senda tvo menn frá Matvælastofnun í Reykjavík, eða örfáum öðrum stöðum, langt inn í land, t.d. til að skoða reykhús sem reykir fisk, þegar hægt er að senda einn mann frá heilbrigðiseftirlitinu. Þennan hluta þarf að kanna betur áður en við hleypum þessu í gegnum þingið og köllum það einföldun.

[22:21]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit að hv. þm. Sigurður Ingi Jóhannsson þekkir mjög vel til þessara mála sem dýralæknir og þekkir mjög vel hvernig þau eru í framkvæmd og auk þess faglegar og fræðilegar hliðar sem þetta mál snertir. Ég treysti því að hann leggi reynslu sína og þekkingu af mörkum við meðferð málsins í nefnd.

Ég vil bara taka undir með hv. þingmanni, einmitt um mikilvægi þessa að við sýna fram á gott heilbrigðisástand íslenskra búfjártegunda hér á landi. Það eru mjög mikilvæg og sterk rök og þá getum við líka beitt meiri kröftum gegn hugsanlegum þrýstingi á innflutning. Þess vegna legg ég áherslu á að við getum staðfest heilbrigðisástand okkar búfjártegunda sem best og varið þær sem best gegn nýjum smitsjúkdómum. Sá er einmitt tilgangur þessa frumvarps í þessum efnum.

Ég tek undir með hv. þingmanni, best hefði verið að aldrei hefði verið fallið frá þessari undanþágu sem við erum að fjalla um.

[22:23]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar í seinna andsvari mínu að taka aðeins saman það sem mér finnst vera ábótavant í þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi, og það getum við hæstv. ráðherra bara verið sammála um, er dapurlegt að við að taka upp samræmdar reglur Evrópusambandsins þurfum við að setja lakari heilbrigðiskröfur en við höfum núna og hugsanlega fylgi því lakara matvælaöryggi.

Í öðru lagi legg ég til við hæstv. ráðherra að hann kippi út ýmsum breytingum sem hafa ekkert með tilskipunina að gera, til þess að flýta fyrir þeim nauðsynlegu breytingum sem þarf að gera vegna sjávarútvegsins. Laumufarþegunum sé hent út og þeim frestað.

Í þriðja lagi er texti reglugerðarinnar allt of óljós og allt of mikið um heimildir ráðherra. Textann þarf að vinna betur, eins og ég kom inn á í fyrri ræðu minni, þannig að hér sé ekki um beina þýðingu á reglugerð Evrópusambandsins að ræða heldur verði unninn upp úr henni lagalegur texti sem þeir sem vinna á þessu sviði, hvort sem er hjá Matvælastofnun eða heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga eða jafnvel Umhverfisstofnun, geti farið eftir. Þar standi ekki að leitast skuli við að forðast að fólk verði fyrir sýkingum þegar í núverandi lagatextum stendur að bannað sé að setja á markað heilsuspillandi matvæli.

[22:25]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek bara undir með hv. þingmanni um hversu mikilvægt er að fara í gegnum þau atriði sem hv.

þingmaður vísaði hér til. Ég minni þó á að, því miður, þegar maður er kominn í krumlurnar á þessu ESB-dóti er ekki svo gott að sleppa úr þeim. Eins og hv. þingmaður minntist hér á, við erum með Icesave-samninginn, sem er hluti af ESB-dæminu, o.s.frv. Við erum bara svo stödd, því miður.

Þetta er engin óskastaða hjá mér í sjálfu sér. Hins vegar er í frumvarpinu margt faglegt og gott sem við hvort eð er hefðum getað tekið upp á eigin spýtur en er hér í innleiðingu á reglugerðum.

Ég ítreka samt hér í lokin, frú forseti, að við erum þó að leggja fram frumvarp um innleiðingu á matvælalöggjöf Evrópusambandsins þar sem ekki er gert ráð fyrir heimild til þess að flytja inn hrátt kjöt og hráar kjötvörur óheft, eins og önnur frumvörp sem komu fyrir þingið gerðu ráð fyrir. Ég tel því að í sjálfu sér sé sigur að flytja frumvarp þar sem hráa kjötið er úti, byggt á góðum og sterkum lagalegum rökum. Okkur ber skylda til þess gagnvart íslenskum hagsmunum, íslensku búfé, íslenskum búfjártegundum að standa vörð um þessar gersemar okkar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og sjútv.- og landbn.

Út af dagskrá voru tekin 11., 13. og 19. mál.

Fundi slitið kl. 22:28.

---

47. FUNDUR

föstudaginn 24. júlí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Kjararáð o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 143, nál. 235. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 218, brtt. 219. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 220, brtt. 221. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Munnleg skýrsla fjármálaráðherra um eigendastefnu ríkisins á fjármálafyrirtækjum. — Ein umr.
6. Embætti sérstaks saksóknara og meðferð sakamála, stjfrv., 138. mál, þskj. 292. — 3. umr.
7. Ríkisútvarpið ohf., stjfrv., 134. mál, þskj. 293, frhnál. 297. — 3. umr.
8. Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, stjfrv., 37. mál, þskj. 294. — 3. umr.
9. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 70. mál, þskj. 82. — 3. umr.
10. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 78. mál, þskj. 90. — 3. umr.
11. Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, stjfrv., 13. mál, þskj. 295. — 3. umr.
12. Hlutafélög og einkahlutafélög, stjfrv., 15. mál, þskj. 296. — 3. umr.
13. Bankasýsla ríkisins, stjfrv., 124. mál, þskj. 166, nál. 245 og 253, brtt. 244, 287 og 289. — 2. umr.
14. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 149. mál, þskj. 252. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Norðaust.
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 6. þm. Norðvest.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti vekur athygli á því að atkvæðagreiðslur fara fram síðar í dag.

Störf þingsins.

Samgöngumál – Icesave.

[10:31]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Erindi mitt er í rauninni beiðni um aðstoð til hv. varaformanns samgöngunefndar. Við þekkjum að víða er verið að spara í þjóðfélaginu og eðlilegt að gera það en við þurfum að horfa vel til þess hvar við gerum það.

Erindi mitt hingað upp er að ræða Laxárdalsheiði eða Laxárdalsveg þar sem hann tengir Vesturlandið við Norðurlandið og er varaleið milli Norðurlands og Suðurlands eða norðursvæðis og suðursvæðis þegar Holtavörðuheiði lokast. Um er að ræða 3,6 km kafla sem búið var að bjóða út, verktakar komnir á svæðið og búið að leggja í kostnað upp á allt að 50 millj. kr. vegna þessara vega. Síðan er ákveðið að fresta framkvæmdinni en eftir stendur að þessi kostnaður er orðinn til af líklega framkvæmdakostnaði upp á 80–100 millj. Það sem búið er að greiða fyrir er sá kostnaður sem er fallinn til vegna m.a. hönnunar, efnisvinnslu, landbóta og þess háttar þannig að það er ljóst að ekki verður haldið áfram með verkið. En mig langar að spyrja hv. varaformann samgöngunefndar hvort hann sé ekki reiðubúinn til að beita sér fyrir því með okkur þingmönnum að þessi framkvæmd nái fram að ganga þar sem áætla má að sparnaður ríkisins af því að hætta við verði eingöngu um 20 millj. kr. þegar upp er staðið.

Ég ítreka það að mikilvægi þessa vegar er mjög mikið. Við gerum okkur líka grein fyrir því að þegar leiðir um Arnkötludal opnast mun umferð um þennan veg stóraukast því að þá verður komin betri tenging við hringveginn en verið hefur fyrir þá sem þurfa að fara Arnkötludalinn. Þá er þetta öryggisleið, þetta er varaleið milli landshluta þegar Holtavörðuheiði lokast sem gerist mjög oft. Það er að mínu viti ekki um mjög stóra upphæð að ræða og því fer ég fram

á það við varaformann nefndarinnar að hann beiti sér með okkur þingmönnum fyrir að þetta nái fram að ganga.

[10:34]

Róbert Marshall (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni fyrir að beina til mín þessari fyrirspurn. Frestun þessarar framkvæmdar er ein af fjórum framkvæmdum sem ég held að hafi verið tekin ríkisstjórnarákvörðun um fyrir einhverjum vikum síðan að fresta, það var þessi vegur um Laxárdalsheiði, Álftanesvegur sem var kannski stærsta framkvæmdin, Ysti Rjúkandi og færsla þjóðvegarins um Hellu sem er ekki stór framkvæmd heldur, held ég, með kostnað upp á 49 millj. ef ég man rétt. Auðvitað er einhver sparnaður sem hlýst af þessu þegar saman er komið.

Við vitum að sjálfsögðu að ástæður þessara frestana eiga sér langan aðdraganda, kannski mörg ár, ná aftur til þess tíma þegar bankahrunið var ekkert annað en óræður glampi í hægra auga Davíðs Oddssonar. Þannig er einfaldlega staðan. Við höfum sem betur fer upplifað þá tíma undanfarin tvö ár að við höfum séð einhverjar mestu framkvæmdir í sögu Íslands. Árið í fyrra var metár, aldrei jafnmikið verið framkvæmt í vegamálum og það mun ekki standa á þeim þingmanni sem hér stendur að veita aðstoð í þessum efnum. Það er gríðarlega mikilvægt að haldið sé áfram í þessum framkvæmdum vegna þess að bættar samgöngur eru virðisaukandi fyrir byggðir landsins. Þær skapa aukna atvinnu, auka bjartsýni og auka lífsgæði svo ekki sé minnst á umferðaröryggi. Ég mun taka þátt í því ásamt hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni að (Forseti hringir.) koma þessum málum og fleirum á dagskrá.

[10:36]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Í morgun birtist á forsíðu *Fréttablaðsins*, aðalupplýsingamiðils ríkisstjórnarinnar, fyrirsögnin „Lán vegna Icesave eru á hagstæðustu kjörunum“. Samkvæmt fréttinni munu þetta vera upplýsingar upp úr minnisblaði frá Seðlabanka Íslands sem átti að leggja fram í fjárlaganefnd í morgun. Ef þessi frétt er rétt er þarna verið að leggja fram minnisblað frá Seðlabankanum þar sem reynt er að færa rök fyrir því að lánið frá Bretum og Hollendingum vegna Icesave séu í raun miklu hagstæðari og á betri vöxtum en hin. Reyndar eru hin lánin á miklu lægri vöxtum en það er sagt að ef þau lán væru á föstum vöxtum en ekki breytilegum væru vextir þeirra líklega miklu hærri sem er í algjörri mótsögn við forsendurnar í greinargerð Seðlabankans sjálfs þar sem hann metur stöðu ríkisins og getu þess til að greiða og forsendur fjármálaráðuneytisins svoleiðis að það er greinilega misjafnt, ef fréttin er rétt, hvaða forsendur menn gefa sér.

Í þessari frétt sem skrifuð er af fyrrum frambjóðanda Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í 1. sæti í alþingiskosningum og einum virkasta meðliminum þar til margra ára, sem hefur verið mjög duglegur að flytja okkur fréttir af kostum Icesave-lánsins, er jafnframt gerð grein fyrir því að þessi lán séu á svokölluðum Cirr-vöxtum, þ.e. Icesave-lánin, og að á þeim sé eitthvert álag. En það gleymist líka að lánin frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndunum eru lögð inn, þau eru reyndar að lána á línu, svoleiðis að á þau leggst eingöngu álagið. Vextirnir eru miklu hagstæðari en hér, þeir eru í raun bara brot af því sem vextirnir á Icesave-láninu eru. Það væri áhugavert ef hv. formaður fjárlaganefndar gæti útskýrt fyrir okkur mat sitt á þessu minnisblaði ef það hefur þá yfir höfuð komið fram. (**Utanrrh.:** Frétta…)

[10:38]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á inngangi hv. þingmanns um að minnisblað frá Seðlabankanum barst ekki á síðasta fund fjárlaganefndar sem var í gær. Þar vorum við með Peter Dyrberg og tókum svo ákvörðun um það síðar á fundinum að fara í úttekt á vegum Hagfræðistofnunar til að skoða málið betur þar sem m.a. á að skoða þessi kjör öllsömul.

Í morgun hittist fimm manna hópur úr fjárlaganefnd sem eru fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna til að leggja á ráðin um hvernig við högum vinnunni í næstu viku. Ekkert vinnuplagg hefur komið frá Seðlabankanum varðandi þessa þætti og ég þekki ekki þá heimildarmenn sem eru hér á bak við. Aftur á móti er jafnaugljóst að það er mjög mikilvægt, og ein af mikilvægustu forsendunum í sambandi við umfjöllunina um málið í heild, að meta vexti. Það er heldur engin launung á því að ýmsar samanburðartölur hafa komið upp. Það hefur líka komið fram í umræðum í fjárlaganefnd varðandi Seðlabankann að menn verða að átta sig á því að þegar þeir eru að stilla upp lánasafni íslenska ríkisins skiptir miklu máli að vera með skammtímalán og langtímalán. Það eru mismunandi vextir. Eitt af vandamálum bankakerfisins fyrir hrun var það að þeir voru allir farnir að fjármagna sig á skammtímalínum til skamms tíma, einfaldlega vegna þess að það voru betri kjör, en það kom illilega í bakið á þeim. Rök hafa verið færð fyrir því af hverju hér eru settir fastir vextir, bæði út frá því að samsetning lána sé þá breytileg en líka vegna þess að það sé hagstæðara og öruggara fyrir okkur til lengri tíma að þekkja tölurnar en að vera í dægursveiflum samtímans. Líka hefur verið bent á að það eru uppgreiðsluákvæði í þessu þannig að ef við sjáum fram á að það sé miklu betra að færa þetta yfir í einhver önnur lán megum við greiða það án sérstaks kostnaðar.

Ég ætla ekki að leggja mat á þetta. Þetta er hluti af því sem við fáum núna í nefndarálitinu frá efnahags- og skattanefnd og þá væntanlega frá stjórnarandstöðunni líka. Síðan förum við í það að fjalla um þetta í nefndaráliti fjárlaganefndar en það sem hér birtist í *Fréttablaðinu* eru ekki sérstakar heimildir frá fjárlaganefnd.

[10:40]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, formanns utanríkismálanefndar, vegna þess að á miðvikudaginn var rifið út úr utanríkismálanefnd málið um Icesave og í efnahags- og skattanefnd var á sama degi tekin út umfjöllun til fjárlaganefndar um sama mál, Icesave. Þessi mál eru ekki útrædd. Það kemur melding frá

utanríkisráðherra Hollands um að hann tengi saman Icesave og aðildarumsóknina til ESB. Ég spyr hv. þingmann, formann utanríkismálanefndar, hvort það hafi ekki verið of fljótt að taka málið út.

Auk þess ræddum við rétt áðan að það eru fréttir um að vextirnir á þessu láni séu annaðhvort hagstæðir eða ekki hagstæðir. Er það ekki verkefni efnahags- og skattanefndar? Og hún er búin að ljúka umfjöllun, frú forseti. Mér finnst þetta mjög alvarlegt. Mér finnst alvarlegt líka við stöðu þingflokks hv. þingmanns að þar eru tveir þingmenn sem víkja af fundi nefndanna, hv. þm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og hv. þm. Lilja Mósesdóttir. Báðir þessir þingmenn víkja af fundum nefndanna en það var vitað að þeir eru á móti málinu.

Ég spyr hv. þingmann hvað sé að gerast í þingflokki Vinstri grænna vegna þess sérstaklega að það er vitað að allur sá þingflokkur er á móti aðild að Evrópusambandinu en samt stendur hann að því (**Gripið fram í:** Nei.) að það er sótt um og það er búið að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ísland er búið að sækja um, það eru engar viðræður, það er búið að sækja um aðild að Evrópusambandinu með atbeina Vinstri grænna sem unnu mesta kosningasigur sinn með því að leggja áherslu á að þeir vildu ekki ganga inn í þetta ágæta samband.

[10:42]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Það úir og grúir og ægir öllu saman í fyrirspurn hv. þingmanns um þetta mál. Orðanotkun hans vekur athygli í þessu samhengi, hann segir annars vegar að Icesave-málið hafi verið rifið út úr utanríkismálanefnd og hins vegar að það hafi verið tekið út úr efnahags- og skattanefnd. (**PHB:** Rifið líka.) Ég man alls ekki til þess að hv. þm. Pétur Blöndal hafi verið á fundum utanríkismálanefndar þar sem þetta mál var til umræðu nema hann hafi þá kannski verið fluga á vegg sem lítið fór fyrir, en ég get fullvissað hv. þingmann um að málið var tekið út úr utanríkismálanefnd eftir umræður þar og eftir að við höfðum legið þar yfir hugmyndum að nefndaráliti. (Gripið fram í.) Það voru skiptar skoðanir um það að sjálfsögðu og fram komu margvíslegar ábendingar. Það voru gerðar á því breytingar til að koma til móts við þau sjónarmið sem höfðu komið fram í umræðum nefndarmanna. Ég veit ekki hvernig málið var afgreitt út úr hv. efnahags- og skattanefnd, en út úr utanríkismálanefnd var málið ekki rifið eins og hv. þingmaður sagði. Það var afgreitt út úr nefndinni, tekið út úr nefndinni. Það fór engin atkvæðagreiðsla fram um það, var ekki ágreiningur um að afgreiða málið út úr nefndinni, en að sjálfsögðu var boðað að það yrðu sérstök álit frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, frá þingmanni Framsóknarflokksins og frá fulltrúa Borgarahreyfingarinnar. Það var ekki neinn asi á málinu þar.

Nú spyr hv. þingmaður hvort það hafi verið tekið út of fljótt. Málið er á forræði fjárlaganefndar svo að því sé haldið til haga. Fjárlaganefnd óskaði eftir umsögn þessara tveggja nefnda um tiltekna þætti málsins og við fjölluðum að sjálfsögðu um þá í áliti okkar og skiluðum því til fjárlaganefndar. Þar er að finna ýmsar ábendingar um hluti sem þyrftu og mættu fara betur í þessu máli og við mælum með að fjárlaganefnd skoði til þrautar. Málið er alls ekki útrætt á vettvangi þingsins eins og hér hefur komið fram. Það hefur meira að segja verið ákveðið (Forseti hringir.) að taka lengri tíma en upphaflegar áætlanir gerðu kannski ráð fyrir til að farið verði rækilega í saumana á öllu þessu máli (Forseti hringir.) og reynt að finna á því viðunandi lausnir.

[10:45]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að ákveðið hefur verið að fresta þingfundum í næstu viku til þess að menn geti einbeitt sér að Icesave-málinu er ekki fjarstæðukennt fyrir virðulegar þingnefndir og forsvarsmenn þeirra í efnahags- og skattanefnd og utanríkismálanefnd að velta fyrir sér hvort það eru fleiri þættir af því Icesave-máli sem eru til umfjöllunar sem þyrfti að skoða betur vegna þess að tíminn er núna að vinna örlítið með okkur. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

En það er ekki það sem ég ætlaði að gera að umtalsefni heldur annar flötur á þessu undarlega máli sem Icesave-málið er. Það er alveg óhætt að segja að hið gamla breska heimsveldi gætti hagsmuna sinna vel í þeim leiðangri að knésetja íslensku þjóðina.

Nú kemur í ljós að það eru íslenskir skattborgarar sem eiga að borga lögmannskostnað Breta upp á 2 milljarða kr. Að mínu mati er þetta hámark ósvífninnar af hálfu viðsemjenda okkar, þessa glæsilegu viðsemjenda, og þetta er líka því miður hámark niðurlægingarinnar fyrir íslenska þjóð að við eigum að borga 2 milljarða kr. fyrir breska lögfræðinga í þeim leiðangri þeirra að gæta hagsmuna breska ríkisins. Ef við snúum þessu yfir á íslenska lögfræðinga þá þyrfti íslenskur lögfræðingur sem margir mundu telja að hefði ágætan útseldan taxta upp á 20 þús. kr. að vinna í 100 þúsund klukkutíma við þetta verkefni. Mig langar til að spyrja hv. þm. Guðbjart Hannesson, formann fjárlaganefndar, hvort hann telji að við hefðum gætt hagsmuna okkar með þessum hætti í þeim ójafna leik sem þessi viðskipti voru og hvort hv. þingmaður telji ekki í ljósi þess að svona ákvæði eru sett inn í samninginn, svo dæmalaus frekjuákvæði af hálfu þessara viðsemjenda okkar, að þetta sé kornið sem fylli mælinn í viðskiptum okkar við þessa þjóð. Ekki eru Hollendingarnir betri. Þeir gera allt til að gera stöðu okkar (Forseti hringir.) eins aumingjalega og hægt er.

[10:47]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Hér talaði fulltrúi úr fjárlaganefnd, hv. þm. Ólöf Nordal og bar til mín fyrirspurn til formanns fjárlaganefndar úr ræðustól Alþingis án þess að hafa tekið málið þar upp. (**ÓN:** Ég er að tala við þig sem þingmann …) Ég geri mér fulla grein fyrir því en aftur á móti vek ég þar með athygli á því að ég hef verið að reyna að halda þessu máli til umræðu í fjárlaganefnd til að fá fram öll sjónarmið, fá fram allar upplýsingar, kalla eftir því, fá lengdan tíma til að við getum komið að málinu sem víðast. Þetta „settlement agreement“ sem vitnað hefur verið í var lagt fram í hinni frægu leynimöppu strax við upphaf málsins, er skjal nr. 1, hefur legið fyrir allan tímann þannig að auðvitað verðum við að ræða þetta mál. Það liggur alveg fyrir að við

munum gera það og höfum gert það að hluta.

Það liggur fyrir að Bretarnir gerðu kröfu um það í þessum samningaviðræðum að þeir væru með umsýslu milli 200–300 þúsund reikninga, 240 þúsund reikninga ef ég man rétt, og þeir borguðu út Icesave-skuldbindinguna til allra sinna innlánshafa. Þetta gjald er fyrir það. (**Gripið fram í:** Ertu að verja það?) Ég er ekkert að verja það, ég er bara að skýra það sem hefur komið fram. En það væri full ástæða til að ræða það betur í fjárlaganefnd og fá betri skýringar á því og ekki nema full ástæða til. Það er hluti af okkar vinnu. Ég ætla ekki að biðjast undan að ræða það í þingsal. Aftur á móti finnst mér óeðlilegt að ég lendi í því að svara því áður en ég fæ tækifæri til að skoða það með hv. þm. Ólöfu Nordal í fjárlaganefnd með aðilum sem geta betur upplýst hvernig þeir samningar fóru fram. Ég held að að væri afar mikilvægt og að við kæmumst sameiginlega að niðurstöðu um hvort það væri eðlilegt eða óeðlilegt, hvort menn hafi samið af sér eða hvort þetta væri eðlilegt gjald fyrir þá þjónustu sem Bretar tóku að sér við útborgun á Icesave-reikningunum. Ég ætla að áskilja mér rétt til að svara því í fjárlaganefnd og í framhaldi af nefndaráliti sem hér kemur vonandi fram eftir verslunarmannahelgi. En ég er aðeins að vekja athygli á því að þetta er mál af þeirri stærðargráðu að það á auðvitað að ræðast í yfirvegun og við berum auðvitað öll hagsmuni Íslendinga fyrir brjósti nr. eitt, tvö og þrjú. Okkur greinir á hvar þessir hagsmunir eru eða hvernig þeir eru en ég biðst undan að menn haldi endalaust áfram að reyna að þyrla upp moldviðri (Forseti hringir.) í staðinn fyrir að reyna að leysa málið.

[10:49]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að vera jákvæður í garð hv. þm. Guðbjarts Hannessonar en með lokaorðum sínum breytti hann þeirri afstöðu minni. Ég ætlaði að hrósa hv. þm. Guðbjarti Hannessyni fyrir yfirvegun í þessum málum m.a. með það að ganga í það að fjárlaganefnd hefði nægan tíma til að fjalla um málin og eru þau vinnubrögð talsvert ólík þeim asa sem virðist hafa verið á því að ljúka málum út úr efnahags- og skattanefnd og utanríkisnefnd eins og hv. þm. Pétur Blöndal vék að. Ég tek það fram að ég sat ekki þessa fundi en miðað við frásagnir þingmanna var um það að ræða að málin voru tekin út í fullkomnu ósætti og upplýsingar sem hafa komið fram á síðustu tveimur sólarhringum sýna að það hefði verið full ástæða til að fjalla lengur um málið og gefst kannski kostur á því ef fjárlaganefnd gefur þessum nefndum meira svigrúm en menn héldu að yrði. En það sem gerist auðvitað í þessu máli í þessari viku, bara þannig að maður setji hlutina í samhengi, er að framan af viku virtist það vera ásetningur forustu ríkisstjórnarinnar að keyra þetta mál í gegn. Það virtist vera og það er ekki hægt að skilja þær ákvarðanir sem voru teknar innan efnahags- og skattanefndar og utanríkisnefndar öðruvísi en svo að það hafi verið reynt að keyra málið í gegn með það að markmiði að ljúka því sem fyrst. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi ella hefði þessum mikilvægu nefndum í þessu máli verið gefinn rýmri tími til að fjalla um málin.

En það sem hefur hins vegar augljóslega gerst er að forusta ríkisstjórnarinnar hefur áttað sig á því að það væri ekki stuðningur í þinginu við málið í því horfi sem það er nú og til að reyna að kæla það mál niður og reyna með einhverjum hætti að ná tökum á málinu þá hefur verið tekin sú ákvörðun að gefa meiri tíma. (Forseti hringir.) Það er gott, það er nauðsynlegt en hins vegar verðum við að hafa í huga að allt það (Forseti hringir.) sem komið hefur fram, fram að þessu frá því að þetta mál kom inn í þingið bendir til að þetta mál sé enn verra (Forseti hringir.) heldur en var í upphafi.

[10:52]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég mun virða tímamörkin. Ég ræddi áðan um samgöngur og mikilvægi þess að við forgangsröðum rétt og tryggjum öryggi vegfarenda og eðlilegar samgöngur milli svæða. Ég sagði það áðan að líklega væri ríkisvaldið að spara einhverjar 20 millj. kr. með því að fresta eða falla frá framkvæmdum við Laxárdalsheiði, þ.e. veginn um Laxárdal, frá enda slitlagsins við Höskuldsstaði og út fyrir Leiðólfsstaði 20 millj. kr. Við virðumst geta leyft okkur að setja milljarð plús 2 milljarða í að sækja um aðild að Evrópusambandinu, ekki að fara í viðræður. Við virðumst geta borgað 2 milljarða kr. í lögfræðikostnað fyrir erlenda lögmenn sem hafa það að vinnu að kúga Ísland í raun og veru en við getum ekki haldið áfram með vegaframkvæmdir sem kosta nokkra tugi milljóna. Hver er forgangsröðunin í landinu í dag? Við vitum að vegaframkvæmdir eru líklega einhver arðbærasta framkvæmd sem við getum farið í þessa dagana. Við erum ekki að tala eingöngu um hvað verktakar og launamenn og aðrir hafa út úr þessu heldur hvað það er þjóðhagslega hagkvæmt að tengja betur byggðirnar og treysta vegasambandið.

Sá vegur sem hér um ræðir er ekki síður mikilvægur en vegtenging út úr borginni vestur um því að þetta er varaleið milli norður- og suðursvæðisins, þetta er öryggisvegur. Þetta er ein helsta samgönguleiðin um þetta svæði og þetta verður ein helsta samgönguleiðin þegar Arnkötludalur verður kominn í gagnið.

[10:54]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég vona að ég misbjóði ekki hv. þm. Guðbjarti Hannessyni með því að nefna eitthvað sem hann telur ekki við hæfi að ræða í þingsal og vill frekar fjalla um í nefnd. Ég skal reyna að halda mig bara við það sem ég ræddi áðan þó að mér sé eins og öðrum þingmönnum algerlega misboðið við þessar nýjustu upplýsingar sem reyndar voru að einhverju leyti komnar fram frá hv. þm. Pétri Blöndal vegna lögfræðikostnaðar Hollendinga sem var nánast jafnhár og þeir rukkuðu okkur um líka.

Ég er feginn því, ef rétt er, að þær upplýsingar sem birtast á forsíðu *Fréttablaðsins* sé raunverulega ekki að finna í minnisblaði frá Seðlabankanum og þetta minnisblað sé kannski ekki til, enda hafa útreikningar Seðlabankans varðandi þetta mál fram að þessu verið gagnrýndir verulega, svo ekki sé meira sagt. Raunar þykir mér dálítið undarlegt ef ríkisstjórnin ætlaði að treysta á upplýsingar frá Seðlabankanum í þessu máli um möguleika ríkisins á því að endurgreiða lán því það hefur enginn seðlabanki nokkurn tíma í

sögu heimsins komist að þeirri niðurstöðu að sitt eigið ríki væri ekki fært um að greiða lán sem verið væri að taka. Að ætla Seðlabankanum að greina þetta fyrir sig er í rauninni eins og ef Landsbanki Íslands hefði á sínum tíma beðið greiningardeildina sína að meta það hvort lán sem bankinn hefði verið að taka mundi nokkuð setja hann á hausinn.

Vonandi verður sú vika sem í hönd fer hjá fjárlaganefnd nýtt vel til að afla upplýsinga utanaðkomandi manna, manna sem eru ekki háðir ríkisstjórninni á einn eða annan hátt, vegna þess að þá treysti ég því að menn muni á endanum breyta viðhorfi sínu til þessa máls og hægt sé að ná um það samstöðu.

Ég vil þakka formanni fjárlaganefndar fyrir að staðfesta að þetta minnisblað hafi ekki komið fram.

[10:56]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson svaraði eiginlega í engu því sem ég spurði. Hann kvartaði undan því að málið væri flókið. Það er líka flókið. Það er tekið út úr tveim nefndum sem áttu að fá það til umfjöllunar án þess að þær væru búnar að fjalla um málið út í hörgul.

Nú hafa t.d. komið upplýsingar um ýmsar efnahagslegar ástæður. Seðlabankinn var ekki búinn að svara spurningum sem ég beindi til hans í efnahags- og skattanefnd og auk þess var hv. fjárlaganefnd búin að óska eftir því að háskólinn veiti upplýsingar um efnahagsmál. Ég hefði talið að það heyrði undir efnahags- og skattanefnd að óska eftir slíku. Ég legg til að hv. formaður og hv. fjárlaganefnd beini þessum erindum aftur til efnahags- og skattanefndar og hv. utanríkismálanefndar til að vinna í næstu viku til að við höfum eitthvað að gera. Mér finnst alveg fráleitt að einungis ein nefnd fjalli um þetta stóra mál og tvær séu búnar að skila því án þess að hafa klárað verkefni sitt. Ég legg því til að menn taki þá ákvörðun að beina þessu aftur til nefndanna þannig að þær geti farið að vinna af viti í efnahagsmálum og utanríkismálum því það er alveg heilmikið óunnið. Það á t.d. eftir að finna út úr því hvort það sé samhengi milli Evrópusambandsaðildarinnar og Icesave-málsins. Ég vil fá það alveg á hreint. Menn eru að tala úti í heimi út og suður um að þetta tengist allt saman og það virðast allir hafa þá trú nema stjórnarliðar á Íslandi, að þetta tengist. Ég vil að hv. utanríkismálanefnd fái það á hreint hvort þetta tengist eða ekki og lesi jafnvel erlend blöð og kynni sér þetta eða tali við sendiherra Hollands og spyrji hann út í ummæli utanríkisráðherra þeirra. Ég vil líka að hv. efnahags- og skattanefnd fjalli um skýrslu Seðlabankans og fái svör hans við þeim. Hann kom aldrei á fund nefndarinnar eftir að spurningarnar höfðu komið fram.

[10:58]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég vil í fyrsta lagi alls ekki kvarta yfir því að þetta mál sé flókið, það er misskilningur hjá hv. þingmanni. Ég kvarta ekki yfir því að mál séu flókin. Ég sagði þvert á móti að það þyrfti ríflegan tíma til að fjalla um það.

Varðandi tengingarnar sem hv. þm. Pétur Blöndal gerir á milli Icesave-málsins og umsóknar og viðræðna okkar við Evrópusambandið um aðild að því, þá hafna ég því algerlega að einhver sérstök tenging sé þar á bak við og milli og ég vísa m.a. í orð utanríkisráðherra Svíþjóðar, Carls Bildts, sem fer með formennsku í Evrópusambandinu um þessar mundir þar sem hann vísar því sömuleiðis á bug að þarna séu tengingar á milli.

Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að það kunni að henta einhverjum að búa til slíkar tengingar, eins og t.d. utanríkisráðherra Hollands en það er hans vandamál. Þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal segir að málið hafi verið rifið út í ósætti í utanríkismálanefnd þá vil ég segja að ég kannast ekki við að það hafi verið rifið út í ósætti í utanríkismálanefnd. Það kom vissulega fram að það yrðu mismunandi eða fleiri en eitt nefndarálit í málinu. Það þýðir ekki að það sé ósætti um að málið sé afgreitt og ég spyr um … (**Gripið fram í:** Það var ósætti.) Nei, það var ekki ósætti um það, (Gripið fram í.) það var engin atkvæðagreiðsla þar sem þess var krafist málið yrði tekið út. Það var afgreitt einum rómi og ég segi það að hv. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, gerðu enga athugasemd við þetta og mér finnst satt að segja að þeir hljóti að finna til ábyrgðar sinnar í þessu máli gagnvart þjóðinni og með hliðsjón af forsögu málsins gera þeir það bersýnilega á fundi utanríkismálanefndar. En ég hlýt að velta því fyrir mér hvað á við í þessu efni með hv. þm. Birgi Ármannsson og Pétur H. Blöndal sem hafa tekið til máls í þessu efni. Finna þeir ekki til nokkurrar ábyrgðar sinnar og Sjálfstæðisflokksins í þessu máli?

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Ummæli þingmanns í umræðu um störf þingsins.

[11:01]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég skildi þögn hæstv. forseta svo að mér hefði ekki verið gefinn kostur á að bera af mér sakir en hérna var borið á mig ábyrgðarleysi í þessu máli. (**Gripið fram í:** Ha?) Ég tel að það séu sakir sem ég hefði átt að eiga kost á að bera af mér. (**Gripið fram í:** Þetta er grín.) Ég var nafngreindur í ræðu hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar sérstaklega og ég velti fyrir mér hvort hv. þingmaður (Forseti hringir.) telur það ekki ábyrgð …

(**Forseti** (RR)**:** Forseti biður hv. þingmann að ræða fundarstjórn forseta undir þessum lið.)

Hæstv. forseti verður að átta sig á því að ég var að ræða fundarstjórn forseta í því sambandi að ég var að útskýra hvers vegna ég hefði þurft að bera af mér sakir. Það er auðvitað forsenda þess að ég gerði athugasemd við fundarstjórn forseta, að þingmönnum væri ekki gefin mínúta til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi fundarstjórn forseta ef þeir gætu ekki útskýrt hvers vegna þeir gera athugasemd við fundarstjórn forseta. Ég ítreka bara það sem ég hef áður sagt að ég mótmæli þeirri nýju túlkun á ákvæði þingskapa (Forseti hringir.) um fundarstjórn forseta sem mér hefur virst koma fram hjá forsetum að undanförnu. (Gripið fram í.)

Munnleg skýrsla fjármálaráðherra um eigendastefnu ríkisins á fjármálafyrirtækjum, ein umr.

[11:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka fyrir að tækifæri gefst til að eiga umræðu um þau drög að eigendastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem nú hefur verið send alþingismönnum og unnið hefur verið að í fjármálaráðuneytinu að undanförnu í samstarfi við viðskiptaráðuneytið og fleiri aðila.

Í leiðbeiningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja í eigu ríkisins sem voru gefnar út á árinu 2005 er lögð á það mikil áhersla að ríkið móti sér eigendastefnu og skilgreini meginmarkmið þess með eignarhaldi í fyrirtækjum og skilgreini hlutverk ríkisins varðandi stjórnun þeirra og aðra þætti. Þetta er að sjálfsögðu til að tryggja að ríkið komi ekkert síður en aðrir fram sem upplýstur og virkur eigandi og til að tryggja faglega og skilvirka stjórnun þessara fyrirtækja, þótt í eigu ríkisins séu að hluta eða öllu leyti. Í þessari skýrslu OECD, eða skýrslu sem var gefin út samhliða þessum leiðbeiningum, er jafnframt á það bent að flest lönd hafa á undanförnum árum mótað slíka stefnu um skipulag, eigendahlutverk sitt, um að aðskilja umsýslu eignarhluta í fyrirtækjum frá öðrum þáttum, halda eigninni sjálfstæðri og aðskilinni og svo um reglusetningu varðandi þá markaði sem fyrirtækin starfa á um opinbert eftirlit og þar fram eftir götunum. Því miður hefur ríkið aldrei mótað slíka heildstæða stefnu á Íslandi hvað varðar einstaka tegund fyrirtækja sem þó hefði getað verið ærin ástæða til á umliðnum árum. Tökum sem dæmi orkufyrirtæki sem hafa verið í eigu ríkisins að stærstum hluta og eru enn eða þá fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki almennt sem varanlega eða tímabundið eru í eigu ríkisins.

Þeim drögum að eigendastefnu sem hér er nú rædd er ætlað að skýra aðkomu ríkisins sérstaklega sem eiganda að fjármálafyrirtækjum. Það er fjallað um markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum eða hvernig það er til komið, hvernig skipulagi eigandahlutverksins skuli háttað. Það eru tilgreindar ákveðnar meginreglur sem ríkið setji sér sem eiganda og settar fram ákveðnar kröfur og viðmið varðandi aðkomu ríkisins að þessum rekstri. Þessi eigendastefna er almenns eðlis og miðar að því að skapa traust á ríkinu sem eiganda. Í því sambandi er lögð höfuðáhersla á það að ríkið fari að sjálfsögðu að þeim leikreglum sem gilda almennt á markaði. Þannig mun ríkið t.d. miða aðkomu sína að rekstri fjármálafyrirtækja sem eiganda í samræmi við félagsform þeirra fyrirtækja sem það á eignarhlut í líkt og aðrir eigendur fyrirtækja og markaða gera að sjálfsögðu. Það skiptir máli hvort um er að ræða hlutafélagabanka eða sparisjóð svo dæmi sé tekið, eða fjármálafyrirtæki af öðrum toga.

Það er jafnframt hnykkt á því í þessari stefnu að stjórnir fjármálafyrirtækjanna, algerlega óháð því að ríkið sé eigandi, eigi að bera ábyrgð á rekstri og að slík ábyrgð verði ekki frá þeim tekin þrátt fyrir að ríkið skipi eigendahlutverki sínu t.d. með þeim hætti að setja á fót Bankasýslu ríkisins. Allir eigendur fyrirtækja hafa tiltekin markmið og áherslur með eignarhaldi sínu og ríkið er þar engin undantekning. En þau geta að sjálfsögðu verið mismunandi í einhverjum mæli eftir því hver eigandinn er. Sem eigandi í fjármálafyrirtækjum þarf ríkið að hafa mótaða afstöðu til þess hvernig æskilegt sé að starfsemi þeirra sé háttað. Á sama tíma þarf að tryggja að afskipti eigandans af fjármálafyrirtækjum séu skipuleg, gagnsæ, hafin yfir vafa og sett fram faglega og málefnalega. Með eigendastefnu ríkisins er ríkið þannig að gera ljósar áherslur sínar sem eigandi í fjármálafyrirtækjum gagnvart stjórnarmönnum sem sitja fyrir hönd ríkisins í fyrirtækjunum, gagnvart öðrum eigendum og ekki síst gagnvart almenningi. Stjórnarmönnum ríkisins er þar með ljóst fyrir hvað ríkið stendur sem eigandi og þeir bera ábyrgð á því að koma þeim sjónarmiðum á framfæri í þeim stjórnum sem þeir sitja í. Þótt vissulega séu stjórnarmenn fyrst og fremst bundnir af sannfæringu sinni og eigi að hugsa um hag fyrirtækisins telur ríkið að þessir þættir fari saman, þ.e. hagur þess sem eiganda í fyrirtækjunum og velferð fyrirtækjanna sjálfra. Eigendastefnan á þannig við hvort sem ríkið á fyrirtæki að fullu, á í þeim meiri hluta eða heldur einungis á litlum minni hluta.

Eigendastefnan var eins og áður sagði unnin í fjármálaráðuneytinu í samráði við viðskiptaráðuneytið. Þar var stuðst við áðurnefndar leiðbeiningar frá OECD og það var stuðst við eigendastefnu nokkurra landa sem mótuð hefur verið, einkum Noregs og Svíþjóðar, en þar hefur með mjög metnaðarfullum hætti verið unnið stefnumótandi starf af þessu tagi. Það var einnig stuðst við nýlegar leiðbeiningar um stjórnunarhætti fyrirtækja og bestu venjur í þeim efnum sem nú liggja fyrir, m.a. það sem hér hefur verið gefið út af Kauphöllinni, Viðskiptaráði og Samtökum atvinnulífsins. Þá var einnig haft um þetta samráð við sérstakan starfshóp sem hefur umsjón með endurreisn fjármálakerfisins. Það er ætlunin að sú eigendastefna sem nú er verið að kynna í drögum verði fyrirmynd að almennri eigendastefnu ríkisins sem unnin verði á næstu mánuðum og taki þá til allra þeirra félaga og fyrirtækja sem ríkið á hlut í.

Stefnan sem hv. þingmenn hafa á sínum borðum skiptist í fjóra meginþætti. Í I. hluta er fjallað um markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum og þar eru sett fram þrjú meginmarkmið og fjögur undirmarkmið. Meginmarkmiðin eru:

1. Að stuðla að uppbyggingu heilbrigðs og öflugs fjármálakerfis sem þjónar hagsmunum íslensks samfélags.

2. Að byggja upp traust og trúverðugleika á íslenskum fjármálamarkaði, að rekstur og stjórnun fjármálafyrirtækja séu hafin yfir vafa og að leiðbeiningar og reglur sem unnið er eftir séu skýrar og aðgengilegar.

3. Lögð er á það áhersla að ríkið hafi eðlilegan arð af því fé sem það leggur til íslenskra fjármálafyrirtækja. Það er þó rétt að vekja sérstaklega athygli á því í því sambandi, samanber tölulið 3 í kafla I, að meginmarkmið ríkisins er að sjálfsögðu ekki bara það að hámarka arð af rekstri fyrirtækjanna sem slíkra. Mikilvægasti ávinningur samfélagsins og þar með réttlæting aðkomu ríkisins að þessu er að sjálfsögðu fólgin í skilvirkri þjónustu bankakerfisins og þeim hlut sem því er ætlað að inna af hendi í endurreisn efnahags- og atvinnulífs á Íslandi. Það verður hinn raunverulegi arður sem miklu meira máli skiptir en hitt þó að ríkið verði eðlilega að ætla rekstri sínum að þessu leyti að skila eðlilegri ávöxtun á því fé sem í það er lagt.

Síðan er fjallað um þetta nánar hvað varðar markmiðin í tölusettum undirmarkmiðum sem ég tímans vegna hleyp yfir.

Í II. hluta stefnunnar er gerð grein fyrir skipulagi eigendahlutverksins. Þar hefur verið mörkuð sú stefna að eignarhlutir og þar með eigendahlutverk ríkisins gagnvart hlutafélögum og almennt eigum ríkisins þar sem það er í meiri hluta sé hjá einu ráðuneyti, þ.e. fjármálaráðuneytinu. Þannig hefur því ekki verið fyrir komið hjá okkur fram að þessu. Þannig eru opinber hlutafélög nú dreifð á Stjórnarráðið. Leiðbeiningar og ráð og sömuleiðis fyrirkomulag þessara mála hjá flestum ríkjum er að hinu eiginlega eigendahlutverki ríkisins sé haldið á einum stað og þar sé um samræmda framkvæmd að ræða. Með þessu er hægt að draga skýrar línur milli hlutverks ríkisins sem eiganda annars vegar og annarra hlutverka þess, eftirlits- og stjórnsýsluþáttanna o.s.frv. Þessar breytingar eiga að taka gildi samhliða breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands sem nú eru til meðferðar á Alþingi.

Hvað fyrirkomulagið varðar á þessu sviði er sömuleiðis til umfjöllunar frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins, þar verði til sú eining sem fari tímabundið með eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem stefnir í að verða umtalsvert, a.m.k. á einhverju árabili, væntanlega að halda 100% eignarhlut í langstærsta banka þjóðarinnar, eiga umtalsverða eignarhluti eða stofnfjárhluti í sparisjóðum og eiga minni háttar hluti, ef ekki að fullu eignarhald í Kaupþingi og Íslandsbanka. Það skýrist á næstu vikum hvernig til tekst í þeim efnum. Í stefnunni er sömuleiðis fjallað rækilega um þátt hvers og eins í þessum efnum, þ.e. ríkisins sem eiganda, Alþingis sem löggjafar- og eftirlitsaðila, fjármálaráðuneytisins sjálfs og þá Bankasýslunnar sem eignarhaldarans.

Í III. hluta stefnunnar eru settar fram meginreglur sem ríkið vill halda í heiðri sem eiganda í fjármálafyrirtækjum. Þar er t.d. komið inn á starfsmannastefnu, samskipti, upplýsingagjöf og margt fleira.

Í IV. og síðasta lagi eru settar fram á grundvelli markmiða ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjunum og meginreglna þess sem eiganda þær helstu kröfur og viðmið varðandi starfsemi þeirra sem ríkið vill leggja áherslu á. Stjórnarmenn og aðrir sem koma með einhverjum hætti að stjórn eða rekstri þessara fyrirtækja fyrir hönd ríkisins skulu í störfum sínum vinna að því að þeim sé framfylgt. Þessum kafla er skipt upp í sjö tölusetta liði sem tíminn leyfir ekki að fara yfir en þeir eru:

1. Um samskipti ríkisins og fjármálafyrirtækja sem það á eignarhluti í.
2. Um stefnumörkun og vinnulag.
3. Um starfshætti bankaráða og -stjórna
4. Um upplýsingagjöf ríkisins og fjármálafyrirtækjanna.
5. Um eftirlit.
6. Um launakjör þar sem lögð er áhersla á hófsemi í launakjörum.
7. Um jafnrétti og jafnræði þar sem m.a. jafnlaunastefna og fullt jafnrétti kynja er sérstaklega fram hafið.

Frú forseti. Ég held að það sé mjög æskilegt að við náum að eiga svolitlar umræður um þetta mál og ég fagna því. Sömuleiðis væri gott ef hv. viðskiptanefnd, þrátt fyrir annir og sumartíma, gæti séð sér fært að fjalla um málið áður en drög þessi verða endanlega gefin út sem mótuð stefna sem áríðandi er að gert verði sem fyrst. Meðal annars vegna þeirra breytinga sem nú standa yfir og þess sem í vændum er í fjármálafyrirtækjunum held ég að það sé mjög æskilegt að ekki síðar en samhliða því að bankarnir verða loks endanlega fjármagnaðar og leggja af stað út í lífið sem fullburða stofnanir liggi áherslur ríkisins fyrir að þessu leyti. Vonandi verður hægt að ljúka þessari vinnu á næstu vikum og allar góðar ábendingar hér um eru að sjálfsögðu vel þegnar.

[11:15]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að fagna því að hér séu sett fram drög að eigendastefnu en í henni kemur fram hvernig ríkið ætlar að standa að rekstri fjármálastofnana sem það hefur eignast í kjölfar hrunsins. Í stefnunni eða í inngangi að henni kemur skýrt fram að grunnur hennar sé að ríkið þurfi að vera trúverðugur eigandi og að hafið sé yfir vafa að ekki séu pólitísk afskipti af daglegum ákvörðunum.

Ég sakna þess reyndar mjög að það skuli ekki vera eitt af meginmarkmiðum stefnunnar. Það er minnst léttilega á þetta í inngangi en þetta ætti að vera meginmarkmið ásamt öðrum ágætum markmiðum sem þar eru upp talin. Ég mundi leggja til að það kæmi þarna inn sem eitt af fjórum meginmarkmiðum stefnunnar.

Fram kemur í stefnunni að stjórnir og bankaráð skuli koma sér upp þremur nefndum, það eru starfskjaranefnd, endurskoðunarnefnd og áhættustýringarnefnd. Nú er því þannig háttað að endurskoðunarnefnd og áhættustýringarnefnd eru forsenda fyrir því að fjármálastofnunin fái starfsleyfi þannig að það er svolitlu púðri eytt í hluti sem eru raunverulega lögbundnir og látið líta út eins og þeir séu einhverjar nýjungar, sem er alls ekki. Varðandi starfskjaranefnd þá er eða hefur verið starfandi slík nefnd í öllum fjármálafyrirtækjum þannig að það er heldur ekki nýjung.

Þá kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli koma sér upp skilvirkum ferlum um innra eftirlit og innri endurskoðun. Í fjármálafyrirtækjum sem eru yfir tiltekinni veltu eða eru með yfir tiltekinn fjölda starfsmanna er skylda til þess að vera með innri endurskoðun. Það er reyndar svo að fjármálafyrirtæki fær ekki starfsleyfi nema ferlar, og þá skilvirkir ferlar, um innra eftirlit og innri endurskoðun liggi fyrir þannig að nýjungin er kannski ekki jafnmikil og mætti skilja af þessu.

Þá kemur að launakjörum og þar verð ég að setja allverulega fyrirvara. Enn og aftur er verið að blanda þeirri vitleysishugmynd sem felst í kjararáði inn í þessa stefnu. Laun bankastjóra fjármálastofnana eða forstjóra fjármálastofnana munu eftir þetta takmarkast af launum forsætisráðherra sem eru 935 þúsund í dag og þessi laun eru ekki og verða ekki samkeppnishæf, um það þarf ekki að deila. Launastrúktúrinn í bönkunum mun taka mið af þessum hámarkslaunum og leiða til þess að laun í ríkisbönkunum verða ekki samkeppnishæf við einkabankana Íslandsbanka og Kaupþing og þeir munu þá raka til sín öllum bestu starfsmönnunum og það verður þá hratið sem verður í ríkisbönkunum. En það er kannski ætlunin, hver veit?

Vítin eru til þess að varast þau. Á sinni tíð voru laun seðlabankastjóra lág í samanburði við þau laun sem giltu í fjármálageiranum og allur launastrúktúrinn í Seðlabankanum miðaðist við þau. Þar eru mörg lög af stjórnendum og þegar kom að sérfræðingunum varð launastrúktúrinn vegna þessara takmarkana þannig að þar voru borguð laun sem voru á engan hátt samkeppnishæf, ekki bara við bankakerfið heldur jafnvel líka við háskólastofnanir. Til þess að laða að hæfa einstaklinga komu upp alls konar undarlegar ráðstafanir, þeir gátu farið í langskólanám á fullum launum, þeir gátu tekið að sér ráðgjöf erlendis á háum launum en samt haldið launum heima á meðan og alls konar furðulegir hlutir komu fyrir sem mynduðu ógagnsæi. Þetta er einmitt það sem verið er að leggja til hérna. Ég vara því eindregið við að blanda kjararáði inn í þetta, stjórnirnar í nýjum fjármálafyrirtækjum eiga að geta beitt þeim meðulum sem þær telja hæfa á hverjum tíma til þess að laða að hæfa einstaklinga. Það er verið að takmarka valdsvið stjórnar óeðlilega mikið með þessu.

Þá virðist að stefnumótunin eigi að eiga sér stað utan fjármálafyrirtækjanna en eins og þeir vita sem eru sæmilega að sér í þessum fræðum fer vel heppnuð stefnumótun þannig fram að hún kemur upp í gegnum fyrirtækið. Starfsmenn eiga þátt í henni, annars verður hún marklaust plagg sem enginn fer eftir. Menn fá ekki stefnu bankans senda í pósti.

Jafnframt vil ég benda á að Bankasýslan er þarna inni eins og ég hef rakið í umræðum, það eru miklir gallar á hvernig standa á að því fyrirbæri. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að í öllum fjármálastofnunum eru til starfsreglur stjórnar sem mikil vinna hefur verið lögð í og strangar reglur og lagarammi gilda um marga þá hluti sem eigendastefnan nær til. Í stefnunni er skýrt kveðið á um að aðskilja beri fjárfestingar- og viðskiptabankastarfsemi. Á því eru kostir og gallar sem þarf að ræða mun betur áður en svo stefnumarkandi ákvörðun er sett fram. Það þarf að liggja að baki vel ígrunduð ákvörðun um að skilja ólíka starfsemi að innan banka og get ég þar t.d. bent á Glass-Steagall Act, lög sem sett voru í Bandaríkjunum fyrr á síðustu öld. Þau gengu of langt í þessum efnum og er núna mál manna að bankar með blandaða starfsemi komi best út úr núverandi fjármálakreppu, enda sjáum við ekki neinn fjárfestingarbanka eftir á Wall Street en fjárfestingarbankar voru þá með einhæfa stefnu.

Fyrir mér er þetta plagg ágætis fyrsta tilraun. Það þarf að vinna mun betur og er þá ágætt að hafa til hliðsjónar eigendastefnu Norðmanna og Svía en það eru vel unnin plögg. Hæstv. fjármálaráðherra benti á að það hefði verið gert en þetta er bunkinn sem þessar þjóðir hafa gert og er eigendastefnan þar mun betur unnin en þetta. (Gripið fram í.)

Til að mynda virðist tilgreint í eigendastefnunni hvað á að gerast í framtíðinni en hún á auðvitað að tilgreina hvað nákvæmlega er að gerast í dag til þess að þetta plagg standist tímans tönn. Til þess að stefnan standist í einhvern tíma þarf að ryðja út vitleysu eins og kjararáði og það þarf að hugsa Bankasýsluna mun betur en gert hefur verið. Það er gott að hafa í huga að vegurinn til glötunar er varðaður góðum ásetningi og það ber að hafa í huga þegar eigendastefnan er smíðuð.

[11:23]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir greinargerð hans fyrir þeim drögum að stefnu sem hér liggja fyrir og fagna því að hún sé fram komin. Það er gríðarlega mikilvægt á þeim krossgötum sem við stöndum nú á að eigendastefna liggi fyrir af hálfu ríkisins hvað fjármálafyrirtæki varðar og sé skýr. Er sérstakt fagnaðarefni að hæstv. ráðherra skuli leggja hana fram hér í drögum og gefa kost á umræðu í þinginu og umfjöllun í þingnefndum um hana áður en lengra er haldið í vinnunni. Eins og fram kom í máli hv. síðasta þingmanns er mikilvægt um stefnumörkun að hún komi ekki bara upp af gólfinu og í gegnum fyrirtækin, auðvitað á hún að gera það, en það er líka mikilvægt að haft sé sem allra víðtækast samráð í samfélaginu og að sem flestir aðilar séu kallaðir að því borði til þess að lýsa sjónarmiðum sínum til málanna.

Það er liðin tíð sú bábilja að ríkið megi ekki eiga neitt og sú stefna sem hér er fram sett endurspeglar að sumu leyti þá breyttu stöðu og minnir okkur á að það er mikilvægt fyrir ríkið að setja fram eigendastefnu, ekki aðeins gagnvart bönkunum heldur þeirri margvíslegu starfsemi sem fram fer á þess vegum. Ég held að sá grunnur sem hér er fram lagður geti nýst í stefnumörkun gagnvart annarri starfsemi á vegum ríkisins.

Þar eru til að mynda þættir eins og þeir sem snúa að starfsmönnum fjármálafyrirtækja ríkisins, og ég bið nú hv. þingmenn um að láta af þess konar umfjöllun um starfsmenn ríkisfyrirtækja að þeir séu hratið, svo ég vitni orðrétt í hv. síðasta ræðumann, (Gripið fram í.) vegna þess að góða starfsfólkið sé alltaf keypt úr ríkisfyrirtækjunum yfir í einkafyrirtæki. Ég held að m.a. í fjármálageiranum sýni það sig nú að það er ekki endilega samræmi á milli launa manna hvort þeir hafa verið í einkafyrirtækjum eða ríkisfyrirtækjum í fjármálageiranum þegar farsæld þeirra á því sviði er skoðuð og að margur lágt launaður ríkisstarfsmaðurinn hafi skilað ólíkt betra starfi í ríkisfyrirtæki í fjármálageiranum en hálaunaðir menn í einkageiranum. (Gripið fram í.) Alhæfingar af þessu tagi held ég að séu ekki við hæfi í þessari umræðu. (Gripið fram í.)

Ég held hins vegar að þetta sé einmitt það málefni sem við eigum að vera að ræða á Alþingi. Það er gríðarlega brýnt að endurreisn banka- og fjármálakerfisins í landinu takist vel og að hún vinnist sem allra skjótast vegna þess að þetta kerfi er æðakerfi efnahagslíkamans. Að þar séu ákvarðanir skjótar og skilvirkar og uppbygging takist vel, mun ráða svo gríðarlega miklu um hvort og að hve miklu leyti tekst að forða illa skuldsettum atvinnufyrirtækjum og illa skuldsettum heimilum frá því að brotlenda, og þeim mun fyrr sem við náum landi í þessum leiðangri þeim mun betra.

Það eru gríðarlega ánægjulegar fréttir sem koma núna úr uppgjöri á gömlu bönkunum að það geti verið að tveir af þessum þremur bönkum verði þannig að kröfuhafarnir sjái tilefni til þess að taka þá yfir þó að einsýnt virðist að rekstur Landsbankans hafi verið með þeim hætti að enginn verði til þess að taka hann yfir og ríkið og þjóðin sitji upp með altjón af þeirri einkavæðingu ásamt Icesave-samningnum sem hér hefur verið ræddur í allnokkrar vikur. Það minnir

okkur á það að þær samningaviðræður sem þingið hefur átt í við sjálft sig um Icesave-samningana þurfa að fara að fá niðurstöðu vegna þess að gerð þeirra samninga er ein af forsendunum fyrir þeirri endurreisn sem hér er verið að vinna að. Þær eru forsenda þess að landið hafi aðgang að alþjóðlegum fjármálamörkuðum, forsenda þess að erlendir kröfuhafar komi hér að nýrri bankastarfsemi í landinu. Þegar haft er í huga hversu gríðarlega mikilvægt það er að þessi kjarni í efnahagsstarfseminni, fjármálastarfsemin sjálf, komist aftur í samband við heiminn, við lánsfjármarkaði, og geti spýtt blóði út í efnahagslíkamann, geti endurfjármagnað atvinnufyrirtækin hér, geti fjármagnað verkefni til uppbyggingar á störfum fyrir þá nærfellt 20 þúsund Íslendinga sem nú ganga atvinnulausir, er það okkur áminning að hver vika sem við tefjum þessi verkefni er samfélaginu býsna dýrkeypt.

Um leið hefur vaknað sú spurning, nú þegar standa vonir til þess að tveir af þessum þremur bönkum gætu orðið í eigu kröfuhafa, hvort ekki sé þá óþarft að búa til allt þetta skipulag í kringum eignarhald ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Ágætur þingmaður orðaði það þannig í umræðum í gær, held ég, hvort það ætti þá ekki að kalla þetta Landsbankasýsluna fremur en Bankasýsluna því að það væri aðeins einn banki sem ríkið þyrfti að hafa umsjón með. Auðvitað er það ekki svo, fyrir utan Landsbankann er minnihlutahlutur í þessum tveimur bönkum og síðan hlutir í sparisjóðunum og við eigum talsvert langt eftir í land í þeim leiðangri að draga ríkið út af fjármálamarkaðnum. Það fer best á því að það séu einkaaðilar og kraftur þeirra sem eru nýttir til þess að reka fjármálakerfið í landinu og er það fyrir öllum þorra manna hið endanlega markmið í þessum leiðangri. Það er hins vegar algerlega augljóst að það er nokkuð langt þangað til við stöndum frammi fyrir því og þess vegna þarf til skemmri tíma að koma á fót þeirri Bankasýslu og því skipulagi sem gerð er grein fyrir í þessari stefnu til þess að halda utan um þennan leiðangur og halda þessum leiðangri armslengd frá pólitík. Það er gríðarlega mikilvægt að pólitíkin blandist ekki saman við viðskiptin og þær áherslur sem lagðar eru í stefnunni, m.a. á það að þeir sem starfa í fjármálafyrirtækjum á vegum ríkisins leiti ekki til stjórnmálanna um ákvarðanir í einstökum atriðum heldur starfi sú stofnun sem sett er upp eftir góðum stjórnsýsluháttum og menn leiti þangað um ákvarðanir. Það er gríðarlega mikilvægt.

Það verður líka að hafa í huga að það er ekki bara pólitíkin sem ekki má blandast inn í viðskiptin heldur hlýtur það líka að vera okkur mikið umhugsunarefni hversu viðskiptin eru farin að blandast í pólitíkina þegar allur fjármálageirinn er nú í raun og veru á ríkisábyrgð. Fjármálakerfið á Íslandi er að mestu fjármagnað í dag með innstæðum í bönkunum. (Forseti hringir.) Á þeim innstæðum er full og ótakmörkuð ríkisábyrgð og þar af leiðandi er einkavæðing þessarar starfsemi einkavæðing með fullri ríkisábyrgð (Forseti hringir.) og þess vegna er full ástæða til þess að stíga þau skref með fullri varúð.

[11:32]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Nú hefur fjármálaráðuneytið loks lagt fram eigendastefnu vegna fjármálafyrirtækja. Reyndar tel ég löngu tímabært að ríkið setji sér heildareigendastefnu, sér í lagi vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á eignarhaldi fyrirtækja, stórra og smárra á síðustu mánuðum. Mjór er þó mikils vísir og er vonandi að ríkisstjórnin haldi áfram að festa á blað hugmyndir sínar um stjórnun og stefnumörkun svo almenningur hafi eitthvað í höndunum til að tryggja gagnsæi og ábyrgð stjórnvalda þegar kemur að rekstri fyrirtækja og fjármálastofnana. Eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki er ætlað að skýra fyrirrætlanir ríkisins sem eigandi að fjármálafyrirtækjum meðan á endurreisn íslenska fjármálakerfisins stendur yfir.

Í upphafsorðum eigendastefnu segir, með leyfi forseta:

„Stefnan tekur mið af þessum sérstöku aðstæðum og er með henni leitast við að skapa trúverðugleika og traust á ríkinu sem eiganda, bæði út á við gagnvart öllum almenningi, viðskiptavinum fjármálafyrirtækja og erlendum lánardrottnum og samstarfsaðilum, og einnig inn á við, gagnvart Alþingi, framkvæmdarvaldinu, fjármálafyrirtækjunum, starfsfólki þeirra og stjórnendum.“

Stefnan skiptist í fjóra meginþætti:

Í fyrsta lagi er fjallað um markmið ríkisins með eignarhaldi sínu í fjármálafyrirtækjum. Með þeim markmiðum upplýsir ríkið hverju það vill ná fram með rekstri fjármálafyrirtækja í eigu þess.

Í öðru lagi er fjallað um skipulag eigendahlutverksins innan ríkisins. Gerð er grein fyrir ábyrgð hvers aðila og tengslum milli þeirra.

Í þriðja lagi eru settar fram meginreglur ríkisins sem eiganda. Um er að ræða meginreglur sem þeir aðilar innan ríkisins er fara með umsýslu eignarhluta ríkisins þurfa að fara eftir. Á þetta einkum við um Bankasýslu ríkisins.

Í fjórða lagi eru tilteknar kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja.

Þetta er í fyrsta skipti sem ríkið setur sér eigendastefnu með skýrum og skriflegum hætti. Ætlunin er að þessi eigendaskipti verði síðan grunnur að almennri eigendastefnu ríkisins sem verður á næstunni og nær til allra þeirra félaga og fyrirtækja sem ríkið á hlut í. Stefnumörkun ríkisins sem eiganda er mjög mikilvæg og á að vera hluti innri stjórnarhátta ríkisins. Þar eiga að koma fram viðhorf, ásetningur, agi og skipulag sem ríkið ætlar að hafa til að ná meginmarkmiðum sínum. Þar skiptir máli að tekið sé á þáttum eins og áreiðanleika, siðferði, stjórnunarstíl og viðhorfum ríkisins, stjórnskipulegri uppbyggingu og virkni, hvernig ábyrgð á úrræðum er útdeilt og hvernig starfsmanna- og mannauðsstjórnun er háttað. Því tel ég að hægt sé að gera miklar athugasemdir við hvernig unnið hefur verið að eigendastefnunni og endurreisn bankanna á þinginu.

Frá því að þing kom saman eftir kosningar hefur verið unnið eftir tillögum frá samræmingarnefndum um endurreisn bankakerfisins og tillögum sérfræðingsins Mats Josefssons. Helstu tillögur hans byggðust á þeirri staðreynd að 90–95% af íslenska bankakerfinu yrði í eigu íslenska ríkisins og því væri mikilvægt að ríkið markaði sér skýra stefnu og kæmi á fót skýru stjórnskipulagi vegna bankanna hratt og vel. Því hefði ég talið eðlilegt að fyrst hefði ríkisstjórnin komið fram með eigendastefnu sína og síðan lagt fram nauðsynleg frumvörp til að tryggja að hægt væri að fram-

fylgja henni. Við höfum hins vegar byrjað að vinna með eignaumsýslufélagið. Síðan fengum við frumvarp um bankasýsluna, svo kom fram um síðustu helgi að búið væri að gera samkomulag við skilanefndir Glitnis og Kaupþings sem skila áttu til þeirra nýju bönkunum og nú loksins fáum við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Ég er sannfærð um að þetta eru ekki ný vinnubrögð heldur einmitt gömlu, góðu vinnubrögðin úr bankakerfinu. Til dæmis virðast menn þar hafa uppgötvað að það væri ágætt að vera með innri endurskoðun og eftirlit með starfsháttum og eitthvað sem heitir áhættustýring og svo væri kannski nauðsynlegt að vera með jafnréttisáætlun, enda víst lög um það. En hver er árangurinn? Það voru engir eldveggir. Menn lánuðu sjálfum sér í gríð og erg, bankakerfið hrundi og eintómir karlmenn voru við stjórnvölinn. Eiginlega verð ég að segja að það er alveg sláandi hversu mikið af jakkafötum mætir á fund viðskiptanefndar í ljósi þess hversu mikið af góðum jafnréttisáætlunum er að finna bæði hjá fyrirtækjum og ríkinu.

Seinna í dag ætlum við að ræða frumvarp ríkisstjórnarinnar um Bankasýsluna og stutt er síðan lög um eignaumsýslufélagið var afgreitt. Minni hluti viðskiptanefndar hefur bent á að nú sé tími til að staldra við, kalla aftur saman samræmingarnefndina um endurreisn bankakerfisins, yfirfara eigendastefnuna og byggja stjórnskipulag upp aftur samkvæmt henni en ekki slengja henni fram þegar búið er að móta skipulag til að ramma inn og birta í litríkum bæklingum. Ég sakna einnig að ekki sé sérstakur kafli um siðferði eða hvernig koma eigi í veg fyrir spillingu í eigendastefnunni. Fátt er mikilvægara en að ríkið marki sér stefnu í siðferðismálum. Eftir græðgisvæðingu síðustu ára þar sem peningar, arðsemi og græðgi voru sett á stall og dýrkuð er kominn tími til að við skilgreinum viðhorf okkar og samfélagsábyrgð upp á nýtt.

Í eigendastefnunni er þetta hins vegar afgreitt á mjög einfaldan hátt í meginreglunum:

„Fjármálafyrirtækin skulu vera meðvituð um samfélagslega ábyrgð sína.“

Hvað þýðir þetta, að vera meðvitaður um samfélagslega ábyrgð sína?

Ég verð líka að viðurkenna að það er mjög einkennilegt að lesa fyrstu eigendastefnu ríkisins sem formaður Vinstri grænna, hæstv. fjármálaráðherra, leggur fram fyrir þingið að þar er ekki eitt orð um umhverfismál, ekki eitt einasta orð. (Gripið fram í.) Já, meira að segja fjármálafyrirtæki geta haft eitthvað um umhverfi að segja, t.d. leggja áherslu á umhverfismál, í rekstri, með vistvænum innkaupum og þjónustu við viðskiptavini sína, með áherslum um hvers konar fyrirtækjum þau lána og annað þess háttar. Ég tel að það gæti verið mjög upplýsandi fyrir hæstv. fjármálaráðherra að kynna sér *Global Compact* Sameinuðu þjóðanna eða siðareglur norska lífeyrissjóðsins sem er það viðmið sem norskum ríkisfyrirtækjum er ætlað að notast við þegar þau móta sér siðareglur. Samkvæmt stefnumörkun norsku ríkisstjórnarinnar eiga öll fyrirtæki í eigu norska ríkisins að móta sér siðareglur og það sem meira er, þau eiga að fara eftir þeim.

Hæstv. fjármálaráðherra sem hæst hefur talað um skort á siðferði og siðgæði í íslensku fjármálakerfi hefði átt að hafa nægan tíma síðasta hálfa árið til að koma inn svo sem einni og einni setningu um siðareglur í eigendastefnu ríkisins. Ég vona svo sannarlega að hann muni eiga gott samstarf við þingið eins og hann talaði um í ræðu sinni varðandi endurbætur á eigendastefnunni og noti þetta einstaka tækifæri til að koma fram nauðsynlegum breytingum á skipulagi og starfsháttum íslenska fjármálakerfisins.

[11:38]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Endurreisn bankakerfisins er ærið verkefni og stjórnvöld eru ekki öfundsverð að vera í þeirri stöðu að þurfa að tjasla því saman. Það er bæði gott og skynsamlegt að ríkið marki sér skýra eigendastefnu. Meginmarkmið hennar eru göfug og líst mér að mestu leyti ágætlega á stefnuna sem slíka. Ég mundi hins vegar einnig vilja benda á nauðsyn þess þegar ríkið markar sér stefnu sem kröfuhafi því að þar á það einnig mikilla hagsmuna að gæta.

Það er Bankasýsla ríkisins, ný stofnun, sem á að fara með eignarhluta ríkisins og fylgja eigendastefnunni og ég hef töluverðar áhyggjur af henni. Ekki er gert ráð fyrir faglegri ráðningu í stjórn stofnunarinnar og það finnst mér afspyrnuvitlaust. Það er flott markmið að vilja halda bankakerfinu armslengd frá fjármálaráðherra en ég hef enga trú á að það geti orðið ef fjármálaráðherra á að skipa stjórn Bankasýslunnar sem svo ræður forstjóra. Það verður hægur vandi fyrir fjármálaráðherra, hver svo sem hann er á hverjum tíma, að koma jábræðrum og -systrum í þessar lykilstöður.

Frú forseti. Við vitum enn ekki hvernig hið nýja bankakerfi mun líta út. Staðan er allt önnur nú en í síðustu viku og hver veit hvernig hún verður að ári. Hlutverk Bankasýslunnar er í raun að miðstýra bankakerfinu. Ég er ekki hrifin af slíkri miðstýringu en gott og vel. Nú eru sérstakir tímar og kannski er slík miðstýring réttlætanleg í allt að fimm ár en stofnuninni er ætlað að starfa í þann tíma í mesta lagi.

Nú er sú staða komin upp að tveir bankanna verða e.t.v. í erlendri eigu en einn í fullri eigu ríkisins. Ríkið mun hins vegar eiga 10–12% í hinum bönkunum ef þetta gengur eftir. Ég get ekki séð hvernig ríkið getur unnið í gegnum Bankasýsluna að því undirmarkmiði eigendastefnunnar að tryggja samkeppni á fjármálamarkaði við þessar aðstæður. Gott væri að fá að vita hvernig ríkið hyggst snúa sig út úr þeirri klemmu.

Að öðru leyti líst mér ágætlega á eigendastefnuna sem slíka og fagna því sérstaklega að sjá að bankarnir eiga að gæta jafnræðis á milli viðskiptavina og fylgja skilgreindum ferlum og verklagi, m.a. við úrlausn á skuldavanda fólks og fyrirtækja í rekstrarerfiðleikum því að á það mun reyna.

Fjórða undirmarkmið eigendastefnunnar snýr að því að tryggja að eignaraðild í fjármálafyrirtækjum verði dreifð. Í ljósi sögunnar finnst mér mikilvægt að tryggja að bankarnir komist ekki aftur í eigu þeirra manna sem settu allt á hliðina.

Svo er það þetta með launin. Það er hluti af stærri umræðu að enginn megi hafa hærri laun en forsætisráðherra og það eru örugglega margir sem vona að hún ákveði ekki að lækka launin sín og þar með allra hinna líka. Ég vil benda á að þetta geti verið hættulegt og það er ekki víst að við fáum

hæfustu stjórnendurna ef þetta verður raunin.

Að öðru leyti líst mér ágætlega á stefnuna en mér finnst að hún mætti kannski vera ítarlegri. Ég vil taka undir sumt af því sem hv. þm. Eygló Harðardóttir sagði um að hún mætti vera ítarlegri og að siðferðissjónarmið og umhverfissjónarmið ætti að taka til skoðunar. Mér þætti líka æskilegt að stefnan yrði tekin til endurskoðunar reglulega vegna þess að eins og við sjáum eru breytingar á þessu sviði svo örar og því þurfum við að gera ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika.

[11:43]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Við erum hér komin til að ræða hlutverk og stefnu ríkisins sem eiganda fjármálafyrirtækja en áður en ég vík máli mínu að því er rétt að skoða aðeins í víðara samhengi hlutverk hins opinbera á fjármálamarkaði því að ríkið gegnir auðvitað veigamiklu hlutverki sem ekki tengist beint því að ríkið verður fyrirsjáanlega eigandi fjármálafyrirtækja. Ríkið hefur ekki minna hlutverki að gegna sem regluvörður við lagasetningu og því hlutverki gegnir það auðvitað áfram. Þar gegna lykilhlutverki fyrir hönd ríkisins stofnanir eins og Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn og vitaskuld Alþingi sjálft með lagasetningunni og jafnframt stofnanir eins og Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa. Fleiri stofnanir mætti telja upp sem huga að samkeppnissjónarmiðum og neytendasjónarmiðum. Þá skiptir ekki síst máli í ljósi stöðunnar og umræðunnar að hið opinbera gæti að hagsmunum þeirra sem eru nú mjög skuldsettir, hvort sem það eru heimili eða fyrirtæki og eiga í viðskiptum við banka, hvort sem það verða ríkisbankar eða einkabankar eða aðrar lánastofnanir. Ríkið mun því hafa veigamiklu hlutverki að gegna sem ekki birtist í þessari eigendastefnu og við munum án efa þurfa að ræða það hlutverk í þessum sal mjög ítarlega á næstu mánuðum og missirum.

En þegar hugað er að eigendastefnu verður fólk að átta sig á því að það er verulegur eðlismunur á ríkisfyrirtæki og einkafyrirtæki þótt það sé talsverð einföldun er hægt að miða við að einkafyrirtæki horfi fyrst og fremst á hagnað og hafi hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi við rekstur sinn. Það má svo sem vel vera að sitt sýnist hverjum um það en sú virðist vera raunin. Það er hins vegar varhugavert að ætla sér að reka ríkisfyrirtæki á sömu forsendum og reyndar tilgangslítið að hafa rekstur í eigu ríkisins ef markmiðin eiga að vera hin sömu og hjá einkafyrirtækjum. Það blasir t.d. við að nú er það mun mikilvægara fyrir þjóðfélagið að enduruppbygging atvinnulífsins gangi vel, og þar gegna fjármálastofnanir lykilhlutverki, en að það verði verulegur hagnaður af starfsemi t.d. Landsbankans. Þótt það sé í sjálfu sér æskilegt að hann sé rekinn með hagnaði skiptir meira máli að fjármálakerfið styðji vel við endurreisn viðskiptalífsins sem síðar skilar okkur öllum, og þar á meðal ríkissjóði, ávinningi. Hins vegar má ekki kosta til hverju sem er þannig að við rekstur stofnana eins og Landsbankans eða sparisjóðanna, sem munu fyrirsjáanlega komast í eigu hins opinbera að hluta til, þarf auðvitað að gæta aðhalds og taka ekki áhættu umfram það sem nauðsynlegt er. Það hlýtur að vera eðlilegur liður í eigendastefnu að finna eitthvert jafnvægi á milli þessara þátta, þ.e. hins jákvæða sem viðkomandi fyrirtæki skila efnahagslífinu og þjóðfélaginu og svo þess kostnaðar sem hlýst af því að horfa ekki eingöngu til hagnaðarsjónarmiða. Við höfum nú þegar, og höfum haft lengi, fjármálastofnanir sem reknar eru að hluta til á félagslegum grunni eins og t.d. Íbúðalánasjóður og Byggðastofnun. Svipuð sjónarmið verða sjálfsagt uppi að einhverju marki við rekstur á bönkum í ríkiseigu og sparisjóðum í ríkiseigu þótt við viljum væntanlega ekki ganga svo langt að breyta þeim í einhvers konar félagslegar stofnanir einfaldlega vegna þess að kostnaðurinn við það yrði meiri en réttlætanlegt er.

Við rekstur ríkisfyrirtækja þarf ekki eingöngu að huga að markmiðunum með rekstrinum heldur líka umgjörðinni, stjórnsýslu og stjórnarháttum. Það er mat mitt að það fyrirkomulag sem lagt er til bæði með eigendastefnunni og frumvarpi um Bankasýslu sé nokkuð skynsamlegt þótt auðvitað sé það ekki fullkomið frekar en önnur mannanna verk. Við höfum reynt ýmislegt í bankarekstri í gegnum tíðina. Við viljum alveg örugglega ekki hverfa aftur til fyrirkomulagsins sem var undanfarin sex ár en við viljum ekki heldur hverfa til þess fyrirkomulags sem var næstu 60 ár þar á undan með pólitískum bankaráðum og bankastjórum, pólitískum lánveitingum að uppistöðu til og mikilli umræðu um ýmiss konar smáspillingu, laxveiðar og annað slíkt, sem virkar reyndar hjákátlegt í samanburði við það sem gekk á undanfarin sex ár. En hvað sem því líður viljum við ekki heldur endurtaka það þannig að við erum brennd bæði af hrunadansinum sem fylgdi einkavæðingunni undanfarin sex ár og líka af forsögunni um pólitískt bankakerfi sem var einnig kostnaðarsamt þótt það sé reyndar einnig álitamál hvort einkavædda bankakerfið olli meira skaða á sex árum en hið pólitíska bankakerfi gerði á 60 árum þar á undan.

Við stöndum frammi fyrir því að Landsbankinn er nær örugglega á leið í eigu ríkisins og hann er stærsti íslenski bankinn og verður það fyrirsjáanlega eitthvað áfram. Það skiptir því gríðarlegu máli fyrir allt hagkerfið hvernig til tekst með rekstur þess banka. Hið opinbera mun ekki skorast hjá því að reka þann banka mjög vel og auðvitað þarf ríkið einnig að gæta vel að hagsmunum sínum í sparisjóðunum. Ég á reyndar ekki von á því að neinn þeirra verði að fullu í eigu hins opinbera en einhverja hlutdeild mun hið opinbera eiga og aðkomu að stjórnun vegna þeirrar eignarhlutdeildar. Þar þarf einnig að standa vel að málum. Sparisjóðirnir eru vitaskuld miklu minni stofnanir en Landsbankinn en þeir skipta miklu í þeim byggðum sem þeir þjóna og sérstaklega í þeim byggðum utan höfuðborgarsvæðisins þar sem bankarekstur er að öðru leyti mjög lítill eða enginn. Þar verður hið opinbera með aðkomu sinni að gæta þess sem eigandi að þessar stofnanir, sparisjóðirnir, veiti góða þjónustu, enda væri ella ekki völ á neinni fjármálaþjónustu á viðkomandi stöðum.

Það væri hægt að ræða þessi mál lengi en tímans vegna er ekki hægt að gera grein fyrir öllu. Ég vil þó ljúka máli mínu á því að benda á að þegar hið stóra samhengi er skoðað skiptir margt máli. Ég er þegar búinn að nefna hlutverk ríkisins sem regluvarðar og lagasetningarhlutverkið. Nú erum við að ræða hlutverk þess sem eiganda en svo þurfum við að huga að því hvernig til tekst almennt að ná tökum á

efnahagsmálum, sérstaklega gjaldeyrismarkaðinum, (Forseti hringir.) stöðugleika í gengi og verðlagi. Það skiptir ekki síður máli en eigendastefnan fyrir það hversu blómlegt (Forseti hringir.) fjármálakerfið verður í framtíðinni.

[11:51]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þakkir til hæstv. fjármálaráðherra fyrir að við skulum vera að ræða þessa ágætu eigendastefnu á þinginu og ég fagna því að hún er komin fram, svo langt sem hún nær. Það gladdi mig líka að hæstv. fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni að þetta væri eigendastefna í drögum og hvatti til þess að við í viðskiptanefnd funduðum um hana. Við höfum reyndar fundað um hana einu sinni og fengið ágæta kynningu á henni frá fjármálaráðuneytinu. En ég vona svo sannarlega að við getum átt um hana fleiri fundi og haft á hana áhrif vegna þess að markmiðin eru góð. En þessi stefna ber það með sér að þetta er skjal í mótun og sett fram miðað við tilteknar forsendur og tiltekinn veruleika sem við erum ekki viss um að verði þar sem hlutirnir breytast svo hratt. Þetta tengist allt saman, eins og hefur verið rætt hér, Bankasýslan, eigendastefnan, eignaumsýslufélagið og sparisjóðirnir, sem við ræddum fyrr á þessu þingi, og ég get tekið undir með hv. þm. Eygló Harðardóttur að sú röð sem þessir hlutir eru ræddir í er kannski ekki til eftirbreytni. En þetta er erfitt verkefni og hæstv. fjármálaráðherra er kannski nokkur vorkunn að standa frammi fyrir því og þurfa að ákveða hvar á að byrja af því að allt þarf að bíða eftir hinu og þetta kallast allt á. Ég hef því vissa samúð með ráðherranum. Þess vegna er mikilvægt að við ræðum þetta allt í samhengi og að við séum ekki búin að útiloka neitt eða komin á einhverja braut þar sem verklagið snýst allt um að færa hlutina inn í skipulagið. Við verðum að átta okkur á því að við verðum að hafa þetta sem lifandi verkefni.

Á mánudaginn náðist mikilvægur áfangi sem vakti vonir um að uppbygging fjármálakerfisins yrði jákvæðari og betri en ég hef þorað að vona, það var þegar samkomulag stjórnvalda við skilanefndir bankanna þriggja var kynnt. Það voru fyrstu jákvæðu fréttirnar sem við höfum fengið í mjög langan tíma. En það er ekkert fast í hendi og hæstv. fjármálaráðherra tók það sérstaklega fram í gær að það þyrfti að klára stofnun Bankasýslunnar, hann vildi hafa vaðið fyrir neðan sig. Og allt í lagi með það. En það er hins vegar morgunljóst að allar forsendur gætu breyst ef þetta gengur eftir og planið sem lagt var upp með þegar eigendastefnan var sett fram gæti þess vegna orðið allt annað. Þetta plagg, eins ágætt og það er og markmið þess, er í rauninni orðið úrelt. Ég vil nefna nokkur dæmi.

Gegnumsneitt miðast öll vinnan í þessu plaggi við að ríkið sé eini eigandinn og það ræðir ekki um hlutverk eða stefnu ríkisins sem meðeiganda, að ég tali ekki um sem 10% eiganda, eins og stefnir vonandi í að ríkið verði í tveimur bönkunum. Ekki er talað um hvernig þessi markmið eigendastefnunnar muni nást ef ríkið er með 10% hlut. Hvernig ætlar ríkið að geta sett fram allar þær kröfur sem gerðar eru? Tíminn líður alveg ótrúlega hratt og ég er rétt að byrja.

Ég vil leggja á það áherslu að þetta er fínn grunnur og nauðsynlegt að ríkið setji sér skýr markmið en við erum í verkinu miðju. Við þurfum að klára þessa hugsun og sjá hver þróunin verður áður en lengra verður haldið. Annars fer takmarkið að verða það að uppfylla planið (Forseti hringir.) en ekki það sem hæstv. viðskiptaráðherra var að tala um áðan og ég tek undir að við höfum tækifæri til að gera, (Forseti hringir.) að búa til nýtt bankakerfi, ekki eins og undanfarin sex ár eða 60 ár, virðulegi forseti, heldur nýtt bankakerfi. Notum það tækifæri (Forseti hringir.) eins vel og við getum.

[11:56]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Hæstv. forseti. Það er löngu tímabært að ríkisvaldinu sé mörkuð eigendastefna enda rekur ríkið fjölda fyrirtækja. Sú stefna sem við ræðum hér nær eingöngu til fjármálafyrirtækja en fram kemur að henni sé jafnframt ætlað að vera grunnur að almennri eigendastefnu ríkisins sem unnin verður á næstunni og á að ná til allra þeirra félaga og fyrirtækja sem ríkið á hlut í. Nágrannalönd okkar hafa öll mótað slíka stefnu og hafa erlendir ráðgjafar ríkisstjórnarinnar eindregið mælt með því að slík stefna sé mótuð og gagnrýnt að hún sé ekki til staðar.

Samhliða eigendastefnunni er unnið að því að flytja eignarhald opinberra fyrirtækja til fjármálaráðuneytisins og styrkja þannig þekkingu, samræmi og reynslu í hlutverki ríkisins sem eiganda og skilja að eigendahlutverk, reglusetningu og eftirlit. Þær áætlanir styð ég heils hugar.

Á þessari stundu er ekki ljóst til hversu margra fjármálafyrirtækja sem alfarið verða í eign ríkisins stefnan mun ná en ljóst er að hún mun a.m.k. ná til Landsbankans. Það má vel vera að endurskoða þurfi ákveðin atriði stefnunnar ef skilanefndir Glitnis og Kaupþings taka yfir rekstur Íslandsbanka og nýja Kaupþings en að öðru leyti tel ég stefnuna góða.

Frú forseti. Vantraust gegnsýrir íslenskt samfélag og mikilvægt er að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að endurvekja traust á stofnanir samfélagsins. Ég vil því ræða sérstaklega það meginmarkmið stefnunnar sem lýtur að uppbyggingu trausts og trúverðugleika á íslenskum fjármálamarkaði. Þar segir m.a. að rekstur og stjórnun fjármálafyrirtækja þurfi að vera hafin yfir vafa og leiðbeiningar og reglur sem unnið er eftir að vera skýrar og aðgengilegar. Ég tek heils hugar undir það markmið en til að það verði uppfyllt þarf að hafa föst tök. Í bönkunum í dag starfa margir stjórnendur sem eiga persónulegra hagsmuna að gæta vegna fyrirgreiðslna sem þeir fengu. Þá var útlánastarfsemin oft og tíðum óábyrg í meira lagi og sama fólk og tók ákvarðanir um lánveitingar á nú að greiða úr vandanum gagnvart viðskiptavinum. Það er óásættanlegt fyrir íslenskan almenning að ekki sé skipt um stjórnendur í fjármálakerfinu og verður nánast ógjörningur að skapa trúverðugleika í kringum starfsemina ef þeim sem stuðluðu að vandanum er treyst fyrir því að leysa hann. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Til að þessi stefna verði pappírsins virði er það forgangsverkefni fjármálaráðuneytisins sem fer með eignarhald allra þriggja stærstu bankanna um þessar mundir að tryggja að öllum stjórnendum sem verið hafa óábyrgir í lánveitingum eða óhóflegum persónulegum lántökum hjá við-

komandi banka verði veitt lausn hjá störfum. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Það sama þarf að tryggja hjá skilanefndum bankanna, jafnt hjá nefndarmönnum sem starfsmönnum þeirra. (Gripið fram í.)

Sjálfstæðisflokknum vil ég veita þau ráð að sýna fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um ábyrga eigendastefnu sömu auðmýkt og þeir auðsýna fulltrúum sínum í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og þá sérstaklega fulltrúanum sem ber ábyrgð á einu stærsta, alvarlegasta og dýrkeyptasta hneyksli Íslandssögunnar, Icesave-reikningunum.

[11:59]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Eftir bankahrunið situr ríkið eftir með stóru bankana og eignarhluti í fyrirtækjunum á Íslandi í fanginu. Meginþróun um allan hinn vestræna heim hefur verið í öfuga átt við þetta, þ.e. að færa sem mest af fyrirtækjum og þjónustu í velferðarríkjunum í hendur markaðarins eða einkaaðila. Þó vil ég undanskilja grunnstoðir eins og heilbrigðisþjónustuna, félagsþjónustu og menntakerfið. Þar hefur ríkisreksturinn verið svarið að mestu leyti en hinar pólitísku átakalínur hafa einmitt snúist um hversu langt við eigum við að ganga í einkavæðingu og að færa verkefni til markaðarins almennt og hvað á að vera eftir hjá ríkinu. Þarna hefur tekist á grunnhugmyndafræðin bæði hjá vinstri og hægri mönnum.

Nú situr ríkið allt í einu uppi með mörg fyrirtæki í fanginu og hvernig snúum við okkur í því? Jú, það þarf að setja skýrar reglur um hvernig eigi að halda á stjórnun og eignarhaldinu. Það verður að vera sanngirni og réttlæti í öllum ákvörðunum. Það þarf að halda pólitíkinni og viðskiptunum aðskildum. Það er flókið og það er viðkvæmt einmitt núna þegar ríkið á fyrirtækin að meira eða minna leyti. Í augnablikinu er íslenskt samfélag mjög viðkvæmt og við höfum ekki efni á að gera nein mistök í þessu sambandi. Allur grunur um óeðlilegar ákvarðanir, teknar á óljósum forsendum mun virka sem olía á eld á næstu missirum. Þess vegna er svo mikilvægt að eigendastefna ríkisins verði skýr. Við höfum beðið mjög lengi eftir henni og núna fáum við að sjá fyrstu viðleitni í þá átt að setja slíka stefnu fram. Ég hélt reyndar að hún yrði nákvæmari og fyllri en ég tek undir með þeim sem hafa sagt í þessum ræðustól í umræðunni að mjór er mikils vísir.

Framsóknarmenn hafa ályktað um þessi mál. Ég ætla ekki að lesa þær ályktanir hér, virðulegur forseti, en þær ganga út á það að jafnræði eigi að gilda og ekki eigi að búa svo um hnútana að ríkið trufli samkeppni á markaði. Þetta er viðkvæmt verkefni sem þessi eigendastefna á einmitt að taka á.

Þegar lesið er í gegnum eigendastefnuna sem við erum að fjalla um hér sést að verið er að reyna að taka á þessum málum. Ég vil fagna því að það á að koma hinni opinberu umsýslu með hlutafélögum og félögum í eigu ríkisins á einn stað, inn í eitt ráðuneyti, þ.e. til fjármálaráðuneytisins. Hingað til hefur smákóngahugsunin verið allt of ríkjandi í þessu sambandi þar sem við höfum verið með eignarhaldið á höndum hinna og þessa ráðherra.

Það kemur fram á bls. 4, virðulegur forseti, að varðandi það að koma öllu eignarhaldinu fyrir á hendi eins ráðuneytis, fjármálaráðuneytisins, eigi að draga skýra línu milli hlutverks ríkisins sem eiganda og annarra hlutverka þess. Það kemur líka þar fram, virðulegur forseti, að eftirlitshlutverkið eigi að heyra undir viðskiptaráðuneytið. Á mannamáli þýðir þetta, virðulegur forseti, að hæstv. viðskiptaráðherra Gylfi Magnússon á að hafa eftirlit með hæstv. fjármálaráðherra Steingrími J. Sigfússyni. Þetta virkar svolítið skrýtið en eitthvert skipulag verðum við að hafa á þessu systemi hér, virðulegur forseti, og ég tel að þetta sé alla vega skref í rétta átt miðað við þá stöðu sem við erum að upplifa núna.

Ég vil, virðulegur forseti, segja hér að lokum að ég vil gefa þessari stefnu líf. Þetta er upphaf að því að móta hér dýpri eigendastefnu og ég vil hvetja hæstv. fjármálaráðherra Steingrím J. Sigfússon áfram, ég tel að hæstv. ráðherra sé á réttri braut með því að leggja þessa eigendastefnu fyrir þingið og fagna því sem fram kom að hæstv. ráðherra er opinn fyrir því að viðskiptanefnd taki eigendastefnuna til skoðunar og það verði hlustað á góðar ábendingar, komi þær frá viðskiptanefnd.

[12:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka kærlega fyrir þessa umræðu og bregðast við nokkrum atriðum sem hér hafa verið nefnd. Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson nefndi að það að aðgreina bankareksturinn og meðferð þeirra mála frá hinu pólitíska valdi ætti að vera eitt af meginmarkmiðum stefnunnar. Það er svo sem fullgilt sjónarmið út af fyrir sig en ég vil benda á að fyrirkomulagið sjálft er gagngert sett upp nákvæmlega til þess að ná því fram, þar á meðal og ekki síst að búa til sjálfstæða einingu, sjálfstæða stjórnsýslueiningu í armslengd frá fjármálaráðuneytinu sem haldi eignarhaldið í fjármálafyrirtækjum. Af sjálfu leiðir að margt sem hér er nefnt er hluti starfsreglna fjármálafyrirtækja og sumt af því bundið í lögum eða bundið við starfsleyfisveitingu þeirra. Það breytir ekki því að það getur verið eðlilegt að því sé lyft í hinni opinberu eigendastefnu.

Varðandi launakjör sem hér hafa verið nefnd og það að kjararáð eigi ekki að vera að ákveða laun bankastjóra er verið að móta þá heildarstefnu að laun æðstu stjórnenda fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins almennt skuli ákveðin af kjararáði, óháð forminu sem þar er við lýði samanber það að taka opinber hlutafélög og hlutafélög og sameignarfélög inn undir kjararáð. Ekki stendur til að bakka með þá stefnu. Launin þurfa að sjálfsögðu að vera samanburðarhæf og þannig að hæft fólk fáist til að vinna að þeim störfum en það stendur ekki til að hverfa aftur til 2007, það er mjög mikilvægt að allir hafi það á hreinu. Þeirri stefnu er hafnað hér í þessari starfsmannastefnu. Hér er ekki talað um kaupauka og bónusa heldur um það að byggt sé á eðlilegum framgangi í starfi og mönnum sé umbunað fyrir vel unnin störf á þann hátt sem heilbrigt er. Græðgisvæðingunni er hafnað.

Ætli það sé nú ekki þannig að launin hafi verið eitthvað hærri í Kaupþingi en í Sparisjóði Strandamanna? Það breytir ekki hinu að ólíku er saman að jafna örlögum þessara tveggja stofnana. Það þurfti sem sagt engin ofurlaun til, hvorki í Sparisjóði Strandamanna né Sparisjóði Suður-Þingeyinga til þess að reka þær stofnanir vel og með ábyrg-

um hætti og mikið mega þeir þakka fyrir sem eru þar í viðskiptum.

Það er lögð hér mikil áhersla á þjónustuhlutverk þessara fjármálastofnana sem ríkið kemur að og sérstakt mikilvægi þess að þær styðji við atvinnulífið og heimili. Að sjálfsögðu kemur það inn á það að eitt af markmiðum ríkisins með þátttöku sinni í þessum rekstri er nákvæmlega það sem hæstv. viðskiptaráðherra kom hér vel inn á. Það er vikið að því að hin nýja stefna feli í sér að aðgreina eigi viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi með skýrum hætti eftir því sem hið síðara er þá við lýði í okkar viðskiptabönkum. Það má færa fyrir því rök að bæði séu kostir og gallar að hafa það svo, en eitt er alveg öruggt og það er að það afstýrir miklum hættum sem við þekkjum núna mjög vel þegar viðskiptabankar helltu sér út í fjárfestingarbankastarfsemi og hrundu svo með stórkostlegum kostnaði fyrir samfélagið sem aðallega leiddi af síðari þættinum. Það er fjárfestingar- og útrásarbrölt þeirra sem kostar nú samfélagið dýrt en ekki það ef þeir hefðu haldið sig við venjulega viðskiptabankastarfsemi.

Ég held að við eigum að setja þetta fyrirkomulag á fót, móta eigendastefnu, setja á fót Bankasýslu og vera með eignaumsýslufélag óháð því hvort ríkið verður 80%, 60% eða 50% eigandi að fjármálakerfinu í heild. Það finnast mér ekki gild rök að við eigum að breyta eitthvað taktinum í þessu þó að svo sé.

Að síðustu bendi ég á að hér er lögð mikil áhersla á jafnréttismál, umhverfismál og samfélagsleg gildi. Ég bendi mönnum á að lesa á bls. 6, bls. 7 og bls. 8 þar sem fjallað er ítarlega um alla þessa þætti. Ef menn vilja styrkja þá enn frekar stendur ekki á mér í þeim efnum.

[12:08]

Útbýting:

Kynningarstarf vegna hvalveiða, 97. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 285.

Embætti sérstaks saksóknara og meðferð sakamála, 3. umr.

Stjfrv., 138. mál (efling embættisins). — Þskj. 292.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisútvarpið ohf., 3. umr.

Stjfrv., 134. mál (gjalddagar útvarpsgjalds). — Þskj. 293, frhnál. 297.

[12:09]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti frá menntamálanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju milli 2. og 3. umr. Fram hefur komið að eðli innheimtunnar hefur breyst úr innheimtu á afnotagjöldum í skattheimtu. Áður sá Ríkisútvarpið um innheimtu afnotagjalds en við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um Ríkisútvarpið í lok síðasta árs var gjaldtakan færð til skattyfirvalda. Á þeim tíma sem Ríkisútvarpið sá um innheimtu afnotagjaldanna var m.a. samið sérstaklega við Öryrkjabandalag Íslands um afslátt frá gjaldinu til handa lögblindum og heyrnarskertum.

Nefndin telur eðlilegt að litið verði til sanngirnissjónarmiða við gjaldtökuna eins og verið hefur og beinir því til ríkisstjórnarinnar að skoðað verði sem allra fyrst hvaða afslættir voru veittir á gjöldunum og hvernig unnt er að viðhalda þeim.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Hv. þm. Skúli Helgason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eftirfarandi hv. þingmenn skrifuðu undir nefndarálitið auk þeirrar sem hér stendur: Ásmundur Einar Daðason, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Eygló Harðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir og Margrét Tryggvadóttir.

[12:10]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég skrifa undir þetta nefndarálit sem er verið að leggja hérna fram á fundi milli 2. og 3. umr. og fagna því að þetta var eitthvað sem við gátum sameinast um í nefndinni. Það voru hins vegar ýmis önnur álitamál sem komu upp við 2. umr. og þá sérstaklega hvað varðar innheimtu á þessum skatti gagnvart lögaðilum. Hv. þm. Pétur Blöndal benti sérstaklega á að það virðist reglan, eins og hún er núna, að allir lögaðilar verða skyldugir til þess að greiða þennan skatt. Tel ég að það sé ákveðið misræmi þarna á meðhöndlun á lögaðilum og einstaklingum því að í ákvæðunum um þennan skatt er talað um að það sé ákveðið lágmark á tekjum, það er ákveðið tekjuviðmið. Ef fólk uppfyllir ekki þetta tekjuviðmið er það undanskilið frá því að greiða þennan skatt. Ég tel mjög mikilvægt að það verði skoðað hvort það ætti að gilda það sama um lögaðila að þeir þurfi að vera með einhvers konar lágmarkstekjur áður en þeir fara að borga þennan skatt.

Ég held að við höfum verið nokkuð sammála í nefndinni að það kannski félli ekki algjörlega undir það sem við værum að ræða hérna um gjalddagana en hins vegar væri ástæða til að taka þetta upp seinna í nefndinni og skoða það frekar. Ég held að við höfum verið nokkuð sammála um að þetta væri eitthvað sem menntamálanefnd mundi vilja skoða frekar.

[12:12]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum hér framhaldsnefndarálit menntamálanefndar vegna skattheimtu, gjalds sem renna þarf til Ríkisútvarpsins. Hér er grundvallarbreyting á ferðinni frá því sem áður var þegar um var að ræða gjald til útvarpsins annars vegar og nú með breyttum lögum þegar úr verður skattur. Þá er hugmyndin að hann verði lagður á á sama hátt og skatturinn um Framkvæmdasjóð aldraða hefur verið lagður á.

Það er ljóst að erfiðara er að fást við afslætti af sköttum en almennum afnotagjöldum. Hins vegar hafði Ríkisútvarpið samið við ákveðna aðila um afslátt af þeim gjöldum sem þar voru, og þótti það sjálfsagt, og var Ríkisútvarpið þá og er í eigu ríkisins. Það var því sanngjarnt að þessi þáttur yrði skoðaður nú, hvort sömu aðilar ættu með einhverjum hætti að njóta afsláttar frá þessum skatti og þá hvernig. Það er ekki á færi menntamálanefndar að ákveða breytingar á skattalöggjöfinni. Því vísar nefndin þeirri skoðun sinni til hæstv. ríkisstjórnar um að hún skoði þá hvort og hvernig hægt er að fara í að veita afslátt af þessum skatti.

Það er hins vegar rétt eins og hv. 7. þm. Suðurk., Eygló Harðardóttir, ræddi hvort allir lögaðilar eigi að greiða þennan sama skatt. Á að horfa til þeirra með tilliti til tekna fyrirtækjanna? Þar erum við komin í einhvern allt annan farveg en upphaflega var gert ráð fyrir en sjálfsagt að skoða og þá með hvaða hætti.

Þá komum við kannski að kjarna málsins að þegar við breytum þáttum eins og þessum og erum að fara úr afnotagjöldum í skatta þurfum við kannski að skoða töluvert nánar hvernig við erum að breyta, af hverju við erum að breyta og hvað á að fylgja í kjölfarið. Við stöndum kannski frammi fyrir því hér og nú að sú löggjöf sem Alþingi afgreiddi um Ríkisútvarpið hefur líklegast ekki verið jafnvönduð og Alþingi taldi vera. Á þessu er ákveðinn galli sem menntamálanefnd beinir til hæstv. ríkisstjórnar að hún skoði og fari yfir. Þetta er enn einn þáttur í því að á hinu háa Alþingi þurfum við sem hér sitjum að vanda okkur við löggjöfina, skoða vel alla þætti í þeim breytingum sem hér eru gerðar þannig að þingið þurfi ekki sí og æ að vera að fá til baka lög vegna tæknilegra ágalla eða einhverra annarra ágalla á einhverri löggjöf sem Alþingi hefur samþykkt. Það sýnir okkur að við þurfum að vanda okkur betur við löggjöfina og fara yfir alla þá þætti sem hún kann hugsanlega að snerta til þess að ekki komi til þess aftur og aftur að við þurfum að taka inn löggjöf, breyta henni eða vísa til aðila um að skoða frekar.

Frú forseti. Þetta er sanngirnismál sem menntamálanefnd er sammála um að beina til ríkisstjórnarinnar að skoða frekar.

[12:16]

Frsm. menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Eins og fram hefur komið eru undanþegnir gjaldinu þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraða. Þetta eru börn inn 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru undanþegnir gjaldinu einstaklingar sem hafa tekjuskattsstofn samkvæmt 1. og 3. tölulið 61. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og þar er miðað við ákveðin árslaun. Einnig skal skattstjóri fella niður gjald af öldruðum og öryrkjum undir 70 ára aldri sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Nefndin var sammála, eins og fram hefur komið, um að beina því til hæstv. ríkisstjórnar að þessu til viðbótar verði skoðað hvaða afslættir voru veittir á gjöldunum áður og hvernig unnt væri að viðhalda þeim afsláttum. Nefndin vísar í áliti sínu til afsláttar til handa lögblindum og heyrnarskertum Í þessu samhengi eru aðstæður lögaðila allt aðrar og augljóslega ekki sambærilegar þó að sjálfsagt sé að skoða það síðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 3. umr.

Stjfrv., 37. mál (EES-reglur, aðild starfsmanna að ákvörðunum). — Þskj. 294.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsmenn í hlutastörfum, 3. umr.

Stjfrv., 70. mál (EES-reglur, brottfall undanþágna). — Þskj. 82.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur, ráðningarsamningar). — Þskj. 90.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, 3. umr.

Stjfrv., 13. mál (EES-reglur). — Þskj. 295.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 15. mál (einföldun reglna við samruna og skiptingu, EES-reglur). — Þskj. 296.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bankasýsla ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 124. mál (heildarlög). — Þskj. 166, nál. 245 og 253, brtt. 244, 287 og 289.

[12:20]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti meiri hluta viðskiptanefndar en álitið er að finna á þskj. 245, um frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins.

Með þessu frumvarpi er lagt til að sett verði á fót sérstök ríkisstofnun sem beri heitið Bankasýsla ríkisins og heyri undir fjármálaráðherra. Þeirri stofnun er ætlað að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sem nokkuð hafa verið hér til umræðu í morgun, en líftími stofnunarinnar á að takmarkast við fimm ár. Í frumvarpinu kemur fram að gert er ráð fyrir því að ríkið losi um eignarhald sitt á fjármálafyrirtækjum þegar tækifæri gefast, en nú standa vonir til þess að slíkt tækifæri hafi opnast eins og þingmönnum er kunnugt.

Nefndin ræddi á fundum sínum það álitaefni hvort koma ætti verkefnum Bankasýslunnar fyrir í hlutafélagi eða stofnun. Meiri hlutinn telur að stofnun eigi betur við þegar litið er til mikilvægis þess að stofnanir lúta almennum reglum ríkisrekstrar, þær hafa skilgreindan ramma og mjög skýra ábyrgðarkeðju, þ.e. að ráðherra ber endanlega ábyrgð gagnvart almenningi. Þá bendir meiri hlutinn einnig á að stofnanir lúta reglum upplýsinga- og stjórnsýslulaga.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Bankasýslu ríkisins sé heimilt að setja á fót og fara með eignarhluti ríkisins í félögum sem samræmast hlutverki og markmiðum hennar. Fram kom fyrir nefndinni að hér væri m.a. átt við hlutafélag um eignaumsýslu ríkisins, en lög þar að lútandi hafa nýlega verið afgreidd hér á hv. Alþingi..

Í 2. og 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um stjórn og forstöðu stofnunarinnar. Mælt er fyrir um að þriggja manna stjórn stofnunarinnar, skipuð af fjármálaráðherra, móti áherslur í starfi og fylgist með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu við 1. mgr. 2. gr. að einn varamaður verði skipaður í stjórnina.

Þá leggur meiri hlutinn til þá breytingu á ákvæðum um til hversu langs tíma á að skipa stjórn Bankasýslunnar og forstjóra Bankasýslunnar sem ráðinn skal af stjórninni. Í báðum tilvikum er í frumvarpinu miðað við fimm ára skipunar- og ráðningartíma en meiri hlutinn leggur til breytingu í þá veru að fella tímatakmarkið brott. Verði frumvarpið svo breytt að lögum skipar fjármálaráðherra stjórn Bankasýslu ríkisins ótímabundið og stjórnin gerir ótímabundinn ráðningarsamning við forstjóra og er í síðarnefnda tilvikinu gert ráð fyrir gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Ég vil, frú forseti, á þessu stigi vekja athygli á breytingartillögu sem ég hef flutt við þessa grein og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við b-lið 1. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra leggur tillögu um skipun stjórnar Bankasýslunnar fyrir viðskiptanefnd Alþingis og skipar hana að fengnu áliti nefndarinnar.“

Hér er sem sagt gert ráð fyrir beinni aðkomu þingsins að skipan stjórnar Bankasýslunnar til viðbótar við þær aðrar kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna í 6. gr. frumvarpsins og ég kem að síðar.

Í 4. gr. eru helstu verkefni Bankasýslunnar talin upp í tíu stafliðum.

Í a-lið er tekið fram að Bankasýslan fari með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Í 4. mgr. 1. gr. segir að henni sé heimilt að setja á fót og fara með eignarhluti ríkisins í félögum sem samræmast hlutverki og markmiðum hennar. Meiri hlutinn leggur því til breytingar á a-lið til rýmkunar, þ.e. að í stað orðsins „fjármálafyrirtækjum“ komi: fyrirtækjum og félögum, sbr. 1. gr.

Í b- og c-lið er gert ráð fyrir að Bankasýslan sjái um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem ríkið á hlut í og hafi eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins, eins og hún er á hverjum tíma, gagnvart fjármálafyrirtækjum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að það sé skýrt að Bankasýslunni er ekki ætlað að taka úr sambandi ábyrgð og valdsvið bankaráða og stjórna í fjármálafyrirtækjum og leggur því til breytingar á frumvarpinu í þá veru að Bankasýslan hafi samskipti við stjórnir fjármálafyrirtækja en ekki við fjármálafyrirtækin sjálf. Ekki er um það að ræða að með stofnun Bankasýslu ríkisins takmarkist ábyrgð yfirstjórna fjármálafyrirtækja. Þau verða rekin á viðskiptalegum forsendum á ábyrgð bankaráða, stjórna og stjórnenda eins og hver önnur félög og bera þessir aðilar ábyrgð á rekstrinum líkt og stjórnendur fyrirtækja á markaði.

Við höfum hér í morgun, frú forseti, hlýtt á umræður um drög að eigendastefnu sem nýlega voru kynnt. Vegna þess atriðis sem fjallað er um í nefndaráliti meiri hluta viðskiptanefndar vil ég vekja athygli á því sem segir í drögum að eigendastefnu á bls. 5 um Bankasýslu ríkisins, með leyfi forseta:

„Bankasýslan er fagleg umsýslustofnun eignarhluta og lýtur sérstakri stjórn og starfar eftir sérstökum lögum þar sem verkefni hennar eru skilgreind með skýrum hætti. Stofnunin fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og fara starfsmenn stofnunarinnar með eignarhluti ríkisins og atkvæðarétt þess á hluthafafundum. Stofnunin setur fjármálafyrirtækjum viðmið í rekstri með samningum, m.a. um endurskipulagningu fjármálafyrirtækja og hefur eftirlit með því að settum markmiðum verði náð. Stjórn stofnunarinnar skipar sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir fyrir hönd ríkisins aðila til setu í bankaráðum og stjórnum fjármálafyrirtækja.“

Síðan kemur hér, með leyfi forseta:

„Bankasýsla ríkisins sér þannig alfarið um samskipti ríkisins sem eiganda við fjármálafyrirtæki sem ríkið á hlut í og tengjast eigandahlutverki þess. Bankastjórnir, stjórnir og stjórnendur fjármálafyrirtækja munu ekki eiga bein samskipti við fjármálaráðuneytið eða ráðherra.“

Áfram, með leyfi frú forseta, segir hér um bankaráð og stjórnir:

„Bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækja eru ábyrg fyrir rekstri einstakra fjármálafyrirtækja og geta ekki vikið sér undan þeirri ábyrgð.“

Hér er, frú forseti, verið að ítreka það, jafnt í nefndaráliti meiri hluta hv. viðskiptanefndar sem og í drögum að eigendastefnu, að Bankasýslunni er ekki ætlað að vera neitt yfirbankaráð eða neinn yfirfrakki á fjármálastofnanirnar

heldur hljóta bankaráðin og stjórnir að bera fulla ábyrgð á rekstri einstakra fjármálafyrirtækja og geta ekki vikið sér undan þeirri ábyrgð eins og þar segir. Reyndar er meira um þetta fjallað í drögum að eigendastefnu því að þar segir á bls. 7, með leyfi forseta:

„Stjórnir, bankaráð og stjórnendur fjármálafyrirtækja skulu ekki hafa beint samband við fjármálaráðherra eða fjármálaráðuneytið vegna atriða sem varða einstök fyrirtæki eða einstaklinga. Öll almenn samskipti ríkisins sem eiganda fjármálastofnana við fjármálafyrirtæki fara í gegnum Bankasýslu ríkisins.“

Frú forseti. Í d-lið 4. gr. kemur fram það sem reyndar hefur verið nefnt hér áður að Bankasýslan fari með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálafyrirtækja. Meiri hlutinn leggur til að við ákvæðið verði bætt að stofnunin fari einnig með hlut ríkisins á fundum stofnfjáreigenda í sparisjóðum en gera má ráð fyrir að ríkið muni eignast hluti í sparisjóðum.

Í 5. gr. frumvarpsins er áréttað að Bankasýslan skuli kappkosta að styrkja samkeppni almennt á fjármálamarkaði. Meiri hlutinn áréttar í nefndaráliti þann skilning sinn að eigendastefna eigi ekki að hindra eðlilega samkeppni á milli fjármálafyrirtækja og tekur fram og vill árétta að lögfesting þessa frumvarps um Bankasýslu ríkisins takmarkar í engu gildissvið samkeppnislaga og eftirlit á grundvelli þeirra.

Ég vil víkja aðeins aftur að drögum að eigendastefnu, frú forseti, en þar er fjallað um þetta á bls. 2 þar sem fyrsta undirmarkmið er rakið sem er, með leyfi forseta:

„Númer eitt að tryggja samkeppni á fjármálamarkaði til framtíðar. Þrátt fyrir að hluti fjármálafyrirtækja verði a.m.k. tímabundið í eigu ríkisins er mikilvægt að öflug samkeppni ríki á þessum markaði. Mikilvægt er að stjórnvöld og stjórnendur banka og annarra fjármálastofnana taki ekki ákvarðanir í tengslum við endurskipulagningu fjármálakerfisins sem draga úr eða takmarka samkeppni.“

Frú forseti. Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um hæfi stjórnarmanna og forstjóra. Leggur meiri hlutinn til breytingu á greininni í þá veru að rýmka ákvæðið þannig að við bætist að stjórnarmenn og forstjóri megi ekki hafa hlotið dóm fyrir brot á þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Í 7. gr. er mælt fyrir um að stjórn Bankasýslunnar skipi þriggja manna valnefnd sem hafi það hlutverk að tilnefna aðila fyrir hönd ríkisins sem hafa rétt til setu í bankaráðum eða stjórnum fjármálafyrirtækja til samræmis við hlutafjáreign ríkisins. Meiri hlutinn telur brýnt að valnefndin tryggi að hlutföll kynjanna í bankaráðum og stjórnum fyrirtækja og félaga verði sem jöfnust og leggur til breytingu í þá veru. Meiri hlutinn áréttar í nefndaráliti sínu að sama sjónarmið um sem jafnastan hlut karla og kvenna eigi við um þriggja manna stjórn Bankasýslunnar sem ráðherra skipar.

Í 4. mgr. 7. gr. er mælt fyrir um almenna heimild til að bjóða sig fram til setu í bankaráðum og stjórnum fyrirtækja fyrir hönd ríkisins. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að hver sem er geti boðið sig fram til setu í bankaráðum og stjórnum fyrirtækja með því að senda nefndinni ferilskrá sína og telur nauðsynlegt í þessu sambandi að taka fram að til þess að ákvæði þetta komi til með að virka í reynd sé nauðsynlegt að auglýsa eða kynna með einhverjum hætti að verið sé að skipa í stjórnir umræddra fyrirtækja og félaga sem ríkið fer með eignarhlut í.

Þá leggur meiri hlutinn til nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að fyrir 1. nóvember nk. gefi Bankasýslan ráðherra skýrslu um starfsemi sína í fyrsta sinn, m.a. um hvernig til hefur tekist með stofnun hennar og framkvæmd þeirra verkefna sem undir hana heyra. En samkvæmt 8. gr. frumvarpsins yrði ráðherra veitt slík skýrsla að nýju fyrir 1. júní 2010 og þinginu síðan í kjölfarið og svo árlega eftir það.

Frú forseti. Nefndinni barst álit frá efnahags- og skattanefnd, sem er fylgiskjal með áliti meiri hluta viðskiptanefndar, en þar var m.a. fjallað um þörfina fyrir að skilgreina framtíðarskipulag innlends fjármálamarkaðar og að ákvarðanir þar að lútandi yrði að taka á faglegum grunni. Einnig var áréttað mikilvægi þess að sjónarmið um jafnrétti karla og kvenna yrðu höfð að leiðarljósi við ákvarðanir valnefndar í bankaráð og stjórnir. Þá benti nefndin á að í 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins væri Bankasýslunni veitt heimild til að fara með hlut ríkisins í félögum sem samræmast hlutverki og markmiðum stofnunarinnar, eins og ég hef áður rakið, og þar er m.a. átt við svonefnt eignaumsýslufélag. Kvaðst efnahags- og skattanefnd telja það fyrirkomulag veita starfsemi félagsins ríkari vernd gegn pólitískum áhrifum en ef fjármálaráðherra færi með hlut ríkisins. Hv. efnahags- og skattanefnd gerði við lokaafgreiðslu tillögu um að fjármálaráðherra væri heimilt að framselja eignarhlutinn í eignaumsýslufélaginu til Bankasýslu ríkisins.

Frú forseti. Við umfjöllun um málið í nefndinni var um það rætt hvort Bankasýsla ríkisins yrði að leita eftir samþykki fyrir því fyrir fram hjá Fjármálaeftirlitinu að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki og er þar vísað til ákvæða um virkan eignarhlut í 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Hvað þetta varðar bendir meiri hlutinn á að í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008, það eru neyðarlögin svonefndu, er ríkinu veitt heimild til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum án þess að undirgangast ákvæði 40. gr. Fjármálaráðuneytið fer þannig með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum á grundvelli þessa ákvæðis og Bankasýslan hefur það hlutverk samkvæmt ákvæðum frumvarpsins að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Ekki verður talið að með þessu fyrirkomulagi verði slík breyting á stöðu ríkisins sem eiganda í fjármálafyrirtækjum að sérstaklega þurfi að meta hæfi stofnunarinnar til þess að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum.

Frú forseti. Ég hef hér hlaupið á nefndaráliti meiri hluta hv. viðskiptanefndar. Þau tengsl sem þar er að finna við drög að eigendastefnu sem hér voru kynnt og þær breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur til og þá breytingartillögu sem ég flyt hér í eigin nafni á sérstöku þingskjali.

Við 1. umr. um þetta mál vakti ég athygli á því að skilin á milli gömlu og nýju bankanna hafa dregist langt umfram það sem menn ætluðu við hrunið í október sl. Nú er útlit fyrir að þau skil geti orðið 14. ágúst nk., tíu mánuðum eftir hrun, þegar ríkið greiðir eiginfjárhlut inn í bankana allt að 271 milljarð kr. Í tíu mánuði hefur ríkið rekið þrjá nýja banka sem stofnaðir voru í kjölfar neyðarlaganna. Það er ljóst, frú forseti, að enda þótt kröfuhafar í gamla Kaupþingi

og Glitni ákveði að taka yfir allt að 90% eignarhlut í Nýja Kaupþingi og Íslandsbanka mun ríkið áfram verða eini eigandi, 100% eigandi stærsta bankans, Landsbankans en eiginfjárframlagið til Landsbankans er áætlað 140 milljarðar kr. og er það 10 milljörðum meira en samanlagt eiginfjárframlag til hinna bankanna tveggja, þ.e. að efnahagsreikningur Landsbankans mun verða stærri en samanlagður efnahagsreikningur hinna beggja.

Þar að auki mun ríkið verða beinn eða óbeinn eigandi að 10–12% í bönkunum tveimur, Nýja Kaupþingi og Íslandsbanka, og ljóst í þriðja lagi, frú forseti, að ríkið mun væntanlega verða stofnfjáreigandi í allmörgum sparisjóðum. Því er sýnt að ríkið geti verið með allt að 60–75% markaðshlutdeild á fjármálamarkaði enn um sinn. Því tel ég, frú forseti, og tek undir það sem hæstv. fjármálaráðherra sagði hér bæði í gær og í umræðunni í morgun að það sé full þörf á þeirri stofnun sem hér er lagt til að verði lögfest, Bankasýslunni. Auðvitað verður umfang þessarar stofnunar eitthvað minna en til var ætlast í upphafi og flestir fagna því. En það er út af fyrir sig ekki ástæða til þess, minna umfang er út af fyrir sig ekki ástæða til þess að vanda sig ekki eins og kostur er og halda áfram að fylgja þeim leiðbeiningum og tillögum um uppbyggingu nýrra banka með aðkomu ríkisins sem kallað var eftir, m.a. frá Mats Josefsson, sænska bankasérfræðingnum.

Ég vil að lokum, frú forseti, fagna þeim umræðum sem hér urðu í morgun um drög að eigendastefnu. Á fundi viðskiptanefndar í gær var eigendastefnan kynnt og við fengum kynningu á henni frá fjármálaráðuneytinu eins og hér hefur komið fram í máli hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Ég vænti þess að við getum þegar þing kemur saman strax eftir verslunarmannahelgi sest yfir drög að eigendastefnu í viðskiptanefnd og tekið mið af þeim umræðum sem hér fóru fram í morgun og leitað eftir ábendingum frá fleirum til þess að skoða hana frekar og leggja okkar lóð á þær vogarskálar. Ég fagna þessari eigendastefnu sérstaklega, það er margt í henni sem ég sé ástæðu til þess í raun að fagna sérstaklega, frú forseti. Það eru kannski ekki efni til þess að fara í þetta því að þetta er búið að vera hér á dagskrá í morgun, en ég gæti talið hér upp nokkuð mörg atriði sem mér hugnast sérstaklega vel.

Frú forseti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarp um Bankasýslu verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér rakið og auk þess breytingartillögu frá mér.

Undir nefndarálitið skrifa auk þeirrar sem hér stendur Magnús Orri Schram, Lilja Mósesdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

[12:39]

Frsm. minni hluta viðskn. (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um Bankasýslu ríkisins. Nefndarálitið er að finna á þskj. 253. Síðan leggjum við einnig fram breytingartillögu, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og Margrét Tryggvadóttir, auk mín, á þskj. 289 sem ég mun líka fjalla um.

Eins og fram kemur í minnihlutaálitinu höfum við gert verulegar athugasemdir við þetta frumvarp og ég vísa í álitið en einnig í þær umræður sem voru áðan um eigendastefnuna og tek undir með hv. nefndarformanni að þessar umræður skarast allar saman. Þessu frumvarpi er ætlað að leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar sem eru góð markmið sem við tökum að sjálfsögðu undir. En það sem minni hlutinn gerir athugasemdir við hér er að við erum efins um hvort þessum góðu markmiðum verði endilega framfylgt með þessu frumvarpi, verði það að lögum.

Við erum ekki sannfærð um að þessari umsýslu sé best fyrir komið í ríkisstofnun og um það urðu miklar umræður í nefndinni. Við bendum á í minnihlutaáliti okkar að í minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu kemur í ljós að innan flestra ríkja OECD hefur umsýslan smám saman verið færð til eins ráðuneytis þannig að umsýslan verði samræmd og er ekki endilega höfð í sérstökum stofnunum. Ríkisendurskoðun hefur einnig bent á að stofnuninni sé ætlað að sinna verkefnum sem fjármálaráðuneytið er fullfært um að sinna og að nú á tímum niðurskurðar í öllu ríkisapparatinu er lögð til ný ríkisstofnun sem kosta mun íslenska skattgreiðendur 70–80 millj. kr. árlega. Við teljum, og segjum það í nefndaráliti, að slíkt sé erfitt að réttlæta á þessum tímum.

Við í minni hlutanum teljum bæði hreinlegra og eðlilegra að ef ætlað er að koma á miðstýringu í bankakerfinu verði það þá gert með minni yfirbyggingu og mun minni tilkostnaði úr fjármálaráðuneytinu sjálfu en að farin verði sú leið að ráðherra handvelji sitt fólk í ríkisstofnun til að framfylgja þessari stefnu.

Bankasýslunni er ætlað að framfylgja eigendastefnunni, eins og fram hefur komið, og þegar nefndarálitið var ritað var sú stefna ekki komin fram. Hún hefur komið fram en í ljósi þess hversu miklar breytingar hafa orðið nú síðustu vikuna er sú gagnrýni sem kemur í nefndarálitinu enn í gildi. Við teljum að eigendastefnan hefði þurft að liggja fyrir þegar þetta var lagt fram. Síðan er það atriði sem við leggjum mikla áherslu á og tökum undir með fjölmörgum umsagnaraðilum, að betur hefði farið á því að eigendastefnan væri ekki fyrir allt fjármálakerfið í heild sinni heldur fyrir hverja fjármálastofnun fyrir sig og þá aðallega í ljósi samkeppnissjónarmiða. Mun ég fara ítarlegar yfir það seinna í máli mínu.

Það er eðlilegt, nú þegar fjármálastofnanirnar eru komnar á hendur ríkisins, að gerð sé krafa um að fjármálaráðherra hafi ekki afskipti af stjórn bankanna. Það markmið er gott og gilt. Við fyrstu sýn er það einmitt markmið þessara laga, að færa þetta frá fjármálaráðherra, en þegar málið er skoðað nánar eru fjármálaráðherra ætluð mikil völd innan þessarar stofnunar og þau völd felast í því að ráðherra velur þriggja manna stjórn og ræður svo framkvæmdastjóra. Við teljum eðlilegra að ráðið verði í þessa stjórn með öðrum hætti og aðrar stöður stofnunarinnar einnig á faglegri forsendum, t.d. að fara með það í ráðningarferli hjá ráðningarstofu eða hjá óháðri valnefnd. Undir nefndarálitið skrifa, auk þeirrar sem hér stendur, Guðlaugur Þór Þórðarson, Margrét Tryggvadóttir og Eygló Harðardóttir.

Breytingartillaga sú sem ég nefndi áðan er flutt, eins og ég segi, af okkur þremur, hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Margréti Tryggvadóttur, auk mín, og er í tveimur liðum. Þar segir í 1. gr. að við gerum tillögu að breytingu á 10. gr.,

að í stað þess að lögin taki gildi nú þegar taki þau gildi 1. október 2009. Röksemdin fyrir því er sú að þá liggur fyrir hvernig eigendastrúktúrinn verður. 30. september nk. á það að liggja fyrir samkvæmt áætlunum þannig að við leggjum til að þessi stofnun verði ekki sett á laggirnar fyrir þann tíma. Við setjum einnig ákvæði til bráðabirgða í 2. gr. sem orðast svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. um gildistöku taka lögin einungis gildi ef ríkið er þá meirihlutaeigandi Landsbanka, Nýja Kaupþings og Íslandsbanka.“

Með þessu leggjum við áherslu á að ef það ferli sem nú er hafið og gengur vonandi eftir, þ.e. að kröfuhafar yfirtaki tvo af þremur bönkunum, teljum við í raun óþarft að setja á fót þessa ríkisstofnun og setjum þetta skilyrði við gildistökuákvæðið. Ef við verðum í þeirri stöðu á þeim tíma, 1. október, að ríkið eigi Landsbankann einan og lítinn hluta í Kaupþingi og Íslandsbanka sé þetta í raun óþarft. Þá er ég algjörlega ósammála hv. þm. Álfheiði Ingadóttur sem sagði að þrátt fyrir þær breytingar á aðstæðum væri þessi ríkisstofnun algjörlega þörf. Ég verð nefnilega að segja að ég hræðist mjög að menn séu hér farnir að setja á fót ríkisstofnanir bara til þess að hafa heimildina í lagi. Mér finnst það hættulegt, mér finnst það í raun stórhættulegt, og ég ítreka það sem ég sagði í morgun, þetta ber þannig að að erfitt er að sjá hvort er mikilvægara, planið sjálft og stofnunin sjálf eða þau markmið sem henni er ætlað að ná fram. Það sem er að gerast hérna er allt annað en lagt var upp með. Það eru ekki boðleg rök að ætla að segja að það sé sami hluturinn, það skipti ekki máli hvort um sé að ræða þrjá banka eða einn, að við þurfum samt sem áður að hafa þetta svona.

Markmiðið um að færa þetta frá pólitíkinni er gott. Hæstv. fjármálaráðherra sagði í gær að í rauninni væri ekki um annað að ræða en annaðhvort að hafa þetta eins og lagt er til eða hafa þetta á borðshorninu í fjármálaráðuneytinu. Hann spurði okkur sjálfstæðismenn sérstaklega hvort það væri það sem við vildum. Ég tel að þetta séu ekki þeir tveir einu valkostir sem um er að ræða og þótt borðshornið á skrifborði fjármálaráðherrans sé eflaust ágætt tel ég, og tek þar undir með Ríkisendurskoðun, að það sé algjörlega boðlegt að hafa þetta inni í fjármálaráðuneytinu, sérstaklega núna þegar eignarhaldið kemur til með að breytast, vonandi. Og ég treysti því ágæta fólki sem vinnur þar til að losa hæstv. fjármálaráðherrann við þetta af borðshorninu og taka þetta til sín annars staðar í ráðuneytið.

Það er ekki verið að færa þetta algjörlega frá pólitíkinni. Eins og fram hefur komið mun fjármálaráðherrann eftir sem áður skipa stjórn þessarar Bankasýslu. Hann mun tilnefna og skipa, jú, jú, verið er að setja inn einhver breytingarákvæði um að viðskiptanefnd verði leyft að segja álit sitt á því. En eins og ég sagði í þeirri nefnd er ég alveg búin að átta mig á því, þar sem ég er í minni hluta þar, að það er ekkert sérstaklega mikið gefið fyrir álit okkar í minni hlutanum. Ég treysti því ekki að athugasemdir mínar verði teknar til greina og þær hafi einhver áhrif á þessa stjórnarskipan. Keisarinn er ekki í neinum fötum í þessum efnum. Verið er að færa þetta frá pólitíkinni en það er ekki gert neitt annað en að setja einn millilið. Eins og bent hefur verið á, það gerði m.a. hv. þm. Margrét Tryggvadóttir í ræðu sinni í morgun, er mjög auðvelt fyrir hæstv. fjármálaráðherra að koma hverjum þeim sem hann vill þarna að. Þá takmarka ég það ekki endilega við núverandi hæstv. fjármálaráðherra, heldur verður fjármálaráðherranum, hver sem hann er, ekki skotaskuld úr að koma sínu fólki þarna að. Ef við segjum í öðru orðinu að við ætlum að takmarka pólitíska valdið og í hinu orðinu að láta fjármálaráðherrann einan skipa hlýtur hver maður að sjá að það gengur ekki upp.

Mér finnst algjörlega fráleitt að hafa þetta svona. Það sem ég vakti athygli á í morgun var að ég hef skilning á því að fjármálaráðherranum sé vandi á höndum, við kvörtum hér og kveinum í minni hlutanum yfir því að hlutirnir gangi ekki nógu hratt og við þurfum að gera þetta áður en þetta gerist og að eigendastefnan verði að koma áður en Bankasýslan kemur. Og nú er eigendastefnan komin en þá er hún ekki nógu góð vegna þess að aðstæður hafa breyst. Það er skiljanlegt og ég hef fulla samúð með fjármálaráðherra eins og ég sagði áðan. En þannig er þetta bara og þess vegna verðum við að taka þetta verkefni og ekki missa það út úr höndunum þannig að verkefnið sem slíkt fari að eiga eitthvert sjálfstætt líf en ekki það markmið sem við höfum og deilum öll, að koma bankakerfinu sem bestu í gagnið.

Núna, þegar við höfum þennan mikilvæga áfanga að baki sem vakti hjá manni miklar vonir um að uppbyggingin yrði miklu jákvæðari og miklu hraðari en maður hefur þorað að vona síðustu mánuðina, megum við ekki festast í slíkri ríkisstofnunarhugsun að það geti ógnað þeirri jákvæðu þróun. Ríkisstofnanir eru nefnilega þannig að ég leyfi mér að fullyrða að það sé mun auðveldara að stofna þær en að leggja þær niður. Ég er viss um að verði Bankasýslu ríkisins komið á laggirnar verði henni stýrt af ótrúlega metnaðarfullum ríkisstarfsmönnum sem munu gera allt hvað þeir geta til að viðhalda sjálfum sér og reka sína stofnun, finna henni hlutverk og tilgang um aldur og ævi. Ég meina ekkert illt með því, en það er bara það sem gerist. Það er fullt af ríkisstofnunum sem við gætum lagt niður — (**ÁI:** Sjúkratryggingastofnun til dæmis.) hv. þm. bendir á Sjúkratryggingastofnun, ég held reyndar að þar deilum við ekki skoðunum um tilgang. Sumar stofnanir hafa meiri tilgang en aðrar og ég er ekki að segja að við þurfum að leggja allar ríkisstofnanir niður. Áður en við förum af stað við að setja á fót ríkisstofnun sem við vitum ekki hvort þarf, vegna þess að við erum ekki komin á enda með hugsunina — það er allt búið að breytast bara í þessari viku, forsendur eru breyttar — þurfum við að hugsa málið til enda. Þetta er ekki Bankasýsla ríkisins, þetta er Landsbankasýsla ríkisins núna. Ég leyfi mér að taka undir með þeim aðilum sem komu á fund nefndarinnar, þar á meðal Samkeppniseftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins og Ríkisendurskoðun, sem segja að við þurfum að gæta okkar í þessu t.d. með samkeppnissjónarmið í huga. Hvernig ætlum við að tryggja að samkeppnissjónarmiðum verði fullnægt, t.d. núna þegar ríkisbankinn verður kannski einn í fullri eigu, Landsbankinn, 100% í eigu ríkisins? Síðan eru, eins og fram kom á fundi nefndarinnar, 10–12% í Kaupþingi og Glitni. Hvernig á að tryggja að upplýsingar fari ekki á milli um það sem er að gerast í þessum stjórnum, í þessum bönkum, þegar Bankasýslan er með 2–3 starfsmenn og þriggja manna

stjórn? Hvernig á hinn nýi, vonandi, eigandi Kaupþings að vera viss um að stjórnarmaður ríkisins, fulltrúi ríkisins í stjórn, fulltrúi þessa 10% eiganda, beri ekki á milli upplýsingar sem gætu komið ríkisbankanum Landsbankanum betur í samkeppninni?

Þetta eru sjónarmið og ég vísa í umsögn Samkeppniseftirlitsins þar sem það gerir líka athugasemdir við að það sé ein eigendastefna, eins og ég vék að áðan, að betra væri að vera með eigendastefnu fyrir hvern og einn banka vegna þess að meiningin er ekki að steypa alla í sama mót, eða hvað? Ein eigendastefna, ein ríkisstefna um hvernig bankakerfið eigi að vera — hvað ef sú stefna er röng? Hvað ef sú stefna klikkar? Samkeppniseftirlitið segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að mótuð verði sérstök stefna um rekstur hvers fjármálafyrirtækis sem Bankasýslan kemur að. Þannig er heppilegt að skýrt sé að ríkið hafi almenna eigendastefnu sem lúti að skipan stjórna, skyldum stjórnarmanna, samskiptum milli eigenda og stjórnar og starfskjör stjórnar og æðstu stjórnenda en jafnframt að mótuð sé sérstök eigendastefna fyrir hvern og einn banka um rekstraráherslur þeirra, viðskiptastefnu og rekstrarmarkmið. Heppilegast er að sérstaka eigendastefnan sé mótuð á vettvangi stjórnar hverrar fjármálastofnunar fyrir sig eftir atvikum að höfðu samráði við Bankasýsluna.“

Þetta er skrifað áður en nokkuð lá fyrir um að kröfuhafarnir yrðu mögulega eigendur að bönkunum. Þetta þarf að hugsa, virðulegi forseti, og við verðum að hugsa hugsunina til enda til þess að vera tilbúin og til þess að geta gert hlutina sem best, ekki bara troða fyrirtækjunum inn í einhverja stofnun sem þarf að búa til bara til að fjármálaráðherra hafi heimildina. Það kom fram á fundi nefndarinnar, hjá fulltrúa fjármálaráðuneytisins, að eignaumsýslufélagið hafi ekki verið stofnað og jafnvel að það verði ekki stofnað — en það er gott að hafa heimildina. Hvers lags bull er þetta? Gott að hafa heimildina. Eigum við ekki að stofna einhverjar fleiri stofnanir, bara af því að það er svo gott að hafa heimildina? Skýrslustofnun ríkisins var í ágætum sjónvarpsþætti, það held ég að sé hámark (Gripið fram í.) skriffinnskunnar. Ég held að við ættum að líta á það, bara til að hafa … (**MT:** Förum í ESB í staðinn.) Já, förum í ESB í staðinn, kallar hv. þm. Margrét Tryggvadóttir fram í. Það kemur í staðinn fyrir það.

Það sem ég legg áherslu á er að frumvarpið og þessi eigendastefna sem fyrir liggur miðar að því að ríkið verði ráðandi aðili í öllum bönkunum. Vonandi verður það ekki, tökum mið af því. Förum a.m.k. í gegnum þá hugsun að það gæti verið betra að gera þetta á einhvern annan hátt vegna þess að forsendur hafa breyst. 70–80 milljónir á ári er slatti af peningum. Ég bendi hv. þingmönnum á að ræða 70–80 milljónir á ári við forsvarsmenn lögreglustjórans í Reykjavík, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Ég er viss um að hægt væri að koma þeim peningum í lóg. Áskrift fjármálaráðuneytisins fær 680 millj. kr. á fjárlögum á ári. Þeir hafa sinnt þessu eigenda- og samræmingarhlutverki síðustu 10 mánuði og hafa gert það af mesta mætti og ég trúi þeim og treysti alveg til að halda áfram, sérstaklega — (**ÁI:** Hverjum?) fjármálaráðuneytinu — ef verkefnið verður minna en lagt var upp með þegar til stóð að setja Bankasýsluna á fót. Það er stórhættulegt að vera með þá hugsun að skella þessari ríkisstofnun á, það er betra að hafa heimildina. Þetta er nokkuð sem ég skil ekki.

Ég vék að því áðan að hættulegt væri að hafa eina eigendastefnu fyrir allt kerfið og vísaði þar í umsögn Samkeppniseftirlitsins. Jafnframt kom umsögn frá bankaráði Landsbankans þar sem einnig er vakin athygli á þessu og þar er einmitt notað það orð sem ég hef notað hér, „stórhættulegt“. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkið situr uppi með stjórn allra helstu fjármálafyrirtækja landsins og hugmyndir um að miðstýra þeim líkt og hér eru settar fram eru stórhættulegar íslenskri fjármálastarfsemi. Grundvallaratriði í þeirri uppbyggingu sem nú á sér stað á íslenskum fjármálamarkaði er að gefa þarf fjármálafyrirtækjum svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum. Það verður ekki gert með einum samræmdum hætti heldur með því að leyfa hverju fyrirtæki fyrir sig að meta hver heppilegasta leiðin er að mati stjórnar þess.“

Ég tek undir þessi orð. Það sem ég hef líka áhyggjur af er að þrátt fyrir að það segi í eigendastefnu ríkisstjórnarinnar og að fram komi í frumvarpinu að bankaráðin beri ábyrgðina, það sé alveg klárt, held ég að þegar maður er kominn með eitthvert yfirbankaráð í Bankasýslunni aukist sú hætta að ábyrgðin falli á milli laga, að bankaráðið bendi á Bankasýsluna og Bankasýslan á bankaráðið. Það verður ákvörðunarfælni vegna þess að það liggur ekki skýrt fyrir hvernig eigi að koma þessu við og ef eitthvað skyldi fara úrskeiðis er hætta á að menn fari að benda hver á annan. Ég tel að við eigum frekar að setja þetta í þann farveg að ábyrgðin verði skýr. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill spyrja hv. þingmann hvort hún eigi mikið eftir af ræðu sinni. Telur hv. þingmaður að hún muni nota ræðutíma sinn? Ef svo er hugar forseti að því að gera þinghlé í hálftíma fyrir matarhlé.)

Virðulegur forseti. Þegar forseti hóf mál sitt átti þingmaðurinn eftir 7 mínútur og 47 sekúndur en nú eru þær reyndar bara sjö þannig að ég óska eftir að fá að nýta allan minn tíma og geri hlé á máli mínu ef það er það sem forseti óskar eftir.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:32]

Frsm. minni hluta viðskn. (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S) (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Já, það er best að finna þann stað sem ég var komin þegar gert var hlé vegna hádegisverðar og treysti ég því að allir séu mettir og sælir.

Það sem ég vildi ítreka og hef verið að rekja í máli mínu er að hversu göfug sem markmiðin eru með þessu frumvarpi er ekki víst að þau náist endilega með þessari aðferð. Þess vegna höfum við í minni hlutanum lagt áherslu á að við stöldruðum aðeins við, hægðum á ferðinni og reyndum að skoða hlutina í samhengi til að við gætum einbeitt okkur einmitt að þessum markmiðum en ekki að því að þröngva þessu verkefni inn í eitthvert plan sem hefur tekið breytingum.

Ég ætla aðeins að ræða einstök atriði í lokin en vil þó áður en ég vík frá umsögnum aðeins fara yfir athugasemdir

sem fram komu frá Samtökum atvinnulífsins varðandi þetta mál. Þær tengjast einmitt eigendastefnunni sem við ræddum í morgun. Samtök atvinnulífsins vekja athygli á því að jafnvel gæti þessi stofnun verið óþörf og vísa máli sínu til stuðnings í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar sem gerður var við aðila vinnumarkaðarins. Samtökin telja stofnunina sem sagt óþarfa. Það segir, með leyfi forseta, í umsögn Samtaka atvinnulífsins:

„Þessi stefna um erlent eignarhald er sett fram í stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna, dags. 25. júní 2009, en þar segir: „Eigendastefna ríkisins gagnvart bönkunum feli í sér að erlendir aðilar geta eignast meiri hluta í einhverjum nýju bankanna og eftir atvikum öðrum fjármálafyrirtækjum. Þannig verði m.a. reynt að tryggja eðlilegan aðgang að erlendu lánsfé fyrir atvinnulíf og heimili. Endurskipulagningu á eignarhaldi bankanna verði lokið 1. nóvember 2009.““ Þarna ættu menn að gleðjast yfir fréttum um samkomulag milli kröfuhafa og stjórnvalda en svo segir áfram, með leyfi forseta: „Samtök atvinnulífsins draga mjög í efa að þörf sé á að koma á fót nýrri ríkisstofnun, Bankasýslu ríkisins. Gangi eftir sú eigendastefna sem fyrirheit eru gefin um í stöðugleikasáttmálanum verður slík stofnun óþörf. Mæla Samtök atvinnulífsins með að öll áform um stofnun Bankasýslu ríkisins verði lögð til hliðar a.m.k. þar til fyrir liggur hver niðurstaðan verður í eignarhaldi bankanna.“

Þetta er nákvæmlega það sem ég vildi sagt hafa. Ég tek algerlega undir sjónarmið Samtaka atvinnulífsins og óska hér með eftir því að málið verði tekið inn til nefndar milli 2. og 3. umr. Ég held að við í viðskiptanefnd ættum í alvörunni að setjast yfir þetta með það að markmiði að finna á því þann flöt að við getum tekið tillit til allra þeirra atburða sem eru að gerast og reynt að gera stefnuna þannig úr garði að það auki líkurnar á að markmiðunum verði náð.

Að lokum, virðulegi forseti, vildi ég aðeins ræða einstök atriði. Það er á nokkrum stöðum, bæði í frumvarpinu um Bankasýsluna og svo líka í eigendastefnunni, lögð áhersla á mjög fróm markmið hvort sem þau eiga að vera jafnrétti eða jafnræði eða umhverfismál eins og hæstv. fjármálaráðherra vék að í morgun. Ég verð að segja að mér finnst alltaf, ég vil ekki segja kostulegt en það hlægir mig að ákveðnu leyti þegar ég verð vör við það í viðskiptanefnd að í hverju málinu á fætur öðru er sett inn klausa um að við þurfum að gæta að jafnrétti kynjanna. Ekki misskilja mig, ég er mjög hlynnt jafnrétti kynjanna og vil að því verði komið á eins víða og mögulegt er.

Það er ekki nóg að segja það, það þarf líka að standa við stóru orðin. Í breytingartillögu meiri hlutans er lögð áhersla á að ítreka þessi jafnréttissjónarmið, en hvernig er svo framkvæmdin hjá hæstv. ríkisstjórn? Maður þarf ekki annað en að rifja upp skipan ríkisstjórnarinnar sjálfrar til að sjá að ekki er alltaf farið eftir þeim fallegu markmiðum sem sett eru fram. Ég má til með að vekja athygli á annarri nýlegri nefndaskipan ráðherra í ríkisstjórninni, hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þar sem skipuð var nefnd sem átti að endurskoða stjórn fiskveiða, fiskveiðistjórnarkerfið. Þar voru skipaðir ýmsir fulltrúar. Hvor ríkisstjórnarflokkurinn fékk tvo fulltrúa og a.m.k. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur úr stjórnarandstöðunni. Ég veit ekki hvort Borgarahreyfingin á þar fulltrúa en ég vissi af því að tilnefndir voru tveir fulltrúar frá hvorum flokki til að hægt væri að gæta þess að nefndin yrði ekki bara skipuð körlum eða bara skipuð konum. Ég vissi það vegna þess að ég var annar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Síðan þegar nefndin er tilkynnt vakti það óneitanlega athygli mína að stjórnarflokkarnir voru með hvor sinn fulltrúann, karl og konu í hvort skipti sem leit vel út. Síðan kom fulltrúi Framsóknarflokksins og það var hv. fulltrúi Gunnar Bragi Sveinsson, ég geri enga athugasemd við það, ég veit ekki hvaða kona var tilnefnd líka, og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins var hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson sem er mætur maður og er ég ekki að gera ágreining um það. Þá fannst mér nefnilega svolítið skrýtið vegna alls tals um jafnrétti, vegna alls tals um að við þurfum alltaf að hafa uppi þessa klausu, verðum öll að hugsa jafnræðið. Þrátt fyrir þetta var passað upp á að karlarnir væru fleiri þannig að ég hvet þingmenn stjórnarflokkanna sem setja þessi mál sífellt í öndvegi að hugsa til þess hvernig framkvæmdin á þessum málum er. Þess vegna segi ég að markmiðin geta verið ákaflega fögur, hvort sem það er í eigendastefnu ríkisstjórnarinnar eða í lögum um Bankasýslu, en við þurfum að athuga hvernig þetta er í framkvæmd.

Ég ætla að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, á þeim orðum að ég vara við því að ríkisstofnanir séu settar á fót bara til að hafa heimildina og sjá svo til hvort hægt er að nota hana. Það er stórhættulegur hugsunarháttur.

[13:40]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf):

Frú forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins. Markmið þessa frumvarps er að fjarlægja eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum og jafnvel öðrum fyrirtækjum eins og kostur er frá framkvæmdarvaldinu. Lagt er til að sett verði á fót sérstök ríkisstofnun sem heyri undir fjármálaráðherra sem fer með þennan eignarhlut ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir að þessi eignarhlutur verði lengi í eigu ríkisins. Hámarkstími þessa fyrirkomulags, samkvæmt frumvarpinu áður en gerðar voru á því breytingar, var fimm ár.

Nokkuð var rætt um það í nefndinni hvort Bankasýslan ætti að vera stofnun eða hlutafélag. Meiri hlutinn taldi stofnanafyrirkomulagið betra þar sem ábyrgðarkeðjan er mjög skýr, ramminn afmarkaður og almennar reglur um ríkisrekstur eiga við. Slíkt er talið henta þeim markmiðum og starfsrömmum sem Bankasýslan lýtur.

Gert er ráð fyrir því að fjármálaráðherra skipi þriggja manna stjórn Bankasýslunnar og skulu stjórnarmenn uppfylla ströng hæfisskilyrði sem nánar eru skilgreind í 6. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir því í breytingartillögu hv. formanns viðskiptanefndar að fjármálaráðherra leggi síðan tillögur sínar um stjórn Bankasýslunnar fyrir hv. viðskiptanefnd. Stjórnin ræður síðan forstjóra sem einnig skal uppfylla ströng hæfisskilyrði sem skilgreind eru í 6. gr. frumvarpsins. Um þessa skipan leggur meiri hlutinn áherslu á að jafnréttissjónarmið skuli höfð í heiðri og síðan framkvæmd.

Þá er í 7. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir því að stjórn Bankasýslunnar skipi þriggja manna valnefnd er tilnefni aðila í stjórnir fyrirtækja og bankaráða fyrir hönd ríkisins.

Lögð er áhersla á hæfi og eðlilega kynjaskiptingu þar eins og annars staðar í frumvarpinu. Verkefni Bankasýslunnar eru tilgreind í 4. gr. frumvarpsins. Þau eru fyrst og fremst eins og ég hef þegar sagt að fara með eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum og hugsanlega á öðrum félögum, að sjá um samskipti ríkisins við stjórnir umræddra fyrirtækja og sjá um að eigendastefnu ríkisins sé framfylgt.

Í 5. gr. frumvarpsins er talað um samkeppnissjónarmið og að mikilvægt sé að stofnunin kappkosti að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði. Meiri hlutinn undirstrikar að þó ríkið hafi sett sér eigendastefnu er hún einungis rammi til að vinna innan og í henni er lögð áhersla á að einstaka fjármálastofnanir marki sér sérstöðu og framtíðarsýn. Eigendastefnan á því á engan hátt að hindra eðlilega samkeppni á milli fjármálafyrirtækja. Hv. efnahags- og skattanefnd hefur lagt til að ekki væri óeðlilegt að eignaumsýslufélag það sem hún hefur verið að vinna með færi undir Bankasýsluna til að gæta þeirra sjónarmiða að félagið verði ekki fyrir sterkum pólitískum áhrifum sem geta komið fram ef félagið heyrir beint undir fjármálaráðherra.

Nokkrar utanaðkomandi umsagnir bárust nefndinni vegna málsins. Fyrst vil ég nefna umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja sem tala um mikilvægi þess að bankar móti sér stefnu og sérstöðu til að tryggja heilbrigða samkeppni.

Í því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar er sérstaklega fjallað um samkeppnisþáttinn í 5. gr. Einnig er talað um að Bankasýslan eigi að starfa samkvæmt eigendastefnu ríkisins og í þeim drögum sem hv. viðskiptanefnd hefur haft til umfjöllunar og hefur verið fjallað um á þingi í dag er sterk áhersla á að bankar tilgreini sérstöðu sína og framtíðarsýn. Því er ljóst að komið hefur verið mjög til móts við þessa athugasemd Samtaka fjármálafyrirtækja.

Önnur athugasemd frá Samtökum fjármálafyrirtækja snýr að beinum afskiptum Bankasýslunnar að daglegum rekstri einstakra fjármálastofnana. Meiri hluti nefndarinnar taldi þessa athugasemd réttmæta og leggur því til breytingu á 4. gr. frumvarpsins þannig að Bankasýslan hafi samskipti sín í gegnum stjórnir fyrirtækjanna en ekki beint við þau sjálf. Athugasemdum Fjármálaeftirlitsins um stjórnarnefnd Bankasýslunnar hefur verið mætt með því að velja Bankasýslunni stofnanaform fremur en hlutafélagaform þannig að stjórnarmenn séu fyrst og fremst ábyrgir gagnvart Bankasýslunni og fjármálaráðherra en njóta að sjálfsögðu réttinda og hafi skyldur sem stjórnarmenn annarra fjármálafyrirtækja.

Í umsögn Viðskiptaráðs segir um stjórnarhætti hins opinbera, með leyfi forseta: „Viðskiptaráð fagnar því að settar séu skýrar leikreglur um eigendahlutverk ríkisins, svo og þeim áherslum frumvarpsins og endurreisn, virka samkeppni, gagnsæi og upplýsingamiðlun til almennings. Ráðið hefur um nokkurt skeið talað fyrir því að hið opinbera og opinber fyrirtæki tileinki sér góða stjórnarhætti og gaf m.a. út leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Kauphöllina. Leiðbeiningar þessar byggja að meginstefnu til á leiðbeiningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem fjallað er um í athugasemdum frumvarpsins. Stór hluti fyrrgreindra leiðbeininga hefur ratað með einum eða öðrum hætti í frumvarp þetta. Þar má nefna eigendastefnu hins opinbera, takmarkað svigrúm ráðherra til að beina tilmælum til stjórnar stofnunar, að forstjóri beri ábyrgð gagnvart stjórn, að verkefni stjórnar séu vel skilgreind, virka upplýsingamiðlun og fleira. Þessum áherslum ber að fagna.“

Ljóst er að í hinu síkvika umhverfi dagsins í dag hefur ýmislegt breyst frá því að frumvarpið var lagt fram í júní. Nú liggur t.d. fyrir samkomulag við skilanefndir viðskiptabankanna þriggja, Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands, þar sem gert er ráð fyrir því að skilanefndir Glitnis og Kaupþings að undangengnu samráði við kröfuhafa geti eignast meiri hluta hlutafjár Íslandsbanka og Nýja Kaupþings en jafnframt er ljóst að Landsbanki Íslands mun verða að fullu í eigu ríkisins. Auðvitað hvarflaði að manni við þessi tíðindi sú hugsun að þörfin fyrir Bankasýsluna hafi minnkað. En þegar maður spyr sig spurningarinnar stóru: Ef við stofnum ekki Bankasýsluna, hvað gerum við þá með Landsbanka Íslands, með hluti okkar í Glitni og Kaupþingi, með hugsanlegan hlut okkar í sparisjóðum, með hlut okkar í fyrirtækjum og félögum sem kunna að falla undir Bankasýsluna? Auk þess skulum við muna að það er ekki endanlega ljóst hvort samkomulagið um bankana muni verða að veruleika, það liggur ekki fyrir fyrr en í haust. Svar mitt við þessari spurningu er því: Höldum okkur við Bankasýsluna og það ágæta endurskoðaða frumvarp sem er til umfjöllunar. Hugsanlega verður hún umfangsminni en efni stóðu til í upphafi og líftími hennar jafnvel styttri sem er vel. Mér hefur ekki verið bent á neina betri leið til að tryggja fjarlægð fjármálafyrirtækja frá framkvæmdarvaldinu, með fullri virðingu fyrir skrifborði og fangi fjármálaráðherra, faglega skipan í stjórnir og stjórnendahlutverk, heilbrigða samkeppni fjármálastofnana með skýra stefnu og framtíðarsýn. Stofnun og rekstur Bankasýslunnar mun að sjálfsögðu kosta sitt en aðrar útfærslur á þeim verkefnum sem hún mun sinna munu líka kosta sitt. Deild í ráðuneyti með tilheyrandi sérfræðivinnu kostar sitt eins og dæmin sanna.

Stofnun ríkisstofnunar eins og Bankasýslunnar er ekki helsta stefnumál neins stjórnmálaflokks en veruleiki okkar nú sumarið 2009 er sá að við sitjum með stóran hluta fjármálafyrirtækja landsins í ríkisfanginu og nú viljum við koma þeim blíðlega á fæturna í þeirri von að þau verði smám saman fullburða og sjálfráða eftir faglegt uppeldi hjá Bankasýslunni.

[13:48]

Frsm. minni hluta viðskn. (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil í stuttu andsvari spyrja hv. þingmann sem sagði að það kosti sitt að reka Bankasýsluna sem deild í fjármálaráðuneytinu. Telur þingmaðurinn í ljósi þess að við erum að fara í mesta niðurskurð ég vil leyfa mér að segja í Íslandssögunni, þar sem fjármálaráðuneytið fær núna á fjárlögum 680 millj., hefur verið að rækja þetta hlutverk síðustu mánuði, telur þingmaðurinn það algerlega útilokað að gerð væri sú krafa til fjármálaráðuneytisins að þeir sinntu þessu hlutverki innan þeirra fjárheimilda sem þeir hafa núna? Þannig gætum við sparað ríkissjóði 70–80 millj. kr. sem ég er viss um að ég og þingmaðurinn gætum fundið góðan stað til að verja í önnur mál.

[13:50]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurninguna. Ég veit að við deilum því sjónarmiði að við vildum gjarnan nýta þessa fjármuni til annars en ég verð að viðurkenna að ég held að við verðum að verja einhverjum fjármunum í faglega umsýsla með þessum fjármálafyrirtækjum okkar. Ég tel að þau faglegu sjónarmið vegi það mikið að jafnvel þó svo þetta gæti farið inn á eitthvert yfirfullt skrifborð í fjármálaráðuneytinu þá eigum við í raun og veru að verja þessum fjármunum í einhvern ákveðinn tíma til að tryggja faglega umsýslu. En svo vona ég að eftir ákveðinn árafjölda getum við nýtt þessa fjármuni í annað.

[13:51]

Frsm. minni hluta viðskn. (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þjóðhagsspá frá sama fjármálaráðuneytinu og við erum að ræða er tekið sérstaklega fram sem og í skýrslu fjármálaráðherra sem hann lagði fyrir þingið ekki alls fyrir löngu var talað um að sá vandi sem við stöndum frammi fyrir í því að ná ríkisfjármálunum saman væri gríðarlegum eins og við vitum. Þar þyrfti að fara sérstaklega vandlega með fjármuni ríkissjóðs þannig að þeir fjármunir yrðu nýttir sem allra best og einskis væri látið ófreistað að draga úr útgjöldum ríkissjóðs án þess að það kæmi niður á velferðarþjónustunni.

Hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra sagði í blaðaviðtali fyrir hálfum mánuði síðan að hann væri búinn að leita leiða til að draga úr útgjöldum ráðuneytis síns og ætlaði að reyna að koma því þannig fyrir á næsta ári að ekki yrði dregið mikið úr þjónustu við fatlað fólk. Nú ætla ég ekki að gera lítið úr því verkefni sem við stöndum frammi fyrir en einmitt í ljósi þess ítreka ég spurningu mína: Falla 70–80 millj. í þetta undir þá skilgreiningu sem hæstv. fjármálaráðherra sagði í skýrslu sinni að verið sé að nýta skattfé borgaranna með sem allra bestum og skynsamlegustum hætti?

[13:53]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Fá verkefni standa hjarta mínu nær en það að hugsa vel um fatlaða en eftir sem áður deili ég þeirri hugsun sem ég held að sé ein grunnhugsun hjá þeim ágæta flokki sem hv. þingmaður stendur fyrir, að það er fátt mikilvægara en að koma bönkunum á fæturna til þess í raun og veru að tryggja að það fáist fjármagn til að fara að byggja upp atvinnulíf í landinu. Og ég held að ekkert sé eins mikilvægt og það að við eigum fjölbreytt og gott atvinnulíf því það er í raun og veru alger undirstaða þess velferðarkerfis sem m.a. þjónusta við fatlaða er. Ég lít þannig á að þetta sé tímabundið og ég vildi óska þess að við gætum nýtt fjármagnið á annan hátt en ég tel þetta verkefni vera það mikilvægt að við eigum að veita í það fjármagn sem við þurfum á sem faglegastan og bestan hátt til að koma bönkunum á fæturna.

[13:54]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Við lifum á einkennilegum tímum, tímum þar sem svo margt sem við tókum sem sjálfgefnum hlut er ekki öruggt lengur. Það krefst þess að við þorum að hugsa út fyrir rammann, leggja fram skapandi og frjóar lausnir. Mér fyndist eðlilegt að hver fjármálastofnun setti sér sín eigin markmið, viðmið og fyndi sína eigin leið til endurreisnar og með hvaða hætti hún getur lagt lóð á vogarskálarnar í öllu samfélaginu. Það gerist ekki með miðstýringu.

Hér er lagt upp með það markmið að takmarka pólitískt vald innan bankakerfisins, sem er gott og gilt en skrefið er ekki stigið til fulls. Þess í stað á fjármálaráðherra að velja fólk í stjórn sem svo ræður forstjóra stofnunarinnar. Nú hefur komið fram breytingartillaga um að hv. viðskiptanefnd skuli segja álit sitt á valinu en mér finnst það ekki faglegt. Það þarf enga sérstaka snilligáfu til að sjá að það er hægðarleikur fyrir fjármálaráðherra að hafa bæði tögl og hagldir í Bankasýslunni. Ég mundi vilja að hér yrði faglega staðið að ráðningu starfsfólks ef við eigum á annað borð að koma þessari stofnun á fót.

Frú forseti. Á minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að flest lönd innan OECD hafi smám saman fært forræði eignarhluta til eins ráðuneytis þannig að umsýslan verði samræmd og mælir OECD með því fyrirkomulagi. Ríkisendurskoðun hefur einnig bent á að Bankasýslunni sé ætlað að sinna verkefni sem fjármálaráðuneytið virðist að flestu fullfært um að leysa af hendi og það muni auka útgjöld ríkisins um 70–80 millj. kr. árlega. Þeir fjármunir kæmu sér örugglega vel víða t.d. hjá lögreglunni eða í heilbrigðiskerfinu.

Mig langar líka að tala um samkeppnissjónarmið. Nú blasir við gerbreytt staða. Ef til vill verða tveir af þremur bönkum í eigu annarra en ríkisins, ef til vill erlendra aðila. Ríkið mun samt sem áður eiga 10–12% í þeim bönkum. Ég get ekki séð hvernig hægt er að skapa heilbrigt samkeppnisumhverfi við þær aðstæður að Bankasýslan eigi bæði að stýra ríkisbanka og fara með eignarhluti ríkisins í bönkum sem eru að mestu leyti í eigu annarra og í samkeppni við ríkisbankann. Nú er kerfið í hraðri þróun og við vitum ekki hvernig það mun á endanum líta út. Mér finnst óðs manns æði að koma þessari Bankasýslu upp núna þegar við vitum ekki hvernig kerfið mun verða. Þarf virkilega heila ríkisstofnun til að fara með eignarhlut í einum banka? Er ekki hreinlegra að Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið fylgist með því sem þar fer fram í stað þess að setja upp leikrit þar sem fjármálaráðherra velur í öll hlutverk?

En hvað eigum við að gera í staðinn? Ég er ekki viss um að við þurfum að gera neitt. Það fer hins vegar eftir því hvernig málin þróast. Endurfjármögnun bankanna hefur dregist og nú stefnum við á miðjan ágúst. Væri ekki ráð að doka við og sjá hvort raunveruleg þörf sé fyrir slíka stofnun áður en við spanderum öllum þessum peningum í að búa til bákn sem kannski er óþarft?

[13:58]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég skrifa undir nefndarálit frá minni hluta viðskiptanefndar varðandi Bankasýslu ríkisins. Ástæðan fyrir því að ég er sammála öðrum í minni hlutanum er að ég er alls ekki sannfærð um að tímabært sé að ræða þetta mál í 2. umr. Eins og kemur fram í nefndaráliti okkar höfum við

töluverðar áhyggjur af þessu fyrirkomulagi og eftir þá vinnu sem hefur farið fram í nefndinni er ég ekki viss um hvort við séum algerlega orðin sammála eða það væri orðið skýrt að þessari umsýslu væri best komið fyrir í nýrri ríkisstofnun. Síðan voru punktar sem varða eigendastefnu sem við ræddum um í morgun.

Þegar við vorum að klára þetta álit og klára málið út úr nefndinni lá eigendastefnan ekki fyrir þrátt fyrir að margoft væri búið að óska eftir að fá stefnuna svo hægt væri að kynna sér hana og vinna með hana samhliða frumvarpinu. Því miður varð það ekki því það dróst mjög að leggja eigendastefnuna fram í ríkisstjórn. Tel ég að það skaði málið að eigendastefna skuli ekki hafa verið lögð fram samhliða því að nefndin var að fjalla um frumvarpið.

Ég verð hins vegar að segja að ástæðan fyrir því að ég er ekki á breytingartillögu félaga minna í minni hlutanum um að fresta gildistökunni og að Bankasýslunni verði bara komið á fót ef allir þrír bankarnir verða þarna undir. Ég get tekið undir hluta af breytingartillögunni, ég tel mjög eðlilegt að fresta gildistökunni því við þurfum að skoða þetta mál betur og sjá fyrir okkur hvernig þróunin verður en ég er hins vegar ekki alveg fyllilega sannfærð um það hvort við þurfum Bankasýslu yfirleitt. Helstu rökin í mínum huga fyrir því af hverju við þyrftum hugsanlega að stofna Bankasýslu eru tölurnar sem við erum að fást við, upphæðirnar. Það hefur mikið verið talað um kostnað við rekstur Bankasýslunnar, það séu 70–80 millj. kr. árlega. Ef ég mætti kannski setja tölur svolítið í samhengi þá er ársreikningur ríkisins, af því að við erum að tala um útgjöld, þá erum við að tala um einhvers staðar í kringum 500 milljarða en eignir bankanna, sem eru þá nýju bankarnir, þá er efnahagsreikningur upp á 2.000 milljarða. Þó að Landsbankinn verði einn þarna undir og einhverjir sparisjóðir þá erum við að tala um stærðargráðu upp á alveg 1.000–1.200 milljarða sem Bankasýslan er með undir sér í gegnum störf sín. Þetta eru alveg gífurlegar upphæðir og þess vegna finnst mér kannski erfitt að eiga að fara að sjá eftir þeim 70–80 millj. þegar við erum að tala um að varsla 1.000 milljarða.

Ég held að við ættum kannski að hafa aðeins lært af umræðunni sem hefur verið í samfélaginu í gær og í dag þar sem bent var á að við virðumst hafa lagt einhverja tugi milljóna í samningaviðræður um Icesave á meðan þeir sem við vorum að semja við lögðu 1 til 2 milljarða. Við sjáum niðurstöðuna af því og árangurinn af því þannig að þetta er spurning um að setja tölur í svolítið meira samhengi.

Ég er hins vegar mjög ósátt við verkferlið sem tengist endurreisn bankanna, mjög ósátt. Mér finnst að við höfum byrjað á öfugum enda. Við hefðum átt að byrja á því að fá eigendastefnuna og við hefðum þá getað unnið með hana og tillögur samræmingarnefndar um endurreisn bankakerfisins og þær tillögur sem sérfræðingurinn Mats Josefsson hefur lagt fram. Þegar samræmingarnefndin skilaði tillögum sínum 11. febrúar gerðu menn ráð fyrir því að undir lægi 90–95% af bankakerfinu og þess vegna væri mjög mikilvægt að koma á þessu stjórnskipulagi sem við erum að fást við hérna, annars vegar Bankasýslunni og síðan eignaumsýslufélaginu.

Ef ég mætti kannski minna, með leyfi forseta, á hvað það var sem endurreisnarnefnd bankakerfisins lagði til á sínum tíma 11. febrúar þá tala þeir um í sinni skýrslu, með leyfi forseta, að „starfandi bankar verði endurreistir af ríkisstjórninni, bæði rekstrarlega og fjárhagslega. Komið verði á fót eignasýslufélagi, (á ensku: Asset Management Company) sem muni hafa það hlutverk annars vegar að styðja endurreisn stærri fyrirtækja sem gegna mikilvægu hlutverki í íslensku efnahagslífi og hins vegar að endurskipuleggja félög og bjarga verðmætum sem glatast ef félögum fara í þrot. Ríkisstjórnin taki við hlutverki eigenda bankanna og láti bankana vita að viðskipti eigi ekki að ganga fyrir sig með sama hætti og áður.“ — Spurning hvort þetta sé alveg skýrt. — „Stjórnendur banka geri sér grein fyrir því nýja umhverfi sem þeir starfa í og leggi sitt af mörkum og styðji ríkisstjórnina við að koma stefnumálum hennar, varðandi endurreisn efnahagslífsins í framkvæmd. Endurbættur verði laga- og framkvæmdarammi varðandi uppgjör gömlu bankanna. Skipting verðmæta, sem fást við sölu eigna gömlu bankanna, á milli kröfuhafa verði sanngjörn, réttlát og gagnsæ. Íhugað verði að setja upp sjálfstætt eignarhaldsfélag sem fari með hlutabréf ríkisins í bönkum og fjármálastofnunum. Mótuð verði afstaða til framtíðareignarhalds á fjármálastofnunum, m.a. hugsanlega sölu hlutabréfa. Settar verði reglur og eftirlitsrammi í samræmi við það sem gerist best alþjóðlega.“

Ég tel að það sem við erum að fást við hérna, Bankasýslan, sé þetta sjálfstæða eignarhaldsfélag sem fari með hlutabréf ríkisins í bönkunum og fjármálastofnunum. Það er greinilega skýr stefnumörkun hjá meiri hlutanum þess efnis að þeir sjá það ekki ganga upp og vera með hlut ríkisins í sjálfstæðu félagi heldur eigi þetta að vera sjálfstæð stofnun sem verði undir fjármálaráðuneytinu. Í inngangi skýrslunnar sem ég vísa til kemur mjög skýrt fram að ætlunin er að endurskoða tillöguna reglulega eða ársfjórðungslega. Mér taldist til að það væru komnir sex mánuðir síðan skýrslan var lögð fram og ég hef ekki frétt af því enn þá að slík endurskoðun hafi farið fram. Ég tel að það sé mjög tímabært, sérstaklega í ljósi þess sem gerðist um síðustu helgi, samkomulagið við skilanefndina um yfirtöku rekstrar á Nýja Kaupþingi og Íslandsbanka.

Þess vegna held ég að það liggi alveg fyrir að við munum kalla málið inn í viðskiptanefnd aftur á milli 2. og 3. umr. Það hefði leikandi verið hægt að fresta 2. umr. sem samkvæmt þingsköpum og verklagi sem maður hefur séð á þinginu á að vera meginumræða um mál, 2. umr. Þegar þessari umræðu er lokið fara fram ákveðnar atkvæðagreiðslur um breytingartillögur og annað og þar með er búið að festa þær breytingar. Að mínu mati hefði verið mun betra ef við hefðum gefið okkur aðeins betri tíma varðandi þetta stóra mál og horft á það heildstæðar og við hefðum tekið inn Bankasýsluna, við hefðum tekið inn eigendastefnuna, við hefðum tekið inn hvaða vinna er í gangi innan nefndar um endurreisn fjármálakerfisins og hvort hún mundi vilja breyta tillögum sínum í ljósi þess sem hefur gerst. Mig minnir að á fundi viðskiptanefndar núna síðast hafi ein af spurningunum sem hæstv. fjármálaráðherra fékk þegar samkomulag við skilanefndirnar lá fyrir verið: Hvað gerist með eignaumsýsluna, eignaumsýslufélagið, hvað gerist með Bankasýsluna? Það var alveg ljóst af svörum hans að það var ekki alveg skýrt hvað mundi gerast en hann teldi

kannski heppilegast að við héldum bara áfram á sömu braut og sæjum síðan til.

Síðan kom fram á fundi í viðskiptanefnd að alla vega væri búið að hægja mjög á stofnun eignaumsýslufélagsins. Menn ætluðu að sjá til hvort nauðsyn væri að stofna það en hér erum við hins vegar að keyra áfram Bankasýsluna.

Ég tel líka mjög mikilvægt þegar við ræðum þetta mál hvað varðar umsýsluna og eignarhlut ríkisins í nýju bönkunum að það liggur fyrir að frá og með 14. ágúst muni ríkið setja 271 milljarð inn í þessa þrjá banka. Það er ekki komið í ljós hvort skilanefndirnar uppfylla þau skilyrði sem Fjármálaeftirlitið gerir til eigenda banka á Íslandi þannig að vel gæti hugsast að við munum vera að reka þrjá banka þannig að það væru þá þrír bankar sem falla hérna undir auk hugsanlega einhverra sparisjóða. Við erum ekki búin að svara því hvers vegna eigum við að trúa því að nýju bankarnir verði betur reknir en þeir gömlu. Hvers vegna ætti þjóðin, við þingmenn sem fulltrúar þjóðarinnar, að treysta því að sama sagan endurtaki sig ekki? Hvað er í stjórn og skipulagi nýju bankanna sem stjórnvöld verða að treysta á sem tryggir skilvirkan, agaðan og faglegan bankarekstur? Þess vegna var það svo óþægilegt þegar maður spyr sig þessara spurninga að í ljósi þeirra upplýsinga sem við fengum í meðferð málsins treystu menn mjög á eigendastefnu ríkisstjórnarinnar til að svara þessum spurningum. Hvað er það sem er í stjórnun og skipulagi nýju bankanna sem mun gera það að verkum að þjóðin geti treyst því að þeir verði betur reknir og það verði betri siðleg viðhorf innan nýju bankanna en voru í þeim gömlu? Við vorum að fást við formið, skipulagið en höfðum ekki þann ramma sem ríkisstjórnin hafði sett utan um þetta.

Ef við förum síðan aðeins í gegnum þetta skemmtilega og áhugaverða plagg um eigendastefnuna þá segir þar að það sem Bankasýsla ríkisins á að gera, með leyfi forseta:

„Bankasýsla ríkisins fer með eigandahlutverk ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. …

Bankasýslan er fagleg umsýslustofnun eignarhluta. Hún lýtur sérstakri stjórn og starfar eftir sérstökum lögum þar sem verkefni hennar eru skýrt skilgreind. Stofnunin fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og fara starfsmenn stofnunarinnar með eignarhluti ríkisins og atkvæðarétt þess á hluthafafundum. Stofnunin setur fjármálafyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins viðmið í rekstri með samningum, m.a. um endurskipulagningu fjármálafyrirtækja, og hefur eftirlit með því að settum markmiðum verði náð. …

Stjórn stofnunarinnar skipar sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir fyrir hönd ríkisins aðila til setu í bankaráðum og stjórnum fjármálafyrirtækja.

Bankasýsla ríkisins sér alfarið um samskipti ríkisins sem eiganda við fjármálafyrirtæki sem ríkið á hluti í og tengjast eigandahlutverki þess. Bankastjórnir, stjórnir og stjórnendur fjármálafyrirtækja munu ekki eiga bein samskipti við fjármálaráðuneytið eða ráðherra.“

Síðan er ef við rennum hratt í gegnum helstu meginreglur Bankasýslunnar þá á hún að fylgja þeim í störfum sínum og samskiptum við fjármálafyrirtækið. Það er jafnræði í starfsemi fjármálafyrirtækja og í samskiptum við hluthafa. Gagnsæi í samskiptum ríkisins við fjármálafyrirtækið. Helstu tillögur um ákvörðun eigenda í málefnum sem snerta rekstur fjármálafyrirtækis skulu settar fram, ræddar og bornar upp til samþykkis á aðalfundum þeirra. Bankasýsla ríkisins mun í samvinnu við aðra eigendur ef við á setja árangursviðmið fyrir fyrirtækin, stjórnir og bankaráð bera ábyrgð á því að þeim sé fylgt eftir. Fjármagnsskipan fjármálafyrirtækja skal taka mið af markmiðum sem ríkið hefur með á eignarhaldinu sem og stöðu fyrirtækjanna sjálfra. Samsetning stjórna og bankaráða skal taka af mið af hæfni og fjölbreytni á grundvelli eðlis og starfsemi hvers fyrirtækis. Launafyrirkomulag skal vera gagnsætt og sanngjarnt miðað við almenna framvindu efnahagslífsins og að vel unnin störf stuðli að framgangi: Stjórnir og bankaráð skulu vera sjálfstæð gagnvart stjórnendum og framkvæmdastjórn fyrirtækjanna. — Það er áhugavert að það er talað um sjálfstæði gagnvart stjórnendum og framkvæmdastjórn fyrirtækjanna en hvernig er með sjálfstæði stjórna hins vegar gagnvart Bankasýslunni? — Ætíð skal auglýst í stöður æðstu stjórnenda, svo sem banka- og framkvæmdastjóra. Stjórnar- og bankaráðsmenn skulu vinna eftir skýrum áætlunum og leitast stöðugt við að bæta hæfni sína og ná settum markmiðum. Fjármálafyrirtæki skulu vera meðvituð um samfélagslega ábyrgð sína. Starfsmannastefna fjármálafyrirtækja skal leitast við að tryggja virka þátttöku allra sem þar vinna, greinargóða miðlun upplýsinga til starfsfólks og starfsmannalýðræði. Fullt jafnrétti kynja í launamálum og framgangi starfa innan fyrirtækjanna skal sett í öndvegi.

Ég verð að segja fyrir mig að ég hefði talið mjög þarflegt að við hefðum getað rætt þetta í nefndinni og kallað til sérfræðinga, bæði innan endurreisnarnefndarinnar og þeirra sem eru sérfræðingar í stefnumótun og rætt við þá í samhengi við Bankasýsluna. Þetta var ein af mörgum meginathugasemdum sem við fengum frá Viðskiptaráði og fleiri aðilum að mönnum fannst mjög óþægilegt að hafa ekki eigendastefnuna sem viðmið þegar að því kom að ræða þetta frumvarp og skila inn umsögnum.

Við óskuðum eftir áliti efnahags- og skattanefndar um frumvarpið og þeir bentu sérstaklega á tengslin við eignaumsýslufélagið. Enn á ný erum við þar komin að ákveðnum upphafspunkti því það er algerlega upp í loft núna hver tengslin þar verða og hvort verði almennt stofnað til eignaumsýslufélags. Ég verð líka að gera athugasemd við það að ekki skyldi einn einasti fulltrúi minni hlutans vera viðstaddur afgreiðslu efnahags- og skattanefndar sem er að vísu mjög vel skipuð fólki sem situr líka í viðskiptanefnd.

Ég segi fyrir mína parta ef við förum efnislega í gegnum málið þá hefði mér ekki hugnast að þetta hefði verið sett í opinbert hlutafélag. Það tengist fyrst og fremst gagnsæi og upplýsingaöflun um það hvað Bankasýslan er að gera og þeim gífurlegu fjármunum sem eru þarna undir eins og ég nefndi í upphafi ræðu minnar.

Ég get ekki tekið undir athugasemdir hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur um að við eigum að hætta að leggja áherslu á kynjahlutföllin í stjórnun fyrirtækja. Það væri hins vegar ágætt ef við færum kannski að sjá meiri árangur af þessu. Við höfum stundum hálfhlegið að því innan viðskiptanefndar þar sem konur eru í meiri hluta að við virð-

umst bara fá karlmenn í mjög fínum jakkafötum í heimsókn til okkar. En það hefur svo sem kannski aldrei verið neinn galli í mínum augum að hitta nokkra karlmenn.

Það sem ég gerði meginathugasemdir við, og ég er mjög sátt við að formaður og meiri hluti nefndarinnar hafi tekið tillit til þeirrar athugasemdar, er skipan stjórnar Bankasýslunnar. Þetta eru sams konar athugasemdir og við gerðum varðandi skipan stjórnar eignaumsýslufélagsins. Við töldum ekki eðlileg þessi miklu tengsl ef markmiðið væri að rjúfa tengslin milli pólitíkur og umsýslunnar á þessum eignarhlutum að það yrði bara fjármálaráðherra sem mundi skipa í stjórn Bankasýslunnar. Það yrði þá hugsanlega gert í einhverjum bakherbergjum eða framherbergjum í fjármálaráðuneytinu.

Hér er komin breytingartillaga frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur sem ég fagna mjög, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra leggur tillögu um skipun stjórnar Bankasýslunnar fyrir viðskiptanefnd Alþingis og skipar hana að fengnu áliti nefndarinnar.“

Þótt það sé alveg á hreinu að fjármálaráðherra geti náttúrlega algerlega hunsað álit okkar þá ætla ég enn þá að hafa veika von um þessi nýju vinnubrögð sem hefur verið talað svo mikið um hérna að ef það koma alvarlegar athugasemdir frá viðskiptanefnd varðandi tillögur fjármálaráðherra (Gripið fram í.) — ég er nú bjartsýn kona — þá muni fjármálaráðherra taka tillit til þess. Það sem ég tel kannski mikilvægast er að það sé alla vega gagnsæi í tillögunum þannig að það lægi fyrir og það gæti farið fram ákveðin umræða og rökstuðningur fyrir því af hverju er verið að velja þessa einstaklinga í stjórn Bankasýslunnar.

Það eru ýmsir þættir sem ég tel að við þyrftum að skoða betur milli 2. og 3. umr. Mér finnst mjög áhugavert að skoða eigendastefnu sænsku ríkisstjórnarinnar þar sem komið er inn á ákveðna þætti sem ég tel að við mættum kannski impra mun betur á hjá okkur, hvort sem við teljum eðlilegt að það fari inn í lögin um Bankasýsluna eða hvort það fari inn í eigendastefnuna, hlutir t.d. eins og það að mikil áhersla er á því hjá Svíum að almenningur geti mætt á hluthafafundi í ríkisreknum fyrirtækjum. Þeir eru með mjög skýrar reglur um það hvernig skal standa að vali á fólki í stjórnir fyrirtækja. Helstu athugasemdir sem ég gerði kannski við eigendastefnuna tengjast þessum siðareglum eða siðferði og félagslegri ábyrgð ríkisins sem eiganda. Þetta eru hlutir sem ég tel skipta miklu máli að við ræðum og það væri einmitt mjög áhugavert að fá sérfræðinginn Mats Josefsson á fund nefndarinnar á milli umræðna til að við getum vonandi orðið aðeins sáttari öll bæði í meiri og minni hluta um það hverju við erum að skila af okkur og haft betri skilning á því.

[14:18]

Frsm. minni hluta viðskn. (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja hv. þingmanni það að ég er í öllum meginatriðum algjörlega sammála ræðu þingmannsins en ég vildi þó koma hér í stutt andsvar til að leiðrétta það sem var kannski túlkun þingmannsins á því sem ég var að gera athugasemdir við varðandi kostnaðinn. Ég vil bara ítreka það að ég sé ekki eftir fjármunum í endurreisn bankanna og það vil ég að komi algjörlega skýrt og klárt fram.

Hins vegar sé ég alltaf eftir fjármunum sem hugsanlega er eytt að óþörfu. Það er það sem ég hef verið að vekja athygli á. Ég er ekki sannfærð um að þessi Bankasýsla nái þeim markmiðum sem við erum öll sammála um að liggi hér að baki. Ég tel að við ættum að skoða það betur hvort hægt sé að nýta það starfsfólk og þann mannafla sem fyrir er án aukakostnaðar fyrir ríkið áður en við förum að verja 70–80 milljónum sem hægt er að verja í önnur þarfari mál. Ég held að okkur beri skylda til þess sem þingmönnum að hugsa alltaf um hvernig við getum nýtt fjármuni hins opinbera sem best og það var það sem ég var að gera athugasemd við. Það er ekki að ég tími ekki að verja nauðsynlegum fjármunum í endurreisn bankanna, ég vildi að það kæmi fram.

Síðan varðandi jafnréttismálin var ég heldur ekki að segja að við eigum ekki að huga að þeim. Ég var frekar að vekja athygli á því að ekki er nóg að tala um þau heldur verður að framkvæma þau og þar held ég að ég og hv. þingmaður séum sammála.

[14:20]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alltaf ánægjulegt að fara í meðsvar eins og hv. þm. Pétur Blöndal vildi fara að kalla þennan lið. Ég fagna því sem hv. þingmaður sagði þegar hún vildi útskýra mál sitt og ég tek því líka þannig að hún sé raunar sammála mér að við séum náttúrlega að tala um alveg gífurlega fjármuni sem eru þarna undir.

Ég verð hins vegar líka að segja það að ég hef töluverðar áhyggjur af hinum 50 prósentunum sem eru hugsanlega að fara í hendurnar á skilanefndunum. Við erum að leggja í mikla vinnu í að móta ákveðna eigendastefnu og starfsumhverfi fyrir þessi 50–60% af bankamarkaðnum en erum held ég bara rétt byrjuð að krafsa í yfirborðið hvað varðar skilanefndirnar og hlutverk þeirra.

Síðan get ég algjörlega tekið undir það sem hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir sagði um að það væri mjög ánægjulegt að við færum að sjá einhvern árangur af öllum þessum áætlunum og markmiðum um aukið jafnrétti og þá sérstaklega hvað varðar atvinnulífið. Ég held að við hérna á þinginu höfum tekið stór skref t.d. núna við síðustu kosningar. Bara í mínu kjördæmi á listi hv. þingmanns mikinn heiður af því að við náðum 50% hlutfalli kvenna sem þingmenn Suðurkjördæmis. Ég er því alveg sannfærð um að þetta sé eitthvað sem hún vil gjarnan sjá, jafnara hlutverk kynjanna.

Ég ætla hér með bara að ljúka mínu meðsvari og þakka fyrir.

[14:22]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér í annað sinn Bankasýslu ríkisins. Það sem hefur tekið breytingum er raunverulega óverulegt, að nú hefur verið reynt að slá á þá gagnrýni sem helst hefur verið á þetta frumvarp með því að viðskiptanefnd gefi umsögn um þá sem koma til greina sem stjórnarmenn.

Við hlustuðum fyrr í dag á hæstv. fjármálaráðherra flytja drög að eigendastefnu fyrir fjármálastofnanir. Þetta stangast að nokkru leyti á við það vegna þess að í stefnunni kemur skýrt fram að grunnur hennar sé að ríkið þurfi að vera trúverðugur eigandi og það verði að vera hafið yfir allan vafa að ekki séu pólitísk afskipti af daglegum ákvörðunum. Ég hef reyndar bent á að ég saknaði þess að þetta skuli ekki vera eitt af meginmarkmiðum eigendastefnunnar en þar sem hún er í drögum eru líkur á því að því verði breytt. Við skulum alla vega vona það.

Þessi hugsun endurspeglast ekki í því hvernig lagaramminn um þetta allt saman verður vegna þess að í Bankasýslu ríkisins, sem mun skipa stjórn bankanna, er hægt að velja inn pólitískt, það er hægt að raða inn algjörlega pólitískt þar. Það er raunverulega ekki í anda eigendastefnunnar. Við erum hér tveim þrem tímum eftir að kynnt voru drög að eigendastefnu að ræða frumvarp sem raunverulega tekur til þess að ekki verði farið eftir eigendastefnunni, sem er óneitanlega sérstakt þannig að hér stangast hvað á annars horn.

Við ræddum þetta í hv. efnahags- og skattanefnd og þar voru aðallega tvö atriði sem stóðu út af. Það var þetta með stjórnina og hins vegar með félagsformið, hvernig því skyldi háttað. Það var bent á að með því að velja það að þetta væri stofnun en ekki hlutafélag mundum við útiloka að erlendur ríkisborgari gæti orðið framkvæmdastjóri eða forstjóri þessarar nýju stofnunar eða þessa nýja fyrirbæris, en með því að vera með það á hlutafélagaformi er slíkt leyfilegt. Þar sem við erum að leita til bestu hugsanlegu einstaklinga til að stýra þessum apparötum ríkisins er þessi útilokun bagaleg.

Annað atriði er að þetta fellur beint undir kjararáð, að laun forstjóra þessarar svokölluðu Bankasýslu falla undir kjararáð. Enn og aftur bendi ég á gallann við þá hugmyndafræði að hæstv. forsætisráðherra skuli vera hæstlaunaði starfsmaðurinn og laun skuli miðast út frá því þannig að það er ljóst að þarna enn og aftur er verið að skerða möguleika til þess að ráða kannski heppilegasta einstaklinginn. Það er ekki afsökun eins og stjórnarliðar klifa sífellt á að ekki hafi tekist svo vel til í rekstri bankanna með forstjóra á ofurlaunum að það skipti einhverju máli. Jafnframt er hnýtt í þá augljósu staðreynd að það er hægt að laða að hæfa einstaklinga með launum, það er stanslaust hnýtt í þá augljósu staðreynd og bent á bankahrunið í því sambandi. Eins og allir hugsandi menn vita náttúrlega er það í besta falli kjánalegt yfirklór.

Þessi tvö aðalgagnrýnsiatriði, þ.e. annars vegar stjórnin og hins vegar félagsformið, hafa ekki tekið neinum breytingum. Það eina er að menn reyna að fá er einhvers konar syndakvittun með því að viðskiptanefnd fái að gefa umsögn um stjórn eða stjórnarmenn sem hæstv. fjármálaráðherra getur síðan skipað en hann þarf á engan hátt að fara eftir því.

Síðan er náttúrlega grundvallarspurningin að hér á Íslandi gerast hlutirnir það hratt núna að umhverfið breytist skjótt, ekki frá degi til dags heldur frá klukkutíma til klukkutíma. Mál sem bráðlá á í gær eða fyrir hádegi, nú á að gefa sér góðan tíma í að hugsa um þau. Það er því erfitt henda reiður á hvað er að gerast, svo hratt gerast hlutirnir og svo oft breytast ákvarðanirnar.

Helsta röksemdin fyrir Bankasýslu ríkisins var sú að nú væri ríkið að yfirtaka megnið af fjármálakerfi Íslendinga og að það væri rétt að því yrði stjórnað í einhvers konar stofnun. Nú hefur okkur aftur á móti verið sagt að það séu yfirgnæfandi líkur á því að tveir af þrem viðskiptabönkum verði í einkaeign og að Bankasýslan muni hafa umsjón eingöngu með Landsbankanum, eignarhaldsfélagi sem starfsmenn fjármálaráðuneytisins segja að verði uppi í hillu, og síðan er talað um sparisjóðina. Það er engin opinber ákvörðun komin fram í málefnum sparisjóðanna. Þó svo að ljóst sé að einhverjir þeirra þurfa að fara fram á aukið stofnfjárframlag er alls ekki víst hvernig því máli muni lykta og alls ekki víst að þrátt fyrir að ríkið þurfi að koma með stofnfjárframlag í sparisjóðina að það muni eignast meiri hluta í sparisjóðunum þannig að ríkið geti ráðið stefnu stjórnar í krafti atkvæðavægis.

Hlutverk Bankasýslu ríkisins, sem einhver hv. þingmaður benti á að nú mætti kalla Landsbankasýslu ríkisins, hefur minnkað gríðarlega út af fyrrnefndum ástæðum, að Glitnir og Kaupþing lenda líklega í eign kröfuhafa, og því er vandséð út af hverju við erum að halda áfram með þetta mál. Jafnframt vil ég svona að lokum, það er óþarfi að nota allan ræðutímann í þetta, benda á að sá kostnaður, 80 milljónir, sem er áætlað að kosti að reka Bankasýslu ríkisins, er ansi mikill til þess raunverulega að taka völd sem hefðbundið eru í höndum stjórna fjármálastofnana eða þessarar einu fjármálastofnunar sem víst er að fari undir þetta, þ.e. Landsbankans. Þetta eru miklir peningar þó svo að þeir séu auðvitað, eins og bent hefur verið á, smáræði miðað við lögfræðikostnaðinn sem við Íslendingar höfum undirgengist að greiða fyrir Breta út af Icesave-málinu og Hollendinga reyndar líka.

Ég mæli með að frumvarpi um Bankasýslu ríkisins verði vísað aftur til viðskiptanefndar og þar verði tekið tillit til þessarar augljósu gagnrýni, þ.e. númer eitt að félagaforminu verði breytt í hlutafélag þannig að möguleiki sé á í fyrsta lagi að ráða erlendan ríkisborgara, í öðru lagi að hægt sé að reka stofnunina af greiddum arði af bönkunum þannig að þetta lendi ekki á ríkissjóði. Númer tvö verði athugað með stjórnina, að fara að þeim tillögum sem var fjallað um m.a. í efnhags- og skattanefnd en lentu reyndar ekki inni í minnihlutaálit vegna þess að eins og virðist tíðkast nú að málið var rifið út meðan minni hlutinn var ekki á fundi án þess að hann vissi af því þannig að hann fékk því ekki færi á að koma með álit. Númer þrjú að það verði endurskoðað að forstjóri stofnunarinnar falli undir kjararáð vegna þess að það mun binda hendur stjórnar í að ráða þann einstakling sem hún kynni að telja hæfastan. Það getur vel verið að það sé hægt að fá einhvern mjög hæfan einstakling sem hefur mikla reynslu af þessum málum og er hafinn yfir allar efasemdir, það getur vel verið að það sé hægt að fá hann fyrir 935 þús. kr. en það er skammsýni að binda hendur stjórnarinnar áður en kemur að því að finna þennan einstakling.

Ég mæli með því að málinu verði vísað aftur til viðskiptanefndar og hún taki tillit til þessara athugasemda minna.

[14:35]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, 89. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 298; nál. minni hluta allshn., þskj. 300; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 301.

Skilanefndir, 163. mál, fsp. EyH, þskj. 299.

[14:36]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka þá miklu umræðu sem hér hefur farið fram því hún hefur verið mjög upplýsandi um þann grundvallarágreining sem er í þessu máli milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Við erum ekki sammála um hvort þörf sé fyrir stofnun eins og Bankasýsluna. Við erum ekki sammála um hvort það eigi að vera stofnun eða hlutafélag og við erum ekki sammála um hvort, þegar og ef til þessa kemur, ganga eigi frá þessu núna og setja þessa starfsemi af stað með þessum hætti nú eða, eins og Sjálfstæðisflokkurinn eða Borgarahreyfingin hafa lagt til, að gera það einhvern tíma í haust. En þannig er það bara og þetta hefur auðvitað komið fram í störfum nefndarinnar, það er ekkert athugavert við það.

Mig langar aðeins til að nefna að mönnum hefur orðið tíðrætt um að hæstv. fjármálaráðherra séu veitt mikil völd með því frumvarpi sem hér er til umræðu og er þá sérstaklega horft til þess að honum er ætlað að skipa stjórn Bankasýslunnar samkvæmt frumvarpinu. Ég hef flutt breytingartillögu þess efnis að tillögur ráðherra verði lagðar fyrir viðskiptanefnd sem gæfi álit sitt á þeim og það er einn hv. þingmaður sem komið hefur í ræðustól í dag og tekið undir þá tillögu. Aðrir meta það lítils og mér finnst það miður því að ég tel að aðkoma þingsins að skipan í stjórn Bankasýslunnar sé til bóta. En því miður virðast mér alla vega fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Borgarahreyfingar ekki deila þeirri skoðun með meiri hlutanum og hv. þm. Eygló Harðardóttur.

Óskað hefur verið eftir því að málið verði tekið til nefndar á milli 2. og 3. umr. og að sjálfsögðu verður við því orðið og ég hef gert ráðstafanir til þess að nefndin geti komið saman á mánudaginn til að fara yfir þau atriði sem óskað er eftir að fjalla nánar um. En í raun tel ég að þetta mál hafi fengið mjög ítarlega umfjöllun. Við höfum fengið mjög ítarlegar umsagnir, við höfum farið mjög vel yfir þær en niðurstaðan er sú að við erum ekki sammála og þá verður bara þannig að vera. Við í meiri hlutanum höfum lagt til töluvert miklar breytingar á þessu frumvarpi og ég tel að þó svo að menn hafi kannski ekki gert það að umræðuefni í dag séu þær breytingar allar til bóta. Þær eru til komnar vegna athugasemda og ábendinga sem við höfum fengið í umsögnum og einnig frá minni hlutanum í nefndinni.

Ég sagði í ræðu minni fyrr í dag að ég væri ekki sammála því að Bankasýslan væri óþörf við þær aðstæður sem uppi eru og ég vil ítreka það sem ég sagði þá að það er útlit fyrir að ríkið verði með einhvers staðar á milli 60–75%, a.m.k., af fjármálamarkaðnum á sínum borðum. Eins og hv. þm. Eygló Harðardóttir benti á í ræðu sinni er þar um umtalsverða fjármuni að ræða sem þarf að sýsla með eins og Bankasýslunni er ætlað.

Ég ætla að spara mér, frú forseti, tímans vegna og þess samkomulags sem fyrir liggur um að reyna að ljúka þingstörfum með fyrra móti í dag að ræða hvernig menn hafa í gegnum tíðina verið í þeim stórhættulega leik sem hér var nefndur, að setja niður stofnanir bara til að setja niður stofnanir. En ég gat ekki stillt mig fyrr í dag um að kalla fram í og minna menn á hvernig staðið var að stofnun Sjúkratryggingastofnunar fyrir tveimur og hálfu ári. Ég sé að hér er allt öðruvísi að verki staðið og miklum mun betur en þá var.

Efnislegar athugasemdir sem ekki er tekið á í áliti meiri hlutans hafa ekki verið miklar í þessari umræðu en ég vil þó, vegna orða hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar, sem að vísu á ekki sæti í viðskiptanefnd, en þar fjölluðum við um þetta, (Gripið fram í.) gera athugasemd við að ekki sé hægt að ráða erlendan ríkisborgara að Bankasýslunni. Þetta er ekki rétt, hv. þingmaður. Ég vil hvetja þingmanninn til að lesa II. kafla í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna um veitingu starfs þar sem talin eru upp almenn skilyrði þess að fá skipun eða ráðningu í starf og hér erum við ekki að tala um embættismenn. Embættismenn eru tilgreindir í IV. kafla laganna og upp taldir tæmandi. Þar skulu menn vera íslenskir ríkisborgarar. Í II. kafla kemur skýrt fram í 4. tölulið 6. gr. að eitt af almennum skilyrðum til að fá skipun eða ráðningu í starf er íslenskur ríkisborgararéttur en síðan segir, með leyfi forseta:

„Þó má ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu 1) eða Færeyjum 2) til starfa með sömu kjörum og íslenska ríkisborgara. Einnig má víkja frá þessu ákvæði þegar um er að ræða aðra erlenda ríkisborgara ef sérstaklega stendur á.“

Ég tel ástæðu, frú forseti, til að ítreka þetta enda þótt það sé bjargföst afstaða mín að Íslendingar séu ekkert verri öðrum þjóðum til að gegna starfi eins og því sem hér um ræðir. Mér hefur þótt á stundum, þegar menn ræða það hvernig við ætlum að reisa okkur úr rústum, að þeir tali oft af mikilli vanvirðingu um Íslendinga og íslenska ríkisborgara sem margir hverjir eru mjög vel menntaðir og mjög vel hæfir til að taka þátt í uppbyggingu nýs bankakerfis á heilbrigðari grunni en þeim sem áður var. Karlar og konur sem ekki komu nálægt þeirri svikamyllu sem hér hrundi sl. haust. Í frumvarpinu um Bankasýsluna er einmitt sérstaklega tekið á því og kallað eftir því að almenningur og fólk úti í bæ óski eftir því að ganga í störf fyrir ríkið í þessari endurreisn eða uppbyggingu með því að senda valnefndinni hjá Bankasýslunni starfsferil sinn. (**TÞH:** Popúlismi.) Hv. þingmanni er tíðrætt um „popúlisma“ og ég man í fljótu bragði ekki eftir neinu frumvarpi sem hér hefur verið til umræðu sem hann hefur ekki viðhaft það orð um, en ég deili ekki þeirri skoðun þingmannsins. Ég tel þetta mjög mikilvægt. Ég lýsti því við 1. umr. að einmitt þetta ákvæði kæmi til móts við fjölmargar athugasemdir og ábendingar, kvartanir vil ég jafnvel kalla það, sem þingmenn hafa fengið um að erfitt sé fyrir fólk sem ekki er innvígt í skólabræðrasamfélagið og klíkurnar á Íslandi og er kannski að koma heim úr námi, að komast að í bönkunum jafnvel þótt þeir hafi átt að vera undir ríkinu. Þar hafi enn þá gilt sama

gamla reglan um að maður þekki mann og menn hafi þurft að vera með í „geiminu“ til að fá þar vinnu áfram. Ég tel að þetta sé ekki „popúlismi“, ég tel að þetta sé mjög mikilvægt atriði eins og flest þau ákvæði frumvarpsins sem við ræðum.

Ég tek undir það, frú forseti, að þetta mál fari til hv. viðskiptanefndar milli 2. og 3. umr. og hef gert ráðstafanir til að nefndin komi saman á mánudaginn kemur.

[14:45]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er líkt og vanalega að ef borin er fram gagnrýni á einhver mál þá bregst hv. þm. Álfheiður Ingadóttir við af heift og talar um svikamyllur og Sjálfstæðisflokkinn og ... (**ÁI:** Af hverju tengir hv. þingmaður það tvennt saman?) vegna þess að þú varst að gera það. Það er eitt sem hv. þingmaður verður að skilja — og nú ætla ég að taka upp í mig orð sem eru dónaleg — (Gripið fram í.) í sínum kommahroka, að það er ekki þannig að ...

(**Forseti** (SF)**:** Ég vil biðja ræðumann að gæta orða sinna.)

Ég geri það. Það er ekki þannig að þau störf sem um er að ræða séu þannig að hægt sé að pikka fólk upp af götunni í að vinna þau. Þetta eru sérfræðistörf, flókin störf og krefjast margra ára þjálfunar. Það verðum við að hafa í huga þegar ráðið verður í þessi störf að það þarf að laða að fólk sem hefur mikla reynslu, mikla þekkingu af þessum störfum. Þetta er ekki þannig að hægt sé að pikka upp fólk af götunni. Ég get ekki orðið heilaskurðlæknir. Það er ekki hægt að setja mig í að vera heilaskurðlæknir. Ég hef engar forsendur til þess. Það er ekki hægt að setja mig upp í vörubíl að láta mig keyra, ég hef engar forsendur til þess, enga reynslu. Það er nákvæmlega eins með þetta, þetta eru sérfræðistörf sem krefjast mikillar þekkingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til sveitarstjórna, 1. umr.

Stjfrv., 149. mál (persónukjör). — Þskj. 252.

[14:47]

Dómsmálaráðherra (Ragna Árnadóttir) (U):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp nýtt kerfi persónukjörs í sveitarstjórnarkosningum hér á landi.

Þar sem gert er ráð fyrir að kosningar til sveitarstjórna flytjist innan tíðar til dómsmálaráðuneytisins hefur orðið að samkomulagi milli mín og samgönguráðherra að ég leggi fram þetta mál en samhliða því hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis.

Grundvöllur að báðum frumvörpum var lagður í samráðshópi stjórnvalda, fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga auk utanaðkomandi sérfræðinga.

Virðulegi forseti. Hér á landi eru fulltrúar til Alþingis og sveitarstjórna almennt kjörnir í hlutfallskosningum þar sem kosning er bundin við framboð á listum. Kosningar til sveitarstjórna geta þó undir vissum kringumstæðum verið óbundnar þar sem allir kjósendur eru í kjöri, samanber ákvæði í sveitarstjórnarlögum þar um. Hingað til hafa listar verið boðnir fram raðaðir en kjósendur hafa síðan mátt breyta þeim. Vægi þeirra breytinga hefur þó lengst af verið lítið.

Persónukjörskerfi það sem lagt er til í frumvarpinu felur í sér grundvallarbreytingar á fyrrgreindri aðferð við kosningar til sveitarstjórna. Meginbreytingin felst í því að listar eru í aðalatriðum boðnir fram óraðaðir. Kjósandinn kýs lista eins og verið hefur en raðar síðan frambjóðendum sem eru í persónukjöri á listanum í töluröð, forgangsröð, jafnmörgum og hann kýs að raða. Með þessum hætti endurspeglar forgangsröðunin óskir kjósandans um það hverjir eiga að skipa sæti listans og í hvaða röð.

Lagt er til að við útreikning á niðurstöðum persónukjörs verði beitt aðferð sem er oft nefnd írska aðferðin eða svonefnd forgangsröðunaraðferð. Aðferðin er ekki ný af nálinni en á sér lengsta sögu á Írlandi þar sem hún hefur verið viðhöfð í nær öllum kosningum allt frá því á millistríðsárunum. Aðferðafræðin er talin sú þróaðasta sem völ er á við persónukjör enda má fullyrða að engin önnur aðferð nái með eins afgerandi hætti að endurspegla vilja kjósenda til þess hvaða frambjóðendur þess lista sem þeir kjósa skuli ná kjöri. Talning atkvæða í persónukjörinu er útfærð þannig að lesið er í vilja kjósenda til hins ýtrasta. Fái frambjóðandi sem kjósandi hefur raðað númer eitt ekki nægilegt magn atkvæða til að ná kjöri er litið á aðrar óskir kjósandans um skipan í sæti listans. Sama gerist ef kjósandinn styður mann sem nýtur mikils fylgis. Fái slíkur frambjóðandi fleiri atkvæði en hann þarf til að ná kjöri er horft til þess hvaða aðra frambjóðendur kjósandi hans vildi styðja. Kúfurinn umfram atkvæði frambjóðandans er þá færður til þeirra í réttum hlutföllum. Aftur er markmiðið að fara að vilja kjósenda eins og frekast er kostur.

Ég legg áherslu á að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er ekki með neinum hætti hróflað við listakosningu og hlutfallskosningakerfinu hér á landi. Kjósendur munu eftir sem áður kjósa tiltekinn lista og telst atkvæði listanum til tekna óskipt við úthlutun sæta til listans í réttu hlutfalli við úrslit kosninganna. Persónukjörið hefur því einungis áhrif á það hvaða frambjóðendur hvers lista hreppa þau sæti sem listinn fær í viðkomandi kjördæmi eða í sveitarstjórn samkvæmt niðurstöðu kosninganna.

Lagt er til að framboðslistar verði tvískiptir. Í efri hluta framboðslistans skal skipa þeim sem boðnir eru fram til persónukjörs og skal tala þeirra vera jöfn tölu fulltrúa í sveitarstjórn. Þessi hluti listans er boðinn fram óraðaður og skal yfirkjörstjórn hluta til um hvaða frambjóðandi skuli vera efstur á listanum en aðrir frambjóðendur raðast í stafrófsröð frá honum að telja þar til byrjað er aftur á stafrófinu ef þörf krefur.

Neðri hluta listans skipa frambjóðendur sem boðnir eru fram með hefðbundnum röðuðum hætti. Ekki er skylt að bjóða fram á raðaðan hluta listans en sé það gert mega nöfn á honum vera allt að því jafnmörg og á persónukjörshluta hans. Tala frambjóðenda á lista getur því verið breytileg allt frá því að svara til fjölda aðalmanna sem kjósa skal upp í

tvöfalda þá tölu.

Ástæða þessarar uppskiptingar á framboðslistum í óraðaðan og raðaðan hluta er tvíþætt. Annars vegar að gera val kjósenda viðráðanlegra og hins vegar að auðvelda framboði að manna neðstu sæti lista þar sem frambjóðendur hafa getað gengið út frá því að ná ekki kjöri. Áhersla skal lögð á að þrátt fyrir þessa tvískiptingu verða aðalmenn ávallt valdir með persónukjöri. Sama má segja um valið á varamönnum nema í algjörum undantekningartilvikum.

Þar sem kjósendum er ætlað talsvert aukið hlutverk frá því sem verið hefur eru í frumvarpinu gerðar ráðstafanir til að fyrirbyggja að ýmis mistök sem kjósendur kunna að gera leiði til ógildingar atkvæðisins. Þannig hefur það ekki áhrif og leiðir ekki til ógildingar þó strikað sé yfir nafn frambjóðenda á lista enda geta útstrikanir ekki haft neina merkingu í því persónukjörsfyrirkomulagi sem hér er lagt til. Sé talnaröð rofin eða gallar eru á henni leiðir það heldur ekki til ógildingar atkvæðis en getur þó leitt til þess að einungis hluti persónulegra atkvæða telst gildur. Hafi kjósandi merkt við frambjóðanda af öðrum lista en þeim sem hann greiðir atkvæði hefur það heldur ekki áhrif á gildi atkvæðisins. Slík merking getur þó haft þau áhrif að fyrirrætlun kjósandans um röðun frambjóðenda nái ekki að öllu leyti fram að ganga. Þá telst framboðslistaatkvæði gilt þótt láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn enda sé ekki merkt við nöfn á fleiri en einum lista og ekki aðrir gallar á atkvæðinu.

Loks er lagt til að kjósanda sem ekki er fær um að árita kjörseðil verði heimilt að hafa með sér aðstoðarmann sem hann velur sjálfur. Er hér um nýmæli að ræða en með þessu er komið til móts við þá sem sökum fötlunar eiga erfitt með að nýta sér rétt til persónukjörs án aðstoðar. Gildir fyrirkomulagið einnig þegar viðkomandi kýs utan kjörfundar. Í þessum tilvikum þykir þó nauðsynlegt að kjörstjóri sé jafnframt viðstaddur til að tryggja að kjósandinn sé ekki beittur þrýstingi eða þvingun við kjörið.

Virðulegi forseti. Markmiðið með þessu frumvarpi er að efla lýðræði í landinu og er í þessum efnum verið að fylgja eftir þeirri þróun sem orðið hefur víðast hjá grannþjóðum okkar. Með persónukjöri eru áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar fá umboð til setu á Alþingi og í sveitarstjórnum aukin um leið og dregið er úr áhrifum flokkanna. Má í því samhengi segja að persónukjör dragi úr þeim möguleikum flokkanna að ákveða sjálfir hvaða fulltrúar þeirra ná kjöri í kosningum. Eftir stendur að það er flokkanna að ákveða hvaða einstaklinga þeir bjóða fram til persónukjörs og hvaða aðferðum þeir beita við val á þeim hópi.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir efni frumvarpsins og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[14:55]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. dómsmálaráðherra var unnið að þessu frumvarpi í vinnuhópi á vegum ríkisstjórnarinnar þar sem komu að embættismenn bæði úr forsætisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti auk sérfræðings. Auk þess fengu allir þingflokkar á Alþingi tækifæri til að senda tengiliði inn á þessa fundi og var ég í því hlutverki fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Ég get borið vitni um að vinnan við undirbúning þessa frumvarps var býsna góð og ekki út á hana að setja. Vandlega var farið yfir ýmis álitamál í þessu sambandi og þau rædd. Niðurstaðan var ekki endilega sú að menn væru endilega sammála en hins vegar voru reifuð fjöldamörg álitaefni sem upp komu í þessu sambandi. Þetta samráð, sem var gott og raunverulega til fyrirmyndar, felur hins vegar ekki í sér samþykki eða stuðning, hvorki af minni hálfu persónulega né míns flokks. Ég vil geta þess í upphafi að hér er um að ræða allt annan og vandaðri undirbúning en átti sér stað í aðdraganda frumvarps um persónukjör sem lagt var fram á síðasta vetri og dagaði uppi í þinginu. Þó að ég sé ekki sammála efnisatriðum þess frumvarps sem nú liggur fyrir að öllu leyti og hafi ýmsar athugasemdir og fyrirvara hvað það varðar þá er það þó a.m.k. góður grundvöllur til að ræða málin. Ég tel mikilvægt að allsherjarnefnd fari vandlega yfir það í störfum sínum til að komast að góðri niðurstöðu.

Nú er það markmið ríkisstjórnarinnar að þetta frumvarp verði afgreitt þannig að unnt verði að nota nýjar reglur við kosningar til sveitarstjórna á næsta vori. Það setur auðvitað ákveðna tímapressu á málið. Ég vil hins vegar undirstrika að það er mikilvægt að nægur tími gefist til umræðu í þjóðfélaginu um þessar breytingar því eins og hæstv. dómsmálaráðherra sagði er um grundvallarbreytingar að ræða. Það er verið að gerbreyta fyrirkomulagi við val í sveitarstjórnarkosningum og má segja að grundvöllur kosningarinnar verði með verulega ólíkum hætti því sem við höfum þekkt á undanförnum árum og áratugum. Ég legg því áherslu á mikilvægi þess að málið fái góða umræðu og ekki bara á vettvangi þingnefndarinnar heldur líka í þjóðfélaginu þannig að þau viðhorf sem uppi kunni að vera í samfélaginu nái eyrum þingmanna. Í því sambandi er auðvitað sérstaklega mikilvægt að nefna samráð við sveitarstjórnarmenn. Samband ísl. sveitarfélaga átti fulltrúa, tengilið á þeim fundum voru haldnir í undirbúningi málsins en ég held að víðtækara samráð við sveitarstjórnarmenn sé afar brýnt og mikilvægt. Ég get borið um það að í hópi sveitarstjórnarmanna eru verulega skiptar skoðanir um þetta mál og það er mikilvægt að það endurspeglist í störfum nefndarinnar.

Af því að það er mikilvægt að málið fái góðan tíma og af því að frumvarpið sem slíkt er góður grunnur að þeirri hugmynd sem það byggir á þá er í sjálfu sér jákvætt að málið skyldi koma fram nú á þessu sumri þannig að það sé kostur á að vinna málið fram á haustið og hugsanlega fram eftir hausti. Í því sambandi er mikilvægt að tíminn verði nýttur til að afla umsagna, ýta undir umræður í þjóðfélaginu og þess háttar.

Frá mínum bæjardyrum séð er það jákvæð meginstefna sem hefur verið mörkuð af hálfu ríkisstjórnarinnar með framlagningu þessa frumvarps, og raunar frumvarps til laga um breytingar á kosningum til Alþingis líka, að auka vægi persónukjörs. Ég er persónulega þeirrar skoðunar að það sé á margan hátt mjög jákvætt og í anda lýðræðis að auka áhrif kjósenda á það hverjir það eru sem veljast til kjörinna trúnaðarstarfa, hvort sem er á vettvangi sveitarstjórna eða Alþingis. Við vitum hins vegar að það eru vankantar á þessu og það er auðvitað alltaf spurning hversu langt eigi

að ganga í þessa átt. Það er á þeim forsendum sem við eigum að nálgast málið á vettvangi nefndarinnar og fjalla um það, bæði út frá grundvallarprinsippinu, þ.e. hversu mikið vægi persónukjörs á að vera og hvaða tæknilegu útfærsluatriði eru nauðsynleg í því sambandi.

Ég fagna því frumvarpinu þótt ég hafi ýmsa fyrirvara og athugasemdir hugsanlega á síðari stigum við einstakar greinar en ég fagna því að þetta mál er komið til umræðu og tel mikilvægt að vel sé vandað til alls starfs í því sambandi. Ég geri mér grein fyrir því að það eru skiptar skoðanir í þinginu um útfærsluna í þessu sambandi og mér hefur þótt á samræðum við þingmenn að þar skiptust menn ekki endilega eftir flokkslínum heldur gætu verið mismunandi viðhorf innan einstakra flokka. Einmitt þess vegna er mikilvægt að þrátt fyrir að við vitum auðvitað um markmiðið um sveitarstjórnarkosningarnar næsta vor að við gefum okkur tíma til að fara yfir þau mismunandi sjónarmið í þessu sambandi og getum leyst þetta mál á farsælan hátt án þess að það lendi í hjólförum mikilla flokkspólitískra átaka.

[15:02]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég gleðst yfir því að þetta frumvarp skuli vera komið fram og reyndar er líka komið frumvarp um breytingar á kosningum til Alþingis.

Ég vil taka undir hvert orð sem hv. þm. Birgir Ármannsson sagði um starf nefndarinnar. Ég var fulltrúi Framsóknarflokksins í vinnuhópnum sem fjallaði á sama tíma um þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnlagaþing. Nú er þessi vinna með persónukjörið komin frá þeirri nefnd og liggur fyrir í frumvarpsdrögum.

Eins og komið hefur verið inn á eru skiptar skoðanir um þessi mál hér á landi og má kannski sérstaklega segja að það skeri líka flokka. Markmiðið með þessu frumvarpi eða þessum tveimur frumvörpum sem er búið að leggja fram fyrir þingið er að auka lýðræði og auka persónukjör og aðkomu fólks að því að fá að velja á kjördag það fólk sem það treystir. Að mínu mati er samkvæmt þessu frumvarpi ekki gengið nægilega langt í þá átt því að meginlínan í þessu frumvarpi er sú að það er ekki opnað á að það megi velja persónur á milli flokka, ekki hægt að velja lárétt heldur er valið bundið við einn lista. Til að einfalda málið er það raunverulega í útfærslu svo að segja má að flokkarnir séu að færa prófkjörið inn á kjördag. Mér finnst því ekki nægilega langt gengið í þessu því að með því að auka áhrif kjósenda ættu kjósendur að sjálfsögðu að mega fara líka á milli lista og viðhafa þá persónukjör af öðrum listum treysti þeir öðrum aðilum en þeim sem sitja á þeim lista sem þeir ætla að kjósa til þess að fara með sína rödd inni á Alþingi.

Þetta er aðallega það sem ég hef við málið að athuga. Ég tek undir með hv. þm. Birgi Ármannssyni að þó að ég hafi verið í þessari nefnd er það engin skuldbinding af hálfu Framsóknarflokksins um að frumvarpið verði samþykkt af Framsóknarflokknum enda á málið náttúrlega eftir að koma til betri umræðu innan þingflokksins. Þá munum við meta það í framhaldi hvort við stöndum að nefndaráliti um þetta frumvarp.

Það er svo sem ekki meira um þetta að segja á þessu stigi. Ég hef lýst göllunum og að þetta gangi ekki alveg nógu langt en annað í frumvarpinu styð ég persónulega eins og það hvernig talið er upp úr kosningum og að atkvæði nýtist til fulls þeim aðilum sem eru valdir í efstu sæti, að umframatkvæði nýtist þá næsta manni og annað eins og hæstv. dómsmálaráðherra fór svo vel yfir. Þessi útfærsla er sótt í hina svokölluðu írsku leið og þá nýtist hvert atkvæði í raun og veru hjá þeim aðilum sem koma til með að sitja á viðkomandi lista.

Ég er líka hrifin af þeirri hugmynd að hafi kjósandi ekki áhuga á því að taka þátt í persónukjöri gildir atkvæði hans að sjálfsögðu greiddum flokki. Svo var líka mikið rætt í nefndinni að kannski væri erfitt að leggja á kjósendur að merkja við marga en í þessu frumvarpi er tekið á því að í raun og veru ræður kjósandi hvað hann velur marga, einn, tvo, þrjá, hættir þá jafnvel eða hvernig sem það verður, þannig að þau atkvæði nýtast þeim frambjóðenda sem kjósandi kýs.

Þetta eru áherslur mínar eftir vinnu í nefndinni, frú forseti, og ég fagna því að frumvarpið er komið fram þó að ég sé ekki sammála nokkrum atriðum.

[15:06]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að þetta frumvarp er komið fram og að von er á sams konar frumvarpi um kjörið til Alþingis þó að það muni koma seinna vegna þess að það er rétt sem fram kom hérna áðan að ef ætlunin er að persónukjör eigi við í sveitarstjórnarkosningum á næsta vori þarf að leggja frumvarpið fram og reyna að koma því áfram sem fyrst.

Markmið persónukjörs er að auka áhrif og völd kjósandans og þá um leið að auka lýðræðið og ég tel að því beri að fagna að tillögur af því tagi komi fram. Þetta dregur auðvitað úr flokksræðinu um leið en flokkar geta samt sem áður áfram, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, flokkarnir ráða því náttúrlega hverjir veljast á þessa lista og á milli hvaða manna kjósandinn getur valið. Mér finnst gott að horfa til þess að margt fólk vill ekki vera í stjórnmálaflokkum, það kýs að vera ekki í stjórnmálaflokkum, en með kosningafyrirkomulagi af þessu tagi getur það fólk sem ekki vill vera í stjórnmálaflokkum einnig haft áhrif á það hvaða fulltrúar komast að.

Auðvitað eru margir fylgifiskar og álitamál sem fylgja breytingum af þessu tagi, þetta eru náttúrlega gagngerar breytingar á því hvernig fulltrúar eru valdir til sveitarstjórna eða á Alþingi en í mínum huga eru þeir léttvægir í samanburði við þá lýðræðisbót sem verður af persónukjöri. Þeir þættir sem helst eru nefndir og þarf að líta til eru fjármál stjórnmálaflokkanna, að það þurfi að setja reglur um þau. Sumir vilja kalla það að prófkjörin færist yfir á kosningadaginn. Ég er nú ekki alveg sannfærð um að það sé nákvæmlega rétt útlistun en ég er hins vegar sammála því að það þarf að líta til reglna um fjármál stjórnmálaflokka í kjölfar breytinga af þessu tagi.

Margir hafa áhyggjur af því að kynjahlutföll breytist eða að flokkarnir geti ekki haft áhrif á kynjahlutföll því að ekki er hægt að hafa fléttulista. Rannsóknir vísa ekki allar í sömu átt með það en ég tel að það kerfi sem hér er lagt til, sem nýtir atkvæðið mjög vel, forði því að ekki verði hægt

að virða kynjahlutföll eða að þau skili sér ekki. Svo ber einnig að huga að því að flokkarnir ráða eftir sem áður hverja er hægt að velja þannig að þeir geta þá gætt þess að hlutföll kynjanna séu jöfn í þeim hópi.

Þriðja atriðið sem oft er nefnt í þessu er að sitjandi fulltrúar hafi forskot fram yfir aðra. Væntanlega er það staðreynd sem erfitt er að koma í veg fyrir hvaða kerfi sem notað er nema einfaldlega fólki sé bannað að sitja nema eitt eða tvö kjörtímabil.

Aðferðin sem hérna er lögð til í persónukjöri er mjög einföld fyrir kjósandann. Kjósandinn getur annaðhvort kosið flokk og þarf þá ekki að raða, sem þýðir í rauninni að þeir sem raða fyrir þann sem kýs flokkinn og raðar ekki. Síðan kemur kjósandinn í kjörklefann og hann merkir við í forgangsröð, hann merkir við eitt, tvö og þrjú og það er forgangsröð, þennan vil ég helst, svo vil ég þann næsta. Þetta er mjög einfalt fyrir kjósandann þegar hann kemur í kjörklefann þó svo að talningarkerfið sjálft sé nokkuð flókið, en það eru flest kosningakerfi út af fyrir sig, þau verða flókin þegar kemur að talningu. Það er flókið með útstrikanir í dag þannig að ég tel að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því. Þetta kerfi virkar þannig að ef frambjóðandi hefur fengið þau atkvæði sem þarf til að komast að þá fara umframatkvæðin á þann frambjóðanda sem kjósandinn setur í annað sæti eða þriðja sæti og þannig koll af kolli þannig að atkvæðið nýtist að fullu.

Ég tel svo sem ekki þörf á að hafa mörg orð um þetta meir, eins og ég sagði áður fagna ég frumvarpinu. Hins vegar er ég sammála hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur að því leytinu til að mín skoðun er sú að það ætti að vera hægt að velja þvert á lista. Það tel ég að eigi að vera markmiðið og stefna beri að en það er ekkert að því að taka eitt skref í einu ef annað er ekki í boði. Ég vona bara að ekki verði langt í það að breytingar verði gerðar í þá átt að kjósandinn hefði kost á því að velja fólk af ýmsum listum. Það góða við það kosningakerfi sem hér er lagt til er að mjög auðvelt er að breyta því yfir í það kerfi að hægt sé að velja á milli lista.

Þá vil ég líka taka undir orð hv. þm. Birgis Ármannssonar um að þetta þarf náttúrlega að ræða vel í þjóðfélaginu og kynna vel þannig að kjósendur átti sig á því sem hér er og við öll — ja, við erum náttúrlega kjósendur líka — þannig að við öll áttum okkur á þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Og þó að hér hafi verið skipaður sérstakur starfshópur með fulltrúum allra flokka þarf þetta frumvarp náttúrlega að fá þinglega meðferð og ég á von á því að skoðanir þingmanna á þessu geti gengið mjög þvert á flokkslínur.

Ég vil sem sagt bara þakka fyrir að þetta frumvarp er fram komið og á von á góðum umræðum í allsherjarnefnd um það.

[15:15]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Valgerði Bjarnadóttur kærlega fyrir ræðu hennar. Mig langar aðeins samt til að hnykkja hér á einu því að hún virðist ekki vera sammála mér þegar ég sagði að verið væri að færa prófkjör yfir á kjördag. Það er verið að færa prófkjör yfir á kjördag. Við getum líka látið það heita að raðað sé á listana á kjördag. Í raun og veru er breytingin í þessu kerfi sú að kjósandinn velur sér á kjördag fyrst lista til að kjósa og svo raðar hann þeim einstaklingum sem hann vill sjá í fyrsta, öðru, þriðja, fjórða sæti o.s.frv. Í aðdraganda svona kosninga er það listinn sem er í framboði allur og þeir aðilar sem hafa gefið kost á sér óraðað á listann sem eru raunverulega að heyja kosningabaráttuna því að leiðtogi listans verður ekki ljós fyrr en búið er að telja atkvæðin að afloknum kosningum. Þetta er kannski leiðinlegt orðaval að tala um að það sé búið að færa prófkjörið yfir á kjördag en þannig er það samt, hugsunin er sú sama, og ég var að reyna að varpa ljósi á það hvað þetta frumvarp gengi raunverulega út á.

Mig langar aðeins til að vitna í frumvarpið á bls. 16, þar sem lýst er á stuttan og góðan hátt hvernig írska kerfið virkar, með leyfi forseta: „Annars vegar er það persónukjör og í ríkari mæli en lagt er til með þessum frumvörpum þar sem kjósendur fá ekki einungis að raða frambjóðendum eins flokks heldur geta raðað að vild saman frambjóðendum ólíkra flokka.“ Þessari hugmynd er ég afskaplega hrifin af og hefði óskað að frumvarpið gengi alla þessa leið. Það gerist ekki í þessari umferð en við sjáum til hvað setur.

[15:17]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að þrasa við hv. þingmann um það hvort hér sé um prófkjör að ræða eða ekki. Hér er auðsjáanlega um kosningu að ræða og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að, við skulum segja að það séu fimm sveitarstjórnarmenn og þá má bjóða fram lista með fimm nöfnum. Auðvitað geta innan einhvers flokks verið tíu manns sem vilja gjarnan komast á þann lista þannig að náttúrlega þurfa flokkarnir einhvern veginn að velja þá sem verða í framboði. Síðan er það kjósandans að velja hverjir af þeim ná kjöri. Ég tel nú að þetta séu deilur um keisarans skegg.

Ég er hins vegar alveg sammála hv. þingmanni Vigdísi Hauksdóttur, við erum mjög sammála í því að vilja láta þetta ganga þvert á lista og get ég tekið vel undir það.

[15:18]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir framsögu um þetta mál, persónukjör. Ég vil byrja á því að segja að ég fagna því að þetta frumvarp skuli vera komið til umræðu. Eins og hefur komið fram í ræðum þeirra hv. þingmanna sem hafa talað er markmiðið með því að auka áhrif kjósenda í gegnum persónukjör og þar með auðvitað að efla lýðræðið, falleg hugsun, svo langt sem hún nær, hún er góð, hún er lýðræðisleg og erfitt að setja sig upp á móti hugmyndinni.

Ég vil hins vegar, frú forseti, halda til haga nokkrum atriðum sem ég set ákveðin spurningarmerki við á þessum tímapunkti. Ég er ekki að segja að ég sé á móti þessum atriðum en ég velti fyrir mér hvaða áhrif þetta kemur til með að hafa. Auðvitað á málið eftir að fara til hv. allsherjarnefndar til umfjöllunar og fara þá í umsagnarferli og það á eftir að kalla eftir hugmyndum og tillögum frá ýmsum hagsmunasamtökum, sveitarfélögum og öðrum. Eins og áð-

an kom fram var nokkuð breið samstaða um það hvernig þessari vinnu var háttað. Samband ísl. sveitarfélaga tók þátt í þessum vinnuhópi og lagði sitt af mörkum þar og ég veit að Samband ísl. sveitarfélaga er mjög áfram um að þetta frumvarp verði að lögum og verði að veruleika sem allra fyrst. Hins vegar veit ég það líka að skoðanir eru skiptar meðal ýmissa sveitarstjórnarmanna um hugmyndina sem býr að baki persónukjöri.

Ég ætla ekki að hafa þessa umræðu langa, frú forseti, enda stefnt að atkvæðagreiðslu hér mjög fljótlega, en vil þó reifa þrjú atriði sem ég vil velta upp í umræðunni. Í fyrsta lagi er það sem lýtur að kynjahlutföllum á framboðslistum. Ég held að við verðum að hugleiða það mjög rækilega hvaða áhrif það hefur á hlutfall kvenna t.d. í sveitarstjórnum og á Alþingi ef frumvarpið verður að lögum óbreytt. Við höfum nokkuð glæsta sögu, Íslendingar, varðandi kynjajafnrétti og konum hefur farið fjölgandi — þó að auðvitað hafi stundum komið bakslag — konum hefur farið fjölgandi á þingi og í sveitarstjórnum. En það er auðvitað alveg klárt að þetta fyrirkomulag tryggir engan veginn að það verði jafnt hlutfall karla og kvenna í þeirri útkomu sem verður niðurstaðan í persónukjöri.

Það er kannski gaman að geta þess, frú forseti, án þess að það hafi eitthvert sérstakt gildi hér í umræðunni, að fyrsta persónukjörið sem fór fram á Íslandi var árið 1916. Nú er ég ekki að líkja aðstæðum á Íslandi í dag við aðstæður á Íslandi árið 1916 en engu að síður fór þá fram kjör til Alþingis eftir ákveðnar breytingar sem gerðar voru á kosningalögum. Það var í fyrsta skipti á Íslandi sem kjósendur gátu breytt númeraröð frambjóðenda frá þeirri númeraröð sem kom frá flokkunum. Þetta hafði þau áhrif að frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir færðist niður um sæti. Ef persónukjör hefði ekki verið árið 1916 hefði frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir orðið fyrsta konan til þess að taka sæti á Alþingi Íslendinga. Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, ég er ekki að segja að aðstæður séu eins núna og þær voru árið 1916 en þetta er hins vegar saga sem ég held að við eigum að taka mark á vegna þess að jafnréttisbaráttan hefur sýnt okkur það að við verðum alltaf að vera á vaktinni. Ég vil nefna þetta sem fyrsta atriðið, frú forseti.

Annað atriði sem ég vil nefna lýtur að kostnaði frambjóðenda flokka sem fara í gegnum persónukjör. Ég held að við verðum að átta okkur á því að eins og frumvarpið er sett fram núna er gert ráð fyrir því að flokkarnir sem bjóða fram til kosninga ákveði fyrst hvaða fulltrúar fari inn á óraðaða lista í persónukjöri. Ef við tökum dæmi af flokki X sem ákveður að stilla upp tíu frambjóðendum á óraðaðan lista, þá þarf flokkur X að byrja á því að velja þessa tíu óröðuðu frambjóðendur. Flokkurinn þarf í fyrsta lagi að ákveða hvort fara eigi fram prófkjör, forval eða uppstilling. Við vitum hvernig flokkar á Íslandi á síðustu árum hafa hagað sér, að uppstillingar eru á algjöru undanhaldi og það eru prófkjör eða forvöl sem eru undantekningarlaust notuð. Þarna kemur því fyrsta prófkjör eða forval sem frambjóðandi flokks þarf að fara í gegnum. Þegar frambjóðandinn er síðan kominn í gegnum þá síu og kominn á óraðaðan lista flokks síns fer fram galopið prófkjör meðal allra kjósenda í kjördæmi viðkomandi frambjóðanda. Ég held að við hv. þingmenn eigum að ræða kosti og galla þess fyrirkomulags, ekki síst í ljósi þeirrar sögu sem við þekkjum af kostnaði við prófkjör frambjóðenda almennt í gegnum tíðina. Þess vegna tel ég afar brýnt að litið verði til þess að setja einhvers konar reglur, nýjar reglur um fjármál ekki bara stjórnmálaflokka heldur ekki síður frambjóðenda í prófkjörum ef þetta verður að lögum svona óbreytt.

Síðan má auðvitað velta því fyrir sér hverjir hafi síðan mesta möguleika á að komast áfram á óröðuðum listum flokkanna. Ég ætla að leyfa mér að hafa ákveðnar efasemdir um að sumir hópar í samfélaginu eigi sömu möguleika og aðrir. Ég held t.d. að starfandi þingmenn eigi oftast nær meiri möguleika en nýliðar. Ég ætla líka að leyfa mér að halda því fram að karlar eigi oftast nær meiri möguleika en konur og ég ætla líka að leyfa mér að halda því fram að yngra fólk eigi minni möguleika en þeir sem eldri eru. Ég ætla líka að leyfa mér að halda því fram að frægð og frami og fyrri sigrar viðkomandi einstaklinga geti haft áhrif á það hvort menn komist áfram á óröðuðum listum í persónukjöri en ella. Það kann því að leiða til þess að þessi keppni eða þetta kapphlaup um hylli kjósenda, sem óhjákvæmilega fer fram í persónukjöri, geti skaðað flokkana.

Nú er ég ekkert að halda hér uppi vörnum fyrir stjórnmálaflokkana, (Gripið fram í.) ég er bara að viðra hér ákveðin sjónarmið. Ég vísa því á bug varðandi það frammíkall sem kom hér um að ég væri að gera það, ég er þvert á móti ekki að gera það. Ég er hins vegar að draga hér fram ákveðin álitamál í þessu efni og það kemur m.a. fram hér í frumvarpinu á bls. 17, með leyfi forseta:

„Líklegt má telja að persónukjör hafi einhver áhrif á flokkseiningu og flokksaga í stjórnmálaflokkum og rannsóknir styðja þá niðurstöðu.“

Síðan er á sömu blaðsíðu komið inn á þetta sem ég nefndi áðan varðandi fjármál stjórnmálaflokka og einstaklinga og ég tel að þessu verði að halda til haga.

Þriðja atriðið sem ég vil nefna lýtur að 8. gr. frumvarpsins og er rætt á bls. 22 í greinargerðinni með frumvarpinu. Þar kemur það skýrt fram að þeir kjósendur sem taka ekki þátt í röðun frambjóðenda, þ.e. kjósandi sem setur x við sinn flokk en kýs hins vegar ekki að raða einstaklingunum heldur vill bara velja flokkinn, ef meiri hluti kjósenda kýs að gera það af því að einhverra hluta vegna vill meiri hluti kjósenda ekki skipta sér af röðun frambjóðenda þá er það minni hluti kjósenda flokksins sem ræður því umfram meiri hlutann hvernig röðun einstakra frambjóðenda verður. (Gripið fram í.) Ef þetta verður niðurstaðan, frú forseti, held ég að það sé afar mikilvægt að settar verði mjög skýrar leiðbeiningar til kjósenda varðandi þetta atriði þannig að kjósendur viti það að kjósi þeir að nýta sér ekki þennan rétt til röðunar eru þeir í raun og veru að afsala sér áhrifum á þeirri röð frambjóðenda sem verður niðurstaðan og í raun og veru að láta aðra ráða því fyrir sig hvernig röð frambjóðenda verður.

Ég ætla ekki, frú forseti, að hafa lengra mál um þetta að sinni. Þetta eru þau þrjú álitaefni sem ég hnaut um þegar ég las þetta frumvarp. Hins vegar vil ég ítreka það sem ég sagði hér í upphafi, ég fagna því að frumvarpið sé komið fram. Þetta er skref í rétta átt og markmiðið er að efla lýðræðið og gefa kjósendum möguleika á því að hafa meiri áhrif en gert er í dag og við hljótum að fagna því öll þó að

við höfum uppi ákveðin varnaðarorð varðandi tiltekin atriði í frumvarpinu.

[15:29]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur. Markmið með því frumvarpi til laga sem við hér ræðum er gott. Ég hef hins vegar svipaðar efasemdir og hv. þingmaður lýsti og kem til að gera grein fyrir almennum fyrirvara sem þingmenn Vinstri grænna hafa, margvíslegum, við þetta mál. Það er ekki eitt atriði öðrum fremur en fulltrúar Vinstri grænna, þeir Árni Þór Sigurðsson og Arndís Soffía Sigurðardóttir, tóku þátt í störfum nefndarinnar sem samdi frumvarpið og segi eins og aðrir sem hér hafa talað er aðkoma þingflokksins í gegnum þau er ekki yfirlýsing um stuðning við öll þau atriði sem í frumvarpinu felast.

Mínir fyrirvarar eru þeir helstir að verði þetta frumvarp að lögum óbreytt verður ekki hægt að beita neinum ráðum til að rétta hlut kvenna eða fulltrúa frá fámennari byggðarlögum á Alþingi og í sveitarstjórnum. Ég tek undir með þeim sem hafa sagst óttast að með frumvarpinu verði prófkjörin einfaldlega flutt inn í kjörklefann og það með ærnum tilkostnaði.

Ég ætla aðeins að fjalla nánar um stöðu kvenna í ljósi þessa frumvarps og takmarka umfjöllun mína við það þó að af mörgu sé að taka. Ég verð að lýsa ákveðnum vonbrigðum mínum með það hversu kvennasjónarmiðum er lítið sinnt í þessu frumvarpi og í rauninni undarlegt að hlutur kvenna í stjórnmálum skuli ekki fá sterkari umfjöllun og áherslu í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu. Ég fann smáumfjöllun þar sem dregið er í raun úr og í á bls. 17 hvað varðar áhrif persónukjörs almennt á hlut kvenna í sveitarstjórnum þar sem m.a. segir, með leyfi forseta, þar sem komið er inn á þetta, og eins og hér hefur verið bent á, að í nýrri rannsóknum sé það þó verulega dregið í efa að miðaldra karlframbjóðendur séu almennt teknir fram fyrir kvenframbjóðendur í persónukjöri og því geti aðferðin haft neikvæðar afleiðingar fyrir jöfnuð í kynjahlutföllum meðal kjörinna fulltrúa. Í greinargerðinni er þess hvergi getið hvaða rannsóknir hér um ræðir. Í ljósi þess er eðlilegt að maður leiti uppi þær rannsóknir sem nýjastar eru á Íslandi. Ég vil leyfa mér að vitna til rannsóknar sem ber heitið *Framboð eða eftirspurn? Árangur kvenna í prófkjörum flokkanna* því er einnig fjallað um þessi mál þar. Niðurstaðan er í útdrætti á bls. 207 í veftímaritinu *Stjórnmál og stjórnsýsla* . Þetta er rannsókn sem sagt á prófkjörum á Íslandi frá 1970–2007 og þar segir, með leyfi forseta:

„Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að ekki sé um viðhorf kjósenda í prófkjörunum að sakast“ — þegar um er að ræða slakan hlut kvenna — „heldur sé skýringarinnar fremur að leita í því að færri konur bjóða sig fram og á það sérstaklega við um forustusæti framboðslistanna.“ Þetta kemur í rauninni þeim konum sem eitthvað hafa verið að vasast í stjórnmálum undanfarin 20–30 ár ekki mikið á óvart.

Þetta er allt og sumt í rauninni sem er fjallað um kvennasjónarmið í greinargerðinni og ég tel það með algerum ólíkindum.

Frú forseti. Neðst á bls. 5 í greinargerðinni segir að persónukjör dragi úr flokksræði eða möguleikum flokkanna til að ákveða sjálfir hvaða fulltrúar þeirra ná kjöri, það er ákveðið markmið með þessu frumvarpi. Ég verð að segja þá skoðun mína að það er mjög slæmt út frá kvennasjónarmiðum því margar rannsóknir sýna einmitt að það eru flokkarnir sjálfir sem hafa mest áhrif á það hvernig konur raðast á framboðslista og þá um leið möguleika þeirra á að ná kjöri einmitt með því hvaða leiðir flokkarnir velja við endanlega röðun á lista. Við þekkjum fléttulista og kvóta. Að vísu hefur þetta hingað til átt frekar illa við hér á landi þar sem prófkjör, opin og án nokkurra slíkra skilyrða eins og kvóta eða fléttu, hafa ráðið ríkjum og flokkarnir sem í hlut eiga og hafa verið með þessi opnu bindandi prófkjör hafa sem slíkir ekki haft nein áhrif á það hvernig raðast á lista, ekki nokkur áhrif í raun. Það að þurfa að draga úr flokksræði eins og sagt er og horfa síðan til prófkjaranna fer ekki alveg saman. Ef flokkar eru með opin bindandi prófkjör þá hafa þeir ekki mikil áhrif á röðun í efstu sæti. (Gripið fram í.) Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir. Ég sagðist takmarka umfjöllun mína við eitt tiltekið atriði í þessu frumvarpi og ég ætla að halda mig við það þrátt fyrir þetta frammíkall því hér er að koma að atkvæðagreiðslum eins og hv. þingmanni er kunnugt.

Ég tel merkilegt að loksins þegar konur eru að nálgast 50% á Alþingi, 27 konur á móti 36 körlum náðu kjöri í vor, 43% þingmanna eru konur, loksins þegar konur eru að nálgast þetta mark þá skuli endilega þurfa að gera þær leiðir sem greiddu konum þessa leið, þ.e. fléttulistana og kvótana, ógreiðfærar og reyndar bannaðar með öllu. Það vekur upp spurningu hjá mér sem femínista. Er karlveldinu kannski ofboðið? Er það kannski svo að nú skuli vígið varið með hvaða ráðum sem tiltæk eru? Þetta er nokkuð sem ég hlýt að velta fyrir mér sem femínisti eins og ég segi. Stjórnmálabaráttan alla síðustu öld hverfist alltaf um það hve lítill hlutur kvenna í ábyrgðarstöðum hefur verið. Við þekkjum það að þetta hefur verið ákveðin barátta því að fyrir hverja konu sem tekur sæti á lista hefur karl þurft að víkja. Það hefur mikið áunnist eins og hv. þm. Steinunn Valdís Óskarsdóttir nefndi en ég óttast, og til þess er ég komin í þennan ræðustól og ekki til að fjalla um annað, að hér sé stigið skref og það stórt skref aftur á bak.

Það er mjög mikilvægt í mínum huga að hv. allsherjarnefnd fari mjög náið ofan í allar rannsóknir sem tiltækar eru á áhrifum persónukjörs á stöðu kvenna og ekki síður, eins og ég nefndi áðan, á stöðu fulltrúa frá fámennari byggðarlögum í sveitarstjórnum og á þingi.

Ég vil nefna eitt atriði í viðbót að það þarf að fara vel og betur ofan í reynslu Norðurlandanna en gert er í greinargerð með frumvarpinu vegna þess að flokksræðið er í rauninni mest á Norðurlöndunum og hlutur kvenna einnig mestur. Það þarf að skoða þetta mjög vel ef markmiðið er að leita uppi eitthvað sem kallað er flokksræði, sem ég benti á að er ekki til hér á landi þar sem prófkjörin eru, að á Norðurlöndunum eru það flokkarnir sem raða eftir sínum reglum og kjósandi setur síðan vægi.

Ég verð að segja að ég treysti hv. formanni allsherjarnefndar, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, að öðrum þingmönnum ólöstuðum, mjög vel til að fara vandlega ofan í þau atriði sem hér hafa einkum verið til umfjöllunar og

vænti þess að fundin verði einhver sú leið sem kemur ekki í veg fyrir að það sé hægt að rétta hlut kvenna eða fólks úr fámennari byggðarlögum til þátttöku í ábyrgðarstörfum á vegum sveitarstjórna og Alþingis.

[15:39]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er eiginlega alveg undrandi á síðasta ræðumanni, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, og vona hennar vegna að hún misskilji allt þetta frumvarp. Í fyrsta lagi hjálpar frumvarpið minnihlutahópum, konum og öðrum þeim sem búa á fámennari landsvæðum út af reiknireglu sem er að finna á bls. 24–25. Ég óska eftir því að hv. þingmaður kynni sér út á hvað þetta frumvarp gengur. Ég veit raunverulega ekki hvert hv. þingmaður er að fara með yfirlýsingum um að með frumvarpinu sé karlaveldinu ofboðið. Ég er femínisti en ég er ekki femínisti á þann hátt að ég sé á einhverjum forréttindum neins staðar í lífinu. Mér er hreinlega ofboðið yfir þessari ræðu.

Grunnurinn er einnig sá að það koma 10 nöfn inn á óraðaðan kjörseðil og kjósendur velja lista á kjördag og raða því fólki upp sem þar er. Það er hvergi minnst á það í þessu frumvarpi enda teljum við það vera sjálfsagt eða alla vega tala ég fyrir mig að það verði fimm karlar og fimm konur, svo einfalt er það. Þá eru flokkarnir búnir að fara í gegnum þessa kynjaskiptingu, „fiftí-fiftí“, getur ekki verið betra, fimm konur, fimm karlar. Ef einhverjir aðrir flokkar hafa fleiri karla, 10 karla og engar konur, þá hlýtur það að sjálfsögðu að gerast í nútímasamfélagi að viðkomandi flokki verði refsað í kosningunum.

Síðan á ekkert að standa í mótmælum og mótmæla „burt með kerfið“ ef ekki má svo breyta nokkrum hlut. Ég lýsi því yfir í þessum ræðustól að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir er raunverulega að gefa það í skyn og segja það berum orðum að hún treysti ekki kjósendum á kjördag til að raða fólki á lista út af einhverjum annarlegum sjónarmiðum.

[15:41]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er náttúrlega hráskinnaleikur og útúrsnúningur hjá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur sem er undrandi á orðum mínum. Ég verð að segja að þetta er orðið eitthvert einkenni að ef maður er ekki sammála hv. þingmanni þá hafa menn ekki kynnt sér málið nægilega vel. Ég vísa því til föðurhúsanna að ég hafi ekki kynnt mér þetta frumvarp. (Gripið fram í.) Ég hef líka reynslu af því, hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson, ef maður fengi einu sinni að fara í andsvar án frammíkalls, ég hef líka reynslu fyrir því eftir þátttöku í stjórnmálastörfum allt frá árinu 1978, sem er orðinn býsna langur tími, að það hefur aldrei verið sjálfsagt mál að konur hefðu jafna stöðu á við karla í stjórnmálum. Það höfum við jafnréttissinnar lært á þessari reynslu og við femínistar.

Ég vil segja að það var spurning sem ég setti fram hvort það gæti verið að karlveldinu væri ofboðið núna þegar konur eru að ná því að vera allt að helmingur þingmanna og ná vonandi betri stöðu næst. Ég velti því upp sem spurningu en ekki yfirlýsingu því það er alltaf eftir ein leið ef þessi verður valin og hún bregst konum, þá er eftir leiðin sem hér var farin um árið og það er kvennalisti.

[15:42]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér er ég komin í afar einkennilega stöðu. Ég var að átta mig á því að ég sit í stjórnarandstöðu og ég er farin að verja stjórnarfrumvarp. Hér koma hv. þingmenn upp, formaður allsherjarnefndar og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og finna þessu allt til foráttu. Ja, mikill er misskilningurinn þessa dagana, frú forseti. En það verður að hafa það.

Málflutningur þessara tveggja hv. þingmanna finnst mér fyrst og fremst einkennst af því að það sé hræðsla við breytingar, hræðsla við valdastrúktúrinn og hræðsla við það kannski jafnvel að þetta frumvarp gæti leitt til þess að viðkomandi þingmenn mundu ekki ná endurkjöri. (Gripið fram í.) Við skulum átta okkur á því. Alltaf þegar á að breyta einhverju varðandi þingmenn eru þeir sjálfir mest á móti breytingum. Þetta hefur oft komið fram og í ýmsum málum.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hrópar fram í: Margur heldur mig sig. Ég verð að lýsa því yfir í þessum ræðustól að ég hef ekki þessa skelfilegu upplifun af því að berjast fyrir pólitískri stöðu minni sem kona eins og hv. þingmaður lýsti allt aftur til ársins 1970 að mig minnir að það hafi verið ein þyrnum stráð braut að berjast fyrir pólitísku lífi sínu. Mér finnst það bara leiðinlegt ef þingmaðurinn hefur upplifað sinn pólitíska feril á þann hátt en það er ekki við mig að sakast í því.

Ég er komin upp til að segja í þessari umræðu, í þessari umferð og ég á eftir að láta til mín taka af því að ég er svo heppin að sitja í allsherjarnefnd því að formaður allsherjarnefndar virðist ekki vera svo mjög hrifin af þeim efnisatriðum sem koma fram í þessu frumvarpi, mér finnst þetta afar jákvætt skref. Ég hefði viljað stíga þetta skref enn lengra eins og ég sagði að fólk væri ekki bara bundið við lista sem það kýs og raðar á heldur er ég svo djörf að ég vildi óska þess ef ég verð í framboði aftur að fólk sem kýs Framsóknarflokkinn geti kosið einstaklinga á hinum listunum líka.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

[15:45]

Útbýting:

Stjórnlagaþing, 164. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 302.

Kjararáð o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 114. mál (ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna). — Þskj. 143, nál. 235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Brtt. í nál. 235,1 samþ. með 25:9 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, EKG, MT, REÁ, RR, TÞH, ÞSa, ÞrB.

2 þm. (SF, VigH) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, ÓN, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:47]

Tryggvi Þór Herbertsson:

Virðulegi forseti. Þá er komið að atkvæðagreiðslu um þetta skrípamál. Þetta er ætlað til að slá ryki í augu á fólki og er ætlað til að láta líta út fyrir að stjórnarflokkarnir séu að ráðast fyrst á þá sem mest mega sín með launalækkanir. Þetta mál er einfaldlega popúlismi eins og ég hef margoft sagt hérna í ræðum og getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir launastrúktúr bæði hjá hinu opinbera og ef illa tekst til í einkageiranum. Ég segi nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 25:9 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, EKG, MT, REÁ, RR, TÞH, ÞSa, ÞrB.

2 þm. (SF, VigH) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, ÓN, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 25:9 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, EKG, MT, REÁ, RR, TÞH, ÞSa, ÞrB.

2 þm. (SF, VigH) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, ÓN, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. með 25:9 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, EKG, MT, REÁ, RR, TÞH, ÞSa, ÞrB.

2 þm. (SF, VigH) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, ÓN, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 235,2 (ný 6. gr.) samþ. með 25:8 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, EKG, MT, REÁ, RR, TÞH, ÞSa.

2 þm. (SF, VigH) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, ÓN, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG, ÞrB) fjarstaddir.

7.–10. gr. samþ. með 25:11 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, MT, ÓN, REÁ, RR, TÞH, ÞSa, ÞrB.

2 þm. (SF, VigH) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 235,3 (11. gr. falli brott) samþ. með 25:10 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, ÓN, REÁ, RR, TÞH, ÞSa, ÞrB.

3 þm. (MT, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 235,4 samþ. með 25:10 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, ÓN, REÁ, RR, TÞH, ÞSa, ÞrB.

3 þm. (MT, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 25:9 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, EKG, MT, REÁ, RR, TÞH, ÞSa, ÞrB.

2 þm. (SF, VigH) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, ÓN, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

13.–14. gr. (verða 12.–13. gr.) samþ. með 25:11 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, MT, ÓN, REÁ, RR, TÞH, ÞSa, ÞrB.

2 þm. (SF, VigH) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til efh.- og skattn.

Eiturefni og hættuleg efni, frh. 2. umr.

Stjfrv., 3. mál (flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur). — Þskj. 3, nál. 218, brtt. 219.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Brtt. 219,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 219,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 219,3 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Meðhöndlun úrgangs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 4. mál (flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur). — Þskj. 4, nál. 220, brtt. 221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Brtt. 221,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 221,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 221,3 samþ. með 38 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 221,4 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 221,5 (fimm nýjar greinar, verða 7.–11. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
6. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 221,6 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
7. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Embætti sérstaks saksóknara og meðferð sakamála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 138. mál (efling embættisins). — Þskj. 292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, EKG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, MT, OH, ÓÞ, ÓN, REÁ, RR, RM, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.
25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 306).

Ríkisútvarpið ohf., frh. 3. umr.

Stjfrv., 134. mál (gjalddagar útvarpsgjalds). — Þskj. 293, frhnál. 297.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, EKG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, MT, OH, ÓÞ, ÓN, REÁ, RR, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, TÞH, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (SF, VigH) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 307).

Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, frh. 3. umr.

Stjfrv., 37. mál (EES-reglur, aðild starfsmanna að ákvörðunum). — Þskj. 294.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, EKG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, ÓN, REÁ, RR, RM, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MT) greiddi ekki atkv.
26 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ,

GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 308).

Starfsmenn í hlutastörfum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 70. mál (EES-reglur, brottfall undanþágna). — Þskj. 82.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, EKG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, MT, OH, ÓÞ, ÓN, REÁ, RR, RM, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

26 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 309).

Tímabundin ráðning starfsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur, ráðningarsamningar). — Þskj. 90.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, EKG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, MT, OH, ÓÞ, ÓN, REÁ, RR, RM, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, TÞH, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

26 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 310).

Breytingar á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 13. mál (EES-reglur). — Þskj. 295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, EKG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, MT, OH, ÓÞ, ÓN, REÁ, RR, RM, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 311).

Hlutafélög og einkahlutafélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 15. mál (einföldun reglna við samruna og skiptingu, EES-reglur). — Þskj. 296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, EKG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, MT, OH, ÓÞ, ÓN, REÁ, RR, RM, SII, SF, SkH, SJS, SVÓ, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 312).

Bankasýsla ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 124. mál (heildarlög). — Þskj. 166, nál. 245 og 253, brtt. 244, 287 og 289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:03]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við greiðum atkvæði um frumvarp ríkisstjórnarinnar um Bankasýslu ríkisins. Við í minni hlutanum höfum gert verulegar athugasemdir við þetta frumvarp og höfum farið fram á að það verði tekið til nefndar milli umræðna og hefur meiri hlutinn orðið við því. Þrátt fyrir að breytingartillögur meiri hlutans séu margar hverjar til bóta mun ég ekki greiða atkvæði en sitja hjá við atkvæðagreiðsluna og bíða með að taka afstöðu til frumvarpsins í heild þar til vinnu nefndarinnar er lokið. Ég mun hins vegar að sjálfsögðu greiða atkvæði með þeirri breytingartillögu sem við í minni hlutanum leggjum til.

1. gr. samþ. með 24:3 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BirgJ, MT, ÞSa.

11 þm. (BÁ, BjarnB, EKG, ÓN, REÁ, RR, SF, TÞH,

UBK, VigH, ÞrB) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 287 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 244,1 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, MT, ÓN, REÁ, RR, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 24:2 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: BirgJ, MT.
12 þm. (BÁ, BjarnB, EKG, ÓN, REÁ, RR, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 244,2–6 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, MT, ÓN, REÁ, RR, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SII, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

3.–9. gr., svo breytt, samþ. með 24:2 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: BirgJ, MT.
12 þm. (BÁ, BjarnB, EKG, ÓN, REÁ, RR, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 289,1 felld með 25:10 atkv. og sögðu
já: BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, MT, ÓN, REÁ, RR, TÞH, UBK.
nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (SF, VigH, ÞSa) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 23:2 atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: BirgJ, MT.
12 þm. (BÁ, BjarnB, EKG, ÓN, REÁ, RR, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 244,7 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, MT, ÓN, REÁ, RR, SF, TÞH, UBK, VigH, ÞSa, ÞrB) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 289,2 felld með 25:10 atkv. og sögðu
já: BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, MT, ÓN, REÁ, RR, TÞH, UBK.
nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, KJak, KLM, OH, ÓÞ, RM, SII, SkH, SJS, SVÓ, VBj, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (SF, VigH, ÞSa) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, PHB, SDG, SER, SIJ, SSv, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til viðskn.

Fundi slitið kl. 16:09.

48. FUNDUR

mánudaginn 10. ágúst,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 26. gr. laga 36/2001, um Seðlabanka Íslands.
3. Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til upphafs næsta þings, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 47 1. júní 2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.
4. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
5. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
6. Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
7. Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
8. Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
9. Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
10. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
11. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
12. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 3. mál, þskj. 304. — 3. umr.
13. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 4. mál, þskj. 305. — 3. umr.
14. Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, stjfrv., 89. mál, þskj. 105, nál. 298 og 300, brtt. 301. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.
Svandís Svavarsdóttir umhvrh., 3. þm. Reykv. s.

Tilhögun þingfundar.

[15:02]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill láta þess getið að vegna fram kominna óska verður dagskrárliðum 2–11 frestað til morguns.

Þá vill forseti tilkynna að engar atkvæðagreiðslur fara fram í dag.

[15:02]

Útbýting:

Bankasýsla ríkisins, 124. mál, þskj. 313; frhnál. meiri hluta viðskn., þskj. 316.

Eiturefni og hættuleg efni, 3. mál, þskj. 304.

Framhaldsskólar, 156. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 317.

Kjararáð o.fl., 114. mál, þskj. 303.

Meðhöndlun úrgangs, 4. mál, þskj. 305.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 165. mál, frv. efh.- og skattn., þskj. 314.

Uppbygging fjarskipta á landsbyggðinni, 141. mál, svar samgrh., þskj. 315.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Ríkisábyrgð á Icesave-samningnum.

[15:04]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. forsætisráðherra sem fer fyrir ríkisstjórninni sem lagði fram frumvarpið um ríkisábyrgð á Icesave-samningnum. Frá því að sá samningur kom fram hefur stjórnarandstaðan bent á galla á honum, mistök sem gerð voru í samningagerðinni sem þarf að leiðrétta. Það er sama hvort bent hefur verið á ríkisábyrgðina fyrir lántökunni í heild sinni sem mikill vafi er um að nokkur lagaleg skylda sé til að fallast á, efnahagslegar forsendur samninganna eða uppgjörsákvæði sem hefur verið til umfjöllunar að undanförnu — alltaf hefur ríkisstjórnin komið með svör, vísað öllum athugasemdum á brott sem misskilningi, haldið á lofti í reynd málstað andstæðinga okkar í þessu máli, viðsemjenda okkar Íslendinga.

Nú hefur málið verið til umræðu í þinginu í langan tíma og hefur lítið þokast og í dag kom formaður fjárlaganefndar fram og sagðist efast um heilindi stjórnarandstöðunnar í þeirri samvinnu sem á sér stað þar, efaðist um að menn ynnu í reynd að einhverri lausn á málinu.

Augljóst er að þær tillögur sem stjórnarandstaðan hefur

fram að færa taka mið af þeim athugasemdum sem haldið hefur verið á lofti og ríkisstjórnin hefur viðstöðulaust og alltaf vísað á brott. Þegar núna er kallað eftir viðbrögðum frá stjórnarandstöðunni og tillögum er þá, hæstv. forsætisráðherra, ríkisstjórnin loksins nú tilbúin til að fallast á að gerð hafi verið mistök í samningnum, að samninginn þurfi að leiðrétta og laga og að þingið hafi svigrúm til að koma honum í það lag, þeirri ríkisábyrgð sem málið snýst um í það horf sem tekur mið af þeim athugasemdum sem (Forseti hringir.) stjórnarandstaðan hefur haft frammi?

[15:06]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég tel að þannig hafi verið haldið á málum af hálfu meiri hluta þingsins um þetta mál sem við höfum lengi fjallað um í þingi og í þingnefnd að stjórnarandstaðan hafi verið tekin með inn í málið til að reyna að ná breiðri sátt um það. Þannig hefur meiri hluti fjárlaganefndar og aðrar nefndir unnið til að ná breiðri sátt um málið. Mér finnst það misskilningur hjá hv. þingmanni að ríkisstjórnin hafi vísað frá öllum meinbugum sem menn hafa fundið á samningnum. Ýmislegt hefur komið fram sem ég tel virkilega skoðunar virði og meiri hlutinn hefur unnið að því af miklum heilindum að ná breiðri sátt í málinu, farið eftir því sem stjórnarflokkarnir hafa beðið um, auðvitað í einu og öllu að því er varðar gögn, og ég held að í engu máli sé til eins mikið af gögnum og í þessu.

Tillaga sem t.d. var lögð fram í gær af fjárlaganefnd miðaði að því að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem hafa verið uppi í þessu máli, ekki bara hjá stjórnarflokkunum heldur líka hjá stjórnarandstöðunni. Ég hef farið yfir þessar tillögur og mér finnst að þær séu verulega góður sáttagrundvöllur þar sem tekið er á þeim ákvæðum sem menn hefur greint á um í þessum samningi, m.a. að styrkja endurskoðunarákvæðið, Brussel-viðmiðið, efnahagsviðmið sem tengist þá endurskoðunarákvæðinu, þannig að ég tel að af fullum heilindum hafi verið unnið að því af hálfu stjórnarflokkanna að ná breiðri sátt í málinu. Mér finnst ekki öll von úti enn þá, miðað við þá tillögu sem liggur fyrir og miðað við þau sjónarmið sem uppi eru, um að hægt sé að ná breiðri (Forseti hringir.) sátt í þessu máli. (Gripið fram í.)

[15:08]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil segja að ríkisstjórnin þarf að átta sig á tvennu í þessu máli. Það fyrra er að það dugar ekki að koma með málamyndafyrirvara við ríkisábyrgðina sem taka ekki að fullu tillit til þeirra athugasemda sem fram hafa verið færðar í málinu. Það dugar ekki að koma með athugasemdir, fyrirvara við ríkisábyrgð á þeim gríðarlegu skuldbindingum sem um er að ræða sem taka til að mynda ekki að fullu tillit til efnahagslegu óvissunnar.

Hitt atriðið er að það er kominn tími til að ríkisstjórnin fari að tala máli okkar Íslendinga við þá sem við höfum verið að semja við og við þá sem við höfum eitthvað undir í þessu máli í breiðu samhengi, hvort sem það er fjármögnun vegna Alþjóðagjaldeyrissjóðsprógrammsins, önnur lán sem við erum að ræða við Evrópusambandsríkin um (Forseti hringir.) eða hreinlega Bretar og Hollendingar sem ég efast um að hafi heyrt frá ríkisstjórninni í langan tíma.

[15:10]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður gerir kröfu til þess að við tökum að fullu tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið hjá stjórnarandstöðunni í þessu efni. Það hefur verið gerður samningur með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þessi ríkisábyrgð er skilyrt því að Alþingi samþykki hana. Mér finnst einum of mikil krafa að það sé sett fram að við tökum að fullu tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í þessu efni vegna þess að sumar tillögur sem hafa komið fram ógilda beinlínis samninginn.

Ég spyr hv. þingmenn hvar við stöndum ef niðurstaðan í atkvæðagreiðslu um þennan samning verður sú að hann verður felldur? Mér finnst menn kannski ekki gera sér nægilega mikla grein fyrir því hvar við stöndum. (**VigH:** Rangt.) Efnahagslega benda menn á að við höfum ekki greiðsluþol til að standa undir þessum samningi (Forseti hringir.) en menn verða líka að horfa á hvað skeður ef við samþykkjum ekki þennan samning, og af því finnst mér menn ekki gera nægilega mikið. (Forseti hringir.) En ég vil sannfæra hv. þingmann um að við munum taka eins mikið tillit og kostur er til þeirra tillagna og sjónarmiða sem hafa komið fram bæði hjá stjórnarliðum og stjórnarandstöðu.

Styrking krónunnar.

[15:11]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Fátt veldur líklega Íslendingum meiri áhyggjum núna í yfirstandandi efnahagsþrengingum en gengi krónunnar sem hefur kannski aldrei verið jafnveikt og það er nú. Ríkisstjórnin hefur gefið ýmsar ástæður fyrir því að gengið ætti að styrkjast. Það þyrfti bara að yfirstíga ákveðna hluti, fyrst átti það að reka seðlabankastjóra að styrkja gengi krónunnar. Það var ekkert smáræði sem gekk á til þess — og ekki styrktist gengið við það.

Svo gekk heil kosningabarátta út á að það eitt að sækja um aðild að Evrópusambandinu mundi strax auka trúverðugleika Íslendinga stórlega og styrkja þannig gengið. Það er skemmst frá því að segja, eins og þið kannski munið eftir öll, að þetta var samþykkt — en gengi krónunnar hreyfðist ekki neitt.

Núna þurfum við nauðsynlega að taka á okkur alveg gífurlegar erlendar skuldir, skuldir í erlendri mynt, og með því á trúverðugleiki Íslendinga að aukast svo rosalega að krónan styrkist. Hvernig sér hæstv. forsætisráðherra fyrir sér að gengið styrkist? Getur verið að ríkisstjórnin trúi því enn, þrátt fyrir að Íslendingar eigi að þekkja það manna best að þannig ganga hlutirnir ekki fyrir sig, að hægt sé að styrkja gengið til lengri tíma litið með lántöku? Var það ekki einmitt óhófleg lántaka Íslendinga, eins bankanna sérstaklega í erlendri mynt, sem varð til þess að gengi krónunnar varð óeðlilega sterkt og afleiðingin af því gat aðeins orðið ein, hrun gjaldmiðilsins? Ætlar ríkisstjórnin að halda áfram á þessari sömu braut, að reyna að styrkja gjaldmiðilinn, ekki með afgangi af gjaldeyristekjum heldur með lántökum

og endurtaka þannig mistök bankanna nema núna á enn þá stærri skala? Þá yrði ekki aftur snúið. Ríkisstjórnin hefur ekki sýnt fram á það hvernig þessi lán frá Norðurlöndunum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem sögð eru svo mikilvæg eiga að breyta nokkrum sköpuðum hlut eða hvernig þau eiga að styrkja gengi gjaldmiðilsins.

[15:13]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er vissulega áhyggjuefni eins og fram kemur hjá hv. þingmanni að gengi krónunnar skuli ekki styrkjast meira og betur en verið hefur á undanförnum vikum. En það er alveg ljóst að allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðast að því að við getum haft styrkara gengi á krónunni en verið hefur og líka það sem hv. þingmaður nefndi varðandi þá aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þó að það gerist ekki á sömu stundu og við setjum aðildarumsókn fram held ég að það muni gerast til lengri tíma.

Mér fannst hv. þingmaður ýja að því að hér tækjum við allt of mikil lán og það væri óþarfalán sem væri verið að taka bæði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hjá Norðurlöndunum, sem við höfum að vísu ekki fengið enn þá, en ég er algerlega ósammála hv. þingmanni um það. Ég tel nauðsynlegt, m.a. til þess að styrkja gengi krónunnar, að við fáum með eðlilegum hætti aðgang að erlendu fjármagni og ég tel það lið í því að endurreisa hér atvinnulífið og efnahagslífið að við fáum aðgang að fjármagni. Að vísu er það fjármagn sem við fáum frá Norðurlöndunum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hugsað til að auka og styrkja gjaldeyrisvaraforða okkar. Það er alveg ljóst. Engu að síður er það líka nauðsynleg forsenda til að endurreisa trúverðugleika að fá þessi lán inn í landið og það mun örugglega greiða fyrir því að við getum fengið lán erlendis sem okkur er nauðsynlegt, m.a. til að byggja upp atvinnulíf okkar, vegna þess að allt það mun stuðla að því að við styrkjum gengi krónunnar.

[15:15]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Ég bið hæstv. forsætisráðherra að útskýra það hvernig aukin skuldsetning eigi að gera okkur auðveldara til að fá lán í framtíðinni og hvernig aukin skuldsetning í erlendri mynt eigi að styrkja gengi íslensku krónunnar. Eins og ég nefndi áðan þá var það einmitt þessi aðferðafræði sem okkur svo í koll. Það var einmitt þetta, þ.e. óhófleg lántaka í erlendri mynt til þess að halda uppi gengi gjaldmiðilsins eða með þeim afleiðingum sem kom okkur í þau gríðarlegu vandræði sem við erum í nú. Á þessari braut ætlar ríkisstjórnin, að því er virðist, að halda áfram.

Það má ekki nota gjaldeyrisforðann, eftir því sem sagt er, til þess að halda uppi genginu og viti menn af því að það megi ekki þá skiptir hann náttúrlega engu máli. Maður hefur hins vegar grun um að gjaldeyrisvaraforðinn verði notaður til þess að kaupa upp gengið og þá eru menn að gera nákvæmlega það sama og fyrirtæki gera þegar þau taka lán til þess að kaupa hlutabréf í sjálfu sér. Slíkt er ekki sjálfbært og getur aðeins leitt til enn stærra hruns.

[15:16]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Mér finnst að hv. þingmaður geti ekki borið saman óhóflega lántöku sem var hér á umliðnum árum meðal annars fyrir tilstilli bankanna sem hefur haft áhrif til þess að leiða okkur í þetta hrun og kreppu sem við erum í við það að við séum nú og hér að taka lán til þess að styrkja gjaldeyrisforðann. (Gripið fram í.) Það er bara algjörlega ósamanburðarhæft. Ég ætla að vekja athygli hv. þingmanns á því ef það hefur farið fram hjá honum sem fram kom í fréttum í gær að framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins leggur mikla áherslu á það að við eflum okkar gjaldeyrisforða og tökum þessi lán sem við (Gripið fram í.) höfum ekki enn fengið inn til landsins, sem er meðal annars forsenda þess að fá inn nýtt fjármagn í landið til atvinnuuppbyggingar. Ég bið því hv. þingmann að bera ekki saman svart og hvítt í þessu efni. (**Gripið fram í:** Er Vilhjálmur forsætisráðherra?)

Lán vegna Icesave-samningsins.

[15:17]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Í framhaldi af þeirri umræðu sem hér átti sér stað áðan vildi ég heyra álit hæstv. forsætisráðherra á því hvort verið geti að það hafi verið eitthvað óljóst á hvaða forsendum norrænu ríkin veittu lán til Íslands. Hæstv. forsætisráðherra nefndi áðan í ræðu sinni það sem við töldum okkur öll vita, að þessi norrænu lán ætti að nota til þess að styrkja gjaldeyrisvaraforðann. Hins vegar bendir skýrsla sem sænska ríkisstjórnin sendi til sænska þingsins fyrir réttum mánuði síðan til þess að það hafi eitthvað annað verið undir en fram hefur komið.

Þar er ég að vísa til setningar í skýrslunni þar sem fram kemur að norrænu lánveitendurnir, norrænu ríkin hafi gert það að skilyrði að Ísland næði samkomulagi við Bretland og Holland um lánveitingar vegna innstæðutrygginga og nefnt er til skýringar að hinir norrænu lánveitendur vilji með þessum hætti útiloka að fjármunir frá norrænu lánunum renni beint til Hollands og Bretlands. Mér finnst augljóst að þarna hefur einhver misskilningur verið á ferðinni og ég velti fyrir mér því hvort hæstv. forsætisráðherra geti upplýst um það hvort þessi misskilningur um að lánin frá norrænu löndunum eigi að nota til þess að borga beint til (Forseti hringir.) Breta og Hollendinga, þ.e. hvort þetta hafi verið útbreiddur misskilningur hjá hinum norrænu ríkjum.

[15:20]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég get ekki fallist á að það sé á einhverjum óljósum forsendum sem Norðurlöndin veittu lán til Íslands. Við höfum gert ákveðna áætlun í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og partur af því og liður í því eru þær lánveitingar sem Norðurlöndin ætla að veita okkur þannig að það er ekkert óljóst í því sem hv. þingmaður er að nefna. Það hefur komið fram varðandi Norðurlöndin að þessi lán eru veitt til þess að styrkja hér gjaldeyrisforðann okkar eins og ég nefndi áðan en ekki til þess að greiða skuldbindingar okkar gagnvart Icesave-samningnum. Í mín-

um huga er því ekkert óljóst í þessu sambandi.

[15:20]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Það er gott að það er ekkert óljóst hjá hæstv. forsætisráðherra hvað þetta mál varðar. En ég bendi á að í skýrslu sem sænska ríkisstjórnin sendi til sænska þingsins virðist vera einhver misskilningur á ferðinni vegna þess að í því plaggi er tekið fram að með því að tengja norrænu lánveitingarnar við lausn á innstæðutryggingarmálinu þá vilji norrænu ríkin koma í veg fyrir að fjármunirnir frá norrænu lánunum renni beint til Breta og Hollendinga.

Ég er alveg sammála hæstv. forsætisráðherra um að ég hugsa að engum manni á Íslandi hafi dottið í hug að norrænu lánin yrði notuð til þess að borga beint til Breta og Hollendinga. En norrænu ríkin, miðað við þessa skýrslu sem Fredrik Reinfeldt meðal annars skrifaði undir til sænska þingsins, nefna þetta sem skýringu. Ég velti því fyrir mér hvort forsætisráðherra Íslands hafi rætt við (Forseti hringir.) kollega sína sína út frá þessum forsendum því að ef norrænu ríkin eru að taka jafnafdrifaríka ákvörðun byggða á einhverjum misskilningi er það stórpólitískt mál.

[15:22]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg skýrt og klárt að norrænu lánin eru ekki tengd Icesave-samningnum að neinu leyti öðru en því að norrænu lánin eru liður í þeirri áætlun sem við höfum gert með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það er ekkert annað sem þar býr að baki að mínu viti. (**BÁ:** En skýringar á ...)

Rannsókn efnahagsbrota.

[15:23]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Hæstv. forseti. Augljóslega beinast augu almennings nú að rannsóknum á bankahruninu sem varð á liðnu ári. Jafnframt snýr óþreyja almennings augljóslega að þeirri rannsókn sem nú er yfirstandandi. Bent hefur verið á þann möguleika að hefja samstarf við erlendar stofnanir til að grennslast fyrir um hvað orðið hafi um meint fjármagn sem flutt hefur verið úr landi í tengslum við bankahrunið. Mig langar því að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvort eitthvert form sé komið á þetta hugsanlega samstarf við erlendar stofnanir sem ég tel mjög mikilvægt í þessu efni til þess að við leitum allra leiða til að glöggva okkur á þeim hugsanlegu lögbrotum sem hér hafa framin verið.

[15:24]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir með hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni um nauðsyn þess að sem best gangi við rannsókn þessara mála og ef einhver von er til þess að endurheimta fé þá er það vitaskuld sameiginlegt hagsmunamál og áhugamál okkar allra.

Varðandi samstarf við erlendar stofnanir þá er vitaskuld talsvert um það. Sumt af því er reyndar eitthvað sem var til staðar áður en þeir atburðir gerðust sem hafa nú verið mjög til umfjöllunar undanfarna mánuði, þ.e. reglubundið samstarf og samvinna Fjármálaeftirlits, skattyfirvalda og annarra slíkra. Því til viðbótar hefur verið leitað eftir auknu samstarfi og reyndar hefur það verið stundum boðið að frumkvæði erlendra aðila eins og fréttir frá Serious Fraud Office í Bretlandi nú í vikunni bera með sér.

Það er mitt mat að þetta samstarf sé allt hið besta mál. En það mun ekki standa á mér ef menn sjá einhverjar leiðir til þess að auka það. Ég hef lagt áherslu á það við þá stofnun sem heyrir undir mig og sinnir þessum málum, þ.e. Fjármálaeftirlitið, að það leiti eftir samstarfi við erlenda aðila og stuðningi eftir því sem hægt er. Ég geri fastlega ráð fyrir því að þær stofnanir sem heyra undir önnur ráðuneyti eins og fjármálaráðuneytið sem sér um skattinn og dómsmálaráðuneytið sem vitaskuld hefur almenn löggæslumál á sinni könnu hafi gert slíkt hið sama.

Gjaldeyrismál.

[15:26]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var frágengið í október á síðasta ári og fyrsta greiðsla samkvæmt því prógrammi barst hingað til lands um það bil mánuði síðar og greiðslur samkvæmt þessari áætlun áttu að skila sér síðan ársfjórðungslega eftir það. Veruleikinn er hins vegar sá að enn hafa engar frekari greiðslur borist og umræðan um þessa fyrirgreiðslu hefur kannski fyrst og síðast snúist allt frá þessum tíma um það hvort við fáum lánin í gegnum Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða ekki.

Það er hins vegar nú á síðustu dögum og vikum að umræðan er farin að tengjast því sem meðal annars hefur komið upp hér við þessa umræðu í dag, þ.e. að spurningin sé sú hvort þetta sé ólán í láni sem þjóðin er að fá í gegnum Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Meðal annars hafa virtir hagfræðingar tjáð sig í þá veru að þau lán sem ráðgert er að taka, erlendu lán, að það megi setja spurningarmerki við þau. Þær upplýsingar hafa farið út í umræðu að næsti gjalddagi erlendra lána ríkisins sé ekki fyrr en 2011 og því er eðlilegt að spurt sé hvort menn séu að ofmeta þörfina fyrir þennan gjaldeyrisforða sem menn hyggjast byggja upp.

Því vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort fyrir liggi sjálfstætt mat hjá ríkisstjórninni á þörf fyrir gjaldeyrisforða ríkissjóðs þá í ár og jafnvel á næsta ári einnegin. Það væri ágætt að fá upplýsingar um það.

[15:28]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Að sjálfsögðu má deila um það örugglega bæði hagfræðilega og á fleiri forsendum hversu stóran gjaldeyrisvaraforða sé nauðsynlegt að halda til þess að endurheimta trúverðugleika, ná að styrkja gengi krónunnar og halda því stöðugu, ná tiltrú og hafa það afl á bak við í Seðlabankanum að hægt sé að grípa inn í, ekki til þess að hafa varanlega áhrif á gengi krónunnar heldur til þess að jafna út sveiflur og mæta óvæntum frávikum þegar útstreymi verður á ákveðnum tímum, að leggja þá gjaldeyri inn á markaðinn og endurheimta hann síðan þegar betur gengur. Allt snýst þetta líka um að eyða óvissu sem er

skaðleg og hefur sem slík sjálf áhrif í þessum efnum.

Nú er ekki endilega víst í hvaða mæli og hvenær öll þessi lán verða tekin. Reyndar er ekki víst að þau skili sér öll í hús þó eftir verði leitað. Allir vita að viðræður við Rússa eru skammt á veg komnar en Norðurlandalánasamningarnir bíða tilbúnir og viðræðum við Pólverja hefur miðað vel. Það er einfaldlega mat þeirra sem að þessu hafa komið og unnið hafa að bæði efnahagsmálum hér innan lands sem og þeim erlendu aðilum sem við höfum verið í samstarfi við að það sé óumflýjanlegur og mikilvægur liður í þessari endurreisn að hafa verulegan gjaldeyrisvaraforða upp á að hlaupa til að mæta sveiflum sem kunna að vera á markaði. Það eru vaxtagreiðslur og afborganir og gjalddagar á jöklabréfum eða stöðum útlendinga hér í innlendum krónum sem þarf að mæta og síðan tilfallandi afborganir bæði ríkis og annarra aðila sem þurfa að fara yfir gjaldeyrismarkaðinn út úr landinu. Á þetta hefur verið lagt mat af hálfu Seðlabankans auðvitað sérstaklega, síðan fjármálaráðuneytisins, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fleiri aðila. Niðurstaðan er sú að nauðsynlegt sé að tryggja þennan gjaldeyrisvaraforða, vonandi til þess að nota sem (Forseti hringir.) minnst af honum og jafnvel að taka lánin eða hefja ekki endilega lánin í öllum tilvikum fyrr en þörf er fyrir þau.

[15:30]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að vissulega má deila um forsendurnar fyrir því mati sem fram þarf að fara. En ég held að það gæti verið ágætt, fróðlegt og upplýsandi fyrir þing og alþjóð einnig að fá að sjá þetta mat og fá það lagt fram. Það er hins vegar umdeilanlegt og væri vissulega líka athyglinnar og umræðunnar virði að fá frekari umræðu og dýpri um það í hverju sú hjálp ætti að vera fólgin sem í þessu láni felst og haldið er fram af talsmönnum þess fyrir íslenskt efnahagslíf og endurreisn þess sem allir kalla eftir að hefjist sem fyrst. Nánari greiningu og umræðu um þær forsendur sem menn vilja sjá í þeirri lántöku sem fyrirhuguð er væri mjög gott að fá fram. Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra til að upplýsa sínar skoðanir og sína sýn á það hvernig þessi erlenda lántaka muni gagnast beint í því (Forseti hringir.) mikilvæga verkefni sem fram undan er.

[15:31]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég held að ákaflega margt hangi á spýtunni í þessum efnum sem tengist hvað öðru. Við vitum mikilvægi þess að ná stöðugu gengi og að gengi krónunnar styrkist. Við vitum þörfina fyrir að verðbólga lækki og að við getum lækkað hérna vexti. Við vitum hver þörfin er til að opna aðgang að erlendu fjármagni þannig að fyrirtæki geti endurfjármagnað eldri skuldir og eftir atvikum sótt sér nýtt fjárfestingarfé. Allt hangir þetta saman og snýst um það að skapa hér aftur eitthvert eðlilegt ástand, að eyða óvissu þannig að við byggjum upp endurnýjað traust og trúverðugleika á íslenskum efnahagsmálum. Þetta er hluti af stórri heildarmynd sem öll verður að ganga upp saman. Við þurfum að ryðja hindrunum úr vegi hverri á fætur annarri. Okkur hefur orðið talsvert ágengt í því en það eru brekkur eftir svo sannarlega sem við þurfum að komast upp.

Eiturefni og hættuleg efni, 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur). — Þskj. 304.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðhöndlun úrgangs, 3. umr.

Stjfrv., 4. mál (flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur). — Þskj. 305.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, 2. umr.

Stjfrv., 89. mál. — Þskj. 105, nál. 298 og 300, brtt. 301.

[15:33]

Frsm. meiri hluta allshn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson og Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti, Þórunni J. Hafstein og Jón Magnússon frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Áslaugu Árnadóttur og Jónínu Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Guðmund Árnason, Angantý Einarsson og Arnar Þór Másson frá fjármálaráðuneyti, Tryggva Axelsson frá Neytendastofu, Rósmund Guðnason og Magnús Sigmund Magnússon frá Hagstofu Íslands, Franklín Georgsson og Svein Margeirsson frá Matís ohf. og Eirík Blöndal frá Bændasamtökum Íslands.

Umsagnir bárust frá Neytendastofu, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Kauphöll Íslands, Byggðastofnun, tollstjóranum í Reykjavík, Hagstofu Íslands, Íbúðalánasjóði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fjármálafyrirtækja, Framkvæmdasýslu ríkisins, Ríkisendurskoðun, Samtökum atvinnulífsins, Matís ohf., ríkisskattstjóra, Ríkisútvarpinu ohf., sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Viðskiptaráði Íslands, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Fjármálaeftirlitinu, Keflavíkurflugvelli ohf., Fasteignaskrá Íslands, Neytendasamtökunum, Bændasamtökum Íslands og Seðlabanka Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna breytinga á heitum ráðuneyta og tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Flestar breytingarnar lúta

að flutningi verkefna til efnahags- og viðskiptaráðuneytis, þ.e. málefna Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands frá forsætisráðuneyti, og flutningi málefna er varða ársreikninga, endurskoðun og bókhald frá fjármálaráðuneyti. Auk þess er lagt til að stofnuð verði sjálfstæð rannsóknareining innan Hagstofu Íslands sem hafi það hlutverk að fylgjast með afkomu þjóðarbúsins, semja þjóðhagsspár og áætlanir og birta þær opinberlega. Þá er mælt fyrir um flutning verkefna til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, þ.e. flutning á málefnum sveitarstjórnarkosninga frá samgönguráðuneyti, flutning á málefnum fasteignamats og fasteignaskráningu frá fjármálaráðuneyti og flutning neytendamála frá viðskiptaráðuneyti o.fl.

Fyrir nefndinni kom fram að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu væru fyrsti þátturinn í þeim stjórnkerfisumbótum sem ráðist verður í á næstu mánuðum og árum. Þær varða tilfærslu verkefna milli ráðuneyta sem ætlað er að bæta stjórnsýslu og þjónustu við atvinnulíf og almenning. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að vandað sé til þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu svo ekki sé hætta á að mannauður og þekking fari forgörðum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að efla og styrkja viðskiptaráðuneyti sem verður efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Þá verður dóms- og kirkjumálaráðuneyti dóms- og mannréttindamálaráðuneyti. Breytingarnar í frumvarpinu endurspeglast í breytingum á heitum ráðuneyta. Meiri hlutinn telur mikilvægt að fækka ráðuneytum, styrkja þau og samræma verkefni. Fyrir nefndinni kom fram að verkefni ráðuneyta skarast og koma mörg ráðuneyti því að sömu málaflokkum og því getur yfirsýn og samhæfing tapast eins og í tilfelli Seðlabanka og Fjármálaeftirlits. Meiri hlutinn lítur svo á að frumvarpið sé áfangi í átt að skilvirkara Stjórnarráði en áréttar mikilvægi þess að sem fyrst komi fram frumvarp sem lýtur að heildarsýn á Stjórnarráðið, sýn sem byggist á hagræðingu, skilvirkni, fækkun ráðuneyta og styrkingu þeirra.

Fram kom að til þess að tryggja sem best framkvæmd þeirra breytinga sem gera þarf hefur verið sett á fót verkefnisstjórn um stjórnkerfisumbætur þar sem í eiga sæti ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, auk sérfræðinga ráðuneytisins og fjármálaráðuneytis og fulltrúar þeirra ráðuneyta sem verkefnaflutningur varðar. Þá muni auk þess verða haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila. Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt að slíkt samráð verði haft svo að unnt verði að skapa sátt um nauðsynlegar breytingar á næstu mánuðum og árum.

Á fundum nefndarinnar kom einnig fram að á vegum forsætisráðuneytis væri starfandi vinnuhópur sem miðaði að því að útbúa sóknaráætlun fyrir alla landshluta og samræma ýmsar áætlanir sem stjórnvöld standa fyrir. Þannig verði hugsanlega til atvinnu- og þjónustusvæði sem hafa hagnýta skírskotun. Meiri hlutinn telur mikilvægt að við þá vinnu verði einnig haft náið samráð við hagsmunaaðila.

Nefndin ræddi nokkuð um þær breytingar sem fela í sér flutning eignarhalds ríkisins í opinberum hlutafélögum, svo sem Ríkisútvarpinu ohf., Matvælarannsóknum hf. og hlutafélagi um rekstur Keflavíkurflugvallar, frá fagráðuneytum til fjármálaráðuneytis. Markmiðið með breytingunum er meðal annars að tryggja að ríkið hafi eina samræmda eigendastefnu til að auka trúverðugleika og einingu um hlutverk þess sem eiganda. Þessi þróun hefur verið innan ríkja OECD og áherslan þar með lögð á ríkið sem eiganda. Fram kom að með breytingunum mætti draga verulega úr þeirri hættu sem felst í að sami aðili sé í eigandafyrirsvari tiltekins félags auk þess að hafa faglegt eftirlit með starfsemi eða starfsumhverfi þess. Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að með þessu gæti samvinna og samráð fagráðuneyta við viðkomandi stofnanir minnkað og komið niður á faglegri vinnu. Meiri hlutinn leggur af því tilefni áherslu á að með þessum breytingum sé einungis verið að færa hlutabréfið til fjármálaráðuneytis en vald yfir málefnasviðum, reglusetning á þeim og faglegt samstarf við stofnanir verður hjá viðkomandi fagráðuneyti. Meiri hlutinn ítrekar mikilvægi þess að við skipan og tilnefningar stjórnarmanna í félög, sem eru að hluta eða í heild í opinberri eigu, verði gætt að faglegum sjónarmiðum og litið til fagþekkingar viðkomandi þannig að tryggt verði að breytingarnar verði ekki til þess fallnar að veikja samvinnu ráðuneytanna við stofnanirnar.

Fyrir nefndinni komu fram upplýsingar, sem varða flutning eignarhalds á Matvælarannsóknum hf. frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til fjármálaráðuneytis, um að hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti gæti þurft að grípa til umfangsmikilla aðgerða á ýmsum sviðum til þess að mæta þeim erfiðu fjárhagsaðstæðum sem nú eru. Þannig gæti reynst óhjákvæmilegt að ráðast í gagngerar breytingar á uppbyggingu stofnana, sem getur þýtt formbreytingu á hluta starfseminnar og að Matvælarannsóknir hf. gætu orðið órjúfanlegur hluti af þeirri leið sem valin verður. Meiri hlutinn telur að þegar litið sé til þessa sé rétt að fresta þessari breytingu þar sem að hún kann að flækja málin og gera nauðsynlegar breytingar erfiðari. Meiri hlutinn leggur því til að 66. gr. frumvarpsins falli brott.

Meiri hlutinn ræddi einnig þær breytingar sem lagðar eru til á neytendamálum en að meginstefnu til á sá málaflokkur að færast frá viðskiptaráðuneyti yfir í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti fyrir utan þá lagabálka sem snúa að fjármálamarkaðinum, en þeir verða áfram á verksviði efnahags- og viðskiptaráðuneytis enda þótt alltaf megi búast við einhverri skörun við neytendamálaflokkinn, samanber lög um rafrænar undirskriftir og rafræn viðskipti. Undir neytendamálaflokkinn falla ýmis lög á verksviði Neytendastofu og talsmanns neytenda. Í skýrslu, sem unnin var fyrir viðskiptaráðuneytið af þremur stofnunum Háskóla Íslands, Félagsvísindastofnun, Hagfræðistofnun og Lagastofnun um úttekt á stöðu neytendamála á Íslandi, Ný sókn í neytendamálum, komu fram tillögur að breytingum á skipan neytendamála sem byggjast að nokkru á norrænni fyrirmynd. Tillögur skýrsluhöfunda voru að sameina Neytendastofu og embætti talsmanns neytenda. Fram kom að ekki hefði unnist tími til að vinna úr þessum tillögum í viðskiptaráðuneyti vegna mikilla anna í tengslum við bankahrunið. Meiri hlutinn telur að þær tillögur sem settar eru fram í skýrslunni séu til þess fallnar að styrkja þennan málaflokk sem fer sífellt stækkandi og er til dæmis ákveðin þungamiðja í rétti nágrannaríkjanna sem og í Evrópusambandslöggjöf. Með

sameiningunni mætti einnig ná fram nokkurri hagræðingu og telur nefndin því mikilvægt að á vegum nýs dóms- og mannréttindamálaráðuneytis verði farið í að skoða þær tillögur sem koma fram í skýrslunni.

Þá var einnig rætt um málefni Hagstofu Íslands en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hún færist undir efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Þá er í frumvarpinu lagt til að við Hagstofu Íslands verði starfrækt sjálfstæð rannsóknareining sem verði aðskilin frá þeirri hagskýrslustarfsemi sem fyrir er og verði henni ætlað að fylgjast með afkomu þjóðarbúsins, semja þjóðhagsspár og áætlanir og birta opinberlega. Þessi vinna fer nú fram á efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sá hluti hennar verði fluttur til Hagstofunnar. Í lögum og reglum um hagskýrslustarfsemi er lögð áhersla á faglegt sjálfstæði hagstofa, að þær séu hlutlausar og beiti viðeigandi verklagi. Einnig er lögð áhersla á gæði hagskýrslna, trúnað og gagnsæi í vinnubrögðum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að skýran greinarmun þurfi að gera á söfnun og úrvinnslu upplýsinga annars vegar og stefnumörkun og ályktunum sem byggjast á tölfræðinni hins vegar. Fyrir nefndinni kom fram að mjög mikilvægt væri að þessi sjálfstæða rannsóknareining yrði aðskilin algerlega frá hagskýrslugerðinni og að hún heyrði þannig beint undir hagstofustjóra. Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á skipuriti stofnunarinnar samhliða þessum breytingum og enn fremur að settar verði mjög skýrar verklagsreglur byggðar á lögum og alþjóðlegum reglum um samskipti þessarar sjálfstæðu rannsóknareiningar og annarra rannsakenda við Hagstofuna.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar lagfæringar á frumvarpinu en í 1. gr. þess eru lagðar til breytingar á 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands þar sem ráðuneyti eru talin upp í stafrófsröð á eftir forsætisráðuneyti. Meiri hlutinn telur rétt að halda núverandi tilhögun laganna og leggur því til breytingu á frumvarpinu í þá átt. Meiri hlutinn leggur auk þess til að við frumvarpið bætist tveir nýir kaflar. Sá fyrri varðar breytingar á lögum um lögbann og dómsmál til verndar heildarhagsmunum neytenda sem falla eiga undir verksvið dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og hinn síðari varðar breytingar á lögum um neytendalán sem eftir breytingar á ráðuneytum heyra undir efnahags- og viðskiptaráðherra í stað viðskiptaráðherra. Þá leggur meiri hlutinn til smávægilegar lagfæringar á frumvarpinu sem þarfnast ekki skýringa.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Auk þeirrar sem hér stendur skrifa undir álitið Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Róbert Marshall og Þráinn Bertelsson.

[15:45]

Frsm. minni hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hluta allsherjarnefndar en undir nefndarálit þetta skrifa auk mín hv. þingmenn Unnur Brá Konráðsdóttir og Vigdís Hauksdóttir.

Álitið er byggt á því að minni hluti nefndarinnar telur málið ekki tækt til afgreiðslu á þeirri forsendu sem rakin er í álitinu, að það skorti verulega á um undirbúning þess með ýmsum hætti og eins að í rauninni sé verið að byrja á einhverju verki án þess að hægt sé að átta sig á heildarmyndinni eða skoða hvaða breytingar ríkisstjórnin eða stjórnarmeirihlutinn hafa áhuga á að gera á Stjórnarráðinu í heild.

Ég ætla að fara hér yfir þær athugasemdir sem við gerum í nefndarálitinu. Þar er í fyrsta lagi vísað til undirbúningsins.

Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„1. Þær breytingar sem felast í frumvarpinu eru ekki nægilega undirbúnar, greinilegt er að ekki hefur verið haft samráð við þær stofnanir sem málið varðar og ekkert bendir til þess að málið hafi á nokkurn hátt verið unnið í samstarfi við samtök starfsmanna. Undirbúningur að þessu leyti virðist því í fullkomnu ósamræmi við þær verklagsreglur og leiðbeiningar um undirbúning lagafrumvarpa sem finna má í handbók forsætisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og skrifstofu Alþingis frá nóvember 2007. Einungis hefur verið um að ræða samráð milli ráðuneyta og jafnvel það virðist ekki hafa verið fullnægjandi, samanber erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til allsherjarnefndar, dags. 8. júlí sl.“

Þarna er vakin athygli á því að þetta frumvarp er lagt fram að því er virðist án samráðs við nokkurn aðila sem málið varðar. Í málsmeðferðinni hefur ekki komið fram að um slíkt samráð hafi verið að ræða. Það er dálítið sérkennilegt, sérstaklega í ljósi þess að þegar við fórum síðast í gegnum breytingar á Stjórnarráðinu fyrir einu og hálfu ári síðan var aðdragandinn og undirbúningurinn miklu betri en engu að síður var haldið uppi harðri gagnrýni hér í þinginu, m.a. af hv. þm. Atla Gíslasyni, á þær breytingar sem þar voru lagðar til á nákvæmlega þeim forsendum að ekki hefði verið um nægilegan undirbúning að ræða og ekki hefði verið fylgt eftir þeim leiðbeiningum sem finna má í handbók forsætisráðuneytisins og annarra aðila. Það skýtur skökku við að þetta skuli látið óátalið af hálfu stjórnmálaafla sem fyrir örfáum mánuðum síðan, kannski 18 mánuðum, ég man ekki nákvæmlega hvenær, héldu uppi harðri gagnrýni á vinnubrögð í sambærilegu máli sem þó voru miklu betri en núna eru á ferðinni. Það er mjög sérstakt.

Í öðru lagi er í nefndarálitinu fjallað um að breytingarnar í frumvarpinu virðist á margan hátt fálmkenndar og tilviljanakenndar. Vakin er athygli á því að um er að ræða breytingar hér og þar án þess að ljóst sé eitthvert heildarsamhengi. Eins og við segjum í nefndarálitinu skortir sárlega þá heildarsýn á skipulag og tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins sem hefur þó verið boðuð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þetta gerir mönnum auðvitað erfiðara fyrir að taka afstöðu til einstakra tillagna vegna þess að það er óljóst hvernig breytingarnar munu falla að því heildarskipulagi sem á að taka við þegar þessar breytingar af hálfu ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Verið er að taka þetta í bútum án þess að heildarmyndin liggi nægilega skýrt fyrir. Eins og við segjum er um það rætt að jafnvel komi nýtt lagafrumvarp fram á haustþingi með frekari breytingum í þessum efnum. Við í minni hlutanum segjum: Hefði ekki verið skynsamlegra að ríkisstjórnin legði fram heildstæðar tillögur og Alþingi gæti þannig tekið afstöðu til þeirra hugmynda sem eru á borði ríkisstjórnarinnar í heild í eðlilegu

samhengi í staðinn fyrir að taka þetta í einhverjum litlum skömmtum?

Þetta beinir sjónum að þriðja atriðinu sem við nefnum í nefndarálitinu sem er að það skortir fullnægjandi rök fyrir því að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér séu svo brýnar að ekki megi bíða með þær. Ég velti því fyrir mér og við gerum það í nefndarálitinu: Hvað er það í frumvarpinu sem ekki má bíða þangað til ríkisstjórnin er búin að ljúka því verki sem hún boðar í sambandi við heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu? Er eitthvað í þessu frumvarpi sem felur í sér einhverjar bráðaaðgerðir til þess að takast á við einhvern yfirvofandi eða aðsteðjandi vanda? Ég átta mig ekki alveg á því. Ég sé ekki alveg hvaða bráðavanda menn telja sig vera að leysa með þeim breytingum sem hér eru boðaðar. Ég sé ekki að það sé neitt í þessu frumvarpi, burt séð frá efnisatriðunum sem við getum rætt nánar síðar, sem mundi valda einhverju tjóni þó að það yrði tekið fyrir t.d. á haustþingi þegar ríkisstjórnin ætlar að leggja fram annað frumvarp um breytingar á Stjórnarráðinu. Ég átta mig ekki á því hvernig þetta er hugsað.

Við vekjum athygli á því í fjórða lagi að það er ekkert í þessu frumvarpi sem er til þess fallið í sjálfu sér að ná fram sparnaði eða hagræðingu. Það er mat fjárlagaskrifstofunnar, og því mati hefur svo sem ekki verið hnekkt, að það muni einungis verða um tilflutning á kostnaði að ræða en ekki neinn sparnað. Það skýtur svolítið skökku við vegna þess að þegar ríkisstjórnin byrjaði að kynna hugmyndir sínar um breytingar á Stjórnarráðinu var það gert undir þeim formerkjum að það ætti að ná fram hagræðingu og sparnaði. Svo kemur fyrsta frumvarpið til þess að framfylgja þeirri stefnu og niðurstaðan er enginn sparnaður, bara tilflutningur á kostnaði. Það er dálítið sérstakt og vekur enn þá spurningar um það á hvaða leið stjórnarmeirihlutinn er í þessu máli, af hverju er verið að þessu. Hvað er það sem rekur á eftir?

Í fimmta lagi fjöllum við aðeins um það sem telja má veigamestu efnisbreytinguna í frumvarpinu sem lýtur að tilfærslu málefna og stofnana á sviði efnahagsmála til viðskiptaráðuneytis. Við í minni hlutanum tökum undir þau sjónarmið að reynsla undanfarinna mánaða kalli vissulega á endurskoðun í þeim efnum, aukna samræmingu og samhæfingu, hugsanlega tilfærslu verkefna og stofnana og aðrar breytingar sem geta leitt til þess að kraftar innan stjórnkerfisins nýtist sem best, því mótmæla menn. Minni hlutinn telur hins vegar nauðsynlegt að fyrir liggi mótaðar hugmyndir og tillögur um fyrirkomulag í þeim efnum í samhengi við aðrar breytingar, t.d. á þeim stofnunum sem starfa á þessu sviði. Þá get ég nefnt Seðlabanka og Fjármálaeftirlit, það hafa ekki enn þá komið fram neinar mótaðar hugmyndir í þeim efnum. Við teljum að rétt sé að þessi mál séu skoðuð í einhverju slíku samhengi frekar en að byrja á því að taka einhvern hluta af málinu og afgreiða það með þessum hætti án þess að við sjáum fyrir endann á því hvernig næstu skref verða.

Síðan gerum við líka athugasemd við þá hugmynd sem býr þarna að baki, að það eigi að flytja forræði efnahagsmála frá forsætisráðuneytinu með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Efnahagsmálin hafa um langt skeið verið mikilvægasta viðfangsefni forsætisráðuneytisins. Eðli málsins samkvæmt snerta þau mál svið allra annarra ráðuneyta að meira eða minna leyti. Verkstjórnarhlutverk forsætisráðherra er því hvað veigamest, einmitt á því sviði. Tillögur um breytingar í þessum efnum eru sérstaklega undarlegar við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu. Öllum má vera ljóst að einmitt nú eru efnahagsmálin brýnasta og alvarlegasta viðfangsefni stjórnvalda og skýtur því skökku við að færa forræði þess málaflokks frá forsætisráðherra.“

Þetta bendum við á og við umfjöllun í nefndinni kom fram að sú raunverulega breyting sem verið er að boða með þessu fyrir utan breytingar á stofnunum feli í sér að tveggja manna efnahagsskrifstofa forsætisráðuneytisins verði flutt til viðskiptaráðuneytisins en síðan mun væntanlega koma efnahagsráðgjafi. Það kom fram á fundi nefndarinnar með embættismönnum að líklega yrði ráðinn ráðgjafi í efnahagsmálum til forsætisráðherra enda augljóst mál að forsætisráðherra þarf að hafa einhverja ráðgjöf í efnahagsmálum. Það er alveg augljóst að þegar efnahagsmálin eru jafnríkt viðfangsefni stjórnvalda þarf leiðtogi ríkisstjórnarinnar auðvitað að hafa einhverja ráðgjöf í efnahagsmálum, ég held að það eigi ekkert að þurfa að deila um það. Það sem gerist raunverulega er að tveggja manna skrifstofa færist yfir í viðskiptaráðuneytið og í staðinn er ráðinn einn maður. Mér finnst mjög sérkennilegt að fara í þennan leiðangur til þess að ná þessu marki.

Varðandi breytingar í sambandi við gerð þjóðhagsáætlana og aukin verkefni Hagstofu og annað sem boðað er í tengslum við það get ég sagt að mér finnst það á margan hátt skynsamlegt, ég get alveg tekið undir það. Hins vegar gengur hugmyndin um að það sé með einhverjum hætti nauðsynlegt að færa efnahagsmálin frá forsætisráðuneytinu ekki alveg upp í mínum huga.

Bara svo að ég nefni það til að hafa sagt það eru mjög margar af þeim breytingum sem fjallað er um í frumvarpinu yfir höfuð ekkert rökstuddar. Ég nefni t.d. atriði sem varða flutning neytendamála frá viðskiptaráðuneyti til dómsmálaráðuneytis. Í frumvarpinu er ekki að finna neinn rökstuðning fyrir því. Ég get sagt fyrir sjálfan mig að það getur vel verið að það sé á einhvern hátt betra að vista neytendamál hjá dómsmálaráðuneyti en viðskiptaráðuneyti en ég hef ekki alveg áttað mig á hver rökstuðningurinn fyrir því er og frumvarpið sem slíkt hjálpar mér ekkert við að komast að neinni niðurstöðu af því að þar er engan rökstuðning að finna. Þar er bara vísað til þess að það sé gert samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Sama máli gegnir um margar aðrar breytingar sem þarna eru boðaðar, þær eru ekkert rökstuddar. Það er bara sagt að þetta sé gert samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Það bendir auðvitað til þess að það skorti töluvert á undirbúning málsins og afgreiðslu að ekki skuli gerð nein tilraun til að rökstyðja svona þætti.

Af því að við nefnum þetta sérstaklega — við víkjum ekkert að því í nefndarálitinu — velti ég því fyrir mér í sambandi við flutning neytendamálanna hvort það kunni að vera einfaldlega til þess að ekki séu of mörg verkefni á borði viðskiptaráðherra sem fær fullt af verkefnum með efnahagsmálunum. Ef það er hugmyndin á bak við þetta er það hvergi sagt í þessu frumvarpi og ekkert rökstutt.

Sama máli gegnir um t.d. nafnabreytinguna á dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, að breyta því í dóms- og mannréttindamálaráðuneyti, ekki er rökstutt hvers vegna gera eigi þá breytingu. Það er ekki gerð tilraun í frumvarpinu til að útskýra af hverju þetta er. Hlutverk dómsmálaráðuneytisins samkvæmt lögum verður hvorki meira né minna á sviði mannréttindamála eftir að þessi lagabreyting hefur náð fram að ganga. Í þessu lagafrumvarpi er ekki verið að breyta neinum lögum sem færa dómsmálaráðuneytinu aukin verkefni á sviði mannréttindamála. Ég spyr mig enn: Af hverju er verið að gera þetta? Ef það eru einhver góð rök fyrir því að gera þetta er þau ekki að finna í þessu frumvarpi.

Svo eru aðrar breytingar sem vel má ímynda sér að geti átt rétt á sér. Ég nefni t.d. breytingar á heiti samgönguráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti.

Þar varð efnisbreytingin reyndar fyrir einu og hálfu ári þegar sveitarstjórnarmálin voru færð til samgönguráðuneytisins og það er kannski ekki óeðlilegt að nafnbreytingin fylgi í kjölfarið, það hefði kannski átt að gera það þá, ég veit það ekki.

Varðandi dóms- og mannréttindaráðuneytið. Jú, einhverjum kann að þykja það hljóma fallega og það er kannski einhver pólitík í því en það segir ekkert. Það fylgir því engin efnisbreyting á verkefnum dómsmálaráðuneytisins á sviði mannréttindamála þannig að það er svolítið sérstakt.

Síðan er rétt að vekja athygli á því þó að það sé utan við efni þessa frumvarps að uppi eru einhverjar hugmyndir um það á vegum ríkisstjórnarinnar að sameina samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið þessu dómsmála- og mannréttindaráðuneyti einhvern tíma í framtíðinni og kalla það innanríkisráðuneyti. Þá spyr ég: Bíddu, af hverju klára menn ekki bara það sem þeir ætla sér? Af hverju gera menn ekki þá breytingu í staðinn fyrir að taka einhver milliskref? Ef ríkisstjórnin hefur einhverjar hugmyndir um hvernig þetta á að vera, af hverju undirbýr hún þá ekki þær tillögur og leggur þær fram hér í þinginu frekar en að vera í einhverju svona hálfkáki? Ég átta mig ekki á þessu.

Síðan eru spurningar í þessu sem næst kannski að ræða betur þegar málið kemur aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. en öllum þessum grundvallarspurningum er í mínum huga ósvarað. Er málið nægilega unnið? Nei, mér sýnist svo ekki vera. Er málið unnið í einhverju heildarsamhengi? Nei, mér sýnist ekki. Er málið svo brýnt að það þoli ekki bið, t.d. fram á haust ef leggja á fram nýtt frumvarp þá? Það er ekkert í mínum huga sem gerir það að verkum að það þurfi nauðsynlega að klára þetta núna. Það eru engar efnisbreytingar í þessu frumvarpi sem leysa einhvern vanda sem við er að stríða í augnablikinu og ekkert sem segir að það geti ekki beðið fram í október, nóvember.

Eins sakna ég þess að það komi fram einhverjar tillögur af hálfu ríkisstjórnarinnar um hagræðingu og sparnað því að nógu mikið hefur verið talað um það. Það vekur athygli að á þessum tíma þegar alls staðar þarf að spara í ríkisrekstrinum og allir eru sammála um að fyrsta frumvarpið sem ríkisstjórnin lagði fram um Stjórnarráð Íslands skuli ekki leiða til sparnaðar á einni einustu krónu. Fjármálaráðuneytið metur það sjálft svo að þetta sé bara tilflutningur á kostnaði, enginn sparnaður. Þarna eru menn með öðrum orðum að missa af tækifæri til að ná fram einhverri hagræðingu og sparnaði ef það er þá raunverulega ætlun manna í sambandi við stjórnkerfisbreytingar.

Ég gæti komið víðar við. Ein setning í áliti meiri hlutans vakti athygli mína — ég get tekið undir ýmsar hugleiðingar sem koma fram í áliti meiri hlutans, það rétt að halda því til haga, sérstaklega um mikilvægi þess að vanda útfærsluna og annað þess háttar. Ef menn ætla sér á annað borð að lögleiða þessar breytingar er eins gott að framkvæmdin verði betur undirbúin en lagasetningin. Ég vek athygli á setningu í nefndaráliti meiri hlutans sem er efst á bls. 2. Þar segir:

„Meiri hlutinn lítur svo á að frumvarpið sé áfangi í átt að skilvirkara Stjórnarráði en áréttar mikilvægi þess að sem fyrst komi fram frumvarp sem lýtur að heildarsýn á Stjórnarráðið, sýn sem byggist á hagræðingu, skilvirkni, fækkun ráðuneyta og styrkingu þeirra.“

Ég get tekið undir þetta allt. Ég spyr mig: Ef ríkisstjórnin ætlar sér það og ef meiri hluti stjórnarflokkanna í allsherjarnefnd er þeirrar skoðunar að koma eigi fram frumvarp sem lýtur að heildarsýn á Stjórnarráðið, af hverju erum við þá að fást við þessar smáskammtalækningar núna? Af hverju erum við í hálfgerðri þoku að taka ákvarðanir um einhverjar tilteknar breytingar þegar heildarsýnin liggur ekki fyrir? Ég fæ ekki botn í það.

Ég tek undir það að mörgu leyti sem kemur fram í framhaldi af þessu í nefndaráliti meiri hlutans.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Fram kom að til þess að tryggja sem best framkvæmd þeirra breytinga sem gera þarf hefur verið sett á fót verkefnisstjórn um stjórnkerfisumbætur þar sem í eiga sæti ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis auk sérfræðinga ráðuneytisins og fjármálaráðuneytis og fulltrúar þeirra ráðuneyta sem verkefnaflutningur varðar. Þá muni auk þess verða haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila. Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt að slíkt samráð verði haft svo að unnt verði að skapa sátt um nauðsynlegar breytingar á næstu mánuðum og árum.“

Allt er þetta gott og blessað og satt og rétt og fínar áherslur hjá meiri hlutanum en spyrja má: Hefði þetta samráð sem þarna er verið að tala um ekki átt að eiga sér stað áður en frumvarpið var lagt fram? Er ekki verið að gera hlutina í vitlausri röð? Ég spyr bara: Í hvaða röð er verið að gera hlutina? Af hverju er verið að gera þetta núna? Af hverju er ekki sett á fót vinna eins og þarna er boðuð, farið faglega í gegnum það hvert hlutverk ráðuneytanna er, hvernig ná megi fram samræmingu og sameiningu, hagræðingu og sparnaði? Af hverju er þetta ekki gert í samhengi? Af hverju er byrjað á því að koma með lagafrumvarp, því hent inn í þingið og lögð mikil áhersla á að það verði klárað á sumarþingi án neinnar sérstakrar ástæðu? Af hverju er ekki byrjað á réttum enda, byrjað á því að setja fram einhverja heildarsýn, einhverja stefnu, útfæra þær breytingar og koma með þetta allt hér inn í einum pakka þannig að hægt sé að taka þá afstöðu til þess í einhverju samhengi? Og af hverju er ekki undirbúningurinn með þeim hætti að samráðið fari fram áður en breytingarnar eru gerðar en ekki

eftir að þær hafa verið lögfestar? Er það ekki eðlilegri röð á hlutunum? Ég skil eiginlega ekki á hvaða leið ríkisstjórnin er með þessu.

Eins og fram hefur komið í máli mínu er minni hluti allsherjarnefndar fremur neikvæður gagnvart þessu frumvarpi og leggur til að það verði ekki afgreitt. Við munum hins vegar óska eftir því að málið gangi aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. og þá fáum við kannski skýrari svör við ýmsum af þeim spurningum sem hér hefur verið spurt. Varðandi efnisatriðin getur vel verið að sumar af þeim breytingum sem verið er að boða séu ágætar. Það virðist hins vegar skorta á undirbúning, það virðist skorta á fagleg vinnubrögð, það virðist ekki hafa farið fram nein greining á þeim vandamálum sem eru fyrir hendi í stjórnkerfinu í dag. Verið er að leggja fram frumvarp um breytingar á Stjórnarráðinu og það virðist engin greining vera því til grundvallar hvaða breytingar eru nauðsynlegar. Það er ekki nein úttekt á því hvaða hlutir það eru sem hafa farið úrskeiðis eða mættu fara betur. Það er ekki búið að stilla því upp með neinum hætti hvaða ástæðu menn hafa til tiltekinna breytinga. Allt ber því að sama brunni, verið er að göslast hér áfram í einhverjum breytingum án þess að búið sé að hugsa málin til enda og af þeim sökum leggjumst við gegn því að þetta verði samþykkt.

Eins og ég tek fram erum við í minni hluta allsherjarnefndar alls ekki þeirrar skoðunar að það geti ekki verið tilefni til breytinga. Við gerðum ákveðnar breytingar fyrir einu og hálfu ári á lögum um Stjórnarráðið, raunar meiri breytingar en boðaðar eru í þessu frumvarpi. Hefði kannski ekki verið ástæða til þess að fara yfir reynsluna af þeim breytingum, sjá að hvaða leyti þær tókust vel og hvaða leyti þær tókust illa? Hefði ekki verið rétt að fengnir yrðu jafnvel einhverjir utanaðkomandi menn til þess að reyna að meta árangurinn af þeim breytingum sem gerðar voru fyrir einu og hálfu ári áður en farið er að breyta aftur? Það er svolítið sérstakt.

Enn stendur það eftir sem stórt spurningarmerki í mínum huga: Af hverju er þessi asi á málinu, af hverju er verið að leggja áherslu á að klára þetta á sumarþingi þegar við vitum að strax á haustþingi, eftir kannski einn og hálfan mánuð, verður jafnvel lagt fram nýtt frumvarp um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands? Hvað er það sem þetta frumvarp á að gera sem ekki má bíða í einn og hálfan mánuð?

[16:10]

Frsm. meiri hluta allshn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vegna ræðu hv. þingmanns áðan er kannski rétt að undirstrika, eins og segir í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar, að þær breytingar sem hér eru lagðar til eru fyrsti þátturinn í breytingum á flutningi verkefna til efnahags- og viðskiptaráðuneytis, þ.e. Seðlabanka Íslands og Hagstofu, frá forsætisráðuneyti og yfir til fagráðuneytisins. Eins og hv. þingmaður kom inn á er það auðvitað stóra atriðið í þessum tillögum. Af því að hv. þingmaður talaði um að hann sæi ekkert í þessu sem kallaði á að gera þessar breytingar núna, að þetta mætti vel bíða fram á haust, má alveg færa fyrir því gild rök að nú sé bráðavandi uppi í samfélaginu sem m.a. endurspeglaðist hér sl. haust þegar bankahrunið varð og í ljós kom að það vantaði yfirsýn yfir efnahagsmál Íslendinga, þau væru samræmd og höfð á einum stað. Þess vegna er mjög brýnt að tekið verði af skarið núna strax og þessi málefni flutt. Það taki gildi núna strax með haustinu því að það veit það enginn í þessum sal hvenær nýtt frumvarp frá ríkisstjórninni kemur fram um heildarbreytingu og verkaskiptingu á Stjórnarráði Íslands, hvort það verður í september, október eða hvenær. Eins og kom fram á nefndarfundi allsherjarnefndar gátu embættismenn ekkert sagt til um það nákvæmlega. Það er hins vegar afar brýnt að þetta komist á koppinn sem allra fyrst.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi um sparnað er, eins og kom fram á nefndarfundi, á þessum tíma ekkert hægt að fullyrða um hann til lengri tíma litið. Við vitum að stjórnkerfisbreytingar taka tíma og ákvarðanir sem teknar eru í dag leiða ekki til sparnaðar strax á morgun. En þegar til lengri tíma er litið er reynslan sú að af vel unnum og útfærðum stjórnkerfisbreytingum hlýst sparnaður.

[16:12]

Frsm. minni hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég verð að játa það að þó að ég geti tekið undir það, eins og ég gerði í ræðu minni, að reynsla okkar frá síðasta hausti geri það að verkum að rétt sé að fara í endurskoðun á verkaskiptingu, stofnanakerfi og öðru slíku sem varðar fjármálamarkaði og efnahagsmál breytir það ekki þeirri skoðun minni að það er ekkert í þessu frumvarpi sem leysir neinn bráðavanda sem við okkur blasir þessa dagana eða næstu vikurnar. Þetta er langtímamál, þetta er spurning um að breyta kerfinu þannig að það virki betur til lengri tíma. Þess vegna sakna ég þess að ekki sé lagt á borðið hvernig ríkisstjórnin sér þessa hluti fyrir sér til lengri tíma og ég ítreka að það er ekkert í þessu frumvarpi sem leysir neinn vanda núna á næstu vikum.

Það er líka rétt sem fram kemur hjá hv. þm. formanni allsherjarnefndar að auðvitað eru stjórnkerfisbreytingar ekki til þess fallnar að ná fram hagræðingu og sparnaði strax, það gerist sjaldan þannig, það er alveg rétt. En fjármálaráðuneytið sjálft metur það þannig að þetta frumvarp með þeim breytingum sem í því felast leiði ekki til neins sparnaðar eða hagræðingar yfir höfuð heldur bara flutnings á kostnaði. Það sem ég benti á í ræðu minni var að núna á þessum sparnaðar- og niðurskurðartímum skuli ríkisstjórnin missa af fyrsta tækifærinu til þess að ákveða einhverjar breytingar sem leitt geta til hagræðingar og sparnaðar því að þetta frumvarp gerir það ekki.

[16:14]

Frsm. meiri hluta allshn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held reyndar að við hv. þm. Birgir Ármannsson séum býsna samstiga í þessum málum varðandi eflingu og styrkingu Stjórnarráðsins og breytingu á verkaskiptingu milli ráðuneyta. Það sem okkur greinir kannski á í þessu máli er hvort það frumvarp sem hér liggur fyrir hafi verið nauðsynlegt á þessum tíma. Hv. þingmaður telur, ef ég skil hann rétt, að þetta megi bíða. Ég segi hins vegar

varðandi efnahagsmálin og flutning efnahagsmálanna yfir til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins að ég tel að ekki sé eftir neinu að bíða. Ég ætla ekkert að fullyrða um það en ef stjórnarráðsfrumvarpið í heild sinni kemur ekki fram strax á haustþingi gæti það hugsanlega skaðað þennan málaflokk, ef við værum ekki núna búin að ganga frá því að þessi verkefni færist yfir til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, vegna þess að það er jú áfram gert ráð fyrir því að forsætisráðherra sé samræmingaraðili og verkstjóri ríkisstjórnarinnar. Ég held að forsætisráðherra gefist betra tóm til þess að sinna eftirlitshlutverki og hafa samræmingarhlutverk gagnvart öðrum ráðuneytum ef efnahagsmálin eru öll vistuð undir einu og sama ráðuneyti og að það gerist strax í haust. Ég sé ekki að það sé eftir neinu að bíða í þeim efnum, frú forseti.

[16:16]

Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir tók sæti mitt í allsherjarnefnd þegar þetta nefndarálit var afgreitt og skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Ég er hjartanlega sammála því og hefði gert það sama ef ég hefði ekki verið bundin annars staðar þegar þessi fundur fór fram og vil gera grein fyrir fyrirvaranum. Hann varðar 6. breytingartillöguna þar sem segir að að svo komnu verði Matís ekki flutt undir fjármálaráðuneytið eins og önnur félög í eigu ríkisins. Rök landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins gegn því að það yrði gert var að fram undan væri niðurskurður þannig að það gæti þurft að breyta stofnanakerfi innan ráðuneytisins.

Við hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir erum sammála því að það kunni að koma til niðurskurðar en það eigi ekki einungis við um þetta ráðuneyti heldur önnur og að endurskoða þurfi verkaskiptingu milli fleiri ráðuneyta. Við sjáum þess vegna ekki ástæðu til þess að þessi breyting sé sérstaklega felld út úr þessu frumvarpi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–11. mál.

Fundi slitið kl. 16:19.

---

49. FUNDUR

þriðjudaginn 11. ágúst,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 26. gr. laga 36/2001, um Seðlabanka Íslands.
3. Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til upphafs næsta þings, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 47 1. júní 2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.
4. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
5. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
6. Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
7. Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
8. Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
9. Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
10. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
11. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
12. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 3. mál, þskj. 304. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
13. Meðhöndlun úrgangs, stjfrv., 4. mál, þskj. 305. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
14. Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, stjfrv., 89. mál, þskj. 105, nál. 298 og 300, brtt. 301. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
15. Bankasýsla ríkisins, stjfrv., 124. mál, þskj. 313, frhnál. 316, brtt. 287. — 3. umr.
16. Kjararáð o.fl., stjfrv., 114. mál, þskj. 303. — 3. umr.
17. Framhaldsskólar, stjfrv., 156. mál, þskj. 274, nál. 317. — 2. umr.
18. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv., 165. mál, þskj. 314. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Tilhögun þingfundar.

[13:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að atkvæðagreiðslur verða að loknum kosningum í nefndir og ráð og síðan aftur síðar í dag, að lokinni umræðu um dagskrármálin.

Störf þingsins.

Strandveiðar – Icesave.

[13:31]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Fyrir skömmu samþykkti Alþingi lög um strandveiðar og á undanförnum vikum og mánuðum höfum við séð glitta í reynsluna af því fyrirkomulagi sem hér var samþykkt, illu heilli að mínu mati. Það hefur komið fram m.a. í *Morgunblaðinu* í dag að hátt í 500 bátar hafa nýtt sér þann möguleika að veiða samkvæmt hinum nýju lögum. Með öðrum orðum, gífurlegur fjöldi báta hefur farið inn í þetta kerfi til að veiða þann afla sem þó var búið að setja til hliðar sem sérstakan afla til að styðja við hinar veikari byggðir landsins. Ég vil því, frú forseti, beina máli mínu til hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur og spyrja hana um skoðun hennar á þessu máli, á þeirri reynslu sem nú er komin.

Það er ljóst að ekki er verið að auka aflaverðmætið með þessu kerfi. Það er sami fjöldi fiska sem má veiða samkvæmt þessu kerfi eins og ætlað var með því fyrirkomulagi sem fólst í byggðakvótakerfinu. Það er ljóst, það eru ekki meiri tekjur. En það er líka orðið ljóst og sú spá sem kom fram í umræðum hjá okkur sjálfstæðismönnum hefur gengið eftir, að bátum sem færu á sjó til að veiða þennan takmarkaða afla mundi fjölga til mikilla muna og nú er það komið fram. Um 500 nýir bátar hafa hafið veiðar undir þessum formerkjum. Þetta er bara fyrsta árið, hv. þingmenn og frú forseti, sem þetta kerfi er við lýði. Þetta er fyrsta árið sem þýðir að næsta ár mun þessum bátum fjölga enn meira en dögunum fækkar jafnt og þétt sem þessir bátar mega vera á sjó, það dregur úr hagkvæmni kerfisins. Ég hefði haldið það, frú forseti, (Forseti hringir.) að á þeim tíma sem íslenska þjóðin þarf á að halda að í sjávarútvegskerfinu sé gætt ýtrustu hagkvæmni ættu menn að skoða mjög vandlega þá reynslu sem greinilega er komin af þessu kerfi.

[13:33]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Illuga Gunnarssyni fyrir að vekja athygli á þeirri reynslu sem þó er komin af strandveiðunum sem Alþingi samþykkti fyrr í sumar. Reyndar er tímabilið ekki búið og reynslan ekki fullljós. Hún verður metin í fyllingu tímans þegar þetta fyrsta reynslutímabil er yfirstaðið. Það mun háskólasetur Vestfjarða gera í samstarfi við Fiskistofu og fleiri aðila. En það er rétt að það er farið að glitta í reynsluna af þessu kerfi og af orðum þingmannsins er alveg ljóst að menn geta horft á sama hlutinn, á glas sem er hálft af vatni, sumir sjá það hálftómt og aðrir sjá það hálffullt.

Ég vil vitna í hafnarstjórann á Ísafirði í viðtali sem tekið var við hann í *Sjómannablaðinu Ægi* þar sem hann segir:

„Strandveiðin hleypir lífi í allt.“ Það er reynslan af þessu kerfi. 505 bátar á sjó, 4.663 landanir og um 4.000 tonn af fiski komin á land.

Það er sú reynsla sem við sjáum glitta í á þessari stundu og ég verð að segja að líf í höfnum og atvinna í bæjum þar sem var deyjandi líf skiptir verulegu máli og er kannski þyngsti vitnisburðurinn um það sem hefur átt sér stað í sumar.

Hitt er annað mál að það eru ákveðnir hlutir sem augljóslega þarf að skoða betur eins og varðandi svæðaskiptinguna. Við sjáum það á tölum frá Fiskistofu og víðar að það er mjög misjafnt hversu mikið menn hafa tekið upp á svæðunum og það gefur fullt tilefni til að setjast vel yfir það áður en lengra verður haldið.

Með öðrum orðum, þetta kerfi rýfur lokun kvótakerfisins. Það sýnir það líka að ekki er verið að henda fiski, fiskurinn kemur á land. (Forseti hringir.) Það er líf í höfnum og góð reynsla.

[13:36]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Í fréttum í gærkvöldi kom fram í orðum aðjúnkts í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands að hún ráðleggur formönnum stjórnarflokkanna að óska eftir samningafundi með Bretum og Hollendingum um Icesaveskuldbindingarnar. Það sé betra að funda nú um málið þar sem staða ráðherranna gæti veikst mjög ef Alþingi mundi fella samninginn. Forsætisráðherra og fjármálaráðherra eigi ekki að bíða með að tala við Breta og Hollendinga þar til Alþingi hefur komist að niðurstöðu.

Ég hef því mikinn áhuga á því að spyrja hv. þm. Árna Þór Sigurðsson, formann utanríkismálanefndar, hvort hann viti til þess hvort formenn stjórnarflokkanna hafi óskað eftir samningafundi með Bretum og Hollendingum. Ef svo er ekki, hvort hann hyggist beita sér fyrir að samskiptaleið verði á ný opnuð gagnvart þessum þjóðum um Icesave og þá stöðu sem nú er komin upp þar sem mikil andstaða er hér á þingi og meðal þjóðar gagnvart núverandi samningi. Það kom síðan fram í orðum hv. þm. Bjarna Benediktssonar í fréttum að hann telur að í þessu máli skipti pólitísk samskipti öllu máli. Það var hins vegar mikið áhyggjuefni að heyra það í lok þeirrar fréttar þegar hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir var spurð út í hvort það væri einhver varaáætlun til eða eitthvað þess háttar svaraði hún, með leyfi forseta, „að veltu menn fyrir sér stöðunni gæti það komið upp“. Það er mjög mikið áhyggjuefni að heyra þetta og þess vegna vona ég að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson geti aðeins upplýst okkur um hvort þetta sé það sem er í gangi, að menn ætli bara að velta hlutunum fyrir sér, eða hvort búið sé að opna einhverja samskiptaleið við Breta og Hollendinga.

[13:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég kannast að vísu ekki við að samskiptaleiðir milli Íslands annars vegar og Hollands og Bretlands hins vegar séu lokaðar og sérstakar ráðstafanir þurfi til að opna þær. Íslensk stjórnvöld hafa verið í samskiptum við nágrannaþjóðir okkar m.a. vegna þess máls sem býr að baki

fyrirspurn hv. þingmanns, bæði við Norðurlandaþjóðirnar og eins við Breta og Hollendinga.

Málið er hins vegar í þinglegri meðferð á Alþingi og þegar spurt er að því hvort forustumenn ríkisstjórnarinnar hafi óskað eftir samningafundum við Breta og Hollendinga er það að sjálfsögðu ekki eðlileg tímasetning fyrir slíkt á þessu stigi málsins. Málið er í þinglegri meðferð og Alþingi verður að taka ákvörðun um hvernig það hyggst afgreiða þetta mál. Hins vegar er það alveg hárrétt ábending að ef Alþingi kýs að afgreiða það með einhvers konar fyrirvörum eða skilmálum eins og talsvert hefur verið til umræðu er auðvitað mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld ræði það við Breta og Hollendinga. Það er óhjákvæmilegt og ég veit til þess að það er vinna í gangi í utanríkisráðuneytinu til að undirbúa slíkt ef til þess kemur. Þá þarf hugsanlega að gera það með tiltölulega skömmum fyrirvara þannig að það er mikilvægt að menn vandi allan slíkan undirbúning ef til þess kemur. En það er auðvitað ekki eðlilegt á þessu stigi málsins að fara að óska eftir samningaviðræðum við Breta og Hollendinga af hálfu framkvæmdarvaldsins sem hefur lagt mál fyrir Alþingi og er hér til meðferðar. Fyrst verður Alþingi að móta sér einhverja afstöðu til þess hvað það hyggst gera og þá tekur framkvæmdarvaldið við (Forseti hringir.) og vinnur úr þeirri stöðu sem Alþingi ákveður að setja málið í.

[13:40]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mig langar til að beina fyrirspurn til hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar sem þá var hæstv. viðskiptaráðherra þegar það gerðist sem fyrirspurnin snýr að. Icesave-reikningarnir sem við fjöllum mikið um voru stofnaðir í Hollandi alfarið í hans ráðherratíð. Hann var yfirmaður Fjármálaeftirlitsins. Þeir voru í gangi frá maí 2008 til september 2008.

Í *Morgunblaðinu* 13. október 2008, viku eftir hrun, er eftirfarandi haft eftir hæstv. þáverandi ráðherra, með leyfi frú forseta:

„Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir þessa lausn óumflýjanlega. Um sé að ræða þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafi þurft að semja um“, þ.e. að ábyrgjast 600 milljarða vegna Icesave.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann, þáverandi hæstv. viðskiptaráðherra í fyrsta lagi: Hvaða nauður ráku hann til að gefa slíka yfirlýsingu? Í öðru lagi: Hvaðan kom honum sú vitneskja og þekking að það væri þjóðréttarleg skuldbinding Íslendinga að greiða þessa reikninga? Í þriðja lagi: Hafa nýrri upplýsingar breytt þeirri skoðun hans og getur hann gefið yfirlýsingu um að þetta eigi ekki lengur við?

[13:42]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Glaður skal ég útskýra fyrir hv. þingmanni afstöðu þarsíðustu ríkisstjórnar í þessu máli. Hann þjónar að sjálfsögðu sinni lund. Þess vegna spyr hann mig að þessu en ekki sína eigin fyrrverandi (Gripið fram í.) og núverandi flokksbræður. Það eru enn þá haldnir landsfundir og flokkseigendafundir í Sjálfstæðisflokki sem þingmaðurinn sækir væntanlega enn þá. (Gripið fram í.) En það sem skýrir þá afstöðu sem fyrrverandi ríkisstjórn hafði í þessu máli kemur m.a. fram í yfirlýsingu frá forsætisráðuneytinu 8. október 2008, fimm dögum áður en sú frétt birtist sem þingmaðurinn vitnaði í áðan. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin ítrekar að ríkissjóður mun styðja Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta við öflun nægjanlegs fjár.“

Hitt sem olli afstöðu fyrrverandi ríkisstjórnar umfram allt annað í þessu máli er fyrst og fremst tilskipun sem þetta byggir á og olli því m.a. að fjármálaráðherra, fyrrverandi seðlabankastjóri og fleiri skrifuðu undir samkomulagið í nóvember. Alþjóðagjaldeyrissjóðssamkomulagið var einnig gert á þeim forsendum sem þingmaðurinn nauðaþekkir þótt hann kjósi að ræða þessi mál við aðra en sína eigin félaga þegar hann veltir fyrir sér afstöðu síðustu ríkisstjórnar. Tilskipunin tryggir sparifjáreigendum innstæður upp að lágmarki 20 þúsund evrur var innleidd 21. desember 1999 athugasemdalaust af 51 þingmanni og m.a. hv. þm. Pétri H. Blöndal sem lét ekki svo lítið að hafa nokkrar einustu efasemdir um þetta þá.

Ýmsu öðru í fyrirspurn hans mun ég koma að síðar en þetta tvennt sérstaklega veldur því að sú ríkisstjórn sem þá sat og rætt er um hafði þessa afstöðu.

[13:44]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég kveðja mér hljóðs undir þessum lið til að árétta það, og ég held að það skipti máli að við hér inni séum meðvituð um það, að sú túlkun hefur komið fram nokkuð oft, m.a. hjá æðstu ráðamönnum þjóðarinnar, að búið sé að gera samninga um Icesave. Það sé hlutverk okkar þingmanna að stimpla og ganga frá vegna þess að búið sé að skuldbinda þjóðina til þess en sú túlkun á ekki rétt á sér. Framkvæmdarvaldið er búið að ganga frá ákveðnum samningum og leggja þá fyrir þingið en það skiptir afskaplega miklu máli, virðulegi forseti, að við lítum ekki svo á að við stöndum frammi fyrir orðnum hlut og það sé ekki okkar að fara vandlega yfir málið.

Sömuleiðis skiptir máli að vekja athygli á því að það eru ekki aðrir hagsmunir í veði sem eru stærri en þessir samningar og það frumvarp sem hér liggur fyrir. Ég vona það, og beini þess vegna ekki orðum mínum að neinum sérstökum þingmanni, að við séum öll sammála um að þannig sé málum fyrir komið og við að vinnum að þessu máli á næstu dögum. Vonandi fáum farsælan endi á því.

[13:46]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Þegar þetta svokallaða strandveiðifrumvarp var afgreitt í vor vöruðum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins mjög við því að verið væri að hleypa af stað illa undirbúnu dagakerfi í fiskveiðum, ekki vegna þess að við teldum ekki að það væri hægt að stjórna fiskveiðum með sóknartengdum hætti, við vissum auðvitað að það er hægt en menn verða þá að vanda sig og vita hvað þeir eru að fara út í.

Það er rétt sem hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir segir, það er auðvitað líf í höfnum þá fáeinu daga á mánuði sem þessir bátar landa, en það er auðvitað ekki á miklu að byggja þeg-

ar það er eins og t.d. á stærsta fiskveiðisvæðinu, að bátarnir fá kannski að róa 3, 4, 5 daga í mánuði 2–3 mánuði á ári.

Við vöruðum við nokkrum atriðum og hv. þm. Illugi Gunnarsson hefur farið yfir þá að hluta til. Við sögðum t.d. að það væru engar líkur á því eins og málin voru undirbúin að þetta mundi leiða til þeirrar nýliðunar sem að var stefnt. Reynslan sem við höfum af þessu máli er strax orðin sú að það er alveg augljóst að þetta hefur ekki leitt til neinnar nýliðunar, fjarri því. Í öðru lagi vöruðum við mjög alvarlega við þeirri svæðaskiptingu sem var lögð til grundvallar í þessu frumvarpi og í þessum lögum og í rauninni tók meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar undir þetta sjónarmið okkar og beindi því til ráðherrans að hann mundi endurskoða svæðaskiptinguna. Ráðherrann kaus að svara því með þeim hætti að gera engar breytingar. Þrátt fyrir óskir, vilja og ábendingar og texta meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar ákvað ráðherrann að hirða ekkert um það, hunsa algerlega tilmæli meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og nú liggur fyrir að svæðaskiptingin ofan á allt saman hefur líka mistekist. Á svæði A, stærsta svæðinu, veiða menn kvótann sinn á 3, 4, 5 dögum í mánuði. Á öðrum svæðum ná menn ekki kvóta sínum. Það er alveg ljóst að viðvörunarorð okkar áttu því miður fullan rétt á sér. Þetta mistókst hjá hæstv. ríkisstjórn vegna þess að málið var illa undirbúið (Forseti hringir.) alveg eins og við sögðum frá fyrsta degi.

[13:48]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Við þær aðstæður sem uppi eru í íslensku samfélagi ríður mjög á að við búum atvinnulífi okkar og atvinnustarfsemi allri sem besta umgjörð. Það er ekki á bætandi það áfall sem orðið hefur þótt við köllum ekki fram aukin vandræði í meginundirstöðuatvinnugrein okkar, sjávarútveginum.

Ég hef beint máli mínu í þessari umræðu til hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur. Ég ætla að endurtaka þá spurningu mína sem snýr að því að það liggur fyrir að ekki er verið að veiða meiri fisk með því fyrirkomulagi sem sett var af stað. Það er nákvæmlega sama aflamagn og átti að fara af stað með, sá afli átti að skiptast niður með hinu svokallaða byggðakvótakerfi. Aflinn er sem sagt hinn sami, en það er alveg ljóst og hefur sýnt sig núna að bátunum sem sækja þennan sama afla hefur fjölgað alveg gríðarlega. Það þýðir með öðrum orðum, frú forseti, að það er meiri útgerðarkostnaður. Það kostar meira að afla þessa fiskjar en áður. Það hefur dregið úr hagkvæmni fiskveiða á Íslandsmiðum vegna þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn ákvað þetta kerfi.

Ég gef lítið fyrir, og ekki neitt, yfirlýsingar um að einhverja örfáa daga í hverjum mánuði sé meira líf á bryggjunni. Það er ekkert líf sem er grundvallað á því að menn dragi úr hagkvæmni fiskveiðistjórnarkerfisins. Það gefur augaleið, og ég spyr enn og aftur: Er það mat hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur, sem var í forsvari þegar þetta mál fór í gegnum þingið, að það sé betra fyrir Ísland að auka útgerðarkostnaðinn, hækka kostnaðinn við fiskveiðarnar, að gefnum sömu tekjum? Er það virkilega gott fyrir byggðirnar í landinu, gott fyrir ríkissjóð, gott fyrir almenning, að meiru sé kostað til til að sækja þann afla sem átti að sækja? Ég trúi því að svo sé ekki, það sé einmitt betra að við reynum að lágmarka kostnaðinn og hámarka tekjurnar. Enn og aftur, hv. þingmenn, stendur þetta þannig af sér að (Forseti hringir.) tekjurnar eru óbreyttar en kostnaðurinn hefur aukist. Má ekki ljóst vera að það hefði betur verið heima setið en af stað farið?

[13:51]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það virðist vera mikill misskilningur í gangi hjá stjórnarþingmönnum varðandi þetta strandveiðimál. Eins og hv. þm. Ólína Þorvarðardóttir sagði áðan sýnir reynslan okkur að það eru svo margar landanir og það eru svo mikil umsvif og líf við hafnir landsins. Það er nákvæmlega þetta sem kristallar óhagkvæmnina í þessu kerfi, það eru miklu fleiri bátar, miklu fleiri landanir og það má kannski líkja þessu við að það sé álíka óhagkvæmni og að keyra grús í grunn á húsi og fylla hann og nota til þess hjólbörur eða vörubíl.

Það er kannski stefna Samfylkingarinnar í þessum málum að fara það langt aftur til fortíðar, því að margt í stefnu hennar bendir til þess, þegar kemur að atvinnumálum alveg sérstaklega. En þetta er eins og að pissa í skóinn sinn, virðulegi forseti, þetta er í raun ekkert annað. Talað er um að búið sé að landa 4.000 tonnum sem er náttúrlega einhver misskilningur þegar vitnað er í hafnarstjórann af því að heildarkvótinn í þessu er 4.000 tonn, þ.e. 3.990 tonn. Það er verið að skera niður kvóta á móti þessu. Í þessum niðurskurðarkvóta í ýsu fyrir næsta ár liggur fyrir að það verður erfitt fyrir vinnslur úti á landi og smábátaútgerð að afla sér nægilegs fiskjar, nægilegs kvóta til að geta veitt fisk og skilað til landvinnslu.

Það kom ítrekað fram í ummælum margra sveitarstjórnarmanna sem komu til sjávarútvegsnefndar meðan þessi umræða var í gangi að þeir höfðu miklar áhyggjur af því að grunninum yrði kippt undan atvinnustarfsemi í byggðarlaginu. Það liggur núna fyrir að það er nákvæmlega það sem mun gerast. Þessi umsvif munu kalla á að það verður miklu erfiðara að stunda minnibátaútgerð og fiskvinnslu úti á landi í vetur en var, m.a. af þessum orsökum. Það er því mjög nauðsynlegt (Forseti hringir.) að við skoðum þetta mál. Einnig þarf, eins og ítrekað hefur komið fram í umræðu hjá okkur sem er annt um öryggismál sjómanna, að líta alveg sérstaklega til þess hlutar eins og ítrekað (Forseti hringir.) hefur komið fram í fjölmiðlum.

[13:53]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Þetta er skemmtilegt, það stendur ekki steinn yfir steini í málflutningi þeirra hv. þingmanna sem hér hafa talað og ausið úr skálum sínum yfir strandveiðikerfið. Annars vegar er talað um að þetta kerfi hafi hreint ekki leitt til nýliðunar og það sé eitt stærsta vandamálið. Hins vegar er talað um að hér séu 500 nýir bátar á sjó og hv. þm. Jón Gunnarsson hefur áður talað í tengslum við öryggismál sjómanna um að þetta séu upp til hópa reynslulausir menn sem stefni beint í opinn dauðann ef strandveiðikerfið verði innleitt. (Gripið fram í.)

Ég segi bara eins og er, þær vísbendingar sem við höf-

um á þessari stundu um reynsluna af þessu kerfi er að líf sé komið í hafnir og að strandveiðarnar gangi vel. Þó að hv. þm. Illugi Gunnarsson segi að hann gefi lítið fyrir líf í höfnum kem ég frá byggðarlagi, hv. þingmenn, þar sem dauði hefur verið yfir höfnum, þar sem dauði hefur verið yfir atvinnulífi, og ég skynja þann vonarneista sem hefur kviknað við það sem nú er að gerast í höfnum víðs vegar um landið. (**Gripið fram í:** … Súðavík …) Vandamálið er hins vegar það að betur hefði mátt huga að svæðaskiptingunni og nú sýnir reynslan að megnið, ef ekki bara allur sá fiskur sem mátti veiða á svæði A, þ.e. því svæði sem ég er fulltrúi fyrir, er búið eða svo gott sem. Vissulega hefði mátt huga að því við lagasetninguna í sumar að gefa ráðherra heimild til að flytja á milli svæða því að á hinum svæðunum hafa 30–50% verið veidd af úthlutuðum kvóta. Það er nokkuð sem þarf að skoða í ljósi reynslunnar.

Við skulum bara gefa þessu þann tíma sem þarf til að sjá hvað út úr þessu kemur og laga svo það sem laga þarf þannig að þetta geti áfram verið (Forseti hringir.) sú lyftistöng sem það nú þegar er orðin.

[13:55]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal spurði áðan hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson út í Icesave-ábyrgðirnar og mig langaði af því tilefni til að rifja upp skjal sem var lagt á borð þingmanna á 136. löggjafarþingi, þskj. 503 í máli 227. Því var dreift 4. febrúar. Það er svar hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar við skriflegri fyrirspurn minni um þetta mál, um ábyrgðir okkar í sambandi við Icesave, og í því skriflega svari er eiginlega svar viðskiptaráðuneytisins til breska fjármálaráðuneytisins þar sem spurningum Bretanna frá 7. ágúst er svarað og einnig komið inn á umræður sem voru 31. júlí. Þar kemur mjög skýrt fram hjá íslenska viðskiptaráðuneytinu að álit þess sé að íslenska ríkisstjórnin muni gera allt sem svokölluð „ábyrg ríkisstjórn“, eins og stendur í bréfinu, muni gera. Ef sú staða kemur upp að tryggingarsjóðurinn eigi ekki fyrir lágmarksinnstæðum, lágmarkstryggingum, muni þessi ábyrga ríkisstjórn Íslands gera allt sem hún getur til að tryggja að fé fáist þannig að sjóðurinn geti mætt þessum lágmarkstryggingum.

Það er líka sagt að ríkisstjórnin viti allt um ábyrgð sína í málinu, svokallað „obligations“, allt um skyldur sínar. Það er ítrekað aftur í bréfi 5. október að ef svo illa fari að Landsbankinn hrynji standi íslenska ríkisstjórnin við þetta. (**Utanrrh.:** Nei.) Það er algjörlega tryggt að Bretar eru dauðstressaðir á þessum tíma. Þeir krefja íslenska viðskiptaráðuneytið um svör og íslenska viðskiptaráðuneytið svarar að íslenska ríkisstjórnin muni aðstoða við að borga þessar (Forseti hringir.) lágmarkstryggingar þannig að það er ekkert skrýtið að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sem þá var hæstv. viðskiptaráðherra svari þessu á þingskjali. Þetta var sannleikurinn í málinu, þetta svar íslensku ríkisstjórnarinnar á þessum tíma: Við ætlum að borga. Það var svarið.

[13:58]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég þakka formanni utanríkismálanefndar, hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni, kærlega fyrir svör hans. Það var mjög ánægjulegt að heyra í þeim að einhver vinna væri í gangi í utanríkisráðuneytinu til að bregðast við þeirri stöðu sem hugsanlega kemur upp og hefur verið að koma upp í þinginu. Ég verð að segja fyrir mína parta að það er ákveðinn léttir að enn á ný skuli einhver vera í ríkisstjórninni sem sýnir aðeins meiri skynsemi en núverandi forustumenn stjórnarflokkanna. Menn virðast ekki algerlega vera tilbúnir til að segja að þeir ætli bara að skoða málin þegar að því kemur, heldur virðist einhvers konar varaáætlun þegar vera í undirbúningi. Mér líður aðeins betur við það og ég vona svo sannarlega að við getum haldið áfram að hlusta á það sem sérfræðingar í þessum málum segja.

Ég bendi á það sem ég hafði eftir þessum aðjúnkt í stjórnmálafræði, hún hefur einmitt kennt samningatækni við Háskóla Íslands í meistaranáminu í alþjóðasamskiptum þannig að þegar maður heyrir frá henni það sem hún ráðleggur formönnum stjórnarflokkanna, að óska eftir samningafundi og opna þá samningaleiðir, og samskiptaleiðir sérstaklega hvað varðar þetta mál, er ráðlegt að vita að það er verið að undirbúa hvað þarf að gera. Ég geri mér svo sem fyllilega grein fyrir að einhverjir starfsmenn utanríkisráðuneytisins eru kannski að sinna öðrum málum, svo sem eins og einu stykki ESB-umsókn. Ég vona sannarlega að menn taki þetta mjög alvarlega og að formaðurinn fylgi þessu máli vel eftir.

[14:00]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir svörin. Þau voru reyndar dálítið þunn og hann svaraði ekki spurningunni sem ég bar fram.

Það er óumdeilanlegt að stofnun og vöxtur Icesave var undir hans tíð sem viðskiptaráðherra og hann var yfir Fjármálaeftirlitinu. Ég spyr hann aftur: Hvaða nauður rak hann til þess að gefa þá yfirlýsingu á forsíðu Morgunblaðsins að um væri að ræða þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Íslendingar hefðu þurft að semja um? Hann hefði alveg getað sleppt þessu.

Ég spyr hann: Hvaðan kom honum sú þekking og vitneskja að Íslendingum bæri þjóðréttarleg skuldbinding til að greiða þessa reikninga? Hvað þýðir það yfirleitt? Hann svaraði hvorugu. Hins vegar fór hann að tala um flokkseigendafélag Sjálfstæðisflokksins og ég vildi gjarnan fá heimilisfangið á því. Ég hef aldrei kynnst því en það getur vel verið að það sé einhvers staðar til og hv. þingmaður viti hvar það er. (Gripið fram í.) Ég sé ekki hvað það skiptir máli, þetta er útúrdúr. Ég vil fá að vita hvaða nauður rak hæstv. viðskiptaráðherra Íslands á þeim tíma til að gefa þvílíka yfirlýsingu í Morgunblaðinu viku eftir hrun.

[14:01]

Björgvin G. Sigurðsson (Sf):

Frú forseti. Ég ætla að freista þess að svara hv. þingmanni aftur, og frekar öðrum spurningum. Í fyrsta lagi um það sem hann kallar hvaða nauður hafi rekið; það var ríkisstjórnin og afstaða hennar. Það tengist aftur svarinu sem ég ætlaði að gefa við fyrirspurn hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur þegar hún nefndi bréfið áðan. Bréf það — og það er gott að fá tækifæri til að láta það koma fram — var formleg afstaða

ríkisstjórnar Íslands, samið af fjórum ráðherrum hennar og nokkrum embættismönnum, ráðuneytisstjórum tveggja ráðuneyta eða þriggja og sent út af starfsmanni viðskiptaráðuneytisins fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar. Það var samið af fjórum ráðherrum þar sem orðalaginu var m.a. breytt — af því að þú talaðir um að bréfið lýsti því yfir að við mundum borga, það gerir það alls ekki — úr „ábyrgjast“ og við settum inn orðið „styðja“, „to support the Fund“, breyttum bréfinu í þá veru að ríkisstjórnin segðist mundu styðja við sjóðinn við öflun fjár en hún mundi ekki ábyrgjast greiðslurnar. Í því liggur algjör grundvallarmunur og ég er ánægður með að fá tækifæri til að láta það koma fram.

Hitt lýtur að innstæðureikningunum í Hollandi sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi. Mikill kjarni þess máls kemur fram í *Morgunblaðinu* í dag í frétt á bls. 11, „Óljós mörk á eftirliti landanna“, og þar segir, með leyfi forseta:

„Legið hefur fyrir að fjármálafyrirtæki sem hyggst starfrækja útibú þarf ekki sérstakt leyfi frá eftirlitsaðila heldur nægir að senda tilkynningu um að fyrirtækið hyggist nýta rétt sinn.“

Það var nákvæmlega þetta sem gerðist þegar þingmaðurinn gerði tilraun til að eigna okkur sérstaklega þessa ákvörðun bankans. Hún var tekin af honum og tilkynnt eftirlitinu okkar. Svo kemur einnig fram að gistiríkið fylgist með markaðssvæðinu og eftirliti með lausafjárstöðu þannig að eftirlitið er sameiginlegt og óljóst á milli landanna eins og kemur ágætlega fram í grein í *Morgunblaðinu* í dag.

Umræðu lokið.

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 26. gr. laga 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Aðalmenn:
Lára V. Júlíusdóttir (A),
Ragnar Árnason (B),
Ragnar Arnalds (A),
Ágúst Einarsson (A),
Magnús Árni Skúlason (B),
Hildur Traustadóttir (A),
Katrín Olga Jóhannesdóttir (B).

Varamenn:
Margrét Kristmannsdóttir (A),
Birgir Þór Runólfsson (B),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (A),
Björn Herbert Guðbjörnsson (A),
Ingibjörg Ingvadóttir (B),
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir (A),
Friðrik Már Baldursson (B).

[14:04]

Þór Saari (Bhr) *(um fundarstjórn)***:**
Frú forseti. Ég óska eftir því að gera athugasemd við þessa kosningu í bankaráð Seðlabanka Íslands. Borgarahreyfingin mótmælir því að hér sé kosið í bankaráð Seðlabankans með pólitískum hætti og af pólitískum meiri hluta þingsins. Það er lágmarkskrafa að bankaráð Seðlabankans, sem og stjórnir annarra ríkisstofnana, sé skipað á faglegum forsendum en ekki pólitískum.

Bankaráð Seðlabanka Íslands, fyrir utan hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, brást algerlega hlutverki sínu í aðdraganda og eftirmála hrunsins á síðasta ári og ekkert hefur enn komið fram sem bendir til þess að nýtt fólk í bankaráðinu muni, eða eigi eftir að láta að sér kveða. Bankaráð Seðlabankans á ekki að vera kaffisamsæti flokksgæðinga sem eru ábyrgðarlausir í störfum sínum, heldur vera skipað hæfu fólki ráðnu á faglegum forsendum. Við óskum því að kosningu þessari verði frestað og staðið að henni með öðrum hætti í framtíðinni.

Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til upphafs næsta þings, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 47 1. júní 2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Aðalmenn:
Björgvin G. Sigurðsson (A),
Ragnheiður E. Árnadóttir (B),
Álfheiður Ingadóttir (A),
Valgerður Bjarnadóttir (A),
Höskuldur Þórhallsson (B),
Atli Gíslason (A),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (B).

Varamenn:
Oddný G. Harðardóttir (A),
Jón Gunnarsson (B),
Þuríður Backman (A),
Helgi Hjörvar (A),
Vigdís Hauksdóttir (B),
Lilja Rafney Magnúsdóttir (A),
Árni Johnsen (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Aðalmenn:
Unnur Kristjánsdóttir (A),
Adolf H. Berndsen (B),
Silja Bára Ómarsdótttir (A),
Björk Sigurgeirsdóttir (A),
Sigurður Hannesson (B).

Varamenn:
Arnar Guðmundsson (A),
Bryndís Haraldsdóttir (B),

Jóna Benediktsdóttir (A),
Ingiveig Gunnarsdóttir (A),
Kolfinna Jóhannesdóttir (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn:
Bryndís Hlöðversdóttir (A),
Hervör Lilja Þorvaldsdóttir (B),
Ástráður Haraldsson (A),
Þórður Bogason (A),
Þuríður Jónsdóttir (B).

Varamenn:
Sigurjón Sveinsson (A),
Hrafnhildur Stefánsdóttir (B),
Anna Tryggvadóttir (A),
Sigurður Kári Árnason (A),
Sólveig Guðmundsdóttir (B).

[14:08]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Borgarahreyfingin mótmælir því að hér sé kosið í landskjörstjórn með pólitískum hætti og af pólitískum meiri hluta þingsins. Það er lágmarkskrafa lýðræðisins að hver þingflokkur eigi a.m.k. einn fulltrúa í landskjörstjórn og að í aðdraganda hverra kosninga sé nýjum framboðum einnig gert kleift að koma að borðinu í ákvörðunum landskjörstjórnar. Þessu kerfi verður að breyta ef Ísland á að teljast í fremstu röð lýðræðisríkja.

Í þessu sambandi leyfi ég mér einnig að benda á nýútkomna skýrslu ÖSE um framkvæmd kosninganna í apríl sl.

Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn:
Guðný Ársælsdóttir (A),
Ríkarður Másson (B),
Stefán Ólafsson (A),
Ingibjörg Hafstað (A),
Karl Á. Gunnarsson (B).

Varamenn:
Líney Árnadóttir (A),
Ólafur K. Ólafsson (B),
Björg Gunnarsdóttir (A),
Ingunn Sigurðardóttir (A),
Guðrún Sighvatsdóttir (B).

[14:10]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Borgarahreyfingin mótmælir því að hér sé kosið í yfirkjörstjórnir með pólitískum hætti og af pólitískum meiri hluta þingsins. Það er lágmarkskrafa lýðræðisins að hver þingflokkur eigi a.m.k. einn fulltrúa í hverri yfirkjörstjórn og að í aðdraganda hverra kosninga sé nýjum framboðum einnig gert kleift að koma að borðinu.

Í aðdraganda síðustu kosninga var framboð Borgarahreyfingarinnar stöðvað af yfirkjörstjórnum í tveimur kjördæmum á mjög hæpnum forsendum og þrátt fyrir að framboðið hafi í einu og öllu fylgt tilmælum dómsmálaráðuneytisins um framboð til alþingiskosninga. Lýðræðið fékk ekki að njóta vafans. Þessu kerfi verður að breyta ef Ísland á að teljast fullgilt lýðræðisríki.

Í þessu sambandi leyfi ég mér einnig að benda á nýútkomna skýrslu ÖSE um framkvæmd kosninga í apríl sl.

Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn:
Inga Þöll Þórgnýsdóttir (A),
Ólafur Rúnar Ólafsson (B),
Páll Hlöðvesson (A),
Helga A. Erlingsdóttir (A),
Gestur Jónsson (B).

Varamenn:
Sigurjón Bjarnason (A),
Snædís Gunnlaugsdóttir (B),
Kristinn Árnason (A),
Karen Erla Erlingsdóttir (A),
Jóhann Hansson (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn:
Grímur Hergeirsson (A),
Karl Gauti Hjaltason (B),
Sigurður Ingi Andrésson (A),
Unnar Þór Böðvarsson (A),
Þórir Haraldsson (B).

Varamenn:
Erla Sigurjónsdóttir (A),
Sigríður Björk Guðjónsdóttir (B),
Ragnheiður Jónasdóttir (A),
Sólveig Adolfsdóttir (A),
Halldóra Kristín Hauksdóttir (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn:
Sigrún Benediktsdóttir (A),
Jónas Þór Guðmundsson (B),
Guðbjörg Sveinsdóttir (A),
Hörður Ingvaldsson (A),
Elín Jóhannsdóttir (B).

Varamenn:
Hörður Zóphaníasson (A),
Ástríður Sólrún Grímsdóttir (B),
Birgir Stefánsson (A),
Guðmundur Benediktsson (A),
Sigríður Jósefsdóttir (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn:
Oddný Mjöll Arnardóttir (A),
Sveinn Sveinsson (B),
Garðar Mýrdal (A),
Elín Smáradóttir (A),
Kristján H. Kristjánsson (B).

Varamenn:
Stefán Jóhann Stefánsson (A),
Heimir Örn Herbertsson (B),
Grétar Eiríksson (A),
Ingvi Snær Einarsson (A),
Rakel Dögg Óskarsdóttir (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn:
Katrín Theódórsdóttir (A),
Erla S. Árnadóttir (B),
Svanhildur Kaaber (A),
Sjöfn Ingólfsdóttir (A),
Fanný Gunnarsdóttir (B).

Varamenn:
Páll Halldórsson (A),
Kristín Edwald (B),
Björg Bjarnadóttir (A),
Brynja Halldórsdóttir (A),
Sigfús Ægir Árnason (B).

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 314. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frh. 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, EES-reglur). — Þskj. 304.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjG, BjörgvS, EKG, EyH, GuðbH, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SIJ, SJS, SVÓ, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖS.
16 þm. (ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, BjarnB, GLG, JBjarn, JónG, SDG, SF, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 321).

Meðhöndlun úrgangs, frh. 3. umr.

Stjfrv., 4. mál (flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur). — Þskj. 305.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AtlG, ÁI, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjG, BjörgvS, EKG, EyH, GuðbH, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SIJ, SJS, SVÓ, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖS.
16 þm. (ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, BjarnB, GLG, JBjarn, JónG, SDG, SF, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 322).

Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 89. mál. — Þskj. 105, nál. 298 og 300, brtt. 301.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:18]

Birgir Ármannsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil gera grein fyrir því að við í minni hluta allsherjarnefndar, ég og hv. þingmenn Unnur Brá Konráðsdóttir og Vigdís Hauksdóttir, teljum að þetta frumvarp sé ekki fært til þess að afgreiða það hér frá þinginu. Við höfum óskað eftir því að málið verði tekið aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. en varðandi atkvæðagreiðsluna í dag munum við væntanlega láta í ljós afstöðu okkar til einstakra greina eftir því sem þær liggja fyrir en tökum hins vegar fram að við vonumst til þess að hægt verði að gera breytingar á þessu máli milli 2. og 3. umr.

Brtt. 301,1 samþ. með 31:8 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BJJ, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, SIJ, VigH.

10 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, EKG, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BjarnB, GLG, JBjarn, JónG, SDG, SF, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31:14 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, BJJ, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, PHB, REÁ, SIJ, VigH.

4 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, ÓN, RR) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BjarnB, GLG, JBjarn, JónG, SDG, SF, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁsbÓ, BÁ, BJJ, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SIJ, VigH.

2 þm. (BirgJ, VBj) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BjarnB, GLG, JBjarn, JónG, SDG, SF, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 301,2 samþ. með 30:7 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖS.

nei: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SIJ, VigH.

12 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, EKG, GÞÞ, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, JónG, SDG, SF, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 30:18 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖS.

nei: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SIJ, VigH.

1 þm. (BirgJ) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, JónG, SDG, SF, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

8.–9. gr. samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖS.

nei: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SIJ, VigH.

1 þm. (BirgJ) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, SDG, SF, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 301,3 (ný grein, verður 10. gr.) samþ. með 29:8 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖS.

nei: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SIJ, SF, VigH.

13 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, EKG, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, KaJúl, SDG, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

10.–16. gr. (verða 11.–17. gr.) samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖS.

nei: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SIJ, SF, VigH.

1 þm. (BirgJ) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, SDG, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 301,4 (ný grein, verður 18. gr.) samþ. með 29:8 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÖS.

nei: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SIJ, SF, VigH.

13 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, EKG, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, SDG, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

17.–49. gr. (verða 19.–51. gr.) samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖS.

nei: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SIJ, SF, VigH.

1 þm. (BirgJ) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, SDG, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 301,5 samþ. með 30:8 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖS.

nei: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SIJ, SF, VigH.

13 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, EKG, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, SDG, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

50. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 31:20 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SIJ, SF, VigH.

1 þm. (BirgJ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, SDG, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

51.–65. gr. (verða 53.–67. gr.) samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SIJ, SF, VigH.

1 þm. (BirgJ) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, HHj, JBjarn, SDG, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 301,6 (66. gr. falli brott) samþ. með 27:9 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, EKG, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, RM, SJS, SVÓ, ÞSa, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: BJJ, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, SIJ, SF, VigH.

16 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, IllG, JónG, KÞJ, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SER, SII, VBj, ÞrB) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, SDG, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:27]

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir:

Frú forseti. 77. greinin kveður á um að eignarhald Matvælastofnunar Íslands færist yfir til fjármálaráðuneytis. Meiri hluti allsherjarnefndar á áliti sem ég hef skrifað undir með fyrirvara hefur komið með breytingartillögu um að sú grein falli brott. Fyrirvari minn felur í sér að ég er ekki sammála því, því að hér eru röksemdirnar þær að af fjárhagsástæðum kunni að koma til skipulagsbreytinga í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og þá muni matvælarannsóknir geta orðið órjúfanlegur hluti af þeirri leið sem valin verður. Ég tel þetta eiga við um flestar stofnanir í íslensku stjórnkerfi við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum og finnst þetta því engin sérstök rök. Ég tel þetta stangast á við eigendastefnu ríkisstjórnarinnar um að eignarhald opinberra fyrirtækja færist undir fjármálaráðuneytið til þess að gera ríkið að ábyrgari eiganda.

Ég mun því ekki greiða atkvæði um þessa breytingartillögu.

67.–71. gr. og ákv. til brb. (verða 68.–72. gr.) samþ. með 31:20 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GuðbH, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, VBj, ÞSa, ÞrB, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BJJ, EKG, EyH, GÞÞ, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SIJ, SF, VigH.

1 þm. (BirgJ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁPÁ, BjarnB, GLG, JBjarn, SDG, SkH, SSv, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til allshn.

Bankasýsla ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 124. mál (heildarlög). — Þskj. 313, frhnál. 316, brtt. 287.

[14:30]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti meiri hluta viðskiptanefndar en álitið er að finna á þskj. 316, um frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins.

Eftir að breytingartillögur voru afgreiddar hér við 2.

umr. fundaði viðskiptanefnd í tvígang um málið að nýju og fékk til sín gesti, ræddi við Mats Josefsson í síma en hann var staddur í Svíþjóð. Nefndinni barst einnig umsögn Samkeppniseftirlits vegna Bankasýslu ríkisins og eigendastefnu ríkisins.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Gefið hljóð í salnum.)

Frú forseti. Nefndin fjallaði um þetta frumvarp að nýju í ljósi ánægjulegra frétta af samkomulagi sem náðst hafði við kröfuhafa í gömlu bönkunum og getur komið til framkvæmda í kjölfar endurfjármögnunar bankanna núna 14. ágúst nk. Í því er, eins og hv. þingmönnum er kunnugt, gert ráð fyrir því m.a. að kröfuhafar í Glitni og gamla Kaupþingi geti eignast Íslandsbanka og Nýja Kaupþing að mestu leyti að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Einnig fjallaði nefndin um drög að eigendastefnu ríkisins sem kynnt hafa verið í þinginu, eins og áréttað var að gert mundi verða í nefndaráliti meiri hlutans við 2. umr. og þá sérstaklega um þau ákvæði hennar sem lúta að Bankasýslu ríkisins.

Frú forseti. Meiri hlutinn telur sýnt að enda þótt samkomulagið gangi eftir og kröfuhafar geti eignast allt að 90% hlut í Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi muni ríkið enn um hríð vera eini eigandi Landsbankans, eiga 10–12% eignarhlut í hinum bönkunum tveimur ásamt eignarhlutum í allnokkrum fjölda sparisjóða. Ef svo fer gæti ríkið því verið með á milli 60–70% hlutdeild á fjármálamarkaði. Þegar frumvarpið var fyrst lagt fram var talið að ríkið mundi verða eini eigandi stóru bankanna þriggja. Ljóst er að ef samkomulag við erlenda kröfuhafa gengur eftir munu umsvif af rekstri þessa eignarhluta ríkisins verða minni en ætlað var. Engu að síður telur meiri hlutinn að umsvif ríkisins á fjármálamarkaði verði það mikil að þörf sé fyrir Bankasýslu ríkisins til þess að fara með þá eignarhluti. Þá bendir meiri hlutinn á að samkomulagið er ekki enn í höfn og að ekki mun skýrast hvort kröfuhafar geti uppfyllt skilyrði Fjármálaeftirlits og eru tilbúnir til að taka að sér eignarhluti í nýju bönkunum tveimur fyrr en undir lok septembermánaðar.

Frú forseti. Nefndin ræddi jafnframt breytingartillögu frá þeirri sem hér stendur og er að finna á þskj. 287 þess efnis að fjármálaráðherra leitaði álits nefndarinnar áður en hann skipaði í stjórn Bankasýslunnar. Allmiklar umræður urðu um þessa tillögu í nefndinni og áréttar meiri hlutinn — og ég get fullyrt að það hafi verið samróma niðurstaða — mikilvægi þess að fastanefndir þingsins sinni lögbundnu hlutverki sínu og hafi eftirlit í þeim málaflokkum sem undir þær falla. Þó telur nefndin einnig nauðsynlegt að skil milli valdsviða framkvæmdarvalds og löggjafans séu skýr og að ekki leiki vafi á því hvar ábyrgð á ákvörðunum liggur. Ekki verður séð að það samræmist valdsviði nefndarinnar eins og það er skilgreint í lögum um þingsköp Alþingis að gefa álit eða veita framkvæmdarvaldinu umsögn af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn telur þó mikilvægt að ráðherra kynni nefndinni tillögur sínar að skipun stjórnar Bankasýslunnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt, frú forseti, og hér með er dregin til baka tillaga þeirrar sem hér stendur og er að finna á þskj. 287.

[14:34]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér við 3. umr. frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um Bankasýslu ríkisins. Ég vil byrja á því að þakka hv. formanni nefndarinnar, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, fyrir það hversu vel nefndin vann í þessu máli milli umræðna. Haldnir voru, eins og hún sagði, tveir fundir, fjöldi gesta kom og var unnið samhliða umræðu um eigendastefnu ríkisstjórnarinnar. Ég verð að segja að sú vinna var alveg ágæt og þakka fyrir hana.

Sú vinna öllsömul gerði þó ekkert til að breyta skoðun minni á þessu frumvarpi. Það liggur fyrir að hér er um grundvallarágreining að ræða milli meiri hlutans og okkar í minni hlutanum, alla vega okkar sjálfstæðismanna, vegna þess að ekkert sem fram kom í vinnu nefndarinnar hefur breytt þeirri skoðun minni. Nú ætla ég að lýsa upplifun minni af því sem þarna kom fram.

Ástæða þess að við báðum um að málið yrði tekið til nefndar á milli umræðna var ekki síst vegna þess að í millitíðinni hafði tvennt gerst: Eigendastefna ríkisstjórnarinnar var komin fram og samkomulag hafði náðst við kröfuhafa um að hugsanlega tækju þeir yfir tvo af þremur bönkum sem nú eru í ríkiseigu og þess vegna þótti okkur í minni hlutanum ástæða til þess að bíða með þetta mál þar til skýrt yrði hvert eignarhald yrði á bönkunum. Það sem mér finnst koma fram í þessu er hálfgerð vantrú stjórnarmeirihlutans á þessu samkomulagi og það óttast ég. Mér finnst sem gestir þeir sem hlynntir voru stofnun þessarar Bankasýslu vildu gera það og fannst ekki vera breyting á því að þrátt fyrir að þetta samkomulag lægi fyrir að betra væri að hafa heimildina til að stofna bankasýsluna en ekki og vonandi þyrftum við ekkert að nota það.

Ég skrifaði reyndar eftir Mats Josefsson hinum sænska, sem margir vilja meina að sé hugmyndafræðingurinn að þessari Bankasýslu — ég vil ekki gera honum upp skoðanir en hann talaði mikið um að enn væri mikið óöryggi um hvort þetta samkomulag við kröfuhafana næði fram að ganga, það kæmi ekki í ljós fyrr en í lok september. Þegar ég spurði hann hvort það væri þá ekki best að geyma þessa stofnun þangað til sagði hann að það væri ekkert verra að hafa heimildina og að hún lægi þá bara þögul, „dormant“, sagði hann á ensku, að hún lægi bara kyrr í ríkiskerfinu en að þurfa að byrja aftur á þessu. Mér finnst það ekki lýsa miklu trausti á þetta ágæta samkomulag sem ég bind miklar vonir við og vona að nái fram að ganga.

Mats Josefsson talaði jafnframt um launaþáttinn, það atriði sem hann gerði athugasemd við þegar hann kom fyrir nefndina í fyrra skiptið. Hann hafði áhyggjur vegna þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að laun í ríkiskerfinu mættu ekki vera hærri en laun hæstv. forsætisráðherra. Sú stefna væri til þess fallin að gera það erfitt að fá hæft fólk og sérstaklega erlenda aðila í starf hjá Bankasýslunni. Það er enn þá vandamál, sagði hann, það yrði mögulega erfitt að fá erlenda ráðgjöf og erlenda sérfræðiþekkingu. En hann opnaði á að það væri kannski leið fram hjá þessu sem væri sú að ráða ráðgjafa, hvort sem það væri tímabundið eða öðruvísi.

Við sjálfstæðismenn höfum gagnrýnt frumvarp um kjararáð mjög mikið vegna þess að í því felist nokkuð mikil hræsni, að það sé erfitt í framkvæmd og að það sé popúl-

ismi. Ég spyr þá: Er þetta leiðin sem farin verður til þess að komast hjá þessum ólögum um kjararáð, að ráða bara ráðgjafa sem senda reikning? Það verður ekkert hámark væntanlega á því. Hvernig ætla menn að tryggja að þessi löggjöf standist? Er það bara sá sem er á launum hjá ríkinu sem má hafa ákveðið hámark en svo getum við verið með á hinni hendinni launaða ráðgjafa en af því að þeir eru ekki í fastri vinnu mega þeir hafa eins há laun og þeim sýnist? Það er atriði sem ég vil vekja athygli á og kom fram í máli Mats Josefssons.

Annað sem hann sagði og ég vil vekja athygli á hér, að það væri engin ástæða til að „starta“ stofnuninni fyrr en í haust eftir 30. september þegar þetta liggur allt saman fyrir. Hann vildi hafa heimildina og þar er ég ósammála honum, en hann sagði að ekki þyrfti að setja þetta á fót fyrr en í haust og það kemur kannski heim og saman við það sem er að gerast varðandi eignaumsýslufélagið. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins sagði á einhverjum fundi nefndarinnar að það væri enn þá óstofnað þannig að þá fer þetta upp í hillu óstofnuðu félaganna, óstofnuðu ríkisstofnananna sem ríkisstjórnin er að setja á fót núna. Það finnst mér slæmt og það er í grunninn það sem ég geri athugasemdir við og hef gert alveg frá upphafi þessa máls og ítreka hér: Ég er algjörlega þeirrar skoðunar að við eigum ekki að setja á fót ríkisstofnanir til þess eins að hafa heimildina. Ég hljóma eins og biluð plata en mér þykir þetta það stórt og mikilvægt atriði að ég hamra á því hér eina ferðina enn.

Svör gestanna sem komu á fund nefndarinnar voru nokkuð fyrirsjáanleg. Það voru þeir sem höfðu verið jákvæðir í garð frumvarpsins sem voru það áfram og þeir sem voru neikvæðir á fyrri stigum voru ekki sannfærðir, bæði Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja, voru á móti. Samkeppniseftirlitið hafði aðeins tónast niður vegna ákvæða í eigendastefnunni en leggur mikla áherslu á að samkeppnismálunum verði vel sinnt. Viðskiptaráð Íslands komst því miður ekki á fundinn en ég skil það þannig að þeirra afstaða sé enn óbreytt.

Fulltrúar frá bönkunum nýju mættu og ræddu aðallega eigendastefnuna en einnig frumvarpið um Bankasýsluna. Það er skemmst frá því að segja að Íslandsbanki var tiltölulega hlutlaus í afstöðu sinni og þótti ágætt fyrir stjórnarformann bankans að hafa þessa Bankasýslu til að leita til ef þeir lentu í vandræðum. Eins var Kaupþing tiltölulega jákvætt en bankaráðsmenn frá Landsbankanum ítrekuðu afstöðu sína sem er mjög neikvæð. Ég verð að segja að atriðin sem þeir gerðu athugasemdir við fundust mér vera allrar athygli verð og þá sérstaklega það að þeir undruðust ef Bankasýslan yrði að lögum hvaða tilgangi bankaráðin mundu þá þjóna. Þeir lögðu á það áherslu að þarna gætu orðið óskýr valdmörk á milli Bankasýslunnar og bankaráðsins og óskýr valdmörk og óskýr ábyrgð leiða til skorts á aðgerðum. Ég tek undir það að þarna gæti hver bent á annan í erfiðum málum og þar að auki komið í veg fyrir að hlutirnir verði framkvæmdir vegna þess að menn eru ekki með það á hreinu hver beri ábyrgð og hver hefur valdið.

Einnig var á það bent að það gæti brotið gegn hlutafélagalögum ef ríkið í krafti stærðar sinnar fær betri upplýsingar en aðrir hluthafar, sem gæti gerst í gegnum Bankasýsluna. Það gæti verið gríðarlega hættulegt. Þetta eru atriði sem meiri hlutanum þótti ekki ástæða til að taka tillit til. Stærsta athugasemd þeirra var sú að bankaráðin yrðu óþörf með tilkomu Bankasýslunnar. Það er margt til í því að tilgangurinn með bankaráðum ríkisbankanna verður í besta falli mjög óljós.

Frú forseti. Mér líður dálítið eins og ég sé í uppeldishlutverkinu. Einhvers staðar verður maður að hætta að ala barnið upp og hleypa því út í lífið. Ég er búin að berjast um á hæl og hnakka við að koma einhverju viti inn í þetta blessaða frumvarp, mér hefur ekki orðið mjög ágengt. Það sem mér hefur þó orðið ágengt við er að þessi sjónarmið hafa komið fram.

Ég vona svo sannarlega að þetta verði ekki til þess að draga endurreisn íslensks bankakerfis og íslensks efnahagslífs og ég vona svo sannarlega að þarna verði ekki eitthvert allsherjarríkisbákn stofnað sem erfitt verður að afnema og ég vona svo sannarlega að Bankasýslunni, verði hún stofnuð, farnist vel. Hins vegar hef ég miklar efasemdir um það en eins og í barnauppeldinu getur maður predikað fyrir unganum sínum að feta ákveðnar brautir, maður getur lagt þeim lífsreglurnar, en kjósi hann að fara ekki eftir því er erfitt að standa í þessu. Ég lít svo á að meiri hlutinn verði að bera ábyrgð á þessu sjálfur. Barnið er komið á þann aldur að það verður að standa á eigin fótum. En eins og í öllu góðu uppeldi er allt í lagi að koma til baka ef króganum mistekst og við skulum hjálpa ykkur og leiða ykkur á réttar brautir. Ég lýsi mig reiðubúna til þess að bæta úr og er búin að vara við öllum þeim atriðum, held ég, sem ég tel vera að þessu máli og höfða til skynseminnar eina ferðina enn um að það er enn hægt að koma í veg fyrir að þessi Bankasýsla verði að veruleika. Ég hvet ykkur til þess að hlusta nú á uppeldisráðin frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins.

[14:47]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Við ræðum hér í 3. umr. frumvarp um Bankasýslu ríkisins. Þetta er síðasta umræða um þetta mál sem við höfum rætt mikið á undangengnum vikum og mánuðum á þessu þingi og tengist í raun og veru öðrum skyldum málum sem er til að mynda það sérstaka félag sem nú hefur orðið að lögum, frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja. Samkvæmt því frumvarpi getur Bankasýsla ríkisins mögulega haft yfirumsjón með því félagi, sem reyndar hefur ekki verið stofnað enn.

Nú á sem sagt að knýja þetta mál hér fram í andstöðu við stjórnarandstöðuna sem hefur talað fyrir því að við þyrftum betri tíma til þess að fara yfir þessi mál. Við þyrftum að fá að sjá hverjar lyktir mála verða varðandi yfirtöku erlendra kröfuhafa á íslensku bönkunum og komið hefur fram að sú vinna á að vera búin fyrir lok septembermánaðar. Ég hef ekki séð neina ástæðu til þess aðra en þá að geyma þetta mál þangað til við höfum það á hreinu hverjar lyktir þeirra mála verði. Mér finnst í raun og veru of mikill hraði hafa verið á þessu máli og við þurfum að staldra við.

Til að mynda er það svo, til þess að við höfum alla heildarmyndina og til að sjá á hvaða vegferð ríkisstjórnarflokkarnir eru, að eigendastefna ríkisins hefur núna verið kynnt fyrir viðskiptanefnd. Hún liggur þar til umsagnar eða

nefndin getur skilað sínu áliti hvað eigendastefnuna varðar. Ég hefði haldið að það væri ágætt að hafa eigendastefnuna fyrir framan sig þegar kemur að ákvörðunum sem þessum. Það er því margt óljóst og auðvitað er það gríðarlega stórt verkefni sem bíður stjórnvalda að endurreisa íslenskt bankakerfi, en mér finnst að það þurfi að leggja meira á sig. Ég var á þarsíðasta fundi nefndarinnar þar sem kom fram beiðni um að Mats Josefsson kæmi fyrir nefndina og við mundum fá fleiri umsagnir og álit frá Samkeppnisstofnun áður en kæmi til lokaafgreiðslu málsins, sem nú liggur væntanlega fyrir.

Í grundvallaratriðum deilum við um ákveðna framtíðarsýn í þessum efnum. Hér er verið að stofna, setja á fót Bankasýslu ríkisins sem á að hafa yfirumsjón með ríkisbönkunum og fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins. Rekstrarkostnaður þessarar stofnunar er áætlaður á næstu fimm árum um 400 millj. kr. Ég tek undir það sem hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir benti á hér: Hver verða valdmörkin á milli Bankasýslu ríkisins og bankaráða ríkisbankanna eða ríkissparisjóðanna eða hlutafélags sem á að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja? Hver eiga valdmörk að vera á milli stjórna þessara fjármálafyrirtækja ríkisins og Bankasýslu ríkisins? Það eru gríðarleg völd sem felast í því að stýra fjármálastofnunum ríkisins, sérstaklega í ljósi þess að í dag hefur ríkið yfir 90% markaðshlutdeild á fjármálamarkaðnum, mun jafnvel auka það í níutíu og eitthvað prósent verði það að veruleika að ríkið taki yfir fleiri sparisjóði eins og hugsanlegt er að geti orðið og ekkert ótrúlegt í raun og veru.

Við þurfum að fara mjög vandlega yfir þessi mál því að við erum að tala hér um grundvallaratriði í uppbyggingu íslensks samfélags til framtíðar, hvernig við ætlum að reisa nýtt Ísland á þeim efnahagslegu rústum sem við horfumst í augu við. Þá erum við komin að einu lykilatriði sem við framsóknarmenn höfum talað fyrir á undangengnum mánuðum hér á þingi, því miður fyrir daufum eyrum stjórnarliða. Það snertir skipan stjórnar Bankasýslu ríkisins og reyndar annarra fjármálafyrirtækja ríkisins. Ég hef talað fyrir því í mörgum ræðum hér að mér finnst óeðlilegt að einn ráðherra eigi að skipa stjórn Bankasýslu ríkisins. Einn ráðherra, fjármálaráðherrann, á sem sagt að skipa þrjá aðila sem vissulega eiga að uppfylla hæfisskilyrði, ég dreg ekkert úr því. En hann mun hafa sjálfdæmi um það hvaða þrír aðilar fara þarna inn og stýra Bankasýslu ríkisins, sem síðan, að öllu óbreyttu, mun stýra öllu bankakerfi landsins ef við gefum okkur að menn trúi því ekki að það verði af yfirtöku erlendra kröfuhafa á tveimur viðskiptabönkum, sem ég vona annars sannarlega að verði.

Nú skulum við gefa okkur að einhver annar fjármálaráðherra sé hér við völd en hæstv. ráðherra Steingrímur J. Sigfússon, að það sé einhver óvandaður stjórnmálamaður. Það getur gerst, það hefur gerst í mörgum löndum, og ég hef spurt stjórnarliða hvað standi í vegi fyrir því að fjármálaráðherra mundi skipa formann í stjórn Bankasýslu ríkisins, viðskiptaráðherra mundi skipa annan stjórnarmann og Seðlabanki Íslands hinn þriðja. Það væri þá alveg tryggt að það væri ekki einn aðili sem skipaði í Bankasýslu ríkisins sem mun hafa gríðarleg völd í þessu samfélagi á næstu árum, sérstaklega þegar kemur að því að menn muni einkavæða eða markaðsvæða mörg helstu atvinnufyrirtæki þjóðarinnar sem því miður eru komin undir umrædda banka. Við hljótum að deila þeirri framtíðarsýn að við viljum að einkaframtakið verði ríkjandi hér á landi, að það verði ekki ríkið sem muni ákvarða allt, en ég hef verulegar áhyggjur af því.

Segjum sem svo að nýr fjármálaráðherra taki hér við, hann vilji sínu fólki hvað best og að flokksskírteini manna fari aftur að skipta máli hér á landi. Ég hélt á grundvelli þeirrar reynslu sem við höfum fengið að við værum sammála um að við vildum hverfa frá þessu. Verið er að staðfesta það með lagasetningu Bankasýslu ríkisins að einn maður, fjármálaráðherra Íslands, mun hafa algjört vald yfir því hvaða aðilar verða skipaðir í stjórn þessa félags, og ekki bara formaður ráðsins heldur öll stjórnin.

Við höfum talað fyrir því og beðið hv. þingmenn í stjórnarmeirihlutanum að koma til móts við þessi sjónarmið, ekki bara sem við þingmenn Framsóknarflokksins og fleiri í stjórnarandstöðunni höfum í þessu máli heldur sem fleiri umsagnaraðilar úti í þjóðfélaginu hafa haft fram að færa. Ég hélt að við hefðum talað fyrir því í aðdraganda síðustu kosninga og sérstaklega eftir þær að nú væri loksins tími samræðustjórnmálanna runninn upp, að við hefðum hafnað þessum meirihlutastjórnmálum þar sem meirihlutaflokkarnir knýja allt fram og hlusta ekki á þær ábendingar sem aðilar úti í samfélaginu og stjórnarandstaðan hér á þingi hafa haft fram að færa. Mér hefur nú sýnst í öllu þessu bankahruni að hæstv. ríkisstjórn hefði betur hlustað á aðvaranir úti í samfélaginu, á ráð aðila utan stjórnarinnar, þ.e. þá sem eru hér í stjórnarandstöðu, en ekki bara að ákveða alla hluti sjálf og láta allar aðrar skoðanir sem vind um eyru þjóta.

Við lifum á þeim tímum þar sem tveir flokkar, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin, ráða einfaldlega ekki við stjórn efnahagsmála í landinu. Það þurfa fleiri að koma hér að og þessir tveir flokkar þurfa að fara að hlusta meira út í samfélagið og meira að segja á fulltrúa annarra flokka hér á þingi, á tillögur þeirra og ráð. Þetta er ástand þar sem við verðum að taka höndum saman sem einn maður til þess að reisa Ísland upp frá því efnahagslega hruni sem blasir við okkur í dag. Það er ekki á forræði tveggja flokka í þessu landi að takast á við þetta verkefni og allra síst þessara tveggja flokka.

Frú forseti. Ég mundi gjarnan vilja fá það á hreint hér að lokum í þessari umræðu hvort hv. þingmenn, og þá beini ég því til formanns og varaformanns viðskiptanefndar sem sitja hér í salnum, telji að það sé alveg ljóst hver valdmörkin verða á milli stjórnar Bankasýslunnar og bankaráðanna. Getur verið að það megi hagræða í ríkiskerfinu með þeim hætti að við séum ekki með stjórn Bankasýslunnar, sem mun kosta 400–500 milljónir á næstu fimm árum, og síðan með alls konar bankaráð og stjórnir í fjármálafyrirtækjum undir hatti hins opinbera? Hvað er umsýslukostnaður hins opinbera orðinn mikill yfir öllu fjármálakerfi hins opinbera? Má ekki leita leiða til þess að draga saman útgjöld í þessu?

Hér er verið að leggja til, verði þetta frumvarp samþykkt, útgjöld íslenskra skattgreiðenda upp á 400 millj. kr. á næstu fimm árum. Kannski eru 400 millj. kr. varlega

áætlaðar, það má gera ýmislegt fyrir þá peninga og ég vil minna á að ríkisstjórnin hefur staðið í óvinsælum niðurskurðaráformum, þá kannski sérstaklega gagnvart eldri borgurum, öryrkjum og námsmönnum, og það er eðlilegt að við spyrjum hér: Í stað þess að auka yfirstjórnunarkostnaðinn hjá hinu opinbera er snertir umsýslufjármálastofnanir hins opinbera um 400 millj. kr., stendur virkilega ekki til að draga saman seglin í þessu eins og við þurfum að gera annars staðar í þessu þjóðfélagi?

Maður veltir því líka fyrir sér í ljósi allra niðurskurðaráformanna þessu tengt hvað tefji það að endurskipuleggja Stjórnarráð Íslands með því að fækka ráðherrum til að mynda um tvo. Það eru um 80–100 milljónir sem mætti spara á því, en það er ekki hlustað á það. Þrátt fyrir að við hvetjum hér ráðherra í hæstv. ríkisstjórn til þess að skera niður var fyrsta verkefni nýrrar ríkisstjórnar að fjölga ráðherraembættum um tvo. Síðan koma jafnvel sömu ráðherrar og segja: Nú skulu opinberir starfsmenn og aðrir í hinu opinbera kerfi gjöra svo vel og að skera niður — á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn byrjar ekki einu sinni heima hjá sér heldur gefur í og fjölgar ráðherraembættunum.

Það er eðlilegt að við spyrjum þegar við tölum um hæsta lagið í rekstri hins opinbera, yfirstjórn fjármálakerfisins í landinu og yfirstjórn ríkisins, sjálfa ríkisstjórnina: Af hverju í ósköpunum gilda þessi lögmál ekki um ráðuneytin og yfirstjórnirnar þegar við horfum á það að menn leggja hér fram frumvörp um aukin ríkisútgjöld á meðan verið er að spara hjá námsmönnum, eldri borgurum og öryrkjum? Við hljótum að spyrja hvers lags forgangsröðun þetta er hjá núverandi stjórnarflokkum, það er eðlilegt að spurt sé. Ég vænti þess að formaður og varaformaður viðskiptanefndar komi hér upp og útskýri þá framtíðarsýn sem þeir hafa í þessum málum því að við erum hér að tala um mikilvægt mál. Við erum að tala um það hvernig við byggjum upp til framtíðar og skipuleggjum bankastarfsemina í landinu. Sjálfur hefði ég kosið að fleiri en einn maður, sjálfur hæstv. fjármálaráðherrann, hefði fengið að skipa í stjórn þessarar Bankasýslu vegna þess að Bankasýsla ríkisins verður ein valdamesta stofnun landsins. Hún mun hafa gríðarleg völd og mér er fyrirmunað að skilja hvers vegna stjórnarliðar leggja áherslu á að þessi stjórn verði skipuð af einum manni en ekki til að mynda af hæstv. fjármálaráðherra, hæstv. viðskiptaráðherra og Seðlabankanum sjálfum, móðurbankanum. Hvað kemur í veg fyrir það og hvað er annarlegt við það að hafa það með þeim hætti að fleiri en einn aðili skipi í þessa stjórn, með fullri virðingu?

Ég vara við þeirri leið sem stjórnarflokkarnir eru á í þessu efni. Þegar ég kem hér upp og spyr hæstv. fjármálaráðherra og stjórnarliða um hvort til standi að hafa ríkisrekið atvinnulíf og hvort það eigi ekki alveg örugglega að skilja á milli annars vegar stjórnmálanna og hins vegar atvinnulífsins, fæ ég alltaf sömu svörin: Það á ekkert að ríkisvæða atvinnulífið og það á ekkert að blanda saman einhverri pólitík og atvinnulífinu. En ég spyr: Þegar pólitískur ráðherra mun einn skipa stjórn Bankasýslu ríkisins sem mun fara með eignarhald — segjum sem svo að þetta verði að lögum á morgun — þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa yfir 90% markaðshlutdeild og að þrír einstaklingar verði í stjórn Bankasýslunnar, sem hæstv. ráðherra hefur sjálfdæmi um að skipa í, er ekki einhver hætta á því að stjórnmál og íslenskt atvinnulíf fari að blandast um of mikið saman, sem allir úti í samfélaginu vara við í dag?

Það eru einungis örfáir áratugir síðan menn fengu húsnæðislán á grundvelli flokksskírteinis. (**Gripið fram í:** Eða bankalán.) Við skulum ekki hverfa aftur til þeirra tíma. Ég vil trúa því að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sé komin hér á þing til þess að byggja upp nýtt Ísland. Ég hef ekki orðið var við marga stjórnmálamenn eða aðila utan úr samfélaginu sem eru ósammála þessum málflutningi. Þess vegna spyr ég að lokum, vegna þess að tími minn er liðinn: Hvers vegna í ósköpunum ætlum við þá að feta aftur á þá braut í stað þess að láta fleiri en einn aðila, einn pólitískan stjórnmálamann, skipa í stjórn Bankasýslu ríkisins? Af hverju máttu það ekki vera þrír aðilar að skipa í stjórn þessa apparats sem verður eitt það valdamesta í íslensku samfélagi? Samt vona ég við lok ræðu minnar að þetta fari allt vel og að allt muni blessast hjá okkur, (Forseti hringir.) en ég hefði gjarnan viljað að stjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi hefði hlustað meira á okkur í stjórnarandstöðunni og (Forseti hringir.) meira á umsagnaraðila í þessu máli.

[15:02]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Það var hressilegt að hlusta á hv. þm. Birki Jón Jónsson fara yfir þetta mál og hann er búinn að taka virkan þátt í störfum viðskiptanefndar á síðustu vikum. Það var áhugavert að heyra hann tala um það sem ég verð að gangast við að ég hættur að nenna — ég er búinn að reyna það frá því að ég byrjaði í viðskiptanefnd, alveg frá því að þing kom saman — þ.e. að reyna að sannfæra meiri hluta viðskiptanefndar um að stunda þau vinnubrögð sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson vísaði til. Ég hélt að við hefðum öll lært af því og ég hélt að vísu að það stæði eitthvað á bak við orð hv. Álfheiðar Ingadóttur þegar hún stóð upp sem stjórnarandstöðuþingmaður og fór oftar en ekki mikinn um það að nú væri meiri hlutinn að valta yfir minni hlutann og var það oft af ansi litlum tilefnum í samanburði við þau vinnubrögð sem viðgangast í viðskiptanefnd núna. Það er hv. þm. Birkir Jón Jónsson að upplifa á eigin skinni og hann viðhafði þess vegna þessi orð hér eins og allir þeir sem eru í minni hlutanum hafa viðhaft um vinnubrögð meiri hluta viðskiptanefndar af góðri ástæðu. (**ÁI:** Ótrúlegur málflutningur.) Hér kalla fyrrverandi formaður og varaformaður viðskiptanefndar fram í og finnst þetta ekki vera maklegt en einhverra hluta vegna er það ekki bara sá sem hér stendur sem hefur viðhaft þessi orð. Einhverra hluta vegna er það hver einasti þingmaður sem er í minni hluta í viðskiptanefnd sem hefur rætt þetta mál. (**Gripið fram í:** Þú hlustaðir ekki á ræðu Ragnheiðar E. Árnadóttur.) (**Gripið fram í:** Hvað sagði ég nú?) Það er einmitt núna þegar, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson benti réttilega á, við erum með þessi stóru verkefni. Ég held að vísu í það minnsta fyrstu dagana eftir að þing kom saman eftir kosningar hafi menn verið einarðir í því að vinna saman, koma í veg fyrir þau mistök sem gerð hafa verið því að það hafa verið gerð mistök án nokkurs vafa þegar menn hafa unnið hlutina of hratt, án nokkurs vafa. Ég held t.d. að þegar menn gengu

frá lögum í tengslum við tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar að þeir hefðu betur farið yfir það mál árið 1999. Að vísu sem betur fer felldu menn tillögur Vinstri grænna og Samfylkingarinnar um að bæta í innstæðutryggingarnar og væri ástandið vægast sagt skelfilegt ef menn hefðu samþykkt það. Það var þáverandi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, núverandi hæstv. forsætisráðherra, sem flutti tillögur ásamt, ef ég man rétt, hæstv. heilbrigðisráðherra, hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að bæta verulega í og hafa mun hærri innlánstryggingar en síðan var samþykkt að hafa og var það víst alveg nóg. Hér erum við að ræða um hvorki meira né minna en uppbyggingu bankakerfisins þannig að það er ekkert smámál á ferðinni og á þessum nokkrum dögum, kannski vikum sem þetta mál er búið að vera til umfjöllunar, það hafa orðið grundvallarbreytingar á forsendum. Þegar við ræddum þetta fyrst, hvað var þá verið að ræða? Það var verið að ræða að setja Kaupþing, Glitni og Landsbankann undir eignaumsýsluna og eignaumsýslan er samþykkt, virðulegi forseti. Gert er ráð fyrir því að ríkið taki yfir alla bankana. Það er forsendan fyrir eignaumsýslunni. Síðan var í miklum hraða — og það er athyglisvert — keyrð í gegn löggjöf um ríkisvæðingu sparisjóðanna. Af hverju var það gert? Hér stóðu stjórnarliðar og kölluðu hátt að þetta væri mínútuspursmál fyrir sparisjóðina. Það þyrfti að hefjast handa einn, tveir og tíu. Og ætlaði einhver þingmaður að vera á móti því eða tefja að hægt væri að bjarga sparisjóðunum? Það væri gott að fletta upp hvenær þetta var samþykkt. (Gripið fram í.) Það er áhugavert að fá að vita hvað búið er að gerast síðan þá því að þetta var mínútuspursmál. Hér var virkilega gengið að stjórnarandstöðunni þegar stjórnarandstöðuþingmenn ræddu þetta í nefndinni, sömuleiðis í þingsalnum, hvort þeir ætluðu að bera ábyrgð á því að tefja fyrir endurreisn á sparisjóðunum því að þetta væri (Gripið fram í.) mínútuspursmál. Núna erum við komin í þá stöðu, nema það hafi gleymst að segja frá því, að það hefur ekkert gerst í þeim málum. Það er allt þetta tal um mínútuspursmálið, klukkutíma eða hvað það nú var, og öll þessi gífuryrði um það hvort stjórnarandstöðuþingmenn — og það var nefnt nafn, hvort hv. þm. Einar K. Guðfinnsson var ekki nefndur — hvort hann ætlaði virkilega að vera eitthvað að tefja þetta mál þegar hann hélt lærðar ræður og var ekki tilbúinn frekar en ýmsir aðrir að fylgja málinu eftir. Spurt var hvort hann ætlaði virkilega að hafa það á samviskunni að tefja málið. Það kemur í ljós að það stendur ekkert á bak við þetta, ekki neitt.

En sparisjóðirnir áttu að vera undir líka. Nú tek ég eftir því að bæði formaður og varaformaður viðskiptanefndar yfirgefa salinn — að vísu ekki varaformaðurinn, hann sneri við og settist aftur niður og er það vel. (**REÁ:** 10. júlí.) En hér bendir hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir mér á að 10. júlí var sparisjóðsfrumvarpið samþykkt og menn máttu alls ekki taka lengri tíma í það af því að það lá svo gríðarlega á. Sama er hér upp á teningnum, virðulegi forseti.

Hér var farið af stað með mál, Bankasýslu ríkisins. Þar áttu Kaupþing, Glitnir, Íslandsbanki, Landsbankinn að vera undir eignaumsýslunni sem væri í tengslum við þessa þrjá ríkisbanka og sparisjóðina en nú eru forsendur algerlega gerbreyttar. Mun það breyta einhverju hjá störfum meiri hlutans? Nei, nei, nei. Þetta verður keyrt í gegn, virðulegi forseti, og öll orðin sem hér voru viðhöfð um ofbeldi meiri hlutans við minnsta tilefni þegar þessir aðilar voru í stjórnarandstöðu eru að sjálfsögðu löngu gleymd og við í viðskiptanefndinni fáum að finna fyrir því hvar valdið er. Það er hjá meiri hlutanum og þar hika menn ekki við, frekar en í sparisjóðafrumvarpinu, að standa í þingsal og segja að það liggi svo gríðarlega á af því að það sé svo mikið undir og þetta sé allt að því mínútu- eða klukkustundaspursmál.

Nú er ekki langt liðið á lífdaga þessarar ríkisstjórnar en það er komið í ljós, virðulegi forseti, að þetta er ein vanhæfasta ríkisstjórn sem Ísland hefur haft og við erum núna, nokkrum vikum eftir kosningar — ætli það séu ekki einhverjir þrír mánuðir þegar menn fóru af stað með flugeldasýningu, gerðu stjórnarsáttmála sem lofaði öllu milli himins og jarðar — strax komin í stjórnarkreppu því að það er ekkert annað sem er í gangi hér og það vita það allir sem eru þingmenn að sú staða er uppi og það vita allir landsmenn að þetta er komið í það horf. Við erum búin að vera í þrjá mánuði á þessu sumarþingi og ég veit að það er ekki einn einasti þingmaður, ekki einn sem var ekki til í að leggja þess vegna allt sumarið og allt árið og næstu ár undir mjög mikla vinnu. Til þess var fólk kosið. En stjórnleysið hefur verið algert og aldrei hefur ástandið verið alvarlegra en nákvæmlega núna. Enn og aftur eru menn að reyna að berja í brestina í stjórnarsamstarfinu, í þessu tilfelli í Icesave-málinu, og því miður, eins og menn þekkja, hefur ríkisstjórnin haldið þannig á því máli að hún hefur gert erfitt mál enn þá erfiðara.

Við þessar aðstæður ætla menn samt sem áður ekki að hvika frá áformum sínum. Menn ætla að keyra þetta mál í gegn með góðu eða illu eins og öll mál sem „dúkka“ upp á borð viðskiptanefndar. Bankasýslan ætti ekki í rauninni að heita Bankasýsla, hún ætti að heita Landsbankasýsla. Eins og staðan er núna miðað við þær áætlanir á að kosta 100 millj. á ári eingöngu sjá um Landsbankann. Eignaumsýslan verður ekki eins og lagt var upp með, það er algerlega ljóst, ef áætlanir ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Það skal þó tekið fram að það er ekki einu sinni búið að stofna eignaumsýsluna þótt búið sé að ganga frá lögunum og ég trúi því ekki að þegar menn eru búnir að keyra þetta mál í gegn með ofbeldi að menn muni stofna Landsbankasýslu. (Gripið fram í.) Menn ætla bara að hafa það í handraðanum, menn ætla bara … (Gripið fram í.) — Já, frumvarp upp í hillu, þetta er orðin ansi myndarleg röð hjá fjármálaráðherra, (**Gripið fram í:** Óstofnuð hlutafélög.) óstofnuð ríkisfélög sem maður getur gripið til þegar vel liggur við. Virðulegi forseti. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð og það er ekkert sem kallar á að klára þetta núna, nákvæmlega ekki neitt. Það segir eitthvað um það hvernig þessi ríkisstjórn forgangsraðar þegar það eina sem ríkisstjórnin getur komið sér saman um þegar kemur að sparnaði er, eins og komið hefur fram hér, að taka á þessum viðkvæmu velferðarmálum. Það er hægt að ná samstöðu um það. Þessir tveir vinstri flokkar geta náð samstöðu um það og að stofna ríkisfyrirtæki í „lange baner“ sem kosta að lágmarki í þessu tilfelli 100 millj. á ári þrátt fyrir að það sé alveg ljóst að ef áætlanir ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga þurfum við ekki á þessu ríkisfyrirtæki að halda, í það minnsta verður upplegg-

ið allt annað.

Ég veit alveg hvaða verkefni er fram undan og ég get alveg upplýst það ef einhver er ekki með það á hreinu, virðulegi forseti, að það mun muna um hverja einustu milljón, í rauninni hvern einasta 100 þúsund kall þegar tekið verður á þessum viðkvæmu velferðarmálum. Ég mundi því ætla að menn væru ekki í einhverjum gassagangi að bæta í það minnsta 100 millj. í ríkisstofnun sem er algerlega ljóst að ekki er þörf fyrir miðað við þær áætlanir sem eru í gangi núna og ganga vonandi eftir og var ekki einu sinni þörf fyrir þó svo að menn þurfi að sitja uppi með alla bankana.

Það hefur komið fram og liggur alveg fyrir að ef menn setja þessa Landsbankasýslu á stofn er ekki skýrt hvert hlutverk bankaráðanna og þessarar umsýslustofnunar verður. Auðvitað hlýtur maður að spyrja sig: Til hvers eru menn með bankaráð yfir einum banka og síðan heila stofnun yfir banka? Nú er það ekki þannig að það séu ekki stór ríkisfyrirtæki í landinu. Landsvirkjun er t.d. mjög stórt fyrirtæki. Eigum við von á Landsvirkjunarsýslu úr því að menn geta töfrað fram 100 millj. hér og þar á fjárlögum? Er ekki sjálfsagt að setja á fót Landsvirkjunarstofnun? Það eru nákvæmlega sömu rök og það er undarlegt og segir okkur að á bak við allan fagurgalann hjá vinstri flokkunum um hversu mjög þeim er umhugað um velferðina, hve þeim er umhugað um þá sem minnst mega sín, er þetta forgangsröðin. Það er ekki hik á vinstri flokkunum, 100 millj. í Landsbankasýslu, ekkert mál. Þeir fóru af stað með þetta, áttu að vera þrír ríkisbankar, sparisjóðirnir um eignaumsýsluna. Nú er allt önnur staða uppi, hugsanlega verðum við með einn ríkisbanka og hefur lítið sést af yfirtöku á sparisjóðunum, enda er það þannig að fulltrúar meiri hlutans hafa þrætt mjög fyrir það að ætla að taka yfir sparisjóðina. Eignaumsýslufélagið átti síðan að taka á verkefnum og fyrirtækjum hjá öllum þrem ríkisbönkunum. En við erum búin að sjá að hér eru þessar forsendur algerlega gerbreyttar en hrokinn í meiri hlutanum í viðskiptanefnd er slíkur að það skiptir engu máli. Og ástæðan fyrir því að ég endurtek þetta hvað eftir annað er að hér munum við eftir nokkrar vikur sitja í mjög erfiðri fjárlagagerð þar sem hver einasti þingmaður, ég leyfi mér að fullyrða það, mun gera allt til að vernda það velferðarþjóðfélag sem við höfum. Ég trúi því að menn reyni að finna allar leiðir til að halda uppi því þjónustustigi sem við höfum í heilbrigðismálum, í menntamálum og í félagsmálum. Menn munu reyna að finna leiðir til að viðhalda uppbyggingu samvinnumannvirkja og öllum þeim þáttum sem við erum algerlega sammála um að þurfi að hlúa að, öryggismálum, löggæslumálum. Og ef einhver hv. þingmaður heldur að þetta verði auðvelt skal ég útskýra það fyrir viðkomandi hv. þingmanni að svo verður ekki. Af þeirri ástæðu einni mundi maður ætla að fulltrúar, hv. þingmenn, sem styðja þessa ríkisstjórn mundu leyfa sér í ljósi gerbreyttra aðstæðna, að staldra aðeins við og skoða málið betur sem kallað hefur verið eftir af ýmsum aðilum og er augljós skynsemi í einfaldlega vegna þess að við vitum ekki — allir eru sammála um það — hvaða staða verður uppi eftir nokkrar vikur. Maður mundi staldra við þótt ekki væri nema af þeirri ástæðu einni að þarna værum við að lágmarki 100 millj. sem við gætum notað í annað.

Það eru að vísu líka allir sammála um það að kostnaðurinn verður miklu meiri en 100 millj. en látum það liggja á milli hluta, höldum okkur bara við þá áætlun sem er til staðar, 100 millj. á ári. Ef þeir þingmenn sem munu keyra þetta í gegn eru þeir ekki bara að gera sig seka um að vinna mál með óskiljanlegum hraða, vegna þess að það er ekkert sem kallar á að þetta verði gert núna, ekkert. Þeir segja líka með þessu hvernig þeir vilja forgangsraða. Ég hef starfað á ýmsum vettvangi, ekki bara á þinginu, ég hef verið í borginni líka, ég hef verið í bæjarmálum í litlu bæjarfélagi og oftar en ekki, og þannig er það alltaf í lífinu, eru ekki endalausir fjármunir til. Og ég verð að viðurkenna að það hvarflaði ekki að mér eina mínútu þegar þessar gleðifregnir komu annað en að menn væru að ná niðurstöðu í anda þess sem við höfum verið að leggja áherslu á. Og mér sýnist vera góð sátt milli þingmanna, að í stað þess að ríkisvaldið taki yfir alla bankana, komi kröfuhafarnir og taki þá tvo af þremur sem væri jákvæð niðurstaða, sýnist mér. Það hvarflar ekki að mér eina mínútu annað en að það fyrsta sem meiri hlutinn, sem mun stýra þessu erfiða verkefni, fjárlögunum, mundi segja: Við skulum aðeins hinkra hér. Nei, svo er ekki. Hvað sem tautar og raular ætla menn að loka þessu máli og gefa heimild fyrir enn einni ríkisstofnun sem ekki er þörf á og sem á að kosta 100 millj. Ég get alveg lofað ykkur því að þegar menn eru búnir að setja á fót ríkisstofnun verður erfitt að skera niður hjá viðkomandi stofnun og ég tala ekki um ef menn ætla að leggja hana niður.

Þessi gjörningur segir miklu meira en mörg orð um stefnu þessarar ríkisstjórnar. Sá háttur hefur verið hafður á í viðskiptanefnd — og þetta er orðinn einhver leikur frekar en eitthvað annað — að það er sagt að mál séu tekin inn á milli umræðna og það er svo sem alveg hægt en það breytir engu um niðurstöðuna, það breytir engu um hvaða rök koma fram í málinu, það skiptir engu máli. Nú er það reyndar þannig að þau sjónarmið sem hér hafa komið fram hafa komið fram hjá fleirum en fulltrúum minni hlutans. Ég held að líka flestir sem að þessu máli koma og sjá að menn leggja af stað með ríkisstofnun sem á að hafa þetta umfang, þrjá banka, sparisjóði og eignaumsýslu — að þegar forsendur gerbreytast eru viðbrögð flestra, ef ekki allra, á þann veg að það sé mjög mikilvægt að endurskoða þetta, bæði sjálfsagt og eðlilegt. Ég tala ekki um þegar nægur tími er til þess því að það er ekkert, við þekkjum það, ég fór yfir það áðan, að menn reyndu að nota það sem röksemd og gerðu það í þingsölum, fulltrúar meiri hlutans að það er hægt að keyra sparisjóðafrumvarpið hratt og vel í gegn og var það keyrt í gegn 10. júlí vegna þess að sparisjóðirnir biðu, héngu við húninn og þetta var allt mínútuspursmál. Núna — hvaða mánaðadagur er í dag, virðulegur forseti, 11. ágúst? Rúmlega mánuður. Það er augljóst að það lá ekki svona á eins og menn lögðu upp með, það er algerlega augljóst. Allt sem var sagt í þá veruna var ekki rétt. Stjórnarliðar veigruðu sér ekki við að veifa því, þeir veigruðu sér ekki við að reyna að gera sérstaklega landsbyggðarþingmenn og stjórnarandstæðinga tortryggilega, gera þeim upp þá skoðun að þeir væru að reyna að koma í veg fyrir að sparisjóðirnir yrðu endurreistir eins og við þekkjum þá, og ég þarf ekki að fara yfir þá umræðu í smáatriðum, þeir væru sérstaklega mikilvægir í hinum dreifðu byggðum. Á þá pólitísku strengi var spilað, frumvarpið var samþykkt 10. júlí

með þeim rökum stjórnarliða að það lægi svo gríðarlega á, menn væru búnir að missa svo gríðarlega dýrmætan tíma af því að það átti að klára þetta fyrir 1. júní, ef ég man rétt, eða hvenær það var. Og allt var þetta bara tal til að losa sig við þessi þreytandi þingstörf, að því er virðist.

Ég hef ekki heyrt — það kemur kannski fram á eftir — um kröfu eða röksemdir frá fulltrúum meiri hlutans í þá veru að hér liggi eitthvað gríðarlega á en miðað við þær heimildir sem ég hef bestar hefur ekki komið fram neins staðar að það liggi á því að ganga frá þessu frumvarpi núna. Þvert á móti — það væri ágætt ef þeir sem þekkja betur til þess leiðrétti mig ef það er rangt — kom það fram hjá umsagnaraðilum að skynsamlegt væri að staldra við. Það er frekar augljóst og jafnvel þótt við sætum uppi með alla ríkisbankana og jafnvel þótt nauðsynlegt væri að setja þessa ríkisstofnun af stað er nægur tími til að ganga frá því í haust og svo sannarlega er þá tækifæri fyrir nefndina til að fara vel yfir þetta mál. En það er ekki sú aðferð sem þingmeirihlutinn viðhefur og hann hefur á sínum fyrstu mánuðum sýnt að það er ekki áhugi á því að starfa með þeim hætti, enda virðist það vera orðin nokkuð mikil regla að hlutirnir hafa snúist algerlega við frá því að þessir aðilar voru í stjórnarandstöðu. Það er örlítið lengra síðan að Samfylkingin var í stjórnarandstöðu en ekki voru minni yfirlýsingarnar í þá veru að það væri mikilvægt að menn mundu vinna saman að stærri og minni málum, það væri mikilvægt að fara saman yfir mál ef þannig stæði á. Það vantaði ekkert upp á yfirlýsingar frá Samfylkingunni þá þótt við þekkjum það að fyrir nokkrum mánuðum síðan töluðu Vinstri grænir með þeim hætti. En því skal líka haldið til haga að Vinstri grænir töluðu á þann veg að við ættum ekki að vera í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, það ætti alls ekki að sækja um aðild að Evrópusambandinu strax og það átti, held ég, að hætta við öll stóriðjuáform. Og ég man eftir umræðum í þinginu um ríkisfjármál í desember, það er innan við ár síðan, þar töluðu hv. þingmenn Vinstri grænna fjálglega um það hversu ábyrgðarlaust það væri að skera niður í ríkisfjármálum. Það er ansi erfitt að átta sig á því hvað er að marka forustumenn Vinstri grænna. Það er kannski frekar þannig að maður eigi að hlusta eftir því hvað forustumenn Vinstri grænna segja og leggja síðan þannig út frá því að þeir séu að meina algerlega öfugt við það sem þeir segja, sérstaklega í aðdraganda kosninga og sérstaklega í þingsölum.

Virðulegi forseti. Við erum búin að taka þessa umræðu í nefndinni, við erum búin að taka þessa umræðu í þingsölum og það bítur ekkert á meiri hlutann. Það er ljóst. Meiri hlutinn hefur valdið og meiri hlutinn ætlar að nota það vald, hann hefur gert það samviskusamlega og sýnt að það var í besta falli létt grín, talið sem viðhaft var fyrir nokkrum mánuðum síðan þar sem talað var um vinnubrögð og síðan eru menn núna að forgangsraða. Hér er verið að ganga frá ríkisstofnun sem ekki er þörf fyrir miðað við þær forsendur sem uppi eru núna, alls ekki, og það á að setja 100 millj. í fjárlögum í það. Það eru ákveðnar fréttir fyrir sjúklinga, eldri borgara og námsmenn og aðra þá sem nýta sér þá velferðarþjónustu sem við höfum byggt hér upp.

[15:33]

Útbýting:

Suðurlandsvegur og gangagerð, 140. mál, svar samgrh., þskj. 318.

Tekjuskattur, 166. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 320.

[15:33]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Það verður að viðurkennast að það er erfitt að vera stjórnarþingmaður þessa dagana og missirin. Ég vissi svo sem að verkefnin væru ærin þegar ég bauð mig fram í þetta verkefni en að mæla fyrir hverju málinu á fætur öðru sem lýtur að því að ríkið ætli að koma inn í atvinnulífið, inn í bankastarfsemina í þessu landi er náttúrlega sorglegt en því miður er það sá veruleiki sem við búum við og þá sérstaklega eftir óstjórn þessara mála um langt árabil.

Við í meiri hluta nefndarinnar skiluðum framhaldsnefndaráliti og mig langar að vitna til þessa álits. Það tengist nokkuð þeim umræðum sem verið hafa í dag.

„Meiri hlutinn telur sýnt að enda þótt samkomulagið gangi eftir og kröfuhafar eignist allt að 90% hlut í Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi muni ríkið enn um hríð vera eini eigandi Landsbankans, eiga 10–12% eignarhlut í hinum bönkunum tveimur ásamt eignarhlutum í allmörgum sparisjóðum. Ef svo fer gæti ríkið því verið með 60–70% hlutdeild á fjármálamarkaði.“

Þetta tengist að sjálfsögðu stærð Landsbankans á innlendum markaði. Ég ætla að fá að vitna aftur í nefndarálitið. Þar segir:

„Ljóst er að ef samkomulag við erlenda kröfuhafa gengur eftir munu umsvif af rekstri eignarhluta ríkisins verða minni en ella. Engu að síður telur meiri hlutinn að umsvif ríkisins á fjármálamarkaði verði svo mikil að þörf sé fyrir Bankasýslu til að fara með þá eignarhluti.“

Við teljum í meiri hlutanum að einsýnt sé að ríkisvaldið þurfi að hafa eitthvert utanumhald um eignarhald sitt, hvort sem það eru 10% eða 12% í einstökum banka eða að það fari í allt að 100% eins og í tilviki Landsbankans. Ef maður reynir að ná utan um þá umræðu sem verið hefur í dag og það sem kom að einhverju leyti fram á fundum nefndarinnar finnst mér eilítið holur hljómur í málflutningi stjórnarandstöðunnar. Öðrum þræði segja menn að það sé óþarft að búa til bankasýslu og gera menn því þá væntanlega skóna að verkefnin eigi að vera inni á borði fjármálaráðherra, en samt sem áður tala menn fyrir því að koma eigi ákvarðanatöku sem allra lengst frá þessu pólitíska skipaða valdi.

Þarna togast að vissu leyti á tvö sjónarmið en mér finnst stjórnarandstaðan halda þeim báðum að hluta til á lofti. Það sem menn eru að gera með mótun bankasýslu er að koma ákvörðunartökunni út úr ráðuneytum og inn í sjálfstæða stofnun en um leið að hafa það alveg skýrt að það ber einn maður ábyrgð á þeim fjármunum ríkisins sem fara í þetta verkefni, að endurreisa bankastarfsemina í þessu landi. Við erum sem sagt að móta farveg fyrir ákvarðanatöku. Ég held að það sé mikilvægt að við förum sem allra fyrst í þetta verkefni vegna þess að við þingmenn finnum það öll að atvinna í þessu landi krefst aðgerða inni í bankakerfinu. Menn vilja fá svör hvað varðar fjárfestingar, hvað varðar næstu missiri. Ferðaþjónustan vill fá að vita hvernig hún

stendur fyrir næsta sumar o.s.frv. Ef við stofnum ekki bankasýslu verður atvinnulífið að lemja á hurðir fjármálaráðuneytisins og ekki viljum við það. Þess vegna teljum við að bankasýsla sé mjög þörf.

Við teljum hins vegar að eins og við höfum teiknað þetta mál upp í viðskiptanefnd þar sem við höfum tekið þetta mál fyrir, að með því að búa til bankasýslu skipi ráðherra stjórn Bankasýslunnar. En viðskiptanefnd, eins og við nefnum í nefndaráliti okkar, telur mikilvægt að ráðherra kynni nefndinni tillögur sínar að stjórn Bankasýslunnar svo við getum svo tekið umræðu um þá stjórn á vettvangi Bankasýslunnar þegar þar að kemur.

Hér hafa einhverjir rætt um valdmörk. Tveir stærstu bankarnir skiluðu annaðhvort ekki inn umsögn eða hafa lýst sig mjög sátta við þá nálgun sem tekin er upp af Bankasýslunni og sömuleiðis í eigendasýslunni. Það er ljóst að sérstakur samningur verður gerður á milli Bankasýslunnar, stjórnar hennar við einstök bankaráð um hvernig eigendastefnan verður útfærð og er það vel.

Í máli hv. þm. Birkis Jónssonar var talað um möguleika þess að fjármálaráðherra mundi skipa einn fulltrúa, viðskiptaráðherra mundi skipa annan fulltrúa og Seðlabankinn mundi skipa þriðja fulltrúann í stjórn Bankasýslunnar. Þetta tengist að einhverju leyti því sem ég minntist á áðan en ég tel mikilvægt og nálgast þetta mál út frá þeim hætti að fagráðherra beri ábyrgð á þeim fjármunum sem fara þarna inn. Ef við höfum þetta með þeim hætti sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson stingur upp á mundi ábyrgðin færast upp um eitt þrep og forsætisráðherra yrði þá sá sem mundi bera ábyrgð. Ég held að það sé betra að þetta liggi hjá fagráðherra.

Ég vil einnig frábiðja mér alla þá umræðu sem hefur verið hér í þessum þingsal í dag um hroka eða valdníðslu hjá meiri hluta viðskiptanefndar. Ég held að við ættum að skipta þessari umræðu í tvennt: Við skulum takast á um pólitík, endilega. Við getum verið ósammála og það er kannski eins gott að við séum ósammála því að þannig þroskast málin, þegar fólk skiptist á skoðunum. En að meiri hluti nefndarinnar hafi farið fram með einhverjum valdhroka hvað snertir Bankasýslu eða eigendastefnu finnst mér ósanngjarnt og að mér vegið og ég frábið mér þá umræðu og ætla ekki að taka þátt í henni lengur.

Hér hefur verið rætt um 100 millj. Ekki veit ég hvort þessi Bankasýsla muni kosta 100 millj., það kemur þá bara í ljós, en það er alveg ljóst að við þurfum að gera þessa hluti vel og vandlega. Atvinnulífið á það skilið og það er alveg ljóst að kostnaðurinn getur orðið gríðarlegur ef við höldum illa á málum hvað snertir bankamál okkar í framtíðinni eins og við lentum í á undanförnum árum og þá verður reikningurinn miklu meiri og stærri.

Sparisjóðina hefur borið á góma í þessari umræðu. Þann 10. júlí gengum við frá lagasetningu í þessum sal sem lutu að nauðsynlegum björgunaraðgerðum til sparisjóðanna og síðan hefur þetta mál verið á vettvangi fjármálaráðuneytis. Við mótuðum skýrar reglur til að fastnegla hvernig þessar björgunaraðgerðir ættu að fara fram og ég veit að menn eru að vinna eftir þeim reglum sem við mótuðum þar, enda var nauðsynlegt að við mundum hraða afgreiðslu okkar til að menn gætu gert sér í hugarlund hvernig ríkið ætlaði að koma að þeim björgunaraðgerðum sem voru nauðsynlegar. Tíminn skiptir þar miklu máli að sjálfsögðu.

Ég hef mikla trú á Mats Josefsson eins og fleiri í þessum sal og mig langar að endingu að minna á tölvupóst sem kom frá honum til nefndarmanna undir lok júlí þar sem segir, með leyfi forseta. Ég ætla að fá að snara þessum tölvupósti yfir á íslensku:

„Í ljósi þess að ekki liggur fyrir bindandi samningur við kröfuhafa tel ég mikilvægt að lögin verði samþykkt eins og fyrirhugað er [segir Mats]. Það er ekki hægt að útiloka að kröfuhafar staðfesti ekki samkomulagið og ríkið muni því verða eigandi bankanna þegar upp er staðið.“

Eins og áður hefur komið fram í máli mínu teljum við í meiri hlutanum mjög mikilvægt að þessi lagasetning fari í gegn því að við þurfum utanumhald um eignarhald ríkisins hvort sem það eru 10% eða 100%.

[15:42]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hlusta á málflutning hv. þingmanns sem var einlægur í því þegar hann sagði að það væri erfitt að vera stjórnarþingmaður og ég held að það sé alveg hárrétt. Ég held að það sé sérstaklega erfitt fyrir hv. þingmann vegna þess að ég tel að hann sé að breyta gegn betri vitund, (Gripið fram í.) ég hef trú á hv. þingmanni.

Hann nefndi hér, að vísu ekki réttilega, að þetta snerist um að færa verkefni frá fjármálaráðherra, að stjórnarandstaðan haldi því fram að hæstv. fjármálaráðherra sé inni í öllum málum og reki þennan banka og það sé niðurstaðan ef menn búi ekki til 100 millj. kr. bankaumsýslu. Það er að vísu ekki rétt. Ég fer yfir það seinna í ræðu minni.

Hann nefndi hins vegar, ef ég skildi hv. þingmann rétt, að hér væri um afskaplega mikla — ég veit ekki hvað skal segja, ætli það sé ekki þá samvinna og einhvers konar valddreifing eða eitthvað slíkt á ferðinni því að ráðherra mun kynna fyrir viðskiptanefnd hverjir verða í stjórn bankasýslunnar af miklu umburðarlyndi og góðmennsku. Viðskiptanefnd segir hvorki meira né minna en álit sitt á þessu. Er það svo, virðulegur forseti, að hv. þingmaður (Forseti hringir.) telji í fullri alvöru (Forseti hringir.) að þetta skipti einhverju máli?

[15:44]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, ég tel að þetta skiptu miklu máli. Eins og það er reifað í nefndarálitinu samræmist það ekki valdsviði nefndarinnar eins og skilgreint er í lögum um þingsköp Alþingis nr. 55/1991, að gefa álit eða veita framkvæmdarvaldinu umsögn af þessu tagi en meiri hlutinn telur þó mikilvægt að ráðherra kynni nefndinni tillögur sínar að skipun stjórnar bankasýslunnar. Við getum þá tekið umræðu um það í nefndinni. Og ég fullvissa hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson að þar munum við skiptast á skoðunum og ræða um hvort vel sé skipað eða ekki. Ég ætla, alveg eins og þú, að hafa fullan rétt á að hafa skoðun á því hvernig ráðherra tilnefnir í þessa stjórn af því að ég tel hana vera mjög mikilvæga. Þar mun ég vera þingmaður og taka afstöðu til máls-

ins eins og samvisku minni sæmir og ekkert annað. Þar getum við um leið skipst á skoðunum og við getum þá hermt upp á ráðherra þær ákvarðanir eða þær tillögur sem hann hefur komið með og ég hef fulla trú á löggjafarvaldinu og viðskiptanefnd.

[15:45]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti áminnir hv. þingmenn um að ávarpa forseta.

[15:45]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta breytir nákvæmlega engu. Viðskiptanefnd getur kallað saman fund hvenær sem er til að ræða það hvort sem þetta er sett með þessum hætti fram eða ekki. Viðskiptanefnd getur rætt það sem hún telur nauðsynlegt að ræða. Það breytir nákvæmlega engu hvort það sé sett í einhvern „prósess“ að kynna þessi mál, bara nákvæmlega engu. Ég vona að það verði þannig áfram með nefndir þingsins. Ef nefndir þingsins telja mikilvægt að ræða einhver mál biðja menn um fund og fara yfir það en þetta breytir efnislega nákvæmlega engu um málið nú.

[15:46]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, þetta breytir náttúrlega engu. Við skulum tala um þessa hluti eins og þeir eru. Yfirlýst markmið með þessu frumvarpi, með þessari bankasýslu, sem meiri hluti nefndarinnar hefur tönnlast á og ítrekað og endurtekið, er að færa valdið frá fjármálaráðherra, færa valdið frá pólitíkinni, færa þetta frá skrifborðshorninu í fjármálaráðuneytinu. Það er lykilatriði. En samt skipar ráðherra alla stjórnarmenn án tilnefningar en hv. þingmanni finnst frábært að við getum tekið um það umræðu í nefndinni hvort vel sé skipað. Hvaða brandari er þetta? Það færir enginn neitt vald frá einum eða neinum með því að ræða um það yfir huggulegum kaffibolla í viðskiptanefnd, það er bara þannig. Það breytir ekki neinu og það er nákvæmlega sama um hvaða hæstv. fjármálaráðherra er að ræða, það breytir alls engu. Ég vil ítreka spurninguna til hv. þingmanns: Finnst þér markmiðum frumvarpsins vera fullnægt með því að færa þetta frá pólitíkinni þegar þetta fer ekki lengra en þetta?

Síðan er annað sem ég hjó eftir í ræðu hv. þingmanns. Hann sagði: Atvinnulífið vill fara að fá svör um hvað á að gera í endurreisn bankakerfisins. Gott og vel, ég tek undir það. En atvinnulífið talaði í umsögnum sínum. Atvinnulífið talaði þegar fulltrúar þess komu sem gestir, líka Samtök atvinnulífsins, samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands. Þau sögðu: Þetta frumvarp er til óþurftar. Það á að bíða með það þangað til fyrir liggur hvert eigendahlutverk ríkisins er. (Forseti hringir.) Ef atvinnulífinu liggur svona mikið á að fá svör, af hverju fær það þá ekki þau svör sem það óskar eftir?

[15:48]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa forseta en ekki hv. þingmenn úti í sal.

[15:49]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við stöndum frammi fyrir þeirri lykilspurningu að við viljum gera einhvern ábyrgan fyrir uppbyggingu bankastarfseminnar í þessu landi þegar hún er undir stjórn ríkisins að meira eða minna leyti. Frá því komumst við ekki. Við höfum legið yfir þessu í viðskiptanefnd og meiri hlutinn telur að besta fyrirkomulagið á þessu sé að ráðherra skipi stjórn Bankasýslunnar sem beri skipun stjórnarinnar undir viðskiptanefnd til umsagnar eða að tillögur hennar verði ræddar í viðskiptanefnd. Stjórn Bankasýslunnar skipi svo valnefnd. Sú valnefnd leggi til hvaða aðilar sitji fyrir hönd ríkisins í stjórnum banka eða bankaráða þannig að við erum þá komin með fjórar armslengdir af því fólki sem taka mun ákvarðanir í lykilmáli í atvinnulífi okkar. Er það nóg? Það veit ég ekki, það verður þá bara að koma í ljós og það er þá á verksviði okkar, löggjafans, að gæta þess að það sé nóg því að ekki viljum við að löggjafinn skipti sér af þeim ákvörðunum sem teknar eru í atvinnulífi okkar.

Ég tel hins vegar að lengra komumst við ekki að þessu sinni. Ég tel að við höfum reynt að tryggja það vel að pólitíkin leiki ekki mikilvægt hlutverk í atvinnulífi okkar að svo komnu máli. Við erum að setja fjármuni inn í þetta kerfi og þá þurfum við að hafa einhvern pólitískt ábyrgan fyrir þeim fjármunum sem þar fara inn. (Gripið fram í.) Ég tel þess vegna að mikilvægt sé að fjármálaráðherra sé þá ábyrgur fyrir því með beinum hætti. Ég tel að það form sem við höfum á þessu frumvarpi á lögum um Bankasýslu grípi það nokkuð vel.

[15:51]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, þarna fór þingmaðurinn í skemmtilegan hring. Fyrst þurfti að skipa stjórnina til að reyna að gera einhvern ábyrgan. Viðskiptanefnd hefur legið yfir þessu og þetta var besta leiðin. Viðskiptanefnd var komin með ákveðna lausn á málinu sem meiri hlutinn var náttúrlega hrakinn til baka með vegna þess að hún samrýmdist ekki stjórnsýslunni. Við höfum rætt ýmislegt, t.d. ef þú ætlar að færa þetta frá pólitíkinni er það samt fjármálaráðherrann sem er ábyrgur á endanum. Ég skil ekki alveg hugsunina í þessu, fjármálaráðherra á ekki að skipta sér af þessu en hann á samt að skipa alla og vera ábyrgur. Þetta gengur ekki upp, virðulegur forseti.

Það sem hefði verið miklu hreinlegra er að viðurkenna að það er pólitík í þessu. Af hverju kjósum við ekki til að tryggja að það sé ekki einhver einn pólitíkus, í þessu tilfelli fjármálaráðherra, sem ber ábyrgð á þessu? Við vorum að kjósa í Seðlabankann, (Forseti hringir.) við vorum að kjósa í Þingvallanefnd og annað í dag. (Forseti hringir.) Af hverju var þá ekki hugað að því að láta alla stjórnmálaflokkana koma að þessu til (Forseti hringir.) að það yrði einhver pólitísk sátt um þessa hluti?

[15:52]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan: Það takast á tvö sjónarmið í þessu máli. Við viljum koma ákvörðunum

sem snerta atvinnulíf okkar sem allra lengst frá pólitíkinni (Gripið fram í.) en við viljum hafa pólitíska ábyrgð á þeim fjármunum sem fara þar inn. (**REÁ:** Brandari.) Vegna þess að þessi tvö sjónarmið togast að einhverju leyti á tel ég að það form sem við höfum komist að samkomulagi um í meirihlutaáliti nefndarinnar sé það besta í vondri stöðu.

[15:53]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil kannski fá skýrari svör hjá hv. þm. Magnúsi Orra Schram um skipan stjórnarinnar því að hv. þingmaður sagði áðan að ef hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra og Seðlabanki Íslands mundu skipa þessa þriggja manna stjórn yrði það forsætisráðherra þjóðarinnar sem yrði ábyrgur fyrir því. Ef þeir aðilar sem þessir tveir ráðherrar og Seðlabankinn skipuðu, gerðu eitthvað af sér væri það forsætisráðherra þjóðarinnar sem ætti væntanlega að segja af sér. Hvernig stenst það? Forsætisráðherra kemur þar hvergi nærri. Fjármálaráðherra hefði getað skipað stjórn þessarar bankaumsýslu og að sjálfsögðu ber fjármálaráðherrann ábyrgð á því hvað formaður bankasýslu ríkisins gerir en ekki hæstv. forsætisráðherra. Mér er því alveg fyrirmunað að skilja hvernig hv. þingmaður getur komist að því að annar ráðherra, forsætisráðherrann, eigi að bera ábyrgð á því sem fulltrúi fjármálaráðherrans gerði í viðkomandi stjórn.

Í öðru lagi saknaði ég þess frá þingmanni Samfylkingarinnar í þessari umræðu hvaða leiðir og hvaða sýn hann hefði í því að spara í yfirstjórn fjármálastarfsemi hins opinbera. Komið hefur á daginn að á fimm ára tímabili mun starfsemi þessarar stofnunar kosta 400 millj. kr. Ég benti á að með því að fækka tveimur ráðherrum, vegna þess að þessi ríkisstjórn fjölgaði um tvo ráðherra í upphafi starfa sinna, mætti spara um 80–100 millj. á ári með slíkum aðgerðum. Á sama tíma hefur ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar skorið niður framlög til námsmanna um 1.200 millj., til aldraða og öryrkja um 3.800 millj. Er óeðlilegt að við spyrjum forustumenn ríkisstjórnarinnar að því ef við horfum til útgjaldauka til þessara málaflokka, þ.e. til ríkisstjórnarheimilisins og yfirstjórnar fjármálakerfisins, hvort ekki standi til að taka eitthvað til á þeim (Forseti hringir.) bænum líka frekar en láta allt þetta bitna (Forseti hringir.) á öldruðum og öryrkjum, frú forseti?

[15:55]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að vandamálið hafi einmitt kristallast í ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar sem mundi fylgja því ef við mundum skipa í stjórn Bankasýslunnar með þeim hætti sem hann leggur til. Hver ber ábyrgðina þegar einn fulltrúi í stjórn kemur frá einum ráðherra, annar frá hinum o.s.frv.? Ég held að það sé óráð. Ég held að það sé betra fyrir okkur — og það er mín skoðun — að það sé einn ráðherra sem skipi í stjórn þessarar Bankasýslu og hann beri þá einn ábyrgð á aðgerðum og ákvörðunum stjórnar því að það er þá væntanlega stjórnin öll sem mun taka allar lykilákvarðanir, ekki bara formaður stjórnarinnar. Ekki er það fjármálaráðherra sem ber þá ábyrgð á ákvörðunum allrar stjórnarinnar ef hún er skipuð af mörgum aðilum. Ég held því að það sé best og það er mín pólitíska sýn á þetta verkefni að það sé einn ráðherra sem beri heildarábyrgð á þeim ákvörðunum sem stjórn Bankasýslunnar tekur og það sé best að sá ráðherra sé fagráðherrann í þessu tilfelli.

[15:56]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Bankasýsla ríkisins verður valdamesta stofnun landsins þegar hún verður stofnuð. Finnst hv. þingmanni það virkilega eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra geti jafnvel skipað þrjá félaga sína í þessa stjórn sem munu hafa gríðarleg völd, eins og ég hef áður bent á? Finnst hv. þingmanni ekkert óeðlilegt, eins og við höfum bent á hér, að inn í þessa stjórn komi aðilar úr fleiri en einu ranni þannig að menn hafi eftirlit hver með öðrum? Það er mjög hættulegt þegar einn aðili, ef það færi þannig, skipaði þrjá félaga og kunningja í stjórn þessa félags, sem vel væri hægt ef nýr fjármálaráðherra kæmi að. (Gripið fram í.) Og við verðum að hafa lagasetningu frá Alþingi með þeim hætti að hún einskorðist ekki við persónu viðkomandi fjármálaráðherra heldur verðum við að vera viðbúin því að það versta geti gerst (Forseti hringir.) og ég er ansi hræddur (Forseti hringir.) um að slíkt gæti gerst.

[15:58]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Það má hrósa hv. þm. Magnúsi Orra Schram, varaformanni viðskiptanefndar, fyrir að láta svo lítið að taka þátt í þessari umræðu og mættu aðrir stjórnarþingmenn taka það sér til fyrirmyndar. Hv. þingmaður reynir að verja þetta mál og ég held að þegar við hlustum á hann áttum við okkur á því að hann hefur ekki góðan málstað að verja. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson gekk mjög eftir rökum fyrir því í andsvörum áðan af hverju hæstv. fjármálaráðherra ætti að skipa þessa stjórn einn. Hann taldi að það væri afskaplega miklu valdi komið fyrir á hendi hjá einum ráðherra og ef ég skil hv. þm. Magnús Orra Schram rétt er hann ekki sammála því og telur þetta vera skynsamlegt fyrirkomulag, en vítin eru til að varast þau.

Hvað gerði hæstv. fjármálaráðherra þegar hann tók við? Tók hann sig ekki til og skipti út samninganefndinni og setti sitt fólk inn? Formaður viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, ætti kannski að einbeita sér að því að tala héðan úr ræðustól og kannski að minnka aðeins að kalla fram í en hv. þingmaður, formaður viðskiptanefndar, er ekki til í að taka þátt í umræðunni úr ræðustól heldur frekar utan úr sal. En ég held að það sé ekki hægt að vera með pólitískari tilnefningar en hæstv. fjármálaráðherra var með. Telja menn að það sé mögulegt? (**ÁI:** Baldur Guðlaugsson út.) Nú fer virkilega um hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, ég kom augljóslega við mjög viðkvæman punkt, hún ætlar að kalla fram í en ekki að taka þátt í umræðunni. Hún er ekki búin að koma sér á mælendaskrá enn þá (Gripið fram í.) en muldrar úti í sal í staðinn og er það auðvitað val hv. þingmanns að gera það. En er mögulegt að vera með pólitískari tilnefningar en voru í þessa mikilvægu samninganefnd? Hverja setur hæstv. fjármálaráðherra í samninganefndina? Hv. þingmaður setur pólitískan læriföður sinn, fyrrverandi

formann Alþýðubandalagsins, Svavar Gestsson, og núverandi pólitískan aðstoðarmann sinn og skoðanabróður hans og Svavars, Indriða H. Þorlákssson. Eins og við vitum öll er búin að vera umræða í margar vikur og mánuði um Icesave og ég hef ekki heyrt einn einasta mann, ekki einn einasta málsmetandi aðila halda því fram að þessar tilnefningar hafi verið faglegar eða að þarna hafi menn verið kallaðir til sem þeir aðilar sem hefðu mikla reynslu á þessu sviði, engan. Þetta eru eins pólitískar tilnefningar og þær geta orðið. Svavar Gestsson, pólitískur lærifaðir hæstv. fjármálaráðherra og fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins og ráðherra í nokkrum vinstri stjórnum, og pólitískur aðstoðarmaður hæstv. fjármálaráðherra, Indriði H. Þorlákssson, sem hefur farið mikinn bæði í sínu embætti og í öðrum embættum og tjáð sínar pólitísku skoðanir sem eru alveg í anda þess sem er lengst til vinstri á Íslandi í dag. Hv. þm. Magnús Orri Schram er algerlega sáttur við að fjármálaráðherra hafi þessi völd og að hann muni einn skipa stjórn þessarar bankasýslu sem verður, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson benti á, væntanlega valdamesta stofnun ríkisins þegar hún verður sett á laggirnar þrátt fyrir að hún muni einungis sjá um einn banka. Það er mjög athyglisvert og ég vona að hv. þingmaður hv. þm. Magnús Orri Schram svari því, ég held að það sé mjög mikilvægt að fólk fái svör við þessu: Er það þannig núna að hæstv. fjármálaráðherra reki bankana? Nú talar meiri hlutinn fyrir því og segir að hann vilji ekki að þetta sé á horni skrifborðs fjármálaráðherrans. Það er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að núna hafi hæstv. fjármálaráðherra mikil pólitísk afskipti af bönkunum, ef eitthvað er að marka þessa röksemdafærslu meiri hlutans.

Hér hafa helstu rök stjórnarmeirihlutans hvað eftir annað verið þau að koma þessu frá skrifborðshorni hæstv. fjármálaráðherra. Það er þá líka mikilvægt að fá að vita um það vegna þess að það eru ekki aðeins fleiri ríkisfyrirtæki sem eru undir forræði fjármálaráðherra, það eru engin smáríkisfyrirtæki. Ég tek Landsvirkjun sem dæmi. Við sáum í umræðu í dag að hér kom stjórnarþingmaður, hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og fór yfir það að hún teldi, ef ég skildi hv. þingmann rétt, að Matvælastofnun ætti ekki að fara strax undir fjármálaráðherra en það virðist almennt vera stefnan að hin ýmsu fyrirtæki fari undir forræði fjármálaráðherra. Og nú held ég að allir séu sammála um það — eða við skulum vona að við séum ekki með mörg ríkisfyrirtæki og vonandi ekki neitt sem engin þörf er á. Við skulum vona að hér sé um mjög mikilvægar stofnanir og fyrirtæki að ræða en ég tel það vera mjög brýnt að meiri hlutinn upplýsi hér hvort hæstv. fjármálaráðherra stýri fjármálastofnunum í landinu pólitískt í dag því að það má skilja það þannig. (**BJJ:** Það er enginn að hlusta á þig, hv. þingmaður.) Virðulegi forseti. Hér bendir hv. þm. Birkir Jón Jónsson mér á hið augljósa, að forsvarsmenn stjórnarinnar hafa hlaupið úr salnum. (**BJJ:** Þarna kom einn inn.) En að vísu, ég veit ekki hvort það hefur eitthvað með þessi orð mín að gera eða hvað það var, fjölgaði nokkuð hratt einmitt núna og er það vel, skal það tekið fram í ræðu. Ég vonast til þess (Gripið fram í.) og fer fram á það, að öllu gamni slepptu, að hv. þingmenn upplýsi um eftirfarandi: Er það þannig að fjármálaráðherra reki þessi fyrirtæki, sé með pólitísk afskipti af þessum fyrirtækjum, jafnt fjármálafyrirtækjum sem og öðrum? Ef menn vita það ekki þá eru hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir undir ráðuneytum í dag. Ég vona að ráðherrar séu ekki almennt að skipta sér af daglegum rekstri, að koma inn í ákvarðanatöku þar.

Ég var heilbrigðisráðherra og þar voru stofnanir eða kerfi, umfang upp á hundruð milljarða kr. Ég var þó ekki að skipta mér af daglegum rekstri eða hafa pólitísk afskipti af þessum stofnunum. Það hvarflaði ekki að mér. Það eru auðvitað ákveðin atriði sem ráðherra þarf að koma að, eðli málsins samkvæmt, og ber pólitíska ábyrgð á þessu en hér koma þingmenn meiri hlutans fram og segja hvað eftir annað að það verði að koma þessu frá skrifborðshorni fjármálaráðherra. Hv. samþingmaður Magnús Orri Schram fór hér yfir þetta og það er mikilvægt að hann upplýsi okkur hvort núverandi hæstv. fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon sé með pólitísk afskipti af fjármálastofnunum. Það er mjög mikilvægt að það komi fram. Ef menn telja það mikla hættu þrátt fyrir bankaráð, sem eiga að bera ábyrgð á rekstri bankanna og sjá um stefnumótun og annað slíkt, að fjármálaráðherra sé með beinum hætti að skipta sér af rekstri bankanna, hlýtur líka sú hætta að vera fyrir hendi með öll hin fyrirtækin og þá hljótum við að velta fyrir okkur: Eigum við von á fleiri sýslum? Er á leiðinni frumvarp um orkusýslu ríkisins? Er það kannski á leiðinni? Það er ekkert smáræði sem þar er undir. Nú ætla ég ekki að bera saman eða gefa því einkunn hvort sé mikilvægara, fjármálageirinn eða orkugeirinn. Hvort tveggja er gríðarlega mikilvægt. En ef ég tek eitthvað af handahófi, ef menn fletta dagblöðunum getum við séð að það eru gríðarlega mörg fyrirtæki og stofnanir sem heyra undir hina ýmsu ráðherra. Ég held að ég hafi skilið hv. þm. Magnús Orra Schram alveg rétt þegar hann taldi að til að hafa þetta skýrara ættu fyrirtæki almennt að heyra undir hæstv. fjármálaráðherra eða undir fjármálaráðuneytið, og fyrir því geta verið rök. En það verður að upplýsa um hvort rótin að þessu máli liggur í því að Samfylkingin telji að hæstv. fjármálaráðherra sé með mikil pólitísk afskipti af fjármálastofnunum. Það er kannski eitthvert vandamál sem er í gangi núna og hefur ekki verið upplýst og er mjög mikilvægt að upplýsa það. Við vitum auðvitað að það er gríðarlegur vandi á stjórnarheimilinu. Það líður vart sá dagur að ekki komi upp einhver ágreiningur sem blossar upp í fjölmiðlum og það fer ekki fram hjá neinum landsmanni að þremur mánuðum eftir kosningar hangir líf stjórnarinnar á bláþræði. Kannski er þarna um eitthvert ágreiningsmál innan ríkisstjórnarflokkanna sem ekki hefur verið upplýst, að menn séu að koma í veg fyrir að hæstv. fjármálaráðherra haldi áfram pólitískum afskiptum af fjármálafyrirtækjum. Það væri mjög æskilegt að það kæmi fram í þessu stóra og mikilvæga máli. Hv. þingmaður bar það af sér og vildi ekki taka þátt í þeirri umræðu að hér væri um valdhroka að ræða hjá meiri hluta viðskiptanefndar. Ég stend við þær fullyrðingar hvar sem er og hvenær sem er og hef ég nokkuð góða reynslu af því að vera bæði í minni hluta og meiri hluta í nefndum. Kannski er ákveðinn hluti hrokans sá að hér sjá þingmenn stjórnarliðsins í þessu stóra og mikilvæga máli ekki einu sinni ástæðu til að taka á því í umræðunni. Ég hef spurt ákveðinna spurninga af góðri ástæðu og ég sé fram á að hv. þingmenn meiri hlutans svari þeim því að af orðum þeirra er ekki að skilja annað en að

núna sé þetta, svo ég vitni beint, virðulegi forseti, með leyfi forseta, „á skrifborðshorni fjármálaráðherra“.

[16:13]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þekki hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson að góðu einu og ætla þess vegna að láta eftir honum að koma í pontu og taka til andsvara.

Við erum ósammála um að valdhroka hafi verið beitt á fundum viðskiptanefndar og við getum verið ósammála um það því að ég held að við höfum ekki sýnt það í störfum okkar, meiri hlutinn, heldur reynt að finna málum okkar sameiginlegan farveg. Það hefur hins vegar ekki tekist, við erum ósammála um pólitík eða nálgun og verður svo að vera.

Ég hef áhyggjur af því, ef við stofnum ekki Bankasýslu ríkisins, að tengsl atvinnulífsins og stjórnmálanna verði of náin og þess vegna mæli ég fyrir frumvarpi um Bankasýslu.

Á vettvangi viðskiptanefndar hafa fulltrúar bankastofnana komið og þeir hafa fullyrt að þeir hafi ekki orðið fyrir neinum pólitíska þrýstingi. Ég hef orð þeirra fyrir því að eins og sakir standa verði þeir ekki fyrir neinum þrýstingi um ákvarðanatöku eða slíkt og er það vel. En hvað ber framtíðin í skauti sér ef við ætlum að hafa þetta í ráðuneytinu með of nánum tengslum? Einhver ber ábyrgð og núna er það fjármálaráðherra beint sem ber ábyrgð en hefur enga stofnun eða vettvang milli sín og þeirra ákvarðana sem teknar eru í bankanum. Þess vegna mælum við fyrir frumvarpi um Bankasýslu.

Ég hef hins vegar ekki heyrt fulltrúa Sjálfstæðisflokksins koma með neinar hugmyndir um hvaða valkostur er við stofnun Bankasýslunnar. Vill hv. þingmaður hafa málin inni í ráðuneytinu? Ég get ekki skilið orð hans öðruvísi.

[16:15]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil bara biðja hv. þingmann að vera ekki með neina greiðasemi við mig. Við tökum þessa umræðu hér vegna þess að það er mikilvægt að hún fari fram. Hún er líka gluggi fyrir almenning til að fylgjast með því sem gerist hér og það er mjög mikilvægt að hann fái að vita um þau sjónarmið sem uppi eru og svör við þeim spurningum sem lagðar hafa verið fram.

Hér hafa menn hvað eftir annað komið og sagt að það þurfi að taka þetta af skrifborðshorni ráðherrans. Það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo að það sé þá á skrifborðshorni ráðherrans, það er bara ekki hægt að skilja það neitt öðruvísi. Við höfum áður haft ríkisbanka og raunar eru ekkert rosalega mörg ár síðan bankakerfið var nær allt saman í eigu ríkisins. Um tíma var það einungis Verslunarbankinn, lítill banki, sem var ekki í eigu ríkisins og kannski Samvinnubankinn, annars voru þetta allt saman ríkisbankar. (**Gripið fram í:** Alþýðubankinn.)

Almenna reglan er sú að settar eru stjórnir yfir fyrirtæki sem bera ábyrgð, það eru þær sem eiga að bera ábyrgð. Almennt hefur það ekki verið svo og þegar t.d. Póstur og sími var í eigu ríkisins var stjórn yfir því fyrirtæki sem bar ábyrgð — sá um stefnumótun og bar ábyrgð.

Það sem hefur vantað er að klára uppgjör á bönkunum, samninga við kröfuhafa. Það er algjörlega ný hugsun að það þurfi sérstaka ríkisstofnun til þess að halda utan um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum eða öðrum fyrirtækjum. Ef menn telja að það sé nauðsynlegt í fjármálafyrirtækjum, og ég spurði að því, er þá nauðsynlegt að setja það fyrir aðra geira (Forseti hringir.) eins og t.d. orkugeirann, því að þessi geiri hlýtur þá að vera jafnmikið inni á borði ráðherra eins og fjármálageirinn?

[16:17]

Magnús Orri Schram (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ákveðin pólitísk tíðindi voru í þessari ræðu hv. þingmanns. Ég heyrði ekki betur en — ég bið hann um að leiðrétta mig ef ég fer rangt með — að hann mælist til þess að við förum aftur í pólitískt skipuð bankaráð eins og voru hér fyrir einkavæðingu bankanna, eins og tíðkuðust í gamla daga, ég skil þetta ekki öðruvísi. Mér finnst það skelfileg tillaga, svo ég segi nú ekki annað, ef við ætlum að skipa póltískt í bankaráð.

Það sem við ætlum að gera núna er að skipa fagmenn í bankaráðin, (Gripið fram í.) við erum að reyna að innleiða fagmennsku í bankastarfsemi í þessu landi, en ég heyri ekki betur en að við séum að tala um pólitískt skipuð bankaráð eins og tíðkuðust hér á níunda áratugnum. (Gripið fram í.) Ég bíð þá bara spenntur eftir því að vera boðið í lax, ég segi nú ekki annað.

[16:18]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var svona helst til „billegt“ hjá hv. þingmanni og ekki honum til sóma. En ef hv. þingmann langar í lax er það eitthvað sem á ekki erindi í þingræðu, en látum það liggja á milli hluta.

Ég á enn þá eftir að fá svar við því, ef hv. þingmaður trúir því — og það eru fá orð sem eru jafnofnotuð og „faglegt“ og þeir sem nota það mest „praktísera“ venjulega allt önnur vinnubrögð en fagleg. Hv. þingmaður er að leggja það til að fjármálaráðherra skipi stjórn Bankasýslunnar (Gripið fram í.) þannig að ég skil ekki hvað hv. þingmaður er að skamma mig, það er bara gersamlega fráleitt. Ef menn vilja hafa fjölbreytta skipan t.d. í bankaráð er hægt að gera það með margs konar hætti, það eru alls kyns valnefndir og allt milli himins og jarðar. Við höfum reynslu af því t.d. þegar við ráðum forstöðumenn í heilbrigðiskerfinu, þá (Gripið fram í.) eru sérstakar valnefndir þar (Gripið fram í.) sem fara faglega yfir það.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir er ekki meiri manneskja en svo að hún treystir sér ekki í umræðu hér um þessi mál en gjammar hér fram í, (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það er hægt að fá hljóðdeyfi á viðkomandi hv. þingmann en það er hins vegar erfitt að tala í þessu stutta andsvari þegar hv. þingmaður gjammar allan tímann. (Forseti hringir.) Ég hvet hv. þingmann til að biðja um orðið.

Enn á eftir að svara þeirri spurningu sem ég bar fram, og ég treysti því að hv. þm. Magnús Orri Schram geri það, (Forseti hringir.) þ.e. hvort hann ætli að setja sýslu yfir fleiri geira.

[16:20]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Mér finnst það mjög alvarlegt hér við 3. umr. um stofnun Bankasýslu ríkisins að fjölmörgum spurningum sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum lagt hér fram skuli enn vera ósvarað. Það eru nokkrar mínútur eða klukkustundir þangað til Alþingi Íslendinga — ja, eigum við að segja nokkrar klukkustundir að öllu óbreyttu — þangað til þetta frumvarp verður samþykkt sem lög frá Alþingi og við í stjórnarandstöðunni fáum engin svör við mikilvægum spurningum sem við höfum lagt fram í þessari umræðu.

Ég vil spyrja hv. þm. Magnús Orra Schram, hvar sem hann er nú þessa stundina, því að ekki er hann í salnum, hvort það sé ekki pólitísk skipun að fjármálaráðherra einn skipi alla stjórn Bankasýslu ríkisins. Hvernig er hægt að skilja það öðruvísi en að það sé pólitísk skipun og kannski sérstaklega þegar það er aðeins einn aðili, án þess að nokkur annar komi þar nálægt, sem skipar stjórn Bankasýslu ríkisins? Auðvitað er það pólitísk skipun.

Síðan munu þessir aðilar sem eru væntanlega hallir undir viðkomandi ráðherra skipa önnur ráð. Er það ekki svo? Hefur ekki verið talað um það að mögulega (Gripið fram í.) verði eignarhaldsfélagið sett undir Bankasýslu ríkisins? Ég segi það hér og stend við það að það er verið að setja bullandi pólitík inn í íslenskt fjármálalíf þar sem hið opinbera hefur yfir 90% markaðshlutdeild í dag.

Ég spurði líka formann viðskiptanefndar áðan í ljósi þess að það mun kosta um 400 millj. kr. á fimm árum að reka þetta batterí plús öll önnur opinber bankaráð plús aðrar stjórnir í fjármálafyrirtækjum, hvernig hv. þingmaður sér það fyrir sér að draga saman seglin í yfirstjórn opinberra fjármálafyrirtækja. Ég benti líka á að með því að fækka ráðherrum um tvo má spara allt að 80–100 millj. kr. Ef við setjum þetta í eitthvert samhengi kostar rekstur á Heilsugæslustöðinni í Lágmúla í Reykjavík 155 millj. kr. Rekstur-inn á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga kostar 297 millj. kr. Nú er kallað til forsvarsmanna þessara stofnana að þeir skuli draga saman seglin. Á meðan horfum við upp á ríkisstjórn sem fjölgar ráðherrum um tvö. Það var fyrsta verkefni ríkisstjórnarinnar, að ná fram tveimur aukabitlingum sem kosta 80–100 millj. kr. á ári. Og núna á að auka enn frekar á kostnaðinn sem almenningur mun þurfa að greiða.

Hvar er nú félagshyggjuást Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs? Við höfum kallað eftir því hér í þessari umræðu hvort ríkisstjórnin hafi raunverulega einhverja stefnu í því að skera niður útgjöld í þessum málaflokkum, fyrst á eigin heimili, síðan í yfirstjórn opinbera fjármálakerfisins. En það er allt í lagi að fyrsta verkið sé það að skera niður 1.200 milljónir til íslenskra námsmanna og 3.800 milljónir til aldraðra og öryrkja. (**Gripið fram í:** Menn eru sammála um það.) Menn eru sammála um það í stjórnarmeirihlutanum og svo eru menn sammála um að fara í það að auka útgjöldin hér. En þegar við í stjórnarandstöðunni spyrjum einfaldra spurninga, hvort ekki standi til að grípa til einhverra aðhaldsaðgerða á þessu sviði fáum við engin svör.

Ég vil spyrja formann viðskiptanefndar, hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, að því: Hver mun bera ábyrgð á störfum eignaumsýslufélagsins, ef það fer einhvern tíma í gang, ef Bankasýsla ríkisins mun skipa stjórnina þar? Hvaða ráðherra mun bera ábyrgð á því ef eitthvað fer úrskeiðis í störfum stjórnar eignarhaldsfélagsins? Það er armlengdin sem menn tala um. Rosalega er það nú flott þegar búið er að fella eignaumsýslufélagið undir opinbera stofnun, eignaumsýslufélag sem mögulega gæti haft gríðarlega stór umsvif á íslenskum markaði og tekið yfir stór hlutafélög í landinu sem eru í greiðsluerfiðleikum. Og hver skyldi svo fá þau síðar? Það skyldu þó ekki vera einhverjir flokksgæðingar? Ónei, það á ekki að gera það þannig.

Þá spyr ég enn og aftur: Af hverju í ósköpunum eiga þá ekki fleiri aðilar en einungis fjármálaráðherrann eini, sanni, að skipa stjórn Bankasýslu ríkisins? Ég hef ekki enn fengið svar við því og ég hef heldur ekki fengið svar við því (Forseti hringir.) hvernig hv. þingmenn stjórnarliðsins ætla að skera niður á þessum stöðum eins og á mörgum öðrum í hinu opinbera kerfi.

[16:26]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) ***(andsvar)*****:**

Frú forseti. Hv. þm. Birki Jóni Jónssyni er nokkur vorkunn, hann hefur ekki fylgst með umræðum í viðskiptanefnd um þetta mál utan eins fundar sem hann sat. (**BJJ:** Það var langur fundur.) Það var langur fundur og það var farið yfir margt. Ég verð að taka undir með hv. þingmanni um að það er blóðugt að þurfa að eyða peningum í að taka til eftir partýið, en það er það sem íslenskir skattgreiðendur eru að gera og þurfa að gera hér. Það er nöturlegt að hlusta á þá sem báru ábyrgð á einkavinavæðingu bankanna ásaka okkur hin sem erum hér í tiltektinni um að við séum að eyða peningum. (Gripið fram í.)

Tólf milljarðar króna, ef ég man rétt — var það ekki það sem fékkst fyrir einkavinavæðingu bankanna? Það kom svo í ljós að það var aldrei borgað, (Gripið fram í.) er enn í skuld. Og síðan, hvað kom í kjölfarið á því? Hvað kom í kjölfarið á þessari einkavinavæðingu? Jú, það var Icesave-reikningurinn, 660 milljarðar kr. að frádregnum eignum Landsbankans að viðbættum vöxtum. (**Gripið fram í:** Já, háum.) Lágum vöxtum miðað við þann samning sem fyrir liggur, hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** Hana nú.)

Svona er það. Það er dýrt að taka til eftir partý, það þarf mikið „skúripúlver“ og mikið vatn og það þarf mikla krafta til þess. Við erum ekkert að kveinka okkur undan því (**Gripið fram í:** Jú …) en við sitjum ekki endilega endalaust þegjandi undir skömmunum fyrir það að við höfum keyrt þetta land í klessu. Hv. þingmenn, það eru ekki þau stjórnmálaöfl sem bera ábyrgð á ríkisstjórn Íslands í dag sem keyrðu bankakerfið í klessu. (**Gripið fram í:** Nú?) Það vita þeir hv. þingmenn tveir sem hér sitja í salnum.

[16:28]

Birkir Jón Jónsson (F) ***(andsvar)*****:**

Frú forseti. Það er verulegt áhyggjuefni þegar við hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson spyrjum hér spurninga nú við 3. umr. um þetta mál, sem að öllu óbreyttu mun þá verða að lögum, að við fáum engin svör frá hv. formanni

viðskiptanefndar við efnislegum spurningum um það frumvarp sem við ræðum hér. Það er með ólíkindum að hlusta á andsvar sem þetta þegar hv. þingmaður að ég hélt ætlaði sér upp í þennan ræðustól til þess að taka þátt í efnislegri umræðu um málið og svara þeim spurningum sem við höfum lagt fram, m.a. um það hvernig hv. þingmaður ætlar sér að minnka útgjöld í þessum málaflokki, rétt eins og hv. þingmaður hefur beitt sér fyrir að lækka útgjöld til aldraða og öryrkja eða bætur almannatrygginga. Og rétt eins og hv. þingmaður hefur beitt sér fyrir því ásamt félögunum í stjórnarmeirihlutanum að lækka framlög til stúdenta við háskóla í landinu um 1.200 milljónir. Það er ósköp eðlilegt að maður spyrji hvernig hv. þingmaður ætlar að bregðast við, en hv. þingmaður kemur hér upp og mærir Icesave-samninginn og skýtur föstum skotum að hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni og félögum hans í Samfylkingunni. (Gripið fram í.) Það eru ekki heitar ástir á milli þessara tveggja flokka, hv. formaður viðskiptanefndar kemur hér upp og gjörsamlega hraunar yfir Samfylkinguna þannig að mann verkjar undan fyrir þeirra hönd.

Það er náttúrlega með eindæmum að fylgjast með því að þessir tveir flokkar, sem eru búnir að vera í meiri hluta nú í þrjá mánuði, eru orðnir eins og gömul hjón sem hafa aldrei átt glaða stund í 50 ára hjónabandi. Það er með ólíkindum að fylgjast með þessu og í raun og veru lofar þetta ekki góðu. Ég hvet hv. formann viðskiptanefndar til að hætta að húðskamma Samfylkinguna úr þessum stól en gera það frekar í bakherbergjum með heiðarlegum hætti og svara þess í stað þeim spurningum sem við höfum beint til hv. þingmanns vegna þess að hér er um lokaumræðu um þetta mál að ræða og (Forseti hringir.) við þurfum að fá svör í þessu stóra máli. (Gripið fram í.)

[16:30]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er mikill misskilningur af hálfu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar að sú sem hér stendur hafi með einhverjum hætti verið að hrauna yfir Samfylkinguna eða einstaka þingmenn hennar. Ég vil vegna þessa misskilnings árétta það sem ég sagði. Ég tel að Framsóknarflokkurinn, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, og Sjálfstæðisflokkurinn, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, beri ábyrgð á einkavinavæðingu bankanna sem var upphafið og leiddi til þess hruns sem við erum að reyna að vinna úr. Það var það sem ég sagði og ég stend við það.

Hvað varðar þær spurningar sem hér hafa verið bornar fram vil ég fullyrða, hv. þingmaður, að þeim hefur verið svarað mjög vel. Hv. varaformaður viðskiptanefndar, Magnús Orri Schram, hefur haldið ræðu, komið í andsvör og svarað andsvörum og svarað í einu og öllu því sem spurt hefur verið um. Ég hef ekki séð ástæðu til að orðlengja þá umræðu vegna þess, eins og hv. þingmaður benti á, að þá erum við við 3. umr. og við erum búin að fara mjög ítarlega yfir þetta mál. Það var tekið til umræðu í viðskiptanefnd á milli 2. og 3. umr. þannig að það er mitt mat að spurningum sem varða efni málsins hafi verið vel svarað að öllu leyti í dag.

[16:32]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Að sjálfsögðu var hv. þm. Álfheiður Ingadóttir að skjóta föstum skotum að Samfylkingunni þegar hún ræddi Icesave-samningana. En þeir margföldu̇st í tíð Samfylkingarinnar sem fór með viðskiptaráðuneytið um tveggja ára skeið. (**ÁI:** Þvílík ósköp.) Þvílík ósköp. Já, ósköpin eru þau að þeir eru í dag og greiðslur vegna þeirra, eins og hv. þingmaður nefndi, 640 milljarðar. Og þegar hv. þingmaður talar um að nú þurfi að gæta aðhalds í rekstri hins opinbera vil ég minna hv. þingmann á að ef við samþykkjum Icesave-samningana þurfum við að greiða vexti frá áramótum upp á 24 milljarða kr. Hvaða sanngirni er í því? Það eru meiri rosalegu samningarnir sem gerðir voru og þessir 24 milljarðar eru á þessum lágu vöxtum, 5,55%, en það eru 24 þúsund millj. og það má reka Landspítala – háskólasjúkrahús í níu mánuði fyrir þessa upphæð, (Gripið fram í.) níu mánuði. Þar vinna þúsundir einstaklinga og þetta er endastöðin í íslensku heilbrigðiskerfi. Síðan eru menn að tala um 15 og 20 millj. hér og þar í ríkisrekstrinum. Það á að skera niður í Heilbrigðisstofnuninni á Hólmavík, það á að gera það á Siglufirði og það á að gera það alls staðar annars staðar. Engin undankomuleið. Menn ætla að skrifa undir það að borga 24 milljarða frá áramótum vegna Icesave-samningana, sem sagt afturvirkt áður en þeir skrifa undir. Hvers lags stjórn er við lýði í þessu landi? Þegar hv. þingmaður heldur því fram að Samfylkingin — mér fannst hv. þingmaður eiginlega vera að bera blak af Samfylkingunni. Er það svo að það sé Framsóknarflokknum að kenna að Icesave-samningarnir urðu 640 milljarðar? Hvernig getur hv. þingmaður komið hér upp og vogað sér að segja slíka hluti? (Forseti hringir.) Hv. þingmaður skal hafa sannleikann að leiðarljósi í því máli. Auðvitað ber Samfylkingin höfuðábyrgð á Icesave-klúðrinu öllu saman.

[16:34]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Það var ekki mikill munur á ræðu hv. þingmanns eða andsvari Álfheiðar Ingadóttur og því gjammi sem hún er búin að viðhafa í allan dag úr þingsal. Það var hins vegar athyglisvert og jafnframt umhugsunarefni að hlusta á hvað hv. þingmaður sagði. Það hafði ekkert að gera með efni málsins, ekkert. Mér finnst hins vegar rétt að menn íhugi að hér var formaður viðskiptanefndar þingsins að tala. Að vera hv. formaður í viðskiptanefnd, sérstaklega núna, er mjög mikilvægt. Formaður viðskiptanefndar kom og hellti úr skálum reiði sinnar og sagði: Við erum að taka til eftir partýið, og benti síðan á tvo þingmenn og sagði að þeir bæru ábyrgð á þessu. (**ÁI:** Flokkarnir ...)

Ég vil upplýsa hv. formann viðskiptanefndar, af því að það hefur ugglaust alveg farið fram hjá hv. þingmanni, að hér hefur verið fjármálakreppa í heiminum. Af fimm stærstu fjárfestingarbönkum heimsins eru þrír farnir á hausinn í Bandaríkjunum. Við sjáum stór Evrópuríki, bæði í Vestur-Evrópu og Austur-Evrópu, sem takast nú á við gríðarlegan vanda og allir málsmetandi aðilar sem um þetta fjalla eru sammála um að það þurfi að endurskoða fjármálakerfið og meira að segja hefur verið umræða um að hag-

fræðin eins og við þekkjum hana í dag sé úrelt, hvorki meira né minna.

Ég vil líka upplýsa hv. þingmann um að Samfylkingin var með viðskiptaráðuneytið sem er bankamálaráðuneytið. Það var t.d. einungis á tíma Samfylkingarinnar sem hollensku reikningarnir voru í Icesave og Samfylkingin meira en nokkur annar flokkur hélt því fram að góðærið sem hér var væri fyrst og fremst EES-samningnum að þakka. Ég vek líka athygli á því varðandi þessa stórgölluðu innstæðutryggingatilskipun sem við innleiddum að VG og Samfylkingin vildu ganga lengra hvað það varðaði en sem betur fer gerði þjóðin það ekki. Sömuleiðis vil ég upplýsa hv. þingmann, talandi um ábyrgð, að það er ekkert sem kom fram hjá Vinstri grænum sem varaði við því sem varð. Reyndar er það þannig að einn valdamesti maður þjóðarinnar, formaður BSRB, hæstv. heilbrigðisráðherra, var stjórnarformaður í stærsta lífeyrissjóði landsins. Sá lífeyrissjóður fjárfesti grimmt í þessu eins og aðrir lífeyrissjóðir og ber gríðarlegt tap. Að koma hér upp og segja: Við vissum þetta allt saman, við berum enga ábyrgð, við komum alveg eins og hvítþvegnir englar að þessu borði, er fráleitt. En það segir okkur í hvaða nauðvörn hv. formaður viðskiptanefndar er í þessu máli að eina innleggið í málinu frá hv. þingmanni er einhver reiðilestur sem á sér enga stoð í raunveruleikanum. Og ef hv. þingmaður trúir því virkilega sem hún sagði erum við í mun verri málum en maður mundi ætla, það að vera formaður hv. viðskiptanefndar hefur alltaf verið mikilvægt en það hefur kannski aldrei verið mikilvægara en nú. Það er lágmark að sá aðili sem því embætti gegnir kynni sér viðskiptamál og hvað er að gerast í heiminum hvað þau mál varðar. Það er ekki hægt að afsaka það með neinu. Menn sem gegna því embætti þurfa að kynna sér þau mál.

Það sem við ræðum hér er Bankasýslan. Hér hafa ekki komið nein svör. Menn hafa sagt að verið sé að taka til á skrifborðshorni ráðherrans. Á sama tíma og menn segjast vera að koma í veg fyrir pólitísk afskipti leggja þeir til að þessi sami ráðherra skipi einn í stjórn þessarar stofnunar. Það er ein af þeim spurningum sem ekki hefur verið svarað, hvernig það getur farið saman og verður fróðlegt (Forseti hringir.) að vita hvort það mun gerast í þessari umræðu.

[16:39]

Frsm. meiri hluta viðskn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að ég flutti framsöguræðu við upphaf 3. umr. um þetta mál í dag. Það háttaði hins vegar svo til að hv. þingmaður var ekki viðstaddur þegar hún var flutt. Það kann að vera skýringin (Gripið fram í.) á því að hann stendur í ræðustól og fullyrðir að ég hafi ekki komið eða tekið þátt í þessari umræðu en það var það sem hv. þingmaður sagði, frú forseti.

Í öðru lagi verð ég að segja að mér finnst það einkennileg árátta, en maður heyrir það ansi oft, að ef einhver er ekki pólitískt sammála eða tekur ekki undir með sjónarmiðum sem viðkomandi flytur fram sé það vegna þess að maður hafi ekki kynnt sér málin og hafi ekki vit á þeim. Ég frábið mér það. Ég tel að ég hafi kynnt mér þau verkefni sem viðskiptanefnd eru falin eins vel og kostur er. Það hefur verið mikið að gera í þeirri nefnd. Það vill einfaldlega þannig til að við hv. þingmaður erum ósammála í grundvallaratriðum. Það hefur ekkert að gera með það hvort hann eða ég höfum betra vit á hlutunum eða höfum aflað okkur betri þekkingar á málunum. Við erum ósammála og það er ekkert að því.

[16:41]

Frsm. minni hluta viðskn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég var hér og hlustaði á framsöguræðu hv. þingmanns áðan og þess vegna hef ég talað með þessum hætti. Ég hlustaði eftir röksemdum fyrir þeim efasemdum sem þar komu upp og þær komu ekki fram. Hv. þm. Magnús Orri Schram hefur tekið þátt í umræðunni og síðan er hv. þm. Álfheiður Ingadóttir búin að taka þátt í því með þessum andsvörum. Nú verður hver og einn sem á það hlustar að meta hvort gagn hafi verið að því. Ég stend við það, það snýst ekkert um skoðanir fólks, að ef hv. þingmaður trúir því í fullri alvöru að Sjálfstæðisflokkurinn eða Framsóknarflokkurinn beri ábyrgð á fjármálakreppunni í heiminum hefur hv. þingmaður ekki kynnt sér málið. Það er alveg 100% öruggt, enginn afsláttur gefinn af því. Sömuleiðis stend ég við það að ef hv. þingmaður telur að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn beri ábyrgð á tilskipan Evrópusambandsins um innstæðutryggingar hefur hv. þingmaður ekki kynnt sér málið. Það er svo einfalt og hefur ekkert með skoðanir að gera. (Gripið fram í.) Það snýst um hvort viðkomandi aðili hafi í besta falli kynnt sér málið eða hvort hún tali kannski gegn betri vitund. En hér erum við að ræða mjög mikilvægt mál og það standast ekki þær röksemdir sem færðar eru fram fyrir þessum málum. Hér er meiri hlutinn að keyra í gegn mál sem kostar 100 milljónir á hverju ári fyrir skattgreiðendur og ætlar væntanlega að taka það af velferðarþjónustunni þrátt fyrir að forsendur hafi gerbreyst frá því að þetta mál var lagt fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjararáð o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna). — Þskj. 303.

[16:44]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Hér er til 3. umr. frumvarp um kjararáð sem var hér til nokkuð ítarlegrar umræðu fyrir nokkrum dögum og síðan hjá nefnd aftur milli 2. og 3. umr. í framhaldi af umræðum hér og vegna óska einstakra þingmanna þar um. Frumvarpið tekur ekki breytingum á milli 2. og 3. umr. Það gerir í grófum drættum ráð fyrir því að laun forsætisráðherra verði hæstu laun eða það viðmið sem haft verður við ákvörðun um heilsdags dagvinnulaun forstöðumanna ríkisfyrirtækja og stofnana. Það er óbreytt. Þar er sett það meginviðmið sem áður hefur verið fjallað um. Þó að það sé sett sem meginviðmið útilokar nefndin ekki með öllu að einstök tilfelli geti kallað á einhverja álagspunkta en slíkir punktar hafa verið fáir og varða óverulegar fjárhæðir. Auðvitað getur verið um einhverjar kostnaðargreiðslur utan

heildarlauna manna sem varða þá útlagðan kostnað eða aðra slíka hluti en það er skilningur meiri hluta nefndarinnar að þetta sé viðmiðið og meginreglan sem kjararáð á að hafa til hliðsjónar í sínum ákvörðunum og gerir engar tillögur um breytingar á milli umræðna þar um. En sjónarmið voru um að ganga ekki lengra í því að takmarka þetta við dagvinnulaun heldur heildargreiðslur. Í ljósi aðstæðna er ekki talið tilefni til að ganga svo langt og að skemmra ætti að ganga í því að setja ekki þetta viðmið um að forsætisráðherra eigi í „prinsippinu“ að vera hæstlaunaði yfirmaðurinn í ríkiskerfinu. Undirmenn hans eigi ekki að vera á hærri launum en hann sjálfur en það er út af fyrir sig viðmið sem hefur oft komið til umræðu á hinum pólitíska vettvangi.

Að lokinni þessari umræðu leggur meiri hluti nefndarinnar til eftir sem áður að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem á þeim urðu við 2. umr.

[16:46]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins gagnrýnt þetta frumvarp og bent á að í þessu felist í besta falli nokkur hræsni að ætla að markmið þess nái fram að ganga. Ég vil spyrja hv. þingmann í ljósi þess að í hv. viðskiptanefnd var símafundur með Mats Josefsson nokkrum sem er mönnum að góðu kunnur. Hann hefur gagnrýnt að Bankasýslan sem var til umræðu áðan — að væntanlega yrði erfitt fyrir … Virðulegi forseti, það er dálítið erfitt að eiga orðastað við hv. þingmann þegar hann er upptekinn á öðrum fundi.

Mats Josefsson sagði að erfitt yrði að ná erlendri sérfræðiþekkingu inn í Bankasýsluna, að ráða erlenda sérfræðinga til starfa þar vegna þessarar launastefnu ríkisstjórnarinnar. Ég ítrekaði þessa spurningu til hans á símafundi milli 2. og 3. umr. og þá sagði hann að það hefði ekkert breyst, hann hefði enn þá áhyggjur af þessu efni. Hann sagði að það væri þó sennilega hægt að ráða erlenda ráðgjafa til að vinna ákveðna vinnu. Því spyr ég hv. þingmann: Verður það þannig sem farið verður í kringum þessi ágætu lög, eða ekki svo ágætu lög, að ekki verður hægt að ráða hæfasta fólkið til starfa vegna þess að þau eru launuð samkvæmt því en farið fram hjá þeim með því einfaldlega að ráða ráðgjafa þar sem ekkert launaþak er? Hvað er þá unnið með því? Er þetta ekki einmitt eins og við höfum sagt, nokkur hræsni?

[16:48]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég undrast orð hv. þingmanns um hræsni því að fyrst man ég eftir að þetta efni hafi komið til umræðu í fyrirspurnatíma þegar ég beindi fyrirspurnum til þáverandi hæstv. fjármálaráðherra Árna Mathiesens og fyrrverandi leiðtoga Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi. Hann taldi eðlilegt að sett yrði viðmiðun, þak á laun þeirra sem hér um ræðir og það væri ekki óeðlilegt að í því efni væri litið til launa forsætisráðherra. Ég hygg að menn í öllum flokkum hafi fylgt þeim sjónarmiðum, sumir hverjir a.m.k., sem koma fram í þessu frumvarpi og felst engin hræsni í því.

Auðvitað þýðir það að ekki er hægt að ráða alla í heiminum sem mann langar til að ráða vegna þess að launanum eru takmörk sett og það er vissulega annmarki og gæti verið annmarki í störfum Bankasýslunnar og er engin ástæða til að draga úr því. Það eru kostir og gallar á öllum málum. Það er hins vegar skoðun þeirra sem fara með ríkisrekstrinn núna og þurfa að koma böndum á hann að það hafi hlaupið nokkur ofvöxtur í laun þess hóps sem hér um ræðir. Að menn hafi í góðærinu eða útrásinni misst stjórn á þessum þætti og að setja þurfi mjög skýrar skorður og mörk í því. Hvort það verður til þess að menn kaupi sér ráðgjöf er ekki hægt að útiloka. En hitt vita allir þeir þingmenn sem hér inni eru að þær fjárhagsskorður sem ríkisstofnunum og fyrirtækjum verða búnar á næstu árum verða ekki þannig að menn geti aukið kostnað við aðkeypta ráðgjöf heldur verður það einn af þeim liðum sem helst verður fyrir niðurskurðarhnífnum. Mönnum verður því skorinn nokkuð þröngur stakkur í því efni þó að auðvitað geti þurft að kaupa dýra ráðgjöf frá einum tíma til annars, eins og hv. þingmaður þekkir frá því að hún starfaði í forsætisráðueytinu og þurfti oft og tíðum að gera það jafnvel þótt ekkert launaþak væri.

[16:51]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að einhverjir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi á einhverjum tíma talað um að eðlilegt væri að setja þak og að miða ætti við laun forsætisráðherra. Þó held ég samt sem áður að menn hafi kannski — ja, ég tala bara fyrir sjálfa mig, ég mundi alla vega halda að við þyrftum að skoða hvort það þak sé raunverulegt. Raunveruleikinn er sá að nú þegar eru mörg hundruð ríkisstarfsmenn á hærri launum en hæstv. forsætisráðherra og ég nefni heilbrigðisstéttina sérstaklega. Ég skil ekki, og það er það sem ég vil og leyfi mér að kalla hræsni, virðulegi forseti, að þú náir þessum markmiðum nema með því aðeins að þú missir hæft fólk út úr þessum geirum og það sem ég óttast miklu meira er að þú missir þetta fólk úr landi. Þá vil ég aftur nefna heilbrigðisstarfsmenn sérstaklega og þar óttast ég að við gætum átt við raunverulega atgervisflótta að stríða og það er ekki það sem ég óska okkar góðu þjóð.

Varðandi aðkeyptu ráðgjöfina vil ég segja það, og það var það sem ég var að leita eftir hjá hv. þingmanni: Er þetta kannski ein leiðin sem menn munu nota til að komast fram hjá þessum lögum? Ég þarf enga kristalskúlu til að spá fyrir um að farið verði fram hjá þessum lögum með öllum tiltækum ráðum og við vitum að þegar þú stendur í því að þurfa að ráða til þín fólk og það er samkeppni milli einkageirans og ríkisgeirans að ef þú ert með einhver bullákvæði eins og þarna eru munu menn kaupa ráðgjöf í verktakagreiðslum. Menn munu koma með alls konar sport, bílastyrki, ferðapeninga, ferðafólk á ráðstefnu (Forseti hringir.) og gera alls konar brellur, leyfi ég mér að segja, til að vera samkeppnisfærir. Þess vegna, (Forseti hringir.) virðulegur forseti, eru þessi lög hræsni.

[16:53]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég held að það sé út af fyrir sig ágætt að hv. þingmaður rýni í kristalskúluna fyrir okkur og spái

fyrir um framtíðina. Ég hef þó ekki áhyggjur af því að þessi víðtæku áhrif verði af málinu sem hún lýsir. Það nær auðvitað til takmarkaðs hóps og ég held að það sé þess vegna ástæðulaust fyrir hv. þingmann að hafa áhyggjur af heilbrigðisstarfsmönnum því að þetta nær ekki til lækna almennt. Hér er um að ræða forstöðumenn ríkisstofnana og hlutafélaga í eigu ríkisins, þ.e. stjórnenda, og ég held að almennt séu menn sammála um að síðustu árin hafi hlaupið nokkur ofvöxtur í laun stjórnenda, bæði á hinum almenna markaði og á ríkismarkaðnum og að búið sé að taka á því á hinum almenna markaði víða. Það er því eðlilegt að ríkið taki líka á því hjá sér, setji skorður við því hve há laun stjórnendur geta samið um. Í sjálfu eru ekki nein einföld sannindi um samhengi launa og árangurs í starfi eins og starfsemin í samfélaginu hefur sýnt okkur á síðustu árum, hæstu launatékkarnir fóru kannski ekki endilega til farsælustu stjórnendanna í samfélaginu. Þess vegna held ég að verið sé að gera of mikið úr málinu með því að hafa þessar miklu áhyggjur af því. En ég held engu að síður að það sé mikilvægt að við sýnum að ríkið bregst líka við í þessu og dregur mörk og setur skorður við því hversu há laun stjórnendur hjá því geta haft. Ég lýsi þeirri eindregnu von að það hafi ekki áhrif á kosti þeirra stjórnenda sem við höfum í störfum núna og að frumvarpið verði sannarlega til góðs og límí saman í samfélaginu fremur en hitt.

[16:55]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. Helga Hjörvars, formanns efnahags- og skattanefndar, olli mér miklum vonbrigðum. Við áttum orðastað og mjög góða umræðu síðast á milli umræðna þegar þetta mál bar á góma. Ég tel að sú umræða sem þá fór fram milli þingmanna meiri hluta og minni hluta hafi verið málefnaleg og góð. Þar fóru menn yfir augljósa galla á þessu máli og hv. þm. Helgi Hjörvar hafði um það góð orð að farið yrði vel yfir málið. Ég man að ég hvatti hann mjög til þess og ég hafði trú á því að hv. þingmaður mundi beita sér í málinu til að taka af því augljósa vankanta því að það er ekki hægt að afgreiða þetta sem smámál vegna þess að það snerti svo fáa og muni ekki hafa neinar afleiðingar.

Hér voru heilbrigðismálin rædd í andsvari hjá hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur og hv. þm. Helga Hjörvar. Formaður efnahags- og skattanefndar, hv. þm. Helgi Hjörvar benti réttilega á að það mundi snerta mjög fáa þar. Það er svolítið lagt í með því að segja fáir, það er nákvæmlega, einn í þessum geira sem veltir yfir 100 milljörðum kr. á fjárlögum, það snerti einstakling. Ég sagði í umræðunni að það eina sem vantaði væri kennitalan á viðkomandi einstaklingi. Það er forstjóri Landspítalans. Forstjóri Landspítalans er Hulda Gunnlaugsdóttir sem var áður forstjóri á stærri spítala í Noregi og þegar hún flutti heim var nokkurn veginn um sömu launakjör að ræða fyrir hana sem forstjóra Landspítalans og í þeirri stöðu sem hún gegndi áður. En ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar lækkaði laun hjá hæst launuðu starfsmönnum ríkisins um 10%, ef ég man rétt. Síðan eru náttúrlega búnar að vera miklar gengisbreytingar þannig að þetta er um 1/3 af þeim launum sem forstjóri Landspítalans hefur í samanburði við þau laun sem eru í sambærilegum stöðum annars staðar.

Nú skulum við kippa út viðkomandi einstaklingi, hætta að tala um hana, en við skulum tala um heilbrigðisgeirann. Ef við ætlum að ná árangri í heilbrigðismálum, og ég þekki það vel, að halda okkur innan ramma fjárlaga hjá stofnunum og hafa þá þjónustu sem við viljum hafa, sem er afskaplega erfitt verkefni, er algerlega ljóst að við þurfum að hafa mjög hæfa stjórnendur. Reynslan sýnir, og þá höfum við horft til annarra landa, sérstaklega Norðurlandanna, að heilbrigðisstarfsmenn hafa reynst ákaflega farsælir stjórnendur. Auðvitað er það ekki algilt en vegna sérhæfingar á þessu sviði hafa heilbrigðisstarfsmenn reynst vel alla jafna og eru í forustu fyrir þessar stærstu stofnarnir og þessar smærri líka. Um 160 einstaklingar bara á Landspítalanum eru með hærri laun en forstjóri Landspítalans þegar við erum búin að breyta þessum lögum.

Ef við gefum okkur að þar séu einhverjir starfsmenn sem geta orðið hæfir, og nú er t.d. afskaplega hæfur einstaklingur sem gegnir stöðu forstjóra Landspítalans, hví skyldi viðkomandi einstaklingur fara í erfiðara starf með meiri ábyrgð fyrir miklu lægri laun? Fyrir breytingar eru einstaklingar með mun hærri laun en forstjórinn og þannig verður það alltaf. Ég tek hér heilbrigðisstarfsmenn sem dæmi en það er alveg örugglega hægt að taka fleiri dæmi, það er sá hópur fólks sem við erum í sérstakri samkeppni um við önnur lönd. Okkar vel menntaða starfsfólk getur auðveldlega gengið í störf nokkurn veginn hvar sem er í heiminum. Það er alveg ljóst að á Norðurlöndunum eru menn byrjaðir að bera víurnar í okkar fólk. Læknar koma ekki heim úr námi eins og þeir gerðu áður og það er alveg ljóst að það verður sérstaklega sótt á okkar fólk og stjórnendur.

Ég vil spyrja hv. þm. Helga Hjörvar, vegna þess að þegar við ræddum þetta fannst mér umræðan vera góð. Við tókum sérstaka umræðu um heilbrigðisstarfsemina, sérstaklega um þann sérkennilega vinkil að hér er um einn starfsmann í einum geira að ræða sem lögin munu taka til, en eins og við erum öll sammála um var það ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem fór strax í að lækka laun þeirra hæst launuðu í hinu opinbera kerfi, það var eitt af hennar fyrstu verkefnum. En við erum búin að vera að fikra okkur í þá átt að reyna að koma meiri reglu í launakerfi hins opinbera. Til þess var kjararáð sett á laggirnar. Eins og kom fram hjá hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur horfði hún í kristalskúlu og sá hið augljósa, hvað mundi gerast, en það er líka í gangi núna. Það kom alveg fram hjá öllum þingmönnum í meiri og minni hluta, menn eru algerlega tilbúnir í þá vinnu að endurskoða launakerfið eins hratt og mögulegt er, sérstaklega hjá þeim sem mest hafa.

Hér er mál sem hefur augljósa galla en ekkert sérstaklega marga kosti. Eins og við nefndum hefur þetta kannski fyrst og fremst einhvers konar áróðursgildi en gæti haft mjög slæmar afleiðingar. Ef við fáum ekki hæfa stjórnendur yfir stærstu stofnunum, fjárfrekustu stofnunum hins opinbera mun það annaðhvort koma niður á þjónustunni eða rekstrinum eða hvoru tveggja. Þetta eru gríðarlega erfið störf og við erum í samkeppni um fólk hvað þetta varðar við önnur lönd. Við eigum sem betur fer menntakerfi á heimsmælikvarða sem gerir það að verkum að okkar fólk

getur farið og starfað hvar sem er. Það er ekki þannig að það þurfi að hafa frumkvæði, það er haft frumkvæði að því að sækja þetta fólk. Mér fannst umræðan vera með þeim hætti að efnahags- og skattanefnd mundi setjast yfir þetta og í það minnsta, ef það ætti að klára þetta mál núna, sníða af því verstu vankantana sem menn voru sammála um í umræðunni að væru á því. Ég heyrði alla vega engin andmæli við þeim áhyggjum sem við veltum upp. Ég vil þess vegna spyrja hv. þingmann, formann nefndarinnar, Helga Hjörvar, sem ég trúi að hafi skilning á þessu máli og hefur oftar en ekki sýnt lipurð, forustu og skynsemi í þeim störfum sem hann hefur tekið að sér, af hverju menn hafa ekki gengið í þetta mál eins og lagt var upp með við lok síðustu umræðu. Við megum passa okkur núna þegar við erum með þessi stóru mál — þau eru svo sannarlega alveg gríðarstór og þá er ég að vísa í Icesave — að við göngum ekki frá málum sem eru smærri. Ég ætla ekki að halda neinu öðru fram, þau eru auðvitað miklu smærri, en við megum ekki kasta til höndunum og ganga frá hlutunum bara til þess að ganga frá þeim og þurfa síðan að fara í einhver viðhalds- og viðgerðarstörf á löggjafarsamkundunni þegar skaðinn er skeður. Enn og aftur minni ég á, og ég veit það og ætla hv. þingmanni ekki að snúa út úr því, ég trúi því að hv. þingmaður muni svara þessum spurningum, að ekki er deilt um að fara þurfi í endurskoðun á þessum málum. Það er ekki deilt um að það er ekki það samræmi sem ætti að vera, það er ekki deilt um að þetta er eitt af þessum verkefnum sem þarf að taka á. En ég heyrði engan mæla því bót að þetta frumvarp væri til þess fallið að reyna að hjálpa til við það. Raunar eru á því augljósir gallar og ég nefndi það sérstaklega og svo við tökum þessa einu stöðu sem þetta kemur við í heilbrigðiskerfinu, svo menn hafi það á hreinu, þá er Landspítalinn 1/3 af útgjöldum heilbrigðisþjónustunnar, hvorki meira né minna. Það hefur fyrst núna á síðustu tveimur árum náðst árangur frá því að spítalarnir voru sameinaðir í rekstri, þrátt fyrir að þjónustan hafi verið aukin. Það væri sorglegt ef við færum til baka hvað þetta varðar og mundum glutra niður þeim árangri sem við höfum náð.

Það er ekkert leyndarmál að við litum til Norðurlandanna sérstaklega. Ég spurði kollega mína á Norðurlöndunum, heilbrigðisráðherrana, á fundi hvað þeir gerðu ef sú staða væri uppi að stofnanir færu fram úr fjárlögum ár eftir ár eftir ár. Þeir skildu ekki spurninguna vegna þess að það viðgengst ekki annars staðar. Þetta var landlægt hér, við vorum að ná árangri, sérstaklega varðandi Landspítalann og að vísu fleiri stofnanir, en það gerðist ekki af sjálfu sér. Ég vonast til þess að ekki verði gengið þannig fram, hvort sem það er heilbrigðisráðherra eða annar ráðherra, sama hver það er, að viðkomandi aðili verði settur í þá stöðu að hann geti ekki séð til þess að allra hæfasta fólkið sem völ er á muni stýra þessum erfiðu stofnunum vegna þess að menn leggja fram frumvarp sem hljómar kannski vel í fréttatíma en gerir hlutina mjög erfiða í framkvæmd.

Virðulegi forseti. Að lokum. Ég vildi gjarnan biðja hv. þm. Helga Hjörvar í mestu vinsemd að svara því af hverju ekki var gengið í þetta verk eins og ég taldi og ég held að allir sem eru í salnum hafi talið að gert yrði milli umræðna.

[17:08]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og fleiri lögum sem snýr fyrst og fremst að því að fella æðstu embættismenn opinberra stofnana undir kjararáð. Markmiðið með þessu frumvarpi er að lækka launakostnað hins opinbera um allt að 50 millj. kr. á ári en jafnframt er þess getið í umsögn um frumvarpið frá fjármálaráðuneyti að hugsanlegt sé að lækkun launa næstæðstu stjórnenda í viðkomandi stofnunum eða félögum sem gætu orsakast af lækkun launa forstöðumanna. Andi þessarar löggjafar er sem sagt sá að það eigi að byrja á forstöðumönnum þessara stofnana og fyrirtækja og síðan eigi þau áhrif að smitast út til viðkomandi stofnana.

Þá vil ég, rétt eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, velta heilbrigðiskerfinu fyrir mér og almennt á hvaða vegferð við erum því að ég tel, óháð því í hvaða flokkum við stöndum, hvort sem við erum í stjórnarmeirihluta eða minni hluta, að við þurfum öll að vita á hvaða vegferð við erum. Í því árferði sem nú er hafa skuldir miðaldra fólks stórhækkað á undangengnum mánuðum, launin eru að lækka og er boðað að þau verði lækkuð enn meira. Búið er að boða það að skattar verði hærri og í ljósi þess að krónan hefur fallið svo gríðarlega er ljóst að starfskjör menntaðra Íslendinga á erlendri grundu í íslenskum krónum hafa tvöfaldast í kjölfar hruns krónunnar. Þá er ástæða til að við stöldrum við og veltum fyrir okkur samkeppnishæfni landsins og kannski sérstaklega hins opinbera og þess besta heilbrigðiskerfis sem komið hefur verið á laggirnar í vestrænum löndum og á heimsvísu. Sjálfur frétti ég um helgina af tveimur fjölskyldum sem eru að selja búslóðir sínar, vel menntað fólk, og flytja til Noregs.

Það sem ég vil segja með þessum fáu orðum sem ég ætla að viðhafa um þetta mál er að við þurfum að passa okkur í því að ganga ekki of langt í því að lækka launin og skera niður þannig að það endi ekki með því að við missum kynslóðina 25–45 ára, barnafólkið, vel menntaða fólkið úr landi vegna þess að allar aðstæður þar, starfskjör og fleira, eru mun betri en hér á landi. Við ræddum þetta á vettvangi efnahags- og skattanefndar og svo ég sé alveg heiðarlegur í því held ég að það sé ekki meiningin hjá ríkisstjórninni að ganga fram með þeim hætti að skerða kjör lækna í þessu landi um helming eða eitthvað slíkt. En við þurfum samt að vara okkur á þessari þróun og það er víðfrægt hvaða leið Bandaríkjamenn fóru í stóru kreppunni upp úr 1930 til að komast út úr henni, þeir skáru mjög mikið niður og þeir gættu mikils aðhalds í útgjöldum hins opinbera. Á sama tíma fækkaði störfum í landinu og það myndaðist eins konar spírall. Það var ekki fyrr en Bandaríkjamenn fóru að auka við verklegar framkvæmdir og auka umsvif og útgjöld ríkisins að efnahagslífið fór að taka við sér. Hann er vandrataður sá meðalvegur sem við verðum að ganga og þó að ég sé að tala almennt um kreppu í sambandi við þetta mál er það frumvarp sem við ræðum hluti af því efnahagsástandi sem blasir við okkur öllum. Við þurfum öll sem eitt að reyna að finna bestu lausnirnar til að rata þennan vandrataða meðalveg. Til að mynda ef við horfum til heilbrigðisstéttarinnar vil ég ekki sjá okkar færustu lækna og hjúkrunarfólk flytjast unnvörpum úr landi. Þess vegna væri gott

að heyra skilning forustumanna efnahags- og skattanefndar á því að starfsmenn ákveðinna stofnana geti verið með hærri laun en til að mynda forsætisráðherra eða er það svo að menn ætli sér að ganga mjög langt í þessum niðurskurði? Ég hef þá trú að geri menn það sé verulega mikil hætta á atgervisflótta frá Íslandi, því miður, og þá mun kannski okkar best menntaða fólk verða fyrst til að flytja. Það er, vel að merkja, margt nýkomið úr námi frá útlöndum, skuldar húsnæðislán, skuldar námslán en hefur há laun en þau á að lækka og það á líka að hækka skattbyrðina. Á sama tíma horfir þetta fólk upp á það að aðstæður erlendis hafa breyst gríðarlega, það er eftirspurn eftir starfskröftum þess þar og launin á erlendri grundu eru orðin tvöfalt hærri en þau voru fyrir sex mánuðum. Mér finnst að í þessari umræðu þurfi það að koma fram, og þá kannski sérstaklega frá ráðandi öflum í þessu samfélagi, þ.e. þingmönnum stjórnarmeirihlutans, hvort menn ætli að keyra þennan niðurskurð svo hart fram, og þá kannski sérstaklega í heilbrigðiskerfinu, að þetta geti orðið raunin, þ.e. að enginn læknir eða heilbrigðisstarfsmaður geti verið með hærri laun en forsætisráðherra. Við búum nefnilega við þann veruleika í dag að það eru hundruð lækna sem hafa munu hærri laun og ætla menn sér núna á erfiðum niðurskurðartímum að lækka laun þessarar stéttar með þessum hætti? Ég stend þá í þeirri trú að ef menn ætla sér að fara í mjög harðar aðgerðir í þeim efnum muni verða veruleg liðsfækkun í öflugu liði í heilbrigðisstéttinni sem við höfum búið að um árabil. En þetta eru almennar áhyggjur sem ég vildi reifa í þessu efni.

Við höfum lækkað laun þingmanna á Alþingi. Það er búið að lækka laun skrifstofumanna í ráðuneytum og laun ráðuneytisstjóra, við höfum svo sem byrjað á þeim endanum. Sjálfur hef ég talað fyrir því að það þurfi að lækka útgjöld hins opinbera og það þarf að gera með einhverjum hætti. Ef við tökum tillit til þess að 70–75% af útgjöldum ríkisins eru laun segir það sig sjálft að eitthvað verður að gera í þeim pósti líka en það er spurning um aðferðafræðina og hversu hratt og djarft menn ætla í þessar aðgerðir. Mér finnst mikilvægt að við fáum einhverjar upplýsingar um það í þessari lokaumræðu frá hv. þingmönnum og forustumönnum nefndarinnar því að þetta er vandasamt mál og við megum ekki stuðla að því að Ísland verði mikið láglaunaland. Að þeir fari til útlanda sem hafa mestu menntunina og bestu tækifærin og eftir séu færri bök í landinu til að bera þær gríðarlegu skuldabyrðar sem blasa við okkur öllum. Það verður mjög erfitt að kljást við. Við þurfum á þessu fólki að halda. Ég er mjög hræddur um það að öllu óbreyttu, reyndar deila menn um þetta, að við getum horft á sama atgervisflótta úr landi eins og Færeyingar gerðu í upphafi 10. áratugar síðustu aldar og þeir voru mörg ár að vinna sig út úr því. Þess vegna þurfa skilaboð stjórnvalda að vera mjög skýr og reyndar hefði ég viljað ganga lengra. Ég veit að hv. þm. Lilja Mósesdóttir er mér sammála um það. Ég hefði viljað koma til móts við skuldug íslensk heimili fyrir mörgum mánuðum, þá kynslóð sem ég hef talað um, fólk á aldrinum 25–45 ára sem er með gríðarlega miklar skuldir. Það fólk átti skilið einhverja leiðréttingu á því efnahagshruni sem hér varð sem forustumenn fyrrverandi þriggja stærstu bankanna stóðu m.a. að með áhlaupi á íslensku krónuna sem hleypti verðbólgunni upp, við þekkjum öll þá sögu. En því miður hafa allt of margir mánuðir liðið í aðgerðaleysi, án þess að þessari kynslóð, skuldugustu kynslóð Íslandssögunnar, hafi verið hjálpað. Ég bið menn í að fara mjög varlega í að stórlækka laun þessarar sömu kynslóðar sem eytt hefur miklum fjármunum í að afla sér víðtækrar menntunar og skuldar þar af leiðandi námslán, húsnæðislán, eins og ég sagði áðan. Og ef við ætlum að fara að lækka launin hjá þessu fólki og hækka skattana á sama tíma og fólk horfir upp á að húsnæðislán þess hafa jafnvel tvöfaldast er ég alveg viss um, eins og ég heyrði um helgina hjá þessum tveimur fjölskyldum sem eru að selja búslóðir sínar og flytja til Noregs, að fleiri munu flytja til útlanda. Það er áhyggjuefni fyrir okkur öll því að þá munu mun færri standa undir þeim skuldbindingum sem við höfum tekið á okkur og hugsanlega þeim skuldbindingum sem munu felast í þeim víðfrægum Icesave-samningum sem vonandi verða ekki samþykktir á þessu þingi. Ef þeir verða samþykktir verður vaxtabyrðin ein frá áramótum 24 milljarðar kr., 24 þúsund milljónir, og ég hef ekki enn fengið skilið af hverju við eigum að greiða vexti frá áramótum en ekki frá þeim degi sem við skrifuðum undir það samkomulag, ef það verður samþykkt sem ég vona að verði ekki, því að 24 milljarðar er mikið fé. Það má reka Landspítala – háskólasjúkrahús í níu mánuði þar sem þúsundir manna vinna, stærstu vinnustöð landsins, fyrir þessa 24 milljarða sem samninganefnd ríkisins skrifaði undir með fyrirvara um stuðning Alþingis að Íslendingar ættu að undirgangast.

Þess vegna er hætta á, ef okkur fækkar og okkar besta fólk fer að flytjast af landi brott, vonandi þá tímabundið, að það verði enn þá erfiðara fyrir okkur og jafnvel ómögulegt að standa undir öllum þeim skuldbindingum sem við höfum þurft að takast á hendur í kjölfar þessa efnahagshruns. Ég vildi því í stuttri ræðu koma með almenn sjónarmið og hugleiðingar um það á hvaða vegferð við erum. Í nefndinni leyfir formaður hennar mjög frjálsleg skoðanaskipti og mér finnst að þar hlusti menn hver á annan hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu og þannig þarf það að vera miklu víðar á vettvangi þingsins. En ég tel því miður að hæstv. ríkisstjórn hafi gersamlega horfið frá því, hafi hún einhvern tíma ætlað sér það, að eiga samráð við okkur í stjórnarandstöðunni. Þótt við höfum komið fram með margar hugmyndir og tillögur um úrbætur í efnahagsmálum, málefnum fjölskyldnanna, hefur ekkert af þeim tillögum verið tekið til greina sem er miður því að nú eru liðnir margir mánuðir og fer að styttast í að ár sé liðið frá efnahagshruninu stóra. Mér hefur fundist vanta að menn kæmu með heildstæða framtíðarsýn og helst hefðum við öll þurft að sameinast um það á þinginu. En því miður eru menn enn í skotgrafarhernaðinum, ráðherrar í ríkisstjórninni keppast við að tala niður þær hugmyndir sem þingmenn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Borgarahreyfingarinnar hafa komið fram með og okkur hefur ekki orðið neitt ágengt í þeim efnum. Það er miður og það er verst fyrir heimilin í landinu. Í því samhengi segi ég að við skulum fara varlega í því að stórskera niður laun opinberra starfsmanna og stórskera niður lífskjörin í landinu vegna þess að það hefur gríðarlega mikið hrun átt sér stað. Það getur vel verið að fyrir vel menntað fólk verði það miklu betri kostur að flytja af landi brott, yfirgefa ættjörð sína. Það er örugglega

þyngra en tárum taki fyrir okkur þingmenn að horfa upp á slíka þróun ef hún brýst fram af alefli, rétt eins og frændur okkur í Færeyjum þurftu að upplifa upp úr 10. áratug síðustu aldar.

[17:21]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér finnst gæta ákveðins misskilnings í umræðunni um kjararáð. Ástæðan fyrir því að verið er að lækka laun forstöðumanna er ekki sú að verið sé að færa þá undir kjararáð heldur vegna þess að við höfum verið að fara í gegnum mikla fjármálakreppu undir leiðsögn lánardrottins sem er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Þessi lánardrottinn hins íslenska ríkissjóðs krefst þess að við skerum niður útgjöld ríkisins.

Við bankahrunið eignaðist ríkið mjög mörg fyrirtæki sem áður voru einkafyrirtæki. Þar hafði launaþróunin verið gerð dreifstýrð. Hún var miklu miðstýrðari fyrir 10–15 árum og þessi dreifstýring varð til þess að laun hækkuðu mikið, sérstaklega hjá toppunum í þessum fyrirtækjum — reyndar ekki bara hjá toppunum heldur líka samanborið við æðstu embættismenn hjá ríkinu. Ríkið er því að fá í hendurnar fólk á mjög háum launum, fólk sem er á mun hærri launum en annað fólk sem hefur lengi verið ríkisstarfsmenn og er í sambærilegum störfum. Það er hreinlega ólöglegt að borga mismunandi laun fyrir sambærileg störf þannig að ég sé að sem jákvætt að verið sé að færa þessa forstöðumenn stofnana inn undir kjararáð. Það er hægt að nota kjararáð til að tryggja að ríkið borgi sömu laun fyrir sambærileg störf. Það er jafnframt von mín að þessi aukna miðstýring sem kjararáðið er dæmi um muni líka halda (Forseti hringir.) þegar fer að ganga betur í efnahagslífinu þannig að það séu ekki bara topparnir sem njóta góðs af aukinni velmegun heldur (Forseti hringir.) hækki allir sem falla undir kjararáð.

[17:23]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að ég hafi ekki misskilið það frumvarp sem við ræðum. Ég held að við höfum sameiginlegan skilning um það hvaða afleiðingar frumvarpið eitt og sér mun hafa gagnvart forstöðumönnum þessara stofnana. En hins vegar beindi ég spurningum mínum um heilbrigðiskerfið m.a. til hv. þm. Lilju Mósesdóttur. Mér finnst skipta miklu máli í þessari umræðu að við fáum á hreint hvort það sé virkilega stefna ríkisstjórnarinnar að skera laun lækna niður, jafnvel um 50%, eða hver er stefnan? Það er svo mikilvægt að héðan frá Alþingi berist skýr skilaboð þannig að fólk viti í raun og veru hvert stefna skal, hvert ríkið ætlar að stefna í þessum efnum. Það er með því hugarfari sem ég kom inn í þessa umræðu að ég tel hættu á atgervisflótta hjá okkar hæfasta fólki, sérstaklega í heilbrigðisgeiranum, og ég lagði þess vegna sérstaka áherslu á að við þyrftum að fá það á hreint hver afstaða forustumanna nefndarinnar væri gagnvart þeim stéttum, þ.e. heilbrigðisstéttunum. Svo get ég alveg tekið undir með hv. þingmanni að það mátti leiðrétta starfskjör í gömlu, stóru bönkum, ég held að landsmenn séu okkur sammála um að þar mátti vera miklu meira hóf og meira samræmi á milli hlutanna. Að sjálfsögðu get ég tekið undir það.

Ég nefni þetta í þessu samhengi og reyndar líka heildarsamhengið, Icesave-samningana sem hv. þm. Lilja Mósesdóttir hefur verið mjög gagnrýnin á, og fleira, leiðréttingu á lánum til handa heimilum. Ef við horfum upp á stórfelldan fólksflótta úr landinu segja allar greiningar á skuldaþoli þjóðarinnar okkur að þá er mjög ólíklegt að íslenskt þjóðarbú geti til framtíðar staðið undir þeim skuldbindingum sem blasa við okkur í dag.

[17:25]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem í sjálfu sér er endurómur af þeirri umræðu sem var við 2. umr. Ég vil alls ekki gera lítið úr áhyggjum manna og tek undir með hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að auðvitað er í þessu efni vandrataður meðalvegurinn. Sannarlega er það áhyggjuefni fyrir Ísland í alþjóðlegri samkeppni þegar verðmæti gjaldmiðilsins hefur hrunið um helming. Og auðvitað mun það hafa áhrif á samkeppnishæfni okkar um ýmsa sérfræðinga næstu missiri og ár að öllum líkindum, sú mikla breyting, en hún er auðvitað ekki fólgin í því litla máli sem er hér til afgreiðslu heldur í því efnahagshruni sem orðið hefur.

Auðvitað skiptir það gríðarlega miklu máli, og kannski ekki síst í heilbrigðiskerfinu sem hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra nefndi og ber fyrir brjósti ekki síður en hv. þm. Birkir Jón Jónsson, að við getum haldið mikilvægum sérfræðingum og boðið laun þannig að við getum haldið áfram traustum stoðum í því öfluga heilbrigðiskerfi sem okkur hefur tekist að reka. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að þetta mál snertir í raun og veru aðeins einn starfsmann í heilbrigðiskerfinu þannig að menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því í tengslum við þetta tiltekna mál að fara í launalækkanir. Það lýtur að tiltölulega litlum hópi stjórnenda en er engu að síður mikilvægt.

Það er skemmst frá því að segja, vegna spurningar frá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, að við tókum málið upp milli umræðna í efnahags- og skattanefnd og ég held að það hafi einfaldlega ekki verið gerðar neinar breytingar eða hugmyndir og tillögur að breytingum sem áttu nýju fylgi að fagna í nefndinni. Það eru engar augljósar og betri leiðir við að reyna að sigla þann meðalveg sem hér er verið að feta. Ég held að við verðum að hafa á því nokkurt traust að fyrir 935 þús. kr. á mánuði má finna býsna mikið af býsna góðum stjórnendum í öllum geirum og þó að það sé virðingarvert af fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra að bera þann geira fyrir brjósti sem hann hefur haft forustuhlutverk í og taka hann hér til umræðu eru það sjónarmið sem má færa fram í ýmsum öðrum geirum líka. Við hv. þingmaður þekkjum til að mynda ágætlega til í orkugeiranum, að hið sama hefur gerst í opinberum fyrirtækjum og hálfopinberum fyrirtækjum varðandi launakjör stjórnenda á síðustu árum, að þau hafa farið umtalsvert upp fyrir það sem áður þekktist í hinum opinbera geira, þau hafa farið upp fyrir laun ráðherra og eins og hinna æðstu embættismanna í stjórnkerfinu. Ég held, með djúpri virðingu fyrir þeim stjórnendum sem við höfum átt í orkugeiranum, að það hafi ekki þýtt að við séum með svo miklu betri stjórnendur nú

en fyrir nokkrum árum. Ég held að við eigum sannarlega góða von til að halda hæfum stjórnendum með þeim launum sem verið er að marka í þessum stofnunum og fyrirtækjum og fá góða og öfluga stjórnendur. Ég hlýt auðvitað að vekja athygli á því sem formaður nefndarinnar að hér er um að ræða stjórnarfrumvarp. Það inniber að ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem þurfa að annast framkvæmdir þeirra laga sem eru samþykkt í þinginu treysta sér til þess að ráða stjórnendur til að framfylgja samþykktum þingsins og þeim lögum sem sett eru innan þess ramma sem hér er lagður til. Það getur auðvitað verið að í einstaka málum muni þar reyna á og það leiðir tíminn einn í ljós.

Ég undirstrika að ég vil alls ekki gera lítið úr þeim áhyggjum sem menn hafa lýst vegna þess að auðvitað verður það hið stóra verkefni sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefndi, nú þegar þetta Icesave-mál verður að baki — vonandi fljótlega — að koma krafti í atvinnulíf og verðmætasköpun á ný til að hér geti skapast forsendur fyrir því að við getum boðið kjör sem eru samkeppnishæf á alþjóðlegan mælikvarða. Eins og kom fram hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni hafa einstaka sérfræðingar og stjórnendur, ekki bara hjá hinu opinbera heldur ekkert síður á einkamarkaðnum, auðvitað fallið gríðarlega í launum í hinum alþjóðlega samanburði við gengisfall krónunnar. Það mun gera okkur erfitt fyrir í samkeppni um vinnuafl á næstu árum en lykillinn að því að breyta því er sá að við einhendum okkur í að koma Íslandi aftur í alþjóðlegt viðskiptaumhverfi og koma hjólum atvinnulífsins og verðmætasköpunarinnar í gang. Ég treysti því að á meðan við erum að vinna að þeim verkefnum munum við finna stjórnendur í þessi mikilvægu störf sem þetta litla mál snertir sem séu góðir og hæfir stjórnendur og fáist til að ráða sig á þeim launakjörum sem forsætisráðherra Íslands eru búin. Ef svo er ekki held ég að við þurfum að hafa miklar áhyggjur af þeim launakjörum sem forsætisráðherra eru búin.

[17:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki heyrt annað en að menn ætli bara að fara fram með opin augun með þetta mál þrátt fyrir augljósa ágalla. Ég get ekki skilið það öðruvísi en að hv. þingmaður og stjórnarþingmenn allir skilji augljósu vankantana á þessu máli. Við vitum öll að þetta mun hafa mikil áhrif — almenn staða efnahagsmála, við urðum verr fyrir fjármálakreppunni en flestar aðrar þjóðir, það hefur áhrif. Við erum að gera okkur enn erfiðara fyrir með þessu máli og menn eru með opin augun varðandi það.

Ég vildi þá spyrja, af því að hér tala menn alltaf um 935 þúsundin: Er það þannig þegar við tölum um kjör forsætisráðherra, eru þá fríðindi inni í því? Mun þá forstjóri Landspítalans fá bílstjóra og bíl, (Gripið fram í.) pólitískan aðstoðarmann? Mun forstjóri Landspítalans, svo ég taki bara dæmi, þá fá aðgang að sumarbústað á Þingvöllum eða önnur þau fríðindi sem fylgja því að vera forsætisráðherra, lífeyrisréttindi og annað slíkt? Munu menn þá fara að samræma þetta og aðrir þeir forstöðumenn sem undir kjararáð heyra? Mun þetta ganga þá leiðina að menn reikni þessa hluti til launa eða verður það orðin regla að forstöðumenn ríkisstofnana verði með bílstjóra? Verður það línan? Mér þætti forvitnilegt að heyra um það.

[17:34]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Hann hefur hér með málefnalegum hætti vakið athygli á ákveðnum annmörkum sem hann telur vera á málinu sem geti haft alvarlegar afleiðingar. Hann hefur lýst þeim býsna vel og glögglega og málið hefur verið tekið til nefndar milli umræðna. Það eru engar breytingar gerðar á því þannig að það er augljóslega mat meiri hlutans hér og mín sem formanns nefndarinnar að þeir hagsmunir sem í því felast að samþykkja málið séu umtalsvert meiri en þeir annmarkar sem hann hefur bent hér á.

Hv. þingmaður spyr svo hinna ágætustu spurninga, sem hefðu í raun og veru átt að koma fram miklu fyrr við umfjöllun málsins, þ.e. hvað þetta þýðir nákvæmlega, hvað dagvinnulaun þýða o.s.frv. Hér hefur margoft verið undirstrikað við umræðuna að 935 þúsund séu meginviðmiðið og það væri í algjörum undantekningartilfellum ef það væri eitthvert álag eða einhverjir slíkir hlutir sem úrskurðaðir væru á það þó að meiri hluti nefndarinnar hafi ekki viljað útiloka það.

Hvað fríðindin varðar held ég að þróunin í þeim efnum sé einmitt í þá átt að afnema þau fríðindi sem eru í þessu efsta lagi. Þannig hefur forsætisráðherra fallið frá handhafalaunum sem hann naut áður. Þannig hafa lífeyrisréttindi bæði alþingismanna og ráðherra verið tekin til endurskoðunar, þannig verða dagpeningakerfi og hvers kyns sporslukerfi sem notuð hafa verið til þess að smyrja ofan á laun, endurskoðuð til lækkunar almennt í kerfinu en ekki til hækkunar. Ég held að það sé ágætt að undirstrika það hér við þessa umræðu. Ég treysti mér ekki til að fullyrða neitt varðandi aðgang að sumarbústað enda tel ég að það sé kannski fulllítill (Forseti hringir.) þáttur í kjörum stjórnenda ríkisstofnana til þess að við séum að úrskurða (Forseti hringir.) um það hér á Alþingi.

[17:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það gat nú verið að þetta væri mér að kenna að koma ekki með þessa athugasemd fyrr. En ég verð að segja að ég hélt í fullri alvöru að menn mundu skoða þetta mál, sem augljóslega er mjög gallað, af alvöru milli umræðna. Og ég vona að þetta sé ekki einhver lenska að menn segi bara að verið sé að taka hluti á milli umræðna bara til þess að róa þá umræðu sem er í gangi hverju sinni, heldur að það sé tekið alvarlega. Þetta er auðvitað stórmál. Það er alveg ljóst og hefur komið fram að við munum sjá hér kjaraskerðingu hjá öllum, vonandi allra minnst hjá þeim sem minnst hafa en óhjákvæmilega mest hjá þeim sem mesta hafa, það er bara þannig.

Hins vegar ef við búum þannig um hnútana og gerum það alveg sjálf getum við ekki keppt um bestu stjórnendurna í erfiðustu stöðurnar nema með því að fara í einhverjar æfingar, einhverjar fríðindaæfingar og slíkt sem t.d. hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir spáði að hér yrði og hefur m.a. verið viðloðandi í opinbera kerfinu til mikillar óþurftar. Það væru nú gustuk að hreinsa til hvað það varðar. Við erum augljóslega að gera erfiða stöðu enn erfiðari. Auðvitað munu menn líka, af því að ég er að tala um heilbrigðisgeir-

ann, væntanlega taka mið af launum forstjóra spítalans hvað annað varðar þegar fram líða stundir.

Ég er afskaplega ósáttur við að menn skyldu ekki gera það sem lagt var upp með og við sitjum uppi með þetta mál, (Forseti hringir.) og það er svo sem ekkert meira um það að segja.

[17:39]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst hv. þingmaður, bara þannig að tekin séu af tvímæli um það, ekki hafa komið seint fram með ábendingar sínar. Ég tel að hv. þingmaður hafi gert það hátt og skýrt og málefnalega. Þær hafi verið rökstuddar og eru sannarlega ákveðið sjónarmið. Það er ekkert nema virðingarvert að hæstv. fyrrverandi heilbrigðisráðherra taki hér upp það sem snýr að þeim málaflokki sem hann hefur áhyggjur af. Þó að málið sé lítið og varði lítinn hóp má auðvitað segja, eins og hann gerir, að þetta sé stórmál því að við erum að fara í gegnum tíma kjaraskerðingar og það er stórmál með hvaða hætti hún bitnar á fólki. Við leggjum áherslu á að í því verði líka nokkrar jöfnunaraðgerðir vegna þess að hér hefur auðvitað orðið mjög vaxandi launamunur á síðustu árum og sú ofurlaunastefna sem fylgdi aðdraganda hrunsins, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim, stefndi okkur í nokkra blindgötu og ekki keyptum við alltaf samkeppnishæfasta fólkið eða besta fólkið fyrir hæstu launin, a.m.k. reyndust það ekki vera bestu bankastjórarnir sem fengu hæstu launin.

Ég held þess vegna að það sé mikilvægt að ríkið taki til í sínum ranni og setji skýr mörk varðandi hvað stjórnendur hjá ríkinu eiga að vera með í laun og að forsætisráðherra sé krónan á því tré því að hann ber auðvitað langmesta og víðtækasta ábyrgð og hefur mestar starfsskyldur. Menn hljóta að horfa til þess þegar kjararáð ákvarðar laun að að baki því liggi málefnaleg sjónarmið og að eðlilegt sé að fylgja fram þeirri stjórnarstefnu þó að vissulega kunni að vera á því ýmsir annmarkar eins og þingmenn hafa tilfært með ýmsum rökum við þær umræður sem hér hafa farið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 156. mál (innheimta efnisgjalds). — Þskj. 274, nál. 317.

[17:41]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóri Ólafsson og Baldur Guðlaugsson frá menntamálaráðuneyti, Guðbjörgu Aðalbergsdóttur frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Ásgeir Guðmundsson, Hreiðar Má Árnason og Sindra Snæ Einarsson frá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og Önnu Maríu Gunnarsdóttur og Ásdísi Ingólfsdóttur frá Kennarasambandi Íslands. Umsögn barst frá Rafiðnaðarsambandi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að gildistöku ákvæðis í lögum um framhaldsskóla, um að skólum sé óheimilt að innheimta efnisgjöld fyrir efni sem nemendum er látið í té samkvæmt einhliða ákvörðun skóla, verði frestað til ársins 2012.

Með 45. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla, voru gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla þrengdar frá því sem var í eldri lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Í 2. mgr. 7. gr. þeirra laga var gert ráð fyrir því að heimilt væri að innheimta efnisgjald af nemendum sem nytu verklegrar kennslu vegna efnis sem skóli léti þeim í té og þeir þyrftu að nota í námi sínu. Hámark gjaldsins var ákveðið 50.000 kr. á skólaári eða 25.000 kr. á önn. Í b-lið 1. mgr. 45. gr. gildandi laga er almennt við það miðað að innheimta efnisgjalds sé ekki heimil fyrir efni sem nemendum er látið í té samkvæmt einhliða ákvörðun skóla. Þó sé heimilt að innheimta efnisgjald fyrir efni sem skóli lætur nemendum í té ef nemandi hefur af því ávinning eða sérstök not. Á árinu 2008 munu framhaldsskólar hafa innheimt um 200 millj. kr. í formi efnisgjalda. Að óbreyttu er ljóst að lagagreinin mun leiða til aukins kostnaðar fyrir framhaldsskóla umfram þær kröfur sem gerðar hafa verið um hagræðingu innan skólanna. Í þessu ljósi er lagt til að ákvæði 2. mgr. 7. gr. eldri laga um heimildir framhaldsskóla til innheimtu efnisgjalda gildi tímabundið eða út skólaárið 2011–2012.

Meiri hlutinn bendir á að í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, er m.a. að finna tvö ákvæði sem ætlað er að draga úr kostnaði nemenda við að stunda nám í framhaldsskólum. Í 45. gr. er dregið úr heimildum skólanna til að innheimta efnisgjöld af nemendum. Þá er í 51. gr. kveðið á um að í fjárlögum ár hvert skuli tilgreind sú fjárhæð sem veitt er til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna. Ljóst er að framhaldsskólarnir þurfa nú í ljósi efnahagsástandsins að taka á sig umtalsverðan niðurskurð á fjárveitingum eins og aðrar ríkisstofnanir. Ekki er gert ráð fyrir að dregið verði úr kjarnaþjónustu skólanna en niðurskurður verði á öðrum þáttum. Afnám efnisgjalda fyrir efni sem skóli lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu hefði í för með sér enn þrengri fjárhag skólanna þar sem ekki er gert ráð fyrir að mæta þeim með nýjum framlögum í fyrirliggjandi fjárlagatillögum. Með því að framlengja ákvæði laganna frá 1996 um efnisgjöld væri skólunum hlíft við enn harðari niðurskurði. Meiri hlutinn áréttar að ekki sé verið að taka upp nýja gjaldtöku hjá verknámsnemendum heldur framlengja óbreytt ástand. Einnig er áréttað að gjaldið á að mæta raunverulegum kostnaði og ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldinu þó að efni sem notað er til verklegrar kennslu í framhaldsskólum hafi hækkað frá ákvörðun gjaldsins í eldri lögum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þingmenn Unnur Brá Konráðsdóttir og Margrét Tryggvadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Auk þeirrar sem hér stendur skrifuðu eftirfarandi hv. þingmenn undir nefndarálitið: Ásmundur Einar Daðason, Árni Þór Sigurðsson, Skúli Helgason og Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1. umr.

Frv. efh.- og skattn., 165. mál. — Þskj. 314.

[17:46]

Frsm. efh.- og skattn. (Helgi Hjörvar) (Sf):

Virðulegur forseti. Þetta er lítið mál sem hv. efnahags- og skattanefnd flytur og er í rauninni leiðréttíng á bandorminum svokallaða sem var afgreiddur hér fyrir síðustu mánaðamót og þarf að flytja vegna þess að í þeim bandormi var dagsetning röng, ártalið var þar 2010 en ekki 2009, sem hefði seinkað viðkomandi skattlagningu um heilt ár. Það er ekki komið að henni þannig að það tekst þó að leiðrétta það í tíma. Þar sem gera þurfti þessa leiðréttingu og nefndin ákvað að flytja málið — og þakka ég hv. nefndarmönnum fyrir það og góða samvinnu við málið — eru jafnframt leiðrétt nokkur vörunúmer sem ýmist eru ekki í notkun og hins vegar sem sneru að te og kaffi og voru inni í vörugjöldunum frá gamalli tíð. Þau hafa náttúrlega ekkert sykurinnihald og tengjast því að engu leyti innleiðingu á sykurskattinum sem var í bandorminum og eru þar með felld niður svo að segja í leiðinni. Ég þakka hv. nefnd fyrir góða samvinnu um málið.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

[Fundarhlé. — 17:47]

Bankasýsla ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 124. mál (heildarlög). — Þskj. 313, frhnál. 316, brtt. 287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:17]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við erum hér að greiða atkvæði um Bankasýsluna sem með réttu ætti að heita, miðað við þær breytingar sem orðið hafa, Landsbankasýsla Íslands því að forsendur hafa algjörlega gjörbreyst frá því að þetta frumvarp var fyrst lagt fram. Það er athyglisvert að ríkisstjórnarflokkarnir eru hér að keyra í gegn enn eitt félagið sem ekki er þörf fyrir. Annað er uppi í hillu hjá hæstv. fjármálaráðherra, eignaumsýslan, og þetta fer væntanlega við hliðina, og þetta félag mun kosta 100 millj. kr. á ári að lágmarki. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég vil að menn muni það þegar við förum í fjárlagagerðina, þá erfiðu vinnu, að þetta er forgangur ríkisstjórnarinnar, 100 milljónir fyrir skattgreiðendur fyrir stofnun sem við höfum ekki þörf fyrir.

Brtt. 287 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 25:13 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SII, SJS, VBj, ÞBack, ÖS.

nei: ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, EKG, GÞÞ, IllG, JónG, KÞJ, MT, ÓN, PHB, REÁ, RR.

4 þm. (BJJ, GBS, SF, ÞSa) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁPÁ, ÁJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GStein, HöskÞ, JBjarn, SDG, SER, SIJ, SkH, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VigH, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ) fjarstaddur.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 324).

Kjararáð o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna). — Þskj. 303.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:19]

Helgi Hjörvar (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegur forseti. Hér er verið að lögfesta stjórnarfrumvarp um kjararáð sem felur það í sér að færa forstöðumenn ríkisstofnana og hlutafélaga í eigu hins opinbera undir kjararáð og miða laun þeirra við laun hæstv. forsætisráðherra, 935 þús. kr. á mánuði. Það blandast engum hugur um að í hinni óhóflegu þenslu á síðustu árum hljóp nokkur ofvöxtur í laun stjórnenda bæði á einkamarkaði og eins hjá hinu opinbera og er nauðsynlegt í tiltektinni eftir hrunið að taka þar á og setja því skýr mörk. Það er hér gert og ég fagna því.

Frv. samþ. með 26:5 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SII, SJS, VBj, ÞBack, ÖS.

nei: BirgJ, JónG, MT, PHB, ÞSa.

12 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BJJ, EKG, GÞÞ, GBS, IllG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, SF) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GStein, HöskÞ, JBjarn, SDG, SER, SIJ, SkH, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VigH, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:20]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér er, eins og kom fram hjá hv. þm. Helga Hjörvar, um að ræða mál um kjararáð. Það kom fram í umræðum um málið að allir eru tilbúnir í það verkefni og verður gengið í það að lækka laun þeirra hæst launuðu hjá hinu opinbera. Hins vegar hefur berlega komið fram að hér er um meingallað mál að ræða og er alveg ljóst að þetta hefur fyrst og fremst áróðurslegt gildi en ekki raunverulegt gildi til að hjálpa okkur við það verkefni sem fram undan er. Þess vegna er ekki nokkur leið, virðulegi forseti, að styðja þetta frumvarp og mun ég ekki gera það.

[18:21]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni eitthvert vitlausasta frumvarp sem sést hefur frá þessari hæstv. ríkisstjórn. Það

eru auðvitað margar leiðir til þess að reyna að ná launajöfnuði og lækkun þeirra launa sem talist geta til ofurlauna, ef einhver eru, á þessum vettvangi. En að binda þetta í lög með þessum hætti sem hér er gert er auðvitað arfavitlaust. Þetta mun ekki hafa neitt annað í för með sér en atgervisflótta og við höfum fordæmi fyrir því hvernig það er þegar opinberar stofnanir eru bundnar af launagreiðslum sínum.

Það var t.d. þannig hjá Fjármálaeftirlitinu í mörg ár að það var ekkert annað en uppeldisstöð fyrir bankakerfið í landinu, fyrir fjármálastofnanirnar í landinu. Þangað kom fólkið úr skólunum og besta fólkið var tekið þaðan vegna þess að Fjármálaeftirlitið, opinbert fyrirtæki, gat ekki staðið sig í launasamkeppninni. Það er alveg fáránlegt ef við ætlum að búa þannig um hnútana að við getum ekki keppt á jafnréttisgrundvelli við þessi fyrirtæki um að hafa hæfa stjórnendur og það mun leiða það af sér það að við missum úr landi margt af okkar besta fólki. (Forseti hringir.) Þetta býður hættunni heim, kannski sérstaklega í heilbrigðisgeiranum (Forseti hringir.) þar sem þess eru þegar farin að sjást merki.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 325).

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 156. mál (innheimta efnisgjalds). — Þskj. 274, nál. 317.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SII, SJS, ÞSa, ÞBack, ÖS.

15 þm. (ÁsbÓ, BirgJ, BJJ, EKG, GÞÞ, GBS, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, SF, VBj) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GStein, HöskÞ, JBjarn, SDG, SER, SIJ, SkH, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VigH, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SII, SJS, VBj, ÞSa, ÞBack, ÖS.

14 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BJJ, EKG, GÞÞ, GBS, IllG, JónG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, SF) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, BjarnB, BjörgvS, EyH, GStein, HöskÞ, JBjarn, PHB, SDG, SER, SIJ, SkH, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VigH, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 18:24.

---

50. FUNDUR

miðvikudaginn 12. ágúst,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Störf þingsins.

Til forsætisráðherra:

2. Neyslustaðall, fsp. EyH, 99. mál, þskj. 125.

Til utanríkisráðherra:

3. Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga, fsp. EKG, 123. mál, þskj. 165.

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

4. Samráð við hagsmunaaðila um fyrningarleið, fsp. BJJ, 26. mál, þskj. 26.

5. Útflutningsálag á fiski, fsp. GÞÞ, 155. mál, þskj. 273.

Til menntamálaráðherra:

6. Háskólinn á Akureyri, fsp. BJJ, 61. mál, þskj. 66.

7. Eignarhald á fjölmiðlum, fsp. GÞÞ, 152. mál, þskj. 270.

Til viðskiptaráðherra:

8. Yfirtaka fyrirtækja, fsp. ÁJ, 92. mál, þskj. 112.

9. Fyrirtæki yfirtekin af bönkum og skilanefndum, fsp. ÁJ, 93. mál, þskj. 113.

10. Vátryggingafélög, fsp. VigH, 131. mál, þskj. 183.

Til iðnaðarráðherra:

11. Raforkukostnaður í dreifbýli, fsp. EKG, 122. mál, þskj. 164.

12. Vaxtarsamningar á landsbyggðinni, fsp. SIJ, 143. mál, þskj. 227.

13. Umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu, fsp. GÞÞ, 153. mál, þskj. 271.

14. Ívilnanir og hagstætt orkuverð, fsp. GÞÞ, 154. mál, þskj. 272.

Til samgönguráðherra:

15. Framkvæmd samgönguáætlunar, fsp. EKG, 139. mál, þskj. 223.

Til umhverfisráðherra:

16. Stuðningur vegna fráveituframkvæmda, fsp. SIJ, 144. mál, þskj. 228.

Til fjármálaráðherra:

17. Áætlaður kostnaður við ýmis verkefni, fsp. GÞÞ, 151. mál, þskj. 269.

[13:31]

Útbýting:

Niðurfærsla skulda, 142. mál, svar viðskrh., þskj. 319.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti vill geta þess að ráðgert er að fundurinn geti haldið áfram eftir kl. 6 í dag, að afloknum þingflokksfundum, til að ljúka megi dagskrármálum.

Störf þingsins.

Náttúruverndaráætlun – Icesave – atvinnumál – vörugjöld – vestnorrænt samstarf.

[13:32]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við alþingismenn sitjum á löngu sumarþingi og fjöllum um ýmis merkileg mál. Í morgun var ég stödd sem varamaður á fundi umhverfisnefndar þar sem skyndilega var boðað til fundar til að tala um náttúruverndaráætlun. Meiri hlutinn afgreiddi áætlunina úr þeirri nefnd í mikilli og harðri andstöðu stjórnarandstöðunnar þar sem málið hefur ekki fengið umfjöllun í nefndinni. Það hefur einu sinni verið fjallað um það í þessari nefnd þar sem þeir sem smíðuðu álitið komu til að gera grein fyrir máli sínu. Það komu umsagnir frá ansi mörgum aðilum. Enginn þeirra var boðaður á fund nefndarinnar til að fjalla um málið og svo var það afgreitt út úr nefnd í morgun án þess að nefndin hafi nokkurn tíma fjallað sjálfstætt um málið. Þessi vinnubrögð koma mér sem er nýr þingmaður gríðarlega mikið á óvart og ég skil ekki hvers vegna stjórnarliðar ákveða að gera ágreining um hvernig málið er afgreitt úr nefnd. Er ekki nóg að ágreiningur sé um málin? Hvers vegna eru þessi vinnubrögð viðhöfð?

Ég spyr hv. varaformann nefndarinnar, Atla Gíslason, hvort honum þyki þetta virkilega vera fagleg vinnubrögð. Hvort hann telji að nefndarmenn séu vel upplýstir um hvaða ákvörðun þeir tóku í morgun, hvort ekki sé ástæða til þess og hafi ekki verið ástæða til að ræða við þá aðila sem veittu umsögn og hvort hafi ekki verið ástæða til að fara betur yfir málið, þar á meðal þær breytingartillögur sem fyrri umhverfisnefnd á fyrra þingi gerði við málið. Hvers vegna eru þessi vinnubrögð viðhöfð á Alþingi? Hvers vegna eru ekki viðhöfð fagleg vinnubrögð og hvers vegna megum við sem erum nýir þingmenn á Alþingi þurfa að þola þessi vinnubrögð af hálfu stjórnarmeirihlutans?

[13:34]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Hér er um að ræða þingsályktun og náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009–2013. Verið er að samþykkja viljayfirlýsingu um áætlun og ef hún verður ekki samþykkt núna er engin áætlun í gangi fyrir árið 2009 því að þá klárast málið ekki fyrr en í fyrsta lagi í nóvember eða desember á þessu ári. Hin fimm ára áætlun sem á að vera í gildi lögum samkvæmt verður aftengd í heilt ár. Ég verð að minna á, frú forseti, að tillagan er unnin á grundvelli 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Það ber skylda til að leggja þessa áætlun fyrir Alþingi. (**UBK:** Ólesna?) Síðasta áætlun rann út um síðustu áramót og Alþingi ber skylda til að bregðast við þessu. Ég og meiri hluti umhverfisnefndar tökum svona lagaskyldur alvarlega. (**TÞH:** Án þess að hlusta á umsagnaraðila?) Menn verða að átta sig á því í stjórnarandstöðunni að við lifum á nokkuð óvenjulegum tímum, alla vega frá 6. október sl. (**UBK:** Af hverju hefur nefndin ekki fundað um þetta?) Það hafa verið óeðlilegir tímar, við höfum verið með stór og erfið mál og þetta mál hefur ekki komist þar, óvænt frestun á þingfundum og þar fram eftir götunum. (Gripið fram í.) Ég var líka að segja það, hv. þingmaður, að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfðum fullan skilning á þessum aðstæðum frá 6. október. Ég ætla líka að bæta því við að þetta mál hefur verið unnið faglega. Það var unnið faglega, kallaður var fyrir fjöldi umsagnaraðila á síðasta þingi … (Gripið fram í.) Eru þetta erfið svör? Er ekki hægt að hlusta án þess að kalla fram í? Það var unnið faglega, það var kallaður fyrir fjöldinn allur af umsagnaraðilum þannig að málið er unnið í botn faglega, ég fullyrði það. (Gripið fram í.) Ég skil það ekki ef þingið getur ekki byggt á vinnu fyrri þinga þar sem liggja fyrir allar upplýsingar um gögn (Gripið fram í.) um þessa vinnu og umsagnir. Ég hafna því að málið sé ekki faglega unnið. Ég segi það og ítreka að okkur alþingismönnum ber lagaskylda (Forseti hringir.) til að fara fram með þessa áætlun.

[13:36]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Icesave-samningarnir eru svo hræðilegir fyrir íslensku þjóðina og hagsmunir þjóðarinnar svo heiftarlega fyrir borð bornir að auðveldlega er hægt að færa fyrir því rök að um landráðasamninga sé að ræða. Ég hef velt því fyrir mér eftir að ég settist á þing fyrir hverja ríkisstjórnin vinnur raunverulega og hverra hagsmuna hún gætir. Eitt er víst að ríkisstjórnin er ekki að vinna að hagsmunum Íslendinga. Nei, ríkisstjórnin vinnur að hagsmunum lánardrottna og erlendra fjármagnseigenda.

Aðstoðarmaður hæstv. fjármálaráðherra staðfesti í gær að friðhelgisréttindum landsins væri rutt í burtu í Icesave-samningunum. Ég var afar slegin yfir þessum fréttum því að ég hef oft bent á það úr þessum ræðustól og einnig í grein í *Morgunblaðinu* frá 25. júní, sem ég hvet þjóðina til að kynna sér, að þetta er grafalvarlegt mál. Ryðja á friðhelgisréttindunum í burtu. Áttar fólk sig á því hvað það er alvarlegt mál? Þegar friðhelgisréttindum er rutt burt hjá heilli þjóð þýðir það á mannamáli að standi íslenska ríkið ekki við samninginn yfirtaka Bretar og Hollendingar allar eigur íslenska ríkisins. Með þessu er átt við að hægt er að kyrrsetja gjaldeyrisvaraforða Íslendinga, flugvélar og skip, það er hægt að yfirtaka banka og það er hægt að yfirtaka auðlindir Íslendinga. Við eigum hvergi griðland. Ríkisstjórn Íslands, Bretar og Hollendingar hafa tekið allsherjarveð í eigum Íslendinga verði Icesave-samningurinn samþykktur á Alþingi. Því spyr ég hv. formann utanríkismálanefndar, Árna Þór Sigurðsson: Finnst hv. þingmanni eðlilegt að sá ráðherra sem telur svona samning góðan og glæsilegan fyrir þjóðina sé yfirleitt treystandi til að gegna ráðherraembætti fyrir íslensku þjóðina?

[13:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Virðulegur forseti. Það er varla hægt að sitja undir orðræðu eins og þeirri sem hér var viðhöfð og ég undrast að forseti skuli láta þessa ræðu óátalda. Ég vil upplýsa vegna þess sem þingmaðurinn sagði að um þetta álitamál er m.a. fjallað í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar til fjárlaganefndar og það mál er þar til umfjöllunar. Þingheimi er kunnugt um að þetta álitamál eins og önnur eru til umfjöllunar hjá fjárlaganefnd og ég mun ekki tjá mig frekar um það mál (Gripið fram í.) í ræðustól.

[13:39]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Við búum við vaxandi erfiðleika í atvinnuástandi landsins og aukna vantrú þjóðarinnar og landsmanna á eflingu atvinnulífsins. Þetta á ekki síst við í stéttum iðnaðar, tækni og verkfræði þar sem er að verða landflótti, okkar besta fólk flyst unnvörpum úr landi og óvíst er hvenær það skilar sér heim. Á sama tíma slær sú hæstv. ríkisstjórn sem nú er við völd á frest þeim framkvæmdum sem hefðu getað eflt atvinnulíf eins og eflingu samgönguframkvæmda og virkjanaframkvæmda. Svo liggur fyrir að það á að fara að gefa eftir þann árangur sem þjóðin náði í Kyoto-viðræðunum í fyrirhuguðum loftslagsviðræðum í Kaupmannahöfn. Frekari áform um stóriðju eru þess vegna í uppnámi í þessu landi ef til framtíðar er litið.

Allir sérfræðingar sem fjalla um málefni Íslands og horfur til framtíðar eru sammála um að það er nýting náttúruauðlinda landsins sem fyrst og fremst mun gefa viðspyrnu til að við náum að byggja upp mannvænlegt samfélag að nýju. Það er ekki einungis hér innan lands sem það hefur komið fram, það hefur líka komið fram hjá sérfræðingum OECD og víðar. Þess vegna spyr ég hv. varaformann iðnaðarnefndar, Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, um markmið stjórnarflokkanna í atvinnumálum. Hvert er það og hvað ætla þessir stjórnarflokkar að gera í atvinnumálum? Ég spyr að því hvort menn sjái virkilega ekki skóginn fyrir trjánum. Hvar sjá menn í þessum flokkum tækifæri til atvinnusköpunar ef það verður ekki með aukinni nýtingu náttúruauðlinda og á þeim vettvangi stóriðju sem allir sérfræðingar sem um málið fjalla eru sammála um að verði sú viðspyrna sem við þurfum?

[13:41]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin tekur í arf atvinnuleysi í sögulegu hámarki og atvinnulíf í miklum erfiðleikum í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Það er því eitt brýnasta verkefni stjórnvalda að koma hjólum atvinnulífsins aftur í gang með eðlilegum hætti og að því er unnið hörðum höndum með endurreisn bankakerfisins, stöðugleikasáttmála við aðila vinnumarkaðarins, aðgerðum í ríkisfjármálum sem stuðla að endurreisn efnahagskerfisins og fjölbreyttum vinnumarkaðsaðgerðum sem hrint hefur verið í framkvæmd.

Atvinnuleysið náði hámarki í apríl sl. þegar það fór í 9,1% en hefur verið að minnka síðan og var 8,1% í júlí. Og þær tölur sem berast á morgun frá Vinnumálastofnun um atvinnuleysi í landinu sýna að enn dregur úr atvinnuleysi. Skólafólki hefur gengið betur að fá vinnu í sumar en reiknað var með. Þegar það fer aftur í nám í haust eru þó horfur á að enn dragi úr atvinnuleysi en búast má við auknu atvinnuleysi aftur í vetur vegna samdráttar í mannvirkjagerð og tengdum greinum. Á landsbyggðinni allri hefur atvinnuleysi farið minnkandi undanfarna mánuði og ekki fyrirséð breytingar þar á og tel ég frjálsar strandveiðar vera þátt í því. Atvinnuleysi kvenna á höfuðborgarsvæðinu er áhyggjuefni. Það hefur aukist hlutfallslega og því mjög brýnt að standa vörð um velferðarkerfið og velja sem best um störf sem fyrir eru. Búast má við fjölgun gjaldþrota hjá fyrirtækjum þegar líður fram á haustið og veturinn og því aldrei brýnna en nú að halda áfram því endurreisnar- og uppbyggingarstarfi sem stjórnvöld vinna að og verja þau dýrmætu störf sem við höfum í dag og þann kraft og nýsköpun sem til staðar er í landinu til þess að vinna okkur út úr þessum hörmungum af manna völdum af okkar eigin vélarafli. Þar er stóriðja ekki sá vonarneisti sem við sjáum.

[13:44]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Mig langar til að beina fyrirspurn til hv. þm. Helga Hjörvars, formanns efnahags- og skattanefndar, varðandi þá tilraunalagasetningu sem á sér stað í þeirri nefnd.

Í eðlisfræði eru bæði til tilraunaeðlisfræði og fræðileg eðlisfræði en tilraunalagasetning ætti ekki að vera til. Í vor, fyrir einum eða tveimur mánuðum, samþykktum við lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum, lög nr. 70/2009. Það var 29. júní þegar vörugjöldum var breytt í hundruðum vöruflokka. Á fundi skömmu áður hafði meiri hluti efnahags- og skattanefndar ákveðið að hverfa frá því sem upphaflega var ætlað, að hækka virðisaukaskatt á vissum sykruðum vörum úr 7% í 24,5% og fara frekar yfir í vörugjaldshækkanir. Það var gert á 15 mínútum, engir gestir, engar umsagnir og ekki neitt. Þessi kerfisbreyting var ákveðin á 15 mínútum hér uppi í færeyska herbergi.

Núna er að sjálfsögðu komin fram breyting á þessu vegna þess að menn felldu t.d. niður skatt á hjólbarða í þessu óðagoti og settu skatt á vörur sem ekki eru til [Hlátur í þingsal.] og sitthvað fleira þannig að þetta er dálítið vafasamt. Ég hlýt sem stjórnarandstöðuþingmaður að benda á þetta, það er skylda mín. Svona óðagot og svona hraði mega ekki eiga sér stað í dag. Ég spyr hv. þm. Helga Hjörvar, formann nefndarinnar, hvort þetta sé boðlegt og hvort ekki sé rétt að gefa örlítið meiri tíma til að skoða málin þegar menn fara í svona kerfisbreytingar á 15 mínútum.

[13:46]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal og fyrrverandi formanni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis fyrir fyrirspurnina. Hann hefur löngum verið sérstakur áhugamaður um vörugjöld og gott að búa að reynslu hans sem formanns nefndarinnar. Um þetta er það að segja að við erum í efnahags- og skattanefnd í þeim erfiða leiðangri að auka hér skattheimtu og meðal annars að taka upp eldri skattheimtu og það var það sem við gerðum að verulegu leyti hér í ráðstöfunum í ríkisfjármálum í lok síðasta mánaðar og í nokkurri tímapressu, eins og menn þekkja, fyrir mánaðamótin eins og oft er í afgreiðslu skattamála og hv. þingmaður þekkir. Það er rétt hjá hv. þingmanni að þá urðu mistök í dagsetningu sem gerðu það að verkum að við þurftum að leiðrétta málið hér inn.

Að segja hins vegar að það sé tilraunalagasetning, í því hittir nú hv. þingmaður sjálfan sig fyrir vegna þess að við erum jú ekki að gera annað en að taka aftur upp þau vörugjöld sem voru í gildi þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal var formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og voru hér í gildi árum og áratugum saman og voru innleidd með sérstökum rökstuðningi. (Gripið fram í.) Auðvitað eru þau

þess eðlis vegna þess að vörugjöldin eru mjög flókinn gjaldaflokkur eins og menn þekkja og ekki gallalaus. (Gripið fram í.) Auðvitað eru þau þess eðlis að þau þurfa að vera í stöðugri endurskoðun og við notum núna tækifærið þegar dagsetningin er leiðrétt. Það voru þarna nokkur vörugjaldanúmer frá tíð hv. þm. Péturs H. Blöndals sem við sáum ekki að nein rök væru fyrir að féllu undir vörugjöld vegna sykurs. Við tökum þau út núna og áskiljum okkur fullan rétt til þess, eftir því sem málin þróast og skattlagning þróast, að þá þurfum við að fella út vörunúmer og bæta inn vörunúmerum til þess að mæta hinum pólitísku markmiðum að baki skattlagningunni. En það eru auðvitað þau sem hv. þingmaður er fyrst og fremst ósáttur við, sykurskatturinn.

Ég vil hins vegar segja um það mál sem hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir tók hér upp í upphafi og varðaði náttúruverndaráætlun, að ég var formaður umhverfisnefndar á síðasta þingi og sú áætlun fékk náttúrlega gríðarlega yfirgripsmikla (Forseti hringir.) umfjöllun á því þingi (Gripið fram í.) og sannarlega á hún að nægja sem grundvöllur (Forseti hringir.) fyrir umræðu hér í þinginu.

[13:48]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að við séum alla daga að ræða hér afar erfið mál eins og Icesave og mál sem kljúfa þjóðina í tvennt eins og umsókn um Evrópusambandið og önnur íþyngjandi mál, þrátt fyrir það þurfum við engu að síður að horfa fram á við. Við þurfum að hafa framsýni og bjartsýni að leiðarljósi og huga að uppbyggingu. Í því ljósi er mikilvægi alþjóðasamvinnu ekki það minnsta. Við þurfum að læra af öðrum.

Mig langar að nefna að í síðustu viku átti ég þess kost á vegum Alþingis að heimsækja Grænland vegna ráðstefnu Vestnorræna ráðsins og langar því að ræða hérna aðeins við formann ráðsins, hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur, um mikilvægi þessarar samvinnu við Grænlendinga og Færeyinga og þá staðreynd að við sem búum á norðurslóðum eigum gríðarlega sameiginlega hagsmuni. Þessi ráðstefna snerist um ófaglært starfsfólk og þó svo að við séum kannski stóri bróðirinn að einhverju leyti í þessu samstarfi og séum að einhverju leyti að miðla af þekkingu okkar og þeirri uppbyggingu sem við höfum sinnt þá getum við engu að síður lært margt af nágrönnum okkar.

Í þessari heimsókn áttum við þess líka kost að kynnast þeirri staðreynd hvað Grænland er gríðarlega víðáttumikið og hafið hér í kring er uppfullt af hagsmunum. Hér eru að opnast norður/austur leiðin og norður/vestur leiðin. Nú verður kannski í fyrsta sinn í sögu mannkyns hægt að sigla sitt hvorum megin hingað frá Asíu, þ.e. milli stóru úthafanna og það í gegnum okkar hafsvæði. Grænlendingar eða danski herinn ítrekaði mikilvægi þess við okkur á þessum fundi að hafa samvinnu við okkur Íslendinga og Grænlendinga á þessu svæði. Mig langar að heyra þess vegna í formanninum hvort hún sé ekki sammála mér um mikilvægi þess að við tökum virkilega á þessu máli og tökum þetta svæði til okkar og gerum það (Forseti hringir.) að okkar svæði sameiginlega með nágrönnum okkar, Grænlendingum og Færeyingum.

[13:51]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Ég verð að byrja á því að leiðrétta það að ég er ekki formaður Vestnorræna ráðsins. Ég er formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og gegni því starfi með mikilli gleði og stolti.

Ég þakka hv. þm. Sigurði Inga Jóhannssyni fyrir að vekja máls á vestnorrænu samstarfi í framhaldi af þessari ágætu þemaráðstefnu sem við sóttum til Grænlands núna í síðustu viku, þ.e. helmingur Íslandsdeildarinnar. Af sparnaðarástæðum gátum við því miður ekki farið öll. Það hefði vissulega verið æskilegt en við verðum að virða samdráttar- og sparnaðarástæður.

Ég tek undir með þingmanninum að þetta samstarf er mjög mikilvægt, ekki síst vegna þess hvernig aðstæður eru að breytast í Norðurhöfum vegna þiðnunar og opnunar nýrra skipaleiða. Ég tek undir allt sem þingmaðurinn sagði í því samhengi. Við eigum margt sameiginlegt með Færeyingum og Grænlendingum og það var sérstæð og djúp reynsla eiginlega að koma þarna til Grænlands og skynja að þetta stóra og víðáttumikla land sem er svo fullt af auðlindum og á við svo erfiðar aðstæður að stríða varðandi samgöngur og vegalengdir og annað, þ.e. hvað þessi þjóð er í raun og veru um margt lík okkur Íslendingum og hvað Grænland er að mörgu leyti bara ýkt — vandamálin þar eru í raun og veru bara ýkt útgáfa af ýmsu því sem íslensk landsbyggð stendur frammi fyrir.

Við, eins og Grænlendingar og Færeyingar, lifum af því sem hafið gefur. Við eigum marga sameiginlega hagsmuni og það er mjög mikilvægt að halda uppi góðu samstarfi milli þessara þjóða, ekki síst í menntamálum og í sambandi við öryggis- og björgunarmál eins og hefur verið á dagskrá ráðsins vegna hættu í Norðurhöfum, þ.e. að samhæfa betur starfsemi björgunarsveita og öryggismála á þeim slóðum. Ég sé marga möguleika í þessu og ég tek undir það að (Forseti hringir.) við eigum hér eftir sem hingað til að reyna að vera sem best leiðandi í þessu samstarfi og (Forseti hringir.) einsetjum okkur að vera það áfram.

[13:53]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Ég sit í umhverfisnefnd og hér fyrr í dag vorum við í meiri hlutanum vænd um ófagleg vinnubrögð þegar við afgreiddum út úr nefndinni tillögu að náttúruverndaráætlun. Ég vil í þessu sambandi benda á að tillagan var flutt óbreytt frá síðasta þingi en þá hafði umhverfisnefnd lokið umfjöllun sinni um málið og nefndarálit hafði verið frágengið.

Ég tel að nefndin hafi sýnt mjög fagleg vinnubrögð. Sex gestir komu á fund nefndarinnar. Það voru 40 umsagnir sem við sóttum á þessu þingi og það voru 20 umsagnir sem nefndin tók til hliðsjónar frá síðasta þingi, þ.e. það voru á milli 60–70 sjónarmið reifuð fyrir nefndinni. Ef það eru ófagleg vinnubrögð skal ég hundur heita. (Gripið fram í.)

Umsagnir voru (Gripið fram í.) almennt jákvæðar. Flestar þeirra byggðust á þeim misskilningi að hér væri um lög að ræða en ekki tillögu um náttúruverndaráætlun.

Í nefndaráliti okkar segir:

„Meiri hlutinn telur þó rétt að benda á að samþykkt til-

lögunnar jafngildir ekki fyrir fram ákvörðun um friðlýsingu svæðanna heldur er hún í reynd viljayfirlýsing frá Alþingi um að unnið verði að friðlýsingu þeirra. Um er að ræða áætlun og því felur samþykkt hennar hvorki í sér friðun né endanlega ákvörðun um mörk friðlanda.“

Það er í raun og veru alveg ótrúlegt að umhverfissinnar stjórnarandstöðunnar skuli velja sér þetta mál til að búa til ágreining eða ég ætti kannski frekar að segja „umhverfissinnar“, því að þetta er mjög þarft mál fyrir umhverfið hjá okkur hér á þessu landi og þess vegna skulum við afgreiða það frá Alþingi sem allra fyrst.

[13:55]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að leita leyfis forseta áður en lesið er úr prentuðu máli.

[13:55]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Mér þótti ræða hv. þm. Atla Gíslasonar fyrr í umræðunni nokkuð ósvífin en verð þó að segja að hv. þm. Magnús Orri Schram sló allt út þegar hann lýsti þessu sem sérstaklega vönduðum vinnubrögðum í nefndinni. Bara til þess að hafa það á hreinu þá fundaði nefndin einu sinni um þetta mál og þá komu höfundar tillögunnar til fundar við nefndina. Síðan hefur bara ekki verið fundað um þetta mál í nefndinni. Það hafa gefist ótal tækifæri til þess. Reglulegir fundir umhverfisnefndar hafa fallið niður viku eftir viku eftir viku þannig að ef mönnum þótti svo brýnt að klára málið (**Gripið fram í:** Hvurs lags ...) hefði verið hægt (**Gripið fram í:** ... faglegum ...) við fjölda tækifæra að boða til gesti og fara efnislega yfir þetta.

Það er vísað hér til umræðu á síðasta þingi, á öðru kjörtímabili. Nú eru nýir þingmenn 27. Í umhverfisnefnd eru, hygg ég, átta af níu nefndarmönnum nýir og tóku ekki þátt í þeirri umfjöllun sem átti sér stað á síðasta tímabili. Þessi vinnubrögð eru því algjörlega fáheyrð og alveg ótrúlegt að menn reyni að verja þetta hérna með þessum hætti.

Ég var að rifja upp hvernig hæstv. umhverfisráðherra, sem flutti tillöguna, tók til orða þegar hún mælti fyrir málinu hér á sínum tíma.

Hún segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekin var ákvörðun um það í umhverfisráðuneytinu að afloknum kosningum að leggja náttúruverndaráætlun fram óbreytta þar sem talið var að nýtt þing, fjöldi nýrra þingmanna ætti að eiga aðkomu að framkvæmdinni og umfjölluninni í samráði og samstarfi við landeigendur og hagsmunaaðila.“

Það var sá háttur sem valinn var að hafa. Ég vildi gjarnan að hv. þm. Atli Gíslason eða aðrir sem tóku þátt í þessari afgreiðslu vildu vera svo vænir að útskýra hvað valdi því að þeir taka hér gerólíka afstöðu við ráðherrann í þessu máli og hvaða brýnu hagsmunir það voru að taka þetta út í morgun þegar ljóst er að það hefur ekki verið (Forseti hringir.) talið brýnt síðustu vikurnar að halda fund í nefndinni um þetta mál. (**Gripið fram í:** Hneyksli.)

[13:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem talaði hér síðast, hv. þm. Birgi Ármannssyni, þegar hann segir að þrátt fyrir að ræða hv. þm. Atla Gíslasonar hafi verið ófyrirleitin þá hafi allt slegið út þegar hv. þm. Magnús Orri Schram talaði hér.

Ég vek athygli á því, með leyfi forseta, að hann sagði: „Ef þetta eru ekki fagleg vinnubrögð þá skal ég hundur heita.“

Það er í rauninni bara spurning hvaða tegundarheiti hv. þingmaður vill þá velja sér því að það er ekki nokkur einasta leið að halda því fram að þetta séu fagleg vinnubrögð. Ég hvet menn sem iðulega tala um lýðræði, eins og hv. þm. Atla Gíslason — ef hv. þm. Atli Gíslason er í fullri alvöru að segja það að hér eigi menn, burt séð frá hvaða mál það er, ekki að taka tillit til þess að það séu kosningar á milli og menn eigi bara að taka vinnu frá síðasta þingi þá er það í það minnsta ekki mjög lýðræðisleg hugsun. Það er nú þannig að það er kosið nýtt fólk og nýir flokkar á þing. (**AtlG:** Ótal dæmi um þetta.) Ef menn ætla að halda því fram að það sem var gert á síðasta þingi, að það eigi bara að taka það og stimpla á nýju þingi eftir kosningar þá skulu menn alla vega ekki vera að tala mikið um lýðræði. Það er víst alveg deginum ljósara.

Það er nokkuð athyglisvert bara í þessari einu umræðu núna um störf þingsins að þá eru menn að ræða — það er afgreitt mál á 15 mínútum í nefnd. Þá kemur hér upp hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sem gerir athugasemd við störf forseta því hann hafi ekki stoppað hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur þegar hún gagnrýndi stjórnarmeirihlutann og sagði af mikilli hógværð að hann ætlaði bara ekkert að fjalla um þetta hér, (Gripið fram í.) ekkert að fjalla um þetta mál. Þetta er fólkið sem kom og talaði um fagleg vinnubrögð og lýðræði og hvað þetta hét allt saman. Þetta eru verk þeirra. (**Gripið fram í:** Jafnaðarmennirnir.) (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[14:00]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa blandað sér í umræðuna um störf umhverfisnefndar í morgun þrátt fyrir að svör stjórnarþingmannanna hafi verið ansi rýr og hreinlega með hreinum ólíkindum að hlusta á hv. þm. Atla Gíslason sem hingað til hefur verið þekktur fyrir að tala úr þessum stóli um fagleg vinnubrögð og lýðræði. Ég er þess fullviss að menn tala þar ekki af sannfæringu. Mér þykja þessi vinnubrögð til háborinnar skammar og það eru mér mikil vonbrigði að sjá þetta gerast á Alþingi. Ég trúi því og treysti að þessir nýju þingmenn sem sitja hér eru ekki tilbúnir að skrifa athugasemdalaust án umfjöllunar upp á öll þau mál sem fram hafa farið í þingsal á öðrum þingum, sama úr hvaða flokki þeir eru. Ég tala nú ekki um nýjan flokk sem situr hérna á þingi sem enga hefur aðkomu haft að þessu máli, hefur ekki fengið að heyra í einum einasta umsagnaraðila. Þetta er ekki til fyrirmyndar og er, svo vægt sé til orða tekið, hreinlega til skammar. Mér þykir hreinlega miður að þurfa að tala svona úr þessum stóli en það er einfaldlega vegna þess að mér er algerlega misboðið hvernig haldið hefur verið á þessu máli. Og ef vinnubrögðin í umhverfisnefnd voru svona mikið til fyrirmyndar þar sem nefndin lagði til ýmsar breytingar á ætlun-

inni, hvers vegna var þá ekki tekið mið af þeim breytingum í núverandi umhverfisnefnd? Var það vegna þess að það var ekki tími til að skoða þær eða höfðu menn einfaldlega ekki skoðað þær? Voru menn búnir að gleyma, þrátt fyrir þessa miklu og góðu yfirferð síðustu nefndar, hvað fjallað var um og hverju var talað um að breyta?

Ég vonast til þess að hv. þm. Atli Gíslason hafi tækifæri til að tala aftur í dag og leiðrétta að hann telji þetta vera fagleg vinnubrögð vegna þess að ég vona að við eigum aldrei aftur eftir að sjá þetta á þingi. Og ég trúi því og treysti að flestallir nýir þingmenn, nema þá greinilega hv. þm. Magnús Orri Schram, séu sammála mér um að þeir ætli ekki að kvitta orðalaust upp á allar ákvarðanir og öll nefndarálit sem samþykkt hafa verið á fyrri þingum.

Umræðu lokið.

Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Fsp. EKG, 123. mál. — Þskj. 165.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga eru tiltölulega nýtt fyrirbrigði sem rekja má aftur til ársins 1959 þegar fyrsti slíki samningurinn leit dagsins ljós. Í dag eru um það bil 2.500 slíkir samningar í gildi og eru flest vestræn ríki með tugi slíkra samninga. Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga eru tvíhliða samningar þar sem þau ríki sem í hlut eiga leitast við með þeim að skapa sem hagstæðastar aðstæður fyrir fjárfestingar af hálfu fjárfesta annars ríkis á landsvæði hins ríkisins. Slíkum samningum er ætlað að hvetja til fjárfestinga milli þeirra ríkja sem í hlut eiga og tryggja vernd fjárfestinga og stuðla þannig að auknum viðskiptum milli ríkjanna. Ástæður þess að ríki gera slíka samninga eru m.a. að tryggja aukna vernd fjárfestinga sinna erlendis og til að laða að erlenda fjárfestingu með því að veita erlendum fjárfestum aukna vernd og skjól.

Þessir samningar kveða á um að fjárfestar hvors ríkis skulu njóta fullrar verndar og öryggis á landsvæði hins ríkisins og að ekki verði gripið til neinna óréttmætra aðgerða sem varða fjárfestingar fjárfesta hins ríkisins á landsvæðinu. Slíkir samningar fela jafnframt í sér að ekki megi taka fjárfestingar fjárfesta eignarnámi, þjóðnýta þær eða gera ráðstafanir gagnvart þeim sem hafa sömu áhrif og eignarnám eða þjóðnýting. Komi til slíkra aðgerða skal slíkt aðeins gert samkvæmt tilhlýðilegri lagalegri málsmeðferð og gegn nægilega skilvirkum bótum. Auk þess er í slíkum samningum yfirleitt alltaf mælt fyrir um að ríkið skuli tryggja að fjárfestar hins ríkisins geti yfirfært fjárfestingar sínar og ágóða sem bundinn er á landsvæði fyrrnefnda ríkisins án tafar.

Deilur milli ríkja getur hvor samningsaðili fyrir sig lagt fyrir gerðardóm sex mánuðum eftir að samningaviðræður um úrlausn deilunnar hefjast og er slíkur gerðardómur þá sérstaklega skipaður í slíkum tilvikum. Sé um að ræða deilur milli fjárfestis og ríkis getur fjárfestir lagt þær fyrir alþjóðastofnunina um lausn fjárfestingardeilna eða fyrir sérstakan gerðardóm. Í báðum tilvikum fengist endanleg lausn sem væri bindandi fyrir þau ríki og fjárfesta eftir atvikum.

Það er áhugavert að velta fyrir sér hverju það hefði breytt fyrir okkur ef slíkir samningar hefðu gilt milli okkar og Bretlands nú í haust þegar Bretar beittu okkur hryðjuverkalögum eins og allir þekkja. Þeir fjárfestar sem ráðist höfðu í beinar fjárfestingar í Bretlandi hefðu samkvæmt slíkum samningum getað farið með mál gegn breska ríkinu fyrir alþjóðlegum gerðardómi en slík mál eru að öllu jöfnu leyst fyrir alþjóðlegum gerðardómi undir yfirumsjón Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna.

Ég vil líka í þessu sambandi vekja athygli á einu og það er að við erum með sérstakar aðstæður hér á landi. Við þurfum að laða að okkur erlent fjármagn og hluti af því gæti verið að koma á slíkum samningum til að auka traust á milli aðila sem vilja fjárfesta hér og umhverfisins á Íslandi. Við vitum að það hefur ríkt mikil tortryggni í okkar garð og hefur ríkt mikil tregða til að fjárfesta við þessar aðstæður hér á landi. Því hef ég lagt fyrir hæstv. utanríkisráðherra tvær spurningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

[14:06]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Hann talaði af miklum þrótti, list og kunnáttu um fjárfestingarsamninga. Þær vangaveltur sem hv. þingmaður hafði uppi um hugsanlega möguleika okkar Íslendinga hefði slíkur samningur verið í gildi við Bretland voru einkar áhugaverðar. Mér hefur ekki enst aldur í núverandi embætti til að geta komið slíku í kring á sínum tíma. Hins vegar vil ég svara hv. þingmanni þeim fyrirspurnum sem eru á þingskjali frá honum og hv. þingmanni entist ekki tími til að koma með í máli sínu.

Fyrri spurningin er um hversu marga samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga við höfum gert og eru nú í gildi. Því er til að svara að við höfum gert samtals ellefu samninga, þ.e. við Síle, Egyptaland, Indland, Suður-Kóreu, Kína, Lettland, Líbanon, Litháen, Mexíkó, Víetnam og Singapúr, en Singapúr-samningurinn er reyndar hluti af fjárfestingarsamningi EFTA og Singapúr. Samningarnir við Egyptaland og Líbanon bíða fullgildingar en fyrrgreindir samningar ná allir til gagnkvæmrar verndar fjárfestinga.

Hv. þingmaður spyr sömuleiðis hvort það sé í undirbúningi að vinna að gerð fleiri slíkra samninga og ef svo er, við hvaða lönd. Frá því er skemmst að segja að rituð hafa verið drög að fjárfestingarsamningi við Úganda. Ísland og Albanía annars vegar og hins vegar Ísland og Tyrkland hafa líka skipst á skriflegum tillögum að texta fjárfestingarsamnings og er til skoðunar að hefja formlegar samningaviðræður við þau ríki. Ég hef sjálfur átt fund með utanríkisráðherra Úkraínu um gerð slíks samnings í framtíðinni og hafa gengið textar á milli Íslands og Úkraínu um það. Þær viðræður fóru hins vegar í biðstöðu þegar ákveðið var af hálfu EFTA-ríkjanna að hefja fríverslunarviðræður við Úkraínu.

Það eru ekki sem stendur í gangi formleg samskipti við önnur ríki um gerð fjárfestingarsamnings. Hins vegar hafa átt sér stað á undanförnum árum og missirum óformlegar þreifingar á milli Íslands og ýmissa ríkja sem kunna að leiða til þess að gerður verði slíkur samningur. Menn geta

svo velt því fyrir sér hvenær sprettur þörf á slíkum tvíhliða fjárfestingarsamningum. Hún ræðst yfirleitt af því hversu víðtæk ákvæði eru um fjárfestingar og vernd þeirra í fríverslunarsamningum sem við eigum við viðkomandi ríki, þ.e. ef slíkum samningum er til að dreifa. Yfirleitt er það svo að ef fríverslunarsamningurinn nær bæði til stofnfjárfestinga og fjárfestingarverndar hafa menn ekki talið þörf á sérstökum fjárfestingarsamningum. Ef þessir tveir þættir eru hins vegar ekki tryggðir í þeim fríverslunarsamningum sem við höfum við ríki er hægt að bregðast við því með því að gera slíka fjárfestingarsamninga eins og hv. þingmaður ræddi áðan.

Ég vil síðan í lokin segja að undir ræðu minni hef ég aðeins verið að þenkja um hugmynd hv. þingmanns um að ef í gildi væri slíkur samningur milli okkar og Bretlands. Ég hygg að það sé alveg rétt að við hefðum átt tök á því að skjóta þeirri ákvörðun sem breska ríkisstjórnin tók í október sl. til slíks gerðardóms. Það hefði væntanlega styrkt stöðu okkar töluvert í því stríði sem háð var um þann tiltekna hluta þeirrar deilu.

[14:10]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða mjög áhugaverða nálgun á atvinnumálum og ég vil koma inn á mikilvægi þess að hæstv. utanríkisráðherra líti vel til þessa máls sérstaklega. Í ljósi þeirra atburða sem hér hafa orðið má segja að virðing og traust gagnvart Íslandi hafi rýrnað og að því leyti sé ólíklegra að fyrirtæki erlendis séu tilbúin að líta hingað til aukinnar uppbyggingar atvinnustarfsemi. Það gæti verið liður í því að auka traust fyrirtækja og líta til okkar vegna þess að þrátt fyrir að atvinnustefna þessarar hæstv. ríkisstjórnar sé með þeim hætti að ekki sé mikils að vænta. Eins og fram kom áðan í umræðunni eru það frjálsar strandveiðar og annar smáiðnaður sem er á þeirra dagskrá en þetta gæti kannski liðkað fyrir því að hér væru aðilar sem væru tilbúnir að koma og horfa til stærri uppbyggingar atvinnulífsins (Forseti hringir.) með því að nýta náttúruauðlindir til eflingar frekari stóriðju og virkjunarframkvæmda.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin og sömuleiðis hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir þátttöku í þessari umræðu. Það er alveg ljóst að spurningin um samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga hefur mjög sjaldan verið lögð fram. Þetta mál hefur verið mjög aftarlega á merinni. Við höfum ekkert gefið þessu gaum og örugglega hafa verið fyrir því ástæður. Menn hafa einfaldlega talið að það væri ekkert sérstaklega knýjandi fyrir okkur að slíkir samningar væru í gildi vegna þess að menn sáu ekki fyrir að þeir gætu lent í þeirri aðstöðu sem við höfum lent í og lentum í gagnvart Bretum sem beittu okkur hörðu núna í haust, eins og allir vita.

Það er áhugavert að velta því fyrir sér núna hvert skjól okkar hefði verið ef við hefðum haft slíkan samning milli okkar og Breta en að mínu mati er reynslan í haust tilefni fyrir okkur til að herða okkur í þeim róðri. Við eigum núna að mínu mati að skoða mjög alvarlega að gera fleiri slíka samninga. Það er alveg ljóst mál af upptalningu hæstv. utanríkisráðherra að dæma að þeir samningar sem eru í gildi milli okkar og nokkurra annarra ríkja, 11 ríkja, eru í langflestum tilvikum við ríki sem við höfum tiltölulega litla efnahagslega hagsmuni af núna. En hins vegar er mjög mikilvægt að að þessu máli sé sérstaklega hugað.

Þegar málin eru skoðuð t.d. í alþjóðlegu samhengi liggur fyrir að við erum mjög aftarlega í þessum efnum. Við erum samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna í 119.–123. sæti af 174 ríkjum sem gert hafa slíka samninga og má nefna að þau lönd sem gert hafa jafnmarga samninga og við Íslendingar eru Búrkína Fasó, Trínidad og Tóbagó, Saír og Sambía. En ríkin í kringum okkur eins og t.d. í Evrópu hafa miklu fleiri slíka samninga einfaldlega vegna þess að þau líta þannig á að með því sé verið að styrkja möguleika á því að fá aukna erlenda fjárfestingu og skapa öryggi fyrir erlendar fjárfestingar þeirra landa í öðrum ríkjum.

[14:13]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég er ekki alls kostar sammála skýringum hv. þingmanns á fæð þeirra fjárfestingarsamninga ríkja sem við höfum gert fjárfestingarsamninga við. Þó að við séum svona aftarlega á þeirri meri þarf það ekki að endurspegla að við höfum ekki jafnmikla vernd og mörg þeirra ríkja sem eru á undan. Ástæðan er sú, eins og ég held að ég hafi drepið á í svari mínu til hv. þingmanns, að við höfum mjög marga fríverslunarsamninga við mjög öflug ríki og í mörgum þeirra er að finna ákvæði sem tryggja vernd fjárfestinga. Í þeim tilvikum sem ekki er að finna trygg ákvæði í slíkum fríverslunarsamningum hafa menn ráðist í gerð samninga af því tagi sem við ræðum hér um.

Ég er hv. þingmanni alveg sammála um að í þeim felast mjög handhæg tæki til að tryggja gagnveginn milli fjárfestinga viðkomandi ríkja, þ.e. þeirra sem mundu gera slíka samninga við okkur. Ég er líka sammála honum um að það er mjög nauðsynlegt að gera það sem hægt er til að efla fjárfestingar, ekki síst miðað við þá stöðu sem Íslendingar eru í núna.

Hv. þm. Jón Gunnarsson talaði um að eitt af því sem Íslendingar gætu gert og þyrftu að gera til að rífa sig upp úr þeim erfiðleikum sem þeir hafa lent í núna væri að reyna að laða erlend fyrirtæki hingað til lands m.a. til að nýta íslenska orku. Það er kannski hægt að skamma marga fyrir að hafa staðið sig illa í því en ég held að það sé ekki hægt að skamma þann ráðherra sem hér stendur fyrir að hafa slegið slöku við í þeim efnum. Fyrir fátt hefur sá ráðherra, þ.e. ég, verið skammaður jafnmikið og einmitt fyrir þá samninga sem ég hef gert fyrir hönd framkvæmdarvaldsins við slík fyrirtæki. Ég geri reyndar greinarmun á máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar. Mér fannst hann vera að tala um fjárfestingarsamninga við fyrirtæki og þessi ríkisstjórn hefur líka verið að ljúka tveimur slíkum.

Að öðru leyti þakka ég hv. þingmanni fyrir þá elju sem hann sýnir við að reyna að efla (Forseti hringir.) utanríkisviðskipti Íslands og gagnkvæmar fjárfestingar okkar og annarra ríkja.

Umræðu lokið.

Samráð við hagsmunaaðila um fyrningarleið.

Fsp. BJJ, 26. mál. — Þskj. 26.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Eins og frú forseti nefndi réttilega er þetta mál nr. 26. Ég spurði hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þann 20. maí sl. um það hvort haft verið hefði samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi, fiskverkafólk, sjómenn og útgerðaraðila, áður en fyrningarleið ríkisstjórnarinnar var tilkynnt.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan því að nú er að verða kominn miður ágúst og því tveir og hálfur mánuður liðnir síðan fyrirspurnin var lögð fram en ráðherra hefur að jafnaði átta virka daga til þess að svara fyrirspurnum sem lagðar eru fram. Það hefur því ýmislegt gerst síðan þessi fyrirspurn var lögð fram en mér finnst eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hagaði samráði við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi, launafólk og útgerðaraðila þegar þessi leið var tilkynnt, þ.e. að fyrna ætti fiskveiðiheimildir á 20 árum, eins og forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar boðuðu skömmu eftir síðustu kosningar.

Í framhaldinu kom í ljós að þessi aðgerð mundi hafa mjög mikil áhrif á starfsemi stærstu fiskvinnslufyrirtækja landsins sem þúsundir einstaklinga hafa atvinnu af og eru burðarásar í atvinnulífi landsbyggðarinnar í velflestum byggðarlögum hringinn í kringum landið. Það var því eðlilegt að sveitarfélög vítt og breitt um landið ályktuðu mjög harðlega gegn boðaðri stefnu ríkisstjórnarinnar og í framhaldinu ákvað hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að boða til samráðs um það hvernig menn ættu að haga stjórn fiskveiða í framtíðinni. Þá var reyndar búið að gefa það út að fyrna ætti aflaheimildir sem þessu næmi.

Það gleðilega var að formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, Atli Gíslason, lýsti því yfir í fjölmiðlum og á opnum fundum að hann muni ekki standa að leið sem muni tefla íslenskum sjávarútvegi í tvísýnu. Á meðan höfum við aftur á móti yfirlýsingar úr ranni Samfylkingarinnar sem m.a. kveða á um að fyrna mætti kvóta sjávarútvegsfyrirtækja allan í einu þess vegna eða jafnvel á þremur árum. Það er því mikill áherslumunur á milli stjórnarflokkanna í þessum efnum og ég vil hæla hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið á undangengnum vikum þar sem hann hefur talað um að hann hafi ríkan skilning á hagsmunum sjávarútvegsins. Þó að ég vilji síst af öllu útiloka neinar breytingar á því kerfi, enda er það ekkert hafið yfir endurskoðun, vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann fari ekki með opnum huga í það starf sem nú er fram undan. Og hvort sá starfshópur sem skipaður hefur verið til að endurskoða þetta hafi ekki rúmar heimildir til þess að veita hæstv. ráðherra ráðgjöf um það hvernig við högum (Forseti hringir.) fiskveiðimálum landsins í framtíðinni, enda er hér um að ræða undirstöðuatvinnugrein landsins.

[14:19]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir þessa fyrirspurn. Varðandi það að henni hafi ekki verið svarað fyrr er ekki við mig að sakast heldur hefur þingstörfum verið háttað þannig í sumar að þessi ágæta fyrirspurn hefur ekki komist á dagskrá fyrr. (Gripið fram í.) Engu að síður er hún hér komin og það er mjög gott.

Það er alveg hárrétt, það var haft samráð við hina ýmsu aðila sem tengjast sjávarútvegi um það hvernig sá starfshópur skyldi skipaður sem kveðið er á um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að endurskoða skuli lögin um stjórn fiskveiða. Hinn 1. júlí 2009 gaf ég einmitt út skipunarbréf til þeirra sem skipa þennan starfshóp og ég ætla að leyfa mér að vísa til þess skipunarbréfs, frú forseti. Þar segir:

„Með vísan til stefnuyfirlýsingar núverandi ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, hefur Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipað starfshóp til þess að endurskoða fyrirkomulag fiskveiðistjórnarinnar.

Verkefni starfshópsins verður að skilgreina helstu álitaefni sem fyrir hendi eru í löggjöfinni og lýsa þeim. Hann láti vinna nauðsynlegar greiningar og setji að því loknu fram valkosti um leiðir til úrbóta, þannig að greininni verði sköpuð góð rekstrarskilyrði til langs tíma, fiskveiðar verði stundaðar með sjálfbærum hætti og sem víðtækust sátt náist um fiskveiðistjórnina meðal þjóðarinnar. Starfshópnum er gert að hafa sem víðtækast samráð við aðra aðila, t.d. með viðtölum, viðtöku álitsgerða og á veraldarvefnum. Honum er gert að skila af sér álitsgerð fyrir 1. nóvember nk. Á grundvelli vinnu starfshópsins og þeirra valkosta sem hann bendir á, mun ráðherra ákveða frekari tilhögun við endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar.“

Starfshópurinn hefur verið skipaður og ég held að það sé mjög gott að nota þetta tækifæri og upplýsa þingið um skipan þessa starfshóps en þar í eru fulltrúar allra stjórnmálaflokka og -hreyfinga hér á þingi. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson og Svanfríður Jónasdóttir bæjarstjóri eru fulltrúar Samfylkingarinnar og Guðbjartur er jafnframt formaður hópsins. Hv. þm. Björn Valur Gíslason og Lilja Rafney Magnúsdóttir eru fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson er fulltrúi Framsóknarflokksins, hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson er fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og Finnbogi Vikar er fulltrúi Borgarahreyfingarinnar.

Fulltrúar annarra aðila sem tengjast sjávarútvegi eru Árni Bjarnason, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Adolf Guðmundsson formaður og Friðrik Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka íslenskra útvegsmanna, Arthúr Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, Sigrún B. Jakobsdóttir, bæjarfulltrúi fyrir hönd Samtaka íslenskra sveitarfélaga, Erla Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri fyrir Samtök fiskvinnslustöðva, Jón Steinn Elíasson, formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda, Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, Aðalsteinn Baldursson, formaður Matvælasviðs Starfsgreinasambands Íslands, og Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna.

Það er rétt líka að það komi fram eins og segir í erindisbréfinu að ráðherrann muni leggja hópnum til verkefnisstjóra og kosta jafnframt starf hópsins hvað varðar greiningar og aðkeypta vinnu en eftir atvikum verði reynt að

veita sem mesta aðstoð beint frá ráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að hver tilnefningaraðili beri kostnað af sínum fulltrúa. Starfshópnum ber eðlilega að gera kostnaðarmat í upphafi vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar og aðfenginnar sérfræðivinnu. Að sjálfsögðu þarf að vinna þetta verk innan fjárheimilda.

Þetta er þá erindisbréf hópsins. Ég treysti því ágæta fólki sem þarna er skipað til þess að takast á við þetta vandasama verkefni. Það verður að líta á það frá öllum þeim hliðum sem þar geta verið og þeim álitaefnum sem þar eru, en einmitt af þeim ástæðum vísa ég til vinnu þessa hóps varðandi hvernig einstök álitaefni þarna eru unnin og skilgreind. Það skiptir miklu máli að þessi vinna verði vönduð og eins og ég sagði treysti ég þessum hóp, frú forseti, prýðilega til að takast á við þetta verkefni og skila því til ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

[14:24]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegri forseti. Ég ætla í örstuttu máli að hvetja hæstv. ráðherra til þess að gera það sem hann segist ætla að gera og hafa víðtækt samráð. Ef hann gerir það og hlustar á þær athugasemdir sem fram eru komnar hef ég engar áhyggjur. Þær eru nær einróma gegn þeirri leið sem búið er að ákveða að fara og það þykir mér vera skrumskæling á lýðræði að setja á fót nefnd sem er með fyrir fram gefna niðurstöðu, en það er önnur saga.

Annað sem ég vildi vekja athygli á í skipan þessarar nefndar eru ítrekaðar yfirlýsingar og mikil markmið þeirra tveggja flokka sem skipa þessa ríkisstjórn um að hafa kynjahlutföllin í lagi. Það hefur verið ítrekað í hverju því máli sem við höfum fengið til viðskiptanefndar að það þurfi nú að hnykkja á því að hafa kynjahlutföllin í lagi.

Í þessari nefnd eru 17 einstaklingar, þar af fjórar konur. Ég veit að stjórnmálaflokkunum var gefið tækifæri á að skipa bæði karla og konur til að þetta mætti vera jafnara, (Forseti hringir.) ég veit það vegna þess að ég var kvenfulltrúi Sjálfstæðisflokksins sem tilnefndur var. (Forseti hringir.) Ég geri ekki lítið úr kollega mínum hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, (Forseti hringir.) en ég vildi vekja athygli á þessu, virðulegi forseti.

[14:26]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og hæstv. ráðherra fyrir ágæt svör. Mig langar að lýsa aðeins því umhverfi sem sjávarútvegurinn er í. Núna er búið að boða 33% skerðingu á ýsu og 10% skerðingu á þorski og menn sjá það alveg í hendi sér ef farin væri einhver fyrningarleið ofan á það væri það nánast dauðadómur fyrir allt saman.

Ég geri hins vegar ekkert lítið úr því og tek alveg heils hugar undir að það er mjög mikilvægt fyrir okkur að vera með fiskveiðistjórnarkerfið í endurskoðun á hverjum tíma því að það þarf að ná sátt um það hér á Alþingi og meðal þjóðarinnar. Því tel ég mikilvægt að það sé gert. Ég bind ágætisvonir við vinnu þessa góða fólks sem þarna er og eftir því sem ráðherra lýsti að yrði á verksviði nefndarinnar eru þau ekki með neina útfærslu á fyrningarleiðinni heldur er markmiðið að ná ákveðinni sátt og að koma með tillögur og breytingar um hvað megi betur fara. Ég bind því ákveðnar vonir við störf þessarar nefndar.

[14:27]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það er ljóst af svari hæstv. ráðherra að ekki var haft neitt samráð við hagsmunaaðila áður en framtíðarfyrningarleiðarhugmyndir ríkisstjórnarinnar voru kynntar. Hins vegar er búið að koma þessu máli í ágætisfarveg núna og ég treysti því að sú nefnd sem skipuð hefur verið eigi eftir að fara vel og vandlega fyrir þessi mál.

Vandinn er hins vegar sá að nú er skaðinn skeður. Með því að boða fyrningarleiðina hefur ríkisstjórnin sett starfsumhverfi sjávarútvegsins í uppnám. Við verðum vör við að í sjávarútveginum reyna menn að bregðast við þessu nýja ástandi með því að halda að sér höndum, hægja á við fjárfestingar o.s.frv. Og síðan er gráu bætt ofan á svart með því að ríkisstjórnin ákvað að hefja samningaviðræður við Evrópusambandið með það að markmiði að Ísland yrði aðili að því. Það má því segja sem svo að núna sé með tvöföldum hætti búið að auka mjög alvarlega á óvissuna í sjávarútveginum og var þó ekki á bætandi. Það er mjög alvarlegt og umhugsunarvert fyrir hæstv. ráðherra að þurfa að standa í því sem aðili að þessari ríkisstjórn að standa þannig að verki.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í þessari mikilvægu umræðu því að við erum hér að ræða um fjöregg íslensku þjóðarinnar sem er sjávarútvegurinn, undirstöðuatvinnugrein landsbyggðarinnar. Ég fagna því að hæstv. ráðherra talaði hér með þeim hætti að sú breiða nefnd sem hann hefur skipað — reyndar ekki með jöfnum kynjahlutföllum eins og hv. þm. Ragnheiður Elín Árnadóttir benti á — megi hafa nokkuð frjálsar hendur við tillögugerð sína. Hæstv. ráðherra sagði í svari sínu í upphafi ekkert um það hvort fara ætti þá fyrningarleið sem aðallega samfylkingarmenn hafa boðað á undangengnum árum, eins og við þekkjum vel.

Ég treysti hæstv. ráðherra fyrir því að hann verði skynsamur þegar kemur að tillögugerð um framtíðarstarfsumhverfi íslensks sjávarútvegs og ég býð fyrir hönd okkar framsóknarmanna aðstoð okkar enda skipuðum við í þennan starfshóp. Vonandi náum við þverpólitískri sátt um það hvernig við ætlum að standa að sjávarútvegsmálum hér á landi til langrar framtíðar því að eftir það mikla hrun sem orðið hefur hefur sjávarútvegurinn trúlega aldrei verið eins mikilvægur okkur Íslendingum og einmitt í dag.

Ég tek undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að ég varð var við það eftir að sumir forustumenn ríkisstjórnarinnar gáfu út fyrningarleiðina að það varð mikill skjálfti í greininni og starfsumhverfi greinarinnar var vissulega ógnað. Ég vonast til þess að það sé einhver ró að færast yfir það í ljósi yfirlýsingar hæstv. ráðherra hér og fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem hafa heitið því að standa með íslenskum sjávarútvegi í gegnum þykkt og þunnt enda er hér um að ræða mjög mikilvæga hagsmuni fyrir okkur öll þegar við

ætlum að reisa landið úr þeim efnahagslegu rústum sem blasa við okkur í dag. Ég óska hæstv. ráðherra og nefndinni góðs gengis í því.

[14:30]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar ágætu umræður. Ég vil vekja athygli á því að þessum starfshóp er ætlað að taka fyrir atriði eins og tilgreind eru í verkefnalista og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, ef ég má vitna til þess, frú forseti, en þau eru að:

„a) stuðla að vernd fiskstofna b) stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda sjávar c) treysta atvinnu d) efla byggð í landinu e) skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar.“

Þarna eru fjölmörg atriði tínd til sem snerta þjóðarsátt um meðferð, eignarhald og nýtingu þessara auðlinda. En að sjálfsögðu á þjóðin þessa auðlind. Ég treysti starfshópnum ágætlega til að takast á við þessi verkefni. Ég tek undir þau sjónarmið hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur um kynjahlutföllin og það er alveg rétt að sett var sú krafa að þarna yrðu skipuð bæði karlar og konur. (Gripið fram í.) Margir tilnefningaraðilar sögðust bara hafa körlum á að skipa. En engu að síður held ég að því fólki sem valist hefur í nefndina sé alveg treystandi til þessara verkefna, eins og fram kemur í bréfinu sem ég las upp áðan, og ég treysti því að sá hópur sem falið er þetta vandasama hlutverk skili frá sér góðu áliti um málið. Ég tel reyndar að það sé í mjög góðum farvegi.

Umræðu lokið.

Útflutningsálag á fiski.

Fsp. GÞÞ, 155. mál. — Þskj. 273.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Í dag hefur verið rætt m.a. um mikilvægi sjávarútvegsins og var bent á að vægi hans fari ekki minnkandi, vægi hans hefur einmitt aukist í íslensku þjóðlífi. Hér fór hv. þm. Ásbjörn Óttarsson yfir þá erfiðu stöðu sem blasir við í sjávarútveginum hvað varðar ýmsar aðstæður og vísaði þá sérstaklega í aflasamdrátt og sömuleiðis þær ógnir sem steðja að sjávarútveginum hvað varðar fyrirætlanir stjórnvalda um fyrningarleiðir. Ég ætla ekki að fara yfir það hér, virðulegi forseti. Um það hefur verið fjallað mjög mikið af góðri ástæðu og þeir sem bera sjávarútveginn fyrir brjósti hafa haft áhyggjur af þessu og átta sig á mikilvægi hans fyrir þjóðarbúið. Þær eru mjög skiljanlegar þegar fyrningarleiðin er annars vegar.

Það hefur hins vegar farið fram hjá mörgum að í þessum mjög svo langa stjórnarsáttmála sem gengið var frá fyrir nokkrum vikum síðan — einn lengsti stjórnarsáttmáli sem saminn hefur verið — er ýmislegt, m.a. um sjávarútvegsmál. Í kaflanum efst á bls. 11, um brýnar aðgerðir er fyrst talað um að knýja á um frekari fullvinnslu afla hérlendis með því m.a. að skoða hóflegt útflutningsálag á fisk og/eða að óunninn afli verði settur á íslenskan markað. Á íslensku heitir þetta að setja skatt á útfluttan fisk og það er talið brýnt í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Eðlilega hefur ekki mikið farið fyrir þessu í umræðunni þar sem fyrningarleiðin hefur verið meira áberandi og önnur mál sem ég ætla ekki að nefna hér sem eru gríðarlega stór. En ég hef áhuga á því að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort hann ætli að fylgja eftir þessu atriði sem nefnt er „brýnt“ í stjórnarsáttmálanum, þ.e. að setja skatt á útfluttan fisk. Ef svo er, hvenær verður það gert og hvað verður það hár skattur? Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að þeir aðilar sem að þessum málum koma, þar með taldir við þingmenn, að við og þjóðin fáum að vita af því.

[14:36]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn frá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni um það hvort sjávarútvegsráðherra hyggist leggja útflutningsálag á fisk, samanber ákvæði þar um í stjórnarsáttmálanum.

Þetta fiskveiðistjórnarkerfi og lög og ákvæði sem lúta að því, meðal annars hvað varðar þessa þætti, tók ríkisstjórnin í arf. Það er athyglisvert að hv. fyrirspyrjandi kom ekkert inn á eigin skoðanir í þessu máli nema að því er virtist að það væri nauðsynlegt að hafa sem frjálsastar heimildir til að flytja óunninn fisk úr landi.

Hins vegar er alveg hárrétt að í þessum ágæta stjórnarsáttmála eða stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um, eins og hv. þingmaður minntist á, að knýja á um frekari fullvinnslu afla hérlendis með því m.a. að skoða hóflegt álag á fisk eða að óunninn afli verði settur á innlendan markað. Sem sagt að grípa til þeirra aðgerða sem lögin heimiluðu eftir því sem kostur er til að tryggja að fiskur fari á innlendan markað. Það markmið er óbreytt. Ég tel reyndar mjög brýnt að málum sé þannig fyrir komið að íslenskar fiskvinnslur geti haft fullt jafnræði á við erlendar við að bjóða í og fá fisk sem veiddur er á Íslandsmiðum til vinnslu hérlendis.

Ef við lítum aðeins á hvernig þetta hefur breyst voru árið 2003 flutt út 27.800 tonn af fiski í gámum eða um 8% af heildarverðmæti fiskaflans það ár. Síðan óx þetta og árið 2006 voru flutt út 48.500 tonn og þá erum við komin í tæp 13% af heildarverðmæti afla á Íslandsmiðum. Árið 2008 vorum við síðan komin upp í 58.655 tonn af botnfiski eða tæp 16% af heildarverðmæti aflans en einungis 12% af magninu. Það liggur í því að menn telja sig á ýmsan hátt hafa fengið hærra verð á mörkuðum erlendis. Ráðherra hefur, eins og hv. þingmaður minntist á, heimildarákvæði til að taka á þessum málum, skv. 11. gr. laga nr. 2006, um stjórn fiskveiða, til að ákveða að afli af ákveðnum fisktegundum sem fluttur er óunninn á erlendan markað skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Getur álagið verið allt að 20% á þorsk og ýsu en 15% á aðrar tegundir. Álag þetta varð til þegar í upphafi kvótakerfisins og var 25% í mörg ár og lagðist á allan botnfisk sem fluttur var út óunninn. Það var síðan lækkað í áföngum og fellt niður af óunnum afla sem vigtaður er innan lands. Árið 2007 tók þáverandi sjávarútvegsráð-

herra ákvörðun um að afnema útflutningsálagið á óunninn fiski. Hins vegar er heimildin enn þá fyrir í lögum.

Á þessum skamma tíma hefur verið unnið innan þeirra lagamarka sem ráðuneytið hefur til að hafa áhrif á að afli sem veiddur var á Íslandsmiðum kæmist til íslenskra fiskvinnsla á jafnræðisgrunni. Við höfum heimildir til að afnema undanþágur til vigtunar hér á landi en eins og nú er var viðurkennt að vigta mætti aflann erlendis og það yrði þá gert undir eftirliti Fiskistofu. Við höfum heimildir til að afnema það. Það er alveg hárrétt. Við höfum Fjölnet sem er markaðsvefur þar sem á að vera hægt að bjóða í og tryggja jafnræði fiskvinnsla í aðgengi að fiski sem er á markaði en það hefur samt ekki virkað með þeim hætti sem vænst var. Einnig hefur verið borið við að þær einingar sem settar voru á markað séu of stórar þannig að það þurfi minni einingar til að hægt sé að bjóða á markaði svo margar fiskvinnslur sem eru háðar fiski á markaði geti boðið minna magn. Allt þetta er til skoðunar, frú forseti, en ráðuneytið mun vinna innan þeirrar lagaheimildar sem við höfum og sækja þá lagabreytingu ef nauðsynlegt er til að tryggja að íslenskar fiskvinnslur eigi jafnan aðgang a.m.k. til þess fisks (Forseti hringir.) sem veiddur er á Íslandsmiðum til vinnslu og það er markmið (Forseti hringir.) þessarar ríkisstjórnar.

[14:41]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Eins og hæstv. ráðherra rakti höfum við áralanga reynslu af svokölluðu útflutningsálagi í fiski. Reynslan varð sú að þetta fyrirkomulag skilaði ekki þeim árangri sem að var stefnt. Þess vegna og líka vegna þess að þessi lagasetning stóðst ekki með nokkrum hætti var ákveðið að hverfa frá því fyrirkomulagi. Þess í stað var ákveðið að setja upp annað fyrirkomulag til að reyna að tryggja betur aðgengi fiskvinnslunnar í landinu að hráefninu. Ef reynslan er sú að þessi lög og þær reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga hafa ekki náð því markmiði sem að var stefnt vil ég hvetja hæstv. ráðherra til að endurskoða reglugerðina með það í huga að auðvelda fiskvinnslunni betur aðgengi að hrávinnslunni en fara ekki út í þá vitleysu að endurvekja útflutningsálagið sem reynslan sýnir okkur að nær ekki þeim markmiðum sem að er stefnt.

Við skulum líka hafa það í huga að það geta verið margar ástæður fyrir því að menn senda út fiskinn óunninn, t.d. þegar ýsuaflinn jókst þá jókst einfaldlega útflutningur (Forseti hringir.) á óunninni ýsu vegna þess að markaðurinn innan lands (Forseti hringir.) réði ekki við aukið hráefnisframboð á því sviði.

[14:43]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjandanum hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir fyrirspurnina. Aðeins hvað þetta varðar held ég að það væri mjög skynsamlegt af hæstv. ráðherra að fela þeirri nefnd sem fer yfir fiskveiðistjórnarkerfið sem hann lýsti áðan að koma með hugsanlega kosti og galla þess að fara þessa leið í tillögum sínum. Ég verð að segja, frú forseti, að ríkisstjórnin er búin að gera nógu mikið af handahófskenndum aðgerðum sem skila síðan ekki tilætluðum árangri. Þetta er ekki þannig mál að menn geti ekki beðið eftir því.

Ég vil benda á það að t.d. mesta útflutningshöfn á ferskum fiski er Vestmannaeyjar. Það er kannski samgönguleysi við land sem er ástæðan fyrir því og sennilega breytist það ekki fyrr en hv. þm. Árni Johnsen er búinn að moka göngin. En aðeins til að glöggva okkur á þessu, þegar okkur vantar gjaldeyri, þá er ég með upplýsingar um verðið sem var á fiskmörkuðunum bæði erlendis og innan lands í gær. Þá var þorskur erlendis seldur á 530 kr., á 209 kr. (Forseti hringir.) hér á Íslandi. Ýsan var seld á 467 kr. erlendis, 122 kr. (Forseti hringir.) innan lands.

[14:44]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir orð hv. þm. Ásbjörns Óttarssonar um að ef fara á að skoða þessa hluti sé mjög eðlilegt að þeir séu teknir til umræðu í þeirri nefnd sem ráðherrann er nýbúinn að skipa. En hins vegar vil ég vara við því, og tek undir orð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, að hér verði farið að vekja upp gamla drauga sem eru þekktir því að það er alveg ljóst að við þurfum á því að halda að sjávarútvegurinn geti starfað og skilað okkur eins góðum hagnaði eins og hægt er inn í þjóðarbúið.

Ég held að það sé mikilvægt að við lærum af reynslunni og það er mikilvægt fyrir ráðherra eins og aðra að skoða myndina heildstætt þegar rætt er um útflutning á óunnum fiski og öðru slíku vegna þess að það eru vitanlega markaðsaðstæður, aðstæður innan lands og utan, sem ráða því hvernig að þessu er staðið. Ég treysti ráðherra fullkomlega til að flana ekki að þessu og leggja auknar byrðar á sjávarútveginn sem hann getur ekki staðið undir.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Þetta er sá liður þingfundar sem gefur okkur þingmönnum tækifæri til að spyrja ráðherra. Það fer þannig fram að við sendum inn á skrifstofu þingsins fyrirspurnir og ráðherrar sjá þær með mjög löngum fyrirvara þannig að þeir hafa mjög góðan tíma til að undirbúa sig. Það er væntanlega gert til að enginn vafi leiki á því að fyrirspurnunum verði svarað.

Það stendur mjög skýrt í stjórnarsáttmálanum að það sé brýn aðgerð að setja útflutningsálag á fisk. Það er nákvæmlega það sem ég spurði hæstv. ráðherra um. Ég var ekki að biðja hæstv. ráðherra, með fullri virðingu, að fara í söguskýringar eða að spyrja almennt um kerfið. Ég vil bara fá að vita, og er ekki einn um það, hvort hann ætlar að framfylgja því sem þarna stendur. Virðulegi forseti. Er til of mikils mælst að fá svar við þeirri spurningu? Nú kemur hæstv. ráðherra aftur á eftir og ég mun fylgjast vel með því eins og aðrir hvort hann svari spurningunni sem hann átti að svara áðan því að hugmyndin er sú að hæstv. ráðherra svari spurningunni og við höfum tækifæri til að koma með athugasemdir okkar eða skoðanir á svarinu.

Nú er ég í þeirri stöðu að ég hef ekki hugmynd um hvað hæstv. ráðherra ætlar að gera í þessu máli af því að hann ákvað að fylla ræðutíma sinn án þess að svara þessu einu orði. Virðulegi forseti. Það er ekki til of mikils mælst að

hæstv. ráðherra svari þeirri spurningu sem hann fékk senda fyrir mjög löngu síðan og er mættur hér til að svara?

[14:47]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég hefði talið rétt að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefði sparað sér hrokann í máli sínu og sagt okkur hvaða skoðun hv. þingmaður hefur á þeirri stefnuyfirlýsingu sem lögð er fram yfirleitt í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar stendur, með leyfi frú forseta:

„Knýja á um frekari fullvinnslu afla hérlendis með því m.a. að skoða hóflegt útflutningsálag á fisk og/eða að óunninn afli verði settur á innlendan markað.“

Markmiðið er að efla innlenda fiskvinnslu og að fiskvinnslurnar eigi aðgang að þessu hráefni til jafns við aðra. Það skiptir einmitt gríðarlega miklu máli núna að við nýtum auðlindir eins og fiskinn til að hámarka þjóðhagslegan ábata af þessari auðlind og efla og standa á bak við atvinnu hér á landi. Þess vegna er verið að skoða öll þessi atriði, með hvaða hætti er hægt að tryggja þetta. En ég höfða líka til samfélagslegrar ábyrgðar útgerðarinnar í þessum efnum, að þurfa að stýra öllu með boði og bönnum í þessa veruna, það er sjálfsagt leið hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. En ég tel að það eigi að vera sameiginlegt markmið allra, útgerðarmanna, sjómanna, fiskvinnslunnar, okkar hér á Alþingi, að lög og reglur séu með þeim hætti að allir vinni samkvæmt þeim til að stuðla að því að sá fiskur sem veiddur er á Íslandsmiðum skapi okkur sem mestan þjóðhagslegan ábata og þar á meðal vinnslu hér á landi. Tilgreindar eru í lögunum þær aðgerðir sem hægt er að grípa til (Forseti hringir.) og þær verða allar skoðaðar.

Umræðu lokið.

Háskólinn á Akureyri.

Fsp. BJJ, 61. mál. — Þskj. 66.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Háskólinn á Akureyri er sverð og skjöldur háskólamenntunar á landsbyggðinni og hefur sannað gildi sitt á undangengnum árum. Nú þegar rætt er um endurskipulagningu á fjármálum hins opinbera, uppstokkun á menntakerfinu og sameiningu háskóla hef ég ákveðið að leggja fyrirspurn fyrir hæstv. menntamálaráðherra sem hljóðar svo:

Hyggst ráðherra standa vörð um að Háskólinn á Akureyri verði áfram sjálfstæð stofnun?

Ég spyr vegna þess að Háskólinn á Akureyri hefur á mörgum undangengnum árum verið okkur alþingismönnum mjög hugleikinn. Og í byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 sem iðnaðarnefnd samþykkti árið 2006 og ég gegndi formennsku í, lagði nefndin sérstaka áherslu á eflingu menntunar á landsbyggðinni. Þar stendur, með leyfi frú forseta:

„Menntamál eru byggðamál og því leggur nefndin til að uppbygging menntunar á landsbyggðinni verði forgangsatriði í stefnumótandi byggðaáætlun áranna 2006–2009. Háskólinn á Akureyri hefur verið í fararbroddi við uppbyggingu háskólanáms á landsbyggðinni. Reynslan sýnir að nemendur sem stunda nám við skólann eru mun líklegri til að setjast að á landsbyggðinni en nemendur annarra háskóla.“

Þetta var það sem iðnaðarnefnd lagði fyrst og fremst áherslu á í störfum sínum á sínum tíma þegar byggðaáætlun fyrir þessi umræddu ár var samþykkt með öllum samhljóða greiddum atkvæðum á Alþingi Íslendinga. Það er alveg ljóst sama hvar í flokki við stöndum að Háskólinn á Akureyri og sú glæsilega starfsemi sem þar fer fram hefur mikinn hljómgrunn á Alþingi Íslendinga. Því velti ég fyrir mér hvort einhver stefnubreyting hafi átt sér stað hjá núverandi ríkisstjórn þegar kemur að því að standa vörð um sjálfstæði Háskólans á Akureyri. Ég þekki það eftir að hafa setið í fjárlaganefnd að útibú á landsbyggðinni — segjum sem svo að Háskólinn á Akureyri verði gerður að útibúi — verða oft fyrst fyrir niðurskurðinum vegna þess að það er auðveldara fyrir hinar stóru stofnanir í Reykjavík að skera niður fjær sér en nær sér jafnvel á næstu skrifstofu. Sagan segir þetta og ég gæti bent á mörg tilfelli í þessari umræðu. Spurningin er þessi:

Ætlar hæstv. menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að Háskólinn á Akureyri verði áfram sjálfstæð stofnun? Að Háskólinn á Akureyri geti áfram sinnt því lykilhlutverki í uppbyggingu háskólamenntunar á landsbyggðinni sem hann hefur gegnt á undanförnum árum, (Forseti hringir.) með miklum sóma? Þar held ég að sjálfstæði stofnunarinnar hafi skipt lykilmáli.

[14:53]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina og ég get tekið undir orð hans um að Háskólinn á Akureyri hefur auðvitað verið okkur Íslendingum öllum til mikils sóma með starfi sínu. Ekki aðeins hefur hann verið sverð og skjöldur háskólanáms á landsbyggðinni heldur hefur hann náð miklum árangri sem við getum öll verið stolt af þannig að ég tek undir þau orð. Hins vegar er eðlilegt að hv. þingmaður spyrji enda liggja fyrir eins og áður hefur komið fram í umræðum í þingsal, tvær skýrslur um háskólamál þar sem lagðar eru til sameiningar háskóla, fækkun stofnana. Í annarri skýrslunni er lagt til að opinberu háskólarnir verði sameinaðir í einn og einkareknu háskólarnir verði sameinaðir í annan. Í hinni er ekki eins skýrt á um þetta kveðið en velt vöngum yfir fækkun háskóla.

Síðan þessar skýrslur komu fram hefur verið starfandi rýnihópur í menntamálaráðuneytinu þar sem í sitja fulltrúar frá ólíkum stofnunum, þó ekki sem fulltrúar þeirra stofnana heldur fulltrúar sem þekkja til starfsemi ólíkra stofnana og m.a. situr þar einmitt prófessor við Háskólann á Akureyri. Rýnihópurinn hefur verið að fara yfir þær hugmyndir sem þarna liggja fyrir og mun skila af sér líklega í þessum mánuði eða undir lok mánaðarins. Ég held að það sem stendur upp úr í þeim hópi sé að rf hægt er að ná fram hagræðingu með auknu samstarfi og aukinni verkaskiptingu sé það gott. Það er í rauninni mjög í takt við það sem mér hefur sýnst því að sameiningar skila ekki endilega sparnaði. Þær kalla jafnvel á aukinn kostnað ef ætlunin er að halda starfsemi í

útibúum, eins og hv. þingmaður nefndi, um land allt þannig að mér finnst mikilvægt að við höfum þau sjónarmið í huga. Ég held að við munum sjá fram á aukið samstarf allra háskóla á Íslandi á næstu árum og ég hef skynjað mikinn vilja til þess frá forsvarsmönnum háskólastofnana á Íslandi að efla t.d. samstarf um stoðþjónustu og ýmislegt þar sem hægt er að ná fram hagræðingu en um leið viðhalda ákveðnu faglegu sjálfstæði stofnana. Ég held að það sé líka lykilatriðið í að ná árangri, það er auðvitað að stofnanirnar hafi ákveðið faglegt sjálfstæði.

Hins vegar, eins og ég kom að áðan, mun rýnihópurinn skila af sér seinni hluta þessa mánaðar en ég held að þær tillögur sem þar muni liggja fyrir verði ákveðinn grunnur að stefnu til frambúðar. Þar er byggt á því starfi sem þegar hefur verið unnið í tíð forvera míns í ráðuneytinu og ég held að við getum séð fram á ákveðnar breytingar á íslenskum háskólum með þessu aukna samstarfi. Það skiptir máli að skapa umhverfi sem er hvetjandi til samstarfs þannig að skólarnir geti nýtt sér tækifærið, samlegðaráhrif og annað.

Hvað varðar Háskólann á Akureyri sérstaklega held ég að það sé mjög mikilvægt að við lítum til inntaks þess starfs sem þar er. Þar hefur auðvitað verið unnið mjög dýrmætt starf t.d. þegar kemur að ýmsu sem tengist norðurslóðastarfi, sjávarútvegsfræðum og öðru slíku. Ég held að það séu ýmsir mjög spennandi framtíðarmöguleikar fyrir Háskólann á Akureyri að verða það sem við getum kallað t.d. norðurslóðaháskóla, að tengja saman ýmis fræði tengd hinum hefðbundnu atvinnugreinum við önnur fræði, nýsköpun í þeim greinum, þannig að ég held að sóknarfærin séu gríðarlega mörg fyrir þessa stofnun. Ég læt mér jafnvel detta í hug aukið samstarf Háskólans á Akureyri við ýmis setur um land allt, svo dæmi sé tekið, og tengja þau saman, útbúa einhvers konar net þeirra stofnana þannig að þær njóti samstarfsins hver við aðra við áframhaldandi þróun og rannsóknir í þessum greinum. Ég held að á svona tímum þegar kreppir að í samfélagi okkar — við þurfum að draga saman, við sjáum fram á samdrátt til fjárveitinga, til háskóla á næsta ári, það mun að sjálfsögðu verða erfitt fyrir skólann — sé mjög mikilvægt að við nýtum öll færi til að skólarnir starfi saman þannig að þeir nái að viðhalda faglegum gæðum og starfi sínu með því að fá stuðning hver af öðrum. Ég held að aðalsamkeppnin núna sé í raun og veru við skóla í útlöndum. Aðalsamkeppnin snýst um að halda okkar góða, unga fólki, okkar góða fræðafólki hér á landi og þá þurfum við öll að leggjast á eitt. Ég skynja þann vilja úr háskólasamfélaginu þannig að ég hef lagt áherslu á þessi tvö lykilatriði: Samstarf, skiptingu verka og að menn nýti sér kraftana saman til að komast í gegnum þetta.

[14:58]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, í þessu efni erum við algerir samherjar (**BJJ:** Eins og í mörgu öðru.) — eins og í mörgu öðru. Ég túlka þetta svar hæstv. ráðherra Katrínar Jakobsdóttur sem svo að hún vilji standa vörð um sjálfstæði Háskólans á Akureyri.

Örstutt um þetta. Stærsta byggðaaðgerð Íslandssögunnar er að troða stjórnsýslunni á einn stað. Við verðum að vinda ofan af þeirri vitleysu og færa sjálfstæðar stofnanir út um allt land. Ein best heppnaða byggðaaðgerð í sögu þjóðarinnar er Háskólinn á Akureyri með 190 föst stöðugildi, 1.500 nemendur, þar af þriðjung í fjarnámi. Það væri ömurlegur vitnisburður um núverandi ríkisstjórn ef hún hvikaði frá sjálfstæði Háskólans á Akureyri.

[14:59]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill áminna hv. þingmann um að ávarpa forseta en ekki þingmenn úti í sal.

[14:59]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Ég kem hér til að fagna þessari umræðu og þá sérstaklega þeim orðum menntamálaráðherra sem glöddu mig þegar hún sagði að samstarf geti skilað hagræðingu ekkert síður en sameining. Ég held að það sé grundvallaratriði því að sjálfstæði menntastofnana skiptir gríðarlegu máli og skiptir ekki aðeins máli varðandi stjórnsýslu þeirra og faglegt innra starf. Það skiptir líka miklu máli fyrir sjálfsmynd þeirra byggðarlaga þar sem þessar stofnanir eru upp sprottnar.

Ég held að arðsamasta fjárfestingin á erfiðum tímum sé einmitt að fjárfesta í menntun og ein besta byggðaaðgerð sem hægt er að grípa til held ég að felist í því að efla menntastarf á landsbyggðinni. Svo þakka ég aftur fyrir þessa umræðu.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Birkir Jón Jónsson) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í þessari mikilvægu umræðu að mínu mati. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni um að fjárfesting í menntun á tímum sem þessum er trúlega besta fjárfesting sem völ er á. Ég tel að það lykilhlutverk sem Háskólinn á Akureyri hefur sinnt og gegnt með miklum sóma á undangengnum árum að þar megi ekki verða nein breyting á. Ég var ánægður að heyra að hæstv. ráðherra talaði um aukið samstarf og ég hefði líka viljað heyra hana tala um aukna samvinnu, sem er ekki síður fallegt orð, á milli háskóla og stofnana frekar en sameiningar.

Ég vil sjá það í framtíðinni að Háskólinn á Akureyri verði áfram öflugur háskóli sem þjónustar ekki hvað síst fólk af landsbyggðinni. Það er sannað að þeir sem fara í nám í Háskólanum á Akureyri flytjast oftar en ekki eitthvert út á landsbyggðina. Það hefur sýnt sig að Háskólinn á Akureyri er mikil kjölfesta í sínu byggðarlagi á Akureyri, á Eyjafjarðarsvæðinu, í Þingeyjarsýslum, og það skiptir okkur gríðarlega miklu máli að standa vörð um þessa stofnun sem hefur stórhækkað þekkingarstig á landsbyggðinni, sem er mikilvægt í dag.

Ég vil því árétta það og það væri gott að fá það alveg kristaltært frá hæstv. ráðherra að hún hafnaði því að vegið yrði að sjálfstæði Háskólans á Akureyri. Ég er opinn fyrir þeim hugmyndum að Háskólinn á Akureyri eigi ágæta samvinnu við aðrar háskólastofnanir, jafnt innlendar sem erlendar, það eru mikil sóknarfæri í því. En fyrst og fremst eiga forsvarsmenn Háskólans á Akureyri að ráða hvernig

þeir verja þeim fjármunum sem ætlaðir eru til starfsins á fjárlögum hverju sinni, þær ákvarðanir séu ekki teknar á höfuðborgarsvæðinu því að þá er hætt við því að stofnun eins og (Forseti hringir.) Háskólinn á Akureyri gæti lent út undan og það viljum við síst af öllu. (Forseti hringir.) Því hvet ég hæstv. ráðherra til að af taka öll tvímæli um framtíð Háskólans á Akureyri.

[15:03]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Birki Jóni Jónssyni og þakka þessa umræðu. Ég vil segja það fyrst, af því að hann nefndi orðið „samvinnu“, að á fundi í síðustu viku hitti ég rektora allra háskóla utan einn sem ekki komst á staðinn. Meðal þeirra sem mættir voru var nýr rektor Háskólans á Akureyri og ég held að það sé einmitt mikill vilji til aukins samstarfs. Auðvitað hefur verið talsvert samstarf en það hefur líka verið mikil samkeppni, ekki síst um nemendur og að trekkja að nemendur, en ég held að við séum á ákveðnum tímamótum, að háskólasamfélagið vilji leggja sitt af mörkum fyrir þjóðina og hugsi líka um hvernig það verði best gert. Það gerir það, held ég, einmitt með þessum hugmyndum um samvinnu og annað slíkt. Nú er ég búinn að segja það orð tvisvar í þessari ræðu, hv. þm. Birki Jóni Jónssyni til upplýsingar.

Ég held að það verði mjög áhugavert að sjá niðurstöðu þess rýnihóps sem nú fer að ljúka störfum. Ég á ekki von á því, eins og ég sagði hér í mínu fyrra innleggi, að farin verði sú leið að sameina í tvo háskóla eins og nefnt var í skýrslu erlendu sérfræðinganna sem rædd var hér fyrr. Ég á fremur von á því að við horfum til þess sem ég nefndi áðan, aukinnar samvinnu um stoðþjónustu, til samstarfs, en um leið verði lögð áhersla á þetta faglega sjálfstæði stofnana. Ég á von á því að það muni nást allnokkur sátt um þá leið sem reynum að fara í þessum efnum. Ég þekki vel hug skólafólks fyrir norðan og ég held að ég geti fullvissað það um að ég ber mikla virðingu fyrir starfi þess og á ekki von á öðru en að þar verði áfram mjög öflugt starf í sama anda og verið hefur. (**BJJ:** Þú ert frábær ráðherra.)

Umræðu lokið.

Eignarhald á fjölmiðlum.

Fsp. GÞÞ, 152. mál. — Þskj. 270.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég er hér með fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra en vegna fyrirspurnatíma þar sem ég og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skiptumst á orðum vil ég upplýsa þingheim um að ég ákvað að fylgja því eftir að fá svar við þeirri spurningu sem ég bar fram en fékk ekki svar við. Ég sendi inn skriflega fyrirspurn og mun sjá hvort ég fæ svar við henni. Eins og við vitum er hugmyndin sú að hæstv. ráðherrar svari hér og ég er ekki í neinum vafa um að hæstv. menntamálaráðherra mun svara þeirri spurningu sem ég ætla að leggja fyrir hana.

Ég er enn og aftur og verð hér í dag með hugann við þennan langa stjórnarsáttmála sem inniheldur margt athyglisvert ef einhver les hann. En þar er mikið magn orða og ýmislegt sem þarna leynist sem ég held að vert sé að skoða og ræða hér. Eitt af því sem þar kemur fram, virðulegi forseti, er á bls. 14.

Með leyfi forseta, segir í einum af þeim punktum sem þar eru að heildstæð lög um fjölmiðla verði sett þar sem ritstjórnarlegt sjálfstæði og réttur blaðamanna eru tryggð.

Nú þekkjum að það hefur verið mikil umræða um að setja lög um fjölmiðla og menn hafa bent á að ein af þeim mistökum sem gerð voru og orsakaði m.a. það ástand sem upp kom hér var að sú umgjörð sem var um fjölmiðla í landinu var ekki fullnægjandi. Við þekkjum það að sett voru fjölmiðlalög hér sem forseti lýðveldisins neitaði að skrifa undir. Niðurstaðan varð þá sú að ekki var farið út í neina slíka lagasetningu og hvort sem það var ástæðan — alla vega hefði það ekki verið hægt ef fjölmiðlalögin hefðu verið sett — var það samt sem áður þannig að þær viðskiptablokkir sem hér voru stærstar áttu, held ég, allar sinn fjölmiðil.

Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, setti af stað vinnu með fulltrúum allra flokka. Menn komust þar að ákveðinni niðurstöðu þar sem m.a. var tekist á um eignarhald en ekki náðist sátt um að klára það í þinginu. Það kom mér þess vegna á óvart, þar sem menn eru með þetta inni í stjórnarsáttmálanum, að þar skuli ekki einu orði vikið að eignarhaldinu. Ég hef ekki heyrt á neinum fulltrúum stjórnmálaflokkanna sem hafa rætt þessi mál að menn hafi talið ástæðu til annars en að setja einhverjar reglur um eignarhald og það er vel þekkt í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir reglum um eignarhald á fjölmiðlum í þeim fjölmiðlalögum sem ætlunin er að setja samkvæmt stjórnarsáttmálanum og eiga að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði (Forseti hringir.) og rétt blaðamanna?

[15:08]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir fyrirspurnina. Það er vissulega rétt sem fram kemur hjá honum að í stjórnarsáttmálanum segir að stefna ríkisstjórnarinnar sé að setja heildstæð lög um fjölmiðla þar sem ritstjórnarlegt sjálfstæði og réttur blaðamanna eru tryggð. Um þetta er fjallað í kaflanum samstarfsyfirlýsingarinnar sem ber yfirskriftina „Lýðræði og mannréttindi“ en þar er sem sagt rætt um nauðsyn þess að slík lög verði sett.

Í raun og veru er þarna tæpt á mun stærra máli, þ.e. heildstæðri fjölmiðlalöggjöf, og er ekki ástæða til að gagnálykta á þann veg að ekki verði gert ráð fyrir einhverjum reglum um eignarhald á fjölmiðlum í þeim fjölmiðlalögum sem nú eru í undirbúningi.

Ég reikna með því að niðurstöður þverpólitískrar nefndar um fjölmiðla sem skilaði skýrslu vorið 2005, verði hafðar til hliðsjónar við smíði fjölmiðlafrumvarps. Meðal þess sem þar kom fram var að settar yrðu reglur sem tryggðu gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum, að mótaðar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Þá voru settar fram ákveðnar hugmyndir um takmarkanir sem eru nú í skoðun í mennta-

málaráðuneytinu þar sem unnið er að undirbúningi þessarar heildstæðu löggjafar.

Mig langar að nefna það, af því að þetta mál er allstórt, að þau lög sem helst snúa að fjölmiðlum á Íslandi nú eru annars vegar útvarpslög, sem byggja að miklu leyti á Evróputilskipunum um sjónvarp án landamæra, og hins vegar lögum um prentrétt. Þessi lög heyra undir tvö ráðuneyti, útvarpslög undir menntamálaráðuneyti og lög um prentrétt undir dómsmálaráðuneyti. Nokkurt misræmi er að finna í þessum lögum þegar kemur t.d. að ábyrgðarreglum. Ég tel því mjög mikilvægt að þessi lög verði skoðuð samhliða og að reynt verði að samræma þær reglur sem þar er að finna um fjölmiðla.

Í lok árs 2007 voru gerðar grundvallarbreytingar á Evróputilskipun frá árinu 1989 um sjónvarp án landamæra og kemur það m.a. til vegna þeirra gríðarlegu breytinga sem orðið hafa á fjölmiðlamarkaði m.a. vegna tilkomu stafrænnar og gagnvirkrar miðlunar. Undanfarið eitt og hálft ár hefur verið unnið að því í ráðuneytinu að innleiða nýja tilskipun ESB um hljóð- og myndmiðlun auk þess sem talið var bæði nauðsynlegt og eðlilegt að endurskoða löggjöfina í heild sinni samhliða lögleiðingu þeirra breytinga sem efni tilskipunarinnar felur í sér.

Mig langar aðeins að tæpa á því af hverju við erum að fara í heildarendurskoðun samhliða þessari innleiðingu. Í fyrsta lagi hefur þróunin auðvitað verið mjög hröð og tækniframfarir miklar á þessu sviði frá setningu gildandi útvarpslaga, sem eru frá árinu 2000, svo ekki sé minnst á lögin um prentrétt sem ég nefndi hér áðan, sem eru frá árinu 1956. Gildandi lög eru um margt úrelt, þar með talið gildissvið þeirra og viðmið, og má þar nefna að grundvallarhugtök eins og sjónvarp og sjónvarpsstöð eru skilgreind með of þröngum hætti í gildandi löggjöf. Bann er lagt við því að byggja upp fjölrásasjónvarp á því tíðnisviði sem nágrannaþjóðir okkar nota, skortur er á jafnræði milli sjónvarpsstöðva af þeirri einföldu ástæðu að gildandi lög gera ekki ráð fyrir tækniframförum, og þá er ekki gert ráð fyrir tilkomu internets í gildandi prentlögum. Ef við reiknum með því að það sé ekki bóla er ágætt að fara að koma því fyrir í lögum.

Frá gildistöku núgildandi laga hafa átt sér stað miklar breytingar á samsetningu og gerð íslensks fjölmiðlamarkaðar og það hafa, eins og hv. þingmaður kom inn á áðan, miklar umræður verið í samfélaginu um frekari reglusetningu og skipan mála á þessu sviði. Tvær viðamiklar skýrslur um málefnið hafa verið unnar á síðustu árum og þær tillögur sem þar hafa komið fram hafa auðvitað sumar hverjar verið umdeildar en aðrar hefur verið mikil sátt um og varða grundvallaratriði í rekstri og starfsumhverfi fjölmiðla sem eiga erindi í ný lög á þessu sviði.

Það liggur líka fyrir að flest ríki sem við berum okkur saman við eru komin mun lengra í þróun þess regluverks og umhverfis sem fjölmiðlar 21. aldarinnar kalla á og er nauðsynlegt að bregðast við nú þegar þannig að við drögumst ekki frekar aftur úr grannríkjum okkar um mótun reglna og starfsumhverfis sem verður æ alþjóðlegra og óháð landamærum.

Ákvæði þessarar nýju Evróputilskipunar eru viðamikil, útheimta verulegar breytingar á gildandi lögum. Við samningu frumvarpsins hefur þótt nauðsynlegt að víkka sjóndeildarhringinn frá þeirri afmörkun sem liggur gildandi útvarpslögum og lögum og prentrétt til grundvallar. Útheimtir þetta auk smíði nýrrar heildarlöggjafar breytingu á ákvæðum nokkurra annarra laga svo sem höfundarlaga.

Eins og greina má af því yfirliti sem ég hef nú hraðspólað allnokkuð yfir er í þessum nýju heildstæðu lögum um fjölmiðla tæpt á mjög mörgu öðru en eingöngu því sem nefnt er í stjórnarsáttmála um ritstjórnarlegt sjálfstæði en þótti sérstök ástæða til að nefna þar. Ákvæði um reglur um eignarhald á fjölmiðlum eru til skoðunar í ráðuneytinu og verður þá reynt að byggja á þeirri vinnu sem fyrir liggur en ég reikna líka með því að frumvarpið verði kynnt mjög ítarlega hagsmunaaðilum og almenningi áður en það kemur til umræðu hér á þingi, vonandi á haustmánuðum.

[15:13]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Ég fagna þessari umræðu sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur hér í sölum þings. Um þetta er það að segja að ríkið rekur stærsta miðil þjóðarinnar en vill líka ráðskast með alla hina. Það er í sjálfu sér umhugsunarvert og snýst kannski þá aðalatriði þessa máls um þessa meginspurningu: Treystir ríkið einstaklingum til þess að reka fjölmiðla? Ég held að þetta mál hverfist um þá spurningu.

Ég treysti einstaklingum til þess að reka fjölmiðla á Íslandi en ég vil hins vegar ekki sjá það gerast að stórar viðskiptablokkir eignist fjölmiðla með húð og hári. Hér þarf að setja almennar reglur í samfélaginu eins og annars staðar, en ekki pólitískt sértækar.

[15:14]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að vekja máls á þessu og einnig hæstv. ráðherra fyrir það sem hún sagði hér. Ég túlka orð hennar þannig að ekki sé útilokað að það verði skoðað sérstaklega hvernig eignarhaldi á fjölmiðlum er háttað og ég held að það sé mjög mikilvægt. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn fari yfir það og setji skýrar reglur um hvernig eignarhald fjölmiðla skuli vera því að við megum ekki gleyma því að fjölmiðlar eru það sem við köllum fjórða valdið. Ég hef velt því fyrir mér persónulega hvort ekki sé full ástæða til þess að fara yfir þátt fjölmiðla í íslensku þjóðlífi, fara yfir hagsmunatengslin, fara yfir fjárhagslegu tengslin, fara yfir eignarhaldið og velta því upp hver þáttur fjölmiðla er í íslensku þjóðlífi, í efnahagshruninu hugsanlega, í bankahruninu, í hinu pólitíska starfi.

Hvernig eru tengslin? Hver eru fjárhagslegu tengslin, hver eru fjölskyldutengslin, hver eru pólitísku tengslin? Hver á í raun fjölmiðla og hver stýrir þeim? Ég held að fjölmiðlarnir geti ekki verið út undan í þeirri umræðu um breytingar á íslensku samfélagi (Forseti hringir.) sem við erum að tala um hér dögum saman.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr

og góð svör. Hún upplýsti að verið er að vinna að þessu málum og er jafnvel von á drögum, frumvarpi eða skýrslu þessarar nefndar í haust. Ég vonast til þess að þegar þar að kemur verði umræðan málefnaleg og tengist ekki persónum eins og svo oft er í íslensku þjóðfélagi. Vonandi verður það andrými í þjóðfélaginu, að þetta snúist ekki um menn séu spyrtir við einhverja einstaklinga hvort sem það er í stjórnmálunum eða atvinnu eða annars staðar í þjóðfélaginu því að það gerir alla umræðu afskaplega ómálefnalega og afskaplega ómarkvissa.

Fyrir mér er þetta mjög einfalt. Ég held að gegnsæið sé afskaplega mikilvægt. Hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson benti á að ríkið er líka stærsti aðilinn. Ríkisfjölmiðillinn er ekki undanskilinn þar. Það væri nú ekki verra að það væri líka gagnsæi þar. Þar eru gríðarleg völd þegar kemur að fréttaflutningi, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, og þarf ekki að gera það neitt tortryggilegt. Það er eðlilegt að við förum yfir þetta í rólegheitunum, ræðum þessa hluti málefnalega. Það er mjög eðlilegt að það séu ólík sjónarmið en eins og hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson fór yfir er þetta kallað fjórða valdið af góðri ástæðu. Það er sjálfsagt fyrir okkur og vonandi berum við gæfu til að fara yfir öll þau mál sem misfórust hjá okkur í rólegheitunum og við getum skoðað hvað má betur fara til að koma í veg fyrir að það gerist aftur. Einn sá þáttur í þjóðlífinu sem er ansi stór eru fjölmiðlarnir.

Það er ekkert leyndarmál að ég er mjög fylgjandi frelsi í fjölmiðlum. Ég treysti svo sannarlega einstaklingunum til að reka, eiga og stýra fjölmiðlum og sem betur fer eru fleiri tækifæri núna en áður m.a. út af tæknimálum og það er algerlega frábært. (Forseti hringir.) En við skulum fara vel yfir þetta og ég fagna (Forseti hringir.) bæði svörum ráðherra og þeirri vinnu sem þarna er unnin. Ég treysti því að hér geti orðið góð umræða sem og annars staðar í þjóðfélaginu.

[15:18]

Menntamálaráðherra (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka umræðuna og get tekið undir með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að gagnsæið er gríðarlega mikilvægt þegar kemur að fjölmiðlum því að eins og hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson sagði er hlutverk þeirra að vera fjórða valdið. Það skiptir máli að þeir sem lesa fjölmiðla þekki hvernig eignarhaldi þeirra er háttað því að það er hluti af því að meta fjölmiðilinn. Við getum t.d. litið til Norðurlandanna þar sem finna má fyrirmyndir, þar sem t.d. fjölmiðlastofur viðkomandi lands reka einfalda vefsíðu þar sem hægt er að skoða eignarhald allra fjölmiðla í landinu. Það er því hægt að setja einhverjar slíkar reglur og hluti af því er að hafa allt uppi á borðum.

Þetta er viðamikið verkefni og ég reikna með að það verði eitt af stærstu málunum sem verða til umfjöllunar hjá hv. menntamálanefnd næsta vetur þar sem þetta er yfirgripsmikið verkefni. Þarna er verið að tala um hljóð- og myndmiðla og prentmiðla og í þessu nýja umhverfi er æ erfiðara að skilgreina í raun og veru hvað fjölmiðill er því að við erum að horfa upp á gerbreytt umhverfi þar sem margir einstaklingar eru orðnir í raun og veru lifandi fjölmiðill að eigin mati, getum við sagt. Það eru ýmsar flóknar spurningar sem tengjast þeim miklu tækniframförum sem orðið hafa þar sem hver og einn rekur sína eigin síðu sem sinn vettvang sem í raun er farið að virka eins og fjölmiðill. En samt gerum við ekki sömu kröfu til þeirra og þess sem við köllum fjölmiðla í daglegu tali þar sem starfa blaðamenn sem við ætlumst til að sýni fagleg vinnubrögð. Það er mikilvægt að endurnýja löggjöfina þannig að skilgreiningar á fjölmiðlum séu í takt við þann veruleika sem við lifum í nú.

Það er margt sem er undir, tjáningarfrelsið, frelsi til upplýsinga fjölmiðla, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni í fjölmiðlum, neytendavernd, barnavernd, og svo mætti lengi telja, sem og auðvitað ákvæðin um gagnsæi, hugsanlegar reglur um eignarhald og ritstjórnarlegt sjálfstæði. En ég á von á því að þetta verði kynnt á haustmánuðum og vona að umræðan verði, eins og hv. þingmaður Guðlaugur Þór Þórðarson sagði, málefnaleg.

Umræðu lokið.

Yfirtaka fyrirtækja.

Fsp. ÁJ, 92. mál. — Þskj. 112.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen) (S):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. viðskiptaráðherra varðar yfirtöku fyrirtækja. Það er grundvallaratriði í einu þjóðfélagi að atvinnulífið gangi, grundvallaratriði númer eitt, tvö og þrjú að hjól atvinnulífsins snúist. Það virðist vera víða maðkur í mysunni í þessum efnum við þær hremmingar sem yfir hafa dunið að grípa til ráða, hratt og ákveðið, markvisst með verksvit að leiðarljósi. Einn af þeim þáttum sem gengið hefur hægt að sigla fram að því er virðist er framgangur tengdur bönkunum.

Mín fyrirspurn í þessum efnum til hæstv. viðskiptaráðherra varðar það hvaða aðferðafræði hefur verið beitt til yfirtöku fyrirtækja af hálfu banka og skilanefnda. Í öðru lagi, hefur verið reynt til hins ýtrasta að láta fyrirtækin standa? Í þriðja lagi, hefur jafnræðis verið gætt að fullu?

[15:22]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Mér hefur borist fyrirspurn í þremur liðum frá hv. þm. Árna Johnsen. Í fyrsta lagi spurði þingmaðurinn um hvaða aðferðafræði hafi verið beitt við yfirtöku fyrirtækja af hálfu banka og skilanefnda. Vegna þessa er rétt að taka fram að endurskipulagning atvinnufyrirtækja á vegum bankanna eða annarra fjármálafyrirtækja er flókið og umfangsmikið verkefni og raunar eitt það vandasamasta sem Íslendingar standa núna frammi fyrir. Það er nauðsynlegt, ekki bara vegna þeirra sem eiga beinan hlut að máli heldur fyrir efnahagslífið allt, að skýrar og sanngjarnar verklagsreglur séu hafðar að leiðarljósi þegar fyrirtæki eru endurskipulögð eða fjárhagur þeirra og þau jafnvel yfirtekin af fjármálafyrirtækjum.

Eftir því sem næst verður komist hafa bankar og eftir atvikum sparisjóðir, skilanefndir og aðrir slíkir aðilar komið sér upp nokkuð skilvirkum og eðlilegum verklagsreglum

um endurskipulagningu fyrirtækja þótt vitaskuld séu þær ekki fullkomnar frekar en önnur mannanna verk og verða eðli máls samkvæmt aldrei óumdeildar. Það er einfaldlega þannig í málum sem þessum þar sem tekist er á um mikla hagsmuni að sitt sýnist hverjum og aldrei er hægt að gera svo öllum líki. Þessar reglur eru, eftir því sem næst verður komist, alla jafnan aðgengilegar á vefjum viðkomandi fyrirtækja m.a. og er vísað til þeirra ef menn vilja kynna sér þær nánar.

Í öðru lagi spurði þingmaðurinn hvort reynt hafi verið til hins ýtrasta að láta viðkomandi fyrirtæki standa. Viðskiptaráðuneytið fær þær upplýsingar frá bönkunum og skilanefndunum að það sé alla jafnan raunin, að reynt sé til hins ýtrasta að aðstoða skuldsett fyrirtæki með skuldbreytingum og öðrum þeim leiðum sem færar kunna að vera til að ekki komi til yfirtöku. Yfirtaka er þrautarúrræði í flestum tilfellum enda er það yfirleitt ekki í hag banka að reka fyrirtæki hvort sem það er um lengri eða skemmri tíma ef hjá því er hægt að komast. Þó skal bent á að rök standa til þess að sum fyrirtæki, eins og t.d. mjög skuldsett eignarhaldsfélög sem eru hvorki atvinnuskapandi, enda með lítinn sjálfstæðan rekstur, né verðmætaskapandi, ættu að fara gjaldþrotaleiðina frekar en vera yfirtekin af bönkum. Það er a.m.k. vandséð að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að halda þeim gangandi nema e.t.v. í undantekningartilfellum þótt það geti verið þjóðhagslega hagkvæmt og sé það væntanlega í mörgum tilfellum, jafnvel flestum, að halda þeim rekstrarfélögum gangandi sem eignarhaldsfélögin eiga eða hafa átt.

Í þriðja lagi spurði þingmaðurinn hvort jafnræðis hafi verið gætt. Vegna þessa er rétt að taka fram að viðskiptaráðuneytið leggur áherslu á að jafnræðis sé gætt hjá bönkum og skilanefndum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Þær upplýsingar sem ráðuneytið fær úr fjármálakerfinu gefa almennt ekki tilefni til að efast um að svo sé þótt vissulega sé eins og áður var nefnt lítil sátt í sumum tilfellum um aðgerðir gagnvart einstökum fyrirtækjum. Hafa ber í huga að framtíð viðskiptabankanna ræðst m.a. af því hversu vel þeim tekst að halda utan um og styðja viðskiptavini sína og sýna þeim sanngirni um leið og vörður er staðinn um viðskiptahagsmuni bankans.

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra svör hans. Ég hygg að það sé ástæða til að hvetja hæstv. ráðherra til að leggja allt sitt af mörkum til að flýta þeirri vinnu sem verið hefur í farvegi um margra mánaða skeið í þessum efnum í bönkum og tengdum fyrirtækjum. Það hefur reynt mjög á þolrifin í allmörgum fyrirtækjum víða um land og ekki síst á höfuðborgarsvæðinu og líka t.d. í útgerðarfyrirtækjum víða um land þegar menn hafa verið í biðstöðu allt of lengi. Það er því rík ástæða til að hvetja til þess að menn spúli nú dekkin og geri klárt vegna þessa róðurs.

[15:27]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég þakka hvatningu hv. þingmanns og tek undir orð hans um mikilvægi þess að þessari vinnu sé hraðað eins og unnt er. Það er reyndar hægt að benda á að það hafa um margt skapast betri aðstæður og eru að skapast betri aðstæður til að flýta þessari vinnu nú en var rétt eftir hrunið því að nú er fjárhagur nýju bankanna allur að skýrast og reyndar einnig eignarhald þeirra. Og það er vitaskuld eitt af því sem þarf til að bankarnir sjálfir geti aðstoðað fyrirtæki að málefni bankanna sjálfra séu á hreinu og að þeir séu vitaskuld vel fjármagnaðir með nægt eigið fé og laust fé. Það er og hefur verið að færast í rétta átt og það ætti að flýta því að bankarnir geti aðstoðað viðskiptavini sína við fjárhagslega endurskipulagningu sem vissulega er mjög brýnt verkefni, eins og hv. þingmaður benti á.

Umræðu lokið.

Fyrirtæki yfirtekin af bönkum og skilanefndum.

Fsp. ÁJ, 93. mál. — Þskj. 113.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen) (S):

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra. Það sem mér leikur hugur á að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra um varðar það hvernig yfirtöku fyrirtækja af bönkum og skilanefndum hefur verið háttað, hvaða fyrirtæki hafa verið yfirtekin af bönkum og skilanefndum með beinum eða óbeinum hætti, og í öðru lagi hverjir skipa stjórnir þeirra og í umboði hverra.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að öll reynslan sem liggur að baki hverri rekstrareiningu sé nýtt með því að eins margir af fyrirtækismönnum og hægt er geti áfram tekið þátt í sigla í gegnum brimgarðinn og að þekking þeirra og reynsla komi þannig að notum fremur en kalla til utanaðkomandi menn sem hafa hvorki verkreynslu né rekstrarreynslu í viðkomandi fyrirtækjum. Mér er kunnugt um að í ákveðnum fyrirtækjum í bankakerfinu hefur einn maður frá sama banka verið settur í stjórnir fjölmargra fyrirtækja, allt að 40 fyrirtækja, hæstv. viðskiptaráðherra. Sá maður hefur státað af dugnaði sínum og snilld í þeim efnum. En það er ekki málið í sjálfu sér. Málið er einfaldlega það hvernig einn maður getur sinnt starfi af fullri alvöru og metnaði fyrir 40 fyrirtæki sem eiga við vanda að glíma. Það gengur auðvitað ekki upp. Þá er þetta komið út í sýndarmennsku og eitthvað sem er ekki nokkur lifandi leið að skilja eða meta nema að það skilar engum árangri. Það er alveg ljóst. Þetta vildi ég spyrja hæstv. viðskiptaráðherra um.

[15:30]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Mér hefur borist fyrirspurn í tveimur liðum frá hv. þm. Árna Johnsen.

Í fyrsta lagi spurði þingmaðurinn um hvaða fyrirtæki hafi verið yfirtekin af bönkum og skilanefndum með beinum eða óbeinum hætti. Ráðuneytið sendi fyrirspurn þessa til banka og skilanefnda og óskaði upplýsinga. Því miður varð niðurstaðan frekar rýr. Neituðu sumir aðilar að veita upplýsingar um hvaða fyrirtæki hefðu verið yfirtekin og báru við þagnarskylduákvæðum laga um fjármálafyrirtæki. Ráðuneytið hefur því ekki fullnægjandi upplýsingar til að svara fyrirspurninni. Þó má benda á að allmörg stærri fyrir-

tæki, og reyndar smærri einnig, hafa þegar verið nefnd opinberlega í fjölmiðlum en vitaskuld er það ekki tæmandi upptalning.

Í öðru lagi spurði þingmaðurinn um hverjir skipi stjórn viðkomandi fyrirtækja og í umboði hverra. Því er til að svara að fulltrúar þeirra banka eða skilanefnda sem yfirtaka fyrirtækin skipa stjórnarmenn og er í sjálfu sér ekki hægt að vænta annars eða gera kröfu um annað en að þeir velji hæfasta fólkið sem völ er á í hverju tilfelli. Ég þekki það að oft er það fólk sem tengist viðkomandi rekstri frá fyrri tíð, sérstaklega ef um smá fyrirtæki er að ræða enda oft ekki völ á öðrum sem geta tekið við og haldið áfram viðkomandi rekstri með góðu móti en það er þó vitaskuld ekki einhlítt. Í sumum tilfellum kemur alveg nýtt fólk að stjórn viðkomandi fyrirtækja.

Þingmaðurinn nefndi sérstaklega einn væntanlega starfsmann banka eða skilanefnda sem sinnir stjórnarsetu í 40 fyrirtækjum. Þetta er eitthvað sem mér var ekki kunnugt um áður en þingmaðurinn benti á þetta. En ég get tekið undir með hv. þingmanni að mér þykir þetta dálítið sérstakur ráðahagur nema ef um er að ræða fjölmörg fyrirtæki sem í reynd eru ekki með neinn rekstur þannig að þetta sé bara formsatriði frekar en viðkomandi maður sé í raun að stjórna 40 fyrirtækjum. Það held ég að sé óhætt að fullyrða að sé öllum mönnum ofviða, sama hversu duglegir þeir eru.

[15:33]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn frá hv. þm. Árna Johnsen vegna þess að við erum að tala um afskaplega mikilvægt mál. Við þekkjum til sögu Argentínu sem fór í mikla efnahagslega dýfu og þar var reynslan sú að spillingin væri jafnvel meiri á leiðinni upp úr eðjunni en á leiðinni ofan í hana. Ég held að við þurfum að gjalda varhuga við slíkum fordæmum í þessu efni. Þess vegna legg ég mikla áherslu á og vona að svo sé um alla þingmenn á hv. Alþingi að mjög verði vandað til þessara verka. Ég treysti hæstv. ráðherra Gylfa Magnússyni til að fara vel með það vald sem þessu verkefni fylgir vegna þess að það er mjög horft til þess og þarna þurfum við að hafa allar upplýsingar uppi á borðum en ekki ofan í skúffum.

[15:34]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Þetta er þörf umræða. Það væri líka þarft að vita hver þessara fyrirtækja eru enn í rekstri, hvort þau hafa verið auglýst til sölu eða afhent einhverjum aðilum til áframhaldandi rekstrar. Svo verður að vera ljóst hverjir skipa stjórnirnar, hverjir eru í stjórnum og hvar hægt er að finna það. Og í þriðja lagi, frú forseti, vakti það undrun mína þegar hæstv. viðskiptaráðherra segir að hann hafi óskað eftir upplýsingum úr ríkisbönkum og frá skilanefndum um það sem hann bað um og hafi ekki fengið þær upplýsingar. Hvað finnst hæstv. viðskiptaráðherra um slíkt í ljósi þess umhverfis sem við erum í í dag, að hæstv. viðskiptaráðherra sé synjað um upplýsingar í krafti laga um fjármálafyrirtæki? Það er verulega umhugsunarvert og líklegt að hv. fyrirspyrjandi Árni Johnsen kanni það enn frekar.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen) (S):

Virðulegi forseti. Það gengur náttúrlega ekki að hæstv. viðskiptaráðherra fái ekki svör frá undirstofnunum sínum, það gengur bara ekki. Ef þeir aðilar vilja hafa það trúnaðarmál er það trúnaðarmál gagnvart viðskiptaráðherra, hæstv. ráðherra á að meta hvort hann fylgir því eftir eða ekki. Bankarnir eiga ekki að hafa það í hendi sér. Það sýnir að tortryggni í garð íslensku bankanna og fjármálastofnananna í dag er á góðum rökum reist. Það lifir enn í glæðum gamla bankakerfisins sem var undirlagt af siðspillingu, „plotti“ og hlutum sem hefðu betur litið dagsins ljós fyrr. Þetta er mergurinn málsins. Ráðherra getur ekki látið bjóða sér svona svar. Það er krafa og ekki síst þegar komið er að öllum hliðum þessa máls varðandi dómskerfið og fleira, þá eru opnaðar dyr, þá geta bankarnir ekki haldið áfram að vera með lokaðar dyr, með einhverja starfsemi sem er falin. Hún er falin og varðar lífið í landinu, hún varðar lífshjólið sjálft, atvinnulífið, og möguleika fólks á að hafa atvinnu og tekjur.

Það er auðvitað vandmeðfarið að fjalla um svona mál eins og hæstv. ráðherra sagði. Það má ekki búa til of mikinn vanda, nóg er af honum fyrir án þess að leggja endilega öll spil á borðið. En þó verður að svara ákveðnum hlutum eins og til að mynda varðandi setu manna í nefndum. Hverjir eru það? Eru það fyrirtækin eða utanaðkomandi aðilar eða einhverjir menn úr bögglauppboði bankanna? Hverjir skipa stjórn í þessum efnum í dag?

[15:38]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti tekið undir flest ef ekki allt af því sem hv. þingmenn nefndu í ræðum sínum. Hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson benti réttilega á hættuna á spillingu við aðstæður sem þessar. Ég ætla ekki að saka neinn um spillingu héðan úr ræðustólnum en það er alveg augljóst að ástand eins og það sem við búum við og munum fyrirsjáanlega búa við á næstu mánuðum og missirum býr til freistingar. Við, þ.e. hið háa Alþingi, framkvæmdarvaldið og eftirlitsstofnanir einnig verða að sjá til þess að umgjörð efnahagsins sé slík að menn falli ekki fyrir þessum freistingum en geri þeir það verði það upplýst og þeim refsað. Það stendur einfaldlega upp á okkur.

Ég hef ekki upplýsingar um hversu mörg þeirra fyrirtækja sem bankar, skilanefndir eða sparisjóðir eða aðrir slíkir aðilar hafa tekið yfir, eru enn í rekstri en ég vil benda á vegna almennra fyrirspurna um hvað sé hægt að fá upplýsingar um og hvað ekki, um stjórnarsetu og annað, að bankaleyndin umlykur ekki alveg allt. Þessi fyrirtæki eins og önnur verða vitaskuld að senda inn tilkynningar í stjórn til fyrirtækjaskrár og þau verða að birta ársreikninga eins og önnur þannig að það er hægt að fylgja þar að ákveðnu marki með því sem er að gerast. En það er vissulega verulega handavinna að gera það með því að fylgjast með tilkynningum til aðila eins og fyrirtækjaskrár og eftir atvikum ársreikningaskrár.

Ég vil enn fremur benda á að þótt viðskiptaráðuneytið geti ekki lögum samkvæmt knúið banka eða önnur fjármálafyrirtæki til að upplýsa um eitthvað sem telst falla und-

ir bankaleynd getur Fjármálaeftirlitið, sem er undirstofnun ráðuneytisins, gert það og það hefur væntanlega eftirlit með þessum málum m.a. í krafti þess valds.

Umræðu lokið.

Vátryggingafélög.

Fsp. VigH, 131. mál. — Þskj. 183.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Hauksdóttir) (F):

Virðulegi forseti. Hér er ég komin til að bera loksins fram fyrirspurn sem ég lagði fyrir viðskiptaráðherra og þingið fyrir um það bil þremur mánuðum. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr þingsköpum og þetta er kannski til marks um í hvaða óstjórn löggjafarþingið er hjá framkvæmdarvaldinu því að í 4. mgr. 49. gr. segir, með leyfi forseta:

„Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt.“

Hér erum við að tala um þrjá mánuði og það er náttúrlega ekki boðlegt hvaða vinnuumhverfi þingmönnum er boðið upp á þar sem Alþingi sjálft, framkvæmdarvaldið, brýtur á þeim sjálfum. Þessir fyrirspurnatímar eru í eðli sínu þannig uppbyggðir að þeir eru til aðhalds fyrir framkvæmdarvaldið, til þess eru þeir. Þegar þingmenn biðja um skýrslur og annað er þetta til aðhalds fyrir framkvæmdarvaldið.

Nú ber svo við að ég er með fyrirspurn um vátryggingafélög og síðan sú fyrirspurn var lögð fram hefur heldur betur margt gerst því að fyrirspurnin hljóðar í megindráttum upp á það, í þremur liðum, hvort Fjármálaeftirlitið sé ekki að bregðast skyldum sínum þegar óstarfhæf tryggingafélög eru á markaði og eru starfrækt í skjóli Fjármálaeftirlitsins og á undanþágu þess.

Nú hefur það gerst síðan þessi fyrirspurn var lögð fram — hún sneri að tveimur fyrirtækjum og hæstv. viðskiptaráðherra fer yfir það í svari sínu á eftir og ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að lesa upp spurningarnar, en á þessum tíma voru það tvö vátryggingafélög sem uppfylltu ekki þessar skyldur og störfuðu á undanþágu. Svo einkennilega vildi til að Ríkiskaup gerði samning í byrjun árs 2009 um allan tryggingapakka Landhelgisgæslunnar eins og hann leggur sig við annað félagið sem nú er komið í þrot og íslenska ríkið er búið að taka yfir. Í því tryggingafélagi voru eigendur búnir að ryðjast inn í bótasjóðina fyrir fleiri milljarða en samt voru það Ríkiskaup, sem er ríkisstofnun, sem gerði tryggingasamning fyrir ríkisfyrirtækið Landhelgisgæsluna á þessum forsendum. Þetta er svo alvarlegt mál og það er umhugsunarefni hvaða leið ríkið er að fara með tryggingar sínar. En það er kannski ástæða þess að ríkið brást þannig við þegar þetta fyrirtæki, Sjóvá–Almennar, fór í þrot og varð uppvíst að refsiverðri háttsemi, þá var farið inn í tryggingasjóðina.

Ég legg þessar spurningar fram. Almenningur getur nálgast þær á vef Alþingis en ég er orðin mjög langeygð eftir að heyra svör hæstv. viðskiptaráðherra og óska ég eftir að hann verði skýr í svörum sínum því að þetta er mikið hagsmunamál fyrir íslensku þjóðina.

[15:43]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Mér hefur borist fyrirspurn í þremur liðum frá hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur. Áður en ég svara fyrirspurninni vil ég taka fram að svarið hefur verið reiðubúið um nokkurra vikna skeið og hefur ekki staðið á mér að flytja það þannig að töfin á því að svarið kæmi fram getur ekki skrifast á viðskiptaráðuneytið eða þann sem hér stendur.

Ég vík að fyrstu spurningu hv. þingmanns. Um starfsemi vátryggingafélaga gilda lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, og fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með starfsemi þeirra og því hvort þau uppfylli skilyrði starfsleyfis svo sem um fjárhagsgrundvöll. Í lögunum er að finna ákvæði sem taka á því þegar fjárhagsleg staða vátryggingafélags uppfyllir ekki skilyrði og hvernig brugðist skuli við. Þá er að finna sérákvæði í bráðabirgðaákvæði með lögunum um aðlögunartíma fyrir vátryggingafélög til að uppfylla skilyrði um lágmarksgjaldþol sem rót á að rekja til innleiðingar á tilskipunum um gjaldþol vátryggingafélaga. Lög um vátryggingastarfsemi kveða því á um sérstök úrræði sem gripið er til, uppfylli vátryggingafélag ekki skilyrði starfsleyfis. Því fer fjarri að vátryggingafélög, hvort sem þau uppfylla lágmarksgjaldþol eða ekki, starfi óáreitt.

Vík ég nú máli mínu að annarri spurningu hv. þingmanns. Ég frétti af tilkynningu Fjármálaeftirlitsins þann 16. júlí sl. um tap innlendra skaðatryggingafélaga. Á árinu 2008 kom fram að í árslok 2008 hafi tvö skaðatryggingafélög, Sjóvá–Almennar tryggingar hf. og Vörður tryggingar hf., ekki uppfyllt kröfur um lágmarksgjaldþol og hafi félögin starfað samkvæmt áætlunum um að rétta við fjárhag félaganna í samræmi við 90. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Það getur hent vátryggjendur sem og aðra eftirlitsskylda aðila að uppfylla ekki tímabundið skilyrði starfsleyfis, t.d. lágmarksskilyrði um gjaldþol. Þegar þannig stendur á fer um afgreiðslu þess að hætti ákvæða laga um vátryggingastarfsemi. Í 90. gr. laganna kemur fram að vátryggingafélag sem ekki uppfyllir skilyrði um lágmarksgjaldþol skuli leggja fram áætlun um hvenær og á hvern hátt markinu verði náð og metur Fjármálaeftirlitið hvort þær áætlanir teljist fullnægjandi. Vátryggingafélag sem starfar samkvæmt slíkri áætlun lýtur sérstöku eftirliti Fjármálaeftirlitsins og ýmsum takmörkunum í rekstri.

Ástæður þess að fjárhagslegur styrkur vátryggingafélaga minnkar geta verið margar. Í fyrrnefndri fréttatilkynningu frá Fjármálaeftirlitinu þann 16. júlí sl. kom t.d. fram að innlendu skaðatryggingafélögin hafi tapað samanlagt um 49,6 milljörðum kr. á síðasta ári en tapið megi nær eingöngu rekja til mikils taps af fjárfestingum félaganna. Með vísan til framangreinds er ekki hægt að fullyrða að þrátt fyrir að vátryggingafélög uppfylli ekki skilyrði um lágmarksgjaldþol að eftirlitsaðili hafi brugðist hlutverki sínu.

Hvað varðar málefni Vátryggingafélagsins Sjóvár–Almennra tryggingar hf. og hvort eftirlit hafi brugðist í því tiltekna tilviki er ljóst að fara þarf nánar ofan í kjölinn á því hvað gerðist og ástæður þess hvort stjórnarmenn félagsins eða aðrir stjórnendur hafi brugðist, upplýsingagjöf hafi

verið ábótavant eða hvort eftirlit hafi ekki verið nægjanlegt eða brugðist í einhverjum skilningi. Þá hefur komið fram að mál tengd Sjóvá og fyrrum eigendum þess eru nú til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Sú rannsókn mun væntanlega varpa ljósi á hvað fór úrskeiðis. Þá er rétt að vekja athygli á því að fyrir Alþingi liggur frumvarp til heildarendurskoðunar laga um vátryggingastarfsemi. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum, þar á meðal eru auknar kröfur til stjórnar og stjórnenda vátryggingafélaga um útreikning á gjaldþoli.

Að lokum vík ég máli mínu að þriðju spurningu hv. þingmanns. Eins og fram kom í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins þann 8. júlí sl. ákvað ráðuneytið í samráði við ríkisstjórnina að taka þátt í endurskipulagningu á vátryggingastarfsemi Sjóvár og hefur ríkissjóður með aðkomu sinni þannig aðstoðað að tryggja hagsmuni almennings. Ríkissjóður seldi SAT eignarhaldsfélagi hf., sem er dótturfélag Glitnis, kröfur sem ríkissjóður eignaðist við fall viðskiptabankanna í október sl. Samkvæmt tilkynningu fjármálaráðuneytisins er sala þessara krafna jafnframt þáttur í þeirri vinnu sem fram fer í fjármálaráðuneytinu við að hámarka verðgildi þeirra eigna sem ríkissjóður fékk við fall bankanna í október.

Að lokum vil ég taka fram að ég hef engar upplýsingar um hvernig staðið var að samningi Landhelgisgæslunnar eða Ríkiskaupa um tryggingafé Landhelgisgæslunnar og treysti mér því ekki til að segja neitt um það mál að svo stöddu.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Hauksdóttir) (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra mjög góð svör. Það var ekki svo að ég ætlaði sérstaklega að spyrja um Landhelgisgæsluna, ég var að nota þetta sem rök í máli mínu þegar tryggingafélag er komið á þann stað í rekstri sínum að vera undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og vissulega var Sjóvá búin að vera það í tvö ár. Þess vegna undraðist ég að slíkir samningar væru gerðir af hálfu ríkisins við félag sem væri það illa statt.

Hæstv. ráðherra telur að eftirlitið hafi ekki brugðist. Mér þykir það mjög einkennilegt ef eftirlitið hefur ekki brugðist með þeim tveimur tryggingafélögum sem voru á þessari undanþágu því að hlutirnir gerðust árin 2007, 2008 og 2009. Einhvers staðar hefur pottur verið brotinn, enda hefur það komið fram í fréttum hvernig málum var komið hjá tryggingafélaginu Sjóvá. Eins og ég kom inn á í byrjun, voru bótasjóðirnir veðsettir og algerlega án heimildar og eins og ráðherra benti á og alþjóð veit, eru málefni þessa tryggingafélags komin til sérstaks saksóknara.

Ég minntist á það í byrjun, og þessi tæplega þriggja mánaða gamla fyrirspurn sýnir það enn og aftur, að kannski hefði verið hægt að vekja athygli þjóðarinnar og þingsins á þessu fyrr ef ekki væri þetta sleifarlag á þingsköpum og stjórn þessa þings undir framkvæmdarvaldinu og þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Ég tek alveg heils hugar undir að auðvitað er þetta ekki hæstv. viðskiptaráðherra að kenna heldur framkvæmdarvaldinu öllu og rengi ég hann ekki um að hann hafi verið tilbúinn með þessi svör. En það er samt svolítið einkennilegt að verða vitni að því að ríkið standi í kennitöluflakki (Forseti hringir.) en svona var hagsmunum ríkisins jafnvel best borgið. Ég virði þá skoðun en þetta mál er allt saman mjög sorglegt.

[15:51]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það sem kom fram í máli mínu áðan eða skýra það að þótt ég telji ekki augljóst af því sem fram hefur komið opinberlega til þessa að eftirlit hafi brugðist er það vitaskuld eitt af því sem þarf að skoða. Það er ekki sjálfgefið að eftirlit hafi brugðist þótt eftirlitsskyldur aðili verði gjaldþrota en í þessu tilfelli er rík ástæða til að kanna allar hliðar málsins, þá fyrst og fremst hegðan stjórnenda tryggingafélagsins en einnig þeirra sem áttu að hafa eftirlit með þeim og það verður gert.

Umræðu lokið.

Raforkukostnaður í dreifbýli.

Fsp. EKG, 122. mál. — Þskj. 164.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Með nýjum raforkulögum á árinu 2003 urðu miklar skipulagsbreytingar í rafmagnsmálum landsmanna. Þessi lagasetning var gerð í framhaldi af yfirtöku okkar á tilteknum tilskipunum Evrópusambandsins og var á sínum tíma mjög umdeild.

Það má segja sem svo að þessi raforkulög hafi falið það í sér að horfið var frá því fyrirkomulagi sem gilt hafði árum og áratugum saman mikil jöfnun varðandi raforkuverð hafði átt sér stað, bæði innan fyrirtækja og eins á milli einstakra notenda að raforku. Með þeim raforkulögum sem þá voru sett má segja að horfið hafi verið frá þessu. Niðurstaðan varð sú að hafa ætti þessa verðlagningu gegnsærri og ef menn vildu síðan lækka orkukostnað þar sem hann yrði hærri fyrir vikið yrði það gert með þeim hætti að auka niðurgreiðslu á raforku á þeim svæðum.

Í framhaldi af þessari lagasetningu voru síðan sett önnur lög, þ.e. lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku sem tóku gildi 1. janúar 2005, þar sem segja má að þessi ætlun löggjafans hafi verið betur römmuð inn. Þar var með tilteknum hætti kveðið á um hvernig staðið yrði að lækkun á orkukostnaðinum og í því sambandi var ákveðið að taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrám undanskildum, að niðurgreiðslan mætti ekki vera meiri en svo að verðið í dreifbýlinu, þ.e. dreifbýlustu svæðum, yrði aldrei lægra en svaraði til hæstu gjaldskráa hjá dreifiveitum í þéttbýli. Í framhaldi af þessu voru síðan settar ýmsar reglugerðir til að ramma þetta mál betur inn og sérstök gjaldskrá sem gildir varðandi raforkuframleiðslu og lækkun á orkukostnaði þar sem dreifbýlissvæðin voru skilgreind. Þau voru skilgreind þannig að það væri strjálbýli þar sem byggju innan við 200 manns og þeir nytu ekki tengingar við flutningskerfi eða stofnkerfi.

Verðlag raforku hefur oft verið til umræðu í þinginu og sérstaklega þróun þess frá því að raforkulögin voru sett. Í því sambandi hefur sitt sýnst hverjum en umræðan hefur

kannski minna snúið að því sem eru afmarkaðri þættir þessa máls, þ.e. þróun orkuverðsins á þessum dreifbýlustu stöðum þar sem búa innan við 200 manns. Þess vegna hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að leggja fyrirspurnir til hæstv. iðnaðarráðherra til að varpa ljósi á þetta mál. Menn hafa kvartað undan því að þróunin hafi verið mjög óhagstæð fyrir þessi dreifbýlli svæði og þess vegna er fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig hin raunverulega þróun orkukostnaðarins hefur verið á þessum svæðum í samanburði við önnur svæði í landinu.

[15:55]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál og margumrætt og það er gott að fá tækifæri til að koma hér og svara fyrirspurn um þróun á raforkukostnaði í dreifbýli frá árinu 2005 eða frá því að lögum var breytt.

Fyrsta spurningin er um þróunina, hver hún hafi verið í dreifbýli frá árinu 2005 í samanburði við raforkukostnað í þéttbýli. Er skemmst frá því að segja að á tímabilinu 2005–2009 hefur meðaltalsverð raforku í þéttbýli hækkað um 1,08 kr. Það er úr 7,12 kr. á hverja kílóvattstund í 8,20. Dreifiveiturnar hafa hækkað mismikið á umræddu tímabili, allt frá 3,3% hjá Orkuveitu Húsavíkur sem þó er dýrasta veitan þrátt fyrir minnstu hækkunina á tímabilinu upp í 28,3% á hækkun Orkubúi Vestfjarða. En meðaltalshækkun á þessu tímabili allra dreifiveitna í þéttbýli nam 15,8%. Einungis Orkubú Vestfjarða og Rarik hafa leyfi Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýli. Á umræddu tímabili hækkaði meðaltalsverð veitnanna í dreifbýli um 2,88 kr. á hverja kílóvattstund, úr 7,43 í 10,31 eða um 38,7%. Rétt er að benda á að meiri munur er á milli hæsta og lægsta verðs í þéttbýli, sem er 1,41 kr., en á milli hæsta verðs í þéttbýli og lægsta verðs í dreifbýli, sem er þá 1,17 kr.

Í öðru lagi spyr hv. þingmaður hversu miklum fjármunum á föstu verðlagi hafi árlega verið varið til að lækka raforkukostnað í dreifbýli á fyrrgreindu tímabili. Á árunum 2005–2009 námu heildargreiðslur vegna húshitunar og vegna dreifingar raforku í dreifbýli samtals 3.869,5 millj. kr., sem er um 53% af heildarniðurgreiðslum sem alls námu 7,3 milljörðum kr. á tímabilinu 2005–2009 miðað við verðlag ársins núna miðað við janúar 2009.

Eins og fram hefur komið er fjárhæð til niðurgreiðslna ákveðin í fjárlögum á hverju ári. Niðurgreiðslur mega þó ekki leiða til lægra verðs í dreifbýli eins og fram kom hjá hv. þingmanni en sem nemur viðmiðunarmörkum sem settar eru í reglugerð af ráðherra og við ákvörðun viðmiðunarmarka skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrám undanskildum. Það er líka hægt að koma því á framfæri að þegar við ræðum um niðurgreiðslur vegna húshitunar er um að ræða 9% heimila eða um 30 þúsund manns.

Þá er í þriðja lagi spurt hvort ætlunin sé að gera frekari ráðstafanir til að lækka sérstaklega raforkukostnað í dreifbýli. Þá verður að horfa til þess að niðurgreiðslur eru ekki eina leiðin til að draga úr húshitunarkostnaði. Og til að reyna að lækka húshitunarkostnað þeirra sem búa á köldustu svæðunum og draga úr niðurgreiðslum ríkissjóðs hefur á undanförnum árum verið lögð mjög mikil áhersla á að stuðla að uppbyggingu hitaveitna víðs vegar um landið.

Í tengslum við mótvægisaðgerðir fyrri ríkisstjórnar vegna þorskaflasamdráttar var úthlutað af orku samtals 172 millj. til jarðhitaleitar á 29 stöðum þar sem hitaveitu nýtur ekki. Ef mótframlag styrkumsækjanda er tekið með stefnir í að um 300 millj. kr. hafi verið varið í jarðhitaleit á síðustu tveimur árum. Þá hefur ríkissjóður jafnframt styrkt uppbyggingu nýrra hitaveitna og stækkunar starfandi hitaveitna með það fyrir augum að draga úr húshitunarkostnaði á þessum köldustu svæðum.

Á síðasta þingi voru samþykktar breytingar á lögum um niðurgreiðslur sem gerðu mögulegt að verja auknum fjármunum í orkusparnaðaraðgerðir. Breytingunum er ætlað að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum og draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið við að niðurgreiða húshitunarkostnað og jafnframt að hvetja til atvinnuskapandi verkefna. Á grundvelli þessarar breytingar hafa verið auglýstir styrkir til að ráðast í endurbætur á húsnæði og orkuöflun sem leiðir til lægri húshitunarkostnaðar svo sem notkun varmadælna sem skilað hafa afar góðum árangri og í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að gerð verði áætlun um orkusparnað jafnt fyrir atvinnufyrirtæki og heimili.

[16:00]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni fyrir fyrirspurnina og hæstv. iðnaðarráðherra fyrir góð svör vegna þessa gríðarlega mikla hagsmunamáls landsbyggðarinnar eða þeirra sveitarfélaga sem eru á köldum svæðum. Það eru 10% þjóðarinnar, þ.e. um 30 þúsund íbúar, sem búa á svæðum sem eru kynnt með olíu og rafmagni. Og bara til þess að varpa ljósi á hvað þetta er gríðarlega mikið hagsmunamál, kostar hver kílóvattstund í kringum 5 krónur úti á landsbyggðinni í dag fyrir utan niðurgreiðslur á meðan hún kostar 1,80 kr. hér í Reykjavík. Það sjá allir hversu gríðarlegt hagsmunamál þetta er.

Eftir að gjaldskráin var hækkuð, það er búið að hækka hana um 20% núna á síðustu átta mánuðum, er orðið ódýrara að kynda með olíu en niðurgreiddu rafmagni og það er mjög dapurlegt. Ég hvet hins vegar hæstv. iðnaðarráðherra til þess að halda áfram á sömu braut.

[16:01]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með þessa fyrirspurn frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Hér er verið að hreyfa mikilvægu máli og við ræddum það reyndar fyrr á þessu sumri, og eins benti hv. þm. Ásbjörn Óttarsson á það, að hér er um að ræða um tíu þúsund heimili sem þurfa á niðurgreiðslum að halda eða búa við hátt rafmagnsverð. Þetta eru oftar en ekki sömu heimilin í dreifbýlinu sem þurfa að senda börn sín að heiman, m.a. til framhaldsnáms, og við þekkjum öll sorglega sögu þess hversu lítið dreifbýlisstyrkurinn hefur hækkað á undangengnum árum. Þessi sömu heimili þurfa líka að greiða há flutningsgjöld og þau hafa farið hækkandi vegna hækkunar á eldsneytisverði almennt

þannig að aðstaða þessara heimila í dreifbýlinu hefur versnað til mikilla muna á undangengnum árum. Ég hvet hæstv. ráðherra og ríkisstjórnina alla til þess að fara að sýna nú í alvöru að þau vilji (Forseti hringir.) jafna lífsskilyrðin hér í landinu með því að auka niðurgreiðslur og lækka (Forseti hringir.) rafmagnskostnað þessara heimila.

[16:02]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Frú forseti. Að mínu viti er þetta afskaplega brýnt mál og ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir þessa fyrirspurn. Ég vil taka fram að í mínum huga hefur hann alltaf verið vakinn og sofinn yfir hagsmunum landsbyggðarinnar og er það vel og til fyrirmyndar vegna þess að hér erum við að tala um grundvallarmál í byggðapólitískum skilningi. Ætlum við að láta það líðast að íbúar Reykjavíkursvæðisins séu jafnari gagnvart stjórnsýslunni en íbúar úti á landi?

Þessi fyrirspurn frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni er ekki lítil og ég hvet þingmenn landsbyggðarinnar og aðra þingmenn hér til þess að leiða hugann að því hvort ekki eigi að gera rannsókn á því á vegum þingsins hvernig stjórnsýslan hefur mismunað þjóðinni í þessum efnum (Forseti hringir.) í öllu tilliti þegar öllu er safnað saman.

[16:04]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin nema að því leyti að ég tel að hæstv. ráðherra hafi ekki svarað annarri fyrirspurn minni þar sem ég spurðist fyrir um hversu miklum fjármunum á föstu verðlagi hafi árlega verið varið til þess að lækka raforkukostnað í dreifbýli á fyrrgreindu tímabili. Hæstv. ráðherra gaf okkur svör um það hver heildartalan væri yfir allt þetta tímabil en ekki kom svar við fyrirspurn minni sem tók til þess hverjar þessar fjárhæðir væru árlega á þessu tímabili. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi tiltæk þau gögn.

Í öðru lagi vil ég benda á það og vekja athygli á því að markmiðið með þessari fyrirspurn var að reyna að varpa ljósi á hvernig þróun raforkukostnaðar hefur verið á dreifbýlustu svæðunum, þ.e. þeim svæðum þar sem búa 200 manns eða færri, einfaldlega vegna þess að mikil umræða hefur verið uppi um að niðurgreiðslurnar og stuðningurinn til þess að lækka orkukostnaðinn á þessum svæðum hafi ekki fylgt þeirri þróun sem orðið hefur á ýmsum öðrum svæðum, m.a. á landsbyggðinni. Það sem svar hæstv. ráðherra leiðir fram, ef ég náði því rétt, er að á þéttbýlli stöðunum hefur orkukostnaðurinn hækkað að jafnaði um 15,8%, dæmin eru að vísu mjög mismunandi, en á þessum dreifbýlustu svæðum þar sem orkukostnaðurinn er hæstur hefur hækkunin verið 38,7%, sem er auðvitað miklu meira.

Það er þetta sem er algjörlega óviðunandi og segir okkur að sú gagnrýni sem hefur verið höfð uppi, m.a. í sveitum landsins og á dreifbýlustu stöðunum, um að menn hafi skilið eftir þessi svæði, hefur greinilega átt við rök að styðjast og er algjörlega réttmæt. Þetta er óréttlátt og óviðunandi og ég hvet hæstv. ráðherra til þess að vinna að því að ráða bót á þessu. (Forseti hringir.) Þau áform sem ráðherra kynnti sem svar við þriðju fyrirspurn eru augljóslega ekki til þess fallin að jafna þann mun sem hefur greinilega verið að aukast (Forseti hringir.) á gildistíma núgildandi laga.

[16:06]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá góðu umræðu sem hér hefur átt sér stað og þakka hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Ég er algjörlega sammála þeim um að hér er um gríðarlega mikið hagsmunamál að ræða fyrir landsbyggðina og þessar niðurgreiðslur eru mikilvægur liður í því, og það er auðvitað hugmyndin með þeim, að jafna búsetuskilyrði í landinu. Það er vilji okkar að halda því áfram og beita þessu tæki áfram til þess.

Virðulegi forseti. Ég verð að biðja hv. þingmann afsökunar á því að hafa misskilið spurninguna eða komið með upphæðina í heildartölu. Ég er eingöngu með árið í fyrra, þ.e. 2008, og síðan 2009, en ég tek árin á undan gjarnan saman og sendi sundurliðað til hv. þingmanns. Á síðasta ári voru niðurgreiðslurnar eða heildarniðurgreiðslurnar beint vegna húshitunar 938 millj. kr. og gert er ráð fyrir svipaðri upphæð á þessu ári.

Enn og aftur, virðulegi forseti, vil ég taka fram að þessar orkusparandi aðgerðir — mér fannst hv. þingmaður kannski gera fulllítið úr þeim — eiga eftir að skipta mjög miklu máli. Varmadælurnar t.d. eru tækni sem getur skipt miklu máli og dregið verulega úr kostnaði þeirra heimila sem búa við svona hátt raforkuverð. Þær geta dregið verulega úr kostnaði þeirra vegna kaupa á raforku og menn mega ekki gera lítið úr því. Ég geri fastlega ráð fyrir því að við eigum eftir að sjá töluvert af umsóknum, eins og ég nefndi áðan, um styrki til þess að heimili geti komið sér upp slíkum búnaði. Hef ég miklar væntingar til þess og hvet raunar þessi heimili sem það geta að grípa til þessara orkusparandi aðgerða vegna þess að þær geta skipt verulegu máli og muna miklu í krónum talið (Forseti hringir.) og heimilin munu finna verulega fyrir þeim.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 16:08]

[18:01]

Útbýting:

Náttúruverndaráætlun 2009–2013, 52. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 327.

Neyslustaðall.

Fsp. EyH, 99. mál. — Þskj. 125.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Eygló Harðardóttir) (F):

Frú forseti. Eftir margra ára baráttu Jóhönnu Sigurðardóttur, þáverandi hv. þingmanns, var unnin skýrsla í viðskiptaráðuneytinu um svokallaðan neyslustaðal. Neyslustaðall var í opinberum viðmiðum um áætlaðan framfærslukostnað heimila og hefur verið tekinn upp víða erlendis, þar á meðal á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og víðar. Skýrslan var tilbúin í október 2006 líkt og kom fram í svörum þáverandi viðskiptaráðherra, Jóns Sigurðssonar, við fyr-

irspurn áðurnefnds þingmanns og núverandi hæstv. forsætisráðherra. Við það tækifæri sagði hæstv. forsætisráðherra, með leyfi forseta:

„Hér á landi er þetta allt í einum hrærigraut. Hið opinbera tekur mið af a.m.k. fimm mismunandi framfærslugrunnum við ákvörðun bóta, lána, fjárhagsaðstoðar og styrkveitinga. Má þar nefna tryggingakerfi, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Íbúðalánasjóð og lánastofnanir auk þess sem Hagstofan gerir reglulegar neyslukannanir.“

Í áðurnefndri skýrslu frá viðskiptaráðuneytinu kemur fram að ekki er nauðsynlegt að gera lagabreytingar eða setja ný lög til að taka upp svona neyslustaðal, heldur virðist þetta fyrst og fremst vera í höndum framkvæmdarvaldsins. Nefndin lagði einnig til tillögur og kostnaðaráætlun um með hvaða hætti hægt sé að útfæra slík viðmið án óhóflegs stjórnsýslukostnaðar.

Stuttu síðar yfirgaf Framsóknarflokkurinn viðskiptaráðuneytið og ný ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks tók við. Lítið hefur heyrst af hugmyndum um opinberan neyslustaðal síðan þá þrátt fyrir að hæstv. forsætisráðherra hafi þá strax tekið sæti í ríkisstjórn og sitji nú í þeirri þriðju, nú sem forsætisráðherra og verkstjóri. Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Má vænta þess að ríkisstjórnin móti neyslustaðal samkvæmt tillögum í skýrslu á vegum viðskiptaráðuneytisins frá því í október 2006? Er fyrirhugað að endurvekja hugmyndina um að neyslustaðall nái til allra opinberra aðila sem þiggja bætur, lán, styrki eða aðrar greiðslur á neysluviðmiðum og hefur kostnaður við gerð og viðhald slíks neyslustaðals verið reiknaður aftur frá því sem var í áðurnefndri skýrslu?

[18:04]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Hún lýsti forsögu þessa máls en það var árið 2004 sem ég lagði fram fyrirspurn til þáverandi forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar um hvernig ríkisstjórnin ætlaði að framfylgja þingsályktunartillögu sem samþykkt var 2001 um að gerður yrði neyslustaðall, sem er til staðar að ég best veit á öllum hinum Norðurlöndunum og víðar. Þáverandi forsætisráðherra svaraði því þá til að viðskiptaráðherra mundi skipa starfshóp sem hafa ætti umsjón með gerð forkönnunar að framkvæmd slíkrar neysluviðmiðunar.

Þegar ég spurðist næst fyrir um þetta mál 2006 varð fyrir svörum þáverandi viðskiptaráðherra Jón Sigurðssonar og greindi frá því að starfshópur hefði skilað frá sér skýrslu í október 2006 og komist að þeirri niðurstöðu að útgáfa neysluviðmiðs, með svipuðum hætti og önnur vestræn ríki hafa gert, sé framkvæmanleg hér á landi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér hefur ekkert gerst í framhaldi af birtingu þessarar skýrslu. Nú eru liðin átta ár síðan þessi þingsályktunartillaga var samþykkt og það er auðvitað eðlilegt að hv. þingmaður spyrjist fyrir um þetta. Ég deili með henni þeirri skoðun að hér er á ferðinni mjög brýnt mál. Að vísu hefur það vafist fyrir mönnum hvenær ætti að framkvæma það. Ég óskaði eftir því við viðskiptaráðherra Gylfa Magnússon að hann meti möguleikana á því að fylgja eftir niðurstöðum skýrslunnar, enda heyrir þetta mál undir viðskiptaráðherra, og láti uppfæra kostnaðartölur sem m.a. er spurt um í þessari fyrirspurn og endurmeti stöðuna að öðru leyti.

Varðandi hvort slíkur neyslustaðall eigi að ná til allra opinberra aðila eins og til bótakerfisins, lána, styrkja og annarrar greiðslu, benti nefndin í skýrslu sinni á að opinbert neysluviðmið gæti komið að gagni fyrir þá fjölmörgu aðila sem vinna við slík viðmið. Nefndin taldi hins vegar að ekki ætti að mæla alfarið fyrir um notkun eins slíks neysluviðmiðs hér á landi. Eins og hv. þingmanni er kunnugt hefur ýmislegt gerst frá því að skýrslan var birt 2006 og ég held að það sé margt sem bendir til þess ekki síður nú en þá að ástæða sé til að taka upp slík neysluviðmið. Ég tel að hæstv. viðskiptaráðherra hljóti að skoða þær tillögur sem fram koma í skýrslunni í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi og þeirra úrræða og viðmiða sem nú er unnið eftir og treysti ég honum til að komast að skynsamlegri niðurstöðu að því er það varðar.

Að öðru leyti þakka ég hv. þingmanni fyrir að taka upp þessa fyrirspurn. Það verður til þess að nú verður rekið á eftir þessu máli.

[18:07]

Fyrirspyrjandi (Eygló Harðardóttir) (F):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra kærlega fyrir svör hennar. Mér hefur þótt mjög gaman og athyglisvert að leita í smiðju hennar varðandi þau mál sem hún lagði áherslu á á sínum langa og góða ferli sem þingmaður á þinginu. Þetta er eitt þeirra mála sem mér þótti sérstaklega áhugavert þegar ég fór að skoða það. Áhugi minn á neyslustaðli vaknaði einmitt í framhaldi af því þegar Seðlabankinn ákvað upp á sitt eindæmi að greiðslubyrði lána ætti að vera undir 30% af ráðstöfunartekjum til að teljast viðráðanleg. Þegar menn fóru síðan að spyrja hvaðan þeir hefðu þessa tölu og hvernig þeir gætu ákveðið að þetta væri viðráðanlegt virtist ekki vera hægt að benda á nein viðmið og þá sérstaklega ekki opinber viðmið. Ég tel að sjaldan eða aldrei hafi verið mikilvægara en núna að móta sameiginlegan neyslustaðal fyrir hið opinbera. Það þarf ekki endilega að vera þannig að verið sé að skipa opinberum stofnunum eða einkaaðilum að nota þann staðal en hann væri þá til, hann væri sameiginlegur fyrir alla og byggði á góðum gögnum. Bæði hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. menntamálaráðherra hafa bent á þá neikvæðu hvata sem eru í núverandi kerfi, að það eru mismunandi framfærslugrunnar fyrir atvinnuleysisbætur og námslán þannig að það er lítill eða enginn hvati fyrir atvinnulaust fólk að hefja nám þar sem munar 50 þús. kr. á því hvort maður er á námslánum eða á atvinnuleysisbótum. Ýmsir hafa líka velt því fyrir sér hvort hin mikla fjölgun öryrkja á undanförnum árum sé að einhverju leyti tengd efnahagslegum hvötum, þ.e. hvers vegna farið er af atvinnuleysisbótum á örorkubætur. Ég tel skipta mjög miklu máli að þetta sé unnið áfram og fagna því að því sé komið skýrt á framfæri við viðskiptaráðherra.

[18:09]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Mér finnst ánægjulegt að heyra að hv.

þingmaður skuli verja einhverju af sínum dýrmæta tíma í að skoða þær tillögur sem ég hef lagt fram gegnum árin. Ég segi það gagnvart þessari tillögu að ég hef lagt mikla áherslu á það að hún nái fram að ganga vegna þess að eins og hv. þingmaður nefnir eru hér margvíslegir framfærslugrunnar í stjórnkerfinu eftir því hvað menn fást við hverju sinni. Þeir eru mjög mismunandi og getur munað mjög miklu hvaða framfærslugrunna er miðað við, hvort það er fjárhagsaðstoð, styrkveitingar, hvort það er í skattakerfinu, tryggingakerfinu eða bótakerfinu, þannig að það er virkilega þörf á því að taka á þessu máli og ítreka ég þakklæti mitt til hv. þingmanns fyrir að taka það upp.

Hv. þingmaður nefndi viðmið sem Seðlabankinn hefði sett fram varðandi 30% af ráðstöfunartekjum sem miðað er við þegar rætt er um greiðslubyrði. Þetta er tala sem ég þekki frá fyrri tíð. Mig minnir að það hafi verið í húsbréfakerfinu sem miðað var við að þegar um væri að ræða greiðslumat færi greiðslubyrðin ekki fram úr 30% af ráðstöfunartekjum þó að slíkt viðmið hafi á síðari árum lækkað eitthvað að því er varðar viðmiðið frá Íbúðalánasjóði og greiðslumat.

En eins og ég sagði, virðulegi forseti, vona ég að í framhaldi af þessari fyrirspurn komist hreyfing á þetta mál. Ég hef þegar óskað eftir því við viðskiptaráðherra að hann vinni áfram með þetta mál og vonandi sjáum við einhverja niðurstöðu í því sem fyrst.

Umræðu lokið.

Vaxtarsamningar á landsbyggðinni.

Fsp. SIJ, 143. mál. — Þskj. 227.

[18:12]

Fyrirspyrjandi (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):

Virðulegi forseti. Þann 3. maí 2002 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Margvíslegt starf hefur verið unnið á grunni þessarar stefnumörkunar m.a. er varðar byggðarkjarna og vaxtarsamninga t.d. Eyjafjarðarsvæðisins, sem kom til framkvæmda í júlí 2004.

Á grunni þessarar stefnumótunar hefur verið samið um vaxtarsamninga víða um land sem síðan hafa tekið gildi hver á fætur öðrum. Maður getur spurt sig: Hvað er vaxtarsamningur? Einkenni slíks samnings er sameiginleg stefnumörkun samstarfsaðila fyrir vaxtargreinar á einu svæði. Vaxtarsamningur skal tengja saman atvinnuleyfi, rannsóknastofnanir, háskóla, menntun og fleira í skipulegu samstarfsneti og hann samanstendur af vaxtarklösum sem og stuðningsverkefnum.

Sú þróun í samningunum hefur verið mikilvæg að þeir hafa tekið gildi hver á fætur öðrum og fjármunirnir hafa nýst beint í verkefnin. Þar er lykilatriði að heimaaðilar stýra og möndla með alla þætti málsins á hverju svæði, enda er þar mesta þekkingu að hafa á svæðinu sjálfu og vaxtarmöguleikum þess. Sem dæmi má nefna vaxtarsamning Suðurlands og Vestmannaeyja sem gildir fyrir 2006–2009 en af 117 millj. sem liggja fyrir í þeim samningi hafa 75 millj. farið beint til hátt á fjórða tug verkefna, 15 millj. hafa farið í sérverkefni sem m.a. iðnaðarráðuneytið hefur áhrif á og enn eru nokkrar milljónir útistandandi. Þessir vaxtarsamningar hafa haft þann mjög svo jákvæða eiginleika að þeir eru eins og snjóbolti, fara kannski aðeins hægt af stað, sérstaklega í byrjun, en þeir hafa síðan hlaðið utan á sig, tekið inn sífellt áhugaverðari verkefni sem skipta meira og meira máli. Um þau er mikil ánægja og er vaxandi eftirspurn eftir því að komast í slík verkefni. Því langar mig að beina fyrirspurnum til hæstv. iðnaðarráðherra um það hver reynslan sé af samningunum um land allt og einnig hvort ráðherra hyggist framlengja slíka samninga. Sá samningur sem hún nefndi um Suðurland og Vestmannaeyjar rennur út í árslok en nokkrir samningar, þeir fyrstu, hafa nú þegar verið framlengdir eftir því sem ég best veit.

[18:15]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn og það tækifæri að fá að ræða vaxtarsamningana í þingsal vegna þess að þeir hafa skipt gríðarlega miklu máli á þeim landsvæðum þar sem þeir hafa verið virkir.

Spurt er hver reynslan af vaxtarsamningunum á landsbyggðinni er. Reynslan af þeim sjö svæðum þar sem vaxtarsamningar hafa verið gerðir á milli stjórnvalda og hagsmunaaðila í heimabyggð er mjög góð enda hefur helstu markmiðunum með gerð þeirra verið náð. Með vaxtarsamningunum er ábyrgðin á stefnumörkun fyrir vaxtargreinar á viðkomandi svæði færð til hagsmunaaðila í héraði. Eitt af meginmarkmiðum vaxtarsamninganna er að efla samstarf og uppbyggingu svokallaðra klasa í ákveðnum atvinnugreinum þar sem byggt er á svæðisbundnum styrkleikum, sérstöðu og þörfum. Dæmi um þetta er að finna innan sjávarútvegs, landbúnaðar og ferðaþjónustu auk þekkingar- og rannsóknarstarfs.

Við mat á framvindu vaxtarsamninga hefur hingað til verið lagt almennt mat á starf framkvæmdaraðila auk þess sem hvert og eitt verkefni er metið sérstaklega til árangurs með tilliti til markmiða hvers samnings. Horft er til gildis verkefna fyrir landsvæði og fyrirtæki, þar á meðal áhrif samstarfs, vöruþróunar, rannsókna, markaðs- og kynningarstarfs, utanaðkomandi ráðgjafar og áætlanagerðar sem unnin hafa verið á vettvangi vaxtarsamninganna.

Fjöldi samstarfsverkefna og klasa hefur orðið til fyrir tilstyrk vaxtarsamninganna. Þar er unnið að sameiginlegum markmiðum og hagsmunamálum fyrirtækjanna með dyggum stuðningi stoðkerfis atvinnulífsins um land allt. Vaxtarsamningarnir hafa líka stuðlað að bættum tengslum milli atvinnulífs á hverju svæði fyrir sig og stoðkerfisins. Slíkt tengsl efla mjög svæðisbundna atvinnuþróun og nýsköpun. Loks hefur svæðisbundin sérþekking aukist með öflugu fræðslustarfi og samstarfsverkefnum af ýmsu tagi sem óhætt er að fullyrða að eru einungis fyrstu skrefin í löngu samstarfi. Erlendur samanburður áþekkra verkefna sýnir að eftir því sem samstarfið eflist verða verkefnin stærri og þróast í auknum mæli að umfangsmiklum rannsóknar- og þróunarverkefnum. Í dag hefur samstarfið verið að þróast á afar jákvæðan veg svo búast má við að á næstu missirum verði um fjölbreytt þróunar- og nýsköpunarverkefni að ræða auk þátttöku í alþjóðlegum verkefnum. Reynslan af

þessum samningum er því afar góð og berum við líka miklar væntingar til áframhaldandi samstarfs.

Spurt er hvort ráðherra hyggist framlengja slíka samninga. Í 1. tölulið *Sóknarstefnu til framtíðar,* sem er hluti af stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar, Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, kemur m.a. fram að ríkisstjórnin muni efna til víðtæks samráðs undir forustu forsætisráðuneytisins um sóknaráætlanir fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar. Markmiðið er að kalla fram sameiginlega framtíðarsýn og að samþættar verði áætlanir í samgöngumálum, fjarskiptamálum, ferðamálum og byggðamálum auk áætlana um eflingu sveitarstjórnarstigsins og, eins og segir í stjórnarsáttmálanum, ýmsa vaxtarsamninga og aðra opinbera stefnumótun og framkvæmdaáætlanir sem ætla má að komi til endurskoðunar í kjölfar efnhagshrunsins. Vaxtarsamningarnir eru því hluti af sóknaráætlun þessarar ríkisstjórnar sem ná yfir landið allt.

Við undirbúning að endurnýjun vaxtarsamninga nú haustið 2009 hefur starfshópur starfað undir forustu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands með aðkomu atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar. Mun hópurinn móta árangursviðmið við framkvæmd nýrra vaxtarsamninga sem stuðst verður við hjá öllum starfandi vaxtarsamningum svo framvinda og árangur verði mæld á skýran og samræmdan hátt á milli svæða. Í þessu starfi er afar mikilvægt að horft sé til framvindu þeirra vaxtarsamninga sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár og reynslunnar af því starfi. Við mótum árangursmælikvarðanna verður einnig horft til árangurskerfa sambærilegra verkefna sem stuðst er við í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Danmörku og Þýskalandi en Nýsköpunarmiðstöð Íslands á í mjög nánu samstarfi við stofnanir í þessum löndum og tekur þátt í nefndum og vinnuhópum þar sem sameiginlega er unnið að mótun árangursmælikvarða í sambærilegum vaxtarsamningum.

Sú þróunarvinna sem unnin hefur verið fram að þessu verður að teljast sterkur grunnur að frekari framþróun vaxtarsamninganna en þeir hafa hérlendis verið óðum og eru óðum að ná ámóta stöðu og sambærileg verkefni nágrannaþjóða okkar og annarra Evrópusambandsríkja til eflingar samkeppnishæfni svæða, atvinnuþróunar og nýsköpunar þar sem byggt er á samstarfi og hugmyndafræði klasa. Ég tek undir með hv. þingmanni þegar hann segir að þessir samningar hafi snjóboltaáhrif og séu og hafi verið mjög til styrkingar á þeim landsvæðum þar sem þeir eru (Forseti hringir.) virkir.

[18:20]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurði Inga Jóhannssyni fyrir þessa ágætu fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég held að það sé alveg ljóst af þessum svörum, þó að þessir samningar hafi gengið misjafnlega fyrir sig eftir landsvæðum eins og gengur, að mörg hundruð störf hafa skapast í kjölfar vaxtarsamninganna. Það er ekki amalegt fyrir hæstv. iðnaðarráðherra að taka við keflinu af Framsóknarflokknum sem stuðlaði náttúrlega að því að þessir samningar færu af stað, þó að það sé öfundsvert að horfa til þess núna þegar þeir stækka og stækka og munu vonandi leiða af sér fjölda nýrra starfa til viðbótar. Það eru ekki slæm eftirmæli fyrir þá ráðherra sem gegnt hafa embætti iðnaðarráðherra á undangengnum árum — og eru þeir margir hverjir framsóknarmenn — að heyra slíka lofræðu hjá hæstv. iðnaðarráðherra um vaxtarsamningana. Það er ekki slæmt bú sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur tekið við í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum.

[18:21]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég tek undir orð félaga míns, hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, um að það sé ánægjulegt að heyra hversu vel hefur gengið með vaxtarsamningana og að sú vinna sem framsóknarmenn lögðu á sig við að koma þessum vaxtarsamningum hafi virkilega skilað árangri.

Ég get talað af persónulegri reynslu, ég vann bæði að því þegar vaxtarsamningurinn varð til og að hugmyndavinnunni auk þess sem ég vann hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands sem sá um umsýsluna fyrir vaxtarsamninginn á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum. Má nefna þar nokkur verkefni sem hafa skilað sér af þeim vaxtarsamningi, *Suðurland bragðast best,* sem tengdist síðan öðru verkefni, *Söfn á Suðurlandi.*

Ég vildi benda á að það er mjög mikilvægt sem hæstv. ráðherra sagði, að skilin á milli Nýsköpunarmiðstöðvar, (Forseti hringir.) Byggðastofnunar, atvinnuþróunarfélaganna og vaxtarsamninganna verði mjög skýr í þeirri stefnumótunarvinnu sem fram undan er.

[18:22]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir fyrirspurnina og svör ráðherra. Það sem ég velti fyrir mér er tvennt, það er annars vegar að mig langar að forvitnast hjá ráðherra varðandi þessar sóknaráætlanir, á hvaða stigi þær eru og hvenær við megum búast við að þær séu tilbúnar og fari þá að rúlla og virka.

Hins vegar vil ég gefa hæstv. ráðherra góð ráð, að skoða mjög vandlega þá fjármuni sem iðnaðarráðuneytið setur í vaxtarsamninga, aðra samninga, í nýsköpun almennt og atvinnuráðgjöf og atvinnuþróun. Að skoða hve mikið af því fjármagni fer í raun aftur til ríkisins án þess að það hafi viðkomu og skapi eitthvað á þeim stöðum þar sem fjármagnið á að fara. Vegna þeirrar reynslu sem ég bý þó yfir eftir að hafa komið nálægt atvinnuþróunarmálum veit ég að það eru miklir fjármunir sem ríkið veitir í svona verkefni sem það tekur aftur til sín til þess að viðhalda einhverju batteríi hjá sér.

[18:24]

Fyrirspyrjandi (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir góð svör, þau gleðja mig svo sannarlega. Ég tala af reynslu af því að sitja í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands þegar verið var að koma þessum samningum á og við veltum talsvert fyrir okkur til hvers þeir væru og hverju þeir ættu að skila. Ég hef orðið vitni að því að þeir skila miklu og satt best að segja hefur þessi útfærsla, eins og við gerðum hana á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, haft þau áhrif

að menn hafa tekið hana upp eftir okkur á öðrum svæðum við endurnýjun samninga m.a. til þess að nýta fjármuni betur.

Það er líka gleðilegt að þrátt fyrir að hér sé stundum skipt um stjórn og pólitískar áherslur að menn geti nýtt góða hluti áfram og það var þá ekki allt slæmt sem gert var í fortíðinni. Það er mjög mikilvægt í smáum flokki eins og atvinnumálum að menn hafi langa framtíðarsýn og haldi sér lengi á sömu línunni því að hún skilar ekki alltaf arði einn, tveir og þrír, það þarf stundum að gefa sér svolítinn tíma í að skapa fleiri ný störf og annað í þeim dúr.

Ég vil þakka ráðherranum kærlega skýr svör og ég held að þetta séu svör sem þeir sem vinna við þetta um land allt hljóti að gleðjast mjög yfir að heyra, að þessari stefnu skuli haldið áfram. Að sjálfsögðu þarf að endurbæta hana á öllum vígstöðvum en ég held að við séum á réttri leið hvað þetta varðar.

[18:25]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa fínu umræðu um vaxtarsamningana, gott gengi þeirra og gildi. Mönnum var hér tíðrætt um bú Framsóknarflokksins, hversu góðu búi tekið er við í iðnaðarráðuneytinu og ég segi nú bara: Þó það nú væri að Framsóknarflokkurinn hafi nú gert eitthvað rétt. Þetta er svo sannarlega eitt slíkt. (Gripið fram í.)

Það er rétt sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði að vissulega hafa þessir samningar skapað störf. Þeir hafa skilað fjölda starfa á landsvísu og sömuleiðis hafa öflug samstarfsverkefni sem byggja á þessum vaxtarsamningum jafnframt dregið að sér fjármagn. Þarna erum við komin að þessum snjóboltaáhrifum sem rætt var um áðan. Sömuleiðis hafa menn séð að aukin samvinna í héraði skilar meiri árangri. Þessir samningar hafa skilað því að ný starfsemi er að líta dagsins ljós víða um land og öflugt rannsóknar- og þróunarstarf. Og sú öflugu þekkingarstarfsemi sem við sjáum núna á landsbyggðinni byggir að miklu leyti til á þessari klasahugsun og -hugmyndafræði sem vaxtarsamningarnir byggja á og er það afar jákvætt.

Ég var spurð hér af hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni um stöðu sóknaráætlunar ríkisstjórnarinnar. Hún er í mjög góðum gangi. Undirbúningur að henni gengur mjög vel og er verið að kalla til fjöldann allan af fólki til þess að byggja í ákveðna sviðsmynd sem við förum síðan að fylla inn í með tímanum, á næstu mánuðum.

Virðulegi forseti. Aftur þakka ég þessa góðu umræðu, það skiptir máli að halda þessum vaxtarsamningum áfram. Þeir eru ungir og það er staðreynd að það þarf lengri tíma til þess að láta þá dafna þannig að þeir nái að skila hinum raunverulega árangri, sumir segja 10 ár og aðrir 15 ár. (Forseti hringir.) Ég vona því að við eigum eftir að sjá þá lifa í það minnsta svo lengi.

Umræðu lokið.

[18:28]

Útbýting:

Náttúruverndaráætlun 2009–2013, 52. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 328.

Umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu.

Fsp. GÞÞ, 153. mál. — Þskj. 271.

[18:28]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra út í það sem snýr að hennar málaflokki, ferðamálunum, og það sem er sagt frá í stjórnarsáttmálanum. Verið er að velta upp ýmsu í þessum langa samningi sem ekki hefur vakið mikla athygli en er nú alveg þess virði að ræða og er afskaplega mikilvægt að við gerum það á þinginu. Á bls. 12 er málsgrein sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Kannaður verði grundvöllur þess að leggja á umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu sem renni til uppbyggingar þjóðgarða og annarra fjölsóttra og friðlýstra áningarstaða ferðamanna og til eflingar ferðaþjónustu.“

Það er ekki annað að skilja á þessum texta en að hér sé verið að hreyfa við hugmynd sem oft hefur verið rædd sem menn hafa ekki sett áður, eftir því sem ég best veit, í stjórnarsáttmála og ekki framkvæmt áður á landinu, nema á einum stað á Suðurlandi. Það olli miklum deilum en þá var tekið gjald af rútum sem komu með ferðamenn. Ég held að menn hafi hætt við það. Rök þeirra sem áttu það svæði voru þau að það væri mikill ágangur á svæðinu og það kostaði mikið að sjá um það. Þess vegna voru þessi gjöld sett á. En forsvarsmenn ferðaþjónustunnar brugðust mjög hart við og varð af þessu talsverð fjölmiðlaumfjöllun. Hér er þetta inni í stjórnarsáttmála og það hefur vakið athygli mína hvað lítið hefur farið fyrir umræðu um þetta. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvað menn eru að hugsa varðandi þetta, um hvers konar aðgangseyri er hér um að ræða? Þá er ég að vísa til hvort menn séu búnir að gera sér grein fyrir upphæðum og sömuleiðis um hvaða staði er að ræða. Það eru auðvitað margir staðir á Íslandi mjög fjölsóttir af ferðamönnum, og síðan hvenær þessi gjaldtaka kemur til framkvæmda. Er þetta eitthvað sem við eigum t.d. von á í tengslum við fjárlögin í haust?

[18:31]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Mér er greinilega þakklæti ofarlega í huga í dag en ég þakka fyrir þessa góðu fyrirspurn. Það er rétt að í stjórnarsáttmálanum segir að kannaður verði grundvöllur þess að leggja á umhverfisgjald tengt ferðaþjónustu. Það er ljóst að aukið fjármagn þarf til viðhalds og uppbyggingar ferðamannastaða enda er ferðamönnum að fjölga mjög hér á landi umfram það sem gerist að meðaltali í öðrum löndum Evrópu. Sem dæmi má nefna að frá árinu 2002 hefur ferðamönnum hér á landi fjölgað úr því að vera 278 þúsund í 502 þúsund á síðasta ári. Þetta er mikil fjölgun á skömmum tíma.

Núna í ár þegar samdráttur er í heiminum horfum við fram á að ferðamannafjöldinn sem hingað kemur á þessu ári stendur líklega í stað miðað við árið í fyrra. En á meðan er allt að 20% samdráttur í heimsóknum ferðamanna til ríkjanna í kringum okkur sem við berum okkur saman við þannig að það er þó ljós í myrkrinu þrátt fyrir þá stöðu sem við erum í.

En aftur að efninu. Enn hefur engin ákvörðun verið tek-

in um það hvort og þá á hvaða stöðum krafist verður aðgangseyris eða hvaða aðferðum yfir höfuð verði beitt við að innheimta þessi gjöld. Grundvöllurinn hefur þó verið kannaður í Ferðamálaráði þar sem helstu hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu eiga fulltrúa en ráðið er ráðgefandi við iðnaðarráðherra samkvæmt lögum um skipan ferðamála frá árinu 2005.

Þær leiðir sem kynntar voru í Ferðamálaráði í október árið 2008 eru að í fyrsta lagi er hægt að fara þá leið að innheimta gjald af öllum ferðamönnum frá Íslandi hvort sem þeir ferðast með flugi eða skipi. Í öðru lagi væri hægt að hugsa sér að innheimta gjald af öllum atvinnurekendum á Íslandi, leggja t.d. 0,05% ferðamannagjald á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds samanber álagningu og innheimtu markaðsgjalds samkvæmt lögum um útflutningsaðstoð frá árinu 2002. Í þriðja lagi var í Ferðamálaráði kynntur sá möguleiki að hugsanlega væri hægt að útfæra þetta þannig að innheimt væri gjald af atvinnurekendum í ferðaþjónustu en menn telja að sú leið gæti orðið frekar snúin þar sem ferðaþjónustan er ekki skilgreind sem sérstök atvinnugrein í þjóðhagsreikningum.

Ferðamálaráð taldi leið tvö, sem ég nefndi, helst færa en þó var settur sá fyrirvari að með fjölgun ferðamanna ykjust tekjur ríkissjóðs og því væri eðlilegt að hann fjármagnaði uppbyggingu ferðamannastaða án þess að til sérstakrar skattheimtu kæmi.

Aðrar aðferðir sem kæmu til greina eru t.d. að hluti veggjalds fari til úrbóta á ferðamannastöðum, gistináttagjald eða aðgangseyrir. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði að þessi umræða hefur oft komið upp og má líka segja frá því hér að í könnun sem gerð var á ferðamannastöðum árið 2003, um viðhorf ferðamanna til gjaldtöku á þessum ferðamannastöðum, var kannaður vilji innlendra og erlendra ferðamanna til að greiða aðgangseyri við Gullfoss og í Skaftafelli ef tekjurnar mundu renna til staðanna sjálfra. Á þessa staði kemur hálf milljón ferðamanna á ári, varlega áætlað. Í þessari rannsókn árið 2003 kom fram að 94% gesta við Gullfoss voru reiðubúin að borga meðalupphæðina 333 kr. samkvæmt verðlagi ársins 2009 og 93% gesta í Skaftafelli voru reiðubúin að borga meðalupphæðina 508 kr. Ferðamálastofu hefur verið falið að afla nýrri upplýsinga um afstöðu ferðafólks á þessum stöðum og taka þá fleiri staði í þá könnun þannig að við fáum skýrari mynd af stöðunni eins og hún er núna af viðhorfum gestanna.

Þá er spurt hvenær þessi gjaldtaka kæmi til framkvæmda. Aðferðafræðin er ekki útrædd þannig að það er óvíst hvort og þá hvernig það mun verða gert en það má segja frá því að fjármálaráðherra hefur óskað eftir tilnefningu í nefnd sem verður skipuð innan skamms til að meta og gera tillögur um hvort og hvernig að slíkri gjaldtöku verði staðið. Í þeirri nefnd eiga sæti fulltrúar umhverfisráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, Samtaka ferðaþjónustu, náttúruverndarsamtök fá einn sameiginlegan fulltrúa og síðan er formaðurinn tilnefndur af fjármálaráðherra sjálfum. Þessum hópi er ætlað að fara yfir þær kannanir sem gerðar hafa verið á viðhorfum og þeim möguleikum og útfærslu sem ég hef nefnt hér og hugsanlega fleira.

[18:36]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Það var gengið mun lengra á sínum tíma í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en núverandi ríkisstjórn gerir nú. Þá var hreinlega sett upphæð inn í fjárlagafrumvarpið, 15 millj. kr., sem fjármálaráðherra, sem var á þeim tíma Geir H. Haarde, vildi að yrði innheimt á fjölsóttum ferðamannastöðum. Sett var niður nefnd til að athuga hvernig hægt væri að standa að því og nefndin klofnaði í jafnmarga parta og hægt var. Það var enginn sammála um hvernig ætti að gera þetta.

Þá var talið að það væri allt of dýrt að innheimta gjald. Þetta væru það fáir staðir sem svo margir kæmu á þannig að gjaldið færi eiginlega í innheimtukostnað, það væri svo kostnaðarsamt að hafa fólk með kaskeiti að innheimta að gjaldið kæmist aldrei til skila.

Núna er staðan hins vegar sú að við fáum afar marga ferðamenn og það stefnir í að við fáum milljón ferðamenn hingað árið 2016. Það þarf að byggja salerni, það þarf að byggja brýr, göngustíga og allt það og af hverju í ósköpunum ættu skattgreiðendur að borga þetta allt?

Ég vil lýsa mig sammála þeirri stefnu að taka umhverfisgjöld. (Forseti hringir.) Það er einungis spurning um hvernig á að útfæra það og ég held að það sé gott að skoða það að taka gjöld, annaðhvort þegar fólk er að koma inn í landið með skipum og flugvélum eða einhvers konar tryggingagjald, jafnvel gistináttagjald. Mér finnst ekki að skattgreiðendur eigi að borga þetta.

[18:38]

Magnús Orri Schram (Sf):

Frú forseti. Ég er sérstaklega ánægður með þetta orðalag í stjórnarsáttmálanum og tel mikilvægt að þetta mál komi til lausnar á vettvangi ráðuneytanna í haust. Ég hef áður komið fram með þá tillögu að lífeyrissjóðirnir geti komið að þessu verkefni, þ.e. fjármagnað uppbygginguna strax, en gjaldið, með hvaða formi sem það verður innheimt, komi svo til greiðslu til lífeyrissjóðanna yfir lengri tíma.

Ég vil um leið nýta þetta tækifæri sem ég hef til að hvetja ráðherra til dáða á sviði ferðamála og með tvennum hætti þá helst, að stofnun Íslandsstofu komi sem allra fyrst til framkvæmda og að hún tryggi fjármagn til markaðssetningar á íslenskri ferðaþjónustu vegna þess að við eigum mikið undir því að þessi atvinnugrein skili tekjum inn í þjóðarbúið áfram eins og hún hefur gert hingað til.

[18:39]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir skýr svör. Þau eru mjög athyglisverð og nokkuð nákvæm. Ég held að það sé ekki hægt að kvarta undan neinu þegar við erum komin með tölurnar 333 kr. fyrir aðgang í Gullfoss og 508 kr. fyrir aðgang fyrir Skaftafell, þá getur maður ekki kvartað undan því að hæstv. ráðherra sinni ekki upplýsingaskyldu sinni.

Þetta er mál sem er afskaplega mikilvægt að fara vel yfir. Það er rétt, eins og komið hefur fram í umræðunni, afskaplega mikilvæg atvinnugrein. Það liggur alveg fyrir að ef okkur tekst það sem við viljum, að fá hingað fleiri ferðamenn, og vonandi dreifast þeir meira yfir árið, þýðir það

líka að við þurfum að fjárfesta í ýmsum þáttum til að sjá til þess að við skemmum ekki landið okkar. Það er eitthvað sem við verðum að horfast í augu við. Ég fagna því að menn skoði þetta ábyrgt og fari vel yfir það.

Það hefði verið gaman að átta sig á því um hvaða upphæð menn eru að ræða. Það er augljóst að menn eru farnir að hugsa nokkuð um þessi umhverfisgjöld. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að menn voru að hugsa um ferðamannagjald ofan á tryggingagjald sem væri 0,05% sem er þó nokkur upphæð. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki tækifæri til að reikna það hér en það verður að segjast eins og er að það er ansi mikið búið að leggja á þetta tryggingagjald og við skulum ekki gleyma því að það er launaskattur. Það þýðir að hver starfsmaður verður dýrari og ef við leggjum meira á þetta gjald erum við að ýta undir atvinnuleysi sem við viljum ekki gera.

En ég þakka fyrir skýr svör og ef hæstv. ráðherra er með það á hraðbergi hvaða tölur menn eru að hugsa um væri ágætt að fá þær fram.

[18:41]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er augljóst að hér ríkir nokkur sátt um að feta þessa braut, a.m.k. að fara vel yfir það í samráði við ferðaþjónustuna sjálfa með hvaða hætti þessu verði komið á og hvort það verður gert yfir höfuð.

Virðulegi forseti. Því miður er ég ekki með þær tölur sem hv. fyrirspyrjandi var að biðja mig um og ég er ekki til í að slumpa á upphæðina hér og nú, mér þætti það heldur óábyrgt. En ég skal reyna að fá þennan útreikning og koma honum til hv. þingmanns.

Ég er sammála því sem hér hefur verið sagt að ferðaþjónustan er okkur gríðarlega mikilvæg og þetta er mjög mikilvæg atvinnugrein. Hún er að verða ein af sterku, einstöku stoðunum undir efnahagslífi okkar og því skiptir máli að gera vel við hana. Ég hef áður sagt, af því að hv. þm. Magnús Orri Schram ræddi um markaðsátak og Íslandsstofu, að það eru svo sem engin geimvísindi að til þess að fá fleiri ferðamenn til landsins þurfum við að auglýsa erlendis. Þess vegna erum við að vinna í því núna á vettvangi ríkisstjórnarinnar að fara ofan í matarholur og reyna að finna fé til að ráðast í markaðsátak með haustinu. Það þurfum við að gera vegna þess að þó að bókanir séu góðar í sumar, eins og ég kom inn á áðan, og nái að haldast í horfinu er óvissa um hvað gerist að september liðnum og þá skiptir máli að við ráðumst í þetta átak.

Varðandi Íslandsstofu vonast ég til þess að það mál komi í þingið og ég geri ráð fyrir því að það komi í þingið von bráðar. Ég vona að hún eigi eftir að fá skjóta afgreiðslu innan húss enda málið orðið vel þroskað. Fram að þessu erum við búin að leggja drög að því að þeir aðilar sem að henni munu standa hefji nú þegar nánara samstarf vegna þess að það skiptir máli bæði fyrir ímynd landsins og það sem fram undan er, (Forseti hringir.) ásamt því að vera kynningarmál fyrir ferðaþjónustuna.

Umræðu lokið.

Ívilnanir og hagstætt orkuverð.

Fsp. GÞÞ, 154. mál. — Þskj. 272.

[18:44]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja enn og aftur út í stjórnarsáttmálann. Af því að ég er búinn að gera það nokkuð oft í þessari umræðu skal því haldið til haga að það er ekki vegna þess að ég hafi verið að lesa hann núna heldur einfaldlega vegna þess að þessar fyrirspurnir eru búnar að bíða nokkuð lengi.

Það sem ég vil spyrja um snýr að hæstv. iðnaðarráðherra og varðar það sem segir um sóknarstefnu til framtíðar á bls. 9:

„Ríkisstjórnin vill efla græna atvinnustarfsemi, þar með talin verkefni þar sem hrein endurnýjanleg orka er nýtt á sjálfbæran hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar. Lögð verði áhersla á að kortleggja sóknarfæri Íslands í umhverfisvænum iðnaði og ýta undir fjárfestingar með tímabundnum ívilnunum og hagstæðu orkuverði.“

Þetta er um margt athyglisvert og gott væri að fá nánari útlistanir. Það er augljóst að menn tóku mjög góðan tíma í að skoða og gera þennan sáttmála. Hann er mjög langur og ítarlegur en spurningin er: Hvað er nákvæmlega á ferðinni þarna? Við höfum heyrt umræðu um orkuverð. Við Íslendingar vitum að við eigum hagstæða, umhverfisvæna orku og erum í rauninni með einstaka stöðu í heiminum hvað það varðar. Oft hefur verið umræða um verðlagningu á þessari umhverfisvænu orku. Það kom örugglega mörgum nokkuð á óvart er sagt var frá því að við værum í rauninni ekki með mjög ódýra orku í samanburði við aðra aðila. Við værum í meðallagi þegar kemur að stóriðju en því hefur oft verið haldið fram að við séum með umhverfisvæna orku á algeru lágmarksverði.

Það sem ég vildi fá að vita er einfaldlega þetta: Hvernig, og þá er ég að vísa í stjórnarsáttmálann, hyggst hæstv. ráðherra beita sér fyrir ívilnunum og hagstæðu orkuverði til eflingar atvinnulífi og lífsgæðum til framtíðar eins og þar segir? Það væri ágætt að fá nánari útlistun á því, ekki bara hvernig það er gert heldur hvenær. Ég vonast til að fá ekki síðra svar en ég fékk frá hæstv. ráðherra áðan.

[18:46]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Enn þakka ég fyrir þessar fínu fyrirspurnir sem ég fæ hér í dag. Þessi er sérlega áhugaverð fyrir mig að koma inn á vegna þess að eins og réttilega kom fram birtist sú skýra stefna ríkisstjórnarinnar í stjórnarsáttmálanum að nýta skuli hreina og endurnýjanlega orku á sjálfbæran hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar. Hugmyndin er ekki síst sú að ýta undir fjölbreyttari nýtingu orkunnar þannig að við dreifum áhættunni af orkufjárfestingunni og eflum umhverfisvæna atvinnuuppbyggingu.

Tilteknar eru tvær meginaðgerðir, annars vegar kortlagning á sóknarfærum Íslands í umhverfisvænum iðnaði og hins vegar að ýta þurfi undir fjárfestingar með tímabundnum ívilnunum og hagstæðu orkuverði eins og fyrirspyrjandi kom réttilega inn á. Nú er unnið að kortlagningunni í undirbúningi sóknaráætlunar sem þegar er hafinn og

ég kom inn á í svari mínu áðan. Varðandi fjárfestingar er ánægjulegt að geta sagt frá því að þrátt fyrir efnahagssamdráttinn er enn mikill áhugi á verkefnum sem nýta íslenska endurnýjanlega orku og menntað vinnuafl. Í mínum huga er mikilvægt fyrir endurreisn efnahagslífsins að við fáum hingað erlenda fjárfestingu í arðbærum fyrirtækjum. Til þess þurfum við virkar aðgerðir. Samkeppnislönd okkar um slíkar fjárfestingar hafa boðið upp á ívilnanir þegar best áraði í efnahagslífi heimsins. Við höfum hins vegar hingað til farið þá leið að gera einstaka fjárfestingarsamninga þar sem við bjóðum m.a. ákveðna festu og stöðugleika í rekstrar- og skattumhverfi en slíka samninga gerum við enn, m.a. til að tryggja erlenda fjárfestingu þrátt fyrir gjaldeyrishöftin.

Nú síðast var undirritaður fjárfestingarsamningur vegna uppbyggingar aflþynnuverksmiðju Becromal og Strokks ehf. við Eyjafjörð og ESA hefur nýlega samþykkt fjárfestingarsamning vegna álvers í Helguvík sem undirritaður var sl. föstudag. Þá er líka unnið að fjárfestingarsamningi við Verne Holdings.

Virðulegi forseti. Við höfum viljað ganga lengra og því hefur verið skipaður starfshópur sem mun skila drögum að rammalöggjöf fyrir ívilnanir fyrir árslok. Þar með yrði til rammi utan um þær ívilnanir sem heimilt er að bjóða hér á landi og fyrir lægi að þær væru viðurkenndar af ESA. Slík rammalöggjöf auðveldar ekki aðeins kynningu á Íslandi sem fjárfestingarkosti heldur auðveldar hún einnig alla vinnu aðila við undirbúning verkefna og mat á þeim tækifærum sem hér bjóðast. Með þessu móti getum við líka unnið markvissar eftir markaðri atvinnustefnu, þ.e. hverjar áherslur okkar eru í uppbyggingunni. Með þessu erum við líka að tryggja gagnsæi í því sem við höfum upp á að bjóða og sömuleiðis stoppum við það þunga ferli sem þessi mál hafa hingað til verið í. Það er langt samningaferli í framhaldi af því þegar málið er komið fyrir Alþingi og eftir það þarf málið að fara til ESA.

Af því að hér var líka spurt um orkuverð þá er það svo að á Íslandi er orkuverð hagstætt og það byggir m.a. á hagkvæmni þess að nýta endurnýjanlegar náttúruauðlindir. Við þurfum þó að skoða gjaldskrár fyrir flutning raforku og hvernig við getum mætt þörfum þeirra stórnotenda sem nú eru skilgreindir fyrir neðan hin svokölluðu stóriðjumörk, þ.e. fyrir neðan 14 megavött og nýtingartíma 8000 stundir. Sérstök skoðun á því hvernig við getum nýtt orkukostinn til atvinnuuppbyggingar til skemmri tíma er nú í gangi af hálfu iðnaðarráðuneytis í samráði við orkufyrirtækin og ráðuneyti umhverfis- og fjármála auk þess sem senn tekur til starfa stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu. Vinna þess hóps mun nýtast í áðurnefndri sóknaráætlun fyrir Ísland, atvinnustefna og orkustefna þurfa að vinna saman.

Eitt af því sem við verðum þó að líta til er fjármögnun verkefna. Að mínu mati er fjármögnun, hvort sem er til orkuöflunar eða uppbyggingar iðnaðar, helsti þröskuldurinn sem nú þarf að yfirstíga. Þar verðum við að huga að nýjum leiðum á borð við verkefnafjármögnun en miðað við ástand og horfur á fjármálamörkuðum er ólíklegt að á næstu árum verði nýframkvæmdir fjármagnaðar með stórum hagstæðum lánum á bókum orkufyrirtækjanna eins og tíðkast hefur. Þá skiptir verulegu máli að með lögum nr. 58/2008 var eignarhald orkuauðlinda í opinberri eigu tryggt til frambúðar og aðskilið frá eignarhaldi þeirra fyrirtækja sem sinna áhættufjárfestingum og samkeppnisrekstri við orkuframleiðslu. Þar með er sá möguleiki opinn að við getum boðið fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóði eða innlenda og erlenda fjárfesta velkomna í það verkefni að efla orkufyrirtækin eða fjármagna einstök verkefni á sviði orkuöflunar án þess að yfirráð sjálfra auðlindanna eða ábyrg nýting þeirra sé í hættu.

Virðulegi forseti. Ég mundi vilja nefna margt til viðbótar en ég tel að það skipti máli núna því að við erum með þrjár sterkar stoðir undir íslensku efnahagslífi — nú þurfum við að bæta þeirri fjórðu við sem er grænn iðnaður. Það er sú vinna sem felst í þessari sóknaráætlun og (Forseti hringir.) atvinnustefnumörkun.

[18:52]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Falleg voru orð hæstv. ráðherra en þetta eru ekkert annað en áætlanir, nefndir og nefndaskipanir og eitthvað sem er í framtíðinni. Hvenær geta hinir atvinnulausu farið að sækja um vinnu við að byggja upp orkuver og nýta þau 70% orkunnar sem enn eru ónýtt á Íslandi? Hvenær geta menn farið að sækja um vinnu? Hvenær fer atvinnan að aukast í þjóðfélaginu? Rekst hæstv. iðnaðarráðherra hugsanlega á sessunaut sinn, hæstv. umhverfisráðherra, í því að það megi ekki virkja á Íslandi, það megi hreinlega ekki virkja umhverfisvænstu orku í heiminum? Getur það verið? Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra svaraði því hvenær þúsundir atvinnulausra Íslendinga í miklum vandræðum geta farið að sækja um vinnu.

[18:53]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið og ég held að ég geti tekið undir flest sem fram kom í svari hennar. Það er athyglisvert að heyra hugmyndir um að aðrir aðilar komi að fjármögnun orkufyrirtækja og orkuverkefna. Ég held að það sé skynsamlegt að skoða og sömuleiðis að stytta leiðirnar þannig að þetta gangi hraðar fyrir sig því að við þurfum á atvinnu að halda núna. Sem betur fer höfum við borið gæfu til þess, og stundum hefur þurft að taka pólitískan slag, að nýta þessa umhverfisvænu orku okkar. Ef við hefðum ekki gert það, virðulegi forseti, værum við í miklu verri stöðu. Þá værum við miklu háðari erlendum aðilum varðandi orku og sömuleiðis fengjum við ekki þær gjaldeyristekjur og þau störf sem við höfum núna. Við skulum hafa það í huga.

Í stjórnarsáttmálanum er ýmislegt sem vinnur gegn þessum markmiðum sem hæstv. ráðherra nefndi. Það liggur t.d. fyrir að það sem fjallar um Árósasamninginn mun tefja alla hluti, svo dæmi séu tekin. Ýmislegt fleira mætti nefna sem er talið undir náttúruvernd, ekki alltaf réttilega. Það væri ágætt að heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þess hvort þetta sé eitthvað meira en falleg orð úr ræðustól þingsins því að það er rétt sem kemur fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal að þetta snýst um að fólkið fái vinnu við umhverfisvæna atvinnustarfsemi. Það er ekkert nýtt að á Íslandi sé grænn iðnaður. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er blessað

álið meira að segja kallað græni málmurinn af góðri ástæðu. Bæði (Forseti hringir.) þarf tiltölulega litla orku til að framleiða það og endurnýta og síðan er það afskaplega umhverfisvænt þegar það er notað t.d. í farartæki.

[18:55]

Iðnaðarráðherra (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu og held að við eigum að ræða oftar og lengur um atvinnumál okkar Íslendinga og það sem fram undan er í þeim vegna þess að fjölmargt er á teikniborðinu.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal spyr hvenær menn geti farið að sækja um störf við orkuöflunarframkvæmdir. Það strandar ekki á þessari ríkisstjórn að samþykktir orkukostir verði nýttir enda er búið að gera áætlanir um það og umhverfismeta ýmsa kosti. Vandinn er fjármögnun eins og ég kom inn á áðan. Ef hv. þingmaður er með lausn á því máli væri gott að við settumst niður saman vegna þess að við erum núna að vinna að því að finna leiðir til að fjármagna þessar framkvæmdir. Það er stóri vandinn vegna þess að við lentum í bankahruni fyrir ekki mörgum mánuðum síðan og það veldur okkur vandræðum.

Háttvirtur fyrirspyrjandi segir réttilega að við eigum að nýta okkar grænu orku og ég er sammála því. Við eigum að gera það skynsamlega. Það sem skiptir máli núna og getur skipt miklu máli við nýtingu orkuauðlindanna til fjölbreyttari atvinnuuppbyggingar er að fyrir lok þessa árs lýkur áratuga vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem leitað er sátta milli verndunar og nýtingar. Þar með höfum við í höndunum ítarlegt mat á mismunandi kostum til orkuöflunar sem auðveldar alla ákvarðanatöku í framtíðinni og gefur okkur heildstæðari mynd af þeim auðlindum sem hægt er að nýta og þeim auðlindum sem við viljum vernda. Það skiptir gríðarlega miklu máli. Ég er ekki sammála hv. þingmanni um að aðkoma almennings í gegnum Árósasamkomulagið tefji endilega þetta ferli þegar við erum komin með heildstæða mynd eins og ég nefni hér.

Virðulegi forseti. Öll þau verkefni sem ég hef tæpt á bæði í fyrri ræðu minni og hér miða að því að tryggja að orkulindir okkar verði nýttar á sjálfbæran hátt til verðmætasköpunar og bættra lífskjara hér á landi. Einn af okkar styrkleikum — og þar er ímynd okkar ósnert — (Forseti hringir.) er að hér eigum við hreina orku sem við eigum að nýta á sjálfbæran og ábyrgan hátt.

Umræðu lokið.

Stuðningur vegna fráveituframkvæmda.

Fsp. SIJ, 144. mál. — Þskj. 228.

[18:58]

Fyrirspyrjandi (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):

Virðulegi forseti. Stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga er byggður á lögum frá 9. mars 1995 nr. 53. Þeim hefur verið breytt í þrígang og síðasta breyting tengdist lengingu laganna, þ.e. því ákvæði hversu lengi hægt er að koma til stuðnings sveitarfélögunum við fráveituframkvæmdir. Í því fólst að lengja tímabilið frá 31. desember 2005 til 31. desember 2008, þannig að lögin virðast vera því miður útrunnin hvað þetta varðar.

Spurningin er því: Hvað tekur við? Hvað hyggst hæstv. umhverfisráðherra gera til að bregðast við því ásamt þeirri staðreynd að á liðnum árum hafa sveitarfélög fengið sífellt minni hluta endurgreiðslunnar til baka, jafnvel fullkomna afneitun vegna þess að engir fjármunir voru til. Ég þekki til sveitarfélaga sem voru í framkvæmdum á árinu 2008, árinu sem gildistími laganna stóð til, og fengu ekki eina einustu krónu endurgreidda af þeim framkvæmdum og aðeins hluta af árinu 2007.

Frú forseti. Í frumvarpinu með upphaflegu lögunum var fjallað um kostnað á landsvísu og einnig á íbúa. Kostnaður á íbúa var áætlaður um 30–90 þús. kr. og að meðaltali var kostnaður reiknaður 40.000 kr. Áætlaður kostnaður á landsvísu til þess að koma fráveitukerfinu í þokkalegt lag var því talinn vera 10 milljarðar. Þetta var unnið af nefnd sem hafði lagst yfir þetta nokkuð ítarlega. Ýmislegt hefur gerst á þeim langa tíma sem síðan hefur liðið. Kröfur hafa vaxið, m.a. kröfur ríkisins. Kostnaður hefur aukist gríðarlega og einnig eru þær framkvæmdir sem þarf að fara í, ákaflega ólíkar eftir því hvort um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli, hvort byggðin er við sjó eða stórfljót — sem er öflugur viðtaki samkvæmt þeirri hugmynd að lengi taki sjórinn við — eða langt inni í landi.

Staðreyndin er sú að kostnaður á íbúa er gjarnan tíu sinnum hærri eða 300–500 þús. kr. og í einstaka tilfellum mun hærri, jafnvel ein millj. á íbúa. Dæmi má taka af 1.000 manna sveitarfélagi með þrjá byggðarkjarna inni í landi með auk þess sífellt þéttari byggð. Kostnaður þessa sveitarfélags við fráveitu hefur verið áætlaður milli 800 og 1.000 millj. en ársvelta sveitarfélagsins er 600 millj. Hvernig á þetta sveitarfélag að geta staðið undir þessu?

Því spyr ég hæstv. umhverfisráðherra hvernig hún hyggst bregðast við þeirri staðreynd að engir fjármunir eru til og að lögin eru útrunnin. (Forseti hringir.) Hvort það sé hægt að framlengja þau og einnig hvernig hægt sé að koma til móts við þau sveitarfélög sem hafa ekki fengið lögboðin framlög á sl. árum.

[19:01]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Virðulegur forseti. Lög nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, fela í sér heimild til að styrkja tilteknar fráveituframkvæmdir á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2008 um allt að 20% af staðfestum raunkostnaði styrkhæfra framkvæmda, eins og segir í lögunum. Samkvæmt 4. gr. laganna getur fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna framkvæmda sveitarfélaga við fráveitur numið allt að 200 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs. Þannig hefur fráveitusjóður einungis haft til ráðstöfunar það fé sem veitt hefur verið á fjárlögum á hverju ári.

Ekki hafa verið greiddir út styrkir samanber lögin um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum vegna framkvæmda á árinu 2008 þar sem mjög takmarkað fjármagn er til ráðstöfunar til verkefnisins. Styrkir til sveit-

arfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum eru greiddir út ári eftir að framkvæmdir eiga sér stað. Lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum voru upphaflega sett árið 1995 og fyrst úthlutað þess vegna árið 1996. Upphaflega giltu lögin, eins og fyrirspyrjandi spyr hér um, bara til loka árs 2005 en með viðbótarlögum og samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga voru lögin framlengd með óbreyttri hámarksfjárhæð á hverju ári. Því var gert ráð fyrir að hægt yrði að styrkja framkvæmdir sveitarfélaga allt til loka ársins 2008.

Þau sveitarfélög sem hafa sótt um styrki vegna fráveituframkvæmda og uppfyllt skilyrði laganna hafa fengið greiddan styrk í samræmi við lögin fyrir framkvæmdir á þessu tímabili, þ.e. frá 1995 til 2007. Vegna fjárhagsstöðu sjóðsins, sem m.a. kemur til vegna mikilla framkvæmda sveitarfélaganna á árunum 2006 til 2007, hefur þó ekki reynst mögulegt að nýta heimildarákvæði laganna um fráveitustyrki vegna framkvæmda á árinu 2008. Af þessum sökum var þeim sveitarfélögum sem sóttu um styrk til framkvæmda fyrir árið 2008 tilkynnt í apríl sl. að engir fjármunir væru til ráðstöfunar til að styrkja framkvæmdir sem unnar voru á því ári. Þetta var gert í framhaldi af því að fráveitunefnd, sem starfar samkvæmt lögunum og í eiga sæti fulltrúar ríkis og sveitarfélaga, sendi ráðuneytinu bréf í byrjun þessa árs þar sem gerð er grein fyrir yfirferð nefndarinnar á fráveitusjóði og stöðu hans 30. desember sl. Í bréfinu er staðan rakin og þegar búið var að greiða 10% af framkvæmdakostnaði vegna fráveitumála árið 2007 voru með fjárheimildum ársins 2009 til ráðstöfunar út gildistíma laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum tæpar 100 millj. kr. Því gerði fráveitunefnd tillögu um að þessar fjárhæðir væru notaðar til að styrkja framkvæmdir ársins 2007 að fullu.

Ráðuneytið samþykkti þá tillögu nefndarinnar að þeir fjármunir sem væru til ráðstöfunar árið 2009 til að styrkja fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, samanber áðurnefnd lög, yrðu notaðir til að styrkja fráveituframkvæmdir sveitarfélaganna á árinu 2007. Þannig gætu styrkir vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga ársins 2007 numið allt að 20%.

Við lokauppgjör á framkvæmdum vegna ársins 2007 hefur nú komið í ljós að einhverjir fjármunir munu geta styrkt framkvæmdir vegna ársins 2008 og verið er að skoða það í ráðuneytinu. Í framhaldi af því verður farið yfir umsóknir vegna framkvæmda ársins 2008 og styrkir greiddir til sveitarfélaga sem uppfylla skilyrði laganna í samræmi við tillögur fráveitunefndar frá því í byrjun júní sl. Þó er ljóst að styrkirnir verða hlutfallslega mun lægri en undanfarin ár. Lögin eru, eins og fyrirspyrjandi gat um, ekki lengur í gildi og því er ekki gert ráð fyrir frekari stuðningi við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga samkvæmt þeim lögum.

Ég vil að lokum geta þess sérstaklega, vegna þess að fyrirspyrjandi talaði um lögbundinn eða lögboðinn stuðning, að í lögunum er um að ræða heimildarákvæði til þess að greiða allt að tilteknu hlutfalli en ekki það hlutfall óskert.

Varðandi framhaldið og framtíðarsýn er ljóst að umræðan um frekari aðkomu ríkisins að fráveituframkvæmdum er hluti af snúnum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ég hef miklu meiri reynslu af því að vera sveitarfélagamegin í þeim málum en ráðherramegin og sem fyrrverandi varaformaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þekki ég þessa togstreitu raunar afar vel. Annars vegar í ljósi þess að fráveituframkvæmdir eru stórkostlegt heilbrigðismál og mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélögin, m.a. með tilliti til atvinnuuppbyggingar og umhverfis- og ferðaþjónustu sveitarfélaganna. Hins vegar, eins og fyrirspyrjandi vék raunar að í sínu máli, þeirrar þröngu stöðu sem ríkissjóður er í. Ég lít svo á að þessi umræða hljóti að vera hluti af samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga sem eru vonandi í farsælum og góðum farvegi núna og ég mun fyrir mína parta beita mér fyrir því að þessi umræða verði farsæl á þeim vettvangi.

[19:07]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir fyrirspurnina og svörin. Hér er um gríðarlega stórt mál að ræða, mikið hagsmunamál fyrir alla sem að því koma, ríkisvaldið, íbúana og sveitarfélögin. Það er mjög mikilvægt að sveitarfélögin og ríkisvaldið eigi góðar samræður um hvernig eigi að leysa þetta mál því að ég hef kynnst því að mörg sveitarfélög geta hreinlega ekki farið í úrbætur sem nauðsynlegar eru samkvæmt þeim kröfum og reglugerðum sem samþykktar hafa verið hér á landi vegna fjárhagsstöðu sinnar, hreinlega vegna þess að það er þeim ofviða. Við höfum tekið upp viðmið og reglur Evrópusambandsins sem taka á engan hátt tillit til aðstæðna hér, t.d. til þeirrar staðreyndar að við erum eyja langt úti í ballarhafi þar sem í rauninni má fullyrða að lengi tekur sjórinn við og allt slíkt. Við eigum samt ekki að gerast neinir sóðar, ég er ekki að mæla fyrir því.

Ég vil gjarnan beina því til ráðherra, (Forseti hringir.) af því að hún þekkir vel til sveitarstjórnarmála, að hún beiti sér fyrir því að ekki verði hart gengið að sveitarfélögunum, síst á þeim tímum sem nú eru, en þeim gefið svigrúm.

[19:08]

Fyrirspyrjandi (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég hefði kannski viljað sjá og heyra nánar um og fá fram vilja ráðherrans, ekki síst með tilliti til fortíðar hennar sem forsvarsmanns í sveitarstjórnargeiranum, m.a. um framhaldið og lenginguna. Hvort ráðherra hafi hug á því að taka málið upp og leggja til framlengingu á þessum lögum eða taka þau upp í heild sinni. Eins hvort þetta sé sjónarmið um heimild eða hvort um lögbundna greiðslu sé að ræða. Í því sambandi er rétt að minnast á að þetta er 20% greiðsla. Það hefur lengi verið rifist um hvort þetta sé endurgreiðsla virðisaukaskatts eða ekki. Ríkisvaldið vildi aldrei viðurkenna það en í raun og veru er það viðurkennt í síðustu breytingu á lögunum þar sem varðandi hina breytinguna var bara sagt að það yrði aldrei hærra en virðisaukanum næmi. Ef endurgreiðslan er lægri en 20% hagnast ríkið á því í raun og veru, því meir sem sveitarfélögin framkvæma. Ríkið hefði því á árunum 2006 og 2007, ef það hefði ekki verið greitt af fullu, haft af því verulegar tekjur að sveitarfélögin uppfylltu þessar skyldur sínar.

Síðan er hinn þátturinn sem við höfum aðeins komið inn á. Þau sveitarfélög sem fóru í þetta fyrst voru þau stærstu

og öflugustu og þau fóru fyrst og fremst í tæknilegar lausnir, að koma þessu frá sér eins hratt og hægt er án þess að fara í miklar hreinsanir eins og við þekkjum. Aftur á móti eru þau sveitarfélög sem eru síðast í þessum kafla gjarnan langt inni í landi og þurfa að fara í mjög tæknilegar lausnir, þessa þriggja þrepa hreinsun sem er miklu, miklu dýrari. Lögin hefðu því kannski þurft að taka tillit til þess að þau sveitarfélög þurfa á miklu víðtækari stuðningi að halda en ella, auk þess sem þetta eru dreifbýlissamfélög þar sem þarf að leggja mjög langar lagnir. Á síðustu árum hefur byggð í þessum sveitarfélögum einnig (Forseti hringir.) gjörbreyst þannig að kröfurnar, m.a. af ríkisins hálfu, eru þess eðlis að þetta er ekki gerlegt við núverandi fjárhagsaðstæður.

[19:10]

Umhverfisráðherra (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):

Ég vil þakka Sigurði Inga Jóhannssyni fyrir að vekja máls á þessu og raunar tel ég að málefni sveitarfélaganna yfir höfuð séu sífellt meira aðkallandi í því efnahagsumhverfi sem nú er. Í ljósi þess sem Gunnar Bragi Sveinsson nefndi líka að ekki verði hart gengið að sveitarfélögunum að því er varðar að uppfylla skyldur, þá er það sameiginlegt verkefni hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, að sinna og standa vörð um grunnþjónustuna. Mér segir svo hugur að það verði sífellt meira krefjandi verkefni á allra næstu missirum og árum og þá getum við t.d. nefnt rekstur grunnskóla og leikskóla og því um líkt. Ég held því að það sé afar mikilvægt að við hér, bæði ríkisstjórn og stjórnarandstaða, ræðum þessi mál af skilningi gagnvart sveitarfélögunum.

Varðandi framlengingu á lögunum sem fyrirspyrjandi velti hér upp hef ég satt að segja velt því fyrir mér hvort það sé rétt nálgun vegna þess að eins og hann benti réttilega á eru lögin að sumu leyti ófullkomin. Það eru þarna þættir sem þyrfti a.m.k. að taka til verulegrar endurskoðunar, til að mynda að því er varðar staðsetningu sveitarfélaga, mismunandi stærð þeirra og mismunandi aðstæður að mörgu öðru leyti og að því er varðar heimildarákvæðið. Ég þekki það frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að það hefur valdið sveitarfélögunum verulegum vanda þegar þau gera áætlun sem miðar við tiltekið hlutfall endurgreiðslu en lenda síðan í því að heimildarákvæðið er nýtt í þeim skilningi af hendi ríkisins að um töluvert minni upphæð er að ræða þegar allt kemur til alls inn í rekstur sveitarfélagsins.

Ég vil í lokin þakka fyrir afar góða umræðu og gagnlega og vænti þess að við ræðum stöðu sveitarfélaganna enn frekar hér á næstu þingum. Ég lofa fyrirspyrjanda því að ég mun skoða þetta afar vel og treysti honum til að standa vaktina fyrir sveitarfélögin hér (Forseti hringir.) eins og við hin gerum sem höfum unnið á vettvangi sveitarstjórnarmála.

[19:12]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hæstv. ráðherra á að nota hefðbundin ávarpsorð í þingsal og nefna þingmenn hv. þingmenn.

Umræðu lokið.

Áætlaður kostnaður við ýmis verkefni.

Fsp. GÞÞ, 151. mál. — Þskj. 269.

[19:13]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég kem enn að stjórnarsáttmálanum. Ég gæti örugglega tekið aðra hrinu líka við að spyrja út í hann því að þessi langi sáttmáli hefur fengið mjög litla umræðu og mikilvægt er að við séum með nokkuð á hreinu hvað ríkisstjórnin ætlar sér í hinum ýmsu málum.

Hins vegar vakti athygli mína þegar ég renndi yfir sáttmálann á sínum tíma hvað þar er mikið af verkefnum sem gert er ráð fyrir að fara í og stundum fær maður á tilfinninguna að hann sé ekki saminn á vormánuðum 2009. Þess vegna vildi ég taka út ákveðin atriði. Nefna má ýmislegt fleira til sögunnar en þar sem við horfum fram á, virðulegi forseti, að tekjur okkar munu dragast mikið saman á næstu árum, og það er eins hjá ríkisvaldinu og hjá heimilum að þegar tekjur dragast saman þarf að mæta því með því að spara á ýmsum sviðum.

Mér leikur forvitni á að vita hver kostnaðurinn er við eftirtalin verkefni. Virðulegi forseti, ég nefni stjórnlagaþingið, viðbætur við velferðarkerfið og hverjar þær eru ef einhverjar, endurskoðun framfærslugrunns LÍN og hækkanir þar, aðlögunarstuðning til bænda sem skipta úr hefðbundinni ræktun í lífræna, auðveldun nýliðunar í landbúnaði og eflingu Jafnréttisstofu. Þetta mun kosta aukna fjármuni og þess vegna vil ég spyrja hvernig ætlunin er að afla fjármuna til þessara verkefna. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að hæstv. fjármálaráðherra upplýsi okkur um það. Ég efast ekki um að menn hafa legið yfir því en mjög langan tíma tók að semja þennan sáttmála, auk þess að það voru sömu flokkar sem tóku við eftir kosningar og voru í ríkisstjórn fyrir kosningar.

Nokkuð hefur verið um það rætt, og var sett inn í stjórnarsáttmálann sérstaklega, að menn ætluðu að minnka aðkeypta þjónustu hjá þekkingariðnaðinum, sem orkar nokkuð tvímælis. Ætli það hafi nokkurn tíma verið jafnhagstætt að ná kaupum á þeirri þjónustu og fróðlegt væri að vita hvað er gert ráð fyrir að minnka mikið aðkeypta þjónustu hjá þekkingariðnaðinum.

[19:16]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hv. þingmaður er áhugasamur um stjórnarsáttmálann, samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, það er vel og ánægjuefni að svara fyrir ýmsa liði þar. Hv. þingmaður spyr um kostnað við verkefni, í fyrsta lagi stjórnlagaþing. Þar er því til að svara að samkvæmt umsögn frá fjárlagaskrifstofu um frumvarp sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að kostnaður við það geti orðið allt að 40 millj. kr. á mánuði. Þannig má áætla að miðað við átta mánaða þing yrði kostnaður um 312 millj. en 392 millj. miðað við 11 mánaða þing. Málið liggur fyrir á þingi til umfjöllunar, er ekki endanlega útfært og þaðan af síður afgreitt þannig að meira er að sjálfsögðu ekki hægt að segja á þessu stigi máls.

Í öðru lagi er spurt um viðbætur við velferðarkerfið samkvæmt stjórnarsáttmálanum og hverjar þær séu. Því er einfalt að svara að við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum

er ekki staða til að auka útgjöld til velferðarmála en eftir fremsta megni verður reynt að standa vörð um velferðarkerfið og nýta fjármuni sem þar er ráðstafað sem allra best, t.d. með samþættingu stofnana. Unnið er að endurskoðun á ýmsum þáttum innan velferðarkerfisins, t.d. verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga. Megi það verða til hagræðingar og til að standa vörð um þjónustuna að færa verkefni, eins og umönnun á sviði málefna barna, fatlaðra, aldraðra og fjölskyldna, til sveitarfélaga frá ríki og samþætta þannig þjónustuna þá er það í skoðun og reyndar í ákveðnum tilvikum í undirbúningi samkvæmt samningi. Einnig er verið að endurskoða almannatryggingakerfið og auknum útgjöldum á sviði velferðarmála er mætt í allmörgum tilvikum þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Þar ber fyrst að nefna að eindreginn ásetningur stjórnvalda er að standa vörð um atvinnuleysistryggingakerfið þó að það muni kosta gríðarlega aukna fjármuni, sennilega um 22 milljarða kr. á þessu ári í viðbót við það sem var á fyrra ári. Þeirri útgjaldaaukningu er mætt eftir því sem það dugar með hækkun á tryggingagjaldi.

Ákveðið hefur verið að auka verulega greiðslur vaxtabóta á þessu ári, væntanlega sem nemur um 2.330 millj. kr. umfram það sem hafði verið ákveðið í fjárlagafrumvarpi fyrir árið, og til þess verður ráðstafað drýgstum hluta tekjuauka ríkissjóðs vegna útgreiðslu séreignasparnaðar. Enn fremur hefur verið ákveðið að auka greiðslur húsaleigubóta, eða standa að fullu við þær hækkuðu húsaleigubætur sem höfðu verið ákveðnar, og það mun kosta allt að 1.000 millj. kr. á þessu ári. Auk þessa hefur ríkið í tengslum við stöðugleikasáttmálann gert viðbótarsamkomulag við sveitarfélögin um að gera upp skuldahala frá fyrra ári og þessu, vegna þess hluta húsaleigubóta sem til ríkisins heyrir. Ekki hafði verið ætlað fyrir því í fjárlagafrumvörpum þannig að þar er um umtalsverðar fjárhæðir að ræða sem ríkið leggur í púkkið. Ákveðið hefur verið að setja frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega upp á 10 þús. kr. á mánuði, með kostnað upp á um 700 millj. kr. Ráðgjafarstofa heimilanna verður efld og til þess eru ætlaðar um 40. millj. kr. Síðan er áformað að auka á næsta ári framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu, sem er hluti af samkomulagi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, um allt að 100 millj. kr.

Varðandi framfærslugrunn Lánasjóðs íslenskra námsmanna er í skoðun hjá menntamálaráðuneytinu hvernig með það mál verði farið. Þar er ætlunin m.a. að reyna, eftir því sem viðráðanlegt er, að draga úr þeim mun sem er á milli annars vegar atvinnuleysisbóta og hins vegar námslána. Grunnatvinnuleysisbætur eftir skatta eru um 132 þús. kr. á mánuði en framfærslugrunnur lánasjóðsins 100.600 kr. á mánuði.

Varðandi aðlögunarstuðning við bændur sem hafa skipt úr hefðbundinni ræktun í lífræna og endurskoðun landbúnaðarstefnunnar þá er hafin vinna við að endurskoða landbúnaðarstefnuna í heild og þessi áform munu ganga inn í það endurskoðunarstarf. Þetta var ákveðið í samningum stjórnvalda og Bændasamtakanna nú í vetur þegar framlengdir voru samningar við hefðbundnu búgreinarnar, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu, sem og við garðyrkjubændur á dögunum.

Varðandi Jafnréttisstofu er ekki gert ráð fyrir því að það kalli á aukinn útgjöld þó að staða hennar verði styrkt innan stjórnkerfisins. Þessum auknu útgjöldum verður augljóslega að mæta með hagræðingu og sparnaði á öðrum útgjaldaliðum og/eða auknum tekjum ríkissjóðs, eins og ég hef þegar gert að nokkru leyti grein fyrir.

Ég hef ekki í höndunum sundurliðaða áætlun um sérfræðiþjónustuna en minni kostnaður í þeim efnum kemur fram í sparnaðarramma ráðuneyta og stofnana.

[19:21]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra er örugglega ekki í öfundsverðu hlutverki en engu að síður finnst mér að ríkisstjórnin og hann séu dálítið út og suður. 25. mars sagði hæstv. menntamálaráðherra að hún ætlaði að byggja tónlistarhús. Þar er verið að dæla út milljörðum í erlendum gjaldeyri til að flytja inn gler og erlenda verkamenn. Þá sagði hæstv. menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, 23. júlí að hún ætlaði að eignast listaverkasafn bankanna, 4.000 málverk. Það er vitað mál að kröfuhafar láta þau ekki af hendi nema gegn greiðslu og má reikna með að þau kosti 1–2 milljarða eftir því á hvað hvert málverk er metið, hálfa milljón eða eitthvað. Síðan tók hæstv. fjármálaráðherra ákvörðun um að veita Saga Capital lán með 2% vöxtum sem er umdeild ákvörðun og kostar eflaust 10 milljarða. Þetta er dálítið sundurlaust, frú forseti.

[19:23]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir fyrirspurnina og svörin. Ef ég hef skilið svör hæstv. ráðherra rétt þá lagði hann tölu á a-lið 1. töluliðs fyrirspurnarinnar en ekki á neitt annað af því sem spurt er um. Í b-lið er spurt um viðbætur við velferðarkerfið, eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum en ef ég skildi svar hæstv. ráðherra rétt er ekki lengur gert ráð fyrir neinum viðbótum við kerfið. Haldið er í við kerfið eins og það er, verið að reyna að halda því gangandi, sem er skiljanlegt í ljósi aðstæðna þannig að ég skil vel orð ráðherra varðandi það. Hins vegar er athyglisvert að þegar þessi stjórnarsáttmáli var gerður lá alveg ljóst fyrir að menn hefðu ekki efni á því að bæta við velferðarkerfið. Því er þetta staðfesting á að blessaður stjórnarsáttmálinn sem hér er til umræðu, og ég er ekki jafnáhugasamur um og hv. þingmaður, er mikið auglýsingaplagg.

[19:24]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram hjá þeim sem hafa gert athugasemdir að þetta er ekki auðvelt verkefni en það var alveg vitað þegar stjórnarsáttmálinn var samþykktur. Þess vegna kemur mér nokkuð á óvart hvernig hann hljómar en svör hæstv. ráðherra koma ekki á óvart, því þau eru nánast engin. Við þurfum að fara betur yfir þetta og fá svör við spurningunum, það er þó nokkuð síðan þessi fyrirspurn var lögð fram og við eigum kröfu á því að fá nánari útskýringar. Til dæmis svaraði hæstv. ráðherra engu um 2. tölulið. Hvernig er ætlunin að afla fjármuna til þessara verkefna?

Þetta eru erfiðir dagar hjá hæstv. fjármálaráðherra og ég ætla ekki að skammast mikið í honum þó að ég áskilji mér allan rétt til að fylgja þessu eftir. Mér fyndist gott að hann

kæmi með nánari útlistanir, sérstaklega á því hvernig á að ná í fjármuni til þessara verkefna. Ég fagna þó að loksins er kominn skilningur hjá hæstv. ráðherra á því að við þurfum að nýta betur þá fjármuni sem við höfum til að halda uppi þjónustustigi. Við höfum engan annan valkost. Ég man hvernig umræðan um fjárlögin var í desember, þá fannst mér þingmenn Vinstri grænna almennt hafa nákvæmlega engan skilning á því og þeir töluðu eins og allar tilraunir til að ná því sem nú er verið að gera væru gerðar af tómri illkvittni, en svo var ekki. Við verðum að gera þetta til að halda uppi þjónustustiginu. Við munum hjálpa ráðherra eins og við getum til þess en við hljótum að gera þá kröfu að fá skýr svör um það sem liggur fyrir og hvað menn ætlast fyrir svo að við getum farið vel yfir það.

[19:26]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er hárrétt hjá fyrirspyrjanda að við verum í öðru samhengi að ræða þessa hluti ef efnahagslífið í landinu hefði ekki hrunið í haust með skelfilegu tjóni fyrir land og þjóð. Við verum líka í öðru samhengi að ræða þetta ef við ættum 200–300 milljarða kr. innstæður í Seðlabankanum umfram það sem er, vegna þess að eðlilegri skattheimtu hefði verið haldið uppi á löngu þenslutímabili í landinu en svo er ekki. Við erum að glíma við alla þessa hluti við skelfilega erfiðar aðstæður.

Varðandi tónlistarhús, sem hv. þm. Pétur Blöndal spurði um, þá tókum við það mál í arf og það var einfaldlega mat borgar og ríkis að meira tjóni væri afstýrt með því að klára þá byggingu heldur en láta hana grotna niður hálfkaraða. Við skulum ekki gleyma að í því sambandi voru afskrifaðir einir 8 milljarðar kr. sem aðrir höfðu lagt í púkkið.

Varðandi listaverkasafnið stendur ekki til að punga út stórum fjárhæðum. Í undirbúningi er samningur milli ríkisins og nýju bankanna um að ríkið hafi aðgang að því að kaupa, ef svo ber undir á síðari stigum, þjóðargersemar sem kunna að vera svo flokkaðar í listaverkasafni bankanna að ekki er gert ráð fyrir miklum útgjöldum af þeim sökum strax í núinu.

Varðandi svör um aðra liði þá fór ég yfir að verið er að setja stóraukna fjármuni inn í vissa hluta velferðarkerfisins vegna þess að menn ætla að verja atvinnuleysistryggingakerfið án skerðinga, ætla að greiða húsaleigubætur án skerðinga og eru að stórauka vaxtabætur til að aðstoða fólk við að halda húsnæðinu við erfiðar aðstæður. Í þetta fara umtalsverðir viðbótarfjármunir og á móti því er reynt að afla tekna með hækkun tryggingagjalds, með tekjum af útgreiðslu séreignarsparnaðar o.s.frv. Ég tel að ég hafi gefið alveg skýr svör og fullnægjandi eftir því sem hægt er um þá liði sem liggja fyrir og bið engan afsökunar á því svari sem ég hef gefið samkvæmt bestu vitund og bestu fáanlegum upplýsingum.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá var tekið 15. mál.

Fundi slitið kl. 19:29.

51. FUNDUR

fimmtudaginn 13. ágúst,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Framhaldsskólar, stjfrv., 156. mál, þskj. 274. — 3. umr.
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv., 165. mál, þskj. 314. — 2. umr.
4. Tekjuskattur, stjfrv., 166. mál, þskj. 320. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Skúli Helgason, 7. þm. Reykv. s.
Svandís Svavarsdóttir umhvrh., 3. þm. Reykv. s.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að hann gerir ráð fyrir atkvæðagreiðslum að lokinni umræðu um dagskrármálin.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Vaxtamál.

[10:31]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Efnahagslíf okkar er læst inni í vítahring hárra vaxta og lágs gengis. Gengið hefur lækkað um 20% frá því að það var sterkast í mars og stýrivextir eru enn óbreyttir alveg eins og gert var ráð fyrir. En hverjir eru það sem blæða við þessar aðstæður? Við vitum húsnæðisverð hefur lækkað mjög mikið á þessu ári. Það hefur lækkað um 32% að raunvirði frá því í ársbyrjun þegar það var hæst. Það er í rauninni eignarýrnun almennings sem hefur gert það að verkum að verðbólgan er ekki miklu meiri en raun ber vitni um. Almenningur blæðir með eignamissi sínum vegna þess að ríkisstjórnin ræður ekki við vandann, peningastefnunefndin treystir sér ekki til vaxtalækkana, gengið hefur hrunið og enginn veit í dag hvert það mun stefna. Ríkisstjórnin hefur verið í algerri afneitun og lætur í ljósi frómar óskir um að ástandið lagist í hvert einasta sinn sem við heyrum fréttir af stýrivaxtalækkunum. Síðasta stýrivaxtalækkun sem eitthvað kvað að var í maí sl. skömmu eftir kosningar en það er alveg ljóst að trú peningastefnunefndar Seðlabankans á ástandinu, á ríkisstjórninni og á aðgerðum hennar, er mjög lítil eins og raun ber vitni.

Í maí spáðu menn því að þá yrði gengið stöðugt en það hefur ekki ræst. Nú er farið að spá því að menn muni ekki sjá frekari lækkun vaxta fyrr en jafnvel í apríl á næsta ári. Ekki er heldur talið að verðlag muni hjaðna í þessum mánuði. Nú er jafnvel farið að ræða um frekari hækkun stýri-

vaxta í stað þeirrar stýrivaxtalækkunar sem menn töldu sig sjá á sl. vori. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. félagsmálaráðherra álits á þeirri ákvörðun peningastefnunefndar í morgun að lækka ekki stýrivexti því að það er alveg ljóst mál að þetta mun hafa veruleg áhrif á hag heimilanna í landinu og möguleika þeirra til að bregðast við við þessar mjög svo erfiðu aðstæður.

[10:33]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Peningastefnunefnd metur forsendur til lækkunar stýrivaxta samkvæmt lögum og samkvæmt þeim forsendum sem hún á að leggja til grundvallar. Það var athyglisvert að heyra lýsingu hv. þingmanns á þeim búsifjum sem íslensk heimili hafa orðið fyrir vegna lækkandi fasteignaverðs. Skyndilega er ábyrgðin á því orðin þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr en ekki þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þingmaður sat í og kastaði sprekum (Gripið fram í.) á bál innstæðulausrar hækkunar á húsnæðismarkaði (Gripið fram í.) með tilheyrandi erfiðleikum (Gripið fram í.) fyrir heimili landsins. (Gripið fram í.) Ég er að tala um, hv. þingmaður, þá efnahagsstefnu og þá húsnæðisstefnu sem rekin var allt frá því að farið var af stað með ekki nægilega vel ígrundaðar hækkanir á hámarkslánum Íbúðalánasjóðs (Gripið fram í.) árið 2004 og að sú ríkisstjórn reyndist ekki hafa dug (Gripið fram í.) í sér til þess að taka á þeirri innstæðulausu útþenslu á lánum til íbúðarlána sem bankarnir stóðu fyrir þá. (Gripið fram í.) Það var hægt að stemma þá á að ósi en það var ekki gert og við það búa heimilin í dag, (**Gripið fram í:** Heyrðu …) þ.e. afleiðingar þess.

Við sáum í morgun ákvörðun peningastefnunefndar sem hv. þingmaður gerir að umtalsefni. Auðvitað vildum við sjá vaxtalækkanir koma til (Gripið fram í.) en á meðan hér er óvissa um grundvallarforsendur í efnahagslífinu og grundvallarefnahagsstærðir hefur maður auðvitað skilning á því að peningastefnunefndin telur varhugavert að ganga lengra en hún hefur ákveðið að gera núna. Þess vegna stendur það upp á þingheim að treysta stoðir efnahagslífsins með því að draga (Forseti hringir.) úr þessari óvissu, ganga frá því samkomulagi sem liggur fyrir í þinginu, Icesave-samkomulaginu, og leggja þannig grunn að efnahagslegum stöðugleika og hraðara vaxtalækkunarferli.

[10:36]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Það sem er áhugavert og athyglisvert í viðbrögðum hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra er það að hann virðist algerlega áhyggjulaus um samtímann. Hann hefur hins vegar mikinn áhuga á því að ræða þetta mál, líta í baksýnisspegilinn og reyna að skoða málið út frá fortíðinni. Menn eiga að hafa áhyggjur af þessari þróun, að raunvirði íbúðarverðs hefur lækkað um þriðjung frá því að það var hæst. Það má vel taka undir að það hafi verið orðið óeðlilega hátt en það breytir ekki því að enginn veit í rauninni hversu mikið íbúðaverðið mun lækka og ef ekki væri lækkun á íbúðaverði væri verðbólgan enn þá meiri en hún er þrátt fyrir allt í dag. Það eru með öðrum orðum íbúðareigendur, húsnæðiseigendur, almenningur í landinu sem ber byrðarnar af því að ríkisstjórnin er algerlega ráðalaus. Eins og hæstv. ráðherra sagði sjálfur, sem er mjög merkileg yfirlýsing af hans hálfu: Það er óvissa um alla grundvallarþætti í efnahagslífinu. Er hægt að lýsa efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar betur en þetta? Ég treysti mér ekki til þess og ég tek undir það með hæstv. félagsmálaráðherra (Forseti hringir.) að það ríkir óvissa um alla grundvallarþætti efnahagslífsins í landinu. Þetta er harður áfellisdómur frá ríkisstjórn frá hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[10:37]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að eiga orðastað við hv. þingmann sem var auðvitað eins og við vitum öll ein af helstu klappstýrum hrunsins (Gripið fram í.) og stóð fyrir því með þeirri ríkisstjórn sem þá var við völd að kasta sprekum á þann eld sem leiddi okkur í þessar ógöngur, (Gripið fram í.) hafði ekki aga á útþenslu bankakerfisins, (Gripið fram í.) reyndi ekki að hafa stjórn á útþenslu á íbúðalánamarkaðnum. — Virðulegi forseti, ef ég fengi að hafa hljóð í salnum. Hún reyndi ekki að hafa stjórn á útþenslu bankakerfisins, gerði ekkert til að hafa hömlur á innstæðulausum undirboðum lánastofnana sem leiddu fólk í þær ógöngur að húsnæðisverð hækkaði langt umfram það sem eðlilegt var. Núna erum við öll að kljást við afleiðingar þess.

Ég veit ekki hvað hv. þingmaður vill að gert verði við þær aðstæður, því þegar bóla springur lækkar verð. En það er auðvitað á ábyrgð þeirra sem efndu til hinnar innstæðulausu veislu (Gripið fram í.) að svara fyrir tilurð hennar.

Horfur á vinnumarkaði.

[10:39]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Sú fyrirspurn sem ég ætla að beina til hæstv. ráðherra snýr að vinnumarkaðnum og tengist óneitanlega því sem þeir voru að ræða, hæstv. ráðherra og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson. Ráðherra upplýsti okkur um að það væri alger óvissa í efnahagsmálum og það tengist því sem ég ætla að spyrja hann um, hvort ekki sé alger óvissa varðandi vinnumarkaðinn, varðandi stöðu vinnuveitenda á Íslandi, varðandi stöðu þeirra sem vinna hjá fyrirtækjunum. Mig langar að spyrja ráðherrann hvort hann sé ekki búinn að setja vinnu í gang til að kanna hvort hér sé gert ráð fyrir miklum uppsögnum, hópuppsögnum, á næstu mánuðum. Er hann búinn að setja sig í samband við t.d. 200 stærstu fyrirtækin hér á landi til að kanna hvernig staðan er hjá þeim? Er ráðherrann búinn undir uppsagnahrinu sem kann að verða í haust? Við vitum að fyrirtæki hafa verið að fleyta sér í gegnum sumarið, það hafa ekki verið miklar uppsagnir í sumar. Er ráðherrann búinn að gera ráðstafanir til að bregðast við eða er hann með eitthvert plan ef þessi staða skyldi koma upp varðandi uppsagnir? Er verið að meta hvaða áhrif það hefur t.d. á heimilin og þá stöðu sem hv. þm. Einars K. Guðfinnsson lýsti í ræðum sínum?

Ég velti því fyrir mér hvort það sé ekki jafnmikil óvissa

í þessum málum hjá ríkisstjórninni og hæstv. ráðherra upplýsti að væri í efnahagsmálum. Er ríkisstjórnin ekki algerlega bjargarlaus þegar kemur að vinnumarkaðnum líkt og varðandi efnahagsmálin? Hvaða áætlanir eru í gangi? Hvað ætlar ráðherrann að gera ef upp kemur sú staða að hóppuppsagnir verði í ágúst, september, október? Hvaða úrræði eru í pípunum? (**Gripið fram í:** Um það ríkir óvissa.) Um það ríkir nefnilega óvissa, hv. þingmaður, þakka þér fyrir og ég hef nefnilega grun um að það svar sem við fáum á eftir undirstriki að það ríkir alger óvissa eða þá að sú vinna sé ekki farin í gang. Það gæti verið búið að skipa nefnd, gera áætlanir, starfshóp eitthvað slíkt. (Gripið fram í.) — Einmitt, áætlun um að gera áætlanir. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða vinna er í gangi og hvað ætlar hann að gera?

[10:41]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er engin óvissa um efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar. (Gripið fram í.) Hún er skýr, ríkisstjórnin hefur sett fram mjög skýra stefnu um hvernig vinna á á þeim efnahagsvanda sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum. Við höfum lagt fram … (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Er hægt að fá hljóð í salinn?

Við höfum lagt fram skýra sýn á það hvernig stöðugleika verði náð í efnahagsmálum á næstu árum. Ríkisstjórnin byrjaði þetta sumarþing á því að leggja fram áætlun um ráðstafanir í ríkisfjármálum jafnt fyrir næsta ár og til næstu fjögurra ára.

Það liggur fyrir samkvæmt spám að við höfum ekki séð verstu dýfuna enn hvað atvinnuleysi varðar og búist er við að við getum jafnvel séð frekara atvinnuleysi í haust. Það er alveg rétt að sumarið er tími þar sem framboð starfa eykst, sérstaklega vegna ferðaþjónustunnar. Efnahagsleg óvissa er í dag fyrst og fremst afleiðing þess að við vitum ekki enn hvað verður og við höfum ekki getað sagt skýrt við atvinnulífið að botninum sé náð. Grundvallaratriðið til að við getum farið að treysta grunn efnahagslífsins, að fyrirtækin geti farið að gera áætlun til næstu ára, er að við eyðum þeirri óvissu sem er um frágang þeirra grunnstoða sem við höfum verið að tryggja og þar er það samkomulag sem liggur fyrir Alþingi núna um ríkisábyrgð vegna Icesave-samkomulagsins grundvallaratriði. Það er grundvallaratriði og það veit hv. þingmaður og það er staðfest af öllum þeim sem um mál fjalla jafnt innan lands sem utan að samþykkt þeirrar ríkisábyrgðar mun greiða fyrir því að okkur takist að styrkja lánshæfismat ríkisins, að okkur takist þar með að treysta grunnstoðir fyrir fjármögnun atvinnulífsins, (Gripið fram í.) aðgang fyrirtækja að erlendum mörkuðum jafnt og aðgang íslenskra fyrirtækja að nauðsynlegri lánsfjárfyrirgreiðslu. Það er grundvallarforsenda (Forseti hringir.) þess að atvinnuleysið versni ekki meira en þegar er spáð.

[10:43]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég skal gjarnan hitta hæstv. ráðherra og lesa fyrir hann leiðara *Financial Times* ef hann hefur ekki gert það sjálfur en hins vegar spurði ég ekki um þetta. Ég spurði hvaða plön og hvaða áætlanir ráðherrann hefur gert og hvað hann hefur uppi ef hér verður aukning atvinnuleysis. Ef hér verða fleiri hópuppsagnir en áður hefur þekkst, hvað ætlar ráðuneytið að gera? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Er hún búin að athuga það? Er hún búin að kanna það, er hún búin að hringja í þessi stærstu fyrirtæki, segjum þau 200 stærstu? Ég skal hjálpa honum að hringja ef það er málið og spyrja: Hver er staðan, hverjar eru áætlanir ykkar? Búist þið við uppsögnum? Það hlýtur að vera að hlutverk ríkisstjórnarinnar að athuga þessa hluti til að geta brugðist við og hvernig á þá að bregðast við? Á að fjölga fólki sem vinnur hjá Vinnumálastofnun? Á að fjölga enn þá meira hjá Ráðgjafarstofu heimilanna? Hverjar eru áætlanir ríkisstjórnarinnar? Er búið að kanna þetta? Ég held nefnilega að það sé ekki búið að kanna þetta. Ég held að það ríki alger óvissa um hvað tekur við um næstu mánaðamót og þar næstu mánaðamót (Forseti hringir.) vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekkert skoðað þessa hluti og er búin að gleyma sér í Evrópusambandsumræðum sem hæstv. ráðherra er mjög áhugasamur um.

[10:44]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég trúi ekki á að búa til plástra heldur eigum við að reyna að ráðast að grunnrót vandans. Það liggur ekkert annað fyrir um áætlanir íslenskra fyrirtækja en það sem þau hafa sjálf sagt sem er að ef það tekst að koma á efnahagslegum stöðugleika geta þau vonandi komist hjá frekari uppsögnum. Það sem til okkar friðar heyrir er að leggja þær grunnstoðir fyrir efnahagslegan stöðugleika að við getum komist hjá frekari uppsagnahrinum. Ef menn ætla ekki að horfast í augu við þann veruleika sem við blasir, ef menn ætla ekki að horfast í augu við að við verðum að axla ábyrgð og ganga frá því sem til okkar friðar heyrir varðandi Icesave-skuldbindingarnar er verið að kalla yfir fólk atvinnuleysi og erfiðleika í efnahagslífi að óþörfu. Það vita menn. Það er staðfest af hagsmunasamtökum atvinnulífsins, það er staðfest af öllum helstu greiningaraðilum. Og ef menn ætla að berja hausnum við steininn valda þeir fólki tjóni og erfiðleikum að óþörfu.

Staða heimila og fyrirtækja.

[10:46]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Fyrirspurn mín snýr líka að þeim málum sem við ræðum hér, stöðu heimilanna og fyrirtækjanna í landinu. Ég verð að segja það fyrir mína parta að þær umræður sem áttu sér stað hér á undan flokkast undir pólitískt argaþras og það er ekki neinum til framdráttar, hvorki fyrir heimilin né fyrirtækin.

Það sem ég vildi velta hér upp eru störf þingsins í sumar. Ég stóð í þeirri von að þegar við kæmum saman hér á Alþingi í sumar mundum við fara að ræða það á efnislegum og málefnalegum grundvelli hvernig við ætlum að styðja við bakið á heimilum og fyrirtækjum í landinu, við mundum ekki lenda í þessu sem við erum að lenda í núna. Ég er ekki að gera lítið úr dagskrá þingsins eða þeim málefnum

sem hafa verið tekin fyrir eða tillögum ríkisstjórnarinnar í þeim málum en betur má ef duga skal.

Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra í ljósi stöðu heimilanna og fyrirtækjanna: Nú hafa allar hugmyndir stjórnarandstöðunnar verið slegnar út af borðinu þar sem við höfum lagt margar góðar tillögur fram, allir stjórnarandstöðuflokkarnir, um að leiðrétta stöðu heimilanna vegna efnahagshrunsins. Það er búið að leiðrétta ákveðin atriði hjá innstæðueigendum, það er búið að leiðrétta peningamarkaðssjóðina en það á eftir að leiðrétta stöðu heimilanna og fyrirtækjanna. Ég var einlæglega að vonast til þess að við gætum farið í málefnalegar umræður hér á Alþingi um það hvernig við mundum standa að því en ekki lenda í þessum hjólförum sem við vorum í núna áðan. Það er mín einlæga von og trú vegna þess að það er gríðarlega mikilvægt að við gefum heimilunum og fyrirtækjunum í landinu von. Ef þau hafa enga von og sjá ekki fyrir endann á erfiðleikunum munum við ekki byggja þetta upp aftur. Það er gríðarlega mikilvægt og þess vegna kalla ég eftir því að við eigum hér vitrænar umræður en ekki þetta pólitíska argaþras því að það stefnir heimilunum og fyrirtækjunum í endanlegt þrot.

[10:48]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég er einlæglega sammála hv. þingmanni um að það er mjög mikilvægt að við eigum hér málefnalegar og uppbyggilegar umræður um það hvernig við mætum erfiðleikum heimila og fyrirtækja við þessar erfiðu aðstæður. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur margt verið gert hvað varðar heimilin. Einkanlega var gengið frá lögum rétt fyrir kosningar um greiðsluaðlögun og tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðlána og lagaheimildum til þess að hægt sé að gefa eftir skuldir innan bankanna án þess að slík eftirgjöf sé skattskyld. Með því var greitt fyrir úrlausn erfiðra skuldamála heimila. Við erum með nefnd sem vinnur að því að kanna frekar hvað þarf að gera, hvað er mögulegt að gera og hvað er æskilegt að gera. Hún mun skila tillögum fyrir haustþing.

Ég kannast ekki við að af hálfu ríkisstjórnarinnar hafi verið hafnað tillögum stjórnarandstöðunnar til að ræða á málefnalegan hátt leiðir til úrlausnar vanda heimila og fyrirtækja. (Gripið fram í.) Hitt er annað mál að af hálfu sumra í stjórnarandstöðunni hafa verið lagðar fram tillögur um flata niðurfellingu skulda sem ekki er nein samstaða um. Ég vil benda á að hv. þingmaður og efnahagsgúrú Sjálfstæðisflokksins, Tryggvi Þór Herbertsson, lagði fram tillögur um það innan Sjálfstæðisflokksins og hann kom þeim ekki einu sinni í gegnum sinn eigin flokk. Það er því ekki þannig að það sé einhver einróma samstaða um það hvernig taka eigi á þeim vanda (Gripið fram í.) sem við erum að fást við að þessu leyti.

Af hálfu ríkisstjórnarflokkanna er sú afstaða alveg skýr, við teljum ekki að flöt eftirgjöf skulda, hvort sem menn kalla hana leiðréttingu eða 20% niðurfellingu, sé hagkvæm eða skynsamleg eða árangursrík leið fyrir heimilin í landinu.

[10:50]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Frú forseti. Ég verð að segja fyrir mína parta að hæstv. félagsmálaráðherra byrjaði vel en endaði illa í þessu svari sínu. Ég kallaði eftir því að við ættum hér vitrænar umræður um þær tillögur sem lagðar hafa verið fram. Hæstv. ráðherra þarf ekki að kynna fyrir mér efnahagstillögur Sjálfstæðisflokksins, mér er fullkunnugt um þær og þær fela það í sér að menn taki tillit til og leiðrétti skuldastöðu heimilanna. Ég kallaði eftir því hvort hann væri tilbúinn að ræða þær á málefnalegum grunni en ekki eins og hann endaði hér á, að slá það allt út af borðinu, vegna þess að með eignahruni heimilanna og fyrirtækjanna — sérstaklega heimilanna — stefnir fólk til glötunar. Við verðum að bregðast við strax.

Þess vegna velti ég því upp og langar að spyrja hæstv. ráðherra af því að tími minn rennur senn út: Finnst honum tíma sumarþingsins hafa verið varið nægjanlega vel til þess að fjalla um þessi mál á efnislegum grunni? (Forseti hringir.) Ég ítreka að ég er ekki að gera lítið úr því sem hefur verið gert en betur má ef duga skal.

[10:51]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er mikilvægt að ræða þessi mál á málefnalegan hátt og á grundvelli þeirra tillagna sem lagðar hafa verið fram. Hér var lögð fram í sumar tillaga Framsóknarflokksins um 20% niðurfellingu skulda. Þeirri tillögu er ég ekki sammála og um hana var mjög málefnaleg umræða heilan dag í þingsal. Í henni tók ég þátt og fleiri stjórnarliðar og hér varð mjög málefnaleg umræða um tillöguna.

Ég kannast ekki við að Sjálfstæðisflokkurinn hafi keypt hráar tillögur hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar um niðurfellingu skulda heimilanna. (Gripið fram í.) Hafi það gerst og farið fram hjá mér biðst ég velvirðingar á því. (Gripið fram í.) Hitt stendur eftir að okkur hefur tekist að koma í veg fyrir greiðsluþrot fólks, það er ekki fjölgun á árangurslausu fjárnámi eða gjaldþrotum einstaklinga. Hins vegar sjáum við vanskil aukast hratt. Það er sá vandi sem við (Forseti hringir.) þurfum að taka á og við þurfum að vinna okkur í gegnum hann. Ég hlakka til að eiga gott og uppbyggilegt samstarf við stjórnarandstöðuna um það mál.

Útflutningsálag á fiski.

[10:52]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og er hún ekki ný af nálinni. Ég lagði fram þessa fyrirspurn í þinginu 14. júlí og bar hana síðan upp í munnlegum fyrirspurnum í gær. Ég gerði engar athugasemdir við að þeirri fyrirspurn sem ég lagði fram 14. júlí átti að svara í síðasta lagi átta virkum dögum seinna en hins vegar geri ég athugasemdir við að ráðherrann er nú búinn að hafa heilan mánuð sem er mun lengri tími en ætlaður er til þess að svara þessari einföldu fyrirspurn sem flokkast undir brýnar aðgerðir í stjórnarsáttmál-

anum. Hann gerði það ekki í gær og því fer ég fram á það við hæstv. ráðherra að hann svari núna.

Ég geri engar athugasemdir við að hæstv. ráðherra hefur þann stíl að þegar hann talar notar hann mörg orð en kannski ekki jafnmikið af efni. Það er auðvitað val hæstv. ráðherra. Ég geri hins vegar athugasemdir við að þessari einföldu fyrirspurn minni skuli ekki hafa verið svarað enn og vil fá svar við henni.

Fyrirspurnin er einfaldlega þessi: Hyggst ráðherrann leggja útflutningsálag á fisk, samanber ákvæði stjórnarsáttmálans þar um?

Ég vek athygli á því að í stjórnarsáttmálanum er þetta flokkað undir brýnar aðgerðir. Ég vek athygli á að þeim góða tíma sem hæstv. ráðherra hafði í gær til að svara spurningunni eyddi hann í allt annað en að svara fyrirspurn minni efnislega. Ég geri því aftur tilraun til þess að fá svar frá hæstv. ráðherra um fyrirspurn sem ég bar upp í gær og lagði fram 14. júlí.

[10:55]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson spyr hvort lagt verði á útflutningsálag og þá álag á útfluttan gámafisk. Það er eitt af því sem ráðherra hefur heimild til samkvæmt lögum ef þau markmið nást ekki um að (Gripið fram í.) auka fullvinnslu á fiski hérlendis. Ég benti á hvernig þessi þróun hefur verið undanfarin ár og þegar kvótaálaginu var aflétt að mig minnir 2003 tók útflutningur á gámafiski verulegt stökk. (**Gripið fram í:** Kom þetta ekki fram í gær?) Jú, frú forseti, þetta kom fram í gær, það er alveg hárrétt, en það er eins og hv. þingmaður hafi ekki heyrt það.

Markmiðið sem sett er í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er að auka fiskvinnslu hér á landi og draga úr útflutningi á gámafiski. Þetta er ein af heimildunum sem ráðherra hefur og hann er að skoða hvort þeim verði beitt ásamt öðrum sem lögin heimila.

[10:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort einhver skildi þetta svar en það væri þá ágætt að fá upplýsingar um það.

Ég ætla að gera eina tilraun í viðbót. Það hefur komið fram að hæstv. ráðherra er búinn að upplýsa um að hann sé að hugsa um þessi mál og það er auðvitað ágætt svar. En ég ætla að gera eina heiðarlega tilraun til að kanna hvort hæstv. ráðherra vilji nú upplýsa þingið um hvort hann sé kominn eitthvað lengra en að hugsa málið sem er í stjórnarsáttmálanum undir brýnum aðgerðum. Ég held að það væri upplýsandi fyrir alla aðila, sérstaklega þá sem starfa að sjávarútvegi og alla þá sem bera hag sjávarútvegsins fyrir brjósti. Við vitum að sjávarútvegurinn hefur verið og er, sérstaklega núna, mikilvæg undirstöðuatvinnugrein fyrir landsmenn. Það er mjög æskilegt að hæstv. ráðherra tali skýrt (Forseti hringir.) og upplýsi þingið um fyrirætlanir sínar.

[10:57]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Jón Bjarnason) (Vg):

Frú forseti. Ég tala skýrt, það er skilningur þingmannsins sem er eitthvað brogaður. Markmiðið í stjórnarsáttmálanum er að auka vinnslu á fiski hérlendis og að draga úr útflutningi.

Ég spyr hv. þingmann: Hver er stefna Sjálfstæðisflokksins í þeim málum? Er hún engin eða finnst hv. þingmanni það allt í lagi að hér hafi farið líklega milli 60 og 70 þúsund tonn af botnfiski til vinnslu erlendis? (Gripið fram í.) Þessi mál verða skoðuð og þetta er eitt af þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Það er mjög brýnt að tryggja fiskvinnslunni hér á landi samkeppnishæf skilyrði við fiskvinnslur erlendis. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Þetta verður skoðað með öðrum aðgerðum sem gripið verður til.

Barnaverndarmál.

[10:59]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Sú fyrirspurn sem ég beini til félags- og tryggingamálaráðherra varðar velferð barna og þá staðreynd sem fram hefur komið í fjölmiðlum að barnaverndarmálum hefur fjölgað mjög á þessu ári, þó mest í Reykjavík þar sem tilkynningum til Barnaverndarstofu Reykjavíkur fjölgaði um 40% á fyrstu mánuðum ársins.

Það er ástæða til að hafa áhyggjur af velferð barna við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu þar sem við vitum að hætta er á margvíslegum heimilisvanda á borð við þunglyndi, óreglu, ofbeldi og ósætti foreldra á krepputímum. Fram kemur á heimasíðu Barnaverndarstofu að flestar tilkynningar fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 voru vegna áhættuhegðunar barna, þ.e. rétt um helmingur allra tilkynninga. Ríflega þriðjungur tilkynninga var vegna vanrækslu á börnum og um 20% vegna ofbeldis gegn börnum. Umboðsmaður barna hefur sagt að þessi tíðindi komi í raun ekki á óvart. Hún kveðst finna fyrir auknu áreiti, álagi og vanlíðan úti í samfélaginu, að kveikjuþráður fólks sé almennt styttri og það bitni ekki síst á börnum.

Í ljósi þessara upplýsinga beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra hvort og þá á hvern hátt ráðuneyti hans hafi brugðist við eða hyggist bregðast við þessum upplýsingum.

[11:01]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér kemur fram í fyrirspurn að tilkynningum til barnaverndaryfirvalda hefur fjölgað nokkuð það sem af er þessu ári miðað við sama tíma í fyrra. Af hálfu ráðuneytisins er þessi þróun litin mjög alvarlegum augum enda mikil hætta á því af reynslu nágrannaríkja okkar að dæma að erfiðleikar í efnahagslífi bitni fljótt á börnum og ungmennum. Það eru ekki bara ung börn heldur líka unglingar, sem eiga erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði við þessar aðstæður, sem geta farið illa út úr kreppu.

Af hálfu ráðuneytisins var í vetur sett á fót svonefnd

velferðarvakt, sem er mjög merkilegt fyrirbæri, þar sem saman koma fulltrúar ráðuneyta, sveitarfélaga, hagsmunasamtaka, líknarfélaga og allra þeirra sem að málum koma í reynd hvað varðar velferðarþjónustuna í víðum skilningi og bera saman bækur sínar. Við höfum lagt tiltekið fé til þessarar vaktar sem hún hefur til ráðstöfunar. Hún hefur ákveðið að leggja peninga í frekari rannsóknir á því hvað veldur þessum tilkynningum. Við sjáum sérstaklega að tilkynningum fjölgar vegna áhættuhegðunar og einnig að fleiri tilkynningar hafa borist úr skólum en áður. Það þarf ekki að vera vont að tilkynningum fjölgi. Það getur vel verið að það sé dæmi um að við gætum nú öll betur hvert að öðru og að við séum öll meira vakandi fyrir erfiðleikum sem upp koma. En það er mjög mikilvægt að fylgjast vel með og greina vel ástæðurnar og bregðast hratt við.

[11:03]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þær upplýsingar sem fram koma í svari hans og vil láta þess getið að það er fagnaðarefni það frumkvæði sem tekið hefur verið í þessum efnum. Ég vil bara nota þetta tækifæri og hvetja ráðherrann enn frekar til dáða. Við vitum það af reynslu nágrannalanda okkar, t.d. frá Svíþjóð og Finnlandi þar sem hafa gengið í garð erfiðir tímar, að þar var sérstök ástæða til þess að hafa áhyggjur af velferð barna sem liðu mjög fyrir það ástand. Börn eru saklaus og þau eru varnarlaus en þau eru líka framtíð landsins og þess vegna ríður mjög á að tryggja velferð þeirra þegar harðnar á dalnum eins og gerst hefur í samfélagi okkar.

[11:04]

Félags- og tryggingamálaráðherra (Árni Páll Árnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi góðu orð. Það mun ekki standa á ráðuneytinu að taka á þessum málum með skipulegum og öguðum hætti. Af hálfu Barnaverndarstofu er núna verið að ljúka athugun hjá öllum barnaverndaryfirvöldum á landinu og ég á von á skýrslu strax í næstu viku um niðurstöðu hennar. Við erum síðan að reyna að finna leiðir til þess að bregðast við erfiðleikum varðandi andfélagslega hegðun líka meðal unglinga sem ekki eru komnir á sakhæfisaldur. Við erum að skoða hvað hægt er að gera þar og vonumst til að koma með tillögur um úrbætur þar um á næstu vikum. Við viljum líka að tengja betur saman starf allra þeirra aðila sem eru að vinna að barnaverndarmálunum og þar er velferðarvaktin og sá samráðsvettvangur sem hún er algjörlega ómissandi við þær erfiðu aðstæður sem fram undan eru.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 156. mál (innheimta efnisgjalds). — Þskj. 274.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:07]

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁRJ, BirgJ, BjG, GuðbH, GLG, JBjarn, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, RM, SER, SJS, VBj, ÞSa, ÞBack, ÖS.

12 þm. (ÁsbÓ, EKG, EyH, GBS, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, SF, TÞH, UBK, VigH) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁsmD, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, GÞÞ, GStein, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, RR, SDG, SII, SIJ, SkH, SVÓ, SSv, ÞKG, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 330).

Tekjuskattur, 1. umr.

Stjfrv., 166. mál (kyrrsetning eigna). — Þskj. 320.

[11:08]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Með þessu frumvarpi er ætlunin að veita skattyfirvöldum auknar heimildir til varnar því að aðilar sem sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra geti komið sér undan greiðslum opinberra gjalda og mögulegra fésekta vegna skattalagabrota með því að koma undan eignum á meðan rannsókn er í gangi. Rannsóknir á mögulegum skattalagabrotum geta verið umfangsmiklar og tímafrekar og hætta getur skapast á að aðilar sem til rannsóknar eru komi eignum undan á meðan á meðferð máls stendur, ekki síst við þær mjög svo sérstöku aðstæður sem nú ríkja í okkar samfélagi. Með frumvarpinu er lagt til að yfirvöld geti, að sjálfsögðu ekki nema þegar ástæða þykir til, krafist kyrrsetningar eigna hjá einstaklingum og lögaðilum og annarra tryggingarráðstafana vegna rannsóknar á hugsanlegum skattalagabrotum hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Lagt er til að heimilt verði í málum sem sæta rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum sem grunur um skattalagabrot beinist að ef hætta er talin á að eignum kunni ella að verða skotið undan, þær glatist eða þær rýrni. Einnig er lagt til að heimilt verði að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem bera ábyrgð á skattgreiðslum samkvæmt 116. gr. laga um tekjuskatt.

Lagt er til að tollstjóri annist rekstur þeirra mála sem hér um ræðir og skal hann meta hvort og til hvaða aðgerða skuli grípa til þess að tryggja megi skaðlausar efndir væntanlegrar skattkröfu, sekta og sakarkostnaðar. Getur hann krafist þess að skattaðili leggi fram tryggingar vegna þessa. Eftir atvikum getur tollstjóri krafist kyrrsetningar á eignum skattaðila að því marki sem nauðsynlegt er til að varna því að eignum verði komið undan eða að þær fari með öðrum hætti forgörðum.

Í frumvarpinu er lagt til að kyrrsetning falli niður um leið og ljóst þykir að rannsókn muni ekki leiða til hækkunar á sköttum eða til fésektar á hendur þeim sem til rannsóknar er. Jafnframt að kyrrsetningarráðstafanir falli niður ef við-

komandi leggur fram tryggingar vegna væntanlegrar skattkröfu að viðbættri fésekt og sakarkostnaði sem tollstjóri telur fullnægjandi.

Frú forseti. Þetta frumvarp er einfalt í sniðum. Það er liður í miklu víðtækari aðgerðum stjórnvalda til að ná fram réttlæti í tengslum við þá atburði sem orðið hafa í samfélagi okkar. Það er liður í aðgerðum til þess að gæta hagsmuna hins opinbera og skattborgaranna þannig að fjármunir glatist ekki og verði til staðar eftir atvikum til að bæta það tjón sem orðið er eða þau brot sem kunna að hafa verið framin í þessum efnum þó að gildi þess sé að sjálfsögðu almenns eðlis og það muni eiga við viðkomandi tilvik í skattalegum efnunum án tillits til uppruna eða aðdraganda þeirra atburða sem í hlut eiga.

Ég mæli svo með því, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og skattanefndar.

[11:12]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég fagna því frumvarpi sem hér kemur fram en ég vil nýta þetta andsvarsform til þess að fá upplýsingar um tvennt: Það er í fyrsta lagi að frumvarpið er lagt fram sem svar við því ástandi sem nú ríkir, verið er að reyna að kyrrsetja hér eignir ef menn reyna að koma þeim undan í skattalegu tilliti. Ég skil frumvarpið þannig að það er ekki tímabundið, verið er að gera breytingar sem munu gilda til lengri tíma. Er það ekki réttur skilningur hjá mér að þetta sé ekki frumvarp sem falli úr gildi þegar búið er að gera upp bankahrunið?

Í öðru lagi vil ég gjarnan fá að heyra hjá hæstv. fjármálaráðherra hvort við séum með þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til að ganga lengra en Norðurlöndin. Hafa Norðurlöndin núna svona heimildir? Erum við að ná þeim eða erum við að fara fram úr þeim, erum við að ganga lengra vegna þeirrar stöðu sem hér er uppi eftir að bankarnir hrundu?

[11:13]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, það er alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að sjálfsögðu er þetta frumvarp í og með viðbrögð við því ástandi sem skapast hefur og til að mæta þeim réttmætu kröfum að allt sé gert af hálfu yfirvalda sem mögulegt er til þess að gæta opinberra hagsmuna og tryggja að eignir gangi ekki undan. Þær séu ekki færðar burt eða þær rýrni ekki ef þær eiga með réttu í einhverjum tilvikum að ganga upp í tjón eða sakir sem orðið hafa.

Það er borið niður hér m.a. vegna þess að skattrannsóknir eru oft, þótt flóknar og viðamiklar séu, fljótvirkari en sakarannsóknir og þess vegna getur vel atvikast svo að skatturinn hafi hafið rannsókn mála og sé kominn lengra áleiðis með sinn málatilbúnað en kannski saksóknari sem er með refsiþátt eða sakarþátt máls sem slíkan. Skattamál geta að sjálfsögðu staðið algjörlega sjálfstætt og verið til rannsóknar eingöngu hjá skattinum og skattaðilar eru mjög áhugasamir um að leggja sitt af mörkum. Það er starfshópur í gangi á vegum ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra með aðild fjármálaráðuneytisins sem hefur unnið núna um nokkurra mánaða skeið að því að skoða hvað skatturinn geti betur gert í þessum efnum og þetta er stuðningur við það starf.

Reyndar hafa tillögur af þessu tagi lengi legið fyrir hjá skattinum og það hefur verið áhugi fyrir því hjá skattyfirvöldum að hafa þessar heimildir. Það hefur ekki náð fram að ganga fram að þessu frekar en margt annað í skattaframkvæmd sem rykfallið hefur í skýrslum ofan í skúffum á ónefndum stað við Arnarhól.

Hér er sem sagt að verða breyting á eins og menn hafa m.a. séð í vetur af því að ítrekað hafa hér verið bornar fram lagabreytingar sem miða að því að styrkja stöðu skattsins.

Varðandi seinna svarið þekki ég ekki nákvæmlega hvernig þessu er háttað á hinum Norðurlöndunum (Forseti hringir.) en hitt veit ég að íslensk skattyfirvöld eru í mjög góðu samstarfi við norræn starfssystkini sín og mér þykir líklegt að þau hafi m.a. farið þangað í smiðju þegar þetta frumvarp var útbúið.

[11:15]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skil það svo að fljótvirkara sé að elta þá sem hafa hugsanlega brotið af sér með því að nýta skattalöggjöfina til þess að reyna að kyrrsetja eignir. Þó að áfram verði haldið því starfi sem hafið er, þ.e. að elta viðkomandi aðila vegna saknæms atferlis, geti þetta verið fljótvirkari leið. Ég fagna því að við tökum þetta skref.

Ég skil líka orð hæstv. fjármálaráðherra þannig að þetta sé almenn heimild sem muni standa. Hún sé ekki tímabundin og þannig verði hægt að grípa til hennar í framtíðinni. Síðan ríki óvissa um það hvort við göngum jafnlangt og Norðurlöndin eða hvort við förum lengra en þau í þessu. Mér heyrðist hæstv. ráðherra frekar leggja grunn að því svari að við gengjum jafnlangt og þau en kannski ekki lengra. Það væri ágætt ef nefndin skoðaði þetta sérstaklega.

Það er mjög mikilvægt að hafa samstarf við önnur lönd varðandi þessar rannsóknir og ég fagna því sem hefur komið fram að það geti orðið samstarf milli okkar og Bretanna, bæði milli sérstaks saksóknara og skattyfirvalda. Sumir segja að það sé ekkert sniðugt að vera í samstarfi við Breta því þeir beiti okkur mikilli hörku núna og það er rétt, þeir beita okkur mikilli hörku. Ég vil þó fagna öllu samstarfi, líka við Breta í þessu tilliti. Þeir eru með mjög öflugar stofnanir og okkur veitir aldeilis ekki af aðstoð utan frá.

Í leiðara *Financial Times* í gær voru færð mjög sterk rök fyrir því að ríkin ættu að vinna saman að því að eltast við þá sem hugsanlega hafa brotið af sér og ég tel að við eigum að taka mjög fagnandi í þá útréttu hönd.

[11:17]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek undir síðustu orð hv. þingmanns. Ég held að það sé okkur bráðnauðsynlegt við þessar aðstæður að vinna með öðrum aðilum að því að rannsaka atburði og endurheimta eignir eftir því sem mögulegt er. Ýmislegt er í gangi í þeim efnum eins og menn hafa séð og heyrt af fréttum að undanförnu, bæði varðandi einstök lönd, alþjóðalög-

regluyfirvöld og fleiri slíka aðila. Það er t.d. alveg ljóst að aðgangur að upplýsingum í Lúxemborg getur skipt miklu máli, bæði fyrir rannsókn skattyfirvalda og þá sem rannsaka bankaatburðina.

Varðandi þau efnisatriði sem hv. þingmaður nefndi þá er hér um almenna heimild að ræða og ekkert sólarlagsákvæði er á gildistöku hennar enda tel ég þetta vera hið eðlilega fyrirkomulag. Ég tel að það sé algjörlega sjálfsagt mál að skattyfirvöld hafi þessar heimildir til að tryggja hagsmuni okkar þegar rannsóknir mála bjóða upp á það. Ég má ábyggilega upplýsa það hér að skattyfirvöld væru alveg til í að fá ríkari heimildir í sínar hendur. Þar hefur helst borið á góma hvort skattrannsóknarstjóri eigi að fá ákæruvald þannig að hann geti farið alla leið með málin. Einn galli á núverandi ástandi er sá að skatturinn rannsakar mál og ef þau gefa tilefni til meira en fjársekta eða lúkningar á þeim grunni ber skattinum að senda þau til lögreglu. Þar er mikið annríki eins og kunnugt er og þá vill það gerast að verulega dragist að slík mál komist áfram sína leið. Þetta kann að vera umdeilt atriði og í þessu tilviki er ekki gengið svo langt en það þýðir ekki að sá möguleiki að fara þessa leið hafi verið sleginn af.

Varðandi fyrirkomulag í öðrum löndum veit ég ekki hvernig það er í einstökum tilvikum á hinum Norðurlöndunum en ég leyfi mér að fullyrða að líklegt sé að bæði bresk og bandarísk skattyfirvöld hafi ríkari heimildir en þær sem hér hafa verið. Miðað við það sem ég þekki til þess hversu vasklega þar er iðulega gengið fram í þessum efnum þykist ég vita að svo sé. Ég held að reikna megi með að við förum hér ekki lengra en (Forseti hringir.) almennt er gert.

[11:20]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum mjög mikilsvert mál og mikilsvert frumvarp sem því miður hefur ekki verið lengi til skoðunar. Ég vona að það fái almennilega umræðu í nefndinni vegna þess að þetta skiptir verulegu máli. Við hrunið komu fram óskir um að rannsaka allt sem best og ég er mjög hlynntur því að rannsaka sem mest og best, fá upplýsingar um hvað gerðist raunverulega og njóta til þess aðstoðar sem flestra ríkja því að þetta eru alþjóðlegir fjármálastraumar.

Enn fremur er mjög mikilvægt, og ég hef margoft bent á það, að hafi einhver brotið lög þá sé honum refsað. Ekki vegna refsigleði heldur vegna þess að það er mjög mikilvægt að góðir siðir séu í atvinnulífinu og farið sé að lögum. Hins vegar verðum við að gæta okkar. Það hefur verið varað við því að réttarríkið kunni að vera í húfi að einhverju leyti og að menn fari offari í því að setja lög og reglur til að ná ákveðnum markmiðum. Hér í athugasemdum við frumvarpið kemur fram, með leyfi frú forseta:

„Þá hafa fregnir á undanförnum vikum og mánuðum af milljarða fjármagnsflutningum frá Íslandi inn á bankareikninga í þekktum skattaskjólum af hálfu forsvarsmanna fjármálafyrirtækja sem annarra vakið upp ótal spurningar um íslensk lög og rétt. Þær raddir verða því sífellt háværari sem segja að auka þurfi verulega við refsiheimildir stjórnvalda, m.a. til kyrrsetningar og/eða haldlagningar eigna þeirra aðila sem taldir eru bera ábyrgð á tjóninu og verða dæmdir sem slíkir.“

Í lögum eru heimildir til kyrrsetningar eigna þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um að menn hafi framið afbrot. Mér sýnist að þessi setning sem ég las úr lagafrumvarpinu sé nákvæmlega ástæðan sem Bretarnir notuðu til þess að setja hryðjuverkalög á Landsbankann í London. Þeir beittu ýtrustu meðulum einmitt á grundvelli ákveðinna fregna og sögusagna. Þess vegna hef ég lagt svo mikla áherslu á að menn rannsaki raunverulega hvað gerðist, ekki einhverjar sögusagnir og fregnir. Það ætti að vera komin mynd á það. Við erum með sérstaka rannsóknarnefnd hérna á Íslandi sem hefur gífurlegar heimildir. Ég samþykkti þær heimildir þó að þær brytu á margan hátt eða væru á skjön við persónuverndarlög og ýmislegt annað, upplýsingalög og annað slíkt, vegna þess að ég tel svo mikilvægt að fá upplýsingar um hvað raunverulega gerðist, ekki sögusagnir.

Í þessu frumvarpi erum við að tala um mjög stórar upphæðir sem sumir eru taldir hafa misfarið með — og það getur vel verið að í ljós komi að það hafi verið saknæmt og því miður kemur eflaust eitthvað slíkt í ljós, ég veit það ekki. En við erum líka með stóran hóp Íslendinga, og ekki endilega sterkasta hópinn í landinu, sem kann ekki að telja fram. Hann kann bara ekki að telja fram og telur ekki fram dagsdaglega. Þetta er ótrúlega stór hópur, tugir þúsunda skattgreiðenda sem telja ekki fram og sæta áætlunum á hverju einasta ári. Ég er margbúinn að benda á að það er afskaplega ófélagslegt hvernig farið er að. Skattstjórar áætla á þetta fólk, sem oft er undir í þjóðfélaginu og kann jafnvel ekki að lesa — það er talið að 7% af þjóðinni kunni ekki að lesa. Einn skattstjórinn sagði við mig þegar ég var að reyna að verja einn af þessum skjólstæðingum: Ég gerði þetta til þess að hreyfa strákinn. Það sem strákurinn gerði var að hann lagðist bara undir sæng og varð enn þá þunglyndari. Það voru nú öll áhrifin. Á hann voru áætlaðar tvær, þrjár milljónir í sköttum sem er alveg út í hött miðað við þann litla atvinnurekstur sem hann var með.

Ég talaði við skattstjórann í Reykjavík og stakk upp á því að hann byði þessu fólki í kaffi og hjálpaði því við að telja fram. Í staðinn er áætlað á þetta fólk og síðan er því fylgt alveg á fullu. Það sem ég óttast er að þessum lögum verði beitt, að nú verði eignirnar bara kyrrsettar ef þær finnast einhvers staðar. Við skulum passa okkur á hvað við erum að gera og fara mjög varlega. Ég vil að hv. efnahags- og skattanefnd sem fær þetta mál væntanlega til meðhöndlunar gefi sér tíma, jafnvel þó að menn hafi ekki tíma núna. Hún verður að gefa sér tíma vegna þess að þetta er mjög sterkt vopn í hendi embættismanna til þess að ná í með réttu ef einhver skyldi hafa brotið lög og flutt milljarða og hundruð milljarða, einhverjar af þessum gífurlegu tölum sem við fáum fréttir og sögur af — það er eðlilegt ef lög hafa verið brotin. Ef lög hafa ekki verið brotin verðum við hins vegar að breyta lögunum og sætta okkur við að menn hafi gert eitthvað þar sem göt hafa verið í lögunum.

Lagasetningin er nefnilega ekki nógu góð. Ég minntist á það 30. október sl. að töluverð ábyrgð á þessu hruni væri hjá Alþingi og löggjafarsamkundunni vegna þess að lagasetningin sem við höfum yfirtekið frá Evrópusambandinu er götótt. Hún er stórlega götótt og það er að koma í ljós í Icesave-málinu. Ef lagasetningin var götótt og einhver hefur notað sér götin getum við ekki sakfellt það fólk, það

braut ekki lög. Það nýtti sér göt í lögunum og við eigum að stoppa í þessi göt. Fyrst þurfum við þó að fá upplýsingar um hvað gerðist nákvæmlega.

Ég vil að hv. efnahags- og skattanefnd fari mjög varlega í þetta þannig að við gerum nú ekki það sama og Bretar, sem settu hryðjuverkalög á heila þjóð og beittu þeim til að kúga okkur til að samþykkja ýmislegt.

Eins og hæstv. ráðherra sagði áðan í andsvari vilja skattheimtumenn og framkvæmdamenn skattkerfisins gjarnan fá miklu sterkari heimildir og ganga vasklega fram, ég efa það ekki. Það þarf að passa að þeir gangi ekki vasklega fram gegn þeim hópi sem ég nefndi áðan og stendur félagslega mjög veikt. Við þurfum því að passa okkur á þeim heimildum sem við gefum þessu vasklega fólki, að það gangi ekki of hart gegn öðrum sem eru ekki eins sterkir.

Ég vil undirstrika að ég legg áherslu á að við finnum hvað fór úrskeiðis. Rannsóknarnefndin er að vinna að því og mun skila skýrslu í nóvember. Þá munum við, vonandi í samstarfi við aðrar þjóðir, vita hvað fór úrskeiðis. Þá skulum við laga lögin og reglurnar þannig að slíkt komi ekki fyrir aftur. Komist hún að einhverju um að menn hafi brotið lög ber henni að vísa því til sérstaks saksóknara sem Alþingi er líka búið að stofna. Ég vona að það sé orðin nægilega sterk stofnun til þess að ráða við og ákæra og rannsaka þá sem hafa brotið lög. Það er mjög mikilvægt, eins og ég gat um áðan, að gefa þau merki út í þjóðfélagið að í atvinnulífinu brjóti menn ekki lög. Við skulum samt passa okkur á því að veita ekki svo miklar heimildir að réttarríkið fari að rugga.

[11:28]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir ræðu hans og hvað hann talar á jákvæðum nótum um það stjórnarfrumvarp sem hér er sett fram. Mér finnst hann hafa farið mjög vel í gegnum þetta. Það er óvenjulegt ástand á Íslandi og eins og hv. þingmaður talar um er mikilvægt að rannsaka hvað fór úrskeiðis og þess vegna er þetta mikilvæga frumvarp sett hér fram. Í raun og veru er eini ókosturinn og eini gallinn við það hvað það kemur seint fram vegna þess að eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan: Þessar hugmyndir hafa verið til í skúffum á ákveðnum stað hér í Reykjavík, í stjórnkerfinu, en ekki komið fram fyrr en núna og það er vonum seinna.

Þess vegna ítreka ég það að ég þakka hv. þingmanni og reyndar hv. þm. Siv Friðleifsdóttur líka sem talaði um þetta í stuttu andsvari að mér fannst líka á mjög jákvæðan hátt. Þá er spurning mín nú til hv. þingmanns — vegna þess hvað hann talar jákvætt um þetta, hann er talsmaður Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og skattanefnd og hefur flutt margar góðar ræður um þau mál — mitt erindi hér í stuttu andsvari við hv. þingmann er að spyrja hann að því út frá þeim jákvæða tóni sem hér hefur komið fram — nú er þetta frumvarp komið fram og fer beina leið til efnahags- og skattanefndar — hvort hv. þingmaður vilji ekki leggja því lið að þetta verði unnið mjög hratt, þó að ég geri mér grein fyrir að hv. þingmaður gagnrýni það stundum. Nú er þetta frumvarp komið fram, hér er sagt hvað við viljum gera, og þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að þetta fái skjóta afgreiðslu hér á Alþingi og við getum samþykkt þetta áður en þessu þingi lýkur. Spurning mín, virðulegi forseti, til hv. þingmanns er: Má ekki treysta á að hv. þingmaður verði jafnjákvæður í efnahags- og skattanefnd og leggi því lið að taka þetta sem allra hraðast hér í gegnum Alþingi en auðvitað með vönduðum vinnubrögðum?

[11:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hefur aldrei legið á mér að leggja málum lið og vinna hratt og mikið. Það hefur ekki verið vandamál. Ég mun leggja til að nefndin sendi málið strax til umsagnar og gefi ekki langan tíma en það verður að gefa aðilum umsagnarleyfi. Það verður að fá umsagnir frá þeim aðilum sem þekkja þetta frá hinni hliðinni en það eru kannski ekki margir sem þekkja þennan stóra hóp sem er áætlað á, því miður. Hann hefur ekki marga málsvara í þjóðfélaginu og ég veit ekki hver ætti að koma þar til varnar. Við þurfum að vanda okkur við þetta vegna þess að þarna er um að ræða geysilegar heimildir. Ég minni á að 109. gr. skattalaganna er eiginlega bönnuð börnum, hún er svo skelfileg. Þar er hægt að senda fólk í fangelsi og ég veit ekki hvað og hvað fyrir minnstu yfirsjónir. Ég veit af fólki sem hefur lent í fangelsi af því að endurskoðandi taldi ekki fram fyrir það. Við þurfum að gæta okkar á því að við gefum ekki þessu vaska fólki í skattheimtunni of miklar heimildir. Ég vil að efnahags- og skattanefnd fundi um þetta, fái til sín gesti og fái fram öll þau sjónarmið sem eru uppi þannig að þetta verði vandlega unnið og við gefum þessu vaska fólki ekki of sterk vopn til að berja á borgurunum.

[11:32]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þekki hv. þingmann af því að vinna hratt og mikið og leggja vel á sig við vinnu á Alþingi. Það er alveg rétt að það þarf að kalla til aðila utan úr bæ til að veita umsögn um þetta. Það sem ég er einfaldlega að segja og kalla eftir hjá hv. þingmanni er hvort ég megi ekki túlka hinn jákvæða tón hans sem hér kom fram fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins þannig að við munum vinna þetta hratt, vegna þess að eins og hér er talað um eru möguleikar á að kyrrsetja eignir meðan rannsókn stendur yfir. Nú er þetta komið fram og ég tel ákaflega mikilvægt að Alþingi geti klárað þetta sem allra hraðast þegar búið er að sýna hver hugurinn er. Við eigum ekki að geyma það þannig að möguleiki geti skapast á að skjóta eignum undan vegna hugsanlegrar rannsóknar eða einhvers ástands. Við þurfum að ganga þessa göngu vegna þess að ástandið er svo sérstakt í þessu þjóðfélagi núna út af bankahruninu.

Vonandi er það svo, virðulegi forseti, að skattyfirvöld þurfi aldrei að nota þessar miklu heimildir sem við ætlum að setja inn. Ég treysti því þó og trúi að Sjálfstæðisflokkurinn muni leggja þessu lið núna á allra næstu dögum og reyna að vinna þetta það hratt að við getum jafnvel klárað þetta mál í næstu viku. Það er mjög mikilvægt að mínu mati.

[11:34]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er eiginlega spurning til hæstv. forseta, því hann stýrir fundum þingsins, um að hann gefi þessu máli svona tvær vikur. Ég tel algert lágmark að það sé unnið á tveimur vikum til að fólk úti í bæ geti myndað sér á þessu skoðun, þeir sem veita umsagnir og koma sem gestir. Þetta er því spurning til hæstv. forseta, hvort hann fresti þinginu til september. Ef okkur lánast að afgreiða Icesave-málið í sæmilegri sátt má fresta þinginu til septemberloka og þá hefur efnahags- og skattanefnd meiri tíma til að vinna þetta.

Ég vil endilega klára málið, það er ekki vandamál. Ég mun stuðla að því að það verði klárað. Ég vil þó líka átta mig fullkomlega á hvað við erum að gera þannig að við sitjum ekki allt í einu uppi með að félagslega veikir hópar á Íslandi verði fyrir barðinu á vasklegri vinnu skattyfirvalda sem vilja endilega ná í skatta af fólki sem kann ekki að telja fram. Þetta er það helsta sem ég hafði við þetta að athuga en ég er alveg til í að vinna mikið ef hæstv. forseti Alþingis gefur tíma til þess.

[11:35]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að koma upp og reyna að skilja betur hv. þm. Pétur Blöndal og hans ræðu. Hv. þingmaður sagði eitthvað á þá leið að hann teldi talsverða hættu á misnotkun þessa ákvæðis. Hann varaði við misnotkun og bætti um betur í andsvari og sagði að það þyrfti að vinna þetta mál í a.m.k. tvær vikur af því að það væri mikilvægt að félagslega veikir hópar á Íslandi yrðu ekki fyrir barðinu á þessu úrræði. Ég held að það sé alger útópía að halda að félagslega veikir hópar verði fyrir barðinu á þessu úrræði þegar um er að ræða heimild fyrir skattyfirvöld til að kyrrsetja eignir í þessu ástandi sem nú ríkir. Ekki sé ég það fyrir mér, virðulegi forseti.

Ég tel einmitt að þetta frumvarp komi fram allt of seint, það hefði átt að vera búið að afgreiða þetta strax eftir bankahrunið. Í frumvarpinu stendur á bls. 3, með leyfi forseta:

„Með löngum rannsóknartíma er hætt við að eignum sé komið undan“.

Auðvitað er það þannig. Það er ekki eins og hv. þm. Pétur Blöndal segir að til staðar þurfi að vera vissa fyrir broti til að menn geti gripið til þessara úrræða. Samkvæmt frumvarpinu er nóg að það sé grunur, þá er hægt að grípa til úrræðanna. Mér finnst afar ólíklegt að þessi ákvæði verði misnotuð. Ég held einmitt að það þurfi að fara hratt í gegnum þetta mál á þinginu og sú er hér stendur hefði helst viljað að það færi í gegn áður en við tökum sumarleyfi, hvenær sem kemur nú að því. Ég tel að það þurfi ekki að bíða í margar vikur með þetta mál. Allur frestur er til skaða og við hefðum átt að vera búin að vera að klára þetta fyrir löngu (Forseti hringir.) síðan.

[11:37]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú þegar er heimild í nokkrum lögum til að kyrrsetja eignir. Það vantar ekki ákvæðin. Það sem menn vinna að nú er að finna hraðari leið. Vegna þeirra orða að þetta hafi verið misnotað eða verði misnotað vil ég taka fram að það er ekki misnotkun þegar lagaheimild er fyrir hendi, þá er bara verið að fara að lögum. Fyrst hv. þingmaður hefur aldrei kynnst því að fólk hafi lent í áætlunum vil ég hér og nú benda því fólki sem hefur lent í slíku, jafnvel lent í fangelsi eða misst húsnæði o.s.frv., á að hafa samband við hv. þingmann. Láta vita af örlögum sínum við núgildandi lög, hvað þá þegar búið er að herða á þeim.

Þegar áætlað er á einstakling eru það nefnilega skattskuldirnar sem gilda þangað til komið er með sönnun fyrir öðru. Rökstuddur grunur er um að hann ætli ekki að greiða ef hann telur ekki fram og þá er hægt að kyrrsetja eignir hans. Það getur verið að maðurinn sé í slíku ástandi, hann er kannski í þunglyndi eða einhverju álíka, að hann geti ekki varið sig. Ég vil benda því fólki á sem hefur lent í slíkri stöðu og af einhverjum ástæðum haft samband við mig — það hafa þrír eða fjórir haft samband við mig, kannski þeir séu þeir einu sem hafa lent í þessu og kannski voru þeir að ljúga að mér — en ég skora á fólk sem hefur lent í slíku að hafa samband við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og láta hana vita af örlögum sínum. Það er nefnilega furðu algengt að menn hafi framfylgt lögunum sem nú eru í gildi, 109. gr., ansi vasklega. Við gefum nú aukaheimildir og ég er ekkert á móti því að það sé gert. Það má líka vera að þetta sé seint fram komið en það er ekki mér að kenna að menn komi svona seint fram með þetta frumvarp.

[11:40]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þm. Pétur Blöndal sé dottinn ofan í ótrúleg smáatriði. Ég ætla að afþakka að fólk sem hefur verið áætlað á fari að hringja og bera það upp við mig. Ég sagði ekki í ræðu minni áðan, virðulegi forseti, að ég þekkti ekki til fólks sem hefur lent í áætlanagerð. Ég held að allir þekki til þess og ég var ekki að ræða um það. Ég sagði að við hefðum betur klárað þetta mál miklu hraðar af því að tíminn skiptir máli, menn reyna að koma eignum undan. Hér er verið að gefa skattyfirvöldum heimildina af því að menn geta unnið hraðar með þá heimild. Þetta skiptir höfuðmáli, ekki hvernig fólki líður sem hefur verið áætlað á einhvern tímann. Það er ekki til umræðu hér.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins með þessu máli kemur fram að skattyfirvöld geta þurft að taka til rannsóknar ýmis mál þar sem kann að reyna á þessi úrræði sem hér um ræðir í kjölfar efnahagshrunsins. Jafnvel er talið að það þyrfti að fjölga starfsmönnum um einn til tvo til að taka á þessu, þannig að það er raunhæft. Fjármálaráðuneytið verður að gera sér grein fyrir því að það er algerlega raunhæft að taka nokkur svona mál í gegn, að kyrrsetja eignir vegna rannsókna í gegnum skattyfirvöld. Það að ætla að bíða með þetta mál í þinginu í einhverjar vikur tel ég að sé alls ekki æskilegt. Þetta mál átti að klára fyrir löngu síðan. Hugsanlega hefði verið búið að grípa til þessara aðgerða nú þegar. Fólk vill sjá aðgerðir og það vill sjá þær hratt. Við þingmenn eigum ekki að leggjast núna í tafaferli og halda því fram að skattyfirvöld muni misnota þessa heimild. Það er afar ólíklegt. Við erum einmitt að gefa skattyfirvöldum sterkar heimildir og hefðum betur gert það fyrr.

[11:42]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sérfræðingar í bankahrunum og hruni efnahagskerfa hafa varað við því aftur og aftur að menn láti réttarríkið fyrir róða. Menn eiga að standa vörð um réttarríkið einmitt í svona stöðu. Þó að fólkið vilji þetta og hitt í reiði sinni megum við ekki láta það hugsanlega bitna á einstaklingum. Þess vegna krefst ég þess, frú forseti, að málið sé unnið almennilega. Að við gerum ekki einhverjar lagasetningartilraunir og stöndum svo uppi eftir á með að það lendi á allt öðru fólki. Ég vil vera viss um það. Ég er ekki á móti því að þetta sé gert. Ég er á móti því að það geti lent á röngum aðilum.

Ég hef því miður fengið fréttir af því og talað við manneskju sem lenti í fangelsi en átti ekki að gera það samkvæmt 109. gr. skattalaganna. Það er þannig. Kona lenti í fangelsi af því að endurskoðandi hennar neitaði að afhenda reikningana af því að hún gat ekki borgað þá, hún gat ekki talið fram. Ég er með nokkur svona dæmi. (**Gripið fram í:** Þetta tekur ekki til þess.) Þetta tekur einmitt til þess. Ef grunur leikur á um eitthvað slíkt getur yfirvaldið kyrrsett eignir. Við erum þannig að víkka út heimildina til ná því fram sem ætlað er í frumvarpinu. Ég er í sjálfu sér ekki á móti því. Ég hef ekki á móti því að ná til milljarðafærslna en við þurfum að gæta okkar á því að þetta lendi ekki einhvers staðar annars staðar. Ég vil vera viss um það, frú forseti. Ég vil fá tíma til að ræða við gesti og fá umsagnir frá þeim sem þekkja málið, frá endurskoðendum sem hafa talið fram fyrir fólk og jafnvel reynt að bjarga einhverjum sem hafa lent í áætlunum. Frá skattstjóra, hann hefur líka sínar skoðanir og sína sögu að segja. Ég vil fá að vinna að því í friði og almennilega þó að við höfum lent í hruni. Við þurfum nefnilega að gæta að réttarríkinu.

[11:44]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil sem formaður efnahags- og skattanefndar þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir fram komið mál og hlakka til að fást við það í nefndinni. Skatteftirlit og heimildir skattyfirvalda hafa verið allt of takmarkaðar og það höfum við vitað frá því löngu fyrir hrun. Hér hefur legið fyrir að gríðarlegum fjárhæðum er skotið undan á hverju ári og löggjöfin hefði fyrir löngu mátt taka sig saman í þeim efnum og styrkja og auka heimildir skattyfirvalda. Fullt tilefni er til að ráðast í það núna, ekki síður eftir hrunið af þeim augljósu ástæðum sem þar bættust við. Um leið og við þurfum að styrkja heimildirnar, auka eftirlitið, agann og aðhaldið á þessu sviði eins og öllum öðrum sviðum fjármála í okkar samfélagi er líka mikilvægt, eins og kemur fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, að gæta að grundvallarsjónarmiðum réttarríkisins. Ég hef ekki áhyggjur af því að málið lúti að fólki þar sem áætlanir hafa verið gerðar um skattgreiðslur, enda lýtur það að heimildum til skattrannsóknarstjóra en ekki til skattstjóra. Það lýtur að fólki sem sætir skattrannsókn en ekki fólki sem sætt hefur áætlunum en okkur gefst tækifæri til að fara yfir þetta í nefndinni.

Ég tek undir það sjónarmið hv. þingmanns að sú umfjöllun þarf að vera töluverð. Við verðum að fá til okkar sérfræðinga sem við teljum vert að fari í gegnum málið og taka þann tíma sem þarf í þá umfjöllun. Ég held að það sé út af fyrir sig ekki eftir neinu að bíða. Við getum skotið á fundi þegar á morgun og hafið slíka umfjöllun og gefið okkur þann tíma sem við þurfum til þess. Það þarf samt ekki að taka einhver missiri þótt nefnd gefi sér góðan tíma í að vinna vel úr svona máli. Ég held að eftir því sé sannarlega kallað að við á þessu sviði herðum á aganum, reglunum og heimildum eftirlitsaðila til að tryggja að hér sé farið að lögum og góðum venjum. Um leið þarf að gæta sjónarmiða um meðalhóf eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur haldið til haga og ég er viss um að er sjónarmið sem allir nefndarmenn deila.

Auðvitað er þó ákaflega mikilvægt að þegar rannsóknaraðilar telja sterk efnisleg rök fyrir því að grípa til úrræða sem þessara séu þau tiltæk. Að menn geti ekki brugðið sér undan lögunum eða sett á flækjur til að koma sér undan þeim leikreglum sem við höfum sett og þingmenn og þjóðin ætlast til þess að fylgt sé eftir og framfylgt. Ég held að það sé reynsla okkar að heldur sé ástæða til að styrkja slíkar heimildir. Við höfum m.a. fengið til umfjöllunar í þinginu yfirgripsmikla skýrslu um stöðu skattamála þar sem fram kemur að gríðarlegum fjárhæðum — ég hygg að ég muni rétt að það sé á þriðja tug milljarða kr. — er skotið undan skatti árlega. Nú þegar harðnað hefur á dalnum og mikilvægt er að leita allra leiða til að fá þær tekjur í ríkissjóð sem á þarf að halda til að sem allra minnst þurfi að skerða velferðarþjónustuna vegna þessa efnahagslega veruleika sem við horfumst í augu við — einmitt nú er ríkari ástæða en nokkru sinni fyrr til að tryggja að eftirlit og heimildir manna, sem fylgja eftir þeirri tekjuöflun sem við í þessum sal höfum ákveðið, séu sannarlega til staðar og tiltækar.

Menn munu þó, við bæði þessa lagasetningu, framkvæmd hennar og úrskurði í málum ef ágreiningur rís og vísa þarf til dómstóla, gæta sjónarmiða um meðalhóf og þess að ekki sé ráðist að fólki sem af einhverjum ástæðum hefur ekki verið fært um að telja fram. Ég þekki ágætlega stóra hópa þeirra sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi, sem einfaldlega eru ekki færir um að telja fram sjálfir af ýmsum ástæðum, oftast heilsufarslegum. Auðvitað er ástæða til að huga alltaf að slíkum hópum en ég tel ekki að frumvarpið beinist að þeim. Frumvarpið beinist fyrst og fremst að því að heimildir séu til að grípa til aðgerða gegn ætluðum brotamönnum til að koma í veg fyrir að þeir komi undan eignum sem almenningur á réttmætt tilkall til í gegnum ríkissjóð Íslands. Við hljótum þó um leið að vona að sem sjaldnast þurfi að beita þessum heimildum, að skattskil séu almennt ekki með þeim hætti að grípa þurfi margítrekað til þessara úrræða, en það er nauðsynlegt að þau séu til staðar. Almenningur borgar skatta og núna eru kjörin einnig að rýrna og hann gerir auðvitað kröfu um það, eins og við þingmenn, að allir axli þær byrðar og allir standi skil á þeim sköttum. Almenningur þarf í viðbót við skattbyrðarnar að axla ýmsa kjaraskerðingu og mjög óréttlátar byrðar, m.a. í þeim samningi sem hér hefur mikið verið til umfjöllunar um margra vikna skeið. Eðlilega gerir almenningur og við þjóðkjörnir fulltrúar og þjóðþingið kröfu til að það sé gengið eftir því að allir taki þátt í þessu verkefni og þeir embættismenn sem við höfum treyst til að fylgja eftir

skattalögum í landinu hafi tól og tæki til að sækja mál þeirra sem reyna að svíkjast undan með einhverjum hætti.

Um leið ítreka ég enn hin almennu sjónarmið sem alltaf eiga við í öllum málum, að við verðum að gæta meðalhófs í framkvæmd laga og fara með mál af þessu tagi sem varðar grundvallaratriði í réttarfarinu í vandaða umfjöllun í nefnd á milli umræðna.

[11:51]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hv. þm. Helga Hjörvars, formanns efnahags- og skattanefndar, eiginlega fyrir hönd hæstv. samgönguráðherra sem kom hér áðan, hvort hann sé ekki til í að vinna dálítið hratt og vel og vandlega að þessu máli þannig að öll sjónarmið komi fram fyrir þá sem hugsanlega gætu lent í þessu eða hugsanlega ekki.

Nú er það þannig að þessi lög eru ótímasett. Þau munu gilda um aldur og ævi héðan í frá ef þetta frumvarp verður samþykkt. Hins vegar er í greinargerð og annars staðar talað um að þetta sé út af hruninu. Þá er það spurning mín til hv. þingmanns: Er ekki eðlilegt að þetta sé takmarkað við hrunið og sagt berum orðum það sem stendur reyndar í athugasemdum, að þessi lög séu sett vegna hrunsins og ætluð til að hraða rannsókn þeirra gífurlega flóknu mála sem þar koma upp en að þetta sé ekki sett almennt yfir land og lýð um alla framtíð? Ég hef því miður haft sögur af því að skattkerfið sé mjög ómanneskjulegt gagnvart sumum skattgreiðendum sem eru ekki nógu röskir við að svara erindum þess eða telja fram. Þetta vildi ég gjarnan fá fram í hv. efnahags- og skattanefnd þar sem ég á líka sæti. Við gætum fundið einhverja lausn á þessu sem nær fram markmiðum frumvarpsins án þess að taka á sig þá hættu að ganga lengra en menn ætla.

Ég vil minna á að skattrannsóknarstjóri gerir líka stikkprufur á fyrirtækjum varðandi virðisaukaskatt og sumir hafa sagt mér að ef hann kæmi í heimsókn gætu þeir alveg eins lokað vegna mjög kostnaðarsams eftirlits.

[11:53]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið og spurningarnar. Það er ekki nema sjálfsagt að við vinnum hratt, vel og vandlega að umfjöllun málsins í efnahags- og skattanefnd og ég treysti á liðsinni hv. þingmanns við það. Auðvitað þarf að gæta að því að ekki sé gengið lengra en góðu hófi gegnir í lagasetningunni. Ég vil ekki hafna þeim hugmyndum sem hv. þingmaður setur fram um að hafa gildistíma frumvarpsins takmarkaðan. Ég hef þó fyrir fram nokkrar efasemdir um það vegna þess að eins og kom fram í mínu máli tel ég að löngu fyrir hrunið hafi legið fyrir svart á hvítu í skýrslu sem unnin var fyrir Alþingi að það væru mikil vanhöld á því að agi væri nægilegur í skatteftirliti og skattheimtu á Íslandi.

Hluti af því verkefni sem við okkur blasir er að auka á og herða aga og aðhald á öllum sviðum fjármála og viðskipta og ég held að við deilum þeirri skoðun, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég held þess vegna að okkur sé að minnsta kosti nauðsynlegt að skerpa nokkuð á þessum laga-ramma til allrar framtíðar vegna þess að við upplifum núna að við höfum ekki þau tæki í lögunum sem við hefðum talið okkur þurfa þegar aðstæður eins og efnahagsáfall koma upp. Við verðum að gera ráð fyrir því á þjóðþinginu, þó að við sannarlega vonum að áfallið á síðasta ári komi aldrei aftur fyrir á Íslandi, þá verðum við í löggjöf okkar að gera ráð fyrir því að hér geti síðar meir, hugsanlega eftir einhverja áratugi, dunið yfir önnur áföll efnahagslegs eðlis. Hér þurfa að vera tól og tæki til að grípa til þá þegar það gerist því að menn geta í tómarúminu nýtt sér að koma undan eignum eða svíkjast með öðrum hætti undan lögunum ef lögin eru ekki tiltæk þegar áföllin ríða yfir.

[11:55]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil taka undir orð hv. formanns efnahags- og skattanefndar, Helga Hjörvars, að vissulega er mikil þörf á að herða skatteftirlit, bæði almennt eins og hann vitnaði til og ekki síður sérstaklega vegna hrunsins. Ég fagna því framtaki hæstv. fjármálaráðherra að leggja fyrir þingið þetta frumvarp til laga sem veitir skattrannsóknarstjóra ríkisins auknar heimildir til að tryggja að menn standi rétt skil á opinberum gjöldum og axli sinn hlut í samneyslunni samkvæmt þeim lögum sem Alþingi hefur sett. Ég fagna þessu frumvarpi þess vegna.

Mér þótti athyglisvert það sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að skattyfirvöld hafi áður óskað eftir heimildum sem þessum, jafnvel fleiri og ítarlegri en hér er fjallað um, og á þær óskir hafi ekki verið hlustað. Þær hafi ekki náð fram að ganga. Það er gott að breyttir tímar eru í fjármálaráðuneytinu hvað það varðar.

Ég get líka tekið undir orð hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að lög af þessu tagi hefðu átt að vera komin í gildi fyrir löngu síðan. Ég vil þó segja að betra er seint en aldrei og fagna orðum hv. formanns efnahags- og skattanefndar um að hann hyggist halda fund á morgun til að fjalla um þetta mál og vinna það bæði hratt og vandlega. Það er auðvitað hægt, þetta er ekki umfangsmikið mál í sjálfu sér.

Frú forseti. Ég hef verið talsmaður þess að gripið verði til ráðstafana til að koma í veg fyrir undanskot eigna, bæði í aðdraganda og kjölfar hrunsins. Ég flutti ásamt fleiri þingmönnum Vinstri grænna sl. haust, í byrjun nóvember, frumvarp þar sem gert var ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið fengi heimildir til að kyrrsetja eignir eigenda og stjórnenda gömlu bankanna í því skyni að koma í veg fyrir undanskot eigna. Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga og var ekki einu sinni tekið á dagskrá Alþingis í vetur. Það er í rauninni með ólíkindum eftir á að hyggja því þetta var frumvarp til breytinga á neyðarlögunum og hefði átt að vera einfalt mál. Forsendur þess að það var flutt voru að þá hafði í raun engin rannsókn verið hafin á aðdraganda hrunsins eða hruninu, engin sakarannsókn hafin. Hinn sérstaki saksóknari tók ekki til starfa fyrr en um og upp úr 20. janúar á þessu ári og rannsóknarnefnd Alþingis var sett á laggirnar í desember. Á þessu ári hafa orðið þáttaskil í rannsóknum á þessum málum sem betur fer. Embætti hins sérstaka saksóknara hefur verið eflt verulega og af því að menn hafa stöðu grunaðra og rannsókn sakamála er hafin er hægt að grípa til heimilda í lögum til kyrrsetningar eigna. Það orðalag sem er í

ákvæðinu í 1. gr. um framkvæmd og gildi kyrrsetningar, hvernig með skuli fara, er sama og orðrétt upp úr lögum um rannsókn og meðferð sakamála. Hér er í rauninni verið að veita skattrannsóknarstjóra sömu heimildir og eru tiltækar við rannsókn sakamála til kyrrsetningar.

Í upphafi umsagnar fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði í lög um tekjuskatt ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir að skattaðilar geti komið sér undan greiðslum opinberra gjalda með því að flytja eða færa eignir úr sinni vörslu í hendur annarra.“

Það er sem sagt til þess ætlast að hægt sé að kyrrsetja eignir svo þær verði ekki færðar annað, t.d. í hendur nákominna ættingja, vina, kunningja, skotið úr landi eða hvað sem er. Þá hljóta menn þó að spyrja: Hvað gerist ef sá gjörningur liggur fyrir, ef menn hafa þegar skotið undan eigum sínum og kyrrsetningin verður árangurslaus? Þá er því til að svara, sýnist manni eftir að hafa skoðað þetta stuttlega, að í 65. gr. gjaldþrotaskiptalaga er ákvæði um að ef kyrrsetning er árangurslaus, þ.e. ef engar eignir eru til að kyrrsetja, geti viðkomandi eða lánardrottinn krafist þess að bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Það þýðir að um leið og slíkt er gert vegna skattkröfu, eins og hér er lagt upp með, er hægt að rifta öllum gjörningum í aðdraganda slíkra gjaldþrotaskipta. Almenna reglan er sex mánuðir en það eru alltaf, held ég megi fullyrða, allt að 24 mánuðum sem hægt er að rifta svona gjörningum. Ef menn hafa vísvitandi til að koma sér hjá skattgreiðslum flutt eignir til mjög nákominna ættingja er hægt að rifta allt að 24 mánuði aftur í tímann. Þetta skiptir verulega miklu máli og það er ástæða til þess fyrir þingheim allan að sýna nú ekki hik heldur afgreiða þetta mál hratt og vel því að almenna reglan er sex mánuðir.

Frú forseti. Ég fagna þessu máli, fagna stefnubreytingu í fjármálaráðuneytinu og bind miklar vonir við að hv. efnahags- og skattanefnd auðnist að afgreiða þetta fljótlega.

[12:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu sem hér hefur orðið um þetta mál og vil bregðast við nokkrum atriðum sem nefnd hafa verið. Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi þann hóp sem áætlað er á vegna þess að menn hafa ekki skilað inn framboðum … framtölum á réttum tíma. [Hlátur í þingsal.] Ég tek undir það með honum, að sjálfsögðu þarf að hafa hagsmuni slíks hóps í huga því að við vitum að það er ekki alltaf af illum hug eða vondum ásetningi sem slíkt gerist heldur verður mönnum einfaldlega stundum á í þeim efnum eða menn eru í veikri og erfiðri aðstöðu til þess, hafa kannski ekki náð valdi á þeirri tækni að telja fram rafrænt þó að framtöl séu að sjálfsögðu að verða að mestu leyti sjálfvirk núna. Eftir því sem skatturinn hefur aðgang að meiri upplýsingum er í sjálfu sér meira komið fyrir fram inn á framtalið. Ég held að ekki sé ástæða til að hafa miklar áhyggjur af þessum hópi því að sjaldnast er um að ræða aðila sem lenda í skattrannsókn og almennt ekki aðila sem eru umsvifamiklir í sínum rekstri eða hafa mikið með höndum. Miklu frekar á þetta við um tilvik þar sem stærri mál hafa lent til skattrannsóknar.

Ég held reyndar og vil upplýsa að eitt af því sem er í skoðun til að gera skattframkvæmdina skilvirkari er að skattstjórar fái rýmri heimildir til að ljúka afgreiðslu minni mála þannig að færri en stærri mál lendi upp á borð æðri stjórnvalda í skattkerfinu.

Hv. þingmaður nefndi það sem sagt er í athugasemdum um frumvarpið um hina almennu umræðu og þar er verið að vísa til hennar en ekki endilega fjalla um þann afmarkaða þátt málsins sem hér er. Þetta mál er þó auðvitað í samhengi við þá miklu umræðu sem orðið hefur um uppgjör á hlutunum í heild þó að það snúi að hinum skattalega þætti í þessu tilviki.

Menn verða að hafa í huga að það getur oft verið erfitt að sanna sök í refsimálum og stundum kemur í ljós að menn hafa nýtt sér, eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefnir, smugur í lögunum. Eitthvað sem er það sem forðum var kallað, ég held hér í þessum ræðustóli, löglegt en kannski siðlaust. Þó að engin önnur refsiverð háttsemi sannist næst þó iðulega utan um skattaþáttinn og oft getur niðurstaða viðamikilla sakamála eða rannsóknarmála endað þannig að skattalagabrot sannast en ekkert annað. Þess vegna er það þannig t.d. í sambandi við þær miklu tilfærslur á fjármunum, sem sögur og að einhverju leyti staðfestar upplýsingar greina að hafi átt sér stað í aðdraganda hrunsins, að erfitt getur verið að sýna fram á að þar hafi verið brotin lög sem varða starfrækslu fjármálafyrirtækja eða fyrirtækja en þær kunna að tengjast atferli sem ekki fær staðist í skattalegu tilliti. Þetta er skatturinn auðvitað að rannsaka og reyna að draga að upplýsingar um í samstarfi við fleiri aðila.

Ég tek undir með hv. þingmönnum sem hér hafa talað um mikilvægi þess að rannsaka þessa hluti. Mikið er lagt í þann þátt mála og stórauknir fjármunir settir í það starf og það þarf örugglega áfram að bæta við, t.d. hjá rannsóknarnefnd Alþingis þannig að hún geti ekki bara lokið sinni skýrslu nú á haust- eða vetrarmánuðum heldur fylgt þeim síðan lengra eftir eins og ætlunin hefur verið. Það hefur verið ákveðið að auka sérstaklega við fjárveitingar hins sérstaka saksóknara um allt að 100 millj. kr. einmitt til að rannsaka sérstaklega fjármagnsflutninga og færslur í fjármálafyrirtækjum og bönkum í aðdraganda hrunsins. Þetta er mjög mikilvægur og stór þáttur þessara mála sem þarf að sjálfsögðu að greina og það getur gagnast skattinum vel að vera þátttakandi í og fá aðgang að slíkum upplýsingum.

Ég get tekið undir að þetta frumvarp hefði mátt koma fyrr fram. Ég vil þó benda á að ýmislegt hefur þegar áunnist frá áramótum. Í vetur voru teknar í gegn breytingar sem voru og eru liður í að styrkja stöðu skattyfirvalda, t.d. veita skattinum ríkari aðgang að upplýsingum og taka á skattlagningu atvinnurekstrar á lágskattasvæðum eða aflandssvæðum. Innleiðing svokallaðra CFC-reglna er gagngert í því tilliti að hægt sé að ná utan um skattlagningu fyrirtækja sem eru með dótturfélög eða starfsemi á lágskattasvæðum og höfðu að óbreyttu möguleika á að færa þangað fjármuni, láta hagnað koma fram þar og sleppa þannig hjá eðlilegum skattgreiðslum. Á grundvelli þessara reglna sem ég vitnaði til er hægt að skattleggja samstæðuna í heild sinni í því hlutfalli sem hið íslenska eignarhald er í félagi á aflandssvæði og ná þannig eðlilegri hlutdeild í heildarskatttekjum.

Ég get einnig glatt hv. þingmenn með því að mjög líklega er meira á leiðinni, þ.e. ýmsir fleiri þættir þessara mála eru í skoðun og ég geri fastlega ráð fyrir því að fyrir haustþingið verði frekari aðgerðir á þessu sviði lagðar fyrir. Menn hafa mæðst í mörgu í fjármálaráðuneytinu í vetur, eins og ég veit að hv. þingmönnum er kunnugt um, og menn hafa kannski ekki haft tíma til að klára alla hluti eins hratt og þeir hefðu gjarnan viljað. Þetta er þó hingað komið, viðleitni af okkar hálfu, og ég tek að lokum undir með hv. þingmönnum að það væri mjög æskilegt ef þetta mál gæti fengið hér skjóta en að sjálfsögðu vandaða afgreiðslu. Þegar það er einu sinni fram komið liggur fyrir að þetta eru áform skattyfirvalda, það eru ákveðin skilaboð sem fara sína leið. Því fyrr eftir að málið er opnað með þessum hætti sem skattyfirvöld fá þessar heimildir í hendur, því betra. Það verður að sjálfsögðu í höndum þingsins og viðkomandi nefndar að meta það mál en ég get ekki leynt þeirri skoðun minni að það væri æskilegt að þetta mál fengi afgreiðslu sem fyrst.

[12:10]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra kom inn á margt bitastætt í sinni lokaræðu varðandi það sem hefur komið fram í umræðunni. Ég saknaði eins atriðis og það voru viðbrögð við því sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sagði í sinni ræðu sem mér fannst mjög athyglisvert. Samkvæmt umfjöllun fjölmiðla hafa ýmsir aðilar í samfélaginu skráð eignir á nákomna ættingja og samkvæmt því sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hélt hér fram í ræðu sinni er hugsanlegt samspil á milli þessara laga sem við fjöllum um núna og gjaldþrotalaganna. Hún nefndi að í gjaldþrotalögunum væri það þannig að ef ekki væri hægt að kyrrsetja eignir af því að eignirnar hefðu gufað upp væri hægt að fara í gegnum gjaldþrotaskipti og hægt væri að ógilda slíka gjörninga í tvö ár eða 24 mánuði.

Mér fannst þetta mjög athyglisvert og ég vil spyrja hvort þetta sé réttur skilningur hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur að ef við samþykkjum frumvarpið sem við fjöllum um núna, sem heitir skattrannsóknarstjóraheimild til þess að kyrrsetja eignir hjá þeim sem verið er að rannsaka, ef eignirnar eru horfnar af því að menn hafa skráð þær á nákomna ættingja eða með öðrum hætti komið þeim undan, virkjast þá gjaldþrotalögin þar með og verða þá þessir gjörningar ógildir? Mér finnst mikilvægt að þetta komi fram hér í 1. umr. þessa máls af því að þetta var mjög athyglisverður punktur sem hefur verið svolítið til umræðu í samfélaginu. Erum við sem sagt að veita svigrúm til þess að þeir gjörningar verði ógildir?

[12:12]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni, hv. þm. Álfheiður Ingadóttir dró inn í umræðuna mjög áhugaverðan punkt sem lýtur sem sagt að því að ef kyrrsetning er árangurslaus hvort þá stofnist möguleiki á kröfu til gjaldþrotaskipta í skilningi þessarar greinar gjaldþrotaskiptalaganna og hvort skattrannsóknarstjóri, eða öllu heldur tollstjóri fyrir hans hönd, geti talist í skilningi þeirrar lagagreinar lánardrottinn eða kröfuhafi sem hafi þennan rétt. Ég held að þetta sé atriði sem væri mjög æskilegt að hv. þingnefnd kannaði. Í mínum huga væri ákjósanlegt og sjálfsagt að svo væri, að það væri hægt að fylgja málinu eftir ef kyrrsetning er árangurslaus. Það felur m.a. í sér þennan möguleika sem gæti verið mjög mikilvægur til að tryggja fullnustu skattskuldarinnar, fjársektarinnar eða sakarkostnaðarins, að það væri hægt að rifta gerningum sem hefðu fært eignir frá þeim sem skuldina á til annarra sem kyrrsetningin sem slík býður ekki upp á.

Ég hvet til þess, af því að ég heyri að hér eru nefndarmenn úr efnahags- og skattanefnd, að þessi þáttur málsins verði skoðaður. Vonandi er það svo að líta megi á lögin með þessum hætti eða skýra í þessu frumvarpi að menn vilji að í þessum skilningi sé ríkisskattstjóri eða tollstjóri lánardrottinn eða kröfuhafi þannig að hann geti fylgt málinu eftir. Ef ekki mundi væntanlega það að tryggja það algjörlega með óyggjandi hætti hugsanlega kalla á breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti en það er þá eitthvað sem menn yrðu að skoða.

[12:14]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessar upplýsingar sem hér koma fram eru væntanlega enn ein rökin fyrir því að við ættum að drífa okkur í að skoða þetta mál mjög hratt, en auðvitað vandlega, hér í þinginu svo að við lendum ekki í því að svona mál hugsanlega fyrnist. Nú er bráðum liðið eitt ár síðan bankarnir hrundu og það kemur annað ár eftir það ár o.s.frv. þannig að þetta finnst mér segja okkur að við eigum að drífa í að koma þessu máli í gegn sem allra fyrst. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að við hefðum átt að vera búin að gera það fyrir löngu síðan. Best hefði auðvitað verið að við hefðum verið með lagasetninguna skýra að þessu leyti áður en bankarnir hrundu en menn verða stundum værukærir þegar vel gengur og hlusta kannski ekki nógu vel á yfirvöld sem vilja fá auknar heimildir. Eins og ég skil málið göngum við líklega ekki lengra en þangað sem Norðurlöndin eru nú þegar komin í sinni löggjöf þannig að þegar það bætist við að þessi lög geta tengst gjaldþrotalögunum, og þar eru fyrningarfrestir 24 mánuðir gagnvart uppskiptum sem við ræddum um áðan, finnst mér það líka benda til þess að við eigum að drífa okkur í að klára þessi lög sem allra fyrst.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og skattn.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 12:16.

52. FUNDUR

mánudaginn 17. ágúst,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv., 165. mál, þskj. 314. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Björn Valur Gíslason, 8. þm. Norðaust. (14.8.)

Fjarvistarleyfi:

Helgi Hjörvar, 4. þm. Reykv. n.
Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. n.
Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Eins og þegar hefur verið tilkynnt á heimasíðu þingsins tók hv. 8. þm. Norðaust., Björn Valur Gíslason, sæti að nýju á Alþingi á föstudaginn var, 14. ágúst.

Borist hefur bréf frá hv. 5. þm. Norðaust., Þuríði Backman, þar sem hún tilkynnir forföll frá þingsetu af persónulegum ástæðum. Fyrsti varamaður flokksins í kjördæminu, Bjarkey Gunnarsdóttir kennari, tók sæti hennar á Alþingi 14. ágúst sl. eins og þegar hefur verið tilkynnt á vef þingsins. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning um skipan starfshóps um Evrópumál.

[15:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill tilkynna að borist hefur bréf frá formanni utanríkismálanefndar dagsett 23. júlí sl. þar sem segir að utanríkismálanefnd Alþingis hafi skipað sérstakan starfshóp um Evrópumál í samræmi við nefndarálit meiri hluta nefndarinnar um tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Starfshópnum, sem skipaður er einum fulltrúa hvers stjórnmálaflokks, er ætlað að funda reglubundið með utanríkisráðherra og samninganefnd Íslands auk þess að sitja í samráðshópi ríkisstjórnarinnar og hagsmunaaðila.

Eftirfarandi þingmenn úr utanríkismálanefnd voru skipaðir í starfshópinn:

Formaður: Árni Þór Sigurðsson. Til vara: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Birgitta Jónsdóttir. Til vara: Margrét Tryggvadóttir.

Bjarni Benediktsson. Til vara: Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Til vara: Gunnar Bragi Sveinsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Til vara: Valgerður Bjarnadóttir.

Tilkynning um úrsögn úr þingflokki.

[15:02]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 9. þm. Reykv. n., Þráni Bertelssyni, dagsett í dag, 17. ágúst:

„Ég hef sagt mig úr þingflokki Borgarahreyfingarinnar og slitið samstarfi við fólk sem telur orðheldni vera til marks um alvarlega heilabilun.

Ég mun starfa sem óháður þingmaður og vinna í anda stefnuskrár og kosningaloforða Borgarahreyfingarinnar hér eftir sem hingað til.“

[15:03]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Mig langar að nota þetta tækifæri og biðja hv. þm. Þráin Bertelsson afsökunar á bréfi sem ég skrifaði og hefur verið í umræðunni síðustu daga. Um mannleg mistök var að ræða. Ætlunin var alls ekki að skaða mannorð hv. þingmanns á nokkurn hátt eða veitast að persónu hans.

[15:03]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, 89. mál, brtt. allshn., þskj. 326.

Laun forseta Íslands, 168. mál, frv. efh.- og skattn., þskj. 332.

Vegamál og sjóvarnargarðar við Vík í Mýrdal, 159. mál, svar samgrh., þskj. 329.

Óundirbúinn fyrirspurnatími.

Niðurstaða fjárlaganefndar í Icesave-málinu.

[15:04]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Núna um helgina byrjuðu forustumenn ríkisstjórnarinnar að tjá sig um niðurstöðu meiri hluta fjárlaganefndar frá því á föstudagsnótt, aðfaranótt laugardags, með þeirri skýringu að breytingartillögur nefndarinnar rúmuðust allar innan þess samnings sem gerður hafði verið. Reyndar kaus hæstv. utanríkisráðherra að orða það þannig að það mætti rúma tillögurnar innan samninganna ef menn beittu skapandi hugsun. Hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra hafa ákveðið að beita sinni skapandi hugsun og troða breytingartillögunum þannig inn í samningana að þeir rúmist allir innan þeirra.

Ég er þeirrar skoðunar að við séum ekki að gera þjóðinni nokkurt einasta gagn með því að horfast ekki í augu við þá augljósu staðreynd að breytingartillögur þær sem gerðar voru í fjárlaganefnd gjörbreyta forsendum samningsins. Þær urðu t.d. Michael Hudson hagfræðiprófessor tilefni til að skrifa grein í *Financial Times* um helgina. Hann vakti athygli á því að menn væru hér jafnvel að setja fordæmi sem aðrar þjóðir mundu nýta sér í framtíðinni, þ.e. að í

skuldaskilum milli þjóða yrði farin sú leið að miða endurgreiðslur frekar við efnahagslega þróun en harðar kröfur stærri aðilans gegn hinum veikari og minni. Þetta er grundvallaratriðið. Ég hef af því miklar áhyggjur ef forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa ekki komið auga á þessa miklu og mikilvægu breytingu sem gerð var á samningnum. Ég held því fram að það geti stórskaðað hagsmuni okkar Íslendinga þegar viðmælendur okkar erlendis, t.d. á Norðurlöndunum og annars staðar, hlýða á þennan málatilbúnað, kynna sér síðan breytingartillöguna og sjá hvað er rétt í málinu. Menn eru ekki (Forseti hringir.) að gera nokkrum einasta manni gagn með því að halda því fram að hér sé enn á ferðinni sami samningurinn á sömu forsendunum. Menn eru að vinna þjóðinni ógagn, koma okkur í enn frekari vandræði (Forseti hringir.) en orðið er og það á tímum þegar við þurfum á því að halda að endurbyggja traust á íslenskum stjórnmálum, stjórnmálamönnum og (Forseti hringir.) forustumönnum í ríkisstjórn.

[15:07]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég er alveg sammála formanni Sjálfstæðisflokksins um þetta. Ég kýs að skilja hann þannig að það sé mikilvægt að við vöndum okkur öll við að vinna þannig úr þessu máli að niðurstaða meiri hluta fjárlaganefndar sé það sem henni er vonandi ætlað að vera af hálfu allra þeirra sem að henni standa, efniviður í farsæla niðurstöðu í þessu máli sem þjónar hagsmunum Íslands vel. Það er mjög mikilvægt að okkur takist vel til í þeim efnum, að tala um þessa niðurstöðu af yfirvegun, vera varkár í túlkunum og yfirlýsingum sem gætu átt eftir að þvælast fyrir okkur síðar og hitta okkur sjálf fyrir í ferlinu sem fram undan kann að vera í þessu máli.

Það er mikilvægt að okkur takist vel að útskýra að þetta séu málefnaleg, útskýranleg og sanngjörn skilyrði eða umgjörð af okkar hálfu og miðuð við það að svona treystum við okkur til að vinna úr málinu á þann hátt að það samrýmist markmiðum um uppbyggingu efnahagslífs á Íslandi. Við þurfum að afla þessa skilnings hjá gagnaðilum okkar. Að því er sjálfsögðu unnið þannig að ég vona að við finnum farsælar leiðir til að halda á þessu í framhaldinu. Það er örugglega ekki ásetningur nokkurs manns sem hér leggur sitt af mörkum að stuðla að því að málið fari aftur upp í loft, að stuðla að því að við séum engu nær með þessari niðurstöðu, málið sé jafnóleyst og haldi áfram að þvælast fyrir okkur og tefja tímann þannig að ég auðvitað bið um samstarf allra aðila við það. Ekki síst er mikilvægt að fjárlaganefnd sjálf útlisti og rökstyðji sína efnislegu niðurstöðu í málinu á þann hátt að það verði okkur til gagns og þetta sé efniviður í þá farsælu niðurstöðu í málinu sem við hljótum öll að vona að sé.

[15:09]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Það er einmitt þetta sem ég er að vekja athygli á að er mikilvægt, að við höldum ekki þannig á málinu núna á fyrstu stigum að við komum viðmælendum okkar þannig fyrir sjónir að við séum að reyna að blekkja þá með því að við séum að gera eitthvað annað en í reynd er verið að gera. Ef ég tek lán upp á 10 milljónir og lofa að borga 1 milljón á ári í 10 ár til að endurgreiða lánið, fer svo með það heim til konu minnar til að fá hana til að skrifa upp á en hún neitar að skrifa upp á og setur þann fyrirvara að endurgreiðslur eigi sér einungis stað ef tekjur heimilisins þróast með þeim hætti að við getum staðið undir greiðslubyrðinni (**Utanrrh.:** Þá ferðu til …) kem ég til baka með þá uppáskrift eiginkonu minnar og þau skilaboð að samningnum hafi verið hafnað. Því miður treystum við okkur ekki til að borga 1 milljón á ári í 10 ár, heldur einungis það sem við höfum aflögu á þessu 10 ára tímabili og geri viðkomandi aðila gagntilboð með þessum hætti. En ég kem ekki til hans og held því fram að samningurinn standi (Forseti hringir.) óbreyttur og ég sé hingað kominn með staðfestingu þá sem um hafi verið samið.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það dettur að sjálfsögðu engum manni í hug að við kæmumst upp með það, þó að við værum svo barnaleg að reyna það, að telja gagnaðilum okkar trú um að það sé eitthvað allt annað fólgið í þessari efnislegu afgreiðslu Alþingis en þar sannanlega er. Þeir fylgjast dag frá degi með því sem hér er rætt og skrifað og þetta er náttúrlega þegar búið að þýða og verið að kynna og upplýsa um það sem hér er að verða með niðurstöðu Alþingis og það er mikilvægt að það sé.

Í mínum huga er þetta í grunninn mjög einfalt. Þetta er efnahagsleg og að hluta til lagaleg umgjörð um það hvernig við ætlum að standa að úrvinnslu þessa samkomulags um lyktir þessa máls. Það eru öryggisákvæði í þessu sem og í samningnum sjálfum þannig að ef frávik verða frá þeim áætlunum sem lögð eru til grundvallar er það fyrst og fremst vísun á það að við þurfum að taka upp viðræður við samningsaðila okkar um framhaldið og vinna úr þeim aðstæðum sem þá kæmu upp. Ég fagna því að formaður Sjálfstæðisflokksins er mér sammála um að (Forseti hringir.) það sé mikilvægt að við vöndum okkur mjög við hógværa túlkun á þessari niðurstöðu.

Gjaldfellingarákvæði Icesave-samninganna.

[15:11]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Það er mikið fagnaðarefni að nú virðist orðið ljóst að Icesave-samningarnir fara ekki óbreyttir í gegnum þingið þó að það sé reyndar einhver óvissa með það enn þá hvort samningarnir sjálfir teljist óbreyttir eða ekki. Það hlýtur að skipta verulegu máli fyrir þingmenn þegar kemur að því að greiða um þetta atkvæði hvort þeir geti treyst því að fyrirvararnir sem þingið setur hafi raunverulega áhrif á innihald samninganna og afleiðingar þess innihalds.

Því vil ég til að mynda spyrja hæstv. fjármálaráðherra um hið vanefnda ákvæði samninganna. Hvað gerist ef Bretar og Hollendingar beita fyrir sig þessum vanefndaákvæðum og gjaldfella lánið í heild sinni allt í einu einhvern tímann á tímabilinu? Hvernig koma þá til þessir efnahagslegu fyrirvarar sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að settir verði við þessa samninga? Getur hæstv. fjármálaráðherra

útskýrt það? Það virðist vera að ef efnahagslegu fyrirvararnir eigi að gilda geti þessi vanefndaákvæði samninganna ekki gilt lengur og þar af leiðandi eru þau orðin dauð og ómerk. Er hæstv. fjármálaráðherra sammála mér um það?

[15:13]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hópur vísra lögfræðinga var fjárlaganefnd til aðstoðar við lokafrágang málsins og ég held að við getum treyst því að eftir því sem mögulegt var hafi lagalega verið reynt að skoða umbúnaðinn um þetta þannig að hann væri traustur. Ég trúi því að þess muni sjá stað í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar, að þar verði útlistað hvernig menn nálguðust þessar niðurstöður.

Það gildir með það sem hv. þingmaður kallar gjaldfellingarákvæði sem mjög margt annað í þessum efnum að þetta er svolítið spurning um það hvort við reynum að fara í úrvinnsluna í góðri trú eða hvort við viljum ganga út frá því fyrir fram að allt fari á versta veg. Er það ekki þannig að náist þetta samkomulag og málinu ljúki með þeim hætti að Tryggingarsjóðurinn okkar taki þetta lán og fái ríkisábyrgð á eftirstöðvarnar innan marka þess sem hér er lagður grunnur að að báðir aðilar eigi eftir það hagsmuna að gæta í að þetta gangi upp? Ekki síður hinir sem lána peningana, þeirra hagsmunir verða að sjálfsögðu þeir að íslenskt hagkerfi þróist þannig og okkur vegni það vel að það sé líklegt að við getum borgað peningana til baka. Það væri væntanlega ekki vænlegasta leiðin til þess af þeirra hálfu að koma okkur í vandræði með því að gjaldfella allt í einu lánasamninginn upp úr þurru eins og mér virtist hv. þingmaður gera skóna.

Ég held að við þurfum ekki að hafa stórar áhyggjur af því. Ef það tekst að lenda þessu með farsælum hætti fara hagsmunir aðila saman í framhaldinu. Það verða líka hagsmunir umheimsins, ekki bara Breta og Hollendinga heldur margra annarra, Norðurlandanna, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins o.s.frv., að okkur vegni þannig að við getum greitt til baka þau lán sem við verðum að fá úr ýmsum áttum. Það er augljóst mál í mínum huga og þess vegna eigum við ekki að gefa okkur fyrir fram (Forseti hringir.) að af einhverri meinbægni í okkar garð muni menn reyna að bregða fæti fyrir það að við getum staðið við skuldbindingar okkar.

[15:15]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Það eru geysilega ánægjuleg tíðindi að hæstv. fjármálaráðherra skuli viðurkenna að auðvitað væri fráleitt fyrir Breta og Hollendinga að ætla að skaða íslenskt efnahagslíf. Því hefur nefnilega verið haldið fram vikum og mánuðum saman og nánast hótað að ef Íslendingar gengju ekki að Icesave-samningunum nákvæmlega eins og þeir eru mundu Bretar og fleiri þjóðir hreinlega leggja íslenskt efnahagslíf í rúst. Þetta var hótunin sem hékk yfir þingi og þjóð og markaði mjög alla umræðu um þessa samninga og hefur gert okkur mjög erfitt fyrir um að ræða þetta á rökréttum nótum. Það er mjög gott að ráðherrann skuli þó gangast við því nú að auðvitað er ekki lógískt fyrir þessar þjóðir að leggja íslenskt efnahagslíf í rúst, sérstaklega ekki ef þau hafa ekki þau veð í íslenskum eignum sem þá þyrftu að koma í stað greiðslu sem samningarnir hefðu tryggt þeim ef ekki hefðu komið til fyrirvararnir.

En er ekki rétt þegar um svona mikla hagsmuni er að ræða, hugsanlega lán upp á 700 milljarða, að menn treysti ekki bara á að hlutirnir verði reknir í góðri trú heldur hafi líka vissu fyrir því að ekki sé hægt að gjaldfella lánið allt á Ísland?

[15:16]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Auðvitað væri hægt að hugsa sér að ganga frá ýmsum atriðum þessa máls og annarra öðruvísi ef við værum að semja við okkur sjálf. En það var ekki og er ekki beinlínis þannig að Ísland hafi verið að semja við sig sjálft um sín mál frá 6. október sl. Það er augljóst að það hefur verið mikill þrýstingur úr umhverfinu á að þetta mál væri klárað af ástæðum sem við öll þekkjum. Hann er til staðar og við vorum rækilega minnt á hann um mánaðamótin júlí/ágúst þannig að að því leyti til hafa hlutirnir ekki breyst mikið. En við skulum heldur ekki gleyma út úr umræðunni mikilvægi þess fyrir okkur sjálf að þessi mál leysist, að við getum haldið áfram og að þetta standi ekki lengur í vegi fyrir okkur sem hindrun þess að okkar almenna endurreisnarprógramm geti gengið áfram. Það er mikilvægara en nokkru sinni, nú þegar haustið nálgast, að við leysum sem flest af þessum málum fljótt og vel á næstu vikum og getum haldið ótrauð áfram baráttunni við erfiðleikana innan lands.

Fyrirgreiðsla í bönkum – spekileki.

[15:17]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vildi beina tveim spurningum til hæstv. viðskiptaráðherra. Það hefur nokkuð gleymst á þessu sumarþingi, sem er búið að vera mun lengur en menn ætluðu og sér ekki fyrir endann á því enn, að taka á þeim málum sem snúa fyrst og fremst að fólkinu í landinu. Það er það sem oft hefur verið kallað bráðaaðgerðir í þágu heimila og fyrirtækja. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Hvað er langt í að bankarnir fari að starfa eins og bankar? Miðað við þær fréttir sem maður heyrir frá almenningi, þá kannski sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og þó auðvitað víðar, er nokkuð langt í að fyrirtæki og einstaklingar fái eðlilega fyrirgreiðslu. Þar sem lagt var upp með að fara í þetta verk 1. febrúar er fólk eðli málsins samkvæmt farið að lengja eftir þessu.

Fyrri spurningin snýr að því að það er augljóslega mikið af fjármunum í bönkunum: Hvað er langt í að menn geti fengið eðlilega fyrirgreiðslu?

Hin spurningin, virðulegi forseti, snýr að því sem er kallað, með leyfi forseta, á enskri tungu „brain drain“ og hefur verið skýrt sem „spekileki“ á Íslandi. Þetta er nokkuð sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur tjáð sig um og hann segir svo í viðtali við erlendan fjölmiðil, með leyfi forseta, að „it would be pretty devastating if one result of all of this was that Iceland?s best and brightest would leave or that Icelanders that are now studying abroad would not return“. (**Gripið fram í:** Þú mátt þetta ekki.) Ég spyr vegna þess að

við ákváðum fyrir nokkrum dögum að fyrsta skrefið í ætlun ríkisstjórnarinnar væri að enginn væri með hærri ríkislaun en forsætisráðherra. Þá eru að vísu ekki inni fríðindi forsætisráðherra. Það er alveg ljóst að við erum í samkeppni við fólk, sérstaklega á Norðurlöndunum, t.d. í heilbrigðisgeiranum, og ég spyr hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann telji að þetta stefnumið ríkisstjórnarinnar og það markmið sem við erum öll sammála um, að bæði halda okkar vel menntaða fólki (Forseti hringir.) hér á landi og fá það heim, fari saman.

[15:20]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að vitni menn í texta á erlendu tungumáli skulu þeir þýða jafnharðan þann texta.

[15:20]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Fyrri spurning hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sneri að því hversu langt væri, eins og hann orðaði það, í að bankar á Íslandi störfuðu eins og bankar. Því er til að svara — og það er eitt af því sem má kannski segja að hafi tekist skár en við var að búast miðað við aðstæður — að við höfum haft starfandi innlent bankakerfi alveg frá því í byrjun október sl. en auðvitað voru bankarnir um margt laskaðir eins og gefur að skilja og þess vegna hefur tekið þá talsverðan tíma að ná vopnum sínum.

Ég ætla samt að fullyrða að þeir hafi staðið sig betur en ætla mætti miðað við aðstæður þótt auðvitað megi gera betur. Það er enn verið að stíga skref til að auka kraft þeirra til að takast á við vandamál íslensks efnahagslífs og reyndar er það svo að í síðasta mánuði, þessum og næsta verða tekin nokkur til viðbótar sem vonandi og fyrirsjáanlega virðast ætla að enda með því að tveir af bönkunum þremur komist óbeint í eigu erlendra kröfuhafa, þ.e. í eigu þrotabúanna sem erlendir kröfuhafar eiga kröfur í. Þegar því lýkur eiga þeir að vera með nokkuð þokkalegt bakland. Þeir eiga að vera með nægt eigið fé og þeir eiga að vera með, og eru reyndar með, meira en nóg laust fé þannig að ég held að þá verði því ekkert fyrirstöðu að þeir starfi eins vel og hægt er að ætlast til miðað við hvaða aðstæður þeir hafa.

Varðandi spekilekann er það vitaskuld rétt að ég og reyndar margir fleiri hafa lýst yfir áhyggjum af því ef bestu synir og dætur Íslands vilja ekki búa hér og starfa á næstu árum. Ég hef reyndar einnig séð sagt að ég telji að það verði ekki niðurstaðan, en varðandi þá sérstöku spurningu hvort sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að miða hæstu laun í ríkisgeiranum við laun forsætisráðherra muni ýta undir spekileka verð ég að fullyrða að ég tel að það sé hægt að fá ansi gott fólk til að starfa fyrir tæpa milljón á mánuði. Ef viðmiðið er að besta fólkið fáist einungis með þeim ofurlaunum sem voru í boði innan íslenska fjármálakerfisins held ég að okkur hafi ekki tekist mjög vel að ráða fólk fyrir þau laun.

[15:23]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Ég vona að hæstv. ráðherra hafi rétt fyrir sér þegar kemur að bönkunum. Staðreyndin er sú að meðan fyrirtæki og almenningur fá ekki fyrirgreiðslu, og þá er ég kannski sérstaklega að vísa núna í þessa umræðu um fyrirtæki, ýtir það einfaldlega undir atvinnuleysi. Maður heyrir víða hjá fólki sem stýrir þessum fyrirtækjum að það tekur langan tíma og er jafnvel ómögulegt að fá hina minnstu fyrirgreiðslu. Við skulum ekki gleyma því þó að hæstv. viðskiptaráðherra segi hér að betur hafi gengið en til var ætlast að það er fyrirheit frá þessari ríkisstjórn og ríkisstjórnarflokkunum frá því að þeir tóku við 1. febrúar að það yrði stutt í að bankar mundu starfa með eðlilegum hætti. Við þekkjum að miklir fjármunir fara m.a. úr lífeyrissjóðum inn í bankakerfið en það þarf einhvern veginn að losa um þennan vítahring þannig að þeir fjármunir nýtist til að knýja hjól atvinnulífsins.

Síðan verð ég að viðurkenna, virðulegi forseti … (Forseti hringir.) Það stendur á klukkunni minni að ég eigi mínútu eftir.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** En það er ein mínúta í síðari umferð og klukkan lét ekki alveg að stjórn þannig að forseti leiðréttir.)

Ég get ekki tekið mið af öðru en þeirri klukku sem hér er, virðulegur forseti. Eru einhverjar aðrar hugmyndir í gangi?

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Þingmanninum ber að þekkja þingsköp með alla sína reynslu af þingstörfum.)

Virðulegi forseti. Þegar ég græði mínútu hleyp ég kannski ekki alveg frá henni en ég get verið stuttorður, virðulegi forseti. Ég vil upplýsa hæstv. viðskiptaráðherra um það að þetta snýst ekki um ofurlaun í bankakerfinu. Þetta snýst m.a. um heilbrigðiskerfið og það kemur í ljós að nokkur hundruð manns eru með hærri laun (Forseti hringir.) en laun forsætisráðherra án fríðinda. Það er algjörlega ljóst að við erum í mjög mikilli samkeppni um þetta fólk. (Forseti hringir.) Það er einmitt þess vegna sem þessi umfjöllun er. Ef hæstv. viðskiptaráðherra hefur ekki áhyggjur af þessu er það auðvitað bara ákveðið svar (Forseti hringir.) og ber að þakka fyrir hreinskilnina.

[15:25]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Þingmaðurinn tók sér ríflega þær tvær mínútur sem hann hafði ekki.

[15:25]

Viðskiptaráðherra (Gylfi Magnússon) (U):

Frú forseti. Það er auðvitað öllum ljóst að þau verkefni sem íslenska fjármálakerfið stendur frammi fyrir eru tröllvaxin, m.a. við það að hjálpa öllum þeim íslensku fyrirtækjum og reyndar heimilum einnig sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum. Það verður ekki leyst á einni nóttu. Við verðum einfaldlega að gera eins vel og við getum og við munum aldrei ná fullkomnum árangri, við þurfum ekkert að blekkja okkur með því, en við eigum að geta ráðið við vandann og í því verki gegnir íslenska fjármálakerfið lykilhlutverki. Ég er þess fullviss að við munum ná að endurreisa fjárhag íslenskra fyrirtækja, enda verður að hafa í huga að þótt efnahagsreikningar þeirra líti illa út eru enn til staðar hinar raunverulegu eignir sem búa til verðmæti á Íslandi, fólkið, náttúruauðlindir, innviðirnir og allt það. Með góðri aðstoð góðra manna munum við ná að nýta þær eignir

til að framleiða vörur og þjónustu til að halda uppi lífsgæðum hér á landi hér eftir sem hingað til.

Icesave-samkomulagið.

[15:26]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina spurningum til hæstv. fjármálaráðherra varðandi hina svokölluðu Icesave-samninga. Þetta mál er nokkuð ruglingslegt finnst mér í dag því að ég fæ ekki betur séð en að þeir sem voru sammála um að taka málið út úr nefndinni séu býsna ósammála um túlkanir og ýmislegt varðandi þá ákvörðun sína.

Ég tel nokkuð víst að það þurfi að semja aftur um þetta mál og er því farinn að hugsa um hvernig staðið verði að þeim samningum. Hingað var ráðinn erlendur sérfræðingur til að hjálpa til við rannsókn á bankahruninu sem var mjög gott og hún hefur komið með nýja og faglega sýn á þá hluti. Ég hef líka velt fyrir mér hvers vegna það var ekki gert varðandi Icesave-samkomulagið því að ekki eru síður miklir hagsmunir þar í húfi, væntanlega ekki síðri hagsmunir en varðandi rannsókn á bankahruninu. Því langar mig að biðja ráðherra að upplýsa um það hvort hann muni kalla til starfa þá samninganefnd sem gerði upphaflegu samningana fari svo að semja þurfi upp á nýtt eða hvort hann sjái fyrir sér að leitað verði nú til erlendra sérfræðinga og þeir beðnir um aðstoð við samningagerðina.

Ég tel einsýnt að það sem liggur fyrir Alþingi sé upptaka á þessum samningum og því er ósköp eðlilegt að í ljósi þess að búið er að gjörbreyta því plaggi sem fyrst var lagt fram — það er mun skárra sem nú liggur fyrir þó að það sé ekki fullkomið — svari ráðherra því hvort hann sé reiðubúinn og ætli sér að kalla til þá bestu fáanlegu sérfræðinga sem eru til að gæta hagsmuna Íslands eða hvort hann hyggist kalla til starfa samninganefndina sem gerði upphaflegu samningana.

[15:28]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég stóð í þeirri meiningu að þetta mál væri á leiðinni inn í þing til efnislegrar umfjöllunar eftir nefndarstörf, jafnvel á morgun eða a.m.k. á allra næstu dögum, þannig að þá gefst rýmri tími til að ræða það og svara spurningum eftir atvikum heldur en endilega er ástæða til að gera í óundirbúnum fyrirspurnatíma kannski sólarhring áður en málið kemur á dagskrá. En ég skorast ekki undan því að svara því sem ég tel málefnalega að spurt. Varðandi (Gripið fram í.) hins vegar hugmyndir um nýjar samningaviðræður og nýja samninganefnd tel ég enga ástæðu til að gefa sér að neitt slíkt komi til.

Eins og ég sagði áðan, og ég vísa til fyrra svars, er það mín von og trú að allir bindi vonir við að þetta sé farsæl niðurstaða í málinu, við séum ekki aftur á byrjunarreit, málið óleyst og upp í loft, og ég hef gengið út frá því að aðrir sem aðild eiga að efnislegri lausn málsins, kannski þá ekki Framsóknarflokkurinn að sama skapi þótt ég voni sannarlega að þeir skoði hug sinn vandlega nú um að verða aðilar að þessari niðurstöðu, (**VigH:** Hugsaðu um þinn flokk.) séu sama sinnis. Ég hafna algerlega slíkum túlkunum og vil ekki trúa því að svo illa fari því að það yrði okkur að mínu mati ákaflega dýrkeypt ef við þyrftum að sæta því að taka, guð má vita, hversu langan tíma í alveg nýtt ferli í málinu með allt saman stopp sem á því hangir. Ég er bjartsýnn á það að eftir þessa ítarlegu og góðu vinnu fjárlaganefndar liggi fyrir efniviður í farsæla niðurstöðu í þessu máli. Umgjörðin um það af hálfu Alþingis hvernig íslenskt efnahagslíf getur staðið að lausn málsins og innan hvaða marka það er þá gert er til staðar og þetta er vonandi málefnalegt, sanngjarnt og útskýranlegt gagnvart viðsemjendum okkar og kallar þá í mesta lagi á útskýringar og rökstuðning af okkar hálfu í framhaldinu en ekki nýjar samningaviðræður.

[15:30]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kem með þessa spurningu er að málið er hálfruglingslegt. Það virðist ekki vera samhljómur milli þeirra sem ákveða að taka þetta mál út úr nefnd hvernig beri að túlka þetta. Ég tel því ekkert athugavert við að við veltum því fyrir okkur hvernig við ætlum að standa að því að gæta hagsmuna Íslendinga, komi til þess að ræða þurfi við Breta og Hollendinga á ný. Ef ekki þarf að gera það — segjum bara að þeir fallist á það sem fram hefur komið, þær breytingartillögur sem verið er að gera sem má velta fyrir sér hvort skynsamlegt sé að setja fram með þessum hætti, hvort þær eru nógu ítarlegar, því að eins og a.m.k. formaður Sjálfstæðisflokksins hefur haldið fram er um nýtt samningstilboð að ræða — hljóta menn að vera að tala um að semja upp á nýtt og taka upp samningana. Því er ósköp eðlilegt að við veltum fyrir okkur hvernig að því verður staðið, komi sú staða upp. Það getur vel verið að hæstv. fjármálaráðherra geti ekki svarað því núna en ég vil gjarnan að hann velti því fyrir sér að kalla fyrir færustu sérfræðinga, komi (Forseti hringir.) þessi staða upp.

[15:31]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég er ekki sammála því að það sé tímabært að fara út í vangaveltur um óorðna hluti sem við vonandi erum sammála um að við vonumst til að verði ekki. Ég held að það þjóni ekki okkar hagsmunum á þessu stigi málsins að senda þau skilaboð héðan að við séum að gera eitthvað annað en leita að efnislegri og farsælli lausn í málinu. Ég held að það sé augljóslega ekki í þágu íslenskra hagsmuna að reyna að senda einhver önnur skilaboð frá Alþingi Íslendinga á þessu stigi málsins. Ég kem a.m.k. ekki auga á hvernig í ósköpunum það ætti að hjálpa okkur ef við ætluðum eftir alla þessa vinnu og allan þann tíma sem í það hefur farið að leita að þessari bestu mögulegu niðurstöðu málsins af hálfu Alþingis að við ætluðum þá, meira að segja áður en hún verður komin til umfjöllunar, að senda út þær túlkanir og þau skilaboð að þetta væri alls engin lausn og alls engin niðurstaða. Ég fæ ekki botn í þá hugsun og vona að það sé eitthvað annað sem þar er á ferðinni, að menn hafi þá ekki skoðað málið nógu vel eða að við eigum einfaldlega eftir að ræða okkur í gegnum það sem við auðvitað gerum.

Varðandi samninganefndina á sínum tíma (Forseti hringir.) leitaði hún og fékk erlenda ráðgjöf og aðstoð sem

kostaði sitt eftir því sem ástæða var talin til en hafði svo aðgang að íslenskum sérfræðingum eftir þörfum.

Yfirstjórn fyrirtækja.

[15:33]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sem hefur verið svolítið áberandi undanfarin missiri í stjórn landsins og væri gaman að spyrja samgönguráðherra um það en beinum samt spurningunni að hæstv. fjármálaráðherra.

Það hefur verið skortur á verksviti. Það er skelfilegt þegar fjallað er um vandasöm og viðkvæm mál að sú reynsla sé ekki að baki sem þarf til að sem mestur árangur náist. Ég spurði hæstv. viðskiptaráðherra fyrir skömmu um fyrirtækin í landinu sem hafa verið í erfiðleikum og bankar eða skilanefndir hafa eftir atvikum yfirtekið. Hæstv. viðskiptaráðherra treysti sér ekki til að svara þeirri spurningu og í ljósi þess að bankar landsins njóta síður en svo trausts fólksins í landinu í dag skiptir miklu máli að upplýst sé um marga þætti varðandi framgang mála sem snerta bankana.

Fyrirtækin í landinu eru lykillinn að því að þjóðlífið gangi eðlilega, að fólk hafi atvinnu. Þess vegna er eðlilegt að spyrja um það og ætlast til að því sé svarað hvaða fyrirtæki hafa verið yfirtekin af bönkum og skilanefndum með beinum og óbeinum hætti, hverjir skipa stjórnir þeirra og í umboði hverra. Í ljósi alls þess sem á undan er gengið kann að vera að í ákveðnum tilvikum og í ákveðnu ferli sé þetta mjög viðkvæmt mál og liggi betur um stund í stað þess að taka það upp strax en í heild hlýtur að vera hægt að setja það á borðið og segja stöðuna eins og hún er. Og síðan verður hæstv. ráðherra að meta í hverju tilviki hvað hann getur gengið langt í upplýsingum um það (Forseti hringir.) en ekki að vísa því algerlega frá. Ég óska eftir því að hæstv. fjármálaráðherra taki þetta mál sjálfur upp.

[15:35]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég tók eftir því að hv. þingmaður talaði um stjórn landsins undanfarin missiri þegar hann fjallaði um skort á verksviti (Gripið fram í.) Mér er tamara að tala um verklagni en verksvit en hvort tveggja er til og að sjálfsögðu snýst þetta um að menn vandi vinnubrögð og noti aðferðafræði sem er skynsamleg og hentar aðstæðum. Við stöndum frammi fyrir gerbreyttum aðstæðum að þessu leytinu til að bankar og fjármálastofnanir, bæði starfandi bankar og eins skilanefndir, leysa til sín eignarhlut í fyrirtækjum í þó nokkrum tilvikum þar sem þau ganga að veðum vegna lána til slíkra fyrirtækja og/eða eigendurnir eru einfaldlega komnir almennt í þrot og verið er að verja hagsmuni viðkomandi aðila með því að yfirtaka reksturinn. Eignaumsýslufélagið sem Alþingi hefur sett lög um mun taka til starfa innan skamms. Verið er að efna í stjórn þess og undirbúa stofnun þess formlega. Sama gildir um bankasýsluna. Þá liggur aðferðafræðin af hálfu ríkisins þar fyrir. Bankarnir sjálfir hafa allir verið að móta sína aðferðafræði og undirbúa sig fyrir það verkefni sem þeir eru að sjálfsögðu byrjaðir á, að vinna úr skuldavanda fyrirtækja, greiða úr hagsmunum þeirra og þeir móta sína aðferðafræði í þeim efnum. Enn sem komið er er ekkert fyrirtæki af völdum hrunsins formlega komið í hendur ríkisins sjálfs. Það er þá í höndum banka í eigu ríkisins eða tímabundið í eigu ríkisins eða skilanefnda sem eru í öðrum farvegi eins og kunnugt er.

Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda að það er auðvitað mikilvægt að sem mest gagnsæi ríki um aðferðafræðina í þessum efnum og að upplýsingar séu veittar. Það er einmitt ætlunin að eignaumsýslufélagið þjóni m.a. þeim tilgangi að vera eftir atvikum til ráðgjafar ef eftir því er leitað og móta aðferðafræði sem geti orðið fordæmi fyrir vönduð vinnubrögð í þessum efnum.

[15:38]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera eðlilegt og æskilegt að þingheimur viti í stórum dráttum um gang mála í þessum efnum. Þess vegna er mikilvægt að stjórnvöld sinni þeirri beiðni sem hér er lögð fram. Það er ekki nóg að fá tilkynningu einn góðan veðurdag um þessa niðurstöðu af hálfu bankanna, sérstaklega ekki í ljósi þess að mikil tortryggni ríkir enn í garð þeirra. Bankastarfsmenn eru sumir þekktir fyrir að státa af því að vera komnir í stjórnir margra fyrirtækja, stundum er sami maðurinn í stjórn margra fyrirtækja sem er auðvitað ekki eðlilegt. Þess vegna þarf að taka í taumana í þessum efnum og tryggja að allt aðhald sem hægt er að skapa í þessum efnum sé haft. (Forseti hringir.) Þess vegna árétta ég þessa ósk til hæstv. fjármálaráðherra að hann taki upp á sína könnu að upplýsa frekar um þetta mál.

[15:39]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er alveg sjálfsagt mál að hafa það í hyggju að undirbúa að veita Alþingi upplýsingar um þessi mál. Ég get reyndar upplýst það hér að ég áforma að gera Alþingi grein fyrir stöðu endurreisnar í fjármálakerfinu með skýrslu strax á haustmánuðum. Vonandi verður sem fyrst hægt eftir að þing kemur saman í október að reiða fram skýrslu þar sem farið er yfir þann þátt málsins alveg frá sl. hausti og til og með þessa hausts, bæði hvað varðar þá fjármuni sem ríkið hefur sett þarna inn, á hvaða grunni þeim hefur verið ráðstafað o.s.frv. Það má vel taka það til athugunar að aðkoma ríkisins að fyrirtækjarekstri, þ.e. bein og aðallega þó óbein, verði höfð þar með. Það eru nokkur stór og þekkt dæmi þar sem gamlir og nýir bankar með komu aðstoð ríkisins að lausn mála, t.d. í tilviki Icelandair Group og Sjóvár. Nokkur fyrirtæki hafa fengið úrlausn og eru komin í hendur nýrra aðila, það hafa menn séð í fjölmiðlum. (Forseti hringir.) En ég vil meina það að bankarnir sjálfir mættu taka það til skoðunar að reiða fram ítarlegri upplýsingar á vinnslustigi þessara mála. Þegar Árvakur var endurfjármagnaður með tilteknum hætti í vetur varð af því nokkur umræða (Forseti hringir.) sem ég held að hefði getað orðið málefnalegri ef upplýsingar hefðu verið reiddar fram með greiðari hætti.

[15:40]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, 89. mál, þskj. 323.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 2. umr.

Frv. efh.- og skattn., 165. mál (vörugjöld á matvæli). — Þskj. 314.

[15:41]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla ekki að vera langorður um þetta mál. Málið er flutt af hv. efnahags- og skattanefnd og er leiðrétting á lögum sem voru samþykkt héðan frá Alþingi fyrir ekki margt löngu. Í umræðu um þau lög spurðist ég fyrir um ákveðinn tollskrárflokk og fékk ekki svör við því en ég ætla að upplýsa Alþingi um að þar er um að ræða áfengislaus efni, vatnssneydda kjarna, en af þeim vöruflokki skal greiða 800 kr. á kg. Þessi leiðrétting er náttúrlega með ólíkindum. Í fyrsta lagi var meiningin sú að leggja skatta á sykurvörur og var ákveðið að hækka virðisaukaskatt á þeim vörum úr 7% upp í 24,5%. Milli 2. og 3. umr. tók meiri hluti hv. efnahags- og skattanefndar sig til ákvað að hverfa frá þessu yfir í eitthvað allt annað sem var hækkun á vörugjöldum á sykurvörum. Það var afgreitt á kortersfundi í færeyska herberginu við mótmæli minni hlutans.

Við það urðu nokkur mistök og helst þau að kaffi og te fengu á sig vörugjöld. Hér er verið að leiðrétta það. Svo eru einhver númer sem ekki voru til í tollskránni og áttu allt í einu að fá skatt á sig. Það gengur náttúrlega ekki upp þannig að það er líka verið að leiðrétta það hér. Svo var hjúpaður og húðaður lakkrís, hnetur, konfekt, sætakex og fleira ekki í lögunum fyrir mistök og er komið með þau inn hér. Svo var eitthvað sem ég á erfitt með að skilja, með leyfi forseta:

„Vörur sem bera númerin […] voru í 4. gr. laganna í þeim tilgangi að varna því að álagning vörugjalda á hjólbarða og skyldar vörur félli niður við breytingar sem þar voru ráðgerðar og tóku að meginstefnu til tilgreindra matvæla.“

Þarna eru sem sagt allt í einu komnir einhverjir hjólbarðar og slíkar vörur inn í þetta.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu eiga þessar breytingar ekki að hafa í för með sér aukin vörugjöld á hjólbarða og skyldar vörur frá því sem var fyrir gildistöku laganna um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Það sem ég er að fara fram á, frú forseti, er að menn vandi sig dálítið betur. Það gengur ekki að Alþingi geri kerfisbreytingar á kortersfundi í efnahags- og skattanefnd og geri þvílík mistök að það þurfi að leiðrétta það sex vikum seinna. Ég minni á að í þeirri hv. nefnd sem nú er verið að ræða mál nr. 166, um kyrrsetningu eigna, sem átti líka að vera mjög gott og gilt til að ná í — greinargerðin með því frumvarpi er reyndar með ólíkindum. En þar virðast líka vera gerð mistök því að á fund nefndarinnar í morgun kom Ragnar Aðalsteinsson og gat þess að frumvarpið gæti verið mikil ógnun við mannréttindi vegna þess að þeir sem fyrir því lenda að eignir þeirra eru kyrrsettar hafa ekki tæki til að bregðast við og verjast því að eignir þeirra séu kyrrsettar. Skattrannsóknarstjóri beinir því til tollstjóra að hann beini því til sýslumanns að kyrrsetja eignir. Sá sem verður fyrir því að eignir hans eru kyrrsettar hefur ekki úrræði til að bregðast við. Það er náttúrlega mjög alvarlegt mál þegar mál sem ætlað er að ná til útrásarvíkinga í gegnum skattkerfið en hefur þessar afleiðingar.

Eins og menn átta sig á er tekjuskattsleiðin afskaplega hægvirk þegar kemur að því að ná til útrásarvíkinganna vegna þess að menn telja fram, sérstaklega fyrirtæki. Fyrirtækin verða búin að telja fram einhvern tíma um næstu áramót vegna atburða sem urðu í hruninu. Síðan fer það í sinn feril þannig að þetta er afskaplega hægvirk aðferð til að ná í þessa aðila. Það var á skattstjóranum að heyra sem kom fyrir nefndina á föstudaginn að þetta mundi aðallega gagnast í fíkniefnamálum og er það svo sem ágætt, ég hef enga samúð með þeim málum. En það er engan veginn ætlað til að ná í útrásarvíkingana og ég held að nefndir þingsins ættu að hugleiða aðrar aðferðir til að ná í þær háu upphæðir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, JBjarn, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SIJ, SJS, SVÓ, UBK, VBj, ÞrB, ÖS.

6 þm. (BirgJ, GBS, MT, SDG, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁI, ÁPÁ, ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BJJ, BjarnB, EyH, GuðbH, GLG, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KÞJ, OH, ÓÞ, ÓN, SkH, SSv, TÞH, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁÞS, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, JBjarn, JRG, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, PHB, REÁ, RM, SER, SII, SJS, SVÓ, UBK, VBj, ÞrB, ÖS.

9 þm. (ÁJ, BirgJ, GBS, MT, RR, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁI, ÁPÁ, ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BJJ, BjarnB, EyH, GuðbH, GLG, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KÞJ, OH, ÓÞ, ÓN, SkH, SSv, TÞH, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 15:49.

---

53. FUNDUR

mánudaginn 17. ágúst,
að loknum 52. fundi.

Dagskrá:

1. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv., 165. mál, þskj. 314. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, stjfrv., 89. mál, þskj. 323, brtt. 326. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Laun forseta Íslands, frv., 168. mál, þskj. 332. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þingskjala í öllum dagskrármálum. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁJ, ÁÞS, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, EKG, GÞÞ, GStein, GBS, JBjarn, JRG, KaJúl, KLM, LRM, MSch, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SJS, SVÓ, UBK, VBj, VigH, ÞrB, ÖS.

2 þm. (BirgJ, MT) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁI, ÁPÁ, ÁsbÓ, ÁsmD, BÁ, BJJ, BjarnB, EyH, GuðbH, GLG, HHj, HöskÞ, IllG, JóhS, JónG, KJak, KÞJ, LMós, OH, ÓÞ, ÓN, SkH, SSv, TÞH, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 3. umr.

Frv. efh.- og skattn., 165. mál (vörugjöld á matvæli). — Þskj. 314.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, 3. umr.

Stjfrv., 89. mál. — Þskj. 323, brtt. 326.

[15:52]

Frsm. meiri hluta allshn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég geri grein fyrir tveimur minni háttar breytingum á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Málið var kallað aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. og allsherjarnefnd fundaði í morgun vegna þessara breytingartillagna.

Við gerum tvær, eins og ég sagði, minni háttar breytingar. Önnur er tæknilegs eðlis og eins og segir í breytingartillögunni hljóðar hún svo, með leyfir forseta:

„Við 67. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo: Fjármálaráðherra fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu ohf.“

Hin breytingartillagan sem við gerum við stjórnarráðsbandorminn er að gildistími frumvarpsins verði 1. október en ekki 1. september. Það eru ekki nema tvær vikur til mánaðamóta og þetta þótti óþarflega stuttur tími til að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem óhjákvæmilega þarf að gera á verkaskiptingu milli ráðuneyta og stofnana ráðuneytanna þannig að allsherjarnefnd var samstiga í því að gefa þessu lengri tíma þannig að gildistíminn yrði sem sagt 1. október í staðinn fyrir 1. september.

Að öðru leyti skýrir málið sig sjálft. Þetta eru, eins og ég segi, bara tvær minni háttar breytingar en efnisleg umræða um stjórnarráðsbandorminn hefur farið fram hér og ég reikna með að náðst hafi samkomulag milli forseta og þingflokks Sjálfstæðisflokksins um að málið verði tekið hér aftur upp á morgun og rætt efnislega og þá greidd atkvæði um málið.

Umræðu frestað.

Laun forseta Íslands, 1. umr.

Frv. efh.- og skattn., 168. mál (lækkun launagreiðslna til handhafa forsetavalds). — Þskj. 332.

[15:55]

Frsm. efh.- og skattn. (Magnús Orri Schram) (Sf):

Frú forseti. Sem fulltrúi formanns efnahags- og skattanefndar vil ég mæla fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um laun forseta Íslands, nr. 10/1990.

Efnahags- og skattanefnd leggur til, með leyfi forseta

„1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Handhafar forsetavalds skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar skulu samanlagt njóta sem svarar til fimmtungs launa forseta þann tíma sem þeir hverju sinni fara með forsetavald um stundarsakir.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2009.“

Í greinargerð með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 7. gr. laga um laun forseta Íslands skulu handhafar forsetavalds skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar samanlagt njóta jafnra launa og laun forseta eru þann tíma sem þeir hverju sinni fara með forsetavald um stundarsakir og skulu launin skiptast að jöfnu á milli þeirra. Byggist það á 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir að ákveða skuli með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra sem fara með forsetavald.

Með frumvarpinu er lagt til að þessar launagreiðslur handhafanna verði lækkaðar þannig að þeir njóti samanlagt fimmtungs launa forseta þann tíma sem þeir hverju sinni fara með forsetavald um stundarsakir. Er frumvarpið liður í stefnu stjórnvalda að ná fram hagræðingu og sparnaði í ríkisrekstri sem jafnan er ákveðinn með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum og hefur því verið til efnislegrar umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd.

Greiðslur þessar hafa numið um 10 millj. kr. sl. fimm ár á núverandi verðlagi og lækka því í 2 millj. kr. verði störf handhafanna framvegis áþekk því sem verið hefur. Lækkunin er ákveðin með hliðsjón af því að eðli málsins samkvæmt eru störf handhafa forsetavalds að mestu takmörkuð við lögbundin störf, svo sem staðfestingu laga og þess háttar, þegar forseti Íslands er erlendis, en ekki heimsóknir, móttökur, setningarávörp og annað af því tagi sem m.a. felst í störfum forsetans. Óheimilt yrði hins vegar talið vegna ákvæða 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar að fella

þessar greiðslur niður með öllu og því lagt til að þær verði lækkaðar verulega.

Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að handhafar forsetavalds fái greiddan útlagðan kostnað vegna starfans eins og ákvæði er um í 2. mgr. 7. gr. laganna.“

Að þessu sögðu leggur efnahags- og skattanefnd þetta til og vonast til að málið fái farsæla meðferð á Alþingi á næstu dögum.

[15:57]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Magnús Orra Schram hvort hann telji ekki að jafnframt þurfi að breyta 9. gr. stjórnarskrárinnar þegar þetta frumvarp er lagt fram, en þar segir í seinni málslið, með leyfi forseta:

„Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“

Ef verið er að breyta, eins og fram kemur í þessu frumvarpi, 8. gr. stjórnarskrárinnar þá hlýtur, frú forseti, að þurfa að skoða 9. gr. sem sérstaklega tekur á því að óheimilt sé samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands að lækka laun forseta eða þessar greiðslur sem nefndar eru í 9. gr. til forseta og þeirra er fara með forsetavald og hvort þá sé ekki ástæða til að breyta jafnhliða, til að þetta standist nú stjórnarskrá, 9. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Frú forseti. Mér finnst stundum eins og þessar sparnaðarráðstafanir í ríkisfjármálum eins og þessar séu einfaldlega til þess fallnar að reyna að afla vinsælda en skipti í raun og veru engu máli í þeim sparnaðarleiðum sem fram undan eru við fjárlagagerð og er ekki alveg viss um að sú aðferð hugnist mér þegar hv. efnahags- og skattanefnd eða hæstv. forsætisráðherra sem í upphafi lagði þetta til er að afla sér vinsælda með þessum hætti því að þetta er og hefur lítið sem ekkert að segja inn í þann niðurskurð sem fram undan er í ríkisfjármálum.

[15:59]

Frsm. efh.- og skattn. (Magnús Orri Schram) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir ábendinguna. Við undirbúning málsins í efnahags- og skattanefnd taldi ég að við hefðum skoðað alla þá þræði sem vert væri að skoða áður en við gætum lagt fram þetta frumvarp. En ég tek undir ábendinguna og hvet efnahags- og skattanefnd til þess að taka málefnalega afstöðu til hennar og skoða hana.

[16:00]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga sem efnahags- og skattanefnd stendur sameiginlega að og ætla ég ekki að blanda mér efnislega í þá umræðu. Ég kem upp til að óska eftir því að málið fari til nefndar milli 1. og 2. umr. til að tryggja að það verði sem best unnið og þar gefist meðal annars tækifæri til að kalla til að kalla til handhafa forsetavalds sem mér skilst að hafi ekki komið fyrir nefndina.

Það var erindi mitt, virðulegi forseti, í ræðustól að óska eftir því að þetta mál gangi til nefndar milli umræðna.

[16:01]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér er lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum um laun handhafa forseta Íslands og launalækkun þeim til handa þegar forseti Íslands er ekki á landinu. Þetta eru afleysingaraðilar forsetans. Það vill þannig til að enn og aftur er verið að leggja til að samþykkt verði lög sem brjóta stjórnarskrána.

Það er afar einkennilegt að efnahags- og skattanefnd skuli leggja málið fram með þessum hætti þar sem það er alveg skýrt eins og hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir kom inn á áðan að í síðasta málslið 9. gr. stjórnarskrárinnar kemur það skýrt fram að óheimilt sé að lækka greiðslur á kjörtímabili forseta, óheimilt að lækka greiðslur, sem leiðir líka hugann að því að eftir hrunið í haust fór hæstv. forseti sjálfur fram á að laun hans yrðu lækkuð til þess að hann gæti á einhvern hátt hjálpað til í þessu hruni. Og annað: Ég benti líka á — ég var ekki orðinn þingmaður þá — að forseti sjálfur gæti gefið ákveðinn hluta af sínum launum til góðgerðarmála í stað þess að leggja til við þingið að þingið mundi brjóta stjórnarskrá. Eftir þessu var farið. Laun forseta Íslands voru lækkuð í kjölfarið þvert á það sem kjararáð á að gera því að kjararáð á fyrst og fremst að ákvarða launakjör æðstu embættismanna þjóðarinnar.

Ég segi það enn og aftur að ég átta mig ekki á því á hvaða leið þessi ríkisstjórn er. Þetta er allt í einhverju ósamhengi. Þetta er tilviljunarkennt. Þetta eru örvæntingarfullar breytingar eins og til dæmis þetta: Sparnaðarupphæðin í þessu frumvarpi er 10 milljónir. Hvað hefur það að segja? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Þarna er fyrst og fremst verið að reyna að afla sér vinsælda hjá þjóðinni. Enn á ný á að ráðast á laun opinberra starfsmanna. Það er mjög vinsælt hjá þessari ríkisstjórn að ráðast á laun og launagreiðslur opinberra starfsmanna. Það var ráðist á tólf einstaklinga, starfsmenn ríkisstofnana núna ekki fyrir svo löngu og bara sett á þá lög að þeir megi ekki hafa hærri laun en forsætisráðherra.

Frú forseti. Þetta frumvarp verður að fara aftur til efnahags- og skattanefndar og þessu ákvæði verður að breyta því ég kem aldrei til með að taka þátt í því að samþykkja lög á Alþingi sem brjóta gegn stjórnarskránni eða öðrum lögum.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fundi slitið kl. 16:05.

54. FUNDUR

miðvikudaginn 19. ágúst,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Helgi Hjörvar, 4. þm. Reykv. n.

Leiðrétting á vísun til nefndar.

[18:00]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):
Á síðasta þingfundi var 168. máli vísað til allsherjarnefndar, en málið átti að fara til efnahags- og skattanefndar sem flytur málið og hefur það verið leiðrétt.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[18:00]

Útbýting:
Dómstólar, 167. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 331.
Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 136. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 335; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 336.
Seðlabanki Íslands og samvinnufélög, 169. mál, frv. GBS o.fl., þskj. 334.
Uppbygging á Þingvöllum, 158. mál, svar forsrh., þskj. 333.

Fundi slitið kl. 18:01.

---

55. FUNDUR

fimmtudaginn 20. ágúst,
kl. 9 árdegis.

Dagskrá:
Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, stjfrv., 136. mál, þskj. 204, nál. 335, 337 og 338, brtt. 336, frávtill. 339, brtt. 340. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

[09:02]

Útbýting:
Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 136. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 337; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 338; frávtill. 2. minni hluta fjárln., þskj. 339; brtt. 2. minni hluta fjárln., þskj. 340.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:05]
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 339 og 340. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (Icesave-samningar). — Þskj. 204, nál. 335, 337 og 338, brtt. 336, frávtill. 339, brtt. 340.

[09:05]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):
Samkomulag er um að framsögumenn nefndarálita fjárlaganefndar og talsmenn annarra þingflokka í nefndinni fái 40 mínútna ræðutíma sem og formenn stjórnmálaflokkanna.

[09:06]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):
Hæstv. forseti. Hér kemur til umræðu nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.
Icesave, þ.e. ábyrgð íslenska ríkisins á greiðslum tryggingarsjóðsins á innstæðum á reikningum Landsbankans í Hollandi og Bretlandi, hefur hvílt á íslensku þjóðinni sem mara síðustu mánuðina, skapað mikla umræðu og vakið upp heitar tilfinningar þar sem umræðan hefur sveiflast frá kvíða til vonarneista, frá uppgjöf til baráttuanda, frá vantrú og reiði til réttlætistilfinningar.
Umræðan um Icesave-málið hefur verið mjög almenn, farið fram í fjölmiðlum, birst í þáttum og blaðagreinum, hundruðum tölvupósta og í bloggheimum. Ýmsir hópar hafa gaumgæft málið vandlega, lögfræðingar og fræðimenn hafa rætt málin opinberlega í rituðu og töluðu máli og tekist á um lagalegar skyldur á meðan aðrir hafa rætt getu þjóðarbúsins til að standa við svo miklar skuldbindingar, um skuldastöðu og skuldaþol og ólíkar forsendur sem ráðið gætu því hvort íslenska ríkið réði við slíkar álögur. Öll þessi umræða endurspeglaðist í fjárlaganefnd.
Ég vil í upphafi þakka þessa miklu umræðu og lýðræðislegu umfjöllun. Ég hef stundum sagt að lærðustu álit og umfjöllun fræðimanna jafnt sem mótmælaraður, ritað mál og alls kyns orðræða, hafa lagt sitt af mörkum til að hjálpa fjárlaganefnd að komast að niðurstöðu í málinu.
Þannig hefur taktfastur trommusláttur á Austurvelli minnt okkur þingmenn á að vanda okkur, vakið athygli á

þeim vilja þjóðarinnar að gætt verði hagsmuna Íslendinga, að tryggð verði björt framtíð fyrir börnin okkar.

Engan þingmann dreymir um að láta þjóðina greiða sem nemur helmingi árlegrar landsframleiðslu yfirstandandi árs vegna tiltektar eftir hrun einkabanka. Það er engu að síður verkefni okkar að leiða til lykta þetta viðfangsefni, finna lausnir til að koma samfélagi okkar út úr erfiðleikum og tryggja hagsmuni íslenskra borgara sem best í slíkum verkefnum.

Í þessu umhverfi og þessum anda hefur fjárlaganefnd unnið með það að leiðarljósi að leiða málið til lykta í sátt.

Ég fékk það verkefni að leiða vinnu fjárlaganefndar og reyna að ná sem víðtækastri sátt um málið, mál sem er ekki eitt af stefnumálum stjórnmálaflokka, mál sem er af þeirri stærðargráðu að það á að vera ábyrgð allra þingmanna að leita að bestu lausn á slíku verkefni. Hagsmunir íslenskrar þjóðar eru í húfi, og þar verður fyrst og fremst að meta heildarhagsmuni, jafnt viðskiptalega, félagslega og fjármálalega þætti málsins.

Þannig lagði fjárlaganefnd af stað í vinnuna, með því að kalla eftir öllum þeim upplýsingum sem gætu gagnast málinu, leita allra sjónarmiða, tryggja sem besta umræðu, gefa tíma til að skoða og ræða málin og reyna að víkja til hliðar flokkadráttum, forðast átök um málið en horfa fremur til lausna. Þetta hefur ekki alltaf verið auðvelt, umræðan oft gagnrýnin og óvægin, en hér skal fjárlaganefnd sagt það til hróss að hver einasti þingmaður í nefndinni hefur lagt sitt af mörkum í allri vinnunni, haldið uppi gagnrýni og nær allir jafnframt leitað lausna. Öll gögn málsins voru jafnóðum birt á vef Alþingis undir málinu þar en jafnframt á upplýsingavef stjórnvalda, www.island.is, þannig að þjóðin gæti fylgst með þeim gögnum sem lögð voru fram.

Lánasamningarnir voru undirritaðir 5. júní sl. og voru þeir lagðir fram í þinginu 2. júlí til 1. umr. og málið afgreitt til fjárlaganefndar daginn eftir. Fyrsti fundur fjárlaganefndar um málið var síðan 6. júlí þar sem samninganefndin gerði grein fyrir lánasamningunum og þar með hófust nánast dagleg fundarhöld. Fyrir nefndina komu milli 50 og 60 gestir og leitað var álita hjá fjölmörgum aðilum

Vinnan í nefndinni skilaði uppbyggilegri gagnrýni á þá þætti sem helst þurfti að skoða og bæta úr til að gera bærilegri þá byrði sem hér var verið að axla. Á þessum atriðum er tekið í nefndarálitinu sem hér er lagt fram. Allir nefndarmenn hefðu eflaust viljað sjá samninginn öðruvísi, en það er eðli samninga að þeir koma aldrei að fullu til móts við óskir aðeins annars aðilans.

Á lokasprettinum náði fjárlaganefnd víðtækri sátt um helstu breytingar á því frumvarpi sem hér er til umræðu, breytingar sem ætlað er að tryggja betur hagsmuni íslenskrar þjóðar í þeim þrengingum sem yfir okkur ganga.

Ég þakka hv. þingmönnum í fjárlaganefnd og riturum nefndarinnar fyrir mikla vinnu liðnar vikur. Þá vil ég þakka hv. þingmönnum efnahags- og skattanefndar og utanríkismálanefndar fyrir þeirra vinnu, en þangað var málið sent til umfjöllunar. Fylgja álit meiri og minni hluta nefndarmanna með áliti meiri hlutans hér.

Jafnframt ber að þakka þeim fjölmörgu gestum sem lögðu málinu lið með málflutningi sínum fyrir nefndinni og þeim einstaklingum og stofnunum sem unnu úttektir, skýrslur og greinargerðir um málið. Þá vil ég sérstaklega þakka fimm manna hópi lögfræðinga sem kom að málinu á lokasprettinum og starfsfólki þingsins og ráðuneyta einnig. Síðast en ekki síst þakka ég frábæru starfsfólki nefndasviðs fyrir þolinmæði og æðruleysi þegar unnið var langt fram á nætur við lausn málsins. Vinnan við Icesave-málið hefur raskað sumarfríum og áætlunum starfsfólks þingsins en talið var brýnt að ljúka málinu fyrir sumarhlé Alþingis.

Nefndarálit meiri hlutans er of yfirgripsmikið til að gera grein fyrir öllum atriðum í inngangsræðu hér í dag. Hv. þingmenn sem skrifa undir álitið munu gera betur grein fyrir ákveðnum þáttum í sínum ræðum.

Nefndarálitið skiptist í meginatriðum í 10 kafla þar sem tilurð Icesave-skuldbindinganna er reifuð, umfang málsins og samningarnir sjálfir. Þá eru dregin fram þau atriði sem fjárlaganefnd taldi brýnast að taka á. Þar bar hæst lögfræðileg álitaefni og efnahagslega óvissu sem fjallað er um í nefndarálitinu og tekið á í breytingartillögum meiri hlutans.

Ég ætla að leyfa mér að byrja aðeins á forsögu málsins. Í nefndarálitinu er rakin forsaga málsins, allt frá því að Alþingi innleiddi í desemberlok 1999 tilskipanir um innlánstryggingar og um tryggingakerfi fyrir fjárfesta með lögum nr. 98/1999. Varð sjálfseignarstofnunin Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta til á grundvelli þessara laga. Markmið laganna um innstæðutryggingar er að veita innstæðueigendum lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum innlánsstofnunar, og nam hún við fall bankanna allt að 20.887 evrum.

Í ljós hefur komið mismunandi skilningur á því hversu víðtæk ábyrgð tryggingarsjóðsins er samkvæmt þessum lögum og samþykktum Evrópusambandsins og kem ég að því síðar.

Mitt í örum vexti íslenska bankakerfisins stofnaði Landsbanki Íslands hf. útibú í Bretlandi í mars 2005 og í Hollandi haustið 2007. Er sú saga rakin stuttlega í nefndarálitinu. Þar sem Icesave-reikningarnir voru í útibúum en ekki dótturfélögum Landsbanka Íslands fellur ábyrgðin af Icesave-skuldbindingunum í Bretlandi og Hollandi á íslenska innstæðutryggingarsjóðinn en ekki tryggingarsjóði þeirra landa þar sem útibúin voru. Af þessum sökum urðu Icesave-skuldbindingarnar til.

Landsbanki Íslands hf. hóf að taka við innlánum í útibú sitt í Bretlandi í október 2006 undir nafninu Icesave og undir sama heiti þegar útibú í Hollandi var opnað síðari hluta maí 2008. Samtals áttu um 340.000 sparifjáreigendur innstæður í útibúum Landsbanka Íslands í Bretlandi og Hollandi eins og áður sagði, þar af á annað hundrað þúsund í hinu síðartalda þegar yfir lauk.

Til að átta sig á umfangi málsins námu innstæður á Icesave-reikningum í útibúi Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi 963 milljörðum íslenskra króna á verðlagsforsendum frumvarpsins — það er sem sagt miðað við 30. júlí — og í Hollandi jafngildi 303 milljarða íslenskra króna. Ríflega helmingur þeirra, samtals um 740 milljarðar kr., lendir á Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi.

Eftir standa um 535 milljarðar íslenskra króna sem eru utan ábyrgðar sjóðsins og falla á tryggingakerfi Bretlands og Hollands.

Heildsöluinnlán, þ.e. innlán flestra fyrirtækja, félaga-

samtaka og stofnana, standa utan tryggingakerfa Bretlands og Hollands og falla ekki undir lánasamningana.

Eins og áður sagði bar íslenska tryggingarsjóðnum samkvæmt lögum að greiða öllum innstæðueigendum á Icesave-reikningunum í Bretlandi og Hollandi lágmarksupphæð, þ.e. að því marki sem eignir hans hrykkju til. Auk þess hafði Landsbankinn fengið aukaaðild að breska tryggingarsjóðnum þannig að hann bætti við íslensku lágmarkstrygginguna frá 20.887 evrum upp í 50.000 pund.

Við bankahrunið reyndust eignir íslenska sjóðsins ekki duga fyrir lágmarksverndinni og ákváðu bresk og hollensk stjórnvöld einhliða að auka verndina þannig að í Bretlandi voru innstæður tryggðar til fulls, um 50.000 pund, en í Hollandi upp að 100.000 evrum.

Eignir íslenska tryggingarsjóðsins voru aðeins brot af þeim skuldbindingum sem hann stóð frammi fyrir þrátt fyrir að hann hafi uppfyllt reglur um innstæður í samræmi við gildandi lög og ákvæði innstæðutilskipunarinnar við fall íslensku bankanna.

Samkvæmt 10. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er stjórn sjóðsins heimilt að taka lán svo sjóðnum sé fært að standa við skuldbindingar sínar. Í þessu tilviki lá ljóst fyrir að um umtalsvert lán yrði að ræða, þ.e. sem nemur um helmingi af áætlaðri vergri landsframleiðslu 2009, en eigið fé innstæðudeildar sjóðsins nam einungis 16,1 milljarði kr. í árslok 2008. Ljóst var að íslenski tryggingarsjóðurinn stóð ekki sjálfur undir skuldbindingu af þessari stærðargráðu. Icesave-skuldbindingin varð að milliríkjadeilu. Bresk og hollensk stjórnvöld kröfðust uppgjörs en voru reiðubúin að lána sjóðnum, en þó aðeins gegn því að veitt yrði ríkisábyrgð.

Það er hér sem fyrst rís álitamál og lagaleg óvissa varðandi Icesave-samningana.

Íslensk stjórnvöld telja að óvissa ríki um að þeim beri lagaleg skylda til að ábyrgjast innstæður í útibúum erlendis umfram þær eignir sem fyrir hendi eru í tryggingarsjóðnum, enda hafi hann verið settur á fót í samræmi við skuldbindingar landsins og staðist allar kröfur sem gerðar eru til slíkra sjóða og að fullu fjármagnaður í samræmi við kröfur Evrópusambandsins

Til að leysa þessa deilu gengu íslensk stjórnvöld til samninga við bresk og hollensk stjórnvöld en töldu að þeim bæri engin lagaleg skylda til að veita ríkisábyrgð. Icesave-samningarnir byggjast á þeirri meginforsendu að íslensk stjórnvöld höfðu ítrekað nokkrum sinnum í aðdraganda bankahrunsins að þau mundu standa við skuldbindingar samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins og að yfirvöld styddu Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta til þess ef þörf krefði. Í því sambandi má nefna bréf viðskiptaráðuneytisins til breska fjármálaráðuneytisins, dagsett 20. ágúst og síðan 5. október 2008. Mikilvægt er þó að hafa í huga að yfirlýsingarnar voru gefnar áður en fyrir lá að allir stóru íslensku bankarnir lentu í greiðsluerfiðleikum.

Þegar bankarnir féllu allir nokkurn veginn samtímis vöknuðu því spurningar um hvort og þá hvernig evrópskum tryggingakerfum innstæðna væri ætlað að taka á slíkri stöðu.

Íslensk stjórnvöld töldu ljóst að forsendur tilskipunarinnar væru hrun einstakra banka en ekki almennt kerfishrun. Því væri vafi á því hvort tilskipunin ætti við með sama hætti í slíkum tilvikum og nauðsynlegt væri að fá úr því skorið með lögformlegum hætti fyrir dómstóli eða gerðardómi hvort íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslur til innlánseigenda ef þær færu fram úr því sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti staðið undir.

Þessari afstöðu hefur verið haldið skýrt til haga í öllum viðræðum við stjórnvöld viðkomandi ríkja eftir að bankarnir féllu. Þessari túlkun tilskipunarinnar var alfarið hafnað, ekki einungis af þeim ríkjum sem hlut eiga að máli heldur öllum ESB-ríkjunum og Noregi að auki, eins og fram kemur jafnt í áliti meiri og minni hluta utanríkismálanefndar Alþingis, sem fjárlaganefnd leitaði til vegna umfjöllunar sinnar um málið. Hugmyndir um að úr þessu ágreiningsefni yrði skorið af hlutlausum úrskurðaraðila eða dómstóli náðu því ekki fram að ganga.

Þegar ljóst var að engar undirtektir hlytust við að leggja málið fyrir dómstól eða annars konar úrskurðaraðila sem íslensk stjórnvöld gátu sætt sig við og ágreiningurinn var farinn að hafa áhrif á stuðning við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar ákváðu íslensk stjórnvöld að leita pólitískrar lausnar á málinu. Niðurstaða um umsamin viðmið, svokölluð Brussel-viðmið, náðist milli deiluaðila 14. nóvember 2008 en þau eru grunnurinn að Icesave-samningunum.

Þau þýddu í fyrsta lagi að íslensk stjórnvöld viðurkenndu að tilskipun Evrópusambandsins frá 1994 gilti á Íslandi með sama hætti og í aðildarríkjum ESB, en jafnframt og í öðru lagi var lögð áhersla á að samningsaðilar mundu taka tillit til „hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna“ sem Ísland var komið í „og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt“. Þá var þess getið að samkomulagið greiddi fyrir skjótri niðurstöðu samningaviðræðna Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Til að tryggja að þetta gengi eftir var í þriðja lagi lögð sérstök áhersla á að stofnanir ESB og EES tækju áfram þátt í samningaferlinu sem færi fram í samráði við þær.

Samningurinn um Brussel-viðmiðin dugði ekki til að ná samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sem krafðist frekari yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda um að Ísland stæði við skuldbindingar sínar á grundvelli innstæðutryggingakerfisins.

Þáverandi fjármálaráðherra og seðlabankastjóri undirrituðu viðbót við viljayfirlýsinguna þar sem Ísland heitir því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutryggingakerfisins gagnvart öllum tryggðum innlánshöfum.

Næsta skref var svo samhljóða samþykkt Alþingis 5. desember 2008 á þingsályktun þar sem ríkisstjórninni var falið að ganga til samninga við bresk og hollensk stjórnvöld um lausn Icesave-deilunnar eins og lesa má í nefndaráliti meiri hlutans.

Ég fjalla hér í byrjun ítarlega um þessar forsendur þar sem þær skipta máli við afgreiðslu málsins.

Í mati á umfangi ríkisábyrgðar á lánum tryggingarsjóðsins er ein mikilvægasta forsendan hvernig endurheimtur verða á eignum þrotabús Landsbanka Íslands hf.

Gert er ráð fyrir að 75% af kröfum vegna Icesave-innstæðnanna fáist greidd úr þrotabúinu og verði varið til að greiða niður höfuðstól lánanna og árlega vexti.

Eignirnar hafa verið metnar af sérfræðingum á vegum skilanefndar Landsbanka Íslands hf., en veruleg óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu matsins af völdum ótryggs efnahagsástands.

Fari svo að heimtur verði með þessum hætti reiknast Seðlabanka Íslands svo til að ábyrgð íslenska ríkisins vegna samninganna verði alls um 340 milljarðar kr. miðað við fyrrgreindar heimtur. Núvirði þeirrar fjárhæðar, miðað við umsamda vexti, nemur 240 milljörðum kr., eða sem svarar 17% af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins 2009. Þessa fjárhæð er ætlunin að endurgreiða á átta árum, þ.e. 30 milljarða kr. á ári, sem nemur 2,1% af áætlaðri vergri landsframleiðslu árið 2009.

Lánasamningar milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi og Íslands annars vegar, og fulltrúa breska fjármálaráðuneytisins og Hollands hins vegar, svokallaðir Icesave-samningar, voru undirritaðir 5. júní 2009, eins og áður sagði. Í þeim koma m.a. fram bakgrunnur samninganna, skilmálar lánanna, gildistaka samninganna, endurgreiðslur, vaxtakjör, ábyrgð samningsaðila og jöfn meðferð kröfuhafa. Einnig taka samningarnir til breyttra aðstæðna, gildandi laga og lögsögu og með hvaða hætti fallið sé frá friðhelgisréttindum.

Í stórum dráttum fela samningarnir í sér að tryggingarsjóðurinn á Íslandi tekur lán hjá Bretum og Hollendingum upp á 2,35 milljarða punda annars vegar og 1,3 milljarða evra hins vegar sem endurgreiðist þá eins og áður sagði á 15 árum. Fyrstu sjö árin þarf ekki að greiða afborganir af lánunum umfram það sem tryggingarsjóðurinn fær greitt úr þrotabúi Landsbanka Íslands.

Á síðari átta árunum er greitt af lánunum með 32 jöfnum afborgunum. Lánin bera 5,55% fasta ársvexti.

Icesave-samningarnir fela í sér að tryggingarsjóðurinn, sem er sjálfseignarstofnun, tekur lánin en ríkissjóður ábyrgist endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta. Tryggingarsjóðurinn notar eignir sínar og eignir þrotabús Landsbankans til að greiða niður lánin en það sem upp á kann að vanta í lokin ábyrgist ríkissjóður. Áhættan sem lántökunni fylgir byggist því á endurheimt eigna úr þrotabúi Landsbankans en þar við bætist m.a. gengisáhætta og efnahagsleg óvissa sem nánar verður vikið að síðar.

Ég vel hér í ræðu minni og kynningu á áliti meiri hluta fjárlaganefndar að fara beint í þær breytingartillögur sem fluttar eru við frumvarpið. Þær taka á helstu álitamálum og viðfangsefnum sem talið var mikilvægt að huga að við afgreiðslu málsins. Í allri umfjöllun hafði fjárlaganefnd að leiðarljósi að íslenska ríkið ætlaði að standa við skuldbindingar sínar í þessu máli. Reynt var að nálgast lausnina þannig að ekki yrði allt sett upp í loft og að við fyndum lausn sem verði hagsmuni Íslendinga um leið og við stæðum við skuldbindingar okkar.

Ákveðið var að setja fáa en skýra, veigamikla og sanngjarna fyrirvara við afgreiðslu á ríkisábyrgðinni og birtast þeir í formi breytingartillagna við frumvarpið. Þær tillögur voru efnislega studdar af 10 hv. þingmönnum fjárlaganefndar, enda komu allir að samningu þessara breytingartillagna. Ber að fagna að svo víðtæk sátt náðist um málið.

Ég mun lesa upp að mestu þann kafla sem fjallar um breytingartillögurnar en forsendur þeirra eru skýrðar í mun lengri texta í nefndarálitinu.

Fyrst um breytingartillögur meiri hlutans, það er mat hans, að fengnu áliti þjóðréttarfræðings, að samningsaðilum megi vera ljóst að Alþingi hefur heimild til að setja efnisleg skilyrði fyrir ríkisábyrgð. Í málsgrein 3.1.b í breska samningnum og 3.1.1.b í þeim hollenska segir að þeir öðlist gildi „ef og þegar“ Alþingi hefur samþykkt að íslenska ríkið taki á sig ábyrgð samkvæmt samningunum.

Meiri hlutinn lítur því ekki á veitingu ríkisábyrgðar sem sjálfgefið formsatriði, heldur raunverulegt efnislegt skilyrði fyrir gildistöku samninganna og leyfir sér því að setja málefnalega og sanngjarna lagalega og efnislega fyrirvara sem forsendur fyrir ríkisábyrgðinni. Í ljósi þessa og þeirra álitaefna sem að framan greinir er það mat meiri hlutans að nauðsynlegt sé að gera ákveðnar breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi þykir nauðsynlegt að kveða nánar á um forsendur Alþingis fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar. Þar ber fyrst að telja að nauðsynlegt er að mati meiri hlutans að kveða skýrt á um stöðu hinna svokölluðu Brussel-viðmiða sem grundvallarforsendu lánasamninganna og þar með ríkisábyrgðarinnar.

Í öðru lagi er mikilvægt að árétta þá grundvallarforsendu að íslenska ríkið er þrátt fyrir þessa einkaréttarlegu ábyrgðargjöf fullvalda ríki með þeim takmörkunum sem af því leiðir. Í forsendunum er að lokum áréttað að lagasetningin haggi í engu forræði Íslands á náttúruauðlindum sínum.

Í þriðja lagi er talin þörf á að bæta við ákvæðum um efnahagsleg og lagaleg viðmið ríkisábyrgðarinnar. Í ákvæðinu um efnahagslegu viðmiðin er gerð grein fyrir hagfræðilegum forsendum fyrir ábyrgðargjöfinni, og greiðslubyrði vegna ábyrgðarinnar takmörkuð með ákveðnum hætti. Í ákvæðinu um lagalegu viðmiðin er gerð grein fyrir tvenns konar tilvikum sem gætu leitt til þess að ábyrgðin yrði takmörkuð. Komi til takmörkunar samkvæmt ákvæðum þessum er gert ráð fyrir því að viðræður eigi sér stað við viðsemjendur og mælt fyrir um aðkomu Alþingis ef samkomulag næst ekki eða ef Alþingi óskar eftir að taka málið upp.

Í fjórða lagi er talið rétt að kveða í sérstöku ákvæði á um málsmeðferð vegna ákvörðunar um að virkja endurskoðunarákvæði samninganna og í öðru ákvæði er fjallað um eftirlit Alþingis með framkvæmd þeirra. Að lokum þykir rétt að leggja til sérstakt ákvæði um endurheimtur eigna.

Ef við skoðum forsendur fyrir skilyrðum eða fyrirvörum við samþykki Alþingis í nefndarálitinu segir þar orðrétt:

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um þrígreiningu ríkisvaldsins og fer Alþingi með löggjafarvaldið. Með þingsályktun frá 5. desember sl. markaði Alþingi ramma um samningaviðræður framkvæmdarvalds við erlend stjórnvöld með vísan til Brussel-viðmiðanna sem aðilar höfðu komið sér saman um.

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrárinnar getur framkvæmdarvaldið ekki gert samninga við önnur ríki nema samþykki Alþingis komi til. Þannig er það raunverulegt efnislegt skilyrði fyrir gildistöku samninganna.

Eins og áður sagði öðlast þeir aðeins gildi, samkvæmt málsgrein 3.1.b í breska samningnum og 3.1.1.b í þeim hollenska, „ef og þegar“ Alþingi hefur samþykkt að íslenska ríkið taki á sig ábyrgð samkvæmt samningunum og sam-

þykkt hver þau lög önnur eða heimildir sem þar er lýst.

Alþingi sem handhafi löggjafarvalds getur því augljóslega sett skilyrði fyrir eða gert fyrirvara við ríkisábyrgð sem samræmist hinum sameiginlegu viðmiðum. Meiri hluti fjárlaganefndar Alþingis leggur því til að settir verði ákveðnir fyrirvarar við ríkisábyrgðina sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Í breytingartillögum meiri hlutans stendur 1. gr. að mestu leyti óbreytt. Meiri hlutinn leggur til að ríkisábyrgðin afmarkist ekki einvörðungu af ákvæðum lánasamninganna eins og segir í frumvarpinu, heldur einnig af þeim fyrirvörum sem meiri hlutinn leggur til að verði teknir upp í frumvarpið. Fyrirvararnir verða því óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar. Er rétt að undirstrika það

Þá leggur meiri hlutinn til að efni lokamálsliðar 1. gr. frumvarpsins verði fært í sérstakt ákvæði þar sem nánar er kveðið á um skilmála fjármálaráðherra gagnvart Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta vegna ábyrgðarinnar. Meiri hlutinn leggur til að við bætist sjö nýjar greinar sem kveða á um forsendur ríkisábyrgðar, efnahagsleg viðmið, lagaleg viðmið, endurskoðun lánasamninganna, eftirlit Alþingis, skilmála ríkisábyrgðar gagnvart tryggingarsjóðnum og endurheimtur á innstæðum eins og áður sagði.

Í nýrri 2. gr. eru tilgreindar forsendur Alþingis fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar í þremur töluliðum. Í 1. tölulið greinarinnar er kveðið á um að lánasamningarnir verði túlkaðir í samræmi við Brussel-viðmiðin en mikil gagnrýni kom fram á það í nefndarstarfinu að samningarnir fælu ekki í sér beina tilvísun til þeirra. Meiri hlutinn telur að með ákvæðinu sé tryggt til hins ýtrasta að túlkun samninganna verði í samræmi við Brussel-viðmiðin þannig að Íslendingum verði gert kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt. Sérstaklega er tilgreint í ákvæðinu að í þessu felist meðal annars að viðsemjendur Íslands verði við rökstuddri og málefnalegri beiðni um endurskoðun samninganna samkvæmt ákvæðum þeirra. Slíkur er skilningur meiri hluta nefndarinnar á Brussel-viðmiðunum.

Á fundum nefndarinnar kom fram gagnrýni á að ákvæði samninganna um takmörkun friðhelgisréttinda gengi lengra en venja væri í lánasamningum ríkisins. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að bregðast við þessu og leggur til að í 2. tölulið greinarinnar verði lögð áhersla á að staða Íslands sem fullvalda ríkis komi í veg fyrir að gerð verði aðför í þeim eignum ríkisins sem nauðsynlegar eru vegna hlutverks þess sem fullvalda ríkis. Sama eigi við um eignir íslenska ríkisins erlendis, þar á meðal eignir Seðlabanka Íslands, sem njóta verndar samkvæmt almennum reglum þjóðarréttar. Með ákvæði þessu er vísað til viðtekinna viðhorfa um það að fullnustugerð gagnvart íslenska ríkinu komi vart til álita. Í því sambandi má minna á 40. gr. stjórnarskrárinnar varðandi fasteignir sérstaklega. Eignir íslenska ríkisins erlendis tengjast fyrst og fremst starfrækslu utanríkisþjónustu og njóta verndar samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnmálasamband og meginreglum þjóðaréttar. Meiri hlutinn telur rétt að taka fram að samningsaðilar hafa staðfest með óformlegum hætti í tölvupóstum að ákvæði lánasamninganna feli ekki í sér takmörkun á þessum friðhelgisréttindum en telur rétt að taka af öll tvímæli um það með ákvæði þessu í breytingartillögunum. Þá telur meiri hlutinn einnig nauðsynlegt að kveða á um að hið sama eigi við um eignir Seðlabankans en einnig liggur fyrir óformleg staðfesting samningsaðila á því að þeir séu sammála þeim skilningi. Nær þetta þá til gjaldeyrisvarasjóða bankans einnig.

Þá leggur meiri hlutinn til að kveðið verði á um það í 3. tölulið að veiting ríkisábyrgðar samkvæmt lánasamningunum haggi í engu óskoruðum yfirráðum Íslands yfir náttúruauðlindum landsins og rétti handhafa íslensks ríkisvalds til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhalds á þeim. Telur meiri hlutinn í ljósi umræðu liðinna vikna um lánasamninganna, einkum varðandi ákvæði þeirra um bann við lagabreytingum er rýri getu ríkisins til að standa undir skuldbindingum samkvæmt samningunum, að nauðsynlegt sé til öryggis að ítreka þessa grundvallarreglu í íslenskri réttarskipan.

Í nefndarálitinu er viðamikill kafli um efnahagsleg viðmið. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur til að í nýrri 3. gr. verði fjallað um efnahagsleg viðmið og að í henni verði óbein tilvísun til framangreindra Brussel-viðmiða með þeim hætti að ríkisábyrgðin verði grundvölluð á því að fjárhagsleg byrði vegna hennar verði innan viðráðanlegra marka þannig að Íslandi verði gert kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt. Í endurskoðunarákvæðum samninganna er vísað til IV. greinar úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, samkvæmt samkomulagi um samþykktir sjóðsins frá 1945, með síðari breytingum, sem viðmiðs fyrir ósk um endurskoðun. Að mati meiri hlutans er nauðsynlegt að kveða nánar á um með hvaða hætti skuli óskað eftir slíkri úttekt og innan hvaða tímamarka. Meiri hlutinn leggur áherslu á nokkur atriði sem líta beri til við mat á forsendum til endurskoðunar á samningunum. Því er í 2. mgr. greinarinnar kveðið á um að tillit sé tekið til stöðu í þjóðarbúskapnum og ríkisfjármálum á hverjum tíma og mats á horfum í þeim efnum þar sem sérstaklega sé litið til gjaldeyrismála, gengisþróunar og viðskiptajafnaðar, hagvaxtar og breytinga á landsframleiðslu, svo og þróunar fólksfjölda og atvinnuþátttöku. Það er mat meiri hlutans að þessi atriði hafi beina tilvísun í Brussel-viðmiðin og séu þar af leiðandi þess eðlis að ætlast megi til þess af viðsemjendum að þau séu lögð til grundvallar í þessu samhengi.“

Ríkisábyrgðin grundvallast á því að fjárhagsleg byrði vegna hennar verði innan viðráðanlegra marka og hafa því tiltekin viðmið verið sett til að unnt sé að leggja mat á greiðslugetu þjóðarbúsins á hverju ári.

„Þannig er gert ráð fyrir að viðræður verði teknar upp um lánasamningana verði skuldaþol þjóðarbúsins og ríkissjóðs ósjálfbært.“

Í nefndarálitinu eru tilgreindir þrír mælikvarðar sem horfa skal til varðandi endurskoðunarákvæðin. Icesave-samningarnir verða greiddir í erlendri mynt, evrum og pundum, og byggjast á því að umtalsverður afgangur verði á vöruskipta- og þjónustujöfnuði. Til þess að ná fram nauðsynlegum afgangi þarf að auka útflutningstekjur og draga úr innflutningi. Forsendur þess að það takist er að hagvöxtur verði að meðaltali 3% á tímabilinu, gengi krónunnar muni styrkjast og að 75% endurheimtist af eignum Landsbankans hf.

Verði hagvöxtur hér á landi lítill má leiða að því líkum að þjóðarbúið geti átt í erfiðleikum með að afla þess gjald-

eyris sem þarf til að standa straum af greiðslum af Icesave-samningunum.

Gert er ráð fyrir að 75% eignanna í eignasafninu gangi upp í skuldina vegna Icesave-innstæðureikninganna. Óvissa ríkir þó enn um hversu mikið endurheimtist af eignunum og hvenær greiðslur muni berast. Verði endurheimtur umtalsvert lægri en 75% og tefjist greiðslur verður greiðslubyrðin þyngri og afla verður aukinna útflutningstekna.

Reiknireglan sem sett er fram í nefndarálitinu miðar við að Icesave-skuldbindingin sé greidd að fullu gangi forsendur Seðlabankans eftir varðandi hagvöxt, gengi og endurheimtur, en sett er þak á greiðslur ef forsendur ganga ekki eftir.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, starfandi varaformaður fjárlaganefndar í þessu máli, mun í sinni ræðu gera ítarlegar grein fyrir hinum efnahagslegu fyrirvörum og þeim reiknireglum sem miðað er við auk þess sem ég geri ráð fyrir að þeir sem áttu verulegan þátt í að móta þessar tillögur muni fjalla um þær í þingræðum á eftir.

Eins og áður hefur verið greint frá í áliti þessu hefur verið deilt um það hvort íslenska ríkið geti risið undir þeim álögum sem ríkisábyrgðin hefur í för með sér. Það er mat meiri hlutans á grundvelli fyrirliggjandi umsagna, m.a. frá fjármálaráðuneytinu, Seðlabanka Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, að ríkissjóður geti staðið undir ábyrgðinni. Að sama skapi er ljóst að ríkisábyrgðin verður íslenska ríkinu íþyngjandi og hugsanlegt er að greiðslubyrði einstakra ára reynist því ofviða. Þess ber að geta að aðeins ef svo ólíklega vildi til að hagvöxtur yrði enginn öll 15 ár lánatímabilsins væru forsendur lánasamninganna brostnar og mundi reyna á endurskoðunarákvæði þeirra að fullu. Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt og í fullu samræmi við forsendur samninganna að kveða á um hámark árlegrar greiðslubyrði.

Ef litið er á lagalegu viðmiðin leggur meiri hlutinn til að í nýrri 4. gr. verði kveðið á um lagaleg viðmið. Í 1. mgr. er fjallað um það álitaefni hvort ríkisábyrgðin byggist á lagalegum grunni eins og áður hefur verið bent á. Íslensk stjórnvöld hafa aldrei fallist á slíka lagalega skuldbindingu en hafa hins vegar talið nauðsynlegt að ljúka málinu með samningum á pólitískum grunni, m.a. í ljósi viðbragða alþjóðasamfélagsins. Með vísan til þessa er talið nauðsynlegt að árétta að enn sé óleyst það lagalega álitaefni hvort aðildarríki EES-samningsins beri ábyrgð gagnvart innstæðueigendum vegna lágmarkstryggingar þegar eignir tryggingarsjóða duga ekki til. Eins og áður hefur komið fram getur Ísland ekki einhliða knúið fram bindandi úrlausn. Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið að í framtíðinni kunni aðstæður að breytast með þeim hætti að samningsaðilar Íslands fallist á slíka meðferð málsins eða að leyst verði úr sambærilegu máli annars staðar í Evrópu og íslensk stjórnvöld muni þá leita leiða til að fá úr þessu álitaefni skorið. Því telur meiri hlutinn nauðsynlegt að kveða á um að ef þessi staða kemur upp skuli fara fram viðræður milli samningsaðila um áhrif þess á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins.

Í 2. mgr. er fjallað um áhrif mögulegra mismunandi aðferða við úthlutun úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. til eigenda innstæðukrafna. Fyrir liggur sú afstaða viðsemjenda að skylt sé samkvæmt Evrópurétti að gæta jafnræðis milli forgangskröfuhafa að þessu leyti. Jafnframt liggur fyrir að af hálfu íslenska ríkisins hafi verið byggt á því að rétt túlkun íslenskra laga væri í samræmi við þetta.

Eftir lok samningsgerðar hafa komið fram gagnstæð sjónarmið. Sumir lögfræðingar hafa fært fyrir því rök að samkvæmt íslenskum rétti skuli öðruvísi staðið að úthlutun þegar upphafleg krafa innstæðueiganda hefur verið framseld. Þeir telja að krafan gagnvart bankanum eða þrotabúi hans verði eftir sem áður ein þannig að við úthlutun upp í hana skuli eignir bankans fyrst renna til tryggingarsjóðsins og síðan, hrökkvi eignirnar til þess, til hins upphaflega innstæðueiganda eða þess sem komið hefur í hans stað.

Aðrir lögfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að líta verði svo á að hin upphaflega krafa skiptist við framsal hluta hennar í tvær eða fleiri sjálfstæðar kröfur. Samkvæmt íslenskum gjaldþrotarétti beri að meðhöndla þær sem slíkar og njóti þær því sömu réttarverndar. Engin heimild sé til að láta kröfu tryggingarsjóðsins njóta sérstaks forgangs í þessu tilfelli. Ekki hefur verið leyst úr þessu eða sambærilegu álitaefni fyrir íslenskum dómstólum.

Miklir hagsmunir eru tengdir niðurstöðu um það hvor túlkunin er rétt og telur meiri hluti fjárlaganefndar rétt að leyst verði úr þessu máli hjá þar til bærum úrskurðaraðilum. Miðað er við að tryggingarsjóðurinn hagi kröfulýsingu sinni þannig að reynt geti á þennan rétt frammi fyrir slitaeða skiptastjórn þrotabús Landsbanka Íslands, með málskotsrétti til héraðsdóms og Hæstaréttar og eftir atvikum að fengnu ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins.

Leiði þessi meðferð í ljós að framangreind grundvallarforsenda um jafnræði milli forgangskröfuhafa hafi verið röng telur meiri hlutinn að sanngjarnt sé og eðlilegt að málið sé tekið upp í viðræðum samningsaðila. Í slíkum viðræðum þarf að komast að sameiginlegri niðurstöðu um áhrif á lánasamningana fyrir alla aðila, þar með talið Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Framangreind tvö atriði í 1. og 2. mgr. greinarinnar eru grundvallarforsendur af því tagi að óhjákvæmilegt er annað en að kveða á um að Alþingi geti, fari viðræður ekki fram eða leiði ekki til niðurstöðu, tekið málið upp að nýju og takmarkað ríkisábyrgð samkvæmt lögunum í eðlilegu samræmi við tilefnið, sbr. 1. tölulið nýrrar 2. gr. um að samningsaðilar verði við rökstuddri og málefnalegri beiðni Íslands um endurskoðun samninganna samkvæmt ákvæðum þeirra. Rétt er að árétta sérstaklega að slíkar viðræður snúa ekki einvörðungu að ríkisábyrgðinni, heldur einnig að skuldbindingum tryggingarsjóðsins. Nauðsynlegt er að á endanum sé samræmi milli ríkisábyrgðarinnar og skuldbindingar sjóðsins.

Síðan er í þessari umfjöllun um breytingartillögurnar fjallað um endurskoðun lánasamninganna og kafli um eftirlit Alþingis. Hér er um gríðarlega stórar skuldbindingar að ræða og skiptir mjög miklu máli að Alþingi, og þá ekki hvað síst fjárlaganefnd, fái upplýsingar reglulega um framvindu málsins, hvernig endurheimtur verða og hvernig þróun þessarar skuldbindingar verður. Í því samhengi má kannski segja að ekki síður þarf að fylgjast með öðrum lánum sem ríkið hefur á sinni ábyrgð. Um þetta er fjallað sérstaklega í nefndarálitinu.

Síðan er sérstakt ákvæði sem fjallar um endurheimtur á innstæðum og var það látið fylgja með í frumvarpinu. Þar er einmitt fjallað um að í þessari 8. gr. verði tekið upp ákvæði er felur ríkisstjórninni að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að sjá til þess að sem mest endurheimtist af fjármunum sem lagðir voru inn á Icesave-reikningana. Meiri hlutinn telur þetta atriði samofið því að ná breiðri sátt í samfélaginu um að ríkið gangist í ábyrgð fyrir Icesave-skuldunum.

Að þessu sögðu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar skrifa undirritaður, Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, Árni Þór Sigurðsson, Ásmundur Einar Daðason, Bjarkey Gunnarsdóttir, Oddný G. Harðardóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson, og Þór Saari, með fyrirvara.

Það er einlæg von mín að Alþingi Íslendinga takist að ljúka þessu erfiða máli í sem mestri sátt og þar með komumst við eitt skref áfram í hinni nauðsynlegu uppbyggingu á okkar þjóðfélagi. Þar eru mikilvægustu verkefni næstu mánaða að tryggja atvinnu og gæta hagsmuna einstaklinga og heimila í þeim þrengingum sem fram undan eru, alls óháð Icesave-samningunum.

Ég ítreka þakkir til allra þeirra sem hafa unnið að þessu viðamikla máli.

[09:43]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir framsögu hans og þær skýringar sem hann hefur gefið á nefndaráliti meiri hlutans. Mig langar til að vekja athygli á mikilvægasta þætti málsins eins og það liggur núna fyrir þinginu með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar, efnahagslegu fyrirvörunum og þeim takmörkunum sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að gerðar verði á ríkisábyrgðinni. Nú skiptir öllu að menn séu sammála um túlkunina og skilninginn.

Er það ekki ábyggilega þannig að sú ríkisábyrgð sem meiri hlutinn leggur hér til að verði veitt er takmörkuð þannig að hún gildi ekki lengur en í líftíma lánasamninganna, þ.e. í mesta lagi til ársins 2024? Jafnvel þótt vísað sé til þess að viðræður þurfi að eiga sér stað ef þau atvik komi upp sem leiða til takmarkaðrar ríkisábyrgðar (Forseti hringir.) sé ljóst að engin ríkisábyrgð verði veitt án aðkomu Alþingis fram yfir þennan tíma?

[09:44]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er rétt að í samningunum er ákvæði um að ríkisábyrgðin gildi til ársins 2024. Það er almennt ákvæði í öllum þeim tillögum sem við höfum fjallað um og bara sett sem kurteisisviðmið að þar sem eitthvað bregði út af og reyni á þá fyrirvara sem við höfum sett skuli fara fram viðræður við samningsaðila og ef það leiði ekki til niðurstöðu komi þetta aftur til Alþingis. Það er Alþingi sem setur ábyrgðina, það er Alþingi sem ákveður hvað er gert ef hlutir ganga ekki eftir með þeim hætti sem áætlað er.

Það sem hv. þm. Bjarni Benediktsson er væntanlega að spyrja um er hvað verður ef eitthvað stendur út af miðað við efnahagslegu forsendurnar varðandi það ef ekki er búið að greiða upp lánið að fullu. Þar er reiknað með þessari sömu málsmeðferð, að leitað sé eftir samningum um það með hvaða hætti skuli ganga frá því, hvort þar skuli vera um að ræða niðurfellingu eða endurupptöku á lánunum. Ekki er kveðið nánar á um það (Forseti hringir.) í þessum atriðum hér.

[09:45]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil árétta skilning minn á þessari breytingartillögu. Hann er þessi: Ríkisábyrgðin er takmörkuð. Ef efnahagsþróunin á Íslandi verður með þeim hætti sem fjallað er um í breytingartillögunni nær ríkisábyrgðin einungis til þeirrar greiðslugetu sem við Íslendingar getum staðið undir miðað við þá þróun. Eigi sér stað einhverjar viðræður milli aðila eins og fjallað er um í breytingartillögunni og leiði þær til niðurstöðu, við skulum segja ef svo ólíklega vildi til að menn ætluðu að taka það sem út af stæði og ýta því á undan sér, þá er það minn skilningur að fyrir slíku samkomulagi sé engin ríkisábyrgð á grundvelli þessarar breytingartillögu. Þess í stað þurfi þá að koma að nýju til þingsins og leita ríkisábyrgðar vegna slíks samkomulags, þ.e. við meðhöndlum hér ríkisábyrgð sem tekur eingöngu mið af greiðslugetu (Forseti hringir.) íslenska ríkisins og ekki er veitt ríkisábyrgð fyrir neinu umfram það.

[09:46]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nokkuð ljóst að ekki er mikill ágreiningur um þetta. Hv. þingmaður nefndi einmitt að koma þurfi að nýju til þingsins ef leita á eftir frekari ríkisábyrgð eða öðrum breytingum. Eins og ég sagði áðan held ég að það sé sameiginlegur skilningur að þingið setur ábyrgðina. Það tekur fyrirvarana og skoðar þá aftur þannig að það verður engin sjálfvirk framlenging án umræðu í lok samningstímans.

[09:47]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti minnir á einnar mínútu ræðutíma.

[09:47]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Klukkan gengur. Við ræðum nú þetta mál sem hefur tekið ansi langan tíma og það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, að það skiptir máli að túlkunin sé skýr. Ég vil spyrja hv. þm. Guðbjart Hannesson hvort það sé ekki örugglega hans skilningur að hér séum við að hafna þeim samningi sem var skrifað undir og gera slíkar breytingar að það þýði alvöru breytingar á samningnum. Ég vil fá á hreint hvort það sé ekki túlkun hans eða hvort hann sé sammála forustumönnum ríkisstjórnarinnar sem hafa sagt að þetta sé allt saman innan samningsins, því það skiptir afskaplega miklu máli (Forseti hringir.) að menn hafi á hreinu hvað verið er að gera og að túlkun manna sé skýr.

[09:48]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í ræðu minni áðan reyndi fjárlaganefnd að fara þann veg að hleypa ekki öllu í uppnám. Það þýðir að ekki er verið að hafna samningunum sem slíkum heldur leita leiða til að setja mjög stranga fyrirvara samkvæmt þeim heimildum sem þar eru, eða við teljum okkur hafa þjóðréttarlega og sem Alþingi. Menn geta síðan túlkað sem svo að það felli ákvæðin en það felur ekki í sér að menn þurfi sjálfkrafa að setjast að samningaborði vegna þess að ég held að Bretar og Hollendingar eigi að geta samþykkt alla þessa fyrirvara sem hér hafa verið settir fram, hafandi sameiginlega hagsmuni af því að skuldbindingar Íslendinga verði greiddar. Þessar tvær þjóðir hafa þá sameiginlegu hagsmuni fyrst og fremst að fá sína peninga endurgreidda.

Þessir fyrirvarar eru mjög skýrir og afdráttarlausir en ég tel að það megi fá þá alla (Forseti hringir.) viðurkennda án þess að kallað verði til nýrra samningaviðræðna um það mál. Á það reynir í framhaldi af okkar samþykktum og þá kemur í ljós hver viðbrögð Hollendinga og Breta verða við þessum fyrirvörum þingsins.

[09:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég kalla ekki eftir því að nauðsynlegt sé að fara í aðra samninga ef þær þjóðir sem við stöndum í deilum við eru sáttar við okkar niðurstöðu og forsendur. Það skiptir hins vegar afskaplega miklu máli að þeir sem hafa forustu um þetta mál tali skýrt um hvort þessi samningur sem skrifað var undir, með þeim skuldbindingum sem hann felur í sér, sé þessi grundvöllur og það sem eigi að byggja á eða hvort við séum að setja skilyrði sem ekki er hægt að hlaupast frá. Það er stóra einstaka málið því ef það koma upp deilur um þessi mál í nánustu framtíð munu menn vilja vita hver túlkun forustumanna þingsins var sem og þeirra aðila sem um þetta mál fjölluðu.

Ég vil því fá skýr svör frá hv. þingmanni: Telur hann að ef til deilu kemur milli aðila, (Forseti hringir.) sé samningurinn sem skrifað var undir það plagg sem á að vísa til eða eru það fyrirvararnir sem ganga lengra?

[09:51]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að mér sé óhætt að svara þessari síðustu spurningu: Það eru fyrirvararnir sem ganga lengra. Alþingi setur fyrirvara og viðmið. Alþingi mun fjalla um það ef ekki næst samkomulag um hvað á að gera í þeirri stöðu og ákveður hvort ábyrgðin fellur niður í samræmi við ákvæði samningsins. Þetta á að vera mjög skýrt. Við teljum að það sé gert með þeim hætti, með því að veita aðilum aðkomu að því að ræða málin, að þetta eigi ekki að þurfa að hleypa málinu í loft upp. Það er kannski önnur meginforsendan en það er alveg klárt að fyrirvararnir eru settir til að þeir haldi.

[09:52]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Þingflokkur hv. þingmanns og hinn stjórnarflokkurinn, Vinstri grænir, samþykktu að veita ríkisstjórninni heimild til að skrifa undir samning sem þeir höfðu aldrei séð og ríkisstjórnin felur síðan hæstv. fjármálaráðherra að skrifa undir samning sem hún hafði jafnvel ekki séð. Þessar aðgerðir gera það að verkum að ég, sem er á móti því að greiða skuldir og innstæður hjá einkabönkum líkt og stór hluti þjóðarinnar, neyðist til þess að samþykkja þær tillögur sem nú hafa verið samþykktar og liggja fyrir Alþingi.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Telur hann rétt í ljósi allra þeirra upplýsinga sem borist hafa af þingflokki hans að fela ríkisstjórninni að skrifa undir samningana óséða og koma Alþingi í þá úlfakreppu sem það er í?

[09:53]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það hefur stundum einkennt þetta mál að menn hafa haft uppi fullyrðingar um aðkomu manna að málinu á ýmsum stigum. Ég kannast ekki við að þingflokkur Samfylkingarinnar hafi samþykkt samningana óséða. Þeir voru kynntir ítarlega. Það er hægt að gagnrýna þingflokkana eða þingmenn fyrir að hafa samþykkt þá en það var gert og þetta var sett inn í þingið. Þar hefur það fengið þinglega meðferð. Þegar við afgreiðum mál inn í þingið er það oft gert vegna þess að Alþingi hefur síðasta orðið og ræður því hver niðurstaðan verður. Þannig hefur það verið í þessu máli og það verður unnið út frá því að bæta málið. Margt af því sem kemur fram í fyrirvörunum tengist í sjálfu sér ekki samningnum öðruvísi en að viðhalda lagalegri óvissu.

Það var sameiginlegur skilningur þeirra þingmanna sem ég hlustaði á að það væri nauðsynlegt að komast áfram með þetta mál og ljúka því. Það átti sér langan aðdraganda og var búið að fara í ákveðið ferli eins og ég rakti (Forseti hringir.) áðan og mikilvægt var að klára málið. Þess vegna var það sett í hendur þingsins. Við höfum tekið okkur góðan tíma til að fjalla um það og niðurstaðan liggur hér á borðinu.

[09:54]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Heldur hv. þingmaður því fram að þingflokkur Samfylkingarinnar hafi fengið að sjá samninginn án þess að aðrir þingmenn fengju að sjá hann? Mér er ekki kunnugt um að aðrir þingmenn hafi fengið að sjá þennan samning sem þingflokkur hv. þingmanns veitti ríkisstjórninni heimild til að skrifa undir. Hann var nefnilega ekki kynntur neins staðar. Löngu seinna birtist hann á netinu, áður en þingmenn höfðu séð hann, og öll þau fylgiskjöl sem hafa nú verið birt. Í þessu ljósi felur þingflokkur hv. þingmanns, og hann væntanlega þar með, ríkisstjórninni að skrifa undir samning sem hefur sett okkur í þá stöðu að við getum hvorki samþykkt hann né fellt vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra þjóðarinnar er búinn að skrifa undir fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar Íslands. Ef við fellum það segja

útlendingar: Það er ekkert að marka þessa Íslendinga. Þetta er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir (Forseti hringir.) og þess vegna neyðumst við til að gera á því breytingar og samþykkja fyrirvara.

[09:56]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjargviðrast við hv. þingmann um aðdraganda þessa máls. Ég ber auðvitað ábyrgð á því að hafa hlustað á og fengið kynningu um samninginn og ekki gert athugasemdir við að hann yrði undirritaður. Það var í samræmi við það hlutverk sem samþykkt var með þingsályktunartillögu 5. desember að ganga ætti frá málinu og þar voru engin önnur ákvæði en að viðkomandi samninganefnd fengi til þess fullt umboð. Síðan var sett inn í samninginn, sem er auðvitað sjálfsagt, eðlilegt og nauðsynlegt, að samningurinn öðlaðist ekki gildi nema til kæmi ríkisábyrgð sem Alþingi fjallaði um og þar með fjallaði um samninginn í heild sinni. Nákvæmlega þetta gerðum við og árangurinn af því liggur fyrir. Ég tel því ekkert óeðlilegt við þessa málsmeðferð og enga ástæðu til að leggja mönnum til einhverjar hvatir eins og hér hefur komið fram.

[09:57]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við gerðum ýmis herfileg mistök í aðdraganda þessa máls. Um eitt af stærstu mistökunum er einmitt fjallað á bls. 4 í nefndaráliti meiri hlutans. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Icesave-samningarnir byggjast á þeirri meginforsendu að íslensk stjórnvöld höfðu ítrekað nokkrum sinnum í aðdraganda bankahrunsins að þau mundu standa við skuldbindingar samkvæmt tilskipun 94/19/EB og að yfirvöld styddu Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta til þess ef þörf krefði.“

Íslensk stjórnvöld, ríkisstjórnin sem sat í lok síðasta árs sagði ítrekað við Breta og Hollendinga að við ætluðum að borga og styðja við tryggingarsjóðinn ef þess gerðist þörf. Þetta er rétt.

En síðan kemur annað sem er rangt, virðulegi forseti. Þarna kemur fram að mikilvægt sé að hafa í huga að þessar yfirlýsingar voru gefnar áður en bankarnir féllu (Forseti hringir.) en síðan hafi spurningar vaknað um hvort ætti að standa við þetta. Þetta er alrangt. Þessar yfirlýsingar voru gefnar vegna spurninga Breta út af stöðunni sem var komin upp, rauðblikkandi ljósum. Ég vil spyrja framsögumann af hverju þessi söguskýring er röng. Þetta er kolrangt.

[09:58]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ef ég man þann texta rétt sem hér er vitnað í stendur þar mjög skýrum stöfum að vitnað sé í tvö bréf sem send voru fyrir bankahrunið 6. október. Þau eru skrifuð og þær yfirlýsingar eru gefnar áður en fyrir liggur að um allsherjarbankahrun sé að ræða. Í álitinu kemur jafnskýrt fram að síðar voru gefnar yfirlýsingar, og þær voru knúðar fram ef ég man rétt 14. nóvember, sérstakar yfirlýsingar um að við mundum standa við okkar skuldbindingar. Ég tel ekki að á neinn hátt sé rangt farið með málið. Það er rétt sem hv. þingmaður segir að það er vitnað bæði fyrir hrunið en það er líka ítrekað eftir hrunið.

Einnig má ítreka að þetta byggir allt á því uppleggi sem var ákveðið árið 1999 með því að stofna tryggingarinnstæðusjóðinn. Þær ræður sem þar voru fluttar eru auðvitað líka málsgögn í þessu máli. Ég held að þannig hafi allir flokkar komið að því að (Forseti hringir.) búa til það umhverfi sem hefur valdið okkur þeim vandræðum sem við erum í út af Icesave-samkomulaginu.

[09:59]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er afar mikilvægt að þetta atriði sé útkljáð í þingsal af því að það stendur réttilega í áliti meiri hlutans að Icesave-samningarnir byggist á þessari meginforsendu, þ.e. að íslensk stjórnvöld höfðu ítrekað sagt að við ætluðum að borga ef upp kæmi erfið staða í tryggingarsjóðnum. Þessi svör voru ekki send í tómarúmi eins og hér kemur fram í áliti meiri hlutans. Þau voru send af því að við vorum að fá spurningar. Við vorum spurð: Hvað ætlið þið Íslendingar að gera ef þessi staða kemur upp? Svörin eru: Við ætlum að borga. Þetta eru bréf frá 20. ágúst og 5. október og þau eru í þskj. 503, 227. mál, þannig að þeir sem vilja geta lesið þetta.

Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti, að við höldum þessari sögu ekki til haga. Í meirihlutaálitinu er gefið í skyn (Forseti hringir.) að svör stjórnvalda hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti í algeru tómarúmi. Það var ekki þannig. Ráðamenn og ráðherrar vissu (Forseti hringir.) talsvert áður en bankarnir hrundu að allt væri að fara á verri veg. Þess vegna spurðu Bretarnir og þess vegna svöruðum við.

[10:01]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við getum farið í langar söguskýringar um tilefni eða orsök bankahrunsins. Ég held að óhætt sé að fullyrða að okkur sem sátum við þetta borð og fjölluðum um stöðuna rétt fyrir bankahrunið grunaði ekki hvernig færi nákvæmlega. Ég held að menn hafi á þessum tíma fyrst og fremst gefið yfirlýsingar til að reyna að róa þjóðina og hindra að það yrði svokallað „run“ á bankana, þ.e. að menn færu að flytja innstæður sínar. Við fáum þó tækifæri til að skoða þetta frekar í framhaldinu. Heilar rannsóknarnefndir eru að athuga aðdraganda þessa hruns og þá mun hið rétta koma í ljós.

Tilgangurinn með því að taka þetta fram var að vekja athygli á því að þó að efast megi um lagalegu skuldbindingarnar voru ákveðnar siðferðilegar skuldbindingar við þessar yfirlýsingar sem gefnar voru. Það er megininntakið í áliti meiri hlutans og ég vona að það hafi komist skýrt til skila.

[10:02]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 1. minni

hluta fjárlaganefndar um 136. mál á þskj. 204, stjórnarfrumvarpi um ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Ég vil í upphafi máls míns færa formanni og varaformanni nefndarinnar sérstakar þakkir fyrir þrautseigjuna og mjög gott samstarf, svo og öðrum samverkamönnum í fjárlaganefnd í þeirri vinnu sem þar hefur farið fram. Sömuleiðis vil ég nota tækifærið og þakka starfsfólki nefndasviðs Alþingis fyrir þess frábæru störf. Það góða fólk hefur lagt nótt við dag í störfum sínum og gert þar með nefndinni fært að vinna með þeim hætti að þessu máli sem raun ber vitni. Kröfur ríkisstjórnarinnar og forustu Alþingis um hraða vinnslu þessa máls hafa verið slíkar að tæpast er til eftirbreytni eða sóma.

Deilan vegna uppgjörs Icesave-reikninganna er án efa eitt erfiðasta deilumál sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir frá lýðveldisstofnun. Allt frá því að Landsbanki Íslands hf. fór í þrot á haustmánuðum árið 2008 hefur deilan magnast. Strax og þrýstings frá innstæðueigendum í Bretlandi og Hollandi varð vart beittu stjórnvöld þar í landi öllum brögðum til að fá íslensk stjórnvöld til að gangast við skuldbindingum sem fullkomin óvissa var og er um hvort leggja eigi á herðar íslensks almennings. Bretar og Hollendingar hafa allar götur frá því í haust neitað Íslendingum um þann sjálfsagða rétt að leita lagalegrar niðurstöðu í deilunni. Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld hafi strax í upphafi lýst því yfir að þau muni ávallt standa við lagalegar skuldbindingar dugði það ekki Bretum og Hollendingum á annan hátt en þann að þessi stjórnvöld kröfðust þess af Íslendingum að þeir greiddu ýtrustu kröfur.

Fyrir utan lagalega óvissu beittu þjóðirnar Ísland gríðarlegum pólitískum þrýstingi þegar Íslendingar voru hvað viðkvæmastir fyrir. Meðan íslensk stjórnvöld börðust við að afla nauðsynlegs stuðnings frá alþjóðasamfélaginu vegna þess gríðarlega efnahagstjóns sem fall bankanna hafði í för með sér lögðu Bretar og Hollendingar stein í götu Íslendinga hvar sem þeir komu því við.

Í þessu andrúmslofti magnaðist deilan sem frumvarpinu er ætlað að taka á.

Afstaða 1. minni hluta til málsins helgast af brýnni nauðsyn þess að ná almennri alhliða sátt um málefni Landsbanka Íslands hf. og annarra íslenskra banka er stöðva þurftu starfsemi í októbermánuði 2008. Þá eru uppi miklar efasemdir hjá 1. minni hluta um gildi þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið og þarf að gera af hálfu íslenska ríkisins til að bregðast við því neyðarástandi sem leiddi af hruni bankanna.

Til þessa telst sú nauðsyn að tryggja sátt við breska og hollenska ríkið um stöðu þeirra og íslenska tryggingarsjóðsins við slitameðferð Landsbankans og uppgjör krafna á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda í kjölfar ákvarðana ríkjanna á árinu 2008 um að leysa til sín sparifjárinnstæður í útibúum bankans í Bretlandi og Hollandi.

Fyrsti minni hluti lítur svo á að umræddar ákvarðanir hafi verið teknar á ábyrgð hvors ríkjanna um sig, viðhald og framkvæmd tryggingakerfa á grundvelli laga og tilskipana þar að lútandi sé í reynd sameiginlegt vandamál þeirra ríkja sem hagsmuna eigi að gæta og raunar allra ríkja sem áhrif tilskipananna ná til. Markast afstaða 1. minni hluta til breytingartillagna meiri hluta nefndarinnar af þessu viðhorfi.

Áður en vikið verður nánar að efnisatriðum breytingartillagna þeirra sem fyrir liggja er nauðsynlegt í ljósi umfangs málsins að gera grein fyrir forsögu þess og þeim forsendum og röksemdum sem afstaða 1. minni hluta fjárlaganefndar byggir á.

Ljóst er af öllum gögnum málsins að frumvarpið mundi að óbreyttu hafa veruleg áhrif á lífsafkomu Íslendinga um langt árabil. Þeim skuldbindingum sem af því leiðir yrði einungis mætt með hærri sköttum, minni kaupmætti og samdrætti í þeirri öflugu velferðarþjónustu sem byggð hefur verið upp á undanförnum árum. Það er því ekki óeðlilegt að mikil umræða hafi átt sér stað um efni frumvarpsins um allt þjóðfélagið og sýnist sitt hverjum.

Samdóma álit allra þeirra sem um þessi mál hafa fjallað er að orsakir þess megi rekja til blöndu af blekkingarleik, aðgerðaleysi, mistökum og uppgjöf.

Vegna Evróputilskipunar var Íslandi gert að koma á fót innlánstryggingakerfi og stofna sérstakan Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta í því skyn. Sjóðnum var meðal annars ætlað að greiða þeim til baka sem áttu sparnaðarreikninga í íslenskum banka ef hann færi í þrot. Í tilskipuninni er hins vegar heimilt að neita bönkum um að stofna útibú ef fjárhagsstaða þeirra þykir gefa tilefni til. Eins og menn þekkja var Landsbankanum þó leyft að safna gífurlegum fjárhæðum í erlendum útibúum á svokallaða Icesave-reikninga í Bretlandi og Hollandi. Í aðdraganda og kjölfar hruns íslensku bankanna kom þetta mál svo fram með fullum þunga.

Þegar reynt var að greiða úr því voru samskipti við fjármálayfirvöld viðkomandi landa mjög merkt þeirri óvissu og að mörgu leyti risavöxnu viðfangsefnum sem við var að glíma og við það að halda efnahagslífi þjóðarinnar gangandi.

Skilaboðin frá ríkisstjórn Íslands, sérstaklega frá fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra, voru afar misvísandi. Viðskiptaráðherra virðist hafa fullvissað Breta lengi framan af um að íslenska ríkið ábyrgðist innstæðurnar á Icesave-reikningunum, líkast til með þeim afleiðingum að sífellt bættist á reikningana, en fjármálaráðherra var á öðru máli eins og fram kom í símtali hans við fjármálaráðherra Breta.

Margir virtir lögspekingar settu strax fram þau sjónarmið að hlutverk innlánatryggingakerfa samkvæmt reglum ESB-/EES-svæðisins ætti aldrei að takast á við allsherjarbankahrun, heldur aðeins fall einstakra banka. Sama sjónarmið kemur fram í skýrslum og yfirlýsingum frá Seðlabanka Evrópu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Veigamikil rök hnigu því strax frá upphafi að því að íslenska ríkið bæri ekki ábyrgð á skuldum vegna Icesave-reikninganna umfram þá upphæð sem var til reiðu í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta.

Hinn 14. nóvember 2008 verða ákveðin vatnaskil í þrátefli Íslendinga við bresk og hollensk stjórnvöld þegar skrifað var undir yfirlýsingu um svokölluð „umsamin viðmið“ til lausnar Icesave-deilunni.

Áður hafði að sjálfsögðu ýmislegt gengið á og er í því tilfelli rétt að nefna nokkrar dagsetningar:

6. október féllu bankarnir.

Óformlegar viðræður á milli Hollendinga og Íslendinga áttu sér stað þann 11. október.

Svokallaður Ecofin-fundur með fjármálaráðherra var haldinn 4. nóvember.

Loks komu Frakkar að þessari deilu og gengust fyrir því að aðilar næðu sátt um hin svokölluðu umsömdu viðmið sem stundum eru nefnd Brussel-viðmiðin. Það gerðist 14. nóvember.

Í kjölfar þess samkomulags var undirrituð ný viljayfirlýsing á milli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Íslendinga. Það gerðist 15. nóvember.

Hinn 5. desember samþykkti svo Alþingi tillögu til þingsályktunar þar sem ríkisstjórninni var falið að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar höfðu komið sér saman um. Laut þingsályktunartillagan fyrst og fremst að því að ríkisstjórninni skyldi falið að ganga til samninga við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innlánsreikninga Landsbankans í löndunum tveimur.

Mismunandi skilningur er lagður í þann áfanga í deilunni sem hér um ræðir. Oddvitar þeirrar ríkisstjórnar sem þá var við völd, þau Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, og Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, hafa sagt að með samþykki hinna umsömdu viðmiða hafi íslensk stjórnvöld tryggt aðkomu Evrópusambandsins að málinu. Þar með hafi Evrópusambandið orðið beinn aðili að samningaviðræðum landanna sem hafi verið afar mikilvægur áfangi því að regluverk sambandsins hafi þar verið lagt til grundvallar.

Núverandi hæstv. fjármálaráðherra leggur í leiðréttingu fjármálaráðuneytisins, sem dagsett er 25. júlí sl., þann skilning í málið að í fyrrahaust hafi íslensk stjórnvöld fallist á „að þeim bæri að greiða innstæðueigendum í Bretlandi og Hollandi hluta af innstæðum þeirra í Landsbanka Íslands (LÍ) í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins um innstæðutryggingar“.

Ég tek hins vegar undir túlkun og afstöðu hv. þm. Steingríms Jóhanns Sigfússonar, formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem birtist í *Morgunblaðsgrein* þann 24. janúar 2009, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þó má segja að enn sé örlítil vonarglæta eftir í málinu því enn á Tryggingarsjóður innstæðueigenda eftir að taka við skuldunum og tryggingarupphæðirnar eru því formlega séð enn á ábyrgð viðkomandi ríkja. Eins og undirritaður lýsti yfir við atkvæðagreiðslu um málið í þinginu 5. desember síðastliðinn lítur þingflokkur Vinstri grænna á samninginn sem riftanlegan eða ógildanlegan nauðungarsamning.“

Þessi afstaða er í fullu samræmi við afstöðu meiri hluta utanríkismálanefndar sem kom fram í greinargerð með þingsályktun Alþingis þann 5. desember en þar segir, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi var nefndin upplýst um þau meginsamningsmarkmið sem stjórnvöld hafa sett sér og fram kom að stöðu Íslands verði haldið á lofti í þeim viðræðum sem í hönd fara þannig að sem hagstæðust niðurstaða fáist fyrir Ísland. Leiði samningar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland er það sjálfstætt úrlausnarefni hvernig stjórnvöld og Alþingi vinna úr þeirri stöðu, en hin umsömdu viðmið fela ekki í sér að stjórnvöld afsali sér með einhverjum hætti lagalegri stöðu að þjóðarétti sem ríkið hefur í dag.“

Taka ber fram að ekki var farið að vinna á grunni þingsályktunarinnar fyrr en minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hafði tekið til starfa og skipað nýja samninganefnd þann 24. febrúar sl.

Lokaorð tilvitnaðrar *Morgunblaðsgreinar* eru hins vegar eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessa er mesta örlagastundin í Icesave-málinu í raun enn eftir. Enn er hægt að afstýra stórslysi fyrir íslenska þjóð. Taki Tryggingarsjóðurinn hins vegar við skuldunum er ljóst að þá verður ekki aftur snúið: Þá hefur þjóðin endanlega verið skuldsett á grundvelli pólitískra þvingunarskilmála sem ríkisstjórnin hafði ekki dug í sér til að standa gegn.“

Lok þessarar sögu þekkja allir. Stórslysinu varð ekki afstýrt, jafnvel þótt greinarhöfundur yrði í millitíðinni fjármálaráðherra.

Tækifærið til þess kom þann 26. janúar þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sprakk og ný ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar var mynduð til bráðabirgða 1. febrúar, í skjóli Framsóknarflokksins.

Ábyrgð á samningagerðinni vegna Icesave er á ábyrgð minni hluta stjórnarinnar en þann 24. febrúar var skipuð ný samninganefnd. Í erindisbréfi nefndarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Samninganefndin skal gera fjármálaráðherra grein fyrir framvindu samningaviðræðna eftir því sem þeim miðar áfram og leggja niðurstöður þeirra fyrir hann til endanlegrar samþykktar.“

Þegar fjármálaráðherra hafði farið með Icesave-málið í rúma fjóra mánuði í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur var kynnt niðurstaða samninganna, þ.e. föstudaginn 5. júní. Því miður varð hún nákvæmlega sú sem ráðherrann hafði áður talið fráleita og alls ekki koma til greina.

Hæstv. núverandi forsætisráðherra hefur sagt að þau drög að samkomulagi sem hafa verið kynnt séu mun hagstæðari hvað varðar lánstíma og vaxtakjör en áður hafi verið í boði. Tryggingarsjóður innlána gengur frá málinu með ríkisábyrgð, en vegna ábyrgðanna þurfi málið að fara fyrir þingið.

Orð hæstv. forsætisráðherra um „mun hagstæðari“ lán eru ósönn þegar litið er til þess sem Steingrímur J. Sigfússon lýsti í grein sinni þann 24. janúar sl. í *Morgunblaðinu.* Samningaviðræðurnar undir forustu Svavars Gestssonar skiluðu vissulega niðurstöðu. Hún var hins vegar ekki þess eðlis að nokkur ástæða sé til að fagna henni.

Hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir sagðist á Alþingi þann 23. júlí sl. gera sér grein fyrir því að Icesave-samningurinn hvíldi þungt á þingmönnum. Það væri hins vegar ekki kostur í stöðunni fyrir Alþingi að fella samninginn enda hefði verið skrifað undir hann með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þessi orð forsætisráðherra vekja óneitanlega upp hugrenningar um hlutverk Alþingis.

Það vekur því furðu að í skipunarbréfi nýju samninganefndarinnar hafi ekki verið vakin athygli á vilja Alþingis eins og hann birtist mjög skýrt í þingsályktunartillögunni frá 5. desember 2008 og áliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Þvert á móti virðist það hafa verið skilningur

þeirra sem voru í forsvari fyrir samninganefndinni að hennar verkefni hafi fyrst og fremst verið að semja um vexti og skilmála. Full ástæða er til að gagnrýna að framkvæmdarvaldið hafi með þeim hætti sniðgengið skýran vilja Alþingis í málinu.

Íslendingar höfðu aldrei og hafa ekki fallið frá þeirri lagalegu óvissu sem í málinu er og það var því frumskylda samninganefndar fjármálaráðherra að halda þeirri skoðun Alþingis Íslendinga á lofti. Ekki síður er ástæða til að nefna að þau sjónarmið sem hér að framan greinir voru einnig staðfest og viðurkennd af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fulltrúum íslenskra stjórnvalda, þáverandi fjármálaráðherra og seðlabankastjóra, í sameiginlegri viljayfirlýsingu framkvæmdastjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda frá 15. nóvember 2008.

Þar segir í 9. lið, með leyfi forseta:

„Ítrekuð er sú yfirlýsta stefna stjórnvalda að standa lagalega rétt að uppgjöri gagnvart innstæðueigendum og kröfuhöfum gömlu bankanna, hvort sem er í samræmi við íslensk gjaldþrotalög eða þjóðréttarlegar skuldbindingar. Íslendingar hyggjast virða allar lagalega réttarlagalegar skyldur sínar. Sé ekki samkomulag um það hverjar þær séu sé réttast að vísa slíkum ágreiningi til dómstóla eins og fram hefur komið á öðrum vettvangi.“

Þessi yfirlýsing skiptir að sjálfsögðu gríðarlega miklu máli fyrir alla umgjörð og vinnslu málsins. Því er rík ástæða til að gagnrýna harðlega að þessi hluti yfirlýsingarinnar skuli hvorki koma fram í greinargerð með frumvarpinu né í áliti meiri hlutans.

Sjálfstæðisflokkurinn stóð að þeirri þingsályktunartillögu sem samþykkt var í desember sl. og ber því á henni pólitíska ábyrgð. Það er hins vegar á ábyrgð þeirra sem tóku við málinu hverjar lyktir þess urðu. Þrátt fyrir þá viðurkenningu ábyrgðar hefur því verið haldið fram að svokallað „Letter of intent“ sem undirritað var í tíð fyrri ríkisstjórnar í nóvember sl. hafi bundið hendur samninganefndar við samningagerðina og því sé ábyrgðin á samningunum hennar.

Fram kom hjá formanni samninganefndarinnar á fundi fjárlaganefndar að þetta bréf hefði ekki haft áhrif eða truflað störf samninganefndar og væri eingöngu minnisblað.

Í vinnu fjárlaganefndar hafa ekki fengist fullnægjandi svör við því hvers vegna þeim sjónarmiðum sem þingsályktunin byggðist á var ekki fylgt.

Á heildina litið er vandséð að íslensk stjórnvöld hafi náð fram nokkrum þeirra samningsmarkmiða sem ætla má að þau hafi átt að leggja áherslu á að ná fram í samningaviðræðunum. Á hinn bóginn verður ekki betur séð en að viðsemjendur ríkisstjórnarinnar hafi náð fram öllum sínum samningsmarkmiðum. Raunar blasir við að viðsemjendur íslensku ríkisstjórnarinnar hafi tekið ákvörðun um hverjar skuldbindingar íslenska ríkisins væru vegna Icesave-reikninganna og að á þá ákvörðun hafi íslenska samninganefndin fallist.

Virðist ljóst að íslenska samninganefndin hafi gengið til viðræðna á þeim forsendum að íslenska ríkið væri greiðsluskylt vegna innlána á Icesave-reikningunum og því einungis samið um þau greiðslukjör sem fram koma í áðurnefndum samningum.

Sú ályktun er dregin af því og staðfest raunar í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar í 11. kafla hennar þar sem segir á bls. 13, með leyfi forseta:

„Heildarfjárhæð skuldbindinganna var því ekki samningsatriði heldur var verkefnið að semja um sem hagstæðasta skilmála.“

Ekki verður séð, eins og áður sagði, að sú nálgun sé í samræmi við þá þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 5. desember eða þá kynningu sem fram fór á hlutverki samninganefndarinnar þegar hún var skipuð. Samkvæmt þingsályktuninni ályktaði Alþingis einungis að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við stjórnvöld á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiða. Í þeim viðmiðum er hins vegar ekkert sem mælir fyrir um að Alþingi hafi litið svo á að íslenska ríkið væri greiðsluskylt, né heldur eru ákvæði samningsins í samræmi við þau umsömdu viðmið sem leggja skyldi til grundvallar. Þar við bætist að þeir skilmálar og þau kjör og sem samninganefndin samdi um og koma fram í samningunum eru svo afleit að á þau verður ekki fallist.

Afstaða ríkisstjórnarinnar var frá upphafi að ekki væri hægt að gera neina fyrirvara við ríkisábyrgðina. Þeir yrðu ávallt óásættanlegir og Alþingi bæri landi og þjóð til heilla að staðfesta ábyrgðina óbreytta. Verður að telja að hér hafi verið um að ræða algjöra rangtúlkun á hlutverki framkvæmdarvaldsins og þrískiptingu valdsins. Málið er samkvæmt stjórnarskrá á forræði þingsins og það er þingsins að samþykkja eða synja ríkisábyrgð á samningunum.

Fjárlaganefnd fékk frumvarpið, eins og áður sagði, til meðferðar þann 6. júlí. Það sem hefur gert vinnu nefndarinnar við frumvarpið erfiða er sú staðreynd að því sem næst á hverjum einasta fundi nefndarinnar komu fram nýjar upplýsingar sem kröfðust þess að nefndarmenn þurftu oft og tíðum að endurskoða afstöðu sína til ýmissa álitaefna í þessu umfangsmikla máli.

Þau efnisatriði samninganna sem þóttu sérstaklega aðfinnsluverð og mestar athugasemdir voru gerðar við í vinnu nefndarinnar eru eftirfarandi þættir:

Lagaleg óvissa varðandi ábyrgð ríkisins á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Svokölluð friðhelgisákvæði.

Efnahagsleg áhætta.

Vextir á lánum og upphaf vaxtatíma.

Lögsaga samninganna.

Gjaldfellingarákvæði.

Umsýslukostnaður.

Endurskoðunarákvæði samninganna.

Varðandi efnisatriði þessara álitamála leyfi ég mér að vísa til ítarlegs nefndarálits 1. minni hluta fjárlaganefndar sem mér skilst að hafi nú verið lagt fram.

Alþingi hefur val um mismunandi leiðir við afgreiðslu málsins. Þær áherslur hafa ráðið för að takmarka eða skilyrða ríkisábyrgðina með þeim hætti sem breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar gera ráð fyrir. 1. minni hluti telur í ljósi þess hversu margvíslegir fyrirvarar koma fram í breytingartillögum meiri hlutans ástæðu til að draga saman þýðingu þeirra í frumvarpinu í heild sinni.

Í 1. gr. er tiltekið að fyrirvararnir sem settir kunni að verða séu óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar.

Í 2. gr. eru settar fram eftirfarandi forsendur fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar; a. að lánasamningar verði túlkaðir í samræmi við hin umsömdu viðmið og samningsaðilar verði við rökstuddri og málefnalegri beiðni Íslands um endurskoðun samninganna samkvæmt ákvæðum þeirra; b. að staða Íslands sem fullvalda ríkis sé virt; c. að hvergi sé haggað við óskoruðum yfirráðum Íslands yfir náttúruauðlindum landsins.

Í 3. gr. breytingartillagnanna eru sett fram efnahagsleg viðmið sem eiga að takmarka greiðslubyrði lánasamninganna auk skilyrða um viðræður um áhrif þeirra viðmiða. Ef ekki er orðið við þeim óskum takmarkast ríkisábyrgðin nema Alþingi ákveði annað.

Í 4. gr. er í 1. mgr. skilyrt að fram skuli fara viðræður milli Íslands og viðsemjenda þess um áhrif niðurstöðu þar til bærs úrlausnaraðila varðandi ábyrgð Íslands á lágmarkstryggingu innstæðueigenda.

Í 2. mgr. 4. gr er áskilið að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta láti á það reyna fyrir þar til bærum úrlausnaraðilum hvort kröfur hans gangi við úthlutun framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu. Fari ekki fram viðræður samkvæmt þessum ákvæðum eða leiði þær ekki til niðurstöðu getur Alþingi takmarkað ríkisábyrgðina.

Í 5. gr. er kveðið á um að unnt sé að Alþingi geti samþykkt að óska eftir viðræðum um breytingar á lánasamningunum samkvæmt endurskoðunarákvæðum þeirra eigi síðar en 5. október árið 2015.

Virðulegi forseti. Til að forða því að Íslandi yrði stefnt í efnahagslegar ógöngur var þess freistað að leiða umræðuna á þá braut að ekki mætti samþykkja samningana óbreytta. Vinna fjárlaganefndar einkenndist af því að stöðugt fleiri sjónarmið voru uppi um galla á frumvarpi ríkisstjórnarinnar og þann skaða sem það óbreytt myndi valda þjóðinni. Af lagalegum álitamálum bar hæst að fullkomin óvissa er um það hvort við Íslendingar getum staðið undir þeim fjárhagslegu skuldbindingum sem af samningunum leiðir.

Það er ekki síst á grunni greiðslugetu þjóðarinnar sem 1. minni hluti taldi nauðsynlegt að reyna að koma í veg fyrir að ríkisábyrgðin á samningunum yrði samþykkt óbreytt. Þau hagfræðilegu álit sem fyrir liggja benda að vísu til þess að Ísland gæti greitt þessar skuldir.

Þó er rétt að taka fram að það er ekki einungis rétt að spyrja hvort Íslendingar geti staðið undir þeim greiðslum sem af samningunum kynni að leiða. Ekki síður er ástæða til að íhuga vandlega hvaða afleiðingar það kynni að hafa ef Íslendingar tækju á sig þær skuldbindingar sem samningarnir kveða á um. Í áliti Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, sem er fylgiskjal við álit 1. minni hluta fjárlaganefndar, kemur skýrt fram að þjóðin þyrfti að færa miklar fórnir yrði samþykkt óbreytt að veita ríkisábyrgð á Icesavesamningunum.

Í grófum dráttum má segja að Alþingi standi frammi fyrir fimm kostum við afgreiðslu málsins:

1. Samþykkja frumvarpið óbreytt og þar með ótakmarkaða ríkisábyrgð.

2. Hafna frumvarpinu og leita nýrra samninga.

3. Hafna frumvarpinu og láta reyna á réttarstöðuna.

4. Vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá.

5. Takmarka/skilyrða ríkisábyrgð á einhvern hátt

Af hálfu 1. minni hluta fjárlaganefndar var í öllu starfi nefndarinnar lögð áhersla á að samningarnir væru í reynd óaðgengilegir og að í frumvarpinu voru engar skorður reistar við því ofríki sem íslensk stjórnvöld voru beitt. 1. minni hluti færði rök fyrir því í vinnu nefndarinnar að hreinlegast væri að láta viðsemjendur okkar vita strax að Alþingi gæti ekki og mundi ekki samþykkja málið óbreytt.

Jafnframt hefur þeirri afstöðu þingflokks Sjálfstæðisflokksins verið haldið á lofti í nefndarstarfinu að hafna beri frumvarpinu eða vísa því til ríkisstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Undir það sjónarmið tók meðal annars lögfræðingurinn Lee Buchheit sem boðaður var sérstaklega á fund nefndarinnar undir lok starfsins.

Við meðferð málsins í fjárlaganefnd kom fljótlega í ljós að útilokað var að þingmeirihluti myndaðist til stuðnings framangreindum sjónarmiðum.

Fljótlega kom í ljós að hugmyndir stjórnarflokkanna um fyrirvara voru ófullnægjandi að mati stjórnarandstöðunnar og þess var freistað af fulltrúum allra flokka í fjárlaganefnd að skapa farveg fyrir ríka fyrirvara og ströng skilyrði ríkisábyrgðarinnar.

Niðurstaða meiri hluta fjárlaganefndar, sem nú er til umfjöllunar, er borin uppi af ríkisstjórnarflokkunum með aðkomu fulltrúa Borgarahreyfingarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur gegnt miklu hlutverki í að þessir fyrirvarar urðu til, ekki síst hinn efnahagslegi fyrirvari sem hefur einmitt það markmið að greiðslur vegna Icesave séu í samræmi við getu þjóðarbúsins almennt.

Vinna við frumvarp fjármálaráðherra um ríkisábyrgð vegna Icesave-reikninganna í fjárlaganefnd hefur einkennst af því að annar ríkisstjórnarflokkurinn hefur lengst af verið ófáanlegur til að gera sér grein fyrir göllum málsins. Þá var hinn ríkisstjórnarflokkurinn, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, klofinn í afstöðu sinni til málsins.

Sjálfstæðismenn hafa allt frá upphafi lýst fjöldamörgum göllum á málinu eins og að framan er rakið. Framan af var ófært að fá forustu ríkisstjórnarflokkanna til að fallast á að unnt væri að bregðast við þessum göllum. Vikum saman tók fjárlaganefnd á móti gestum sem bentu nefndarmönnum á galla í samningsgerðinni.

Hinn almenni borgari tók það upp hjá sjálfum sér að ígrunda málið og freista þess að hafa áhrif á ríkisstjórnarflokkanna svo forða mætti því stórslysi sem ella var í uppsiglingu. Sú gagnrýni sem hinir ýmsu sérfræðingar héldu á lofti var mjög í samræmi við þann málflutning sem sjálfstæðismenn höfðu uppi í fjárlaganefnd við vinnu málsins. Að lokum tókst að leiða ríkisstjórnarflokkunum það fyrir sjónir að málið yrði aldrei samþykkt í þeim búningi sem það var í.

Afstaða stjórnarandstöðunnar við þessa samninga lá strax fyrir og jafnframt það, sem er alvarlegra þegar meirihlutastjórn er við völd í landinu, að ekki var tryggur stjórnarmeirihluti fyrir málinu. Að mati þess sem hér stendur hefði ríkisstjórnin átt að ganga úr skugga um það áður en farið var til undirritunar samninganna að tryggur stjórnarmeirihluti væri í málinu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur talað fyrir því í allt sumar að ríkisstjórnin færi strax til þess að tala máli Íslendinga við

viðsemjendur, nágranna- og vinaþjóðir með skipulögðum hætti, enda ljóst að samningarnir væru í uppnámi. Þar var talað fyrir daufum eyrum. Það var og er mat Sjálfstæðisflokksins að aldrei sé mikilvægara en einmitt nú að rækta tengslin við nágrannaþjóðir og leiða þeim fyrir sjónir hvers konar afarkostir felist í þessum samningum. Því miður hefur ríkisstjórnin látið þetta mikilvæga verkefni undir höfuð leggjast.

Í nefndaráliti 1. minni hluta er tæpt á þeim leiðum sem tækar voru til að leiða málið í farsælan farveg. Að okkar mati hefði verið farsælast að hefja þegar viðræður við Breta og Hollendinga um þá stöðu sem uppi er á Alþingi vegna þessa máls með það að markmiði að afla fylgis við nýja samninga. Ef slíkir samningar hefðu ekki boðist hlyti þrautalendingin ávallt að vera sú að ríkið léti reyna á sinn lagalega rétt í málinu og að úr því fengist skorið hverjar skuldbindingar okkar væru.

Allt að einu varð niðurstaðan sú í fjárlaganefnd að setja skýra fyrirvara við ríkisábyrgðina. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki hluti af þeirri niðurstöðu, það eru ríkisstjórnarflokkarnir sjálfir, eins og áður gat, sem standa að henni með stuðningi Borgarahreyfingarinnar.

Engu að síður lýstu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd yfir stuðningi við þessar breytingartillögur en áskildu sér þó rétt til þess að leggja fram eða styðja aðrar tillögur sem væru til þess fallnar að styrkja málstað Íslands enn frekar.

Það er þýðingarmikið að ríkisstjórnarflokkarnir átti sig á að þeir fyrirvarar sem gerðir hafa verið við samningana fela í sér miklar breytingar. Ekki er ásættanlegt að ríkisstjórnin reyni að telja nágrönnum okkar, t.d. á Norðurlöndunum, trú um að þessir fyrirvarar breyti þeim í engu. Ríkisstjórnin hefur engar forsendur til að halda slíku fram meðan viðsemjendur okkar hafa ekki lýst afstöðu sinni til málsins. Ef ríkisstjórnin hefur einhverjar upplýsingar um afstöðu viðsemjenda okkar ber henni skylda til að skýra Alþingi frá því.

Af hálfu 1. minni hluta fjárlaganefndar er skýrt að hér er um slíkar breytingar að ræða, ekki síst hvað varðar greiðslur okkar samkvæmt samningunum, að viðsemjendur okkar verða að bregðast við því. Með því að setja ríkisábyrgðinni skorður er löggjafarsamkundan að senda framkvæmdarvaldinu og raunar viðsemjendunum einnig skýr skilaboð um þá samninga sem gerðir voru.

Miklu skiptir hver afstaða manna til þessara fyrirvara er og það er ekki æskilegt að uppi sé ágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu um gildi þeirra. Um þetta er það að segja, eins og svo margt annað í þessu máli, að einu gildir hvað þingmenn og flokkar segja hver við annan á Íslandi um efni og túlkun samninganna — niðurstaðan hlýtur alltaf að verða sú að það er afstaða viðsemjendanna sjálfra sem öllu skiptir.

Að lokum þykir mér rétt að árétta og minna á það álit 1. minni hluta fjárlaganefndar að Íslendingar verði hið fyrsta að fara fram á rannsókn á því hvernig það mátti vera að hægt var að misbeita Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í fyrrahaust í þágu þriggja aðildarríkja á kostnað eins.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er stofnun sem ekki tekur þátt í tvíhliða deilum og er ekki í anda stofnsamningsins sem samþykktur var í Bretton Woods í júlí 1944 að beita sjóðnum eins og gert var í fyrrahaust til að þvinga Ísland til að gangast undir að greiða fyrir þær skuldbindingar sem felast í frumvarpi ríkisstjórnarinnar vegna Icesave-samninganna.

Hæstv. forseti. Enn eru uppi ýmis álitamál og óvissa í tengslum við þetta mál. Viðbúið er að sú umræða sem hér er hafin í dag kalli fram sjónarmið og upplýsingar sem krefjast munu frekari umræðu. Með vísan til þess tel ég fullt tilefni til að málinu verði, að lokinni umræðu, vísað aftur til frekari umfjöllunar í fjárlaganefnd.

Að lokum vil ég geta þess að undir nefndarálit 1. minni hluta fjárlaganefndar rita auk þess sem hér stendur hv. þm. Ólöf Nordal og Ásbjörn Óttarsson.

[10:36]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að eiga orðastað við hv. þm. Kristján Þór Júlíusson. Nú er ágreiningur á milli sjálfstæðismanna og ríkisstjórnarflokkanna varðandi hvort fyrirvararnir rúmist innan samningsins sjálfs eða ekki. Í gr. 13.1.1 í breska samningnum segir t.d., með leyfi forseta:

„Aðeins er heimilt að gera breytingar á samningi þessum, bæta við hann eða falla frá honum með skriflegu samkomulagi milli samningsaðila.“

Að auki er samkvæmt breskri réttarvenju það eitt hluti af samningnum sem í honum stendur.

Hvernig lítur hv. þingmaður á þessa túlkun? Er þessi fyrirvaravinna öll óþörf eða lítur þingmaðurinn svo á að Bretar og Hollendingar þurfi ekki að rita undir samninginn með fyrirvörum áður en Alþingi samþykkir ríkisábyrgð svo að sameiginlegur skilningur þjóðanna sé að um samning sé að ræða sem fyrirvararnir rúmast innan? Ég bið hann vinsamlegast um að svara því.

[10:38]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Ég undirstrika það álit mitt að Alþingi Íslendinga hafi ekkert með samningsgerð vegna þessa máls að gera að öðru leyti en því að það frumvarp sem hér liggur fyrir krefst þess að Alþingi staðfesti ríkisábyrgð þá sem í umboði ríkisstjórnarinnar er skrifuð inn í samninga Breta og Hollendinga við Íslendinga.

Ég álít að það sé viðsemjendanna að meta hvort sú skilyrðing, takmarkanir og fyrirvarar sem Alþingi og meiri hluti fjárlaganefndar hefur sett fyrir ríkisábyrgðinni falli að þeirri grein sem hv. þingmaður vitnaði til í máli sínu. Mitt mat, miðað við hvernig orðalag þessarar samningsgreinar hljóðar, er að þeir fyrirvarar sem hér liggja fyrir í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar kalli óhjákvæmilega á að ríkisábyrgð sú sem yrði staðfest með þeim fyrirvörum sem hér um ræðir sé ekki sú sama og samninganefndirnar komu sér saman um.

[10:39]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samningurinn er þannig gerður að

hann tekur ekki gildi nema Alþingi samþykki á hann ríkisábyrgð. Um það snýst þetta mál eins og hv. þingmaður kemur inn á.

Það sem mig langar til að fá skýrar fram hjá talsmanni Sjálfstæðisflokksins í þessu máli er hvort Sjálfstæðisflokkurinn hafi gert sér grein fyrir því að með því að vísa í að fyrirvararnir séu ekki inni í samningnum heldur tilboð um nýjan samning til Breta og Hollendinga — og þar með um leið og samningurinn tekur gildi með ríkisábyrgð án þess að Hollendingar og Bretar skrifi undir samninginn — fellur samningurinn strax í breska lögsögu og um samninginn gilda bresk lög — þá er ekkert skjól í okkar íslensku lögum sem ríkisábyrgðin er veitt á og því síður í íslenskri stjórnarskrá varðandi eignarréttarákvæðið og önnur ákvæði í stjórnarskránni.

Ég spyr því þingmanninn á ný: Hafa sjálfstæðismenn farið vel yfir það (Forseti hringir.) hvort samningurinn taki gildi eða ekki og hvort þessir fyrirvarar rúmist innan samningsins? (Forseti hringir.) Hvort það sé þá ekki bara einföld ríkisábyrgð á samningnum og Bretar og Hollendingar (Forseti hringir.) vísi burtu fyrirvörunum?

[10:41]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nei, ég er ekki á þeirri skoðun sem hv. þingmaður hélt hér fram. Ég vitna enn og aftur til þeirra breytingartillagna sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur sett fram. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst yfir stuðningi við að þar er skrifað inn í textann að fyrirvararnir sem settir verði við ríkisábyrgðinni séu óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar. (Gripið fram í.) Þar af leiðandi lít ég svo á að það sé sjálfstætt úrlausnarefni Breta og Hollendinga hvort þeir meti þá tryggingu gilda, sem þeir ekki fá að því gefnu að þessar breytingartillögur verði samþykktar.

[10:42]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni fyrir mjög góða yfirferð og ágæta ræðu. Icesaveinnlánin voru eins konar illgresi í garði fjármálanna. Fjármálaeftirlitið átti að fylgjast með og uppræta það illgresi en gerði ekki sem skyldi. Vegna þeirrar umræðu um ábyrgð stjórnmálaflokka, sérstaklega Sjálfstæðisflokksins sem hljómar eins og hann verið einn í stjórn í 18 ár, langar mig til að spyrja hv. þingmann og skerpa á þeirri forsögu sem hann fór í gegnum, hver hafi verið viðskiptaráðherra og þar með yfir Fjármálaeftirlitinu á þeim tíma sem illgresið óx hvað hraðast í Hollandi og Bretlandi. Kannski gæti hv. þingmaður upplýst okkur um úr hvaða flokki sá hæstv. viðskiptaráðherra var. (**Gripið fram í:** Flokkum.) Flokki. Þegar illgresið óx sem hraðast í Hollandi, það er árið 2008. (**Gripið fram í:** Já, 2008.)

Mig langar líka til að spyrja hv. þingmann hvort honum sé kunnugt um hver hafi verið formaður Fjármálaeftirlitsins og jafnframt í bankaráði Seðlabanka Íslands á þeim tíma sem illgresið óx hvað hraðast í Hollandi því að það gerðist á þremur mánuðum, í júní, júlí og ágúst á sl. ári.

[10:43]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Undir ræðu félaga míns og vinar, hv. þm. Péturs H. Blöndals, leið mér eins og ég væri í spurningakeppninni Gettu betur. Svör mín við þessu eru eftirfarandi: Björgvin G. Sigurðsson var viðskiptaráðherra og Jón Sigurðsson held ég að hafi verið stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins. (**Gripið fram í:** Tvö stig.)

[10:44]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er ekki ánægður með þetta svar [Hlátur í þingsal.] því að hv. þingmaður gleymdi að segja mér úr hvaða flokki þeir væru. [Hlátur í þingsal.] Ég hef nefnilega fengið hæstv. utanríkisráðherra til þess að viðurkenna að hann hefði verið í þessari stjórn. Hann hefur viðurkennt það nú þegar hér í sölum Alþingis.

Mig langar til þess að benda á að það var viðtal við formann Fjármálaeftirlitsins í blaði sem hét *Moment,Landsbanki Magazine*, sem var fréttabréf Landsbankans. Það birtist í maí í fyrra og þar stendur í fyrirsögn: „Finances of the Icelandic banks are basically sound.“ Svo ég þýði það yfir á íslensku: Fjárhagur íslensku bankanna er í grunninn heilbrigður. Þetta segir formaður Fjármálaeftirlitsins og hann er titlaður sem slíkur. (**Gripið fram í:** Hvað gerir sá maður í dag?) Hann segir þetta í fréttablaði banka sem hann á að hafa eftirlit með. Á sama tíma vissi hann að þeir voru ekki heilbrigðir.

[10:45]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hafði svarið ekki alveg fullkomlega rétt. Ég skýt á að þessir ágætu heiðursmenn hafi verið og séu samfylkingarmenn, fylgi þeim flokki að málum. (**PHB:** Voru þeir í ríkisstjórn?) Ég vona að ég botni þetta þar með. Þeir voru í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum og í sameiningu bera þeir ábyrgð á þessu máli öllu saman eins og raunar allir stjórnmálaflokkar á Alþingi, hver með sínum hætti, nema Borgarahreyfingin. Svo að það liggi hér fyrir tengjast allir flokkar á Alþingi, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin og Vinstri grænir, þessu máli með þeim hætti að þeir bera ábyrgð með Samfylkingunni á þeim samningum og þeirri ósk um ríkisábyrgð sem nú liggur fyrir Alþingi. (Gripið fram í.)

[10:46]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það er athyglisvert og í raun lýsi ég ánægju minni með að hv. þm. Pétur Blöndal skuli hafa látið rifja þessa hluti hér upp því þeim hefur kannski ekki verið haldið nægilega á lofti.

Það sem ég velti fyrir mér er, og kannski hv. þingmaður sem ég veiti andsvar geti svarað því: Hvernig getur Sjálfstæðisflokkurinn í raun tekið málið út úr nefnd með þeim hætti sem hann gerir og talað svo eins og gegn málinu? Það er svolítið sérstakt að standa að því að taka þingmál út úr

nefnd, vera meiri hluti og taka málið út, og síðan túlkar sá flokkur málið með allt öðrum hætti en meiri hlutinn gerir í rauninni eða stjórnarflokkarnir. Það er eins og þessir flokkar hafi ekki talað saman þegar samþykkt var að taka málið út úr nefndinni. Þetta er túlkað á annan hátt hjá Sjálfstæðisflokknum, þ.e. að þessir samningar haldi ekki og þetta þýði nýja samninga, á meðan hinn hópurinn sem stóð í að taka þetta út úr nefndinni túlkar það þannig að þetta rúmist innan samningsins. Hvar liggur þessi munur?

Ljóst er og það hefur komið hér fram að flestir stjórnmálaflokkar bera mikla ábyrgð í þessu máli og við erum þar ekki undanskilin, nema Borgarahreyfingin. Sjálfstæðisflokkurinn ber gríðarlega ábyrgð á því hvernig staðið var að málum hér í upphafi ásamt Samfylkingunni, í hvaða farveg málið fór þegar hrunið varð. Ég lýsi því yfir og vil segja hér að það eru mikil vonbrigði hvernig það þróaðist.

Ég tek undir það sem hv. þingmaður nefndi hér í sinni ræðu að það þarf að rannsaka þátt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í þessu máli og full ástæða er til að skoða og rannsaka hvaða kúgunum hefur verið beitt, hvernig stendur á þessum misskilningi eða sitt hvorri túlkuninni hjá þeim aðilum sem tóku málið út úr nefnd. Ég lít svo á að það hafi verið mikil mistök (Forseti hringir.) að taka málið út úr nefnd með þessum hætti.

[10:49]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er þeim ósköpum gæddur að hafa ekki fullan skilning á þankagangi þess fólks sem aðhyllist aðrar stjórnmálaskoðanir en ég, þannig að það er kannski til of mikils ætlast að ég sé í svörum fyrir það en skilningur okkar sjálfstæðismanna í þessum efnum er skýr. Við höfum með fjárlaganefndinni allri gengið þann veg, úr því að meiri hluti alþingismanna leitaði eftir þeirri sátt, að reyna að bæta málið að okkar mati frá því það kom fyrst fyrir þingið. Við erum sammála um það, 1. minni hluti fjárlaganefndar, að miðað við þann farveg sem málið fór í eru þær breytingartillögur til stórra bóta á því frumvarpi sem ríkisstjórnin lagði hér fyrir. Við höfum þennan skilning afdráttarlausan. Aðrir hafa aðra sýn á þetta eins og hér hefur komið fram í umræðum nú þegar í fyrirspurnum til formanns fjárlaganefndar. Þetta er okkar skilningur en svör við þessu getum við ekki gefið hér. Eins og kom fram í ræðu minni er það viðsemjendanna að svara þessari spurningu.

[10:50]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir svarið. Lokaorðin í ræðu hans eru einmitt það sem veldur mér áhyggjum. Er hægt að samþykkja þessa fyrirvara og þessa ríkisábyrgð án þess að túlkun viðsemjendanna liggi fyrst fyrir? Getum við samþykkt hér hluti sem við höfum ekki hugmynd um hvernig verða túlkaðir af þeim sem við erum að semja við? Ég ætla ekki að velta því upp hvernig menn geta túlkað þetta en ég vil koma því á framfæri að ég hef miklar áhyggjur af þessu.

Mig langar líka að spyrja í ljósi þeirra orða sem hér hafa fallið: Getur Sjálfstæðisflokkurinn í raun stutt þá ríkisábyrgð sem hér er farið fram á ef flokkurinn telur að fyrirvararnir gangi ekki nógu langt og óljóst sé hvernig viðsemjendur okkar muni túlka þetta? Þetta skiptir miklu máli.

[10:51]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Enn þá gefst færi til þess að fá svör við þessum spurningum. Málið er á forræði ríkisstjórnarinnar og þetta er 2. umr. um málið. Það er hennar að svara því og axla ábyrgð á því hvernig málið kemur til atkvæðagreiðslu hér. Hvernig þátttaka Sjálfstæðisflokksins í henni verður liggur ekki fyrir enn. Málið er enn ekki komið til enda, það skýrist þegar þar að kemur.

Ég vona að þetta svari þeim spurningum sem hv. þingmaður beindi til mín.

[10:52]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 2. minni hluta í máli nr. 136 um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., svo forminu sé haldið til haga.

Áður en ég fer efnislega í minnihlutaálitið vil ég taka fram að vinna við álitið hefur staðið núna í nokkra daga langt fram á nótt og lá álitið ekki fyrir fyrr en snemma í morgun. Ég vil nota tækifærið og að þakka þeim riturum sem minni hlutinn hafði aðgang að, þeir hafa unnið framúrskarandi verk og í rauninni gengið lengra en ætlast má til af þeim.

Icesave-samningarnir eru óaðgengilegir fyrir Ísland. Má segja að þeir endurspegli fjölmörg þeirra mistaka sem stjórnvöld hafa gert bæði í aðdraganda bankahrunsins og í kjölfar þess. Eru þar fáir undanskildir. Um leið og þeir endurspegla slæma stöðu þjóðarinnar er veiting ríkisábyrgðar á samningana ein stærsta ákvörðun sem Alþingi Íslendinga hefur staðið frammi fyrir. Ákvörðunin sem slík bindur þjóðarbúið næstu tvo áratugina og mun hafa mikil áhrif á þau lífskjör sem þegnum landsins bjóðast á þeim tíma.

Að því sögðu var þeim mun mikilvægara að Alþingi gæfi sér góðan tíma til að skoða málið frá öllum hliðum þess, velta við hverjum steini og reyna með öllum tiltækum ráðum að fá aðstoð færustu sérfræðinga sem völ er á, sem aldrei mætti velkjast í vafa um að væru hlutlausir í afstöðu sinni.

Stjórnvöldum reyndist ómögulegt að uppfylla þá sjálfsögðu kröfu að almenningur í landinu fengi að sjá samningana. Það var ekki fyrr en samningarnir birtust í fjölmiðlum að stjórnvöld birtu þá fyrir sitt leyti. Það er einnig sorglegt til þess að hugsa að sterkar vísbendingar benda til þess að ekki hafi átt að sýna þingmönnum samningana. Dapurlegra er einnig að hugsa til þess að einstakir þingmenn lýstu sig reiðubúna til að samþykkja samningana án þess að hafa séð þá.

Tregðu stjórnvalda til að upplýsa málavexti var þó ekki

lokið. Þrátt fyrir fullyrðingar einstakra ráðherra um að öll skjöl væru fram komin var hulunni svipt af áliti virtrar breskrar lögmannsstofu, Mishcon De Reya, sem gefið hafði álit sitt á réttarstöðu Íslands. Fleiri gögn komu upp sem ekki höfðu verið lögð fram. Þau áttu það öll sammerkt að varpa ljósi á hversu illa hafði verið staðið að samningunum við Hollendinga og Breta.

Til að bæta um betur ákvað ríkisstjórnin að sum skjöl mættu ekki koma fyrir augu almennings. Voru þau sett í svokallaða leynimöppu sem alþingismenn einir höfðu aðgang að. Efnisyfirlit þeirrar möppu er birt sem fylgiskjal með álitinu. Eftir mikla baráttu 2. minni hluta sem og annarra þingmanna í minni hluta fjárlaganefndar fékkst leyndinni aflétt af hluta þessara gagna.

Fjárlaganefnd hefur varið drjúgum tíma í yfirferð málsins. Það ber að þakka. Mikill fjöldi skjala liggur fyrir og fjöldi gesta hefur komið fyrir nefndina. Það verður þó að benda á að einstakir fulltrúar meiri hlutans hafa stigið fram og gagnrýnt hvað málsmeðferðin hefur tekið langan tíma. Var fullyrt að þingmenn ættu að leggja niður störf og samþykkja ríkisábyrgðina án fyrirvara. Sem betur fer varð það ekki niðurstaðan.

Annar minni hluti barðist allt til enda fyrir upptöku samninganna. Einnig vann 2. minni hluti ásamt öðrum nefndarmönnum að fyrirvörum við ríkisábyrgðina. Það varð svo lendingin þrátt fyrir að að okkar mati hafi ekki verið gengið nógu langt.

Sú barátta sem 2. minni hluti stóð í í þessu mikla hagsmunamáli gerði það að verkum að sú niðurstaða sem við stöndum nú frammi fyrir er langtum betri en sú niðurstaða sem í stefndi í upphafi málsins. Mun þjóðin njóta þeirrar baráttu þótt lengra hefði þurft að ganga til að halda uppi góðum lífskjörum hér á landi.

Meiri hluti fjárlaganefndar ákvað að afgreiða málið frá nefndinni um miðja aðfaranótt laugardagsins 15. ágúst sl. Það var gert þrátt fyrir að enn þá lægju fyrir beiðnir um að fá gesti fyrir nefndina og fleiri gögn sem varpað gætu betra ljósi á málið. Sérstaklega er gagnrýnisvert að upplýsingar um eignir þrotabús Landsbanka Íslands hf. liggja ekki enn þá fyrir hjá nefndinni. Hafa komið fram upplýsingar um að Hollendingar og Bretar hafi aðgang að þessum upplýsingum sem og hinn íslenski innstæðutryggingarsjóður. Það þarf nefndin að kanna betur. Þá sýnir það svart á hvítu að ekki reyndist áhugi hjá meiri hlutanum í reynd á að ná sameiginlegri niðurstöðu allra flokka á Alþingi þar sem ekki var vilji hjá meiri hlutanum til að gefa 2. minni hluta frekari tíma til að vinna að fyrirvörum.

Í nefndaráliti þessu er reynt að varpa ljósi á þá mörgu fleti og álitamál sem upp hafa komið varðandi Icesave-samningana. Aðdragandinn er rakinn og varpað er ljósi á þá atburði og ummæli sem leiddu til samningaviðræðna við Hollendinga og Breta. Liggur ljóst fyrir og er samstaða um það í fjárlaganefnd að yfirlýsingar ráðamanna í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins bundu þjóðina ekki til að greiða Icesave-skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. Því vakti það furðu mína að formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Guðbjartur Hannesson, skyldi hafa sagt hér áðan að þó að það væri samstaða um að lagalega skyldan væri ekki fyrir hendi liti hann svo á að siðferðisleg skylda væri fyrir hendi. Það eru nýjar upplýsingar, hæstv. forseti.

Varpað er ljósi á hvort veita eigi ríkisábyrgðina eða hvort greiða eigi eingöngu þá fjárhæð sem fyrir var í innstæðutryggingarsjóðnum við bankahrunið, en virtir fræðimenn hafa bent á að engin ríkisábyrgð hafi verið til staðar samkvæmt Evróputilskipun nr. 94/19/EB, um innstæðutryggingar. Samningaferillinn er rakinn sem og skipan nefndarinnar. Þá er aðdragandinn að samþykki samninganna rakinn og gagnrýndur. Nokkuð ítarlega er farið í þau ákvæði Icesave-samninganna sem valdið hafa hvað mestum deilum. Dylst engum að þau eru eingöngu til hagsbóta fyrir Hollendinga og Breta. Einnig er ágreiningur um hvort þjóðinni sé gert að greiða meira en hún gæti hugsanlega verið skuldbundin til lagalega. Hleypur mismunurinn á hundruðum milljarða króna og um gríðarlega hagsmuni er að ræða. Í lokin er fjallað um þá fyrirvara sem meiri hlutinn hefur samþykkt að gera við ríkisábyrgðina auk þess sem farið er yfir þær breytingartillögur sem 2. minni hluti hyggst leggja fram. Ég mun á eftir fara yfir þær breytingartillögur í ræðu minni. Ég vil taka það fram að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða en einnig er fjallað um fjölmarga aðra þætti sem varpa ljósi á málið í heild sinni. Álitið er samt nokkuð ítarlegt og á að varpa skýrri mynd á hvað gerst hefur á þeim tíu mánuðum frá því að bankahrunið átti sér stað.

Það er skýr afstaða 2. minni hluta í fjárlaganefnd og Framsóknarflokksins í heild sinni að hreinlegast og skynsamlegast hefði verið þegar fyrir lá að samningarnir yrðu ekki samþykktir í sinni upprunalegu mynd að leggja samningana til hliðar og semja upp á nýtt við Breta og Hollendinga. Um það er samstaða í þingflokki framsóknarmanna. Undir það sjónarmið tók Lee Buchheit. Taldi hann fullvíst að vel yrði tekið í þá beiðni þar sem hagsmunir Íslendinga, Hollendinga og Breta væru að mörgu leyti sambærilegir og því hefðu þessar þjóðir ríka hagsmuni af því að Íslendingum vegnaði vel. Helstu rökin sem komið hafa fram gegn þessari leið eru að stjórnvöld hafi óttast að slíkt kynni að hleypa aðildarviðræðum um ESB í uppnám. Einnig var þeim sjónarmiðum haldið á lofti að innstæðutryggingarsjóðurinn yrði, ef þessi leið yrði farin, gjaldþrota um leið og greiðsluskylda hans hæfist. Sú fullyrðing stenst ekki nánari skoðun þar sem skýrt er tekið fram í Icesave-samningunum að þeir taki ekki gildi fyrr en Alþingi hefur veitt ríkisábyrgð á samningana. Á það hefur verið bent fyrr í álitinu. Sjóðurinn getur því haldið sömu stöðu og hann hefur í dag. Hann greiðir því einungis það sem í honum er og Bretar og Hollendingar þurfa því að leita réttar síns fyrir þartilgerðum dómstól, telji þeir að sjóðnum beri skylda til að greiða meira. Það eru sjónarmið sem íslenska samninganefndin átti að hafa í huga, að það væri alltaf Breta og Hollendinga að gera kröfu um að sjóðurinn mundi borga eins og þeir töldu að hann ætti að borga. Því hefur verið snúið á hvolf í umræðunni og sagt að Íslendingar gætu ekki leitað úrlausnar um þetta ágreiningsatriði.

Á þeim forsendum sem ég lýsti hér áðan hófu framsóknarmenn viðræður við meiri hlutann með það að leiðarljósi að leiða fram hvort vilji væri fyrir hendi að ná fram sameiginlegri niðurstöðu. Á fundi fjárlaganefndar var ákveðið að fá hóp lögfræðinga undir forustu Eiríks Tómassonar laga-

prófessors til að vinna tillögur úr annars vegar hinum svokölluðu „Ögmundarfyrirvörum“ sem 2. minni hluti lýsti sig fyrir sitt leyti tilbúinn að samþykkja. Átti 2. minni hluti einnig drjúgan þátt í þeim fyrirvörum. Þegar niðurstaða lögfræðingahópsins lá fyrir kom í ljós að ekki voru teknir inn í það skjal allir þeir fyrirvarar sem fram komu í tillögunum og mikið hafði verið dregið úr vægi þeirra fyrirvara sem þó voru inni. Framsóknarflokkurinn eða 2. minni hluti lýsti sig hins vegar reiðubúinn til að samþykkja þá efnahagslegu fyrirvara sem unnir höfðu verið af hópi þingmanna úr öllum flokkum og að þeir gengju nægilega langt. Tekið skal fram að í áliti meiri hlutans hefur enn á ný verið dregið úr vægi þeirra efnahagslegu fyrirvara sem þingmannahópurinn lagði fram.

Snemma varð ljóst að samkomulag hefði náðst milli allra flokka fyrir utan Framsóknarflokk að sætta sig við niðurstöðu úr vinnu lögfræðingahópsins.

Annar minni hluti tekur undir margt af því sem kemur fram í meirihlutaáliti um fyrirvarana. 2. minni hluti telur samt að hinir lagalegu fyrirvarar sem þar komu fram hefðu þurft að vera sterkari og skýrari til þess að þeir nái markmiði sínu. Vill 2. minni hluti benda á að orðalag um hina lagalegu fyrirvara þar sem sagt er að komi einhver lagaleg niðurstaða fram sem sýni að ekki sé ríkisábyrgð að baki innstæðukerfum Evrópu finnst 2. minni hluta orðavalið þar svo almenns eðlis að nánast engar líkur séu á bankahruni í öðru landi og að slík niðurstaða fengist þar sem látið yrði reyna á hvort ríkisábyrgð sé á bak við innstæðutryggingakerfið.

Í annan stað telur 2. minni hluti það ekki ganga nógu langt að verði þessi ólíklegi atburður að veruleika hefði eingöngu verið gengið til viðræðna á ný við Breta og Hollendinga og hefðu þeir ekki samþykkt samningaviðræður eða slitnað upp úr þeim ætti málið að fara að nýju til Alþingis. Má þá segja að við lentum aftur í þeirri stöðu sem við erum í nú en þá væri best að leysa málið nú þegar hér á Alþingi.

Annar minni hluti hefur lagt fram breytingartillögu til þess að styrkja þetta ákvæði sem kennt hefur verið við þá Stefán Má Stefánsson lagaprófessor og Lárus Blöndal hæstaréttarlögmann.

Orðast breytingartillagan þannig:

„Fáist síðar úr því skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila að ríkisábyrgð gildi ekki, þá ber Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ekki að greiða hærri fjárhæð en til var í sjóðnum við upphaf bankahrunsins. Sami fyrirvari á við ef betri réttur skapast á sviði Evrópulöggjafar, hún skýrist eða ef lagaleg skylda til að ábyrgjast innstæður minnkar eða á annan hátt liggur fyrir að ríkisábyrgð sé ekki til staðar, einnig ef í ljós kemur að skaði hafi hlotist af aðgerðum breskra og hollenskra stjórnvalda fyrir þrotabú Landsbanka Íslands hf.“

Eins og ég sagði áðan er tillaga meiri hlutans styrkt hér að því leyti að mun líklegra er að Ísland geti notið þess ef þessu er breytt í átt að hagsmunum Íslands. Þá bætist einnig við að ef í ljós kemur að t.d. hryðjuverkalögin hafa rýrt þær eignir sem finnast í Landsbankanum og ef einhver innstæðueigandi í hvaða landi sem er lætur á það reyna muni Íslendingar einnig fá að njóta þess. Það er fullkomlega sanngjarnt og eðlilegt.

Annar minni hluti vill taka fram að það að niðurstaðan sé endanleg en ekki þurfi aftur að fara og ræða við Breta og Hollendinga og svo aftur til Alþingis á einnig við um aðra fyrirvara varðandi ríkisábyrgðina. Þeir eru allir sama marki brenndir. Ef eitthvað gerist sem þjónar hagsmunum Íslendinga verður það ekki niðurstaðan heldur skal aftur taka upp viðræður og ljúka málinu á Alþingi. Á það sérstaklega við um fyrirvarann varðandi það þar sem innstæðutryggingarsjóðnum er gert skylt að höfða mál um útgreiðslu úr þrotabúi Landsbankans. Það ákvæði er styrkt til mikilla muna í breytingartillögum 2. minni hluta. Þar kemur fram að ábyrgðin er bundin við að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta láti á það reyna fyrir slita- eða skiptastjórn þrotabús Landsbanka Íslands hf. hvort kröfur hans gangi við úthlutun framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu og hagi kröfulýsingu sinni þannig að reynt geti á þennan rétt með málskotsrétti til héraðsdóms og Hæstaréttar.

Þá kemur fram í c-lið að ef þessi niðurstaða verður Íslendingum í hag gildir hún, ekki verður þá rætt aftur við Hollendinga og Breta. Þessi fyrirvari var unninn í samráði við færustu menn hérlendis og leikur enginn vafi á að innstæðutryggingarsjóðurinn á að leita allra leiða til þess að ágreiningur um þetta atriði verði leystur fyrir dómstólum. Hann verður að stíga skref í meðferð þrotabúsins og fjallar þessi fyrirvari um að þau skref verði sannanlega stigin.

Varðandi hina efnahagslegu fyrirvara sem settir voru inn til að koma í veg fyrir gjaldþrot þjóðarbúsins og tryggja viss lágmarkslífskjör í landinu, lýsir 2. minni hluti sig sammála því að þessi leið sé farin. Engu að síður gagnrýnir 2. minni hluti að greiðslubyrði skuli hafa verið hækkuð upp í 4% úr 3,85% gagnvart Bretum en úr 1,94% í 2% gagnvart Hollendingum. Þessi prósentuhækkun samsvarar um þriggja milljarða hækkun á greiðslubyrði ríkisins á einu ári. Þess ber að geta að breytingartillögur 2. minni hlutans miðast algerlega við útreikninga Seðlabankans eins og álit þingmannahópsins gerir ráð fyrir að lagt sé til grundvallar. Til þess að varpa ljósi á um hversu háa fjárhæð er að ræða má til samanburðar geta þess að fyrr í sumar skáru núverandi stjórnvöld, meirihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, niður framlög til aldraðra og öryrkja um svipaða upphæð. Það munar um þessa þrjá milljarða, það geta aldraðir og öryrkjar staðfest. Það fær mann til að velta því fyrir sér hvers vegna þeir sem gæta eiga hagsmuna þjóðarinnar berjist fyrir því að greiðslubyrðin sé hækkuð sem þessu nemur. Hverra hagsmuna er hér verið að gæta? Ekki íslensku þjóðarinnar, það er víst. Í annan stað átelur 2. minni hluti að þrjú skilyrði um fjárhagslega byrði séu ekki í breytingartillögum meiri hlutans heldur eingöngu í nefndaráliti meiri hlutans og eru því haldlítil og tryggja ekki réttarstöðu landsins að þessu leyti. Þess má geta að í áliti meiri hlutans eru þessi skilyrði enn á ný færð niður þannig að enn ólíklegra er að á þau reyni.

Því leggur 2. minni hluti fram þá breytingartillögu að þetta verði skýrt í lagafrumvarpinu. Þá orðast breytingartillagan þannig:

„Ríkisábyrgðin grundvallast á því að fjárhagsleg byrði vegna hennar verði innan viðráðanlegra marka. Til að fyrirbyggja greiðslufall ríkissjóðs fellur ríkisábyrgðin niður ef:

a. hlutfall erlendra skulda þjóðarbúsins af vergri landsframleiðslu fer yfir 240%,

b. hlutfall erlendra skulda opinberra aðila af skatttekjum fer yfir 250%,

c. hlutfall erlendra afborgana og vaxta af útflutningstekjum fer yfir 150%.“

Það skiptir gríðarlega miklu máli að þessu sé haldið til haga. Ég vil benda á þá staðreynd að til þess að þetta verði raunverulega virt verður það að standa skýrum orðum í frumvarpinu sjálfu, það nægir ekki að það sé eingöngu í nefndarálitinu. Ég vil taka fram að skýr ákvæði lagatexta ganga alltaf framar óskýrum ákvæðum í nefndaráliti, jafnvel þó að nota eigi þau sem lögskýringargögn.

Annar minni hluti leggur fram breytingartillögu þess efnis að upphafsdagur vaxta miðist við 27. júlí 2009 í stað 1. janúar sama ár. Miðast dagsetningin við upphaf greiðsluskyldu samkvæmt samningunum. Er hér um að ræða hagsmuni fyrir íslenskt þjóðarbú að fjárhæð um 24 milljarðar kr. Er á engan hátt hægt að réttlæta að Íslendingum sé gert að greiða þessa fjármuni án neinnar skyldu. Það er eitt að við séum neydd til þess að samþykkja útgreiðslu upp á 20.887 evrur en að Bretar og Hollendingar ætli sér að græða á þeirri erfiðu stöðu sem Íslendingar eru í kemur ekki til greina að mínu mati. Þetta snýst um stolt okkar Íslendinga hvort við ætlum að láta beygja okkur í duftið eða hvort við ætlum að koma fram sem upprétt þjóð.

Ég vil líka taka fram að í samtali sem Lee Buchheit átti við fjárlaganefndina benti hann á að vextir upp á 5,5% væru lélegir vextir. Bretar eiga aðgang að lánum með 3,38% vöxtum. Þannig munu þeir fjármagna lánið sitt til Íslendinga, þeir munu stórgræða á láninu. Er það eðlilegt að Íslendingar, sem ætla einir að taka á sig galla í evrópska innstæðutryggingarkerfinu, borgi um leið gríðarlega háar fjárhæðir til Breta og Hollendinga, langt umfram þær 20.887 evrur sem getið er um í tilskipuninni en ríkir þó ágreiningur um? Getur verið að meiri hluti Alþingis ætli að láta þetta viðgangast? Það kemur í ljós í atkvæðagreiðslunni sem fer fram einhvern tíma á næstu dögum.

Annar minni hluti telur að styrkja eigi eftirlitshlutverk Alþingis betur en gert er í frumvarpinu. Í því er kveðið á um að fjármálaráðherra skuli árlega upplýsa Alþingi um framkvæmd samninganna og mat skv. 1. mgr. Telur 2. minni hluti að í ljósi efnahagsástandsins sé nauðsynlegt að efla eftirlitshlutverk Alþingis, bæði með þessum samningum sem og framkvæmd fjárlaga. Telur því 2. minni hluti að gera ætti ársfjórðungslega grein fyrir framkvæmdinni í skýrslum um framkvæmd fjárlaga sem staðfestar séu af endurskoðendum. Auk þess telur 2. minni hluti mikilvægt að ríkisreikningur verði gefinn út eigi síðar en í upphafi febrúar ár hvert en ekki um eða eftir mitt ár eins og raunin hefur verið síðustu tvö árin. Hann leggur til að lögum um fjárreiður ríkisins verði breytt í þá veru því að síðbúið uppgjör bendir til veikleika í eftirliti með fjárreiðum ríkisins og er slíkt óviðunandi þegar kreppir að í efnahagsmálum. Það skiptir miklu máli vegna þess að við erum að leggja til að eftirlit verði með framkvæmd út af Icesave-samningunum. Við höfum sett skilyrði þannig að ef skuldahlutfallið verður ósanngjarnt gagnvart okkur greiðum við minna. Eftirlitið skiptir öllu máli fyrir það hvernig lífskjör verða á landinu næstu 20 árin.

Annar minni hluti er sammála breytingartillögum meiri hlutans um endurheimtur á því fé sem safnaðist inn á Icesave-reikningana. Um það atriði tel ég að sé rík samstaða innan nefndarinnar og ég tel líka að þetta atriði eitt og sér gæti leitt til þess að öldur lægðust erlendis gagnvart Íslendingum. Icesave er ekki lengur til umræðu í Hollandi og Bretlandi eins og kom skýrt fram hjá sendiherra Íslands í Bretlandi. Það er hins vegar reiði gagnvart þeim sem stóðu að opnun þessara bankareikninga, ekki bara Landsbankanum heldur öðrum bönkum, Glitni, Singer & Friedlander og Heritable Bank. Ef við samþykkjum að ná í þessa fjármuni tel ég að það muni hafa mikil áhrif á það að álit á Íslendingum muni batna.

Það sem ég gagnrýni hins vegar er að það er óljóst til hvaða ráðstafana ríkisstjórnin getur gripið án þess að ganga á stjórnarskrárvarin réttindi viðkomandi aðila og þarna sé því miður gengið of skammt eins og í öðrum fyrirvörum í breytingartillögum meiri hlutans. Þetta atriði hefur því miður verið lítið sem ekkert rætt innan fjárlaganefndar og enginn utanaðkomandi sérfræðingur hefur tjáð sig um álitaefnið, hvað þá lagt fram greinargerð um málið. Eins og ég sagði er mikilvægt að hafa frumkvæði að samstarfi við þar til bæra aðila, m.a. yfirvöld í Bretlandi, Hollandi og Evrópusambandinu, og óska aðstoðar þeirra við að rekja hvert Icesave-innstæðurnar fóru.

Með þessu ákvæði og að það sé hér í tillögum meiri hlutans verður að líta svo á að hér sé komin staðfesting á algeru sinnuleysi núverandi ríkisstjórnar gagnvart því að reyna að nálgast þá fjármuni sem lagðir voru inn á Icesave-reikningana. Ef reynt hefði verið að ná í þessa fjármuni væri ekki þörf á svona ákvæði. Er það einnig til marks um þá döpru staðreynd að ekkert hefur verið gert á erlendum vettvangi af hálfu stjórnvalda til að rétta við stöðu Íslands í alþjóðlegu umhverfi. Ég vil taka það fram að í aðdraganda bankahrunsins lögðu stjórnvöld á sig ótal ferðir til útlanda til þess að útskýra fyrir öðrum þjóðum hvað bankakerfi Íslendinga væri frábært. Svo þegar það hrynur og þjóðinni er gert að greiða fyrir þau mistök sem þar voru gerð er ekkert gert til þess að leiðrétta þann misskilning sem víða gætir erlendis. Ég er sannfærður um að ef stjórnvöld hefðu sinnt þessu máli hefði aðstaða okkar í samningunum verið allt önnur en raun ber vitni og við sætum ekki uppi með þá slæmu samninga sem við erum hér að glíma við.

Vandamálin sem Íslendingar eru að takast á við eru geysilega alvarleg og má raunar segja að það séu fá dæmi í hagsögu 20. aldar sem jafna má við þann vanda sem Ísland á við að etja núna. Saman hefur farið hrun fjármálakerfisins, fall gjaldmiðilsins, lækkun eignaverðs og slæm fjárhagsstaða fyrirtækja og einstaklinga. Afleiðingin er atvinnuleysi, harkalegur samdráttur framleiðslu og skert lífskjör.

Þær fjárhagslegu skuldbindingar, ábyrgðir og greiðslur sem ríkið tekur á sig munu hafa úrslitaáhrif á framleiðslugetu og lífskjör í landinu. Þess vegna skiptir takmörkun ríkisábyrgðar áhættu og óvissu vegna Icesave-samninganna svo miklu máli. Þess vegna verða alþingismenn einnig að hafa í huga að enn þá ríkir mikil óvissa um þá efnahagsfyrirvara sem meiri hlutinn ætlar að setja. Sjálfstæðismenn

sem tóku þátt í afgreiðslu málsins úr nefndinni leggja annan skilning í þetta en meiri hlutinn. Það getur skipt höfuðmáli og menn eiga ekki að fara þannig með fjöregg þjóðarinnar að það sé algjör óvissa um hvernig Hollendingar og Bretar muni bregðast við fyrirvörunum. Þess vegna legg ég til að málið verði enn á ný tekið til fjárlaganefndar milli 2. og 3. umr. og að fjárlaganefndin fari mjög ítarlega yfir hvort það sé sameiginlegur skilningur þeirra sem stóðu að þessum fyrirvörum hvaða áhrif þeir eigi að hafa.

Í efnahagslegum fyrirvörum meiri hluta fjárlaganefndar er fyrst og fremst horft til endurskoðunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og tengingar hámarksgreiðslna við hagvöxt. Það er skoðun 2. minni hluta að efnahagslegir fyrirvarar meiri hluta fjárlaganefndar séu til bóta, því skal haldið til haga, en þeir ganga einfaldlega ekki nógu langt. Sérstaklega telur 2. minni hluti slæmt að viðmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um skuldaþol íslenska þjóðarbúsins er ekki að finna í fyrirvörum meiri hlutans. Breytingartillagan gengur út á að það komi inn. Jafnframt átelur 2. minni hluti að ekki er fyllilega tekið á því hvað gera skuli við eftirstöðvar á árinu 2024, ef þær verða einhverjar. Í staðinn er mjög almennt orðað að ræða skuli við viðsemjendur og senda svo málið til Alþingis ef ekki fæst niðurstaða.

Þrátt fyrir að nú sé lagt til að fyrirvarar verði settir við ríkisábyrgðina af hálfu Alþingis verður ekki séð að það breyti því áliti sem sett er fram í lokaorðum 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar um að vafi leiki á því að fyrirvararnir séu nægjanlegir og að betra sé að ganga hreint til verks og ganga á ný til viðræðna um lausn á Icesave-skuldbindingunni.

Í sérstöku skjali frá 2. minni hluta fjárlaganefndar er lögð til frávísunartillaga, þ.e. að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að taka upp viðræður á nýjan leik við bresk og hollensk stjórnvöld á grundvelli Brussel-viðmiðanna. Leitað verði eftir pólitískum farvegi til lausnar deilumálinu eða samningsniðurstöðu á sanngjarnari forsendum. Verði frávísunartillagan ekki samþykkt mun koma til atkvæða varatillaga 2. minni hluta sem felur í sér að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á fyrirvörum Íslands til að taka á stærstu ágöllum Icesave-samninganna. Framsóknarmenn eru reiðubúnir að þoka málinu lengra þannig að fyrirvararnir verði í það minnsta skýrir og að þeir virki eins og þeir eiga að virka.

Það skal þó tekið fram í lokin að frávísunartillagan er ekki hér í lok minnihlutaálitsins heldur á sérstöku skjali af þeirri ástæðu einni að þar kemur hún skýrar fram og er enn þá verið að vinna við frágang nefndarálits 2. minni hluta. Það er þó gaman að geta þess að síðast þegar frávísunartillaga var lögð fram á einu skjali var það gert af fyrrverandi þingmanni, Svavari Gestssyni, árið 1997.

Að lokum, virðulegi forseti, árétta ég það sem fram kom áðan, að málið verði enn á ný fært til fjárlaganefndar milli 2. og 3. umr. Ég vona að þeir fulltrúar Norðurlandaþjóðanna sem ég sé hér stadda á pöllum, geri sér grein fyrir því hversu slæm staða íslenska þjóðarbúsins er og að þeir hjálpi Íslendingum til þess að sjá fram úr þeim erfiðleikum sem þeir glíma við um þessar mundir. Vináttan hefur alltaf verið til staðar og hún verður að vera það þegar fram í sækir.

[11:32]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vegna þess að hv. þingmaður reyndi hér að viðhalda þeirri goðsögn að íslensk stjórnvöld hafi haft löngun til eða tilburði í þá átt að halda einhverju leyndu í þessu máli verð ég einfaldlega að mótmæla því. Það er rangt. Strax við lok samninganna beittu fulltrúar íslenskra stjórnvalda sér fyrir því að unnt væri að upplýsa meira en minna í þessu máli, t.d. að unnt yrði að upplýsa strax opinberlega um lánskjör og vexti sem ekki stóð til af hálfu viðsemjenda okkar. Í framhaldinu var strax hafist handa um að tryggja að hægt væri að gera samningana opinbera eða a.m.k. tryggja að allir alþingismenn fengju þá og aðgang að öllum gögnum. (**Gripið fram í:** Ekki í upphafi.) Þetta er hægt að sannreyna m.a. með því að skoða bréfasamskipti, tölvupósta, sem áttu sér stað áður en uppkast að samningum frá tilteknu stigi viðræðna barst til fjölmiðla. Þetta eru staðreyndir í málinu.

Meðferð gagna að öðru leyti var síðan unnin í samstarfi við rannsóknarnefnd Alþingis og forseta Alþingis. Ég held að þeirri staðreynd verði ekki á móti mælt að aldrei í þingsögunni hafa fylgt neinu máli ítarlegri og jafntæmandi gögn um viðkvæm atriði og í þessu tilviki. (**Gripið fram í:** Hvað með undirritun samningsins?)

Ég vil að lokum segja að ég er ósammála því uppleggi sem mér fannst bera á í máli hv. þingmanns að einhverjir sem að þessu máli hafa unnið eða að því komið hafi starfað eða mótað afstöðu sína til þess með nokkuð annað að leiðarljósi en hagsmuni þjóðarinnar. Mér finnst engin ástæða til að gefa í skyn að aðrar hvatir hafi nokkurs staðar legið að baki því hvernig menn hafa komið að þessu máli. Mat manna á því er hins vegar mismunandi og menn geta komist að ólíkri niðurstöðu. Ég held að við eigum ekki að vera uppi með hugleiðingar (Forseti hringir.) um að einhver önnur sjónarmið, aðrar hvatir en þær sem við teljum (Forseti hringir.) þjóna Íslandi best hafi ráðið för í þessu máli.

[11:34]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Tveimur dögum fyrir undirritun Icesave-samninganna var hæstv. fjármálaráðherra spurður að því hvort það væri rétt sem Alþingi hefði borist til eyrna að verið væri að skrifa undir Icesave-samningana. Hann harðneitaði því. Þetta liggur fyrir í þingskjölum Alþingis.

Það liggur einnig fyrir og hægt er að sannreyna með gögnum að álit lögmannsstofunnar Mishcon de Reya, sem svo undarlega vildi til að var afar óþægilegt fyrir meiri hlutann, var ekki lagt fram. Það er staðreynd. Það er hægt að sýna fram á það með gögnum og umræðum ef menn vísa í umræður á Alþingi.

Af hverju var ekki lagt fram minnisblað um skilning frá 31. október 2006? Af hverju þurfti minni hlutinn að draga þessi gögn út með töngum og berjast fyrir því að leynd yrði aflétt af uppgreiðslusamningnum svokallaða, sem er fylgiskjal með breska samningnum? Af hverju hvíldi leynd á þessum samningi? Af hverju var almenningi ekki sýnt strax

hversu einhliða og hlutdrægir samningarnir voru eingöngu fyrir Hollendinga og Breta?

Þetta er ástæðan fyrir því að samningarnir voru ekki samþykktir í óbreyttri mynd eins og til stóð að gera (Forseti hringir.) og fjölmargir þingmenn hafa lýst yfir.

[11:36]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fróðlega og ágæta ræðu. Þegar búið var að skrifa undir þennan hræðilega samning sem setti Alþingi í úlfakreppu þannig að það gat hvorki samþykkt hann né fellt fóru menn að átta sig á þeirri gífurlegu áhættu sem var í þessum samningi. Gífurlegu áhættu. Það getur verið að það komi upp, það getur líka verið að það komi ekki upp en við hv. þingmenn getum ekki látið áhættu koma yfir þessa þjóð sem steypir henni í varanlega fátækt.

Þess vegna myndaðist mjög brothættur meiri hluti á Alþingi sem í voru hv. þingmenn Framsóknar, Sjálfstæðisflokks, Borgarahreyfingar og nokkrir hugrakkir þingmenn Vinstri grænna, vegna þess að þeir þingmenn voru undir miklum þrýstingi. Þessi hópur sem var með meiri hluta á Alþingi — mjög skrýtin og merkileg staða og einsdæmi að ég held — leit á þetta mál algjörlega burt séð frá flokkspólitík. Hann reyndi að finna lausnir og leiðir til þess að tryggja að ekki dyndu þau áföll á þjóðinni sem samningurinn gerði ráð fyrir. (Gripið fram í.) Það var róinn lífróður í því að fá þessa efnahagslegu fyrirvara fram og reyna að fá stjórnarmeirihluta og stjórnarþingmenn með og það tókst. En á síðustu metrunum brást Framsókn sem hafði þó unnið vel og ötullega með þessum brothætta meiri hluta í því að samþykkja efnahagslegu tillögurnar. Þeir báðu um meiri frest og ætluðu að koma með tillögur sem aldrei hafa komið o.s.frv. Nú ætla þeir að koma með frávísunartillögu en ég fullyrði að ef hún yrði samþykkt bættist stjórnmálaóreiða (Forseti hringir.) við fjármálaóreiðuna því að ríkisstjórnin yrði að fara frá.

[11:39]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í máli hv. þm. Péturs Blöndals kemur fram stór misskilningur. Hann stafar af þeirri staðreynd að mínu mati að Sjálfstæðisflokkurinn stóð að málum hér sl. haust. Það er ekki búið að skrifa undir samningana. Það er gert með þeim fyrirvara að ríkisábyrgðin verði virk. Ef ríkisábyrgðin verður ekki virk eru engir samningar. Það er mjög mikilvægt að þessu sé haldið til haga vegna þess að því hefur verið haldið fram að ríkissjóður gæti orðið gjaldþrota ef ríkisábyrgðin yrði ekki samþykkt. Það er alrangt. Hann hefði bara sömu stöðu og hann hefur í dag, engir ósanngjarnir samningar.

Það er alveg hárrétt að Framsóknarflokkurinn tók þátt í þeirri vinnu sem hinn brothætti meiri hluti átti þátt í að vinna. Þetta var gríðarlega mikilvæg vinna og á stóran þátt í að staðan er sú að það á a.m.k. að setja fyrirvara. Hins vegar vil ég taka fram að það er búið að taka allt bit úr þeim fyrirvörum, bæði efnahagslegum og lagalegum. Þeir hafa í rauninni lítið eða nær ekkert gildi, svo ég tali fyrst og fremst um lagalegu fyrirvarana. Út á það ganga breytingartillögurnar og undir lok viðræðnanna bárum við fram þá spurningu: Er meiri hlutinn raunverulega til í að ræða við Framsóknarflokkinn um að nálgast þá, varðandi Ögmundarfyrirvara. Við sögðum: Gefið okkur svar, ef það er jákvætt skulum við koma með tillögur í fyrramálið. Þá var komið um eða yfir miðnætti, (Forseti hringir.) svo það var nú eðlilegt að slíta fundi þá. Það var ekki gert en breytingartillögurnar sem eru núna (Forseti hringir.) eru nánast það samkomulag sem lá fyrir hjá hinum brothætta meiri hluta.

[11:41]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður misskilur þetta. Það er búið að skrifa undir samningana. Hæstv. fjármálaráðherra er búinn fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands að skrifa undir samninga við ríkisstjórnir Breta og Hollendinga. Þessi samningur kveður á um ríkisábyrgð og við erum að fjalla um hana hér á Alþingi. Við erum ekki að breyta samningunum, við erum að fjalla um ríkisábyrgðina.

Við getum að sjálfsögðu fellt það og þá munu útlendingar segja um allan heim: Það er ekkert að marka það sem ríkisstjórn Íslands skrifar undir. Þessi frávísunartillaga ætlar að fela ríkisstjórninni að semja aftur. Er svona mikið traust á þessari ríkisstjórn sem er nýbúin að gera samning sem allir eru sammála um að sé slæmur? Halda menn virkilega að sama ríkisstjórn geti komið fyrir sömu aðila og sagt: Heyrðu, ég var að skrifa undir samning við ykkur um daginn en nú er ekkert að marka það, ég vil fá að semja aftur. Svona gerist það ekki. Ég er nærri sannfærður um að ef þessi frávísunartillaga yrði samþykkt, sem ég vona að verði ekki, þá félli ríkisstjórnin. Þá fengjum við stjórnmálaóreiðu til viðbótar við öll þau vandræði sem við glímum nú við, vandamál fyrirtækja, heimila, banka, fjármálakerfis o.s.frv. (**VigH:** Hún er nú til staðar.) Það er komið nóg af því.

Ég er því mjög óhress með að Framsókn skuli hafa brugðist í þessari samstöðu sem hafði myndast meðal allra þingmanna á Alþingi um þær tillögur sem þessi brothætti meiri hluti náði fram með miklu harðfylgi og sannfæringarkrafti. Það þurfti að sannfæra mann fyrir mann í ríkisstjórnarflokkunum um ágæti þessara tillagna og að þær hindruðu að hér yrði efnahagslegt áfall — að því gefnu að það var búið að skrifa undir samning. Það var búið að leggja fram (Forseti hringir.) lagafrumvarp sem við gátum hvorki samþykkt né hafnað.

[11:43]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Svo undarlega sem það hljómar ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að hafa tvær skoðanir í þessu máli. Hann þykist vera á fyrirvörunum, hann samþykkir að málið sé tekið út úr fjárlaganefnd en kemur svo fram og segir að hann hafi allt aðrar skoðanir á hvernig eigi að túlka þá en meiri hlutinn.

Nú kemur hv. þm. Pétur H. Blöndal fram og fullyrðir að það að samþykkja samningana hafi á einhvern hátt áhrif á fyrirtæki í landinu. Í fjárlaganefnd voru allir sammála um að þessi fullyrðing væri algjörlega órökstudd. Það kom

enginn fyrir fjárlaganefndina sem hélt þessu fram, fyrir utan einn aðila sem reyndist vera varaþingmaður Samfylkingarinnar. (**Gripið fram í:** Allir fulltrúar atvinnulífsins.) Allir fulltrúar atvinnulífsins komu fram og viðurkenndu að enginn þeirra hefði skoðað málið, hver og einn einasti. Þeir töluðu út frá sinni persónulegu skoðun og þetta er til í gögnum málsins.

Það er ekki búið að samþykkja Icesave-samningana og það er ekki búið að skrifa undir þá, svo ég svari hv. þm. Pétri Blöndal. Ef Alþingi fellir ríkisábyrgðina falla samningarnir niður. Undirskriftirnar voru gerðar með fyrirvara og ég ráðlegg þingmanninum að lesa samningana. Það er lykilatriði.

Framsóknarmenn telja að það sé fullkomlega eðlilegt í því ástandi sem við glímum við núna að það verði farið og samið á ný. (Forseti hringir.) Samningunum verði vísað til hliðar, líka til að koma (Forseti hringir.) í veg fyrir að það sem sjálfstæðismenn hafa verið að tala um í dag verði ekki að veruleika vegna þess að þeir túlka samningana (Forseti hringir.) á allt annan hátt en meiri hlutinn.

[11:46]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Það er ekki ofsögum sagt að hér sé til umræðu eitt stærsta og afdrifaríkasta mál sem Alþingi hefur tekist á við um langt skeið. Vandinn sem Icesave-samningunum er ætlað að leysa á rætur að rekja mörg ár aftur í tímann. Í raun má líkja þessu ástandi við það sem gerist þegar tiltekin atburðarás fer úr böndunum, þegar menn missa sjónar á markmiðum sínum, færast of mikið í fang og verða óhófi og græðgi að bráð. Þessi þróun, og ég leyfi mér að segja þetta hugarástand, náði vissu hámarki árið 2007. Það ártal er eiginlega orðið að hnjóðsyrði í íslensku máli. Endanlega valt svo allt með falli bankanna haustið 2008. Vissulega urðu atburðir í alþjóðlegum fjármálaheimi sem áttu sinn þátt í þeim erfiðleikum sem við glímum nú við en undir niðri hafði grasserað í íslensku efnahagslífi mein sem aldrei var tekið á.

Hér ríkti góðæri sem var að verulegu leyti tekið að láni, það var ofþensla í hagkerfinu, allar vélar voru keyrðar á fullu og síðan endaði með að þær brunnu yfir. Þorri þjóðarinnar hafði hins vegar litla hugmynd um þær hrikalegu skuldir sem gerjuðust undir yfirborðinu og við súpum nú seyðið af með þeirri ríkisábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem við fjöllum um á Alþingi í dag. Þjóðin var í raun grunlaus um það sem hún átti í vændum. Það er hafið yfir allan vafa að mínu viti að stjórnvöld, Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið, Alþingi sjálft og e.t.v. mætti einnig nefna fjölmiðla, brugðust því samfélagslega hlutverki sínu að tryggja öryggi og hagsmuni alls almennings í landinu með skilvirku, gagnsæju og gagnrýnu eftirliti.

Þessum aðdraganda er mikilvægt að halda til haga, frú forseti. Ekki í þeim tilgangi að kenna einhverjum sérstökum um, þetta er ekki tíminn til þess, heldur til að læra af þeim mistökum sem þá voru gerð og áttu sinn ríka þátt í að fjármálakreppan olli meira tjóni hér en víða annars staðar. Undirstöðurnar sem á yfirborðinu litu ágætlega út voru einfaldlega feysknar, báru í öllu falli ekki hið ofvaxna hagkerfi. Þegar við lítum til baka og sjáum hvernig menn bárust á í efnahagslegu tilliti í viðskiptalífinu og víðar og hvernig við fórum um lönd og álfur og hreyktum okkur af hinu ofvaxna fjármálakerfi sem eftirlitsstofnanir samfélagsins áttu ekki roð í þá getur maður eiginlega ekki varist því að hugsa: Dramb er falli næst.

Ég held að það sé hollt fyrir okkur á þessum tímamótum að rýna svolítið inn í okkur sjálf og velta því fyrir okkur á hvaða vegferð við raunverulega vorum og hvert hún hefur leitt okkur. Ég ítreka, ekki til þess að kenna einhverjum einum um. Það hefur lítið upp á sig í þeirri stöðu sem við erum í dag. Sú saga verður áreiðanlega skráð þótt síðar verði. Í gangi er rannsókn sem Alþingi setti á laggirnar á aðdraganda og orsökum bankahrunsins þar sem reynt er að draga fram hverjar orsakirnar voru og hverjir báru þar ábyrgð. Sagnfræðingar framtíðarinnar munu áreiðanlega rýna í þessa sögu og skrifa hana.

Á þessum tímamótum er að mínu viti mikilvægt, sérstaklega fyrir framhaldið og hvernig við ætlum að vinna okkur út úr þeirri stöðu og inn í framtíðina, að við hugsum um það í fullri einlægni og algerlega áreitnilaust hvað hefði mátt betur fara, hvar okkur sem þjóð varð á og hvernig við eigum að vinna úr þeirri stöðu sem við erum í.

Í dag er athyglisverður leiðari í Fréttablaðinu sem m.a. tekur á þessu og þar segir, með leyfi forseta:

„Eitt allra mikilvægasta tækifæri yfirstandandi kreppu felst í lærdómnum sem má draga af hinni miklu leit að sökudólgum. Margir af helstu fjármálafurstum landsins hafa orðið opinberir að sorglegri græðgi, hroka og virðingarleysi fyrir verðmætum. Sum látalæti hinna ofurríku voru pínleg í samtíma sínum og eru enn verri þegar litið er um öxl.“

Þar segir líka um þá einstaklinga sem þar kunna að bera ábyrgð að þeir séu ekki annað en „skilgetin afkvæmi þjóðfélags sem varð hér til á tiltölulega fáum árum“.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Þjóðin þarf að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð. Umfram allt þurfa þó landsmenn að gera sér grein fyrir valdi sínu til að hafa áhrif á þær þjóðfélagsbreytingar sem eru óumflýjanlegar í tómarúminu eftir hrunið.“

Ég vek athygli á þessu, virðulegi forseti, vegna þess að mér finnst þetta vera mikilvægt núna þegar við reynum að leysa úr þeim vanda sem Icesave-skuldbindingarnar og bankahrunið hafa valdið í íslensku samfélagi og við erum auðvitað öll sár og reið yfir, þjóðin öll og við sem sitjum á Alþingi. Það breytir ekki því að við verðum að takast á við þetta ástand, þessa erfiðleika. Við verðum að reyna að vinna okkur út úr því og við eigum að reyna að vinna að því í breiðri, pólitískri sátt og samstöðu. Við eigum að reyna að læra af því sem við höfum gengið í gegnum og ég tel að við séum í raun að stíga fyrstu skrefin á þeirri lærdómsbraut nú þegar þetta mál er til 2. umr. og ég kem betur að því síðar.

Fjármálaráðherra lagði í byrjun júní fram það frumvarp sem hér er til umfjöllunar. Ríkisstjórnin fól fjármálaráðherra strax síðla vetrar að leiða þetta mál til lykta í samningaviðræðum við Breta og Hollendinga. Það átti sér reyndar forsögu því Alþingi samþykkti 5. desember sl. þingsályktunartillögu þess efnis eins og kunnugt er og hér hefur

þegar komið fram í umræðunni. Eins og málum var komið á þeim tíma var orðið ljóst að það yrði að leysa þetta mál með samningum við Breta og Hollendinga. Dómstólaleiðin sem margir vildu fara var í raun orðin ófær og það er óþarfi að rekja það mál hér og nú. Alþingi þekkir það og ýmsir af þeim sem þegar hafa tekið til máls í umræðunni hafa vakið máls á því.

Ég ætla að leyfa mér í allri hógværð að þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir hvernig hann hefur haldið á þessu geysierfiða máli sem hann fékk í fangið, ef svo má segja, og hefur unnið að nær þrotlaust um margra mánaða skeið. Ég vil líka þakka þeim ágætu einstaklingum sem skipuðu samninganefnd Íslands og lögðu sig fram í þágu íslenskra hagsmuna við afar erfiðar aðstæður. Ég veit að það er auðvelt að kenna þeim um og mörg þeirra sem þar hafa unnið hafa mátt þola mikla gagnrýni og jafnvel persónulegar árásir á köflum en ég ætla að leyfa mér að færa því fólki öllu þakklæti fyrir að hafa lagt á sig mikla vinnu fyrir okkur hin.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur nú haft þetta þingmál til meðferðar í um átta vikur. Nefndin hefur farið rækilega yfir öll efni málsins, fengið fjölmarga gesti, skoðað gríðarlegt magn gagna og fengið margvísleg álit úr ýmsum áttum eins og kom skilmerkilega fram í máli hv. þm. Guðbjarts Hannessonar, formanns fjárlaganefndar. Í nefndaráliti meiri hlutans eru rakin ýmis álitamál sem varða þetta efni. Ég ætla að tipla á nokkrum og sérstaklega að víkja að hinum alþjóðapólitísku álitaefnum og vinnu utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd fékk beiðni frá fjárlaganefnd um að fjalla sérstaklega um tiltekna hluti, einkum er vörðuðu samskipti okkar við þessar erlendu þjóðir, við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Evrópusambandið og Norðurlöndin, og að fjalla einnig um áhrifin í alþjóðlegu pólitísku samhengi af því ef þetta mál yrði áfram óleyst. Það er mat meiri hluta utanríkismálanefndar sem kemur fram í áliti hans til fjárlaganefndar að það sé brýnt að leysa þetta mál því eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Hætt sé við að alþjóðlegri einangrun Íslands linni mun síðar ef samningar nást ekki.“

Þetta er í raun og veru grunntónninn í þeirri afgreiðslu sem málið fékk að lokum á vettvangi fjárlaganefndar eins og ég lít á hana. Ég hygg að nokkuð breið pólitísk samstaða sé um að það er brýnt að leiða þetta mál til lykta. Vitanlega geta menn verið mismunandi ánægðir með þá niðurstöðu, bæði úr samningunum sjálfum og eins úr vinnu fjárlaganefndar, en það breytir ekki hinu að við þurfum að fá niðurstöðu í þetta mál til að við getum haldið áfram að byggja upp íslenskt efnahags- og atvinnulíf og tekist á við þau fjölmörgu önnur úrlausnarefni í samfélaginu sem bíða.

Ég vil líka nefna í þessu sambandi samskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn vegna þess að í umræðunni bæði hér og á fyrri stigum og úti í samfélaginu hefur mikið verið fjallað um þær tengingar sem hafa verið gerðar á milli þessa máls sérstaklega og fyrirgreiðslu okkar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Margt hefur verið sagt um að þarna séu engar tengingar. Fáir vilja gangast við því að þær séu til staðar en það hefur þó komið í ljós í raunveruleikanum vegna þess að það eru engar aðrar skýringar haldbærar á því af hverju Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur frestað fyrirtöku á málefnum Íslands aðrar en þær að þessi mál hafi verið óleyst. Þótt það hafi e.t.v. ekki verið sagt skýrum og berum orðum tel ég að það liggi fyrir. Í því efni vil ég undirstrika þá skoðun meiri hluta utanríkismálanefndar sem gagnrýnir harðlega, eins og segir í áliti meiri hlutans, hvernig ríkin tvö, Bretland og Holland, hafa að því er virðist nýtt sér stöðu sína í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að koma sínum málstað á framfæri í deilu þeirra við Ísland. Það er mjög ámælisvert og ég tel að það sé ekki í samræmi við starfsreglur og samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Að því leyti get ég verið sammála því sem um það segir í, hygg ég, áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Niðurstaða utanríkismálanefndar er sem sagt eins og ég gat um að það sé mikilvægt að ljúka þessu máli. Í niðurlagi meirihlutaálits utanríkismálanefndar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þá er ljóst að verði deilan ekki sett niður kann það að hafa alvarleg áhrif á þátttöku Íslands í EES og þar með viðskiptahagsmuni landsins gagnvart helstu viðskiptalöndum. Meiri hlutinn getur ekki mælt með því að þeim hagsmunum verði teflt í tvísýnu við þær aðstæður sem nú eru í íslensku efnahagslífi enda gæti það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir endurreisn þess. Jafnvel þótt samningnum verði hafnað með skýrum skilaboðum um að ekki sé horfið frá því að leita pólitískrar lausnar og lýst sé vilja til þess að setjast að samningaborðinu að nýju telur meiri hlutinn að óvissuástand geti skapast sem valda muni miklum töfum á endurreisnarstarfi efnahagslífsins. Slíkt óvissuástand getur jafnframt skapað alvarlegar hindranir gagnvart Íslandi í því alþjóðlega samstarfi sem er landi og þjóð nauðsynlegt til að vinna sig út úr yfirstandandi efnahagsþrengingum.“

Þetta vildi ég segja um hin alþjóðapólitísku eða utanríkispólitísku efni.

Ég vil líka koma inn á það álitamál sem hér hefur verið til umfjöllunar allt frá því að fjárlaganefnd lauk umfjöllun sinni um þetta mál, hvort í þeim fyrirvörum felist gagntilboð til Breta og Hollendinga eins og hér hefur verið orðað eða hvort við setjum skilmála sem rúmast innan þess samnings sem gerður var. Ég vil byrja á því að minna á að Alþingi er að fjalla um ríkisábyrgð á samningunum en ekki einstök efnisatriði samninganna sjálfra. Þó að hér sé eðlilega mjög erfitt að gera greinarmun á erum við formlega séð að fjalla um ríkisábyrgðina. Alþingi hefur að sjálfsögðu allar heimildir til þess að binda ríkisábyrgð við þær skuldbindingar, skilyrði og skilmála sem það kýs. Um það var fjallað ítarlega á vettvangi fjárlaganefndar og ég hygg að ekki sé ágreiningur um það í sjálfu sér.

Ég lít svo á að í þeirri afgreiðslu sem fór fram af hálfu fjárlaganefndar sé að finna tillögur um að binda ríkisábyrgðina tilteknum skilyrðum og skilmálum. Ég vil taka undir með hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni sem nefndi að það væri síðan viðsemjenda okkar að meta hvort þeir féllust á þessa skilmála eða ekki. Við eigum að sjálfsögðu ekki að gefa okkur það fyrir fram, þá hefði verið hreinlegra að segja að við ætluðum ekki að veita þessa ríkisábyrgð. Miðað við að almennur vilji sé í þinginu til þess að veita hana með sterkum skilmálum á það þó að vera okkar málflutningur að við munum kynna viðsemjendum okkar þá fyrirvara og skilmála sem Alþingi vill setja og binda við ríkisá-

byrgðina. Þeir verða þá að bregðast við því þegar þar að kemur. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Þegar Alþingi hefur fjallað um málið og ákveðið hvað það vill gera í málinu, að sjálfsögðu. Það verður engin ákvörðun tekin í þessu máli fyrr en að lokinni atkvæðagreiðslu í Alþingi, svo því sé til haga haldið.

Ég ætlaði líka, eins og kom fram í máli hv. formanns fjárlaganefndar, að fjalla aðeins um hin efnahagslegu viðmið. Mikil umræða fór fram um það hvort við ættum að binda ríkisábyrgðina skilmálum um greiðslugetu þjóðarbúsins til framtíðar. Reyndar kemur fram í meirihlutaáliti efnahags- og skattanefndar að það sé erfitt að spá sérstaklega fyrir um framtíðina. Við erum öll sammála um að það ríkir mikil óvissa um hvernig hagþróun verður nákvæmlega hér þegar við reynum að spá 10 eða 15 ár fram í tímann. Við leyfum okkur engu að síður að gefa okkur ákveðnar forsendur sem liggja að baki þessum samningum og þeim efnahagslegu fyrirvörum sem við höfum ákveðið að leggja til af hálfu fjárlaganefndar að verði bundnir við þessa ríkisábyrgð.

Auðvitað eru ýmsar aðferðir til við að setja sér efnahagsleg viðmið. Margvíslegar hugmyndir í því efni voru ræddar á vettvangi fjárlaganefndar og hópur þingmanna tók sig til, lagði fram og formaði ákveðnar hugmyndir í því efni. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir það góða innlegg í umræðuna og þá vinnu sem sannarlega var unnin. Þetta er ekki eina aðferðin sem hægt er að nota í þessu efni og fleiri aðferðir voru skoðaðar. Eftir talsverða umfjöllun á vettvangi nefndarinnar var það niðurstaðan engu að síður að vinna út frá þeim hugmyndum sem umræddur þingmannahópur lagði í púkkið, þ.e. að tengja hámarkið sem við viljum að gildi um þessa ríkisábyrgð við vöxt landsframleiðslunnar til framtíðar með árið 2008 sem grunnár og reikna síðan ákveðið hlutfall af vexti landsframleiðslunnar frá árinu 2008 til greiðsluárs. Þetta þýðir að greiðsluflæðið á samningstímanum frá árinu 2016 verður annað en Icesave-samningarnir gera ráð fyrir. Þetta þýðir að greiðslur verða léttari í upphafi greiðslutímans en þyngjast eftir því sem líður á tímabilið, öndvert við það sem Icesave-samningurinn gerir ráð fyrir. Það má vel færa rök fyrir því að skynsamlegt sé að hafa þetta greiðsluflæði frekar en það sem felst í samningnum.

Á hinn bóginn þýðir þetta líka að höfuðstóllinn greiðist hægar niður en ella og vaxtabyrðin verður meiri þegar upp er staðið en Icesave-samningurinn gerir ráð fyrir. Það er mikilvægt fyrir hv. þm. Höskuld Þórhallsson að gera sér grein fyrir því vegna þess að hann ræddi sérstaklega um viðbótarkostnað við eitt og annað sem er í þessum samningi. Ég lít svo á að sá umframkostnaður sé í rauninni eins konar tryggingariðgjald vegna þess að í þessari aðferð felst þrátt fyrir allt meiri vörn gegn efnahagslegum áföllum en í öðrum aðferðum sem ræddar voru. Þetta tel ég kostinn við þessa aðferð þótt hún þýði, miðað við óbreyttar forsendur, hærri vaxtabyrði yfir heildina. Á móti kemur meiri vörn og þess vegna má að mínu viti líkja þessu við ákveðið tryggingariðgjald. Við kaupum okkur ákveðna tryggingu gegn efnahagslegum áföllum. Ég tel að það sé vel rökstyðjanlegt og verjanlegt að gera það.

Þessi reikniregla sem er sett inn miðar við að Icesave-skuldbindingin sé greidd að fullu, gangi forsendur Seðlabankans varðandi hagvöxt, gengi og endurheimtur eftir. Eins og ég sagði áðan dreifast þessar greiðslur þó ööruvísi. Ég er sem sagt orðinn — það er best ég orði það þannig — talsmaður þessarar reiknireglu þótt ég hafi ekki verið það í upphafi. Ég hef leyft mér að skipta um skoðun og gerast talsmaður hennar. Ég tel að hvað varðar fyrirvarana sé mikilvægt, bæði varðandi þessa og aðra sem hér hefur verið vikið að, hina lagalegu, að þeir séu sanngjarnir, auðútskýranlegir og rökstyðjanlegir þannig að viðsemjendur okkar fái ekki tækifæri til að gera lítið úr þeim eða reyna að draga í efa að þeir séu málefnalegir. Ég vil einfaldlega segja að með þeirri tillögu, sem breið samstaða náðist um í fjárlaganefnd, eru settir þeir varnaglar sem sanngjarnt og eðlilegt er að gera í þessu tilefni.

Ég ætla ekki að fara sérstaklega í aðrar breytingartillögur sem koma fram af hálfu fjárlaganefndar en vil samt víkja örlítið að síðustu breytingartillögunni sem meiri hluti fjárlaganefndar gerir. Það er tillaga um endurheimtur á innstæðum og þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin skal þegar í stað grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana sem þarf til að endurheimta það fé sem safnaðist inn á Icesave-reikningana. Í þeim tilgangi skal ríkisstjórnin fyrir 15. október 2009 hafa frumkvæði að samstarfi við þar til bæra aðila, m.a. yfirvöld í Bretlandi, Hollandi og Evrópusambandinu, og óska aðstoðar þeirra við að rekja hvert innstæðurnar af Icesave-reikningunum voru fluttar.“

Síðan segir þar áfram:

„Í því skyni að lágmarka ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum skal ríkisstjórnin einnig gera ráðstafanir, í samráði við þar til bæra aðila, til þess að þeir sem kunna að bera fjárhagsábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast hafa vegna Icesave-reikninganna verði látnir bera það tjón.“

Ég vil lýsa yfir sérstakri ánægju minni með þessa breytingartillögu. Ég tel að það sé mikilvægt fyrir allt framhald málsins að farið sé í mjög þungar aðgerðir í þessu efni. Hv. þm. Höskuldur Þórhallsson kaus að leggja þetta út á þann veg að í þessu fælist viðurkenning á því að ekkert hefði verið gert en mér finnst ekki sanngjarnt hjá hv. þingmanni að gera lítið úr öllu þessu máli. Mér finnst þetta skipta miklu máli. (**Gripið fram í:** Hvaða breytingartillögu?) Ég er að tala um breytingartillöguna um endurheimtur á innstæðum sem hv. þm. Höskuldur Þórhallsson sagði að væri viðurkenning á því að ekkert hefði verið gert í þessu efni. (**HöskÞ:** Hvað ertu að tala um?) Það er ekki sanngjarnt því að sjálfsögðu hefur á undanförnum mánuðum, bæði eftir alþingiskosningar en einnig á tímum minnihlutastjórnarinnar sem var studd af þingmönnum Framsóknarflokksins, þar með hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni, verið hafin vinna við rannsókn þessa máls m.a. með því að koma því í sérstakan farveg ríkissaksóknara, ráða sérstakan ráðgjafa, Evu Joly, í rannsókn málsins og setja fjármagn í allt þetta ferli. Það breytir þó ekki því að við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að leiða sannleikann í ljós, reyna að endurheimta það fé sem þarna kann að vera á sveimi einhvers staðar og lágmarka það tjón sem samfélagið verður fyrir. Það er bæði mikilvægt frá efnahagslegu sjónarmiði en líka siðferðislegu.

Virðulegi forseti. Ég vil leggja áherslu á mikilvægi breiðrar samstöðu í þessu máli. Þetta mál allt hefur skapað mikla ólgu í samfélaginu. Icesave-samningarnir hafa vissulega skapað mikla ólgu en þó ekki síður hrunið og allt sem fylgdi þar í kjölfarið. Allt sem veldur þeim ríku skuldbindingum sem við þurfum að takast á við á næstu árum. Það er mikilvægt og nauðsynlegt að ná fram réttlæti til að þjóðin geti orðið sátt við hlutskipti sitt og horft björtum augum fram á veginn, hafið uppbyggingarstarf og lyft grettistaki eins og hún hefur svo oft gert áður og getur gert. Þess vegna er breið pólitísk samstaða um úrlausn þessa máls svo brýn og þess vegna lögðu margir mikið á sig og teygðu sig langt frá sínum upphaflegu sjónarmiðum í málinu til að ná henni. Í þessu máli og stjórnmálum yfirleitt er nefnilega ekki endilega alltaf árangursríkast að halda sínum prívat og persónulegum skoðunum til streitu fram í rauðan dauðann. Það getur einmitt þjónað markmiðum að gefa eitthvað eftir af sínum ýtrustu skoðunum í þeim tilgangi að ná breiðri samstöðu vegna þess að í henni felst líka mikill máttur. (**Gripið fram í:** Selja sannfæringu sína.) Þetta snýst ekki um að selja sannfæringu sína, virðulegur þingmaður, þetta snýst um að ná árangri fyrir íslenska þjóð. (Gripið fram í.) Það ætla ég mér að gera og ég tel að í breiðri samstöðu felist máttur til að við getum unnið okkur út úr kreppunni.

Ég fagna því sérstaklega að vinnan í fjárlaganefnd skilaði niðurstöðu sem fulltrúar fjögurra flokka af fimm styðja. Það er ómetanlegt og ég vil þakka öllum nefndarmönnum í fjárlaganefnd undir dyggri forustu hv. þm. Guðbjarts Hannessonar. Ég vil líka þakka hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Borgarahreyfingarinnar sem hafa komið að þessu máli og lýst yfir stuðningi við þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir. Ég vil einnig þakka hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni, fulltrúa Framsóknarflokksins í fjárlaganefnd, fyrir hans framlag vegna þess að þrátt fyrir að hann styðji ekki þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir og Framsóknarflokkurinn kjósi að fylgja úr hlaði sínum eigin tillögum hefur innlegg hans og vinna í fjárlaganefnd líka haft sitt að segja fyrir þá niðurstöðu sem meiri hluti fjárlaganefndar komst að. Allir sem að þessu máli hafa komið hafa þannig lagt fram drjúgan skerf í þágu þjóðarsamstöðu og allir fá að sjálfsögðu að eiga það sem þeir eiga í þessu máli.

Hér á hlut að máli mikill fjöldi sem hefur með þrotlausri vinnu, samtölum, greinaskrifum og fundahöldum leitt til þeirrar niðurstöðu sem felst í breytingartillögum fjárlaganefndar. Breytingartillögurnar munu að mínu viti styrkja þetta mál mjög mikið og styrkja hagsmuni Íslands og þær eru talandi dæmi um þýðingu öflugs þingræðis. Alþingi hefur að mínu viti styrkt sig í þessu máli og við eigum að vera stolt af því. Það getur verið freistandi að falla í þann fúla pytt að berja sér á brjóst, eigna sér þessa niðurstöðu sérstaklega og benda um leið á aðra sem bera ábyrgð á því hvernig komið var. Alls konar samsæriskenningar hafa heyrst í því efni en í raun eru þær fáfengilegar þegar litið er til þess vanda sem við er að etja. Allir bera einhvern hluta af ábyrgðinni eins og hér hefur verið rakið. Allir stjórnmálaflokkar nema Borgarahreyfingin bera í raun ábyrgð á því sem við er að glíma. Minn flokkur er þar ekki undanskilinn. Hann hefur verið í ríkisstjórn frá 1. febrúar. Hann hefur borið fram það mál sem hér er til umfjöllunar og ég segi fyrir mitt leyti að ég tek á mig gagnrýni á málið með því að standa að þeim breytingartillögum sem fjárlaganefnd gerir. Ég skammast mín ekki fyrir það og ætla ekki að víkja mér undan því. Ég tel að allir, með þeirri undantekningu sem ég nefndi, eigi sinn hluta af ábyrgðinni og eigi þess vegna að leggja sitt af mörkum til að leysa málið og ná um það breiðri samstöðu. Sem þjóð berum við ábyrgð á því að vinna okkur úr vandanum og þingið verður að veita leiðsögn í þeirri vegferð.

Ég ítreka þakkir mínar til formanns fjárlaganefndar fyrir frábært samstarf og til annarra nefndarmanna í fjárlaganefnd. Þar er enginn undanskilinn. Þar hafa verið málefnalegar og hreinskiptar umræður og mikil vinna eins og hér hefur komið fram. Starfsfólk fjárlaganefndar og nefndasviðs, starfsfólk í ráðuneytum og stofnunum hefur lagt gríðarlega mikla vinnu í þetta mál og á miklar þakkir skildar.

Ég vil að lokum, frú forseti, heita á vini mína í Framsóknarflokknum að skoða vel hug sinn til þessa máls. Þeir hafa kynnt sínar breytingartillögur en líka lýst því yfir í umfjöllun að þær breytingartillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur fram séu málinu mjög til bóta. Þeir eiga þannig sannarlega erindi í þá samstöðu sem nú er svo brýn þegar þjóðarsómi er í raun í húfi að hér náist breið samstaða. Ég leyfi mér að vona að með afgreiðslu þessa máls verði lokið við einn af mörgum mikilvægum áföngum við endurreisn íslensks efnahags- og atvinnulífs og endurheimt trausts og orðstírs Íslands í samfélagi þjóðanna.

[12:20]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef áður nefnt að ríkisstjórnarflokkarnir og Sjálfstæðisflokkurinn eru ekki sammála um túlkun á þessum samningi og þeim fyrirvörum sem er búið að gera tillögur að. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson er í þeim hópi sem lítur svo á að fyrirvararnir séu hluti af samningunum og rúmist innan þeirra. Þá vil ég benda honum á, með leyfi fundarstjóra, að samkvæmt grein 13.1.1 í breska samningnum er aðeins heimilt að gera breytingar á samningnum, bæta við hann eða falla frá samningnum með skriflegu samkomulagi milli samningsaðila.

Samkvæmt breskri réttarvenju er litið svo á að það eitt sem stendur í samningnum sé hluti af honum. Því spyr ég hv. þingmann: Lítur hann svo á að fyrirvararnir séu innan samninganna og standi sem slíkir, sem löggiltur hluti af Icesave-samningunum?

[12:21]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég gat þess að hér værum við að afgreiða ríkisábyrgðina. Það sem ég sagði um þetta mál er einfaldlega það sem kemur m.a. skýrt fram í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar. Þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Ríkisábyrgðin afmarkast að öðru leyti af ákvæðum samninganna og fyrirvörum þeim sem koma fram í lögum þessum. Fyrirvararnir eru óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar.“

Þannig lít ég á málið og þarf ekki að bæta frekar við það sem ég sagði hér áðan.

[12:22]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þarna er það sem ég var að spyrja um. Þó að í fyrirvörunum standi að fyrirvararnir séu óskilyrtir og standi fast með samningnum er það samt upptakturinn að því að setja fyrirvara við samninginn.

Ég sé því þá ekkert til fyrirstöðu, ef hv. þingmaður túlkar þetta með þessum hætti, að Bretar og Hollendingar komi og undirriti þennan sameiginlega skilning sem hv. þingmaður túlkar svo. Að þeir komi hingað áður en ríkisábyrgðin er samþykkt og undirriti þessa samninga því eins og stendur hér verður að vera skriflegt samkomulag milli aðila að samningarnir standi, sé við þá bætt, sem vissulega er gert með þessum fyrirvörum eins og skilningur ríkisstjórnarinnar er.

Hv. þingmaður kom aðeins inn á að málið ætti eftir að taka breytingum í meðförum þingsins. Er það réttur skilningur minn að Bretar og Hollendingar komi hingað (Forseti hringir.) og undirriti fyrirvarana á milli 2. og 3. umr. um þetta mál?

[12:23]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir ræðu hans og þá vinnu sem hann og aðrir hafa lagt fram í fjárlaganefnd og utanríkismálanefnd. Mig langar að spyrja hv. þingmann, og þá kannski undirstrika það sem hann sagði áðan, hvort hann telji aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eðlilega í þessu máli. Hvort hann muni gera einhverjar ráðstafanir til þess að koma því á framfæri við sjóðinn að þeir séu ekki að spila rétt í þessu.

Hvaða áhrif hafa fyrirvararnir, hv. þingmaður, ef allan ágreining um þetta mál þarf að leiða til lykta fyrir breskum dómstólum? Ég vil taka undir með honum með eitt, að það þarf að leiða þetta mál til lykta en það er vitanlega ekki sama hvernig það er gert. Þess vegna teljum við framsóknarmenn, og höfum haldið því á lofti eftir að ljóst var að (Forseti hringir.) fyrirvararnir yrðu ekki nægilega sterkir, að það þurfi einfaldlega að semja upp á nýtt við þessa aðila.

[12:24]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Braga Sveinssyni. Ég kom áðan inn á aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og tenginguna sem hann hefur gert við þetta mál allt og rakti að í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar er þessi málsmeðferð harðlega gagnrýnd. Ég stend við það. Ég hlýt að gagnrýna að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sé beitt með þessum hætti og ég tel að það komi fyllilega til greina að við skoðum á vettvangi Alþingis hvort það eigi að gera einhverjar formlegar athugasemdir við það. Ég tek þá ábendingu til greina og mun skoða hana.

Ég tel að Alþingi geti samþykkt ríkisábyrgðina með þeim fyrirvörum eða skilmálum sem koma fram í breytingartillögunum. Ég tel að þær breytingartillögur haldi (Forseti hringir.) en ég dreg ekki dul á að ég tel nauðsynlegt og eðlilegt að í framhaldinu muni íslensk stjórnvöld ræða við gagnaðila okkar í málinu og gera (Forseti hringir.) þeim grein fyrir afgreiðslu Alþingis.

[12:26]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi svör. Ég held að við séum sammála um að það er nauðsynlegt að Alþingi láti aðeins heyra í sér um hvernig alþjóðastofnanir eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og jafnvel aðrar hafa staðið lítið við bakið á okkur í þessu stóra máli.

Ég er líka sammála honum um að það er mikilvægt að við leiðum þetta mál til lykta og að um það sé nokkuð góð sátt. Hins vegar vil ég líka koma þeirri spurningu á framfæri hvort þingmaðurinn sé sammála því að málið fari til fjárlaganefndar milli 2. og 3. umr. og að þar verði farið yfir málið út frá þeirri umræðu sem hér fer fram og þeim yfirlýsta vilja allra hér að sátt náist? Varðandi afstöðu Framsóknarflokksins er ljóst að það þarf að ganga lengra með þá fyrirvara sem þarna eru.

[12:27]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur komið fram í máli mínu og formanns fjárlaganefndar og á vettvangi fjárlaganefndar að það er samstaða um að málið komi til umfjöllunar í fjárlaganefnd á milli 2. og 3. umr. Þar gefst tækifæri til þess að ræða álitamál sem uppi kunna að vera og menn vilja ræða frekar. Ég legg hins vegar áherslu á að það er breið pólitísk sátt um þær breytingartillögur sem fyrir liggja og mér finnst mikilvægt að henni verði haldið í gegnum málið allt. Það breytir ekki því að fjárlaganefnd á að taka til umfjöllunar þau álitaefni sem nefndarmenn telja mikilvægt að skoða sérstaklega á milli 2. og 3. umr. og við það verður að sjálfsögðu staðið.

[12:28]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ræða við hv. þm. Árna Þór Sigurðsson um eftirstöðvarnar af láninu eða það sem mun standa eftir ef forsendur Seðlabankans ganga ekki upp. Það væri raunar ágætt að fá hans túlkun á þessu ákvæði varðandi efnahagsleg viðmið. Með leyfi forseta:

„Verði greiðslubyrði lánasamninganna meiri en nemur hámarki skv. 3. mgr. skulu teknar upp viðræður við aðila lánasamninganna um áhrif þess á samningana og skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Fari slíkar viðræður ekki fram eða leiði þær ekki til niðurstöðu takmarkast ríkisábyrgð í samræmi við hámark 3. mgr. nema Alþingi ákveði annað.“

Mín túlkun á þessu ákvæði er að þarna sé bara verið að taka á hámarki varðandi álagðar greiðslur en ekki því hvað eigi að gera við eftirstöðvarnar þegar þessi svokallaða ríkisábyrgð rennur út. Þegar við unnum þetta í þessum þingmannahópi var mjög skýrt (Forseti hringir.) tekið fram í tillögunum sem við lögðum fram að ríkisábyrgðin ætti að falla niður árið 2024 og þar með (Forseti hringir.) eftirstöðvar lánanna ef einhverjar væru.

[12:29]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lít svo á að það sem segir í þessari breytingartillögu standi og gildi, verði hún samþykkt. Það þýðir

að ef greiðslubyrðin verður meiri en þessu hámarki nemur, sem efnahagslegu viðmiðin gera ráð fyrir, eigi að taka upp viðræður við samningsaðila okkar um áhrif þess á samninganna og skuldbindingar tryggingarsjóðsins. Innifalið í því er að sjálfsögðu hvernig á að fara með þær eftirstöðvar. Er þeim dreift á önnur ár eða færast þær aftur fyrir og hvað verður þá um ríkisábyrgðina? Því að eins og kom fram í máli hv. formanns fjárlaganefndar er ríkisábyrgðin í raun og veru bara á þessu tímabili. Ef þær fara aftur fyrir það verður Alþingi að taka á því hvort það vill framlengja ríkisábyrgðina eða einfaldlega fella hana niður eins og í raun og veru er lagt upp með því að tímabilið (Forseti hringir.) er óumdeilanlega til ársins 2024.

[12:30]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel hins vegar að það sé alls ekki nógu skýrt í þessum texta, breytingartillögu frá meiri hluta fjárlaganefndar, hvað eigi að gera við eftirstöðvarnar. Í þeirri vinnu sem fór fram innan þingmannahópsins var skýrt að við töldum að í textanum ætti að koma fram að eftirstöðvarnar ættu að falla niður. Þess vegna höfum við framsóknarmenn einmitt lagt fram breytingartillögu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Verði greiðslubyrði lánasamninganna meiri en nemur hámarki skv. 3. mgr. og þar með eftirstöðvar í lok lánatímabilsins árið 2024 fellur ríkisábyrgðin á eftirstöðvunum niður.“

Þetta er alveg hreint og skýrt.

Ég hvet til þess, þar sem talað var um að við værum að eignast nýja og góða vini, að hv. þingmaður taki tillit til þessara tillagna frá nýju vinunum hans og samþykki þessa breytingartillögu. Ég bendi líka á að hann talaði um áhyggjur af því að þarna kæmi hugsanlega hærri vaxtabyrði. Ef hann samþykkti líka breytingarnar á þessum (Forseti hringir.) tölum hjá okkur held ég að þar taki einmitt á því, því að þarna er miðað við að hámarkið sem við greiðum séu 240 milljarðar á núvirði miðað við 5,5% vexti og ekki krónu meira.

[12:32]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel að það beri að leggja þann skilning í þetta sem ég rakti hér áðan. Ef menn hins vegar telja að hér sé eitthvað óljóst eða það þurfi að skýra þetta frekar er þetta eitt af þeim atriðum sem gætu komið til umfjöllunar í fjárlaganefnd á milli 2. og 3. umr. Ég útiloka ekkert í þeim efnum en legg áherslu á að mér finnst að um það þurfi þá að verða sama breiða samstaða og er um tillögurnar sem hér liggja fyrir.

[12:32]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni ágæta ræðu. Okkur greinir á um ansi margt þó að við höfum kannski fyrst nær hvor öðrum undir það síðasta. Ég vil samt taka fram að ég tel að aðkoma hans sem varaformanns fjárlaganefndar hafi verið góð og til þess fallin að menn nálguðust mjög samstöðu í lokin.

Ég tel samt ekki að það sé Alþingi til framdráttar hvernig staðið var að málum. Ég tel einmitt að þetta sé til marks um hvað Alþingi er í rauninni illa sett að þingmenn skuli þurfa að beita öllum sínum kröftum til þess að ná fram gögnum og fá aðila á fund sem þeir telja nauðsynlega til þess að upplýsa málið. Það er (Forseti hringir.) einfaldlega hlutur sem við verðum að breyta og mig langar til að (Forseti hringir.) spyrja hv. þingmann hvort hann sé ekki sammála mér um það.

[12:34]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég lýsti þeirri skoðun minni að ég teldi að Alþingi hefði styrkst sem stofnun í umfjöllun um þetta mál og ég tel að það sé sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi fari málefnalega og sjálfstætt yfir lagafrumvörp sem hingað berast, hvort sem þau koma frá þingmönnum eða ráðherrum. Það er ekki sjálfgefið mál að ríkisstjórn geti gengið út frá því sem vísu að þau mál sem hún ber fram séu afgreidd héðan óbreytt. Mér er alveg sama hvaða flokkar eiga þar í hlut hverju sinni. Ég tel að Alþingi hafi styrkt sig í vandlegri og málefnalegri umfjöllun um þetta mál.

Hvað varðar upplýsingar vil ég ekki taka undir með hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni um að upplýsingum hafi verið haldið frá þingnefndinni. Hér á bak við er gríðarlegt magn upplýsinga og formaður nefndarinnar lagði sig í líma við að taka tillit til allra óska sem komu fram á vettvangi nefndarinnar um gesti og annað slíkt. (Forseti hringir.) Það hygg ég að nefndarmenn úr öðrum flokkum geti staðfest.

[12:35]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við vitum ekki enn hver staðan er á eignum í þrotabúi Landsbankans. Lee Buchheit benti á að meðan sú óvissa væri til staðar væri í rauninni ekki hægt að skrifa undir samningana.

Það sem mig langar hins vegar að varpa ljósi á er að nú í vikunni var lögð gríðarleg pressa á starfsfólk og þingmenn að klára nefndarálit. Hér var unnið dag og nótt og það hefur nánast ekki náðst að klára álitin fyrir daginn í dag. Telur þingmaðurinn að þetta sé til eftirbreytni? Ef svo er óttast ég að við horfum upp á mjög erfiðan vetur þar sem meiri hlutinn mun beita valdi sínu, mun beita fyrir sig forseta Alþingis til þess að (Forseti hringir.) koma erfiðum málum í gegn. Mér þykir miður að meiri hlutinn skuli ekki (Forseti hringir.) sjá þessa hluti.

[12:36]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að auðvitað hefur mikið verið unnið hér dag og nótt og um helgar og það hefur m.a. átt við um mig. Ég hef ekki kveinkað mér undan því. Ég er vanur því að vinna mikið í mínum störfum, bæði í stjórnmálum og á öðrum vettvangi.

Ég tek þó undir með þingmanninum að margt í vinnubrögðum Alþingis mætti færa til betri vegar. Ég veit ekki betur en sérstakur starfshópur á vegum forseta Alþingis

fjalli nú um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað. [Hlátur í þingsal.] Einhver hafði á orði að maður væri eiginlega fjölskylduvanfær þegar maður væri hér að störfum vegna þess að maður sæist ekki mikið heima hjá sér. Menn eru jafnvel spurðir hvort þeir rati orðið heim til sín.

Ég tek því undir með hv. þingmanni um að ég tel að það þurfi að bæta margt í vinnubrögðum Alþingis að þessu leyti til. Það skal þó fúslega viðurkennt að þetta mál er mjög sérstakt, það hefur verið hér lengi til umfjöllunar og kallað á mjög mikla vinnu á nánast öllum tímum (Forseti hringir.) sólarhringsins. Það er ekkert endilega til eftirbreytni. Ég er samt þeirrar skoðunar að afraksturinn af því, eins og það liggur fyrir þinginu í dag, (Forseti hringir.) sé góður þrátt fyrir þessa miklu vinnu og kannski einmitt vegna hennar.

[12:38]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Við ræðum nú Icesave, þetta merka og ógeðfellda mál. Það er ekki úr vegi að byrja á því að tala aðeins um fortíðina. Einhver sagði að til að vita hvert maður er að fara þurfi maður að vita hvaðan maður kemur, annars ráfi maður bara stefnulaus út í óvissuna. Ég held að ef við höldum fortíðinni ekki til haga í þessu máli muni Ísland ráfa stefnulaust áfram út í óvissuna.

Rætur þessa máls liggja í einkavinavæðingu bankanna, fyrirtækja og atvinnulífs undir stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, undir stjórn Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar. Þær spilltu ríkisstjórnir settu þetta ferli af stað og þess vegna erum við hér í dag. Ísland hefur ekki haft burði til að reka sitt þjóðfélag á siðrænum, eðlilegum nótum eins og gerist í nágrannalöndunum og því fór sem fór. Ríkisbönkum var komið til vina og flokksfélaga í Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins var m.a. í bankaráði Landsbankans og öll sú saga sem hefur spunnist og verið sögð í kringum þá einkavinavæðingu er þekkt. Við megum ekki gleyma henni því eins og fram kom ekki fyrir löngu síðan í tillögum um endurfjármögnun bankanna virðast menn ekki hafa lært nokkurn skapaðan hlut. Við skulum ekki gleyma því hvar rætur þessa máls liggja.

Á tímanum var bankaeftirlit Seðlabankans lagt niður og Fjármálaeftirlitið búið til. Fjármálaeftirlitið var stofnað í kringum ESB-rammalöggjöf um fjármálafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrsta stjórn Fjármálaeftirlitsins var pólitískt skipuð þremur mönnum hvers skilyrði fyrir setu í stjórn eftirlitsins var að þeir væru samþykkir ráðningu sonar Páls Péturssonar, fyrrverandi ráðherra, í stöðu forstjóra eftirlitsins. Sá maður hafði ekki reynslu af fjármálaeftirliti og mjög takmarkaða reynslu af fjármálastarfsemi. Því fór sem fór. Hann lét af störfum og nýr forstjóri var skipaður, pólitískur flokksdindill Sjálfstæðisflokksins og því fór sem fór. Þessu þurfum við að halda til haga, frú forseti, því þetta eru miklir meinbugir á íslenskri stjórnsýslu og íslenskum stjórnmálum.

Rammi fjármálalöggjafarinnar sem ESB-samningurinn kvað á um var tekinn upp á Íslandi. Lögin voru send til umsagnar hjá fjármálafyrirtækjum með tillögum um hvort þau teldu að einhverju þyrfti að bæta við þau. Þau sögðu að sjálfsögðu nei, þetta væri einföld rammalöggjöf. Allar nágrannaþjóðir Íslands prjónuðu inn í þessa rammalöggjöf alls konar ákvæði um eftirlit og skyldur á fjármálastarfsemi, nema Ísland. Því fór sem fór í þessu máli líka.

Íslenskur fjármálamarkaður í upphafi 10. áratugarins og fram til október í fyrra var skrípamynd af fjármálamarkaði eins og þeir gerast annars staðar, alger skrípamynd. Sjálfur starfaði ég um tíma í New York á verðbréfamarkaði og í ýmsum stofnunum og fyrirtækjum en fluttist til landsins árið 1997 og varð agndofa yfir því sem ég sá að viðgekkst á fjármálamarkaðnum. Þetta var skrípamynd allan þann tíma sem íslenskur fjármálamarkaður starfaði með þeim hætti sem hann gerði. Þessu verðum við að halda til haga. Fjármálaeftirlitið sjálft var fjármagnað af fjármálafyrirtækjum sem þar með höfðu bein áhrif á hversu margir starfsmenn væru þar. Þeir réðu kjörum starfsmanna sem komu þarna inn beint úr háskóla, störfuðu í eitt ár og var svo kippt inn í bankana. Fjármálaeftirlitið samanstóð því að stórum hluta af óreyndu starfsfólki sem hafði hvorki reynslu, þekkingu né faglegan kjark til að spyrna við fótum. Fjármögnun viðskiptalífsins fluttist úr spilltum pólitískum bankaráðum yfir í spillt einkavædd bankaráð með sterk pólitísk tengsl. Krosseignatengsl banka með fyrirtækjum voru um allt í viðskiptalífinu. Það var mjög óljóst hver átti hvað og hverjir réðu en samt virðist alla tíð hafa verið ljóst hverjir áttu hverja því það Alþingi sem sat á þeim tíma gerði ekki neitt til að spyrna við fótum. Yfirgengilegur hroki Íslendinga, bankamanna og ráðherra, sem höfnuðu allri erlendri gagnrýni er skaut upp kollinum. Skýrslur voru keyptar um glæsilega stöðu Íslands en gagnrýni var hins vegar stungið undir stól. Þessu verðum við að halda til haga líka því að vegna þessa erum við hér í dag.

Bankarnir vissu árið 2007 hvað mundi gerast árið 2008. Stórfelld sala starfsmanna banka á hlutabréfum sínum í bönkunum er til vitnis um það. Íslensk stjórnvöld vissu í upphafi árs 2008 hvað mundi gerast. Ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks vissi í upphafi árs að kerfið mundi hrynja með haustinu. Hvað gerði sú ríkisstjórn? Hún fór askvaðandi um öll nágrannalöndin, íslenskir ráðherrar og embættismenn lugu upp í opið geðið á nágrannaþjóðunum og eigin landsmönnum að hér væri allt í himnalagi, þetta væri bara misskilningur og séríslenskar aðstæður og þetta mundi allt reddast. Þessu verðum við líka að halda til haga því það er vegna þessa sem Ísland er rúið trausti um allan heim. Ísland er ekki rúið trausti vegna þess að það mun ekki samþykkja Icesave. Ísland er rúið trausti vegna þess að í áratugi hefur íslenskt stjórnkerfi, íslensk stjórnsýsla og íslenskt Alþingi brugðist skyldum sínum, þeim skyldum sem að öllu jöfnu liggja á eðlilegum þjóðþingum, stjórnvöldum og stjórnsýslum nágrannalandanna. Þess vegna nýtur Ísland einskis trausts og það er ekkert gert til að bæta úr því í dag. Icesave er merki um hlýðni við útlönd, ekki merki um að menn séu að ávinna sér traust. Við skulum halda því til haga líka.

Kerfið hrundi eins og spilaborg. Seðlabanki Íslands, með sinni pólitísku stjórn nota bene, tapaði hundruðum milljarða á nánast einu bretti. Hvað hefur verið gert þar? Jú, bankastjóranum margfræga var vikið úr starfi með miklum harmkvælum og tveir aðstoðarbankastjórar fylgdu með. Stjórnsýsla landsins fraus og henti m.a. 200 milljörðum kr.

af skattfé almennings inn í peningamarkaðssjóði að kröfu fjármagnseigenda. Þvílíkt siðleysi að þetta skuli hafa verið liðið. Þetta gerði ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.

Bankamálaráðherrann sem var yfir öllu bankakerfinu sagðist ekkert vita, kom alveg af fjöllum, en sagði svo af sér í kjölfarið. Hvað gerðist svo? Til að efla endanlega traustið á íslensku þingi var hann gerður að formanni þingflokks Samfylkingarinnar. Þetta halda menn að muni efla traust á íslenskum stjórnmálum erlendis. Þetta er hneisa og ég velti því fyrir mér hvað þingmenn Samfylkingarinnar voru að hugsa í haust þegar þeir kusu hann sem formann þingflokksins.

Frú forseti. Trúverðugleiki nýrrar ríkisstjórnar er bundinn því að ráðherrar úr fyrri ríkisstjórn fengu stöðuhækkun. Nú er það svo að hæstv. forsætisráðherra Íslands, Jóhanna Sigurðardóttir, er flekklaus í sínum störfum en það er ekki víst að nágrannaþjóðirnar sjái það þannig. Það sem þær sjá er að ráðherrar úr fyrri ríkisstjórn eru hækkaðir upp í stöðum og jafnvel gerðir að forsætisráðherra. Forsætisráðherra sem hafnar því að fara út fyrir landsteinana og útskýra málstað Íslendinga. Þetta eflir heldur ekki traust á íslensku stjórnkerfi.

Þessir Icesave-samningar voru gerðir í snatri og þeir leiddu til verstu samninga Íslandssögunnar. Eins og kom fram í máli hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar áðan neitaði hæstv. fjármálaráðherra tveimur dögum fyrir undirskrift samninganna að það stæði til að ganga frá þeim. Engu að síður var það gert og orð var látið berast út um að það ætti að keyra samningana í gegnum Alþingi Íslendinga án þess að þingmenn fengju að sjá þá. Einn hv. þingmaður Samfylkingarinnar sagði opinberlega að það væri sennilega nóg fyrir þingmenn að sjá útdrátt úr samningunum til að geta samþykkt þá. Að lokum hafðist að opinbera samningana eftir að þeim var lekið í fjölmiðla. Þá hundskuðust stjórnvöld til að birta þá almenningi og náttúrlega kom í ljós hvers vegna þeir hefðu átt að vera leyndir í upphafi, því eins og ég sagði áðan voru þetta verstu samningar sem Íslendingar hafa gert.

Aðdragandi þessarar samningagerðar er líka hneisa. Í fyrrahaust var m.a. haft samband við Lee Buchheit sem er einhver mesti samningamaður hvað varðar skuldir skuldugra þjóða sem fyrirfinnst í heiminum. Ríkisstjórn Íslands sem þá var þótti hann of dýr og því var hætt við að ráða hann. Á endanum var ráðinn íslenskur embættismaður sem var á launum hvort eð er, hafði ekki reynslu af slíkum samningum en kostaði lítið aukalega. Hann var þar að auki einkavinur fjármálaráðherra en það er regla sem hefur verið viðhöfð allt of lengi á Íslandi.

Samningarnir eru vondir. Ég hef ekki hitt einn einasta mann sem hefur mælt þeim bót. Það eina góða við þá er kannski að það er sjö ára greiðslufrestur og má virða það. Þess vegna m.a. lögðust svo margir þingmenn á eitt við að reyna að koma fyrirvörum inn í ríkisábyrgðina til að vernda þjóðina og almenning á Íslandi gegn þessum ofursamningum.

Það hefur verið athyglisvert fyrir mig að fylgjast með og taka þátt í þessu starfi. Ég er sjálfur í efnahags- og skattanefnd og í fjárlaganefnd. Það hefur verið athyglisvert að sjá hvernig nefndirnar hafa unnið með misjöfnum hætti, hvernig efnahags- og skattanefnd brást hlutverki sínu í þessu starfi og hafnaði því að sérfræðingar á vegum nefndarinnar skoðuðu málið betur (**PHB:** Ekki öll.) heldur krafðist meiri hluti nefndarinnar, að vísu í fjarveru tveggja fastra nefndarmanna, þess að málið yrði tekið út úr nefndinni án þess að það væri klárað. Sú vinna sem fór fram í undirhópi þingmanna í kjölfarið hefði átt að vera unnin af efnahags- og skattanefnd en vegna flokkspólitísks aga og flokkspólitískra hjólfara fékk hún ekki að klára málið faglega.

Fjárlaganefnd undir forustu Guðbjarts Hannessonar hefur unnið þrekvirki í þessu máli. Þó að oft hafi margt gengið á í samskiptum nefndarmanna á fundum hennar efast ég um að nokkurn tímann hafi svo viðamikið mál komið fyrir eina nefnd þingsins. Það er eftirbreytnivert og hv. þm. Guðbjartur Hannesson á mikið hrós skilið sem og varaformaður nefndarinnar Árni Þór Sigurðsson fyrir hvað þeir hafa haldið vel utan um málið. Ég er hvorki sammála öllu því sem þeir gerðu né öllu sem kom út úr nefndinni en þetta var gríðarlega viðamikið mál, mikil vinna liggur þar að baki og þeir stóðu sig vel.

Við skulum halda því til haga að breytingartillögur við ríkisábyrgðina voru eingöngu samþykktar vegna þess að það myndaðist nýr meiri hluti á Alþingi Íslendinga. Ríkisstjórnin sem var við völd hafði ekki lengur meiri hluta og ekki heldur meiri hluta í fjárlaganefnd. Annars hefðu þessir samningar verið keyrðir í gegn óbreyttir og verið til ævarandi skammar fyrir Íslendinga og ævarandi kjararýrnunar fyrir íslenskan almenning. Þessi nýi meiri hluti spyrnti við fótum og þverpólitískur hópur þingmanna úr öllum flokkum lagði á sig mikla vinnu við að reyna að koma á framfæri breytingartillögum við þetta frumvarp.

Aðkoma okkar úr Borgarahreyfingunni var mun auðveldari en margra vegna þess að við vorum utan ríkisstjórnar, utan stjórnarmeirihluta. Þetta mál bitnaði sérstaklega á þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs sem lögðu sig fram í þessu máli og sættu aðkasti og ámæli eigin flokksmanna fyrir að reyna að vinna málið vel. Fjögur þeirra, hv. þingmenn Ásmundur Einar Daðason, Lilja Mósesdóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og hæstv. ráðherra Ögmundur Jónasson tóku mikla áhættu og sýndu gríðarlegan kjark í að berjast fyrir því að þverpólitísk samstaða næðist á þingi um þetta mál. Hafi þau þökk fyrir. Hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir úr Samfylkingunni kom að málinu, svo og hv. þm. Eygló Harðardóttir úr Framsóknarflokknum, hv. þm. Pétur Blöndal og Tryggvi Þór Herbertsson úr Sjálfstæðisflokknum sem og Höskuldur Þór Þórhallsson úr Framsóknarflokknum.

Þetta fólk skildi mikilvægi þess að setja breytingartillögur inn í frumvarp fjármálaráðherra sem var með þvílíkum ólíkindum að annar eins óskapnaður hefur sennilega sjaldan litið dagsins ljós á Alþingi. Með miklu harðfylgi náði þessi hópur inn breytingartillögum sem skipta mjög miklu máli, breytingartillögum sem nefndarmönnum var ljóst að nauðsynlegt yrði að gera vegna þess m.a. að íslensk stjórnsýsla og stjórnkerfi brást líka í aðdraganda þessa máls. Á fundum fjárlaganefndar kom Seðlabanki Íslands með tölur um hagvöxt og útflutningstekjur sem voru út úr öllu korti. Seðlabankinn var hvað eftir annað sendur til

baka og beðinn að koma með nýjar og betri tölur og þeir komu með nýjar og öðruvísi tölur. Enn þá hefur ekki verið hægt að fá út úr Seðlabanka Íslands nákvæmlega hver skuldastaða þjóðarbúsins er. Það kemur ný tala í hvert einasta skipti sem spurt er. Sem betur fer er verið að skipta einu sinni enn um seðlabankastjóra og þá verður kannski unnið á faglegri nótum á þeirri stofnun en hefur verið gert í þessu máli. Þess má þó geta að einstakir starfsmenn Seðlabankans hafa lagt á sig mikla vinnu við þetta mál og það ber að virða en framganga Seðlabankans sem stofnunar í þessu máli er ekki að mörgu leyti til sóma.

Seðlabanki Íslands gerir m.a. í spám sínum ráð fyrir 163 milljarða kr. afgangi af viðskiptum við útlönd á hverju ári að meðaltali næstu 10 árin, 163 milljarða kr. afgangi á hverju einasta ári næstu 10 árin. Á árunum 1990–2008 var afgangur af viðskiptajöfnuði Íslands í 7 af 19 árum. Samanlagt var þessi jöfnuður öll árin sem afgangur var 76 milljarðar eða tæplega helmingur þess sem Seðlabankinn gerir ráð fyrir að muni verða á hverju einasta ári næstu 10 árin. Þessi spá Seðlabankans virðist einfaldlega vera algerlega óraunhæf og sett fram með það eitt að markmiði að gera fólk ánægt og óhrætt við að samþykkja samningana.

Annað frá Seðlabankanum var í líka veru en í áliti 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar sem er skrifað af undirrituðum fjalla ég örlítið um þá mælikvarða á skuldaþol ríkissjóðs sem Seðlabankinn hefur enn ekki getað útvegað Alþingi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþjóðlegur mælikvarði á skuldaþol ríkissjóðs er hlutfall erlendra skulda ríkissjóðs af skatttekjum. Þetta hlutfall hér á landi er nú orðið 258%. Alþjóðastofnanir veita ríkjum með hlutfall yfir 250% sérstaka aðstoð til að tryggja að þau ráði við skuldabyrðina. Hlutfallið er viðmið um hvenær ekki er hægt að greiða niður skuld af þessari stærðargráðu með frekari skattlagningu. Við útreikninga á greiðslugetu ríkissjóðs var hvorki athugað hvaða áhrif umtalsverðir fólksflutningar úr landi hefðu á skattstofn ríkisins (sem minnkar þegar fólki fækkar) né á hagvöxt en fólksfækkun hefur bein neikvæð áhrif á hagvöxt. Ótrúlegt er að þetta hafi ekki verið skoðað þar sem fram hefur komið að fyrstu fimm mánuði ársins fluttu tíu fjölskyldur úr landi á hverjum einasta degi, hvern virkan daga vikunnar.

Í ljósi nýrra upplýsinga um að skuldabyrði þjóðarbúsins sé mun meira en AGS gerði ráð fyrir í nóvember 2008 var Seðlabanka Íslands falið að meta skuldaþol og greiðslugetu þjóðarbúsins. Í skriflegri umsögn Seðlabanka Íslands frá 15. júlí sl. um Icesave-samningana er fjallað um erlenda skuldastöðu þjóðarbúsins, sem bankinn telur að sé um 200% af VLF á þessu ári. Skilgreining Seðlabankans á skuldum þjóðarbúsins er því miður þrengri en AGS, þar sem inn í útreikninga vantar skuldir erlendra dótturfélaga, þ.e. álfyrirtækjanna. Ef notuð er skilgreining AGS á skuldum þjóðarbúsins er hlutfallið hins vegar komið í um 240% af VLF.

Þess má geta að Argentína lenti í greiðsluþroti þegar þetta hlutfall var komið yfir 140% af VLF árið 2002. Í ljósi þessa er mikilvægt er að skoða hvað Ísland geti lært af reynslu Argentínu.

Hvað varðar mat á eignum Landsbankans þá hefur enginn fengið að sjá hverjar þessar eignir eru fyrir utan skilanefnd bankans. Gert er ráð fyrir að 75% eignanna í eignasafninu gangi upp í skuldina vegna Icesave-reikninganna. Við venjubundin gjaldþrot telst gott ef endurheimtur á eignum eru á bilinu 20–30%.

Ofmat á eignum Landsbankans mun þýða að minna endurheimtist af þeim á næstu árum, þannig að höfuðstóll Icesave-lána verður hærra eftir sjö ár en nú er gert ráð fyrir í athugasemdum við frumvarpið.“

Ýmislegt af þessu tagi kom fram hjá Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytinu, óraunhæfar spár, óraunhæfar tölur og lélegar upplýsingar. Þetta varð okkur ljóst sem unnum að þessum breytingartillögum og þess vegna lögðum við á okkur þessa vinnu. Þessi nýi þverpólitíski meiri hluti er kannski einsdæmi í sögu þingsins. Við skulum þó ekki gleyma því að þessi hópur vann þá vinnu sem efnahags- og skattanefnd Alþingis átti að inna af hendi en gerði ekki. Þær breytingartillögur sem koma fram í dag eru afrakstur þeirrar vinnu, sérstaklega þau efnahagslegu viðmið sem þar eru inni en einnig hluti lagalegu viðmiðanna, sem og 8. gr. um endurheimtur á innstæðum. Breytingartillögurnar eru þess eðlis að nærri öll fjárlaganefnd náði að gera þær að sínum. Það myndaðist mjög breið samstaða um þetta mál og mikill áhugi var á því innan fjárlaganefndar að ljúka því í sátt við alla. Það náðist, með undantekningu framsóknarmanna sem vildu hafa sterkar orðaða fyrirvara í málinu. Þó er ekki útséð með að þeir verði ekki með áður en yfir lýkur, sérstaklega ef tekið er tillit til einhverra af þeim breytingartillögum sem þeir hafa lagt fram.

Það er rétt að minna á að þau efnahagslegu viðmið og það þak sem er á greiðslunum vegna Icesave er upprunalega komið frá hv. þm. Pétri H. Blöndal og Tryggva Þór Herbertssyni í Sjálfstæðisflokknum. Þau eru að mínu mati eins og menn sögðu árið 2007 „tær snilld“. Gert er ráð fyrir að þak sé á þessum greiðslum sem fari ekki umfram getu þjóðarbúsins og tekið er á þeirri gjaldeyrisáhættu sem fylgir þessum lánum og þeirri áhættu sem myndast ef endurheimturnar úr eignasafni Landsbankans verða minni en vænst er.

Þessi efnahagslegu viðmið slá margar flugur í einu höggi, þau eru skynsamleg, sanngjörn og fyllilega ásættanleg fyrir Breta og Hollendinga, fyllilega ásættanleg fyrir nágrannaþjóðirnar, þar á meðal Norðurlandaþjóðirnar, og ásættanleg fyrir mig sem fulltrúa Borgarahreyfingarinnar í fjárlaganefnd. Vonandi verða þessar breytingartillögur ásættanlegar fyrir sem flesta þingmenn því að ég tel mikilvægt að þingið komi fram með háa rödd í þessu máli og að hún heyrist víða. Þess má jafnframt geta að sú hugmynd um að í upphafi yrði frumvarpið afgreitt hér 63:0 held ég að sé horfin en það var þess virði að fylgja henni eftir.

Einnig er áhugaverð 8. grein þessa frumvarps sem snýr að endurheimtum á innstæðum. Sú grein kemur nánast orðrétt upp úr stefnuskrá Borgarahreyfingarinnar þar sem við teljum gríðarlega mikilvægt að þeir sem beri beina fjárhagslega ábyrgð á þessu klúðri verði látnir greiða það þegar þetta er yfirstaðið, eða eins og segir í lokasetningu greinarinnar, með leyfi forseta, „verði látnir bera það tjón“.

Hvað varðar þá umræðu sem uppi hefur verið um hvað gerist ef Icesave-skuldbindingarnar greiðast ekki að fullu upp, þ.e. ef spá Seðlabankans um hagvöxt gengur ekki eftir, þá hefur alla tíð verið skilningur okkar sem lögðum fram

þessar breytingartillögur að sá afgangur falli niður í lok tímabilsins, að ríkisábyrgðinni sé lokið árið 2024. Ef það Alþingi sem þá situr kýs að borga meira er það þeirra ákvörðun en það er alveg skýrt að hugmyndin á bak við það að afgangurinn falli niður byggir á því að Bretar og Hollendingar taki á sig hluta af þessari áhættu, m.a. vegna þess að þeir rukka Íslendinga um ofurvexti af þessum lánum. Þeir munu stórgræða á þessari lánastarfsemi sinni og mér finnst alveg sjálfsagt að þeir taki þátt í áhættunni.

Ég skrifa undir álitið með fyrirvara vegna þess að ég vænti þess að fram komi raunhæfar breytingartillögur til viðbótar hér á þinginu sem ég gæti hugsað mér að samþykkja. Ég hef heldur ekki endanlega gert upp hug minn um hvernig þetta fer í endanlegri afgreiðslu málsins. Ég er feginn að þessar breytingartillögur hafa náð í gegn og ég er feginn að fjárlaganefnd tók þær út úr nefndinni með þeim hætti sem gert var. Vinna fjárlaganefndar í þessu máli hefur að mörgu leyti verið til mikils sóma en eins og ég sagði áðan er ég á þessu áliti með fyrirvara því að eins og komið hefur fram hjá framsóknarmönnum er ekki ólíklegt að fram komi breytingartillögur. Þar á meðal skiptir ein að mínu mati miklu máli en hún varðar 4 og 2% hlutföll sem virtust vera sérstakt áhugamál hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar. Þessi hlutföll voru upprunalega reiknuð af Seðlabankanum og áttu að vera 3,85% og 1,94% en voru á einhverjum næturfundinum í kaffihléinu hækkuð upp í 2% og 4% án útskýringa og rökstuðnings af einskærum áhuga einhverra í fjárlaganefnd á að borga aðeins meira en þörf er á.

Hér hafa verið viðraðar skoðanir um menn sem gengju hagsmuna annarra en Íslendinga í þessu máli. Ég tek ekki undir þær skoðanir en vissulega hef ég orðið vitni að því í þessari vinnu að sú spurning hefur vaknað á hvaða vegferð menn voru þegar skrifað var undir þessa samninga og í þeirri vinnu sem Alþingi hefur unnið í framhaldi af því. Ég er feginn að málið er komið inn í þingið með þessum breytingartillögum. Ég styð þær að öðru óbreyttu og óska fjárlaganefnd til hamingju með að hafa afgreitt þetta mál.

[13:05]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Þór Saari rifjaði upp í upphafi ræðu sinnar sögu einkavæðingarferlisins hér á Íslandi. Að gefnu tilefni og þar sem ég veit að hv. þingmaður vill halda öllu til haga vildi ég benda honum á að einkavæðingarferlið sjálft, hugmyndafræðin á bak við að einkavæða ríkisfyrirtæki, hófst vist í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Ég vil hins vegar á engan máta víkja mér undan ábyrgð okkar framsóknarmanna á þessu einkavæðingarferli og bendi á að fjöldi forustumanna flokksins hefur einmitt axlað þá ábyrgð og horfið af vettvangi.

Hins vegar, til þess að halda enn á ný öllu til haga, sitja hérna enn þá tveir þingmenn sem sátu í þeirri stjórn og eru nú ráðherrar og forustumenn í ríkisstjórn. Þessir þingmenn eru hæstv. utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson og hæstv. forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir. Fólkið sem hefur barist með kjafti og klóm fyrir afgreiðslu þessa máls, án nokkurra fyrirvara eða breytinga á málinu.

[13:06]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir athugasemdina. Ég tel mjög mikilvægt að því sé haldið til haga hverjir stóðu fyrir þessari vegferð sem farið var í með einkavæðingu ríkisbanka og ríkisfyrirtækja. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að sem flest fyrirtæki eigi að vera í einkaeigu en ekki í eigu ríkisins en það er ekki sama hvernig staðið er að málum.

Ég tel að trúverðugleiki Íslands á alþjóðavettvangi muni ekki aukast fyrr en þeir ráðherrar sem voru í síðustu ríkisstjórn og ríkisstjórninni þar á undan og þeir þingmenn sem áttu þátt í þeim ríkisstjórnum eru farnir af þingi. Ég held að þetta mál sé svo mikilvægt að það muni ekki jafna sig fyrr en það gerist. Það mun taka einar til tvennar kosningar í viðbót. Framsóknarflokkurinn hefur unnið grettistak í því að skipta út sínu fólki, nánast allir þingmenn Framsóknarflokksins eru nýir nema einn og ég óska þeim til hamingju með það. Það er full þörf á að hinir fjórflokkarnir geri slíkt hið sama.

[13:08]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svör hans við athugasemd minni.

Ég held að ég verði að taka undir allt sem þingmaðurinn sagði. Ég tel mjög mikilvægt að þeir þingmenn sem bera ábyrgð á þessu máli axli hana. Mér hefur fundist mjög sláandi hvað Samfylkingunni hefur tekist með miklum ágætum á þessum mánuðum sem liðið hafa frá hruni að víkja sér fullkomlega undan ábyrgð á þessu máli. Maður hefur nánast fundið til vorkunnar gagnvart hæstv. fjármálaráðherra að þurfa að standa frammi fyrir þessu gífurlega verkefni og fleiri verkefnum, málum sem hann sagði að væru á hans könnu en ég teldi að ættu mun frekar að vera á hendi Samfylkingarinnar því að Samfylkingin ber geysilega mikla ábyrgð á þessu máli.

Þó að hv. þingmaður vilji ekki endilega tengja þetta við umræðuna um Evrópusambandið vil ég gjarnan gera það. Það sást mjög skýrt í þeirri umræðu sem varð þegar aðildarumsóknin var rædd og hvort það ætti að taka hana fyrir gagnvart Evrópusambandinu að þetta mál tengist því mjög sterkt þó að Samfylkingin hafi viljað halda því fram að svo væri ekki. Það sést líka á því hvað fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins og þáverandi samflokksmaður þeirra, ráðherra sem ég hef nefnt áður, hefur brugðist harkalega við í þessu máli með sínum greinaskrifum og viðtölum. Þá er ég að tala um Jón Baldvin Hannibalsson. Það er greinilegt að hann er mjög viðkvæmur fyrir allri gagnrýni varðandi þetta enda má segja að allt þetta ferli hafi hafist í hans tíð og ber (Forseti hringir.) hann náttúrlega fyrst og fremst ábyrgð á þessum EES-samningi.

[13:10]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Þór Saari fyrir ágæta ræðu. Þó að ég hafi ekki að öllu leyti verið sammála fyrri hluta ræðunnar var margt gott í henni. Fyrri hlutinn hljómaði frekar eins og eitt af þeim

bloggum sem maður sér á Eyjunni.is.

Ég held að rétt sé að halda einu til haga, þannig að maður noti frasa hv. þingmanns, og það er að við sölu á bönkunum og einkavæðingu þeirra stóð í upphafi til að tryggð yrði dreifð eignaraðild að bönkunum til þess að koma í veg fyrir að bankarnir enduðu í eign blokka sem höfðu svo mjög vaðið uppi í íslensku atvinnulífi síðustu áratugina. Þetta var mikið áhersluмál hjá fyrrverandi forsætisráðherra Davíð Oddssyni. Hann þurfti að bakka með þetta, var hrakinn með þetta mál af Samfylkingunni og Framsóknarflokknum. Reyndar gekk Samfylkingin svo langt að segja að hér væri ofríki þar sem forsætisráðherra vildi ráða hverjir ættu bankana.

Mig langar líka til þess að minnast á annað. Nú var ég staddur í miðju hruninu og tel mig hafa nokkuð góða yfirsýn yfir hvað gerðist a.m.k. einu til einu og hálfu ári áður. Ég hef aldrei nokkurn tímann heyrt ýjað að því að stjórnvöld hefðu vitað af því að (Forseti hringir.) bankakerfið væri að hrynja. Mikil væri þeirra ábyrgð þá. Gæti hv. þingmaður gefið mér heimildir fyrir þessari (Forseti hringir.) staðhæfingu sinni?

[13:12]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi það að fyrri ríkisstjórn hafi haft heimildir eða upplýsingar um hvert stefndi í bankamálum nægir að vitna til fjölda greina, frétta og skýrslna sem leiða í ljós að sennilega strax í febrúar eða mars í fyrra var öllum ljóst hvert stefndi. Málið var hins vegar þannig vaxið að enginn þorði að grípa til aðgerða því að bankakerfið var svo viðkvæmt að ef einhver andaði á það mundi það hrynja. Þess vegna var ekkert gert í málinu.

Varðandi það að hv. þingmaður bendlaði mig við Eyjuna.is er rétt að halda því til haga að eftirnafnið Saari er finnskt og þýðir á finnsku eyja.

[13:14]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessar upplýsingar, sérstaklega þær óumbeðnu vegna þess að nú veit ég hvernig á að segja eyja á finnsku.

Vissulega er rétt að einhverjir vöruðu við hruni íslensks efnahagslífs. Ég held að sú umræða hafi byrjað með útgáfu bókarinnar *Síðustu forvöð* sem prófessor Þorvaldur Gylfason gaf út árið 1995. Í 14 ár komu sífellt einhverjir fram með að nú væri allt að hrynja. Þetta ágerðist árið 2008. Eftir á að hyggja var í sumum þeirra spádóma eitthvað að finna en flestir voru háðir sömu annmörkum og t.d. þessi áðurnefnda bók, *Síðustu forvöð* , þ.e. því að gefnar voru yfirlýsingar um eitthvað sem ómögulegt var að segja til um.

Þrátt fyrir að eitthvað hafi verið gefið út þar sem spáð var rétt er ómögulegt að halda því fram að íslensk stjórnvöld hafi vitað í hvert stefndi. Ef svo væri hefðum við þegar fundið ábyrgðarmenn hrunsins og væntanlega væri hægt að gefa fjármálafurstunum okkar sakaruppgjöf strax en ég er ósammála þeirri túlkun. Þetta er fyrst og fremst bankamönnum og gölluðu reglugerðarverki að kenna.

[13:16]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að útdeila ábyrgð á einn umfram aðra en ég vildi bara minna á að í gangi er vinna á vettvangi rannsóknarnefndar Alþingis. Að því ég best veit vinnur hún nú mjög mikilvægt og gríðarlega öflugt starf við að uppljóstra um aðdraganda þessa hruns og hvað gerðist. Væntanlega mun koma í ljós í nóvember hvernig málavextir liggja í þessu máli og þá verður hægt með sanngjörnum og ábyggilegum hætti að staðhæfa frekar um það.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:17]

Tilhögun þingfundar.

[13:33]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Fundi er fram haldið á Alþingi. Forseti vill árétta að samkomulag er um að þingfundur geti staðið allt til miðnættis.

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (Icesave-samningar). — Þskj. 204, nál. 335, 337 og 338, brtt. 336, frávtill. 339, brtt. 340.

[13:33]

Þráinn Bertelsson (U):

Virðulegi forseti. Eins og stundum áður er íslensku þjóðinni vandi á höndum. Þessi litla þjóð, yngsta þjóð Evrópu, hefur lifað af margvíslega erfiðleika sem að henni hafa steðjað og sagan greinir frá síðustu 1100 ár. Við höfum marga skrokkskjóðuna hlotið og mátt þola harðindi, eldgos, aflabrest og tröllauknar náttúruhamfarir á þessu landi þar sem sumardagar eru ekki einasta sætari og lengri en aðrar þjóðir þekkja heldur er skammdegismyrkrið og vetrarnóttin einnig lengri og svartari en nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli.

Eins og aðrar þjóðir höfum við einnig orðið að þola margvísleg sjálfskaparvíti sem ófullkomleiki mannsins, eða andlegur atgervisbrestur eins og það mundi heita á útþynntu fjölmiðlasproki samtímans, virðist stöðugt kalla yfir sig og sumir telja að sé refsing æðri máttarvalda í garð tegundar sem fyllst hefur hroka, „hubris“, og týnt auðmýkt sinni frammi fyrir lífinu sjálfu og umhverfi þess. Við höfum vegna eigin vanmáttar, hroka og skeytingarleysis um hag annarra og þar með heildarinnar gengið í gegnum borgarastyrjöld Sturlungaaldar og glatað sjálfstæði okkar og forræði yfir lífi okkar litlu þjóðar. Við höfum mátt þola um langar aldir tilveru sem afskekkt og einskis metin nýlenda, við þekkjum sult og seyru, fátækt og skort.

Með tilliti til þess að menn hafa það fyrir satt að það gildi jafnt um þjóðir sem einstaklinga að sú lífsreynsla sem ekki bugar mann eða drepur geri mann sterkari má furðu sæta að þessi lífsreynda smáþjóð skuli nú enn eina ferðina standa nánast ráðalaus gagnvart stórkostlegum vandræðum.

Þessi vandræði stafa annars vegar af siðblindu og græðgi gjörspilltra óráðsíumanna og hins vegar af heimsku og skammsýni þeirra innlendu stjórnmálaafla sem telja að tilgangur og inntak lífsins og mannlegs eðlis sé að græða á daginn og grilla á kvöldin.

Á Alþingi er það nú verkefni okkar að leita lausnar á svonefndu Icesave-máli sem snýst um hvort eða með hvaða hætti þjóðin eigi að bera sameiginlega ábyrgð á ábyrgðarlausri framgöngu einstaklinga og einkafyrirtækis, þess Landsbanka sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur afhentu sérvöldum einkavini sínum sem áður hafði verið dæmdur og afplánað fangelsisvist fyrir efnahagsbrot.

Saga þessa máls er samfellt registur yfir rangar ákvarðanir, pólitískt getuleysi, fljótfærni og afglöp á afglöp ofan. Þar að auki snýst málið um barnalega oftrú á getu Íslendinga til að setja saman samninganefnd sem gæti vafið um fingur sér harðsnúnum samningamönnum Hollendinga og Breta á heimavelli og á tungumáli hinna síðarnefndu sem höfðu óátaldir af alþjóðasamfélaginu og íslenskum stjórnvöldum komist upp með að beita hryðjuverkalögum gegn Íslendingum.

Sá samningur sem nú er lagt fyrir Alþingi að ábekja og ábyrgjast er skilgetið afkvæmi ofríkis og þjösnaháttar Hollendinga og Breta í garð smáþjóðar sem hingað til hefur skort gæfu, atgervi og forustu til að bera hönd fyrir höfuð sér. Í stað þess að benda á að Bretar hafi fyrirgert bæði lagalegum og siðferðislegum rétti sínum í Icesave-málinu með beitingu hryðjuverkalaga var gengið til samninga við þetta hruma en siðlausa nýlenduveldi um hvernig íslenska þjóðin ætti að axla ábyrgð og greiða skaðabætur fyrir óráðsíu og fjárplógsstarfsemi íslenskra dólgakapítalista sem Bretar flokkuðu umsvifalaust undir hryðjuverkastarfsemi.

Hinum íslensku kapítalistadólgum til afbötunar skal því til haga haldið að mér vitanlega hefur strandhögg þeirra á Bretlandi og í Hollandi ekki kostað mannslíf enn þá, eins og hryðjuverk gera venjulega, heldur aðeins valdið þeim aðilum fjárhagslegum búsifjum sem töldu sig hugsanlega geta grætt á því peninga að taka upp viðskipti við hina íslensku æruleysingja. Icesave-málið er samfelld sorgarsaga af heimsku og græðgi, vanhæfi, getuleysi, fljótfærni og spillingu. Í þessu máli fær ljós skynsemi og sanngirni hvergi að skína fyrr en loksins núna á sumarþingi þegar þessi dæmalausi samningur var tekinn til umfjöllunar í nefndum Alþingis, fyrst og fremst fjárlaganefnd. Ég ber virðingu fyrir þeirri vinnu sem þar hefur verið innt af hendi.

Því miður er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í. Fjárlaganefnd, hversu ágæt sem vinna hennar og vilji hefur verið, er þess ekki umkomin að bjarga barninu upp úr botnlausum Icesave-brunninum. Ef við Íslendingar ætlum okkur að halda áfram að vera sjálfstæð þjóð getum við ekki látið í minni pokann fyrir svívirðilegum yfirgangi stærri þjóða. Við getum ekki látið undan kúgunartilraunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem telur það vera heilaga skyldu sína að setja sig ofar fullveldi Íslendinga. Við getum ekki látið neyða þessum skelfilega samningi upp á okkur.

Fyrir alla muni skulum við gera það heyrinkunnugt að við séum reiðubúin að framselja Landsbankaskrílinn í hendur breskra og hollenskra yfirvalda og heita Bretum og Hollendingum allri mögulegri aðstoð við að hafa upp á hverri krónu í eigu þessa lýðs til greiðslu á Icesave-innstæðum. Ef við ætlum að setja framtíðarsjálfstæði okkar ofar tímabundnum deilum um peninga verðum við að sýna þann manndóm að lýsa hátt og snjallt yfir vilja okkar til að leysa Icesave-málið með sanngjörnum og raunhæfum hætti eins og tíðkast með frjálsum þjóðum og höfða til alþjóðasamfélagsins að skilja málstað smáþjóðar sem nú er verið að kúga og svínbeygja með nauðungarsamningi, hryðjuverkalögum og miskunnarlausu kverkataki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Frá þessu máli verða Íslendingar að ganga uppréttir. Líf á fjórum fótum frammi fyrir erlendu valdi er hundalíf.

[13:42]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka þingnefndunum sem hafa lagt á sig mikla vinnu í allt sumar og þá sérstaklega fjárlaganefnd, bæði meiri og minni hluta þeirrar nefndar, en einnig efnahags- og skattanefnd og utanríkismálanefnd og öðrum þingmönnum sem lagt hafa á köflum nótt við dag í sumar til að koma þessu máli í endanlegan búning og til afgreiðslu.

Ég þarf ekki miklar málalengingar á þessu stigi afgreiðslu málsins. Ég held að ég geti tekið undir allt sem hv. formaður fjárlaganefndar, Guðbjartur Hannesson, sagði í sinni framsöguræðu og sömuleiðis hv. þm. Árni Þór Sigurðsson. Ég tel að nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar sé ítarlegt og í því séu fólgnar góðar útskýringar á málinu sjálfu, aðdraganda þess og eðli og síðan útlistanir á þeim breytingartillögum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til.

Mikil vinna og mikil gagnasöfnun hefur farið fram í þessu máli og samhliða vinnu Alþingis hafa ýmsar stofnanir eins og Seðlabankinn, fjármálaráðuneytið og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands lagt fram vinnu sem öll er gagnleg því að í leiðinni hefur myndin af heildarstöðu þjóðarbúsins skýrst nokkuð. Ég fagna sérstaklega þeirri samstöðu sem tekist hefur um umgjörð og afgreiðslu málsins og að fjórir flokkar af fimm standi að því og muni styðja þær breytingartillögur sem hér eru fluttar, ef ég hef skilið rétt. Ég tel að þar eigi allir hrós skilið. Kannski má segja að Borgarahreyfingin eigi ekki síst skilið hrós fyrir að koma að málinu með þessum ábyrga hætti vegna þess að þegar forsaga þessa máls er rakin eiga, eins og hefur komið fram áður í umræðunni, fjórir flokkar af fimm sem nú eiga menn kjörna á þingi sér sögu í þessu máli, bera á því ábyrgð í einhverjum skilningi, annaðhvort á síðustu mánuðum eða fyrr.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að rekja forsögu málsins. Það skiptir í sjálfu sér ekki sköpum í mínum huga hvernig við í túlkunum eða skylmingum ræðum um hana en það væri þá kannski aðallega til heimabrúks eða inn á við. Ég er heldur ekki viss um að það muni ráða niðurstöðu sögunnar þegar hún verður skrifuð. Við sem erum hér núna erum ekki svo stór að þegar frá líður muni þykja mikilvægast í þessu máli hvernig við reyndum að útlista okkar aðild eða hlut að þessu máli, rétta okkar hlut eða halla annarra. Það verður sagan sjálf eins og hún skrifast sem þessu ræður, þó að við leggjum vissulega til efniviðinn í hana með störfum okkar. Ég held að menn sem hafa fjallað um nýlega liðna

atburði frá sínu sjónarhorni mættu hafa í huga að væntanlega verða þau mál öll gerð upp yfirvegað, m.a. á grundvelli rannsókna sem nú fara fram. Þá er ekki víst að það komi betur út í framtíðinni að hafa ætlað að merkja sér hlutina öðruvísi en síðan verður hin sannreynda niðurstaða rannsókna og sagnaritara.

Ég minni á að framkvæmdarvaldinu var falið það verkefni á Alþingi 5. desember sl. að leiða þetta mál til lykta með samningum í þeim aðstæðum sem þá voru í málinu. Það var síðan gert með fyrirvara um samþykki Alþingis á þeim hluta málsins sem þarf atbeina Alþingis í framhaldinu, þ.e. veitingu ríkisábyrgðanna. Ég ætla ekki að kvarta undan einu eða neinu sem að mér hefur beinst í þessum efnum. Ég tek miklu frekar nærri mér þegar gott fólk sem hefur ekki málfrelsi á Alþingi má sitja undir harla harkalegum ummælum án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér. Ég endurtek það sem ég sagði í stuttu andsvari. Ég tel að allir sem að þessu máli hafa unnið og komið hafi reynt að gera sitt besta í þágu þjóðarhagsmuna við erfiðar aðstæður og það sé ómaklegt að ætla nokkrum manni annað.

Icesave-málið sjálft er vandamálið hér. Þessi sorgarsaga sem hv. þingmaður sem síðast talaði, Þráinn Bertelsson, rakti ágætlega er okkar ógæfa í þessum efnum. Það þjónar engum tilgangi og er ekki uppbyggilegt á nokkurn hátt að við, sem höfum setið uppi með það hlutskipti frá og með bankahruninu í október, í vetur, vor og sumar, að reyna að greiða úr ósköpunum, berum hvert annað sökum. Það er ekki stórmannlegt að reyna að færa ábyrgðina af þeim sem sannanlega og raunverulega bjuggu vandamálið til yfir á hina sem hafa reynt að leysa það. Menn geta að sjálfsögðu haft sínar skoðanir á því hvort þar hafi tekist nógu vel til en stórmannlegt er það ekki að reyna að gera samninganefnd íslenskra stjórnvalda eða aðra sem mikið hafa lagt á sig við að greiða úr hlutunum að sökudólgunum í þessu máli. Það voru ekki þeir heldur hinir sem bjuggu vandann til. Icesave-málið sjálft er vandinn, ekki tilraunir til að leysa úr því. Ég ber fyllsta traust til þeirra sem að þessu unnu fyrir hönd stjórnvalda, samninganefndarinnar og annarra sérfræðinga og ráðgjafa sem stuðst var við og þakka þeim fyrir vel unnin störf.

Ég vona að það sé sameiginlegur skilningur allra hér að það sem við erum að gera nú sé öllu öðru mikilvægara, að stefna á bestu mögulega lausn þessa máls við þær aðstæður sem okkur eru skapaðar. Við reynum ekki að stefna að lendingu í málinu sem skilur það eftir óleyst eða upp í loft, því þá mistækist okkur ætlunarverkið. Verið er að reyna að finna bestu mögulega umgjörð utan um afgreiðslu málsins sem varðar hagsmuni Íslands í þessu tilviki og það sem lagt hefur verið af mörkum í þeim efnum með mikilli vinnu er mjög virðingarvert. Ég tel að þær breytingartillögur, skilmálar og sú umgjörð sem hér er lögð sé í fyrsta lagi sanngjörn, þetta sé sanngjarnt upplegg af okkar hálfu hvað varðar að setja þetta í þjóðhagslegt samhengi við líklegar aðstæður okkar á komandi árum. Þar með er verið að segja að svona sýnist okkur að við getum staðið að efnd þessa samkomulags og við teljum að það geti gengið upp. Þá á að vera hægt að fá skilning gagnaðilanna á því. Þetta er málefnalegt og í öllum tilvikum eru gild rök fyrir því sem viðsemjendur okkar vonandi fallast á. Það þjónar hagsmunum beggja að þannig sé unnið úr þessu máli að það besta komi út úr því.

Nefndin mun skoða málið á milli 2. og 3. umr. og tiltekin atriði hafa verið tilgreind sem á að líta betur á. Það er sjálfsagt rétt og skylt en ég skynja það þannig að menn telji að í öllum aðalatriðum sé hin efnislega niðurstaða fengin í samkomulaginu sem liggur til grundvallar afgreiðslu fjárlaganefndar. Framtíðin ein getur síðan svarað því hvernig úr þessu spilast. Þar skiptir öllu máli fyrir okkur, þó að Icesave væri ekki til og hefði aldrei orðið, óháð því máli skiptir mestu hvernig okkur vegnar í endurreisn íslensks efnahags- og atvinnulífs á næstu missirum. Það mun ráða gríðarlega miklu um í hvaða stöðu Ísland verður eftir 5 ár, 10 eða 20 ár hvernig okkur gengur að komast í gegnum erfiðleikana og vinna okkur af stað út úr þeim. Það að þetta verði ekki of langvinnt samdráttar- og erfiðleikaskeið, að fljótlega fari að rofa til, það kvikni ljós, bjartsýni, trú á framtíðina og kjarkur skiptir gríðarlega miklu máli vegna þess að hugarfarið er stór þáttur. Hinn huglægi þáttur í tilfinningu manna fyrir aðstæðum er kannski stærsta einstaka breytan í hagfræðunum sem allt of oft er horft fram hjá, hugarfarið, andrúmsloftið og stemmningin. Hún er búin til á ýmsan hátt og stundum mögnuð upp fram úr hófi. Mönnum er talin trú um að allt gangi svo vel og sé svo gott að menn geti gert og látið ýmislegt eftir sér sem síðan reynist ekki innstæða fyrir. Við Íslendingar höfum slæma reynslu af því að slík stemmning sé mögnuð upp en við gætum líka átt eftir að fá jafnslæma reynslu af því ef við gerum um of hið gagnstæða, ef við tölum úr okkur kjarkinn og teljum okkur trú um að þetta sé enn verra og vonlausara en nokkur efni standa til.

Ég legg áherslu á mikilvægi þess að við ljúkum þessu máli. Almennt séð skiptir það okkur gríðarlega miklu máli að við stefnum til farsællar lausnar á þessu á næstu dögum þannig að þetta mál hætti að standa í vegi annarra hluta og við, mér liggur við að segja, frú forseti, fáum vinnufrið við allt annað sem bíður og fram undan er að sinna. Þetta mál hefur tekið tíma og orku manna nánast alfarið í sumar og bæði stjórnkerfið og Alþingi, svo ekki sé talað um fjárlaganefnd, hafa í raun ekki haft næði til að sinna neinu öðru en þessu. Það er þó ekki eins og engin verkefni bíði, t.d. á sviði ríkisfjármála, sem þessir sömu aðilar munu þurfa að bera hitann og þungann af, þ.e. fjármálaráðuneytið, fjárlaganefnd og Alþingi sjálft. Margt annað kallar á að við náum niðurstöðu í þessu máli en við sjálf, tíminn og allt það.

Við horfumst í augu við þá staðreynd að við munum ekki komast áfram með áætlanir um að styrkja gjaldeyrisvaraforðann og þróa áfram samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nema koma þessu máli úr veginum. Þetta hefur tengingu við endurreisn bankanna og hefur áhrif á samskipti okkar við kröfuhafa, erlenda banka og fjármálastofnanir. Alþjóðasamfélagið horfir til þess hvernig þessu máli reiðir af. Enn þá er alþjóðlegt kastljós á Íslandi og því miður beinist það í talsverðum mæli að þessu tiltekna máli. Þetta hefur síðan afleidd áhrif á hluti eins og þróun gengis krónunnar, spurninguna um forsendur vaxtalækkana, að ná niður verðbólgu og fleiri hluti sem allir eru okkur bráðnauðsynlegir. Atvinnulífið sjálft og hvernig það þróast í vetur er gríðarlega mikilvægur þáttur. Þar bíða mikil úr-

lausnaverkefni og það er í höndum banka, lánastofnana og forsvarsmanna í atvinnulífinu sjálfu að greiða úr þeim miklu erfiðleikum sem menn búa þar við og sitja uppi með, afleiðingum hrunsins og mikillar skuldsetningar á undanförnum árum, sem og auðvitað afleiðingum af samdrætti í efnahagslífinu og þeim þrengingum sem þetta leggur almennt á almenning, heimilin og fyrirtækin.

Einn enn þáttur þessa máls er vissulega huglægur þó að hann byggi á mati á efnislegum undirstöðum og það er spurningin um traust, tiltrú og orðstír Íslands. Okkur er gríðarlega mikilvægt að endurheimta rykti okkar sem áreiðanlegir aðilar í viðskiptum sem hægt sé að eiga viðskipti og samskipti við. Í vetur höfum við þurft að horfast í augu við að íslenskir aðilar, fyrirtæki og fjármálastofnanir hafa þurft að sanna sig fyrir fram upp á hvern einasta dag. Þau þurfa enn að sanna að þau geti átt í eðlilegum bankaviðskiptum, að menn geti afgreitt vörur ef þær eru pantaðar frá þeim, staðið skil á þeim á réttum afhendingartíma, tekið við greiðslunum o.s.frv. Því er gríðarlega mikilvægt að endurheimta almennt traust og koma þeim skilaboðum til umhverfisins að nú séu hlutirnir að komast í skárra horf á Íslandi, að okkur verði ágengt í endurreisninni og það miði í rétta átt. Hver einasta góð frétt er tíu sinnum dýrmætari en ekkert umtal, svo ekki sé talað um hitt ef fréttirnar af Íslandi halda áfram að vera neikvæðar.

Í mínum huga er þetta í sjálfu sér ósköp einfalt. Það er engin leið til fyrir Ísland nema áfram. Það er enginn bakkgír á þessum bíl. Við mundum heldur ekki setja í hann þótt hann væri þar. Við verðum að snúa okkur af miklum krafti að því að glíma við erfiðleikana. Við þurfum að horfast í augu við það mikla tjón og þær skuldir sem við sitjum uppi með eftir þetta en þó eigum við heldur ekki að gleyma hinu sem leggst með okkur í endurreisnarstarfinu, sem er mikill þjóðarauður, auðlindir og innviðir í þróuðu og uppbyggðu samfélagi. Við erum lýðfræðilega ung þjóð, vel menntuð, dugmikil og vinnusöm og okkur á því ekkert að vera að vanbúnaði að leggja grunn að þeirri tiltrú á framtíðina sem okkur skiptir miklu máli að skapist. Það þarf ekki að fara í grafgötur með að þetta mál hefur verið öllum erfitt sem að því hafa komið. Það er stórt, siðfræðilega snúið og á því eru ýmsir vinklar sem m.a. er ágætlega fjallað um í nefndaráliti meiri hlutans. Ég sé reyndar að í nefndarálitum fleiri aðila er komið inn á hinn siðferðilega eða siðræna þátt þessa máls og það er vel því hann er að sjálfsögðu stór. Þá skulum við minnast þess líka að þegar Alþingi mótaði leikreglurnar fyrir rannsóknarstarfið sem nú er í gangi var sérstaklega kveðið á um að hinn siðferðilegi og siðræni þáttur þessa máls skyldi rannsakaður og greindur af þar til bærum faglegum aðilum því eitt af því sem við Íslendingar þurfum að horfast í augu við er að sá þáttur er til staðar í öllu þessu ferli og þeim ósköpum sem yfir okkur hafa gengið.

Reynslan ein getur skorið úr um hvernig okkur tekst til. Við sitjum uppi með þær aðstæður sem raun ber vitni. Við erum þar sem við erum í tíma og rúmi og hversu mikið sem við vildum verður klukkunni ekki snúið til baka. Við getum t.d. ekki hoppað aftur fyrir 2002 þótt ekki væri nema í stutta stund til að reyna að afstýra ýmsu sem þá fór af stað og í kjölfarið. Það er því miður aðeins í vísindaskáldsögum og myndum sem tímaflakkið er raunhæfur möguleiki. Við erum það sem við erum og raunheimurinn og aðstæðurnar ráða að lokum ferðinni.

Mér finnst stundum gæta þeirrar hugsunar að einhvern tímann hafi verið annað í boði eftir að óláníð var orðið, tjónið orðið og skaðinn skeður, en að út úr þessu kæmi þungbær niðurstaða fyrir Ísland. Ég held að aldrei hafi annað verið í kortunum, því miður. Strax í byrjun októbermánaðar fylltust menn skelfingu á þessum vinnustað þegar mönnum varð ljóst hversu háar upphæðir væru þarna undir. Það var lamandi tilfinning að fá upplýsingar um hvað gæti verið í húfi fyrir landið og ekkert hefur breyst í þeim efnum síðan. Krafan um að hér yrði landað litlum og sætum samningi sem gerði þetta Icesave-mál hugguleget og þægilegt, hvernig krafa er það? Að lítill og sætur samningur geti orðið um stórt og afspyrnu vont mál? (**BJJ:** Það hefur enginn sagt það.) (**ÞrB:** Hver er með þær kröfur?) Ég bið engan að taka þetta til sín en þeir sem kjósa gera það. Ég legg ekki út af orðum eins eða neins í þessum efnum. Ég legg út af þeirri hugsun sem mér finnst menn stundum nálgast í þessum efnum í almennri umræðu eða hvar sem er, að í boði hafi verið þær aðstæður og forsendur fyrir Ísland í þessum efnum að niðurstaðan gæti orðið önnur en þungbær og erfið. Ég lýsi því mati mínu að svo hafi ekki verið.

Ég var gagnrýninn á ýmislegt sem gerðist í þessum efnum í haust og menn hafa gaman af að rifja það upp núna. Ég var það, já, það er rétt. Ég vonaði svo innilega að það fyndust betri leiðir fyrir Ísland út úr þessum ósköpum en í raun varð en ég gerði mér þó alltaf grein fyrir því frá og með byrjun októbermánaðar að þarna gæti verið í uppsiglingu skelfileg ógæfa fyrir okkur. Það gerðum við öll. Á daglegum fundum formanna stjórnmálaflokkanna fram eftir öllum októbermánuði bar þetta mál nánast alltaf á góma af því að menn vissu að þarna gátu verið stórkostlega hættulegir og alvarlegir hlutir í farvatninu. Það varð líka niðurstaðan. Ég held að sú staðreynd blasi við okkur að þetta gat aldrei farið öðruvísi en að verða okkur þungbært og erfitt. Þá er bara eftir að reyna að gera það besta úr stöðunni, reyna að landa skástu mögulegu niðurstöðu sem í boði er og það tel ég að sé að takast. Ég tel að fjárlaganefnd Alþingis og aðrir sem lagt hafa hönd á plóginn í þeim efnum eigi þakkir skildar. Vonandi tekst okkur sameiginlega að halda þannig á hagsmunum þjóðarinnar í þessari annars afar þröngu stöðu að dómur sögunnar verði sá að menn hafi gert sitt besta og skásta niðurstaðan sem í boði var hafi fengist í málinu. Það er að sjálfsögðu of snemmt að sjá fyrir hvort svo verður og við eigum eftir að kynnast því hver viðbrögð gagnaðilanna verða í framhaldi af afgreiðslu málsins. Ég tel þó að við höfum ágætar málsástæður, sterk rök, sanngirnisrök og margt annað í farteskinu til að takast á við það.

[14:03]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Allt frá því að samningarnir um Icesave-deiluna voru lagðir fram hér á þinginu í sumar hafa forustumenn ríkisstjórnarinnar vísað allri gagnrýni á samningana á bug. Það var sama hvort rætt var um að hin sameiginlegu viðmið hefðu ekki verið tekin með í reikninginn eða að friðhelgisákvæði samninganna væri gallað. Það var vak-

in athygli á því að eignir ríkisins væru jafnvel í hættu undir ákveðnum kringumstæðum og það var sögð allt of mikil efnahagsleg áhætta í samningunum. Í þessari gagnrýni var talað um að við héldum ekki til haga okkar lagalegu stöðu og endurskoðunarákvæði samninganna var einnig gagnrýnt. Öllu þessu vísaði ríkisstjórnin á bug.

Nú hefur fjárlaganefnd Alþingis ákveðið að taka til greina allar þessar athugasemdir og tryggja að ríkisábyrgðin taki mið af þeim þannig að hagsmuna okkar Íslendinga sé betur gætt (Forseti hringir.) í lagalegu og efnahagslegu tilliti. Er ekki kominn tími til að ríkisstjórnin fallist á að samningarnir sem lagðir voru fyrir þingið voru meingallaðir (Forseti hringir.) og biðji þingið afsökunar á því að hafa ekki staðið betur að málum?

[14:05]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nei, það liggur meira á annarri afsökunarbeiðni og það er að þeir sem bera höfuðábyrgð á bankahruninu, efnahagslega og pólitískt, biðjist afsökunar. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[14:05]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fagna því sem hæstv. ráðherra sagði um að við ættum að horfa fram á veginn. Við höfum mörg hver talað fyrir því á undangengnum mánuðum að við ættum að gera það og horfa líka til þessara Icesave-samninga og þeirra galla sem þeir hafa óneitanlega borið með sér.

Við framsóknarmenn höfum aftur á móti legið undir því af hálfu hæstv. ráðherra að vera kallaðir svartnættismenn, að við ættum að gjöra svo vel og samþykkja þennan samning enda væri um glæsilega niðurstöðu að ræða og samninganefndin hefði náð mjög góðum árangri. Nú hefur annað komið á daginn.

Þetta er ekki nóg að okkar mati, við þurfum að gera betur. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji sanngjarnt eða ásættanlegt fyrir íslenska þjóð að hún eigi að greiða vexti frá og með síðustu áramótum vegna þessa samkomulags sem er upp á 25 þúsund millj. í dag, 25 milljarða kr. Hyggst hæstv. ráðherra styðja breytingartillögu okkar framsóknarmanna þess efnis að þessir vextir verði að sjálfsögðu ekki (Forseti hringir.) greiddir frá áramótum heldur frá 27. júlí?

[14:06]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nei, ég hyggst ekki gera það. Tryggingarsjóður innstæðueigenda viðurkenndi greiðsluskyldu sína á lágmarksupphæðunum í októbermánuði sl. Síðan varð niðurstaðan sú að semja um upphaf vaxtareiknings um áramót. Það var farið bil beggja í þeim efnum. Þetta var sú niðurstaða sem náðist í samningunum og ég held að fyrir henni standi rök og hluti af heildarniðurstöðu málsins hafi náðst fram. Ég tel því að engin efni séu til þess að taka þetta eina atriði sérstaklega út auk þess sem það væri þá bein tilraun til breytinga á samningsniðurstöðunni sem augljóslega væri erfitt að útskýra hvernig ætti að fóðra.

[14:07]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vonast til þess að á milli 2. og 3. umr. í hv. fjárlaganefnd taki þingmenn á Alþingi Íslendinga þessa tillögu framsóknarmanna til greina. Það er að sjálfsögðu ekki sanngjarnt að íslenska þjóðin eigi að greiða vexti af Icesave-samkomulaginu frá og með síðustu áramótum. Mér þykir dapurlegt ef það eiga að vera skilaboðin frá Alþingi Íslendinga að menn telji það ásættanlega niðurstöðu fyrir íslensku þjóðina.

Það má reka Landspítala – háskólasjúkrahús í níu mánuði fyrir 25 milljarða kr. Af hverju reyna menn ekki að standa í lappirnar? Af hverju stöndum við ekki saman og ræðum við þessar þjóðir og fáum þá a.m.k. neikvætt svar við því?. Hver einasta milljón er orðin mikilvæg í rekstri hins opinbera og hér er um að ræða 25 milljarða. Það er margt annað sem við þingmenn Framsóknarflokksins viljum gera betur í þessum efnum og ég vona svo sannarlega að við náum einhverjum árangri á milli 2. og 3. umr. í þeim efnum.

[14:08]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það yrði örugglega ekki mikið ósamkomulag hér á Alþingi ef staða málsins væri sú að við ættum sjálfstætt val um hvað mikið af þessu við borguðum, hve seint og hve illa. Það er ekki beinlínis þannig og við vorum ekki að semja við okkur sjálf. Auðvitað verður að skoða samningsniðurstöðuna í heild sinni, lánskjör, lánstíma, afborgunarleysi, vexti og annað og vega það og meta. Það skiptir máli þegar upp er staðið hvernig lausnin á þessu máli er í heild sinni. Hún er til muna hagstæðari en stefndi í um tíma í vetur, því verður ekki á móti mælt. Við vildum þó að sjálfsögðu gjarnan vera laus við að borga þetta, ég tala nú ekki um svona mikið, ef það væri í boði og við ættum um það frjálst val eða hefðum verið að semja við okkur sjálf en þannig eru aðstæðurnar ekki. Við verðum bara að horfast í augu við að hér var reynt að gera það besta sem í boði var í þröngri stöðu.

[14:09]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra talaði um að hann ætti von á því að við fengjum skilning gagnaðilanna á þeim fyrirvörum og breytingartillögum sem hér eru til umræðu. Því langar mig að spyrja hann: Hvernig getur ríkisstjórnin haldið því fram að hér sé um sama samning að ræða þegar búið er að kollvarpa honum í öllum grundvallaratriðum? Er óruggt að hæstv. ráðherra, með allri virðingu, skilji nákvæmlega hvað Alþingi er að gera? Í stað þess að vera með óvissu inn í framtíðina segjum við: Ef hlutir þróast á ákveðinn hátt munum við ekki borga nema ákveðið mikið. Hvernig er sú niðurstaða sambærileg við þann samning sem hæstv. ráðherra kallaði á einhverjum tíma glæsilega niðurstöðu en fjallaði núna um sem skástu niðurstöðuna?

Í öðru lagi, Bretar og Hollendingar ætla ekki að tjá sig um þetta fyrr en niðurstaða er fengin. Getum við sætt okkur við það, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) sérstaklega í

ljósi þess að uppi eru tvö sjónarmið, það sjónarmið (Forseti hringir.) sem við sjálfstæðismenn og stjórnarandstaðan höldum uppi, að samningnum sé kollvarpað, (Forseti hringir.) og hitt sem ríkisstjórnin heldur fram, (Forseti hringir.) að þetta sé sami samningurinn?

[14:11]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef ég heyrði rétt var hv. þm. Kristján Þór Júlíusson frá Dalvík með mjög góða útlistun á þessu máli sem ég er sammála. Ég held að það sé ekki aðalatriði málsins hvort við túlkum þetta til eða frá innan eða utan ramma samningsins. Það sem ræður í framhaldi af afgreiðslu Alþingis eru undirtektir eða viðbrögð gagnaðilanna, það er augljóst mál.

Ég geng út frá því, og trúi að það eigi við um okkur öll, líka hv. þingmann, að við vonumst til þess að hér sé að fæðast farsæl og góð lausn í þessu máli, að við séum að finna skástu lendingu sem í boði er og að málið verði ekki áfram upp í loft. Þess vegna skil ég ekki hvernig það þjónar beinlínis okkar hagsmunum að vera með málflutning sem gengur út á að sannfæra gagnaðilana um að það sé ekkert samkomulag, það sé bara fyrir bí. Ég átta mig ekki alveg á því. Ég held þvert á móti að við þurfum að undirbyggja með málefnalegum sanngirnisrökum, vísa í okkar þjóðhagslegu forsendur og líklegar horfur, (Forseti hringir.) að svona treystum við okkur til að standa að afgreiðslu þessa máls og reyna að fá fram á því (Forseti hringir.) skilning.

[14:12]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Já, við erum öll að leita að farsælli niðurstöðu en farsæl niðurstaða fæst ekki með því að reyna að telja fólki trú um að hvítt sé svart og svart sé hvítt. Ég spyr því hæstv. ráðherra aftur: Hvað hefur ráðherrann fyrir sér um þann skilning sem hann vonast til þess að samningsaðilar sýni þessum breytingum á samningnum, vil ég segja, í minnsta lagi? Auðvitað er þetta ekki sami samningurinn.

Dæmisaga eftir ágætan höfund í nágrannalandi okkar segir frá keisara sem var ekki í neinum fötum. Ef þú ert með plagg sem er í grundvallaratriðum búið að breyta, hvernig færðu farsæla niðurstöðu með því að halda því fram að svo sé ekki en samt séum við að ná fram öllum okkar markmiðum? Það sér hver heilvita maður að þetta gengur ekki eftir. Ég er ekki að reyna að vinna málinu ógagn með því að halda þessu fram. Þvert á móti held ég að það væri mjög mikið ógagn fólgið í því ef við samþykktum eitthvað sem við styðjum vegna þess að við teljum að það sé þjóðinni fyrir bestu og tryggi framtíð (Forseti hringir.) þjóðarinnar best en síðan komi í ljós að við sitjum (Forseti hringir.) enn þá uppi með samninginn sem undirritaður var af hæstv. ráðherra. (Forseti hringir.) Þá fyrst er komið ógagn í málið.

[14:13]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Samanber það sem hér kom fram er að sjálfsögðu ekkert í hendi með hvernig Bretar og Hollendingar bregðast við. Við vitum hins vegar að þeir fylgjast mjög vel með málinu og þeir eru mjög vel upplýstir um það sem hér hefur verið á dagskrá. Breytingartillögurnar hafa t.d. verið þýddar, þær eru í þeirra höndum og þeir eru að skoða þær.

Ég held þvert á móti að ef menn telja að nú þegar ættu að liggja fyrir formleg viðbrögð frá þeim skuli menn hugleiða hvaða staða hefði þá komið upp. Þá hefði Alþingi verið sett í þá stöðu að vera með málið opið á þinginu en um leið í einhvers konar samningaviðræðum við gagnaðilana um einstök efnisatriði. (**REÁ:** Hvað hefurðu fyrir þér í því?) Vildu menn það? Ég efast um það.

Ég held að þvert á móti hvíli einfaldlega sú skylda á herðum okkar þingmanna að reyna að búa eins vel um málið og kostur er. Hafa fyrir því skýr málefnaleg rök sem halda þannig að líkurnar séu meiri en minni á því að við getum útskýrt og rökstutt umgjörðina sem hér er lögð til grundvallar afgreiðslu málsins þannig að á það verði fallist. Það er mikið undir í þeim efnum, það er mikið í húfi. Takist það ekki (Forseti hringir.) er málið áfram óleyst.

[14:15]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og hæstv. fjármálaráðherra hef ég tekið eftir því að við breytum ekki fortíðinni. Það er dálítið langt síðan ég tók eftir því. Þess vegna getum við ekki leiðrétt þau mistök sem gerð hafa verið en þau eru fjöldamörg frá því fyrir áratugum síðan, fyrir og eftir fall o.s.frv. Ég tel líka að þessi samningur sem gerður var hafi verið mistök en við verðum að vinna úr stöðunni eins og hún er núna. Komið hafa fram ákveðnar tillögur sem ég held að séu bæði sanngjarnar og réttlátar og séu líka réttlát niðurstaða fyrir Hollendinga og Breta. Það sem vantar á núna er að kynna þetta mál. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra — frú forseti, hvað er með bjölluna?

(**Forseti** (ÁI)**:** Bjallan er ekki alveg í lagi en tímataka er í lagi og hv. þingmaður hefur um 20 sekúndur til umráða.)

6,26 stendur hérna. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki þurfi að upplýsa þessa vöru sem við erum búin að framleiða á Íslandi um alla Evrópu? Hvort það sé ekki nauðsynlegt að þingmenn fari sjálfir um Evrópu og kynni fyrir félögum sínum út um allt hvernig þessi niðurstaða er fengin og hvernig hún virkar. (Forseti hringir.) Einnig hvort ekki sé rétt að á milli 2. og 3. umr. (Forseti hringir.) frestum við þinginu í tvær vikur (Forseti hringir.) einmitt til að gera þetta.

[14:16]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek undir þetta með hv. þingmanni. Það skiptir miklu máli að við getum haldið vel á okkar málflutningi og útskýrt þetta og kynnt. Þegar hefur verið unnin heilmikil vinna og nú er í gangi vinna í þeim efnum. Utanríkisþjónustan öll leggur þar sitt af mörkum. Þetta hefur verið kynnt öllum sendiherrum á Íslandi. Þetta hefur verið kynnt í Brussel og á öllum þeim vígstöðvum sem við höfum aðstöðu til, ekki síst á Norðurlöndunum og hjá aðilum þar sem vonandi leggja okkur lið í þessum efnum. Þing-

menn geta að sjálfsögðu og eiga að leggja sitt af mörkum. Alþingi er þátttakandi í margs konar fjölþjóðastarfi og það getur skipt máli að við kynnum þetta þar sem við höfum sambönd og aðgang og skipuleggjum jafnvel sérstakar ferðir eða heimsóknir. Til dæmis gætum við kynnt vinahópum Íslands þetta á þjóðþingum sem víða eru starfandi í nálægum löndum. Það getur allt saman komið vel til greina og ber að skoða það í framhaldinu.

[14:17]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Tíminn er verðmætur og það þarf tíma til að heimsækja menn út um allan heim og skipuleggja svona starf. Um leið og við erum búnir að samþykkja þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir fer í gang mikið áróðursstríð úti í Evrópu. Þá fara menn að gefa yfirlýsingar sem þeir geta ekki bakkað frá, ráðherrar og aðrir. Þess vegna þykir mér svo mikilvægt að við kynnum málstaðinn áður en endanlega er gengið frá málinu. Að við kynnum það fyrir ráðherrum, þingmönnum og almenningi með greinargerðum og öðru slíku áður en við tökum endanlega ákvörðun til að koma í veg fyrir að á okkur dynji yfirlýsingar og annað frá mönnum sem ekki þekkja okkar rök og vita ekki á hverju þetta er byggt.

[14:18]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að þessi langa meðganga málsins og sá langi aðdragandi sem er að afgreiðslunni hafi sumpart þjónað þessum tilgangi sem hv. þingmaður lýsir eftir. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum að málið er stórt og erfitt og á Íslandi hafa menn þungar áhyggjur af þeim miklu byrðum sem verið er að leggja á okkur. Það hefur skilað sér rækilega í gegnum alþjóðlega umfjöllun að undanförnu. Þeir sem fylgjast með málinu, bæði viðsemjendur okkar Hollendingar og Bretar sem og Norðurlandaþjóðirnar og fleiri, eru mjög vel meðvitaðir um þetta núna. Það vitum við. Miklu betur en í vetur og vor. Að því leyti til hefur þessi langa meðganga málsins þjónað því, að ég held, að skilningur hefur aukist á því hversu stórt og erfitt þetta mál er fyrir Ísland. Að sjálfsögðu þarf síðan líka að fylgja því eftir. Ég held að ekki sé ástæða til að bíða með endanlega afgreiðslu málsins eftir að grundvöllur afgreiðslunnar liggur fyrir. Hann er mönnum ljós núna, það er opinbert, en ég held að það sé tvímælalaust rétt að fylgja því vel eftir í framhaldinu.

[14:19]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti vill árétta að samkomulag er um að þingfundur geti staðið allt til miðnættis.

[14:20]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum um Icesave-samningana, ríkisábyrgðina, eftir umfjöllun fjárlaganefndar sem hefur nú í margar vikur velt upp hinum ýmsu hliðum á þessu máli, lagalegum og efnahagslegum, sögunni og hversu góð niðurstaðan er. Við 1. umr. þessa máls sættu samningarnir sem slíkir harðri gagnrýni. Mig langar til þess samhengisins vegna að fara í örstuttu máli yfir aðdraganda þess að samningar voru gerðir við Breta og Hollendinga í sumar.

Ég tel að nokkur meginatriði skipti öllu þegar samhengi málsins er rætt á þinginu og við fjöllum um þörfina fyrir ríkisábyrgð og mikilvægi þess að taka hana til endurskoðunar á þinginu og gera á henni breytingar til samræmis við hagsmuni okkar Íslendinga. Þar er fyrst til að taka í hversu þrönga stöðu viðsemjendur okkar í málinu settu íslensku ríkisstjórnina strax í októbermánuði í fyrra með því að þrengja að okkar hagsmunum á öllum vígstöðvum. Það var ekki nóg með að Bretar beittu hinum ósmekklegu aðgerðum, sem við þekkjum öll og hefur verið vitnað til sem beitingar hryðjuverkalaganna, heldur var gripið til þess ráðs að nota fulltrúana í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að tefja fyrir fyrirgreiðslu gagnvart Íslandi vegna þeirrar lánsbeiðni sem þar lá frammi af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Til stóð að þvinga Íslendinga til að fallast á lagalega skuldbindingu í málinu samkvæmt evrópskum tilskipunum. Sú atburðarás átti sér stað í tengslum við ECOFIN-fundinn sl. vetur þar sem þáverandi fjármálaráðherra Íslands, Árni Mathiesen, var staddur. Í kjölfarið fór fram þessi gerðardómsmeðferð sem rann öll út í sandinn vegna þess að viðsemjendur okkar og viðmælendur sýndu sitt rétta andlit. Þeir höfðu engan áhuga á lögfræðilega réttri niðurstöðu í málinu heldur bara á þeirri niðurstöðu sem þeim kom best. Í framhaldinu var síðan komið á viðræðum á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiða sem svo oft eru nefnd til sögunnar í þessu máli.

Ég vil byrja á því að vekja athygli á einu meginatriði að frá því að hin sameiginlegu viðmið komust á var viðræðuferlið við Breta og Hollendinga núllstillt. Allt það sem fram að þeim tímapunkti hafði gerst var lagt til hliðar. Aðilarnir komu sér saman um að láta ekki reyna á lagalega stöðu málsins sín á milli heldur var ákveðið á grundvelli yfirlýsingar um að ríkt tillit yrði tekið til þarfar Íslendinga til að endurreisa sitt efnahagslíf og koma fjármálakerfinu aftur í gang að viðræður færu fram á þeim grundvelli. Það var í trausti þess sem þingið tók þá ákvörðun í desembermánuði sl. að veita ríkisstjórninni umboð til að leiða samninga við þessar tvær þjóðir til lykta. Þetta er kristaltært og algerlega skýrt öllum þeim sem kynna sér þingumræðuna og þau þingskjöl sem liggja frammi í málinu í tengslum við þá afgreiðslu.

Sem formaður utanríkismálanefndar fylgdist ég mjög grannt með því sem gerðist í kjölfarið og inn á borð utanríkismálanefndar komu skýr skilaboð frá samningamönnum Íslands í viðræðunum við Breta og Hollendinga. Í stuttu máli voru skilaboðin þessi: Viðsemjendur okkar telja að Íslendingar skuldi þeim alla fjárhæðina. Þeir ætlast til að hún verði greidd að fullu. Þeir eru tilbúnir til að lána fjárhæðina en þeir vilja fá vexti og þeir vilja að upphæðin verði greidd hratt til baka. Strax á fyrstu vikum málsins var því orðið ljóst að þeir sem höfðu fallist á að fara í viðræður við íslensk stjórnvöld á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiða þar sem átti að taka tillit til okkar Íslendinga sviku í reynd það loforð strax á fyrstu dögum viðræðnanna. Í þessum farvegi var málið þegar hin nýja ríkisstjórn tók við í febrúar

með yfirlýsingum um að nú þyrfti að taka öðruvísi á þessum málum.

Ég tel að það hafi verið gerð mistök strax á þessum tíma að kalla ekki forusturíki ráðherraráðsins og Evrópusambandsins að borðinu vegna þess að það hafði verið skrifað inn í viðmiðið að Evrópusambandið mundi halda áfram að fylgjast með málinu. Við áttum strax á þessum tíma að beita okkur fyrir því að skilningur á okkar afstöðu vaknaði meðal annarra Evrópusambandsríkja, Norðurlandanna og annarra þjóða sem eiga fulltrúa hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að koma í veg fyrir að ósanngjörnum áróðri væri haldið uppi gagnvart Íslandi. Að óskyld mál yrðu tekin í gíslingu eins og seinna var gert og sú sanngjarna krafa sem við höfðum uppi í málinu um að tillit yrði tekið til aðstæðna á Íslandi og ef engin niðurstaða fengist í slíkar viðræður væri málið lagt fyrir hlutlausa dómstóla heyrðist skýrt og skilmerkilega.

Hvaða Evrópuþjóð er annars líkleg til að neita annarri þjóð um að láta reyna á lagalega stöðu sína ef upp kemur ágreiningur? Sú hin sama þjóð verður þá að vera tilbúin til að sæta slíkri höfnun sjálf þegar hún telur mikils vert að geta beitt þeim sjálfsagða rétti sínum. Ég fullyrði að engin þjóð í Evrópu sættir sig við slíka meðferð. Af sömu ástæðu ætti engin þjóð í Evrópu að beita aðra Evrópuþjóð slíkum órétti. Í stað þess að fá Evrópusambandið að borðinu og forusta ríkisstjórnarinnar færi til samtals við forustumenn annarra ríkja sem við helst þurfum að treysta á í þessu samhengi var samt ákveðið að láta það undir höfuð leggjast og halda áfram samningaviðræðum sem framan af virtust vera því sem næst vonlausar. Eftir því sem upplýst var í utanríkismálanefnd högguðust þessar viðræður hvorki til né frá svo mánuðum skipti. Á sama tíma vorum við komin með lánin frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum langt fram yfir endurskoðunardagsetningu og tíminn byrjaði að vinna gegn okkur í málinu.

Jafnframt er algert grundvallaratriði að átta sig á því að engar yfirlýsingar höfðu verið gefnar af íslenskum stjórnvöldum, hvorki fyrir né eftir bankahrunið, sem lofa ríkisábyrgð á þeim skuldbindingum sem er verið að fjalla um. Það hefur verið talað um að styðja Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og að Íslendingar mundu standa við sínar alþjóðlegu skuldbindingar. Það hefur líka verið rætt um að ríkissjóður mundi gera það sem í hans valdi stæði til að styðja tryggingarsjóðinn við að leysa úr þeim vanda sem upp kynni að koma en því var aldrei lofað, hvorki fyrir né eftir bankahrunið, að veitt yrði ríkisábyrgð fyrir allri kröfunni sem haldið var uppi gagnvart Íslandi.

Þess vegna urðu það þinginu, og ég tala fyrir þá þingmenn sem stóðu að meirihlutaáliti utanríkismálanefndar um að afgreiða þingsályktunartillögu til að ljúka þessu máli frá því í desember í fyrra, gríðarleg vonbrigði að ríkisstjórnin skyldi skrifa upp á samninga þar sem í fyrsta sinn var fallist á að veita ríkisábyrgð fyrir allri skuldbindingunni með tilvísun til þess að menn hafi verið bundnir af fyrri yfirlýsingum íslenskra stjórnvalda. Þetta er ekki bara efnislega misskilningur, þetta er beinlínis rangt. Hvergi er nokkur einasti fótur fyrir þessu í skriflegum gögnum.

Í öðru lagi verður að segjast að samningarnir sem slíkir eru líka þinginu mikil vonbrigði á þeirri forsendu að þar er í raun ekkert tillit tekið til aðstæðna á Íslandi eins og upp var lagt með. Menn geta rætt um greiðsluhlé samkvæmt lánasamningunum í sjö ár. Vissulega veitir það okkur svigrúm til að nota þá fjármuni sem við höfum úr að spila til annarra mikilvægra mála en í millitíðinni hlaðast upp vextir. Við fáum engan greiðsluafslátt, það er bara verið að fresta þeim. Þetta skapar svigrúm en það er ekki þetta sem þingið átti við þegar það treysti á að tekið yrði ríkt tillit til þarfar Íslendinga til að endurreisa efnahagskerfi sitt.

Fyrir utan þessi tvö grundvallaratriði þar sem ríkisstjórnin leggur sem sagt í fyrsta lagi til að við föllumst á ríkisábyrgð fyrir allri skuldbindingunni og í öðru lagi að við sættum okkur við að ekkert raunverulegt tillit sé tekið til aðstæðna á Íslandi og þarfar okkar til þess að endurreisa efnahagskerfið er fjöldinn allur af öðrum göllum og mistökum í þessum samningi sem hafa verið hér til umfjöllunar í þinginu. Í sjálfu sér væri ástæða til þess að halda sérstaka ræðu um þá.

Málið var lagt hér fram með þeim orðum, eins og ég rakti áðan, að hendur samninganefndarinnar hafi verið bundnar af fyrri ákvörðunum. Þetta er rangt. Í öðru lagi var því haldið fram þegar málið var lagt fram á þinginu að samkvæmt þeim útreikningum sem gerðir hefðu verið væri ekki sú efnahagslega áhætta í málinu sem efasemdamenn hér í þinginu hefðu haldið fram. Þeir sem gagnrýnt hafa málið hafa einfaldlega bent á að með því að fallast á ríkisábyrgð á þetta miklum skuldbindingum, óháð efnahagslegri þróun á Íslandi, værum við því sem næst að setja snöru um hálsinn á okkur sem við vissum ekki hvort mundi þrengja að okkur síðar.

Til að byrja með var gripið til ýmissa skýringa eins og þess að í samningunum væri að finna endurskoðunarákvæði sem kæmu okkur til góða ef þessar aðstæður kynnu að rísa. Þegar betur var að gáð var ljóst að endurskoðunarákvæðið sem slíkt var algjörlega gagnslaust til þess að tryggja hagsmuni íslensku þjóðarinnar í þessu efni. Ég held að umræðan hér á þinginu og í fjárlaganefnd hafi þróast með þeim hætti að þetta sé orðið óumdeilt.

Í ræðu hæstv. fjármálaráðherra hér í 1. umr. velti hann upp þeirri spurningu, hæstv. ráðherra, hvort íslenska þjóðarbúið réði við þessar skuldbindingar. Þar segir í ræðunni, með leyfi forseta:

„Þá er spurning um það, ræður íslenska þjóðarbúið við þessar skuldbindingar á árabilinu 2016–2024 eða árunum sem þá fara í hönd? Það er vissulega stór spurning.“

Það er þetta atriði sem þingið sættir sig ekki við. Á þessu atriði klofnaði þingið í tvennt og þetta atriði tekur fjárlaganefndin til endurskoðunar og segir: Við sættum okkur ekki við að fara með þá spurningu opna inn í framtíðina hvort íslenska þjóðarbúið ráði við að standa undir þessum skuldbindingum. Málið er lagt þannig fyrir þingið að það sé réttlætanlegt og í raun óhætt að leggja upp í þessa óvissuferð og vona það besta.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur nú lagt fram breytingartillögu sem naut stuðnings fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í nefndinni og gengur út á að við slíka óvissu vilji þingið ekki búa. M.a. af þessari ástæðu segi ég: Það er búið að kollvarpa þessu máli. Það er búið að taka efnahagslegar forsendur málsins og segja: Í stað þess að búa við fullkomna

óvissu með veikt eða handónýtt endurskoðunarákvæði viljum við einfaldlega að efnahagslega áhættan sé skýrt afmörkuð í ákvæði sem tryggir hagsmuni íslensku þjóðarinnar ef allt fer hér á verri veg.

Í reynd er það þannig að samkvæmt ákvæðinu erum við einungis tilbúin til þess að ráðstafa 6% af vexti landsframleiðslunnar í framtíðinni til þessa máls, það er allt og sumt. Þingið segir: Við erum tilbúin til þess að veita ríkisábyrgð fyrir skuldbindingunni en hún mun þó aldrei taka til meiri fjárhæðar en sem nemur 6% af vexti landsframleiðslunnar. Með öðrum orðum, ef hér verður enginn vöxtur á landsframleiðslunni kemur ekki til þess að við greiðum neitt af þessum samningum. Auðvitað munum við ná okkur á strik og ég er ekki að spá slíku afhroði hér í efnahagsmálum að við fáum ekki vöxt í landsframleiðsluna en það er grundvallarmunur á því að leggja málið upp með þeim hætti eða með því að sætta sig við að spurningin hvort við getum risið undir þessum greiðslum sé opin og óviss.

Málið hefur þróast þannig frá því að það var lagt fram í 1. umr. að öllum efasemdaröddum hefur markvisst verið vísað á bug sem ýmist misskilningi eða órökstuddum málflutningi. (**VigH:** Rétt.) Það hefur verið einkennileg upplifun fyrir stjórnarandstöðuna í þessu máli að þurfa að eiga orðastað við forustu ríkisstjórnarinnar nánast eins og maður væri að semja við Breta og Hollendinga sjálfa. (**Fjmrh.:** Þetta er nú ekki drengilega mælt.) Það hefur ekki verið nokkurt einasta svigrúm fyrir efasemdaraddir og það er alveg sama hvar drepið er niður fæti, öllu hefur markvisst verið vísað á brott.. (**GBS:** Hárrétt.)

Ég er af handahófi hérna með þrjár greinar frá aðstoðarmanni fjármálaráðherra þar sem hann hrekur öll rök Ragnars Halls, Harðar Felix Harðarsonar og Eiríks Tómassonar lögfræðinga fyrir því að menn hafi gert mistök í uppgjörsákvæði samninganna. Svona er búið að koma fram við stjórnarandstöðuna í þessu máli, hvert og eitt einasta atriði. Menn hafa verið duglegir við að koma fram í fjölmiðlum, skrifa greinar, mæta í andsvör í þinginu. Hart hefur verið tekist á í fjárlaganefndinni. Öllu er markvisst svarað og vísað á brott og spurt: Ætlið þið virkilega að setja Icesave-samningana upp í loft og stórskaða þannig hagsmuni þjóðarinnar, fresta endurreisninni? Senda allt ferlið aftur til októbermánaðar í fyrra, eins og hæstv. fjármálaráðherra fjallaði um í sinni framsöguræðu í málinu. Fjallað hefur verið um málefnalegar athugasemdir stjórnarandstöðunnar sem pólitíska árás á ríkisstjórnina, menn væru í pólitískum skylmingum heima fyrir sem ættu að nýtast í pólitískum tilgangi til þess að auka fylgi flokkanna, það væri ekki í reynd verið að fjalla um málið af neinni alvöru ábyrgð.

Við vitum öll hvað gerðist síðan í kjölfarið. Ég vil byrja á því að segja að Alþingi stendur í stórkostlegri þakkarskuld við alla þá lögfræðinga, hagfræðinga og aðra sem hafa af fúsum og frjálsum vilja komið fram, gefið tíma sinn í að kafa ofan í þessi gögn, lesa samningana, fletta lögfræðibókum, finna dóma og lesa erlendar fræðigreinar. Allir þessir hafa gefið sér tíma til þess að leggja íslensku þjóðinni lið við að betrumbæta þetta mál. (**VigH:** Rétt.) Megi þeir allir hafa miklar þakkir fyrir sitt framlag vegna þess að það hefur haft gríðarlega mikil áhrif á framgang málsins hér og alla umræðu í þinginu og þjóðfélaginu yfir höfuð.

Eftir því sem fleiri hafa lagst á árarnar hefur efasemdaröddunum fjölgað hér í þinginu. Í reynd kom í ljós eftir nokkrar vikur að ríkisstjórnin hafði ekki meiri hluta fyrir þeirri tillögu sinni að þingið ætti að veita ríkisábyrgð fyrir þeim samningum sem hér voru lagðir fram. Í Icesave-samningunum er ekkert svigrúm fyrir takmarkaða ríkisábyrgð og engin umfjöllun um að Íslendingum sé ætlað að standa í skilum við þá lánasamninga sem um er að ræða í samræmi við greiðslugetu sína. Þetta frumvarp er tvær greinar. Önnur fjallar um að veita þurfi ríkisábyrgð fyrir samningunum og hin segir að lögin taki strax gildi.

Ég er hér með breytingartillögur fjárlaganefndar á fjórum síðum. Það er auðvitað ekki endanlegur mælikvarði á efnislegar breytingar á málinu en þegar maður les breytingartillögurnar sést að þar er skipulega farið yfir hvert einasta atriði sem mest hefur verið gagnrýnt í þessu máli og þannig búið um að hagsmunir Íslendinga eru hafðir að leiðarljósi. Það skorti algjörlega í því frumvarpi sem ríkisstjórnin lagði fram. Þeir samningar voru þannig að í reynd hefði nánast sama niðurstaðan orðið ef við hefðum borið málið undir hlutlausan dómstól og einfaldlega tapað því.

Það er erfitt að gera sér í hugarlund einhverjar kröfur Hollendinga og Breta sem þeir fengu ekki fullnægt í þessum samningum við íslensku ríkisstjórnina. Ég á erfitt með að sjá fyrir mér nokkurn þann hlut sem Bretar og Hollendingar fóru fram á að við gengjumst í ábyrgð fyrir og viðurkenndum að við skulduðum viðkomandi ríkjum sem ekki hefur náð fram að ganga í þessum samningum. Eftir meðhöndlun þingsins, þegar í ljós kom að ríkisstjórnin hafði í raun og veru ekki meiri hluta lengur á þinginu, tókum við í Sjálfstæðisflokknum og fulltrúar okkar í fjárlaganefnd þá ákvörðun að reyna að betrumbæta þetta mál. Við áttum sannarlega hlutdeild í þeirri ákvörðun að leggja af stað í þetta viðræðuferli. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að það hafi verið skynsamlegt. Ég tel að það hafi þjónað okkar bestu hagsmunum á þeim tíma sem sú ákvörðun var tekin og ég er enn þá þeirrar skoðunar að mjög sterkar pólitískar ástæður séu til þess að reyna að leiða þennan ágreining í jörð. Við megum þó aldrei gefa okkar lagalegu stöðu í þessu máli frá okkur og við eigum ekki heldur að sætta okkur við neins konar pólitíska afarkosti. Sem betur fer hefur þó ekki þannig verið haldið á málinu að þessu tvennu verði ekki bjargað.

Með breytingartillögum fjárlaganefndar er í reynd verið að gera eins konar viðbót við samningana. Verði frumvarpið samþykkt hér verður ríkisábyrgðin hluti af samningnum sjálfum. Þess vegna verður eiginlega að viðurkennast að þingið er nánast komið í það hlutverk að hafa einhliða áhrif á samningsniðurstöðuna. Þetta er afskaplega einkennileg staða. Þess vegna er það mín sannfæring að langbest og skynsamlegast væri, ef þetta mál verður klárað með þessum hætti, að aðilar málsins kæmu sér saman um að endurgera lánasamningana og að síðan stæði ríkisábyrgð að baki þeim. Það er eitthvað óeðlilegt, óheppilegt og ég vil meina óskynsamlegt við að vera með mjög bólginn lánasamning en takmarkaða ríkisábyrgð á bak við hann. Eru ekki allir sammála því að langbest væri að vera með samninga sem endurspegluðu það samkomulag sem er á milli þjóðanna og að baki slíkum samningi væri einfaldlega ríkisábyrgð án

fyrirvara og allra málalenginga og alls þess sem er að finna í þeirri ríkisábyrgð sem við erum nú með í höndunum?

Þess vegna er það mín sannfæring að það væri langheppilegast að þeir sem eiga hér hlut að máli, íslenska ríkisstjórnin, sú breska og sú hollenska, horfðust í augu við þennan veruleika og gerðu þær breytingar á samkomulaginu sem þingið kallar eftir.

Það hefur verið mjög merkilegt að fylgjast með því undanfarna daga hvernig erlendir fjölmiðlar og eftir atvikum kollegar okkar á öðrum þjóðþingum fóru loksins að taka við sér og augu þeirra opnuðust fyrir því að kröfur Íslendinga í þessu máli eru í reynd afskaplega sanngjarnar og einfaldar. Við höfum í fyrsta lagi sagt allan tímann að við séum tilbúin til að leysa þetta mál og við ætlum ekki að hlaupast undan okkar alþjóðlegu skuldbindingum. Við höfum þó líka haldið því til haga að við ætlum ekki að fella okkur við að skuldir einkaaðila verði gerðar að skuldum almennings í landinu með þeim hætti að fullkomin óvissa sé um hvernig íslenska þjóðin geti risið undir slíku í framtíðinni.

Ég er þeirrar skoðunar að það frumvarp sem ríkisstjórnin tefldi fram hafi fallið á báðum þessum prófum. Þar er lagt til að veita ríkisábyrgð fyrir öllu saman og menn sætta sig við efnahagslega óvissu án þess að til staðar sé öflugt endurskoðunarákvæði. Þess vegna hefur verið unnið gríðarlega mikilvægt starf í þinginu. Okkar ákvörðun í Sjálfstæðisflokknum var, eins og ég vék að áðan, að leggja þeirri mikilvægu vinnu lið. Þegar ríkisstjórnin stóð frammi fyrir því að hún hafði ekki meiri hluta á þinginu til að fylgja málinu óbreyttu eftir og í gegn, og það gerðist í reynd mjög seint í ferlinu, sköpuðust aðstæður fyrir stjórnarandstöðuna til að hafa efnisleg áhrif á þetta mál. Slíkt tækifæri í jafnstóru máli vorum við ekki tilbúin til að láta fram hjá okkur fara. Það hefði í sjálfu sér verið afskaplega einfalt að stíga til hliðar og vilja ekki koma nálægt þessu máli, leyfa ríkisstjórninni að eiga það með húð og hári, en við töldum það ekki ábyrga afstöðu í þessu máli. Miklu frekar vildum við koma okkar sjónarmiðum að og það verður að segjast forustu fjárlaganefndar til hróss að menn féllust að lokum á að það væri skynsamlegt að gera breytingar á málinu.

Menn hafa haft uppi athugasemdir við að ég skuli fjalla þannig um þessa niðurstöðu að við séum að gera gagntilboð. Það geti varla þjónað hagsmunum okkar að fjalla þannig um málið ef menn vilji í reynd að meðhöndlun þingsins, afgreiðsla Alþingis, leiði málið til lykta. Ég er einfaldlega ósammála þessu. Ég tel að það sé okkur alltaf farsælast að tala um málin eins og þau eru. Þingið sendir núna tiltölulega einföld skilaboð út, þau þurfa að heyrast og við þurfum að vera tilbúin til að standa að baki þeim, tala um þau eins og þau eru, vinna þeim fylgi og stuðning hjá öðrum þjóðum og sannfæra viðsemjendur okkar í þessu máli um að þetta sé skynsamleg niðurstaða. Eins og ég vék að áðan fjallar sú niðurstaða fyrst og fremst um að við erum ekki tilbúin til að veita ríkisábyrgð á fjárhæð sem er umfram þetta tiltekna hlutfall af vexti landsframleiðslunnar í framtíðinni.

Nú fer þetta mál aftur til fjárlaganefndar á milli umræðna. Ég tel í ljósi umræðunnar sem hefur verið á þinginu í dag og í fjölmiðlum undanfarna daga að það sé nauðsynlegt fyrir fjárlaganefnd að ræða efnahagslegu viðmiðin nánar og eyða öllum hugsanlegum vafa um að við séum að gera nokkuð annað en veita ríkisábyrgð fyrir þessum hámarksfjárhæðum samkvæmt þeim reiknireglum sem er að finna í frumvarpinu. Það þarf að vera alveg skýrt að það sem út af stendur þegar lánasamningarnir og ríkisábyrgðin eru borin saman er fjárhæð sem nýtur ekki ríkisábyrgðar. Mér finnst eðlilegt að fjallað sé um að við þær aðstæður skulu aðilarnir eiga með sér viðræður, ekki síst í ljósi þess að málið er í þessum einkennilega búningi sem ég var að lýsa áðan. Misræmi getur komið upp milli lánasamninganna og ríkisábyrgðarinnar og við þurfum á því að halda að viðsemjendur okkar ýti öllu sem út af stendur til hliðar. Það má t.d. ekki koma upp að innstæðutryggingarsjóðurinn lendi í vanskilastöðu vegna þess að ríkisábyrgðin sé takmörkuð. Engin ákveðin trygging er fyrir því hér, önnur en sú að það eigi að taka upp viðræður og fari slíkar viðræður ekki fram eða leiði þær ekki til niðurstöðu takmarkist ríkisábyrgðin í samræmi við þetta hámark.

Við skulum hafa í huga að þetta girðir í sjálfu sér ekki fyrir að innstæðutryggingarsjóðurinn lendi í vanskilum. Það kann að vera óheppilegt. Þetta er ein hlið á málinu sem ég tel að fjárlaganefnd þurfi að kafa nánar ofan í. Þetta er sama ástæðan og ég vék að áðan fyrir því að í reynd væri langbest að lánasamningurinn sjálfur yrði endurskrifaður og það væri bara ríkisábyrgð að baki honum.

Ég ætla líka að fjalla stuttlega um lagalegu stöðu málsins. Það er eðlilegt að því sé velt upp í umræðu um þetta stóra mál hvers vegna í ósköpunum við föllumst yfir höfuð á að greiða nokkuð ef við erum á sama tíma þeirrar skoðunar sem ég er, þ.e. að í reynd sé ekki ríkisábyrgð fyrir greiðslu lágmarkstryggingarinnar. Þetta er eðlileg spurning. Við fjölluðum um hana í vetur og við höfum rætt um hana margoft á þinginu. Ég var þeirrar skoðunar þá að þegar heildarhagsmunir okkar í þeirri erfiðu stöðu sem við höfum verið sett í, og höfum að hluta til komið okkur í, væru skoðaðir þá væri skynsamlegast fyrir okkur að reyna að leiða þetta mál til lykta með samningum. Það var mín sannfæring. Ég sagði í ræðu minni þegar við fjölluðum um þingsályktunartillöguna að við þyrftum að gera okkur grein fyrir því að ef við vildum fara í hart með þetta mál værum við um leið að segjast tilbúin til að taka afleiðingunum af því ef slíkar málsástæður okkar næðu ekki fram að ganga og við töpuðum hreinlega málinu.

Í mínum huga er þetta enn ástæðan fyrir því að við eigum að reyna að leiða þetta mál til lykta en ekki sætta okkur við að taka á okkur meira en þingið fjallar um í sínum breytingartillögum. Við skulum þá jafnframt hafa í huga að verði sú leið farin og verði niðurstaðan sú sem ég nefndi, að við töpuðum því máli, verðum við búin að koma okkur í miklu verri stöðu en verið er að tryggja okkur með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar. Ástæðan er einfaldlega sú að ef farið yrði í hart með þetta mál og okkar málstaður yrði undir í slíkum málarekstri stæði okkur ekki til boða við fjármögnun slíkrar niðurstöðu í framhaldinu að takmarka greiðslurnar við þróun efnahagsmála á Íslandi. Það væri enginn tilbúinn til að fjármagna slíka niðurstöðu án þess að full greiðsla kæmi fyrir. Sá möguleiki stendur þó að mínu áliti enn þá opinn og í framhaldi þess að þingið

mun afgreiða þetta mál er auðvitað nauðsynlegt að halda málstað okkar hátt á lofti eins og hv. þm. Pétur Blöndal vék að áðan. Við þurfum á öllu okkar að halda til að sjónarmið okkar heyrist skýrt og skilmerkilega á Norðurlöndunum og annars staðar. Eins og ég vék að áðan hefur það verið gleðileg þróun fyrir okkur að sjá hvernig augu fjölmiðlanna og kollega okkar eru að opnast fyrir því að við erum ekki með ósanngjarnar kröfur uppi í þessu máli eða að reyna að hlaupast frá okkar skuldbindingum.

Þrátt fyrir að ég sé þeirrar skoðunar að við eigum enn pólitíska hagsmuna að gæta af því að fá niðurstöðu í þetta mál tel ég engu að síður að það væri fullkomið ábyrgðarleysi ef þeim lagalegu fyrirvörum væri ekki komið inn sem eru í breytingartillögunum, um að við höfum enn ekki fallið frá þeim rétti að láta á þetta reyna og að við höfum enn ekki gefið frá okkur þann möguleika að fá leiðréttingu á stöðu okkar ef í ljós kemur að okkar málstaður er réttur. Það verður þó að segjast um þetta atriði að staða okkar til að láta á þetta reyna verður allt önnur eftir að lánasamningarnir hafa verið virkjaðir og greiddir út. Það er stærsta og erfiðasta ákvörðunin sem ég tel að við stöndum frammi fyrir. Eigum við að setja okkur í þá stöðu að mun erfiðara verði að láta reyna á þessi lagalegu álitaefni áður en lánasamningarnir eru gerðir, undirritaðir og greiddir út? Munurinn liggur í því að áður en lánasamningarnir eru afgreiddir þurfa Bretar og eftir atvikum Hollendingar að sækja okkur og við getum einfaldlega vísað á íslenska dómstóla. Það kann að vera ólíkleg atburðarás í hugum margra en þannig er a.m.k. hinn lagalegi farvegur málsins. Eflaust mundu fyrst koma til pólitískar þvinganir af ýmsum toga áður en málið færi í þann farveg en sú er a.m.k. lagaleg staða okkar. Eftir að lánasamningarnir hafa hins vegar verið gerðir er það íslenska ríkið sem þarf að sækja sinn rétt og það verður að viðurkennast að þá er miklu þrengra um möguleika til að bera málið undir hlutlausa dómstóla. Þó er rétt að minnast á það í þessu samhengi að hinn lagalegi ágreiningur snýr ekki eingöngu að ríkisábyrgðinni.

Við þurfum líka að fá úr því skorið hvernig fara eigi með allt það tjón sem breska ríkið hefur valdið eignasafni Landsbankans með beitingu hryðjuverkalaganna. Það tjón eitt og sér verður í reynd tjón íslenskra skattgreiðenda þar til það hefur fengist bætt vegna þess sem hér er í uppsiglingu. Gatið í eignasafni Landsbankans verður á endanum reikningur til íslenska ríkisins ef innstæðutryggingarsjóðurinn tekur á sig þessar skuldbindingar. Þetta er hinn ískaldi veruleiki málsins og það er alveg ótrúlegt að gengið hafi verið frá samningi við bresk stjórnvöld án þess að þessi hluti málsins hafi verið settur í öruggan farveg.

Í þriðja lagi er ein lagaleg hlið á þessu máli sem ég tel að þurfi að gaumgæfa mjög nákvæmlega. Hún fjallar um mögulega bótaábyrgð Evrópusambandsins vegna þeirra væntinga sem innstæðueigendur í Evrópusambandinu höfðu til innstæðutryggingakerfisins. Um þetta hafa Stefán Már Stefánsson prófessor og Lárus L. Blöndal fjallað í sínum blaðaskrifum. Ég ætla ekki að fara nánar út í það hér en sú staða kann að vera uppi að íslenska ríkið hafi við uppgjör málsins fengið til sín framselda bótakröfu, réttarstöðu innstæðueigenda í Evrópu sem hægt er að byggja málsókn gegn Evrópusambandinu á.

Í fjórða lagi og að lokum ætla ég að minnast á enn eina lagalega hlið þessa máls sem er sú, og ég tel að fjárlaganefnd þurfi að taka það til skoðunar á milli umræðna, hvort við séum mögulega að fyrirgera einhvers konar skuldajöfnunarrétti með þessari afgreiðslu málsins. Með því værum við að gera okkur mun erfiðara fyrir en efni standa til.

Það kann að þjóna pólitískum hagsmunum hér heima fyrir ríkisstjórnina og stjórnarflokkana að halda því fram að við séum að afgreiða sama málið og lagt var fram fyrr í sumar. Það kann að vera þægilegt fyrir þá í pólitískri umræðu að segjast hafa fengið sitt eigið mál samþykkt. Það kann líka vel að vera að fyrir stjórnarflokkana þjóni það þeirra hagsmunum í viðræðum við bresk og hollensk stjórnvöld að geta haldið því fram að þingið hafi staðfest samninginn eins og um hafi verið rætt, að veitt hafi verið ríkisábyrgð eins og lofað var fyrr í sumar. Það þjónar samt örugglega ekki hagsmunum íslensku þjóðarinnar að fara með annað en rétt mál í samskiptum við aðrar þjóðir. Það þarf að tala einfaldlega um hlutina eins og þeir eru. Þannig endurheimtum við það traust annarra þjóða sem svo mikið skortir á að við höfum í dag. Það þjónar heldur engum tilgangi að halda því fram við skynsama Íslendinga sem sjá staðreyndir málsins (Forseti hringir.) þegar þeir kynna sér þær að hér sé áfram um eitt og sama málið að ræða. Það er búið að kollvarpa (Forseti hringir.) frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Við erum á réttri leið en málið í heild sinni er þó auðvitað hræðilegt. (Forseti hringir.)

Ég vil þakka mínu fólki í fjárlaganefnd fyrir þeirra vinnu. (Forseti hringir.) Enn hafa þau ekki einu sinni fengið nætursvefn en ég treysti fjárlaganefnd til að fara ofan í þau atriði á milli umræðna sem ég hef vakið athygli á.

[15:00]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir mjög góða og yfirgripsmikla ræðu. Ég er að mörgum leyti nánast alveg sammála því sem kom fram hjá honum, sérstaklega hvað varðar réttarstöðu okkar Íslendinga og þá hörku sem við urðum fyrir af hendi Breta varðandi hryðjuverkalögin og út af hverju ekki var brugðist betur við þegar þeim lögum var beitt á okkur.

Mig langar að spyrja hv. þingmann, eins og ég spurði fyrr í morgun, að sjálfstæðismenn líta á þetta sem samningstilboð, þetta sé í raun gagntilboð til Breta og Hollendinga. Breytingartillögur á frumvarpinu liggja fyrir eins og hv. þingmaður fór yfir. Upphaflega frumvarpið er í tveimur greinum en svo er komin mikil viðbót. Þar sem ríkisstjórnin lítur svo á að þetta sé viðbót við samninginn sem ekki þurfi að bera undir Hollendinga og Breta og þessir fyrirvarar rúmist innan samningsins vil ég lesa enn á ný, með leyfi forseta: „Aðeins er heimilt að gera breytingar á samningi þessum, bæta við hann eða falla frá honum með skriflegu samkomulagi milli samningsaðila.“ Eins og ég benti á í morgun að samkvæmt breskri réttarvenju er litið svo á að það eitt verði hluti af samningi sem í honum er og ekkert annað. Þar eru samningar túlkaðir eftir orðanna hljóðan. Úr því að formaður Sjálfstæðisflokksins lítur svo á að um nýtt samningstilboð sé að ræða er þá ekki hægt að jafna þessu við það að hv. þingmaður sé í raun að taka undir þá frávís-

unartillögu sem liggur fyrir þinginu frá hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni, að vísa ætti málinu frá heim til ríkisstjórnar og semja upp á nýtt við Breta?

[15:03]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst aðeins varðandi atriðið með samninginn sjálfan. Ef þetta frumvarp verður samþykkt verður ríkisábyrgðin, eins og þingið gengur frá henni, hluti af samningnum þannig að ákvæðið í samningnum sem vísar í að honum verði ekki breytt nema með samþykki gagnaðilans tekur þá til annarrar breytingar en þessarar, vegna þess að ákvæðið sjálft er órjúfanlegur hluti af samningnum sjálfum og viðkomandi grein getur ekki vísað í samningsgrein í samningnum.

Varðandi frávísunartillöguna höfum við verið að vinna þannig að málinu að gera breytingartillögur sem setja málið í þann farveg sem við gætum sætt okkur við. Fjallað er um það í nefndaráliti fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd að þeir hafa haldið því sjónarmiði á lofti í sumar að skynsamlegast hefði verið að senda málið aftur til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnslu. Eins og ég rakti í máli mínu áðan tel ég skynsamlegast að í framhaldi af afgreiðslu þingsins komi aðilar málsins sér saman um að aðlaga samningana að þessum breytta veruleika og skilaboðum frá þinginu og einfalda ríkisábyrgðina í samræmi við það. Þetta er spurning um ólíka nálgun í málinu en það er í mínum huga óhjákvæmilegt að viðræður eigi sér stað í kjölfar þessarar afgreiðslu þingsins sem hér virðist stefna í til að bregðast við þessum nýju aðstæðum. Ég lít á þetta sem gagntilboð. Það þýðir ekki að viðsemjendur okkar í málinu þurfi nauðsynlega að hafna því tilboði. Ég tel að þær kröfur sem við erum með uppi í málinu séu þess eðlis að Bretar og Hollendingar ættu með réttu að fallast á þær. Þannig gætu þessar breytingartillögur leitt til þess að málið yrði afgreitt.

[15:05]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir svarið því þetta var skilningur minn í morgun þegar ég beindi spurningu til hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar en hann lét ekki svo lítið að svara þeirri spurningu. Farsælast væri að mínu mati að eftir 2. umr. þingsins yrðu Bretar og Hollendingar kallaðir að samningaborðinu og látnir líta yfir það hvernig málið lítur út eftir 2. umr. og hvort þeir mundu fallast á þær breytingartillögur sem fyrir liggja eða hvort það sé raunverulega svo að þeir komi ekki til með að taka tillit til þess að fyrirvararnir gildi, því að þegar samningurinn tekur gildi með þeirri ríkisábyrgð sem á honum er gilda um hann bresk lög og mál verða rekin fyrir breskum dómstólum þar sem hvorki íslensk lög né stjórnarskrá gilda. Þess vegna tel ég að við ættum að reyna að ná samkomulagi um það í þinginu að eftir 2. umr. verði Bretar og Hollendingar kallaðir að borðinu og látnir útskýra hvernig þeir sjá málið og hvort hægt sé að halda þessu áfram.

[15:06]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við verðum að eftirláta framkvæmdarvaldinu að eiga þessi samskipti við Breta og Hollendinga. Auðvitað væri heppilegast að afstaða þeirra lægi fyrir til umræddra skilmála, þeirrar þrengingar á ríkisábyrgðinni sem við erum að fjalla um, áður en þingið afgreiðir málið.

Því má halda fram að verið sé að tefla málinu út í ákveðnar ógöngur með því að þingið taki endanlega afstöðu til málsins og síðan verði það að koma í ljós hver viðbrögðin verða. Ég held að færa megi fyrir því mjög gild rök að ríkisstjórnin hefði fyrir löngu átt að taka upp viðræður við Breta og Hollendinga. Ég hef tjáð mig um það áður, m.a. í blöðunum, að ríkisstjórnin hafi algerlega látið undir höfuð leggjast að eiga slík samskipti. Það hefði auðvitað verið hinn eðlilegi farvegur málsins að ríkisstjórnin hefði fyrir löngu horfst í augu við að það upplegg sem hún lagði fyrir þingið og var niðurstaða aðilanna í viðræðum sínum hefur ekki stuðning á þinginu. Það eru því mörg gild rök fyrir því að eiga þessar viðræður en það er erfitt að sjá fyrir um hvert framhaldið verður ef þingið afgreiðir málið með þessum hætti.

[15:07]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það þýðir lítið að festa sig í fortíð þessa máls. Við breytum henni ekki en getum lært af henni. Í því ljósi vil ég leita viðbragða hv. þm. Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, við þrennu.

Ég lít svo á að dómstólaleiðinni hafi verið ýtt út af borðinu með þingsályktun 5. desember. Ákveðið var að ganga til samninga en ekki til dómstóla. Það er tvennt ólíkt.

Í beinu framhaldi af því í öðru lagi gaf fyrrverandi ríkisstjórn frá sér þann möguleika að kæra beitingu Breta á hryðjuverkalögum gagnvart Íslandi. Sá kærufrestur rann út 6. eða 7. janúar 2009. Margfaldar áskoranir komu fram til ríkisstjórnarinnar að beita þessu því að þetta var stjórnsýsluákvörðun Breta, ekki dómstólaákvörðun, og kæruleið og kæruvinnan tiltölulega einföld. Það hefur meira að segja mátt vinna upp röksemdirnar úr ræðum stjórnarandstöðunnar á þeim tíma.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því og spyrja hv. þingmann þar sem hann fullyrðir að ábyrgð hafi aldrei verið lofað. Ég tel þetta ekki rétt. Hvað með samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þar sem beinlínis var hert á ábyrgðaryfirlýsingum gagnvart Icesave viku fyrir undirskrift samninga? Hvernig getur hv. þingmaður haldið því fram að það hafi aldrei verið lofað ábyrgð? Við verðum að vera reiðumenn í stjórnmálum. Ábyrgir reiðumenn í stjórnmálum, ekki óreiðumenn. Við verðum að standa við það sem við segjum á alþjóðavettvangi.

Það er skoðun mín að stöðunni hafi verulega verið fórnað eða staða okkar gerð mun verri með þingsályktun 5. desember. Þá var málið sett í þann farveg sem það er. Það var sett í þann farveg 5. desember og vikurnar á undan, frá 6. október. Endanlega var að mínu mati málinu klúðrað réttarfarslega og lögfræðilega með því að kæra ekki beitingu hryðjuverkalaganna. Mér er óskiljanlegt af hverju það var ekki gert og ég bið hv. þingmann að skýra það út fyrir mér og þingheimi.

[15:10]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi um dómstólaleiðina. Ég tel að við höfum enn ekki gefið frá okkur þann rétt að leita dómstólaleiðarinnar í málinu. Ég er þeirrar skoðunar að ef Bretar og Hollendingar ætla að þráast við og vilji ekki hlusta á skilaboð þingsins, ef á að setja okkur pólitíska afarkosti í þessu máli þá eigum við einfaldlega að segja við viðkomandi ríki: Við skulum leggja þetta mál fyrir hlutlausan þriðja aðila. Það er okkar tilboð fyrst ekki á að standa við hin sameiginlegu viðmið. Alveg tvímælalaust eigum við að fara dómstólaleiðina ef aðrir samningar standa ekki til boða en þeir sem ríkisstjórnin gekk frá og lagði til við þingið að samþykkja.

Varðandi kæru á beitingu hryðjuverkalaganna þá er rétt að ákveðinn frestur rann út fyrir íslenska ríkið til að kæra þá stjórnsýsluákvörðun og fyrrverandi forsætisráðherra gerði ítarlega grein fyrir þeirri niðurstöðu þingsins í þingsal á fyrra þingi. Ég ætla ekki að endurtaka það sem þar kom fram en sú ákvörðun ríkisstjórnar þess tíma byggði á lögfræðilegri ráðgjöf. En það eru enn uppi allir möguleikar fyrir skilanefnd Landsbankans til að fara í dómsmál vegna beitingar hryðjuverkalaganna og ég tel að skilanefnd Landsbankans eigi að gera það.

Um það að ekki hafi verið lofað ábyrgð og vísað var í samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þá vil ég leyfa mér að lesa upp úr áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar. Þar er einmitt rakið hvað segir í þessu samkomulagi, með leyfi forseta:

„Íslendingar hyggjast virða allar lagalega réttarlagalegar skyldur sínar. Sé ekki samkomulag um það hverjar þær séu sé réttast að vísa slíkum ágreiningi til dómstóla eins og fram hefur komið á öðrum vettvangi.“

Þetta sagði í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og sá sem heldur því fram að við höfum lofað ríkisábyrgð á þessum skuldbindingum vinsamlegast komi fram með þá yfirlýsingu.

[15:12]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum veikt stöðu okkar verulega lögfræðilega og ég vísa í þann rökstuðning sem ég setti fram áðan, veikt hana mjög verulega þannig að það er leitun að úrræðum í dag — sem við áttum. Það er leitun að þeim. Ég útiloka ekki að þær séu til, langt í frá. En það eru miklu erfiðari leiðir en við áttum í desember, miklu erfiðari. Fyrrverandi forsætisráðherra gaf ekki skýringar á því af hverju við nýttum okkur ekki kæruleiðina fyrir 6. janúar 2009. Þær voru a.m.k. að mínu mati algerlega ófullnægjandi.

Ég ítreka fyrirspurn mína til hv. þm. Bjarna Benediktssonar um að gefa þær skýringar sem hann hefur sjálfstætt.

Varðandi AGS-ábyrgðina. Við hétum að virða skuldbindingar okkar. Ég hef aldrei heyrt það að menn virði skuldbindingar sínar með því að vaða með ágreining til dómstóla. (**Gripið fram í:** Nú!) (Gripið fram í.) Af hverju var þá ekki samið um það með þingsályktuninni, af hverju var þingsályktunin ekki upp á það að við færum dómstólaleiðina? Öll rökræða um málið gekk út á samningaleið, ekki dómstólaleið. (**Gripið fram í:** Fleiri skuldbindingar.)

[15:13]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég heyri að ég og hv. þingmaður erum sammála um að Bretar verði að standa ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir hafa valdið með beitingu hryðjuverkalaganna. Varðandi lagalega stöðu málsins þá er ég ekki sammála því að hún hafi versnað við þingsályktunartillöguna sem reyndar þingflokkur Vinstri grænna taldi að væri ógildanlegur nauðungarsamningur. Ég velti því þá upp hvers vegna þingflokkur Vinstri grænna hefur ekki lagt til að sameiginlegu viðmiðin verði ógild og málið sett aftur á byrjunarreit. Ef hv. þingmaður er svona öflugur og einbeittur talsmaður þess að við förum dómstólaleiðina í málinu þá er það svo sem enn þá opið. Það var ekki meiri hluti fyrir því í fjárlaganefndinni.

Við höfum verið talsmenn þess að við sættum okkur ekki við að vera beittir afarkostum í málinu. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, ef á að halda okkur við þá samninga sem hér hafa verið gerðir og fara fram á ríkisábyrgð vegna þeirra mun Sjálfstæðisflokkurinn undir drep standa gegn því.

[15:15]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nú er að koma ítrekað fram að það virðast vera deildar meiningar milli formanns Sjálfstæðisflokksins og formanna stjórnarflokkanna um það hvort hér sé um að ræða nýtt samningstilboð eða ekki. Til að koma þessu alveg á hreint langar mig til að spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, hvort hann geti þá ekki tekið undir frávísunartillögu framsóknarmanna þannig að það sé alveg hreint og klárt að við teljum að það eigi að ganga til nýrra samninga.

Ég hefði einnig í framhaldinu, ef hv. þingmaður hefði tíma til, gjarnan viljað fá að heyra útskýringar á því hvað hann á við með skuldajöfnunarrétti því eins og ég hef skilið það þegar maður jafnar skuldir þá þarf að vera einhver skuld á móti þannig að þessu sé jafnað út. Það væri því áhugavert að heyra hvað hann á eiginlega við með því. Og ef eitthvað verður eftir af þessum tveimur mínútum sem hv. þingmaður hefur til andsvars þá verð ég að segja það að mér finnst mjög einkennilegt að Sjálfstæðisflokkurinn skuli hafa samþykkt að leggja fram efnahagsleg viðmið í þessum breytingartillögum og standa að þeim án þess að tekið sé skýrt á því hvað eigi að gera við væntanlegar — ekki hugsanlegar heldur að mínu mati væntanlegar — eftirstöðvar af lánasamningunum miðað við þetta hámark sem við erum að gefa okkur.

Ég hefði líka mikinn áhuga á að heyra útskýringu á því hvernig stendur á því að hægt var að hækka þarna um miðja nótt útreiknuð viðmið frá Seðlabankanum upp í 4% annars vegar og 2% hins vegar sem, eins og hefur komið fram í umræðunni, jafngildir um 3 milljörðum á ári eða sama og ríkisstjórnin var að skera niður í framlögum til öryrkja og ellilífeyrisþega. Hver er ástæðan fyrir því að þetta var ákveðið? Eftir samtöl mín við sjálfstæðismenn held ég að þeir séu meira og minna sammála um að forsendur Seðlabankans í umsögn hans séu í meira lagi bjartsýnar og því mjög einkennilegt að sjá að þeir skuli hafa tekið undir það að hækka greiðsluviðmiðið.

[15:17]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel að í reynd hafi farið fram heilmikið umræða um það í þinginu hvort vísa bæri málinu aftur til ríkisstjórnarinnar. Það var málstaður fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd að það væri eftir atvikum líklega besta leiðin vegna þess að hér væri til umfjöllunar að gera svo miklar breytingar á ríkisábyrgðinni að það væri skynsamlegt að taka einfaldlega upp viðræður um allar þær breytingar. Þessi hlið málsins var rædd held ég í öllum þingflokkum. Niðurstaðan varð sú að það virtist ekki takast neinn meiri hluti fyrir því á þinginu, jafnvel þó ríkisstjórnin væri búin að missa meiri hluta fyrir þingmálinu óbreyttu, að fara þá leið. Það er þá bara einhver raunveruleiki sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins horfast í augu við í starfi sínu í fjárlaganefnd og reyna með öðrum hætti að hafa áhrif á framgang málsins þannig að hagsmunir íslensku þjóðarinnar séu hafðir í huga. En ég vék aðeins að þessu að öðru leyti áðan.

Varðandi skuldajöfnun snýst málið einfaldlega um það að taka til skoðunar hvort íslenska ríkið eða innstæðutryggingarsjóðurinn eigi mögulega einhverjar kröfur vegna krafna sem Landsbankinn kann að eiga sem hægt væri að skuldajafna móti þeim miklu kröfum sem er verið að beina að íslenska ríkinu í þessu máli. Ég vil vekja athygli á því að það þarf að gaumgæfa alla skuldajöfnunarmöguleika núna vegna þess að það getur verið erfiðara að beita skuldajöfnun á síðari stigum.

Varðandi þær breytingar sem vísað var til þá er mér ekki kunnugt um hvernig þau mál atvikuðust í fjárlaganefndinni. Það sem máli skiptir er að viðmið séu með þeim hætti að íslenska þjóðarbúið geti risið undir þeim endurgreiðslum sem þarna er um að ræða og 6% af vexti landsframleiðslunnar er samkvæmt mati hagfræðinga eitthvað sem þjóðarbúið á að geta ráðið við.

[15:19]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka fyrir svörin frá hv. þingmanni. Ég get ekki alveg tekið undir það sem hann sagði um að hagfræðingar séu sammála um að þetta sé eitthvað sem menn geta staðið við. Það er náttúrlega verið að tala um hámarksgreiðslur þannig að við séum í raun búin að teygja okkur eins langt og við teljum möguleika fyrir þjóðarbúið að standa undir, að gefnum ákveðnum forsendum. Það sem þingmannahópurinn bað Seðlabankann um að reikna út fyrir sig var hvert væri þetta hámark miðað við 75% endurheimtur af lánasafninu. Bara með því að hækka þetta, þó þetta virki ekki háar tölur, þá erum við samt sem áður að tala um hækkun upp á 3 milljarða. Ég veit ekki betur en það muni töluvert um 3 milljarða á ári. Það er því mjög alvarlegt. En það sem mér finnst mun alvarlegra varðandi þær breytingar sem voru gerðar á tillögum þingmannahópsins varðar eftirstöðvarnar. Hvað á að gera við eftirstöðvarnar ef þær verða, eða að mínu mati þegar þær verða, vegna þess að forsendur Seðlabankans eru mjög bjartsýnar?

[15:20]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þetta tækifæri til að fjalla um eftirstöðvarnar vegna þess að það þarf að vera alveg skýrt í afgreiðslu þingsins að það er ekki verið að veita ríkisábyrgð vegna þeirra. Það sem stendur út af umfram það hámark sem fjallað er um í breytingartillögunum nýtur ekki ríkisábyrgðar. Það þarf að koma sérstök ákvörðun Alþingis um að veita ríkisábyrgð vegna þess. Þetta er hámark ríkisábyrgðarinnar sem verið er að fjalla um. Allt sem er umfram nýtur ekki ríkisábyrgðar. Það er okkar skilningur.

Sé einhver vafi um þessa túlkun í þingsölum þá beini ég því mjög eindregið til fjárlaganefndarinnar að skýra orðalagið í breytingartillögunni betur vegna þess að þetta er slíkt grundvallaratriði í málinu. Þetta er slíkt grundvallaratriði að það skiptir í sjálfu sér ekki máli ef reynir á þetta þak hvort lánasamningarnir hefðu 10% vexti, 15, 20, 50% vexti, það skiptir engu máli vegna þess að við værum ekki að veita ríkisábyrgð vegna þess sem umfram er. Það skiptir þess vegna heldur ekki máli þó að ekkert heimtist upp í kröfu Landsbankans vegna þess að við erum ekki tilbúin til að greiða nema ákveðið hámark af vexti landsframleiðslunnar.

[15:22]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ekkert ofsagt sem hér hefur komið fram í umræðum í dag að þetta er eitt erfiðasta mál sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á við á síðari tímum og auðvitað miklir hagsmunir í húfi fyrir íslenska þjóð. Ég held líka að ef við klárum þetta mál og frágang þess þá sé rutt úr vegi einum stærsta þröskuldi fyrir endurreisninni sem við erum að vinna að.

Það er auðvitað óljúft hverjum einstaklingi að mæla fyrir máli sem þessu sem aldrei getur orðið annað en baggi á þjóðinni en undan því verður ekki vikist að mínu viti. Hlutverk okkar stjórnmálamanna er auðvitað að velja þá leið sem við teljum farsælasta fyrir íslenska þjóð jafnvel þó að kostirnir séu slæmir. Umræður og endanleg afgreiðsla þessa máls er að ýmsu leyti prófsteinn á íslensk stjórnmál enda hefur sjaldan verið mikilvægara að málefnaleg umræða og kalt hagsmunamat um það hvernig hag þjóðarinnar verður best borgið ráði niðurstöðunni.

Sú niðurstaða sem nú virðist vera í augsýn sýnir að við stóðumst það próf að mestu og ég tel fulla ástæðu til að þakka þingmönnum, ekki síst í þeim nefndum sem hafa fjallað um þetta mál, og starfsfólki þingsins og þeim fjölmörgu aðilum utan þings sem lögðu sitt af mörkum vinnslu málsins. Að mínu viti er það afar mikilvægt að breið samstaða sé orðin um afgreiðslu þess. Málið á að vísu eftir að fara aftur til nefndar eins og hér hefur komið fram milli 2. og 3. umr. en við skulum vona að engu að síður haldist sú breiða samstaða sem orðið hefur í þessu máli.

Auðvitað er það svo að gríðarlegt verk er fram undan við að bæta þann skaða sem orðspor Íslands hefur orðið fyrir og það mun verða eitt af mikilvægum verkefnum stjórnvalda næstu missirin og árin en niðurstaða í Icesave-máli er forsenda þess að hægt verði að ráðast í það stóra verkefni.

Það er auðvitað eðlilegt eins og reyndin hefur orðið að þingið hefur tekið sér góðan tíma til að fjalla um þetta mál og meta allar hliðar þess, kosti og galla, réttarstöðu Íslands

í málinu, skuldbindingar þjóðarinnar til að borga og gera þessa samninga við Breta og Hollendinga og vega og meta hvort umgjörð samninganna sé nægilega traust til að Íslendingar hafi viðspyrnu ef skuldaþol þjóðarinnar breytist verulega næstu árin. Ég tel að þær breytingartillögur sem meiri hlutinn stendur að tryggi betur og skýri betur öryggisákvæði sem lúta sérstaklega að friðhelgi og efnahagslegri framtíð þjóðarinnar þannig að skuldirnar verði ekki þjóðinni ofviða. Það er mikilvægt.

Það er líka ástæða til að vekja máls á því að við verðum að varast að horfa of þröngt á það mál sem hér er til afgreiðslu. Þetta er hluti af stærri heild og alþjóðlegu samhengi sem verður að hafa í huga. Við verðum líka umfram allt í þessu stóra máli að læra af mistökunum sem gerð hafa verið í gegnum tíðina, afleiðingunum og orsökum þess að við stöndum í þessum sporum núna. Við hljótum þar m.a. að skoða og læra af einkavæðingu bankanna á sínum tíma, umgjörð þess hvernig að því var staðið. Þar var mörgu ábótavant og sárlega skorti ýmislegt að því er varðar regluverkið. Á ég þar ekki síst við dreifða eignaraðild og hvernig að þessu máli var staðið. Sú saga er liðin en engu að síður verðum við af henni að læra vegna þess að bankarnir sem nú eru í umsjá stjórnvalda eða ríkisvaldsins eiga auðvitað ekki að vera það lengur en þörf krefur og þá er mikilvægt að sú umgjörð sem við búum um framhaldið í þessu máli sýni að við höfum lært af reynslunni.

En fleira hefur fallið en íslensku bankarnir frá því í haust. Hugmyndasmíði nýfrjálshyggjunnar sem sett hefur rammann um mestalla efnahagsumræðu í þrjá áratugi hefur hrunið. Sú hugmynd að opnir og alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir beini fjármagni ávallt á réttar brautir til framfara og varanlegrar hagsældar hefur einnig beðið hnekki. Sú kennisetning sem komið hefur Íslendingum mest í koll, að fjárfestingarbankar eigi að vera hreyfiaflið í efnahagslífinu, fæddi af sér efnahagsbólu sem hefur sprungið til stórskaða fyrir almenning og ríkissjóði í öllum okkar heimshluta. Við Íslendingar sitjum eftir með sárt ennið í þessu máli, m.a. vegna þess að við teljum að tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar sé miðuð við gjaldþrot einstakra banka en ekki hrun heilu bankakerfanna í einstökum löndum. Við höfum ekki fengið stuðning alþjóðasamfélagsins eða aðildarþjóða Evrópusambandsins á þessari túlkun. Má auðvitað líta svo á að við séum fórnarlömb þeirrar nauðsynjar sem Evrópulöndin töldu vera á því að viðurkenna ekki galla á regluverki í ESB eða tilskipun um innstæðutryggingar vegna hættu á enn frekari og víðtækari bankakreppu ef slíkt yrði gert. Það hlýtur að vera tekið tillit til þess í framhaldi þessa máls og á þeim tímum sem fram undan eru að greiða þann stóra skuldabagga sem búið er að leggja á þjóðina.

Það er auðvitað þannig að það er ekki síst verkefni seðlabanka og fjármálaeftirlita að sjá til þess að bankar og fjármálastofnanir tefli ekki efnahag þjóða í tvísýnu. Seðlabankar og fjármálaeftirlit í Bretlandi og Hollandi geta því ekki skotið sér undan allri ábyrgð á því sem varð íslenska bankakerfinu að falli. Íslensk stjórnvöld hafa haldið þessari skoðun á lofti og halda enn fast við hana. Það hefur verið þrautin þyngri að fá aðrar þjóðir til að fallast á sjónarmið okkar eða leggja ólík sjónarmið í þessu efni í óvilhallan dóm. Það þekkjum við og höfum margfarið í gegnum. Þessari grundvallarafstöðu þurfa Íslendingar þó að halda til streitu til síðari tíma enda er allt regluverk alþjóðlegrar bankastarfsemi til endurskoðunar um þessar mundir.

Við Íslendingar erum að fást við afleiðingar þrefaldrar kreppu, fjármála- og gjaldeyriskreppu og einnar alvarlegustu efnahagslægðar í okkar heimshluta sem yfir hefur dunið. Það er ljóst að regluverk okkar um fjármálamarkaðinn var ekki nægilega traust, innstæðutryggingatilskipun Evrópusambandsins óljós og eftirlitskerfi okkar var ekki nægjanlega vel á verðinum. Og eins og margoft hefur komið fram er ekki síst ástæða hrunsins að útrásarvíkingarnir fóru fram af of miklu offorsi og of miklum glannaskap. Þeir sem voru í forsvari fyrir útrásinni blésu á skömmum tíma út efnahag bankanna þannig að efnahagur þeirra samsvaraði 10–12-faldri landsframleiðslu og þeir horfðust greinilega ekki í augu við þá staðreynd að ódýrt lánsfé væri ekki lengur aðgengilegt á alþjóðlegum lánamörkuðum frá og með árinu 2006 og gengu fram á árinu 2007 og 2008 með æ meira óhófi og ágirnd. Í stað þess að minnka umsvif sín og sníða fjárfestingarbönkum sínum stakk eftir vexti á erlendum vettvangi hófu þeir að safna innlánum með loforðum um háa vexti á netreikninga í Evrópu. Þar með hjuggu þeir nærri þjóðarhagsmunum Íslands og annarra landa um leið og Landsbankinn skirrtist við að koma innlánssöfnum sínum í Bretlandi og Hollandi í erlenda tryggingavernd. Í raun gerði bankinn þannig út á íslenska ríkisábyrgð með íslensku þjóðskrána að veði. Fæstir Íslendingar gerðu sér grein fyrir að safnað hafi verið á 350 þúsund reikninga eða alls um 1.244 milljarða kr. í Bretlandi og Hollandi á örskömmum tíma. Það er svo sérstakt rannsóknarefni hvers vegna Landsbankanum var leyft að hefja innlánssöfnun á eigin ábyrgð í Hollandi í maí 2008 á sama tíma og reynt var með öllum ráðum að fá bankann til að koma innstæðum á Icesave-reikningum í Bretlandi í breskt dótturfélag.

Í Hollandi náði bankinn að safna á annað hundrað þúsund viðskiptavinum áður en hann féll 6. október sama ár. Finnski bankasérfræðingurinn Kaarlo Jännäri dregur það einnig sérstaklega fram í skýrslu sinni að útibú íslenskra fjármálastofnana erlendis hafi verið undanþegið bindiskyldu síðan í maí 2008. Skuldasöfnun einkavæddu bankanna var einnig af ótrúlegri stærðargráðu. Eins og kemur fram í upphaflegri greinargerð með frumvarpinu urðu skuldir Landsbankans t.d. 3.000 milljarðar íslenskra króna áður en yfir lauk þrátt fyrir að hann hafi einungis verið keyptur á 11 milljarða sex árum áður. Hér virðist hafa verið um stjórnlaust áhættuspil að ræða þar sem öll þjóðin var undir. Nauðsynlegt er að gera upp þetta tímabil í Íslandssögunni sem hófst með einkavæðingu bankanna og lauk með því að bankakerfi heillar þjóðar hrundi til grunna.

Hér erum við að fjalla um eina afleiðingu bankahrunsins, lagafrumvarp þar sem leitað er eftir samþykki Alþingis við því að ríkissjóður gangist í skilyrta ábyrgð fyrir láni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hjá breska og hollenska ríkinu. Ég vek athygli á því að frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir að ríkisábyrgðin sé skilyrt með endurskoðunarákvæði þar sem greiðslugeta þjóðarinnar verður metin af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Íslenska ríkið greip inn í rekstur íslenskra fjármálafyrir-

tækja í byrjun október í fyrra til að koma í veg fyrir allsherjaráhlaup á þá sem leitt hefði til ómældra hörmunga fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag. Við megum ekki gleyma því að neyðarlögin frá 6. október miðuðu að því að bjarga innlendri bankastarfsemi og vernda innstæður landsmanna og það tókst að halda innlendri greiðslumiðlun og almennri bankastarfsemi gangandi og greiðslumiðlun milli landa stöðvaðist aldrei með öllu. Við megum því ekki með nokkrum hætti veikja grunn neyðarlaganna í úrvinnslu okkar á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir. Þá væri meiri hagsmunum fórnað fyrir minni. Þetta sjónarmið finnst mér stundum hafa gleymst í umræðunni um Icesave-samningana við Breta og Hollendinga og því skulum við ekki gleyma að erlendir kröfuhafar og lánardrottnar höfðu lánað íslensku bönkunum mörg þúsund milljarða kr. til starfsemi sinnar og eiga á hættu að tapa mjög miklu fé. Því er það fagnaðarefni að tekist hefur að semja við þá um að koma að bankastarfsemi hér á landi til að rétta hlut sinn í endurreistu bankastarfi í þeirri von að þeir fái endurheimt að nokkru það fé sem þeir hefðu ella tapað. Allar horfur eru á því að endurreisn bankanna verði ekki eins kostnaðarsöm fyrir ríkið og almenning í landinu en á horfðist. Þar hefur samningaleiðin reynst okkur farsæl og það er okkur einnig dýrmætt að Bretar og Hollendingar hafa í samningunum fallist á að virða neyðarlögin.

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka þakkir mínar til þeirra nefnda þingsins sem hafa fjallað um málið og ekki síst fjárlaganefndar en það er auðvitað ærin vinna sem liggur að baki umfjöllun um svona gríðarlega stórt mál. Meginniðurstaða nefndarinnar er að styrkja umgjörð samningsins, ekki síst endurskoðunarákvæðið í samhengi við skuldaþol þjóðarinnar og að hluta lagaleg viðmið. Í þeim breytingartillögum sem nefndin setur fram var viðfangsefnið að þræða þann milliveg að þó verið væri að styrkja ýmis öryggisákvæði samningsins sem snúa að Íslandi þá væri mikilvægt að gera það með þeim hætti að viðsemjendur okkar gætu ekki sagt að verið væri að ganga gegn grundvallarákvæðum samningsins eða brjóta hann. Ég tel að það hafi tekist. Það hefur aldrei verið efi í mínum huga að Alþingi gæti sett umgjörð um þann skilning sem það leggur í ríkisábyrgðina og er það raunar staðfest í umsögn þjóðréttarfræðings utanríkisráðuneytisins þar sem segir að samþykki Alþingis um ríkisábyrgðina sé ekki bara formsatriði heldur sé um raunverulegt efnislegt skilyrði fyrir gildistöku samninganna að ræða, enda segir í samningnum að hann öðlist gildi ef og þegar Alþingi hefur samþykkt að íslenska ríkið taki á sig ábyrgðina. Í því sambandi skiptir auðvitað miklu máli þingsályktunin frá 5. desember sl. þar sem Alþingi fól ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við hlutaðeigandi stjórnvöld á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um og er það grundvallaratriði að það skuli tekið tillit til hina erfiðu og fordæmalausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt. Svo ég vitni aftur í þjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins kemur fram í umsögn hans með vísan til þessara viðmiða að fyrirvari sem styrkir verulega endurskoðunarákvæði Icesave-samningsins og/eða þak á árlegri greiðslu eða efnahagslegt viðmið geti samrýmst viðmiðunum svo dæmi sé tekið. Samþykki Alþingi þessa fyrirvara eða breytingartillögu sem fyrir liggja er það síðan stjórnvalda og framkvæmdarvaldsins að tryggja að þeir fyrirvarar séu að fullu virtir og eins og fram kemur í áliti þjóðréttarfræðingsins, með leyfi forseta:

„Væri fyrirvaraleiðin farin væri nauðsynlegt að undirstrika að fyrirvararnir væru óaðskiljanlegur hluti samþykktar Alþingis á ríkisábyrgðinni til að fyrirbyggja að hinir samningsaðilarnir gætu haldið því fram að ríkisábyrgðin gildi en fyrirvararnir ekki.“ Þetta er rækilega undirstrikað í tillögum meiri hlutans.

Ljóst er að enginn góður kostur er í þessu máli og skuldabyrðar sem þarf að leggja á þjóðina vegna Icesave-skuldbindinganna eru miklar sem draga munu niður lífskjör í landinu um tíma. Margir hafa orðið til að segja: Við eigum ekki að borga skuldir einkaaðila og ekki sé hægt að leggja á þjóðina þessa skuldabyrði en þeir hinir sömu verða að svara hvaða betri lausn er þá í stöðunni. Ég hef ekki enn heyrt neina raunhæfa lausn sem gangi upp með þeim hætti að við öðlumst trúverðugleika og eðlilegan aðgang að alþjóðasamfélaginu á nýjan leik sem okkur er orðin lífsnauðsyn. Lagaleg viðmið og efnahagslegir fyrirvarar hafa verið aðallega í umræðunni varðandi breytingar á samningnum um efnahagslega þáttinn og skuldaþol þjóðarinnar. Það er rétt að ýmis óvissa er uppi um þann mikilvæga þátt og þar vegur auðvitað þyngst hagvöxturinn þar sem nokkuð ber á milli aðila um hver þróun hagvaxtarins getur orðið, þ.e. vaxtaþróunin og vaxtaútgjöldin. Þetta hangir líka saman ekki síst við sölu eigna Landsbankans hve mikið fellur á Tryggingarsjóðinn og íslenska ríkið.

Samkvæmt áliti Seðlabankans telur bankinn að þjóðarbúið verði fyllilega fært um að standa undir Icesave-skuldbindingum, eins og fram kemur í áliti Seðlabankans, og sé litið til álits Hagfræðistofnunar er ekki komist að þeirri niðurstöðu að Ísland geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Þar kemur fram að hreinar skuldir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu fari minnkandi sem gefur til kynna að þær séu ekki ósjálfbærar. Ljóst er þó að hagvaxtarspá Seðlabanka og fjármálaráðuneytisins gera ráð fyrir 3,6% meðalhagvexti 2010–2016 og 3% hagvexti eftir það en Hagfræðistofnun telur hagvöxt líklega verða nær 2–2,5% sem helgast af því að þeir spá minni fólksfjölgun. Einnig er ástæða til að minnast á í þessu samhengi að Seðlabankinn gaf út uppfærða hagspá 13. ágúst sem gerir ráð fyrir 9% samdrætti hagkerfisins í ár miðað við 11% spá bankans frá því í maí. Þetta er afar jákvætt en samkvæmt þessu verður samdrátturinn nokkuð minni en flestir gerðu ráð fyrir og ef þetta er raunin er hugsanlegt að halli ríkissjóðs verði minni en talið hefur verið. En allt er þetta ýmissi óvissu undirorpið eins og fram hefur komið í umræðunni í dag og erfitt að spá um framhaldið.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að fyrirvararnir sem koma fram í breytingartillögum meiri hlutans eru þess eðlis að stjórnvöld ættu að geta útskýrt þá fyrir viðsemjendum og alþjóðasamfélaginu þannig að á þá verði fallist. Ef frumvarpið nær fram að ganga staðfestir Ísland vilja sinn til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar en áréttað er að slíkt megi ekki verða efnahag landsins ofviða. Settir eru fyrirvarar og varnaglar er lúta að fullveldi landsins og efnahags-

legri framtíð sem hvert þjóðþing í Evrópu hefði talið sér heimilt að gera. Einnig er haldið til haga rétti til að láta reyna á hver sé lagaleg staða á grundvelli EES-samningsins einkum að því er varðar úthlutun úr þrotabúi. Alltaf er gert ráð fyrir viðræðum milli aðila og aðkomu Alþingis áður en fyrirvararnir mundu leiða til takmörkunar á ríkisábyrgð. Þessa fyrirvara þarf að sjálfsögðu að kynna fyrir viðsemjendum en sannfæring mín stendur til þess að þeir munu ekki setja samningana í uppnám þegar þeir gera sér ljóst að hér er einungis um varnagla að ræða í samræmi við forsendur sem lagðar voru til grundvallar með Brusselviðmiðunum.

Ég tel ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að hafa um þetta stóra mál fleiri orð. Það er einlæg von mín að sú niðurstaða sem fæst þegar málið kemur til atkvæðagreiðslu verði til farsældar fyrir þjóðina. Ég ítreka þakkir mínar til nefndarmanna og þeirra sem hafa lagt sig alla fram um að fá eins ásættanlega niðurstöðu og hægt er að búast við miðað við allar forsendur sem menn geta gefið sér inn í framtíðina og hún verði með þeim hætti að þjóðin geti unnið sig fram úr þessu erfiða máli.

[15:42]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ekki er hægt að halda því fram að ræðan hafi verið mjög upplýsandi en margar kenningar komu fram. Ein kenningin hjá hæstv. forsætisráðherra var sú að hér væri um gjaldþrot frjálshyggjunnar að ræða og reglugerðarverkið sem unnið væri eftir væri meingallað. Ég er sammála því hvað varðar reglugerðarverkið en vek athygli hæstv. forsætisráðherra á að við tókum það algerlega upp eftir Evrópusambandinu, sem er þá væntanlega það frjálshyggjubandalag sem hæstv. forsætisráðherra vill að Íslendingar fari í.

Ég vil sömuleiðis upplýsa hæstv. ráðherra af því að hún telur að það sé mikið rannsóknarefni að kanna af hverju Landsbankinn fékk að stofna Icesave-reikninga í Hollandi, þá er það algerlega mál Samfylkingarinnar þar sem sá sem stýrði Fjármálaeftirlitinu var Jón Sigurðsson, helsti efnahagsráðgjafi þess flokks, og við þekkjum hver bankamálaráðherrann var.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar: Hvernig stendur á því, þar sem þetta mál er augljóslega meingallað og kom í þingið algerlega meingallað, að ekki var samþykki og samstaða innan ríkisstjórnarinnar um málið þegar það var lagt fram? Af hverju var ekki búið að ganga frá því á þeim heimavelli áður en menn settu málið í þann farveg sem við þekkjum?

[15:44]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég geri mér alveg fulla grein fyrir því að það er viðkvæmt að nefna í eyru hv. þingmanns fall frjálshyggjunnar en ég held að flestir séu sammála um að nýfrjálshyggjan, ekki bara á Íslandi heldur um heim allan, hafi átt sinn þátt í því þroti og hruni sem við stöndum frammi fyrir, og reyndar fleiri þjóðir.

Varðandi regluverkið sem við höfum búið við um fjármálamarkaðinn og þó það sé að hluta til tekið upp samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins þá held ég hreinlega að það sé staðreynd sem við verðum að viðurkenna að það hafi verið gallað. Ég vísa í Finnann sem fór yfir allt regluverk og ástæður hrunsins, hann hélt því m.a. fram að skoða þyrfti regluverkið miklu betur, ég held að það sé alveg ljóst.

Hvað varðar Icesave í Hollandi þá er það nokkuð sem ég kom upp með áðan, en ég held að ofsagt sé að fara að vísa því til Jóns Sigurðssonar, formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins, að það sé allt honum að kenna að stofnað hafi verið til þeirra reikninga.

[15:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég spurði hæstv. ráðherra einnar spurningar og hef ekki fengið svar. Ég fer fram á að fá svar við því: Af hverju var ekki búið að ganga frá þessu máli í ríkisstjórninni? Hvernig má það vera með þetta risastóra mál, sem er algerlega meingallað, að ríkisstjórnin sé ekki búin að ganga frá því innan sinna raða? Einhver hefði spurt: Hvers konar verkstjórn er þetta? Einhver hefði spurt að því.

Ég veit ekki hversu sérfróð hæstv. ráðherra er þegar kemur að hugmyndafræði. Hins vegar liggur fyrir að reglugerðarverkið var meingallað og við tókum það upp eftir Evrópusambandinu. Innstæðutryggingartilskipunin er svo sannarlega meingölluð. Við tókum hana beint upp eftir Evrópusambandinu. Ef hæstv. ráðherra telur að þetta sé tap frjálshyggjunnar þá lítur hún væntanlega svo á að Evrópusambandið sé mikið frjálshyggjubandalag. En ég fer fram á það, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra svari spurningunni.

[15:46]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hafi ekki átt sæti í síðustu ríkisstjórn. Það er eins og hv. þingmanni hafi ekki verið kunnugt um það hvaða kjör voru uppi á borðinu í októbermánuði, tel ég, (**GÞÞ:** Svaraðu spurningunni.) þegar fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins hélt um taumana. Þá voru þau kjör sem voru uppi á borðinu (**GÞÞ:** Svaraðu spurningunni.) margfalt verri en þau sem við stöndum þó frammi fyrir núna og munar þar verulegu.

Ég sagði áðan varðandi þá umgjörð um þann samning sem nú liggur fyrir að hún er betri og bætir mjög samninginn sem var gerður og tryggir miklu betri umgerð. Öryggisákvæðin eru miklu skýrari og það er allt til bóta og ég fagna því mjög.

[15:47]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra tveggja efnislegra spurninga út úr þeirri ágætu umræðu sem hefur farið fram í dag. Það eru tvö atriði sem standa sérstaklega upp úr. Annað lýtur að því hvernig þingmenn skilja áhrif þeirra breytingartillagna sem meiri hluti fjár-

laganefndar hefur lagt til. Það hefur komið fram í umræðunni og í fjölmiðlum að hæstv. forsætisráðherra skilur það sem svo að þær kalli ekki á breytingar á samningunum. Ég hef skilið það þannig að ef Bretar og Hollendingar samþykki þessar breytingartillögur opni það samningana. Það er mjög áríðandi að fá fram hvort það liggi þá fyrir einhverjar upplýsingar, vitneskja hjá ríkisstjórn Íslands um það með hvaða hætti Bretar og Hollendingar taki þessum breytingartillögum. Það er nauðsynlegt fá upplýst á Alþingi áður en breytingartillögurnar verða afgreiddar.

[15:49]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir í þeim breytingartillögum sem við erum að fjalla um frá meiri hlutanum að fyrirvararnir eru óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar. Stjórnvöldum, framkvæmdarvaldinu ber auðvitað að virða það, að málinu ljúki þannig að þeir fyrirvarar sem koma fram í breytingartillögunni verði viðurkenndir og virtir af okkur viðsemjendum. Það er viðfangsefni okkar þegar Alþingi hefur samþykkt þetta mál að ræða og útskýra breytingarnar fyrir viðsemjendum okkar. Ég tel að þær séu þess eðlis að þær ættu ekki að setja þetta mál í neitt uppnám. Engin ástæða er til að ætla annað en þeir fallist á þessa fyrirvara. Það er bara viðfangsefni þegar þessu máli lýkur.

Í þeim óformlegu viðræðum, sem farið hafa fram milli embættismanna hér og embættismanna í Hollandi og Bretlandi, hefur þetta fyrst og fremst verið útskýrt án þess að menn séu að fara í neinar samningaviðræður. Mér hefur fundist það sem komið hefur út úr því gefa tilefni til að ætla að ekki sé ástæða til að hafa mjög miklar áhyggjur af því að taka þurfi þessa samninga upp aftur eins og mér finnst að hafi komið fram hjá Sjálfstæðisflokknum.

[15:50]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. forsætisráðherra varðandi það hvaða ástæður liggja til þess skilnings hennar á áhrifum þeirra fyrirvara og skilyrða sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur sett fram í breytingartillögu. Hæstv. forsætisráðherra upplýsti að hún hefði orð embættismanna fyrir sér og ég spyr: Hefur hæstv. forsætisráðherra rætt við þjóðarleiðtoga og spurt þá þessara spurninga?

Hin spurningin sem ég er með lýtur að skilningi hæstv. forsætisráðherra á ákvæðum efnahagslegu fyrirvaranna. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra að því hvort hún líti ekki þannig á að ríkisábyrgðin falli niður þegar gildistíma samninganna lýkur árið 2024.

[15:51]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Skilningur minn, virðulegi forseti, á þessum fyrirvörum er eins og ég hef sagt að ég tel að þeir tryggi betur og skýri þau öryggisákvæði sem fjárlaganefnd vildi tryggja sem lúta sérstaklega að bæði efnahagslegum og lagalegum viðmiðunum. Ég tel að þeir rúmist innan þeirra viðmiða sem menn hafa verið að vinna með, þ.e. það sem samþykkt var fyrir jólin um að taka tillit til þeirra erfiðu og fordæmalausu aðstæðna sem gera Íslendingum kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfið. Þegar horft er til þeirra sjónarmiða í því viðmiði er ég alveg viss um að Hollendingar og Bretar munu skilja það mál. (Gripið fram í.)

Það er alveg ljóst að þetta verður viðfangsefnið þegar þingi lýkur að tala við Hollendingana og Bretana. Við töldum rétt að á meðan Alþingi væri að fjalla um málið væri það á forræði þingsins. Ég hef talað við ýmsa forsætisráðherra um þetta mál, forsætisráðherra allra Norðurlanda. Ég talaði síðast í dag við Anders Fogh Rasmussen sem hefur talað m.a. við Gordon Brown og allt þetta gefur mér tilefni til bjartsýni í þessu máli.

[15:53]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti vill beina því til þingmanna að gefa þeim sem er í ræðustól gott hljóð.

[15:53]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsætisráðherra mæðist í mörgu og það liggur á, ég skil það fullkomlega. Hins vegar skiptir líka verulegu miklu að þetta mál sem við erum að samþykkja verði kynnt um alla Evrópu. Við megum ekki lenda í því að erlendir ráðamenn, forsætisráðherra Hollands eða fjármálaráðherra, gefi einhverjar yfirlýsingar vegna vanþekkingar eða ókunnugleika á stöðu Íslendinga. Þess vegna held ég að það sé svo mikilvægt að við kynnum þetta mál um alla Evrópu.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra nákvæmlega eins og ég spurði hæstv. fjármálaráðherra, vitandi það að við breytum ekki fortíðinni, hvort hún sé ekki til í að þingi verði frestað í tvær vikur og þingmenn verði sendir út af örkinni og allt verði sett í gang í bæði utanríkisþjónustunni og hvar sem er, setja inn í þetta 200–300 millj. mín vegna og kynnum málstað okkar um alla Evrópu, frá Portúgal til Litháens og allt þingið verði notað til þess.

[15:54]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að það er mikið verkefni sem bíður okkar að kynna málstað Íslands á erlendum vettvangi og það sem víðast, það er alveg ljóst. Það er langt í land, og við finnum það bara, að endurreisa þann trúverðugleika sem Ísland þarf á að halda til að koma efnahagslífi okkar og atvinnulífi í gang. Mér finnst þessi spurning sem hv. þingmaður kemur fram með því eðlileg.

Hv. þingmaður spyr hvort eigi að gefa þinginu frí í hálfan mánuð til að fara að ferðast og kynna málstað Íslands. Ég held að við verðum að ljúka þessu þingi og ljúka þessu máli og síðan munum við í framkvæmdarvaldinu auðvitað þiggja allt það liðsinni sem við fáum til að geta kynnt þetta mál sem best og málstað þjóðarinnar á erlendum vettvangi.

[15:55]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Um leið og við samþykkjum og afgreiðum þetta mál frá Alþingi fer allt í gang úti í heimi. Þá byrja menn að gefa yfirlýsingar, í Bretlandi, Hollandi og víðar, um þetta og hitt. Þess vegna er svo mikilvægt að áður en það gerist verði jarðvegurinn undirbúinn og kynntar þær tillögur sem við erum að koma fram með sem bæði eru sanngjarnar og réttlátar og í samræmi við Brussel-viðmiðin. Þess vegna bið ég hæstv. forsætisráðherra að hugleiða hvort ekki sé meira virði að kynning sé vel undirbúin úti í heimi en það að við klárum þetta í flýti. Ég veit að það er ýmislegt sem liggur á og bíður. En það eru kannski tvær, þrjár vikur sem við þyrftum að gefa okkur og ég er viss um að hv. þingmenn eru tilbúnir til að leggja hönd á plóg.

Varðandi spurningu sem ég kom fram með áðan um það hvort ríkisábyrgðin falli niður 2024, það er mjög mikilvægt að hæstv. forsætisráðherra gefi um það afdráttarlaust svar að ríkisábyrgðin nær þangað og ekki lengra.

[15:56]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar hafa verið lögð drög að því og það undirbúið hvernig hægt er að standa að kynningu þegar þessu máli lýkur en ég held að við höfum ekki efni á að bíða með það í hálfan mánuð eða hvað hv. þingmaður nefndi að klára það. Það er það margt undir í þessu efni, það er margt sem bíður í efnahagslegri úrlausn sem hangir á þessu máli eins og hv. þingmaður veit og við höfum farið yfir. T.d. lánasamningarnir varðandi Norðurlöndin. Að hluta til er það Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og endurskoðun á áætluninni. Ég býst við að það hafi eitthvað að segja um lánshæfismat þjóðarinnar hver verður niðurstaðan í þessu máli. Jafnvel hefur þetta áhrif á stýrivexti, það hefur áhrif á það hvort erlendir aðilar hafi áhuga á að verða eignaraðilar að íslenskum bönkum. Allt er þetta mikilvægt fyrir endurreisn efnahagslífsins og hver dagur sem líður tel ég mjög mikilvægan í því að við getum farið að vinna betur að þessari endurreisn sem margt hangir á að því er varðar þessi Icesave-mál. (**PHB:** Hvað með ríkisábyrgðina?)

Með ríkisábyrgðina er ljóst að það liggur alveg fyrir hvernig þingið afgreiddi hana. Hún gildir fram til 2024 og þá þarf að taka upp viðræður aftur þegar fyrir liggur hvernig uppgjörið verður.

[15:58]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Samfylkingin situr nú sitt þriðja ár í ríkisstjórn og var við stjórnvölinn þegar hrunið varð eins og allir vita en oft er reynt að líta fram hjá. Mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra. Ríkisstjórnin féll frá málssókn vegna beitingar hryðjuverkalaganna þegar Bretar settu þau lög á okkur á sínum tíma. Þá var haft eftir talsmanni ríkisstjórnarinnar að hefði þessum rétti verið viðhaldið þá hefði svo mikill kostnaður fallið á íslenska ríkið. Mig langar til að spyrja forsætisráðherra sem var ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem tók þessa ákvörðun: Hver var afstaða hennar til brottfalls réttarins og tók hún virkan þátt í þeirri ákvörðun? Sömuleiðis, hver var hugur samfylkingarráðherra þegar þessi ákvörðun var tekin?

[15:59]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að setningu hryðjuverkalaganna er ekki hægt að afsaka. Þar gengu Bretarnir allt of langt, enda var tekið undir það af breskri þingnefnd að ekki hefði verið tilefni til að beita hryðjuverkalögunum með þeim hætti sem Bretar gerðu. Þetta mál tók ég líka sérstaklega upp við framkvæmdastjóra NATO í dag að mjög sérkennilega hefði verið staðið að máli af bandalagsþjóð í NATO að beita Íslendinga slíkum þvingunum sem getur ekki samræmst því sem bandalagsþjóð okkar og vinaþjóð á að gera.

Varðandi málsóknina og hryðjuverkalögin var farið mjög ítarlega yfir það. Það voru færustu lögfræðingar sem fóru yfir það hvort það væri rétt að íslenska ríkið færi í málsókn út af hryðjuverkalögunum. Það hefur komið fram, og ég held að það sé í nefndarálitinu líka, að ekki var talið rétt að við færum í mál út af hryðjuverkalögunum en engu að síður studdi íslenska ríkið einstaklinga og aðila sem vildu leita réttar síns með málsókn.

[16:00]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er gaman að ríkisstjórnin skuli taka upp nánast ársgamalt mál og ræða það akkúrat í dag við framkvæmdastjóra NATO og kvarta yfir því þegar það var mesta hagsmunamál þjóðarinnar að við skyldum hafa verið beittir hryðjuverkalögum og ekki var lyft litla fingri til að reyna að bera hönd fyrir höfuð þessarar þjóðar sem í raun hafði ekki gert neitt af sér, alveg einkennilegt.

Þá langar mig til að spyrja forsætisráðherra nú. Í ræðu hennar kom fram að hún liti svo á að fyrirvarar við frumvarpið sem nú liggja fyrir væru einungis varnaglar sem Hollendingar og Bretar gætu sætt sig við. Ef frumvarpið verður að lögum, hvað á ráðherra við með að tala um að fyrirvararnir séu varnaglar? Verður sama linkindin gagnvart Bretum og Hollendingum þegar viðræður hefjast á ný eins og er verið að lofa gagnvart þessari ríkisábyrgð og á að sætta sig við hina svokölluðu varnagla sem þingmenn kalla venjulega fyrirvara?

[16:01]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er auðvitað útúrsnúningur hjá hv. þingmanni að í fyrsta skipti sé verið að taka það upp í dag af hálfu stjórnvalda að mótmæla hryðjuverkalögunum. Það var gert af hálfu fyrri ríkisstjórnar og núverandi ríkisstjórnar. Ég hef tekið það upp við Gordon Brown líka og óskað eftir því m.a. í framhaldi af niðurstöðu þessarar bresku nefndar að hryðjuverkalögum hafi verið beitt allt of harkalega. Ég hef ekki fengið fullnægjandi skýringu Gordons Browns á því.

Varðandi þá varnagla sem hv. þingmaður nefnir þá er það alveg ljóst að það er hlutverk stjórnvalda að taka þetta

mál upp af festu við Hollendinga og Breta þegar niðurstaða er fengin í þinginu. Auðvitað er það hlutverk okkar að framfylgja því sem Alþingi samþykkir í þessu máli vegna þess að samningarnir voru undirritaðir með fyrirvara um samþykkt Alþingis. Stjórnvöld hafa því þá skyldu að ganga til þeirra viðræðna af fullri festu og ná fram því sem samþykkt hefur verið af Alþingi. Það er alveg ljóst.

[16:03]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Nú er þetta rugl búið að standa í hátt á þriðja mánuð og ríkisstjórnin hefur á meðan ekki getað gert nokkurn skapaðan hlut annan. Hún virðist vera með þessi karllægu einkenni að geta bara gert eitt í einu og það er Icesave-málið sem hefur átt hug stjórnarinnar allan. En illu heilli hefur stjórnin ekki verið að vinna að því að gæta hagsmuna Íslendinga í því máli. Frá upphafi hefur þessi ríkisstjórn einbeitt sér að því að verja hagsmuni Breta og Hollendinga sem hafa beitt okkur alveg ótrúlegum óréttí í málinu. Engu að síður gerir ríkisstjórnin hvað hún getur til að halda málstað þeirra á lofti og kveða niður umræðu um allt annað. Það kann að þykja undarlegt að ríkisstjórn landsins láti með þessum hætti og menn hljóta að hugsa sem svo: Það getur ekki verið að þau telji sig a.m.k. ekki vera að gæta hagsmuna þjóðarinnar. Þau hljóta a.m.k. að halda að þessi undirgefni muni á endanum skila bestu niðurstöðunni fyrir þjóðina.

En það er ekki svo. Hæstv. fjármálaráðherra er búinn að útskýra allt saman sjálfur hvernig í þessu liggur. Þetta snýst allt um það að ríkisstjórnin falli ekki vegna þess að það er mikilvægara en allt annað að þessi sósíalistatilraun fái að halda áfram einhverja mánuði í viðbót. Það er öllu til fórnandi, hagkerfi Íslands næstu áratugina jafnvel, vegna þess að umfram allt verður þessi ríkisstjórn að starfa áfram. Hvað er ráðherrann að segja? Hann er að segja: Það skiptir öllu máli að ég hafi völd. Allt annað er aukaatriði í þessu máli. Þess vegna er ráðherrann tilbúinn til að gefa eftir gagnvart þessari utanaðkomandi ógn, allt til að hann geti áfram haldið völdum í málinu. Það sem ríkisstjórnin leyfir sér að gera til að halda völdum er með stökustu ólíkindum.

Menn hafa tekið upp á því úti um allan bæ að eigin frumkvæði, af hugsjón, að reyna að berjast fyrir málstað Íslands í þessu máli, bent á styrk okkar hvort heldur sem er pólitískan eða lagalegan, bent á efnahagsleg atriði, bent á lögfræðilegar útskýringar sem hefðu átt að vera ríkisstjórninni augljósar frá upphafi. Þetta er ekki þegið með þökkum, það er ekki reynt að nýta þetta framtak, hvað þá að sótt sé aðstoð utanaðkomandi manna, bestu manna. Nei, það er reynt að kveða það í kútinn og beitt til þess alveg ótrúlegri ósvífni. Vinstri grænir eða hluti þeirra gera þetta að miklu leyti úr ræðustól og í viðtölum í fjölmiðlum, koma fram og segja: Við viljum ekki þessa umræðu. Við viljum bara málið í gegn. Samfylkingin notar hins vegar ekki svo opinskáar aðferðir, sérstaklega ekki í málum sem eru óþægileg fyrir Samfylkinguna. Þá er notast við meðul á borð við það að leka einhverri vitleysu í fjölmiðla, reyna að hanna atburðarás eða stýra umræðunni og þar fram eftir götunum. Eða fá einhverja menn, t.d. fræðimenn, til að tala máli sínu. Það hefur reyndar gengið erfiðlega í þessu máli því þeir eru ekki margir, fræðimennirnir sem hafa verið tilbúnir að tala máli ríkisstjórnarinnar. Þess vegna hefur þurft að notast við þá sömu aftur og aftur og aftur og ég held að einn ágætur hagfræðiprófessor — ég held að hann sé prófessor — sé líklega búinn að vera í útvarpsþætti einum sjö sinnum að ræða sama málið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Svo er annar kollegi þessa prófessors sem er eins konar bónusráðherra Samfylkingarinnar, viðskiptaráðherrann, sem hefur haldið fram alveg ótrúlegum bókhaldsbrellum sem enginn banki hefði nokkurn tíma leyft sér að notast við, enda auðvelt að sjá í gegnum málflutninginn. Svona hefur þessi ríkisstjórn starfað af ótrúlegri óskammfeilni og með hreinum og klárum áróðri gegn hagsmunum Íslendinga.

Fyrstu drög að nefndaráliti utanríkismálanefndar þar sem ég á sæti, meirihlutaálitinu, voru ótrúlegasta þingskjal sem ég hef séð. Ég held að ekkert þjóðþing í Evrópu hefði sent slíkt frá sér. Þar var kerfisbundið reynt að skaða málstað Íslands í málinu. Það var haldið til haga öllu því sem talið var sterkast í málstað gagnaðilanna. Svo var að einhverju leyti tekið fyrir það sem fulltrúar Íslands eða málsvarar Íslands höfðu haldið fram og reynt að gera sem allra minnst úr því.

Ég ætla ekki að fara mikið út í það hvernig samningaviðræðurnar sjálfar gengu fyrir sig en það er hins vegar alveg ljóst og sætir furðu að menn hafa ekki notast við til að mynda þá erlendu sérfræðinga sem voru búnir að bjóða fram aðstoð sína, bjóða Íslendingum aðstoð sína í þeirri erfiðu og einstöku aðstöðu sem þjóðin var í. Kannski var það of dýrt þó að ég efist um að kostnaðurinn hafi verið meiri en næmi í mesta lagi nokkurra daga vaxtagreiðslum í þessu máli því hagsmunirnir eru svo gífurlega miklir og það skýrir hvers vegna þarf að leggja svona mikla áherslu á að reyna a.m.k. að gera sem best úr þessu.

Mikið hefur verið rætt um stöðu mála innan lögreglunnar í fjölmiðlum að undanförnu. Þar var niðurskurður upp á rúmar 50 millj. kr. minnir mig sem er búinn að setja allt úr skorðum Þetta eru held ég 13 klukkutíma vextir af Icesavelániinu. Þessa vexti ætla menn að borga áfram hvað sem líður fyrirvörum svo framarlega sem forsendur ríkisstjórnarinnar standast og þá reynir náttúrlega á það. En þetta dæmi sýnir hvers vegna menn ættu að leggja á sig allt sem þeir mögulega geta til að reyna að lágmarka tjónið í þessu máli í stað þess að halda stöðugt á lofti málstað andstæðinganna, andstæðinga sem beittu Íslendinga hryðjuverkalögum og settu Ísland og íslensk fyrirtæki á lista með al Kaída og Norður-Kóreu. Ég held reyndar að viðskiptaráðherra ríkisstjórnarinnar hafi gert það sjálfur þannig að það er kannski einhver skilningur þar á framferði Bretanna. En ríkisstjórnin og raunar sú sem var á undan henni hefur ekki haft fyrir því að mótmæla þessari aðferð Bretanna nema hvað hæstv. forsætisráðherra upplýsti rétt áðan að þar sem nýr framkvæmdastjóri NATO hafi átt leið um þá hafi hún nefnt þetta við hann. Það var sem sagt ekki búið að taka upp símann til að ræða málið.

Það er búið að nefna í dag dagsetninguna 7. janúar þegar frestur til að kæra vegna beitingar hryðjuverkalaganna rann út. Sá frestur var ekki nýttur. Og eins og hv. þm. Atli Gíslason benti á þá reyndu mjög margir að leiða þáverandi

ríkisstjórn fyrir sjónir hversu mikilvægt væri að nýta tækifærið. Það gekk ekki. Þetta var áður en ég var farinn að skipta mér beint af stjórnmálum. En ég og fleiri komum niður í þing til að reyna að útskýra þetta fyrir þingmönnum seint að kvöldi. Þeir vildu ekki heyra á þetta minnst, allra síst þingmenn Samfylkingarinnar. Þingmenn Framsóknarflokksins — og ég er glaður að geta rifjað það upp hins vegar — höfðu reynt alveg frá því í október að benda á mikilvægi þess að bregðast við þessu ofbeldi sem Íslendingar voru beittir. Strax í október sagði þáverandi formaður flokksins, með leyfi forseta:

„Við framsóknarmenn teljum að Bretana eigi að kæra strax, kæra þá sem samstarfsþjóð á hinu Evrópska efnahagssvæði, kæra þá fyrir ólögmæta og einstaka aðför að lítilli vinaþjóð og fyrir að úthrópa Ísland gjaldþrota. Það gerði forsætisráðherra þeirra. Slík yfirlýsing hafði lamandi áhrif á framsækin íslensk fyrirtæki. Út á þessa yfirlýsingu Browns er verið að stöðva viðskipti Íslendinga um víða veröld fram á þennan dag. — Við Íslendingar töldum okkur starfa samkvæmt löggjöf á forsendum samninga og siðareglna á hinu Evrópska efnahagssvæði. — Við eigum að kæra bresku ríkisstjórnina til Brussel, kæra breska heimsveldið til hæstu skaðabóta.“

Þessum málflutningi var svo haldið á lofti næstu mánuðina en allt án árangurs. Ríkisstjórnin þáverandi og sú sem tók við og sú sem nú starfar vildu ekki verja íslenska hagsmuni, töldu best að láta eins og ekkert væri og nú erum við komin í þá stöðu eins og til að mynda hv. þm. Atli Gíslason rakti áðan að það er orðið miklu erfiðara fyrir okkur að verjast en var. En það þýðir ekki að menn eigi að gefast upp. Menn eiga alltaf að berjast áfram, berjast eins og hæstv. núverandi fjármálaráðherra talaði svo mikið fyrir, alveg fram á þann dag að hann varð ráðherra og allt hans pólitíska líf fór að snúast um það, eins og hann útskýrði sjálfur, að halda völdum. Nei, við eigum að breyta um og sætta okkur ekki við það sem er búið að sýna fram á aftur og aftur og aftur undanfarnar vikur að þeir samningar sem liggja fyrir Alþingi eru í raun ekki tækir. Þeir eru ekki í samræmi við það umboð sem þingið veitti í nóvember sl., taka ekki mið af þessum margumræddu Brussel-viðmiðum og þeir eru ekki í samræmi við það sem eðlilegt má teljast í samskiptum ríkja.

Erlendir lagaprófessorar hafa tjáð sig um þetta, m.a. forstöðumaður alþjóðalögfræðistofnunar við Cambridge-háskóla, sem lýsti þeim samningi sem hér var reynt að fá Alþingi til að samþykkja sem nýjum Versalasamningum en þó verri að því leyti að kostnaðurinn væri hlutfallslega meiri og þjóðir heims hefðu lært ýmislegt síðan þá. Þar af leiðandi væri þeim mun verra að reyna að þröngva slíkum samningi upp á nokkra þjóð. Þessu er verið að þröngva upp á okkur núna en sem betur fer með hinum ýmsu breytingartillögum sem breyta fullkomlega eðli málsins. En betur má ef duga skal og ég mun reyna að útskýra hvaða gallar eru enn á meðferð málsins, hvers vegna er ekki hægt að sætta sig við þessar breytingartillögur, hvers vegna þær nægja ekki.

Í fyrsta lagi er það einfaldlega svo að breytingartillögurnar eru algerlega úr samræmi við efni samningsins. Þegar ráðherrar í ríkisstjórninni halda því fram að þetta sé innan ramma samningsins þá staðfestir það eina ferðina enn það sem hefur komið svo oft í ljós í öllu þessu ferli að ráðherrarnir hafa ekki lesið samningana, enda voru ráðherrarnir tilbúnir til að skrifa undir þá áður en þeir höfðu séð þá. Ráðherrar í þessari ríkisstjórn og raunar margir þingmenn stjórnarmeirihlutans voru tilbúnir til að samþykkja Icesave-samningana án þess að hafa séð þá. Og það var eins gott að það gekk ekki eftir því að þingið átti ekki að fá að sjá samningana. Þingið átti ekki að fá að sjá Icesave-samningana og það er kannski góð ástæða fyrir því. Hvaða þing með réttu ráði mundi samþykkja þessa samninga? Þessu gerðu Bretar og Hollendingar sér eflaust grein fyrir þegar þeir mótmæltu því að samningarnir yrðu birtir opinberlega eða þingmenn fengju að sjá þá. Að vísu barst tilboð eða ýjað var að því tilboði að þingmenn gætu fengið að sjá samningana í lokuðu leyniherbergi, leyniklefa eins og er í fjármálaráðuneytinu þar sem geymdar eru skýrslur. Þingmenn áttu að fá að fara inn í þetta herbergi og skoða samningana þar, samninga sem eru á svo flóknu ensku lagamáli að það tók færa lögmenn marga daga að plægja í gegnum þá. Þar máttu þingmenn fletta í gegnum samningana og svo áttu þeir að fara niður á þing og ýta á græna takkann. Svona hefur verið haldið á þessu máli.

Ríkisstjórnin reyndi ekki að fá þessu breytt fyrr en samningunum var flett í beinni útsendingu í sjónvarpinu. Það var ekki fyrr en einhver tók sig til og lak a.m.k. öðrum samningnum, þeim hollenska, í fréttirnar að stjórnarflokkarnir sögðu sem svo: Jæja, það er þá ekkert annað að gera en að birta þetta. Þá er þetta birt með skýringum sem hafa ekki staðist. Það hefur ekkert staðist af því sem sagt var um þessa samninga í upphafi, ekkert einasta atriði. Aftur og aftur og aftur eru menn að koma á framfæri ábendingum um að málflutningur ríkisstjórnarinnar sé rangur. Hvað gerist þá? Nei, það er bara bætt í eða reynt að færa umræðuna eitthvert annað. Ef sýnt er fram á að lagalega standist samningarnir ekki er farið yfir í efnahagsmálin, og ef sýnt er fram á að efnahagslega stöndum við ekki undir þessu er reynt að fara aftur yfir í lagamálin. Svo hrekjast menn úr einu horninu í annað en núna sitja menn uppi með það að ekkert af því sem sagt var í upphafi hefur staðist. Samt er enn þá ætlast til þess að þingið samþykki og staðfesti þessa samninga.

Það hefur hvað eftir annað gerst að ég hef séð nýjar upplýsingar á undanförnum þremur mánuðum og hugsað með mér: Jæja, nú þegar þetta er komið fram geta þau ekki reynt lengur, það hljóta allir að sjá að það þýðir ekki að reyna að sannfæra þingið um að fallast á þessa samninga. En nei, blindnin er slík að haldið er áfram og heilu þingflokkarnir, alla vega einn heill þingflokkur lætur teyma sig áfram, að því er virðist gagnrýnislaust. Hæstv. fjármálaráðherra sagði í ræðu hérna áðan að það væri einfaldlega enginn bakkgír. Það er alveg rétt. Hann er eins og dráttarhestur sem veit ekki hvert hann er að fara eða hvað hann er að draga en hann heldur bara áfram, heldur áfram að draga þann farm sem hann veit ekki hver er eða hvert á að leiða. Hann hefur engan bakkgír og er kominn í öngstræti og er þess vegna í vonlausri stöðu. Hann getur í raun ekki bakkað með það sem hann er búinn að segja þrátt fyrir að búið sé að sýna það svart á hvítu að það hafi meira og minna allt

verið rangt. Nú heldur hann því m.a.s. fram að aldrei hafi annað verið í kortunum en þessi niðurstaða þrátt fyrir að fyrir liggi fjölmargar greinar, viðtöl og ræður þar sem sami maður heldur fram þveröfugu sjónarmiði.

En svona er þessi staða orðin og ekki um annað að ræða fyrir þingið en að reyna að vinna sem best úr henni. Eins og ég nefndi áðan hefði þetta getað farið svo miklu, miklu verr og var á góðri leið með það ef ekki hefði verið fyrir baráttu almennings, fólks í samfélaginu sem ætlaði ekki að láta bjóða sér þetta, hinna ýmsu þingmanna og er þá sérstaklega rétt að nefna hluta þingmanna stjórnarmeirihlutans sem sýndu ótrúlegt hugrekki og baráttu og þrek í því að berjast fyrir málstað Íslendinga í þessu máli. Ég veit að það hefur verið erfitt fyrir þessa þingmenn eins og meiri hluti ríkisstjórnarinnar hefur beitt sér í málinu. En þeir létu ekki bugast og breyttu þannig sögunni til hins betra og það ber að þakka þó að ekki hafi enn náðst fram allar þær lagfæringar á þessum samningum sem nauðsynlegar eru. Raunar er ekki hægt að laga þessa samninga, svo gallaðir og svo eitraðir eru þeir. Það má líkja þessu við að kokkaður hefði verið upp réttur fyrir þingið og svo hefðu leynst á disknum hár og glerbrot og hvers konar rusl og maturinn verið rotinn og þessu skilað í eldhúsið en þá kemur þetta aftur, búið að tína úr nokkru hár og nokkru glerbrot og krydda vel og setja sósu yfir. Maturinn er samt ekki ætur, hann er eitraður. Þessi samningur er eitraður, í honum eru svo fjölmörg ákvæði sem munu koma Íslendingum í koll fari þetta í gegn. Það er í raun ekki hægt að sætta sig við að samningurinn fari í gegn nema fyrst séu uppfyllt ákveðin skilyrði, að fyrst gerist eitthvað og þá öðlist samningurinn gildi.

Ef við byrjum á því að staðfesta samninginn og vonumst síðan til þess að í framhaldinu verði tekið tillit til fyrirvara Alþingis verðum við að vona að breskir dómstólar sjái það á sama hátt og við. Því vel að merkja, það er margtekið fram í samningnum að um hann gildi ensk lög og ágreiningur um hann skuli fara fyrir enska dómstóla. Hvaða gildi hafa íslensk lög eða íslenska stjórnarskráin fyrir enskum dómstólum? Eins og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir fór vel yfir hérna áðan gildir þar bara það sem stendur í samningnum. Ef Íslendingar ætla þá að segja: Ja, við vorum með ýmsa fyrirvara við þetta, er þá hætta á því að menn verði krafðir skaðabóta? Já, það er hætta á því, það er beinlínis tekið fram í samningnum að ef eitthvað slíkt gerist, ef menn breyti lögunum og það skerði endurgreiðslur sé hægt að krefja um skaðabætur. Þetta er því eitthvað sem við verðum að taka til gagngerrar skoðunar og ræða í nefndinni fyrir lokaumræðuna og fá þá til þess hæfustu menn til þess að leggja mat á þetta með okkur. Vinnubrögðin sem hafa verið höfð í þessu máli eru náttúrlega fyrir neðan allar hellur.

Hér er um miðja nótt, þegar allir eru orðnir þreyttir og úrillir, verið að hlaupa á milli herbergja úti á nefndasviði, að reyna að klastra saman einhverjum samningi sem enginn veit raunverulega hvers eðlis er eða hvort heldur. Svo dagginn eftir koma þreyttir ráðherrar og halda því fram að þetta sé nú allt innan ramma samningsins og fulltrúar stjórnarandstöðu koma og segja að þetta felli samninginn. Það segir allt sem segja þarf um hversu ljósir þessir fyrirvarar eru. Þessi óvissa ein ætti að sannfæra okkur um mikilvægi þess að leita ráða, leita til færustu manna í heimi því að aðstoð þeirra stendur til boða. Nóbelsverðlaunahafar í hagfræði hafa boðið Íslendingum aðstoð sína enda er staða landsins alveg einstök.

Lee Buchheit, einn þekktasti samningamaður í heimi, kom á síðustu stundu og þá var því haldið fram að hann kæmi allt of seint, þangað til það var upplýst að hann bauð raunar fram aðstoð strax í nóvember og var búinn að vera í startholunum með að aðstoða okkur síðan þá. Það var ekki þegið, það var ekki þegið vegna þess að stjórnvöld óttuðust að þá kynni eitthvað að koma fram sem styrkti samningsstöðu okkar og drægi þetta mál á langinn.

Þannig hefur þetta mál allt saman verið rekið, jafnvel í pólitískum samskiptum við erlend ríki. Hvernig ætli samræður milli íslenskra ráðherra og til að mynda Carls Bildts, vinar okkar í Evrópusambandinu, fari fram? Ætli íslensku ráðherrarnir segi: Þetta er nú ekki hægt með ykkur Svíana, að þið skulið ekki vera búnir að segja það hreint út að lánin frá Norðurlöndunum hafi ekkert með að gera hvernig Alþingi Íslendinga greiði atkvæði um Icesave? Eða er hætta á því að íslensku ráðherrarnir hafi sagt: Carl Bildt, við erum í svo miklum vandræðum heima fyrir, það þarf að gera þjóðinni betur grein fyrir því að þið ætlið ekkert að láta okkur fá pening nema við samþykkjum Icesave-samningana?

Á þessum nótum hafa því miður samskiptin verið. Nú síðast kom Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra sósíalista í Noregi, mikil vinkona hæstv. fjármálaráðherra okkar Íslendinga, á versta hugsanlega tíma og upplýsti að það væri skoðun hennar að Íslendingar þyrftu að súpa seyðið af þeirri kapítalísku tilraun sem hér var gerð. Þar af leiðandi ætti að refsa þeim með því að þeir fengju ekki lán fyrr en þeir væru búnir að taka á sig Icesave-skuldbindingarnar. Svo lenti hún reyndar í þversögn við sjálfa sig með því að hún sagðist vilja tryggja að lánið færi ekki í að greiða skuldir einkafyrirtækja, svoleiðis að röksemdafærslan gekk ekki upp en hún varð kannski að einhverju gagni fyrir ríkisstjórnina og ráðherrann sem vilja helst ekki heyra neinar góðar fréttir af málstað Íslendinga að utan.

Aðstæðurnar eru svo sannarlega fyrir hendi, eins og við höfum séð síðustu daga, til þess að verja málstað Íslands. En það hafa ekki verið Íslendingar sem hafa staðið í því. Það eru útlendingar sem hafa kynnt sér stöðuna hér, m.a.s. blaðamenn á erlendum dagblöðum, ekki hvað síst breskum dagblöðum, sem hafa haft fyrir því að kanna hver raunverueleg staða mála væri og áttað sig þá á því að kannski væri verið að koma fram við Íslendinga af ósanngirni og óbilgirni og þeir hafa skrifað um það. Íslensku ráðherrarnir höfðu ekkert reynt að vekja máls á að þessi væri raunin. Ögmundur Jónasson fór reyndar fyrir nokkrum dögum í viðtal í norsku blaði og það setti strax af stað heilmikla atburðarás þar í landi. Stjórnmálamenn, ekki hvað síst í miðjuflokknum norska, lýstu því yfir að Íslendingar ættu að sjálfsögðu að fá alla þá aðstoð sem þeir þyrftu á að halda hvað sem liði þessum Icesave-samningum. Það var ekki fyrr en vinkona hæstv. fjármálaráðherrans okkar kom og sagði að það væri skoðun sín að Íslendingar ættu ekki að fá lán fyrr en að Icesave loknu að sú umræða dó að miklu leyti út.

Þegar menn láta í sér heyra hefur það áhrif. Íslenskir ráðherrar hafa ekki látið í sér heyra heldur þvert á móti

reynt að andmæla þeim sem hafa haldið fram málstað Íslands, sem er óskiljanlegt í þessu gífurlega hagsmunamáli þar sem við erum nú þegar eða munum, ef samningarnir verða staðfestir, borga 100 millj. kr. á dag í vexti. Og vextina eigum við að greiða sama hvað á dynur nema hagvöxtur leyfi það ekki og fyrirvararnir haldi.

Hvað með fyrirvarana, hvað með þessa efnahagslegu fyrirvara? Þeir eru á margan hátt snjallir, til að mynda það að tengja greiðslurnar við vöxt landsframleiðslu fremur en landsframleiðsluna sjálfa og mæla landsframleiðsluna í erlendri mynt, sem er mikið grundvallaratriði og því ber að fagna. Ég hef engu að síður töluverðar áhyggjur af því að þrátt fyrir allt sé þetta, eins og margoft hefur verið reynt að benda á, lán í erlendri mynt og það getur verið vandkvæðum bundið fyrir ríkið, jafnvel þótt hagvöxtur sé mikill, að verða sér úti um nægan gjaldeyri. Við gætum t.d. séð fyrir okkur að innlend framleiðsla ykist til muna vegna stöðu gengisins og að hagvöxtur yrði töluverður en ríkið ætti í eilífum vandræðum með að verða sér úti um gjaldeyri.

Bent hefur verið á það að í mati Seðlabankans var gert ráð fyrir því að Íslendingar gætu greitt Icesave-skuldirnar til baka ef afgangur af gjaldeyristekjum yrði ár eftir ár eftir ár fjórfaldur sá afgangur sem hann hefur mestur verið á einu ári í sögu landsins. Þessi metafgangur átti að vera fjórfaldur ár eftir ár eftir ár við þær aðstæður þegar mjög erfitt er að verða sér úti um gjaldeyri.

Hvernig á ríkið síðan að ná þessum gjaldeyri öllum til sín? Sveitarfélög eru skuldsett í erlendri mynt, heimili eru jafnvel með erlend lán og náttúrlega hin ýmsu íslensku fyrirtæki, ekki hvað síst útflutningsatvinnugreinar, eru mjög skuldsettar í erlendri mynt, svoleiðis að það er enginn afgangur, afgangurinn er ekki til staðar. Þetta hlýtur að vera mesta áhyggjuefnið og það er áhyggjuefni vegna þess að við höfum séð afleiðingarnar af of mikilli skuldsetningu í erlendri mynt. Ég held að Japanar skuldi 170% af landsframleiðslu sinni en þær skuldir eru að miklu leyti innan lands og í japönskum jenum. Á sama tíma eru mörg ríki sem skulda kannski bara 20–25% af landsframleiðslu en það í erlendri mynt og þessi ríki eru í skuldafangelsi.

Af því að ráðherrar í ríkisstjórninni eru nú farnir að líkja Íslandi við kommúnistaríki er kannski rétt að hafa þann samanburð sem nákvæmastan. Ísland er farið að líkjast einna mest Austur-Þýskalandi gamla og ekki hvað síst eru menn alltaf að færa sig nær og nær þeirri aðferðafræði sem þar hafði verið þróuð í gjaldeyrismálum. Austur-Þjóðverjar áttu einmitt við þetta vandamál að stríða. Þeir voru alltaf með prýðilegan hagvöxt enda framleiddu þeir mjög mikið af vörum og voru reyndar með ágætisútflutning líka. Íslendingar muna margir eftir Trabantbifreiðunum og fleiri vörum sem fluttar voru inn frá Austur-Þýskalandi. En þeir skulduðu svo mikið í erlendri mynt að þeir voru í stöðugri nauðvörn hvað það varðaði. Nú hafa verið færð fyrir því ágætisrök að það hafi átt stóran þátt í falli Austur-Þýskalands, sem svo leiddi af sér hrun járntjaldsins, að skýrsla sem þar var skilað árið 1989 sýndi fram á að ríkið væri að komast í þrot, meðal annars með gjaldeyri, þeir gætu ekki orðið sér úti um mynt til þess að standa skil lána sinna.

Þegar menn eru komnir í þá aðstöðu að hafa svona lítið aflögu vegna þess að allar gjaldeyristekjur fara meira og minna í nauðsynlegan innflutning eða þá að borga af lánum má ekkert út af bera. Í Austur-Þýskalandi gerðist það t.d. 1976 þegar varð uppskerubrestur á kaffi í Brasilíu og kaffiverð hækkaði allt í einu í heiminum að það leiddi til þriggja ára efnahagskrísu í Austur-Þýskalandi. Af því að kaffiverð hækkaði. Viljum við að Ísland verði í þeirri stöðu í 20 ár að ekkert megi út af bera, það megi ekki verða verulegar hækkanir á heimsmarkaðsverði á olíu eða einhverju öðru og þá sé komið hér krísuástand? Nei, það er ógn við sjálfstæði landsins að vera of skuldbundinn í erlendri mynt og ríki sem skuldbinda sig í erlendri mynt, ólíkt því sem ríkisstjórnin heldur fram, verða ekki hluti af alþjóðasamfélaginu, þau einangrast. Það er ekki það að taka á sig meiri og meiri skuldir sem gerir menn vinsæla í alþjóðasamfélaginu, það er of mikil skuldsetning sem leiðir til einangrunar m.a. vegna þess að gjaldmiðillinn helst varanlega veikur. Þjóðirnar geta þar af leiðandi ekki keppt um starfsfólk, missa það fólk sem hefur mesta menntun og getur leitað sér að vinnu annars staðar til útlanda, geta ekki keppt um erlenda fjárfestingu og dragast smátt og smátt aftur úr, geta til að mynda ekki tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi. Mér skilst að það standi nú þegar til að skera verulega niður alþjóðlegt samstarf þingsins og ríkisstofnana á sama tíma og stöðugt er verið að hamra þá því að við verðum að vera fullgildir meðlimir í alþjóðasamfélaginu.

Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því að sá málflutningur sem hér hefur verið haldið á lofti um það að ef við dirfumst að andmæla þessum Icesave-samningum sem nú liggja fyrir eigum við á hættu að verða beitt einhvers konar efnahagslegri árás, að þessi lönd, Bretar og Hollendingar og fleiri, muni einbeita sér að því eyðileggja íslenskt efnahagslíf í hefndarskyni, stenst auðvitað enga skoðun. Það eru þessi ríki sem umfram alla aðra hafa hagsmuni af því að íslenskt efnahagslíf rétti úr kútnum svo framarlega sem þau eru ekki komin með þau veð sem áttu að felast í upprunalegu Icesave-samningunum, vegna þess að þau hafa svo gífurlega hagsmuni af því að íslenskt efnahagslíf rétti úr kútnum og við getum farið að greiða til baka einhverjar af þeim kröfum sem þau eiga hér í þrotabú. Sá málflutningur að Bretar og Hollendingar mundu sjá sér einhvern hag í því að vega að okkur ef við bara vildum ræða málin og fá sanngjarnan samning stenst enga skoðun frekar en svo margt annað í þessu máli öllu enda hefur þessi ríkisstjórn ekki einu sinni haft fyrir því, eins og ég nefndi, að leita sér ráðgjafar.

Þess í stað — og þetta er kannski stóra kaldhæðnin í málinu — er ríkisstjórnin að endurtaka mistök bankanna, endurtaka mistökin sem urðu til þess að ástandið varð eins og það er núna. Það er nánast eins og með einhverjum yfirnáttúrulegum hætti hafi ráðherrar ríkisstjórnarinnar verið settir í þá stöðu að taka ákvörðun um sömu hluti og framkvæmdastjórar bankanna, bankastjórarnir þurftu að taka ákvarðanir um á árunum 2006 og 2007. Niðurstaðan liggur fyrir: Ráðherrarnir, með hæstv. viðskiptaráðherra, fjármálaráðherra og forsætisráðherra í broddi fylkingar, svo ekki sé minnst á hæstv. félagsmálaráðherra, vilja fara nákvæmlega sömu leið og bankarnir nema bara bæta í og leggja meira undir. Þeir sjá fyrir sér að við verðum bara einhvern veginn

að verða okkur úti um aukið lánsfé, vegna þess að ef við fáum meira lánsfé getum við haldið gjaldmiðlinum uppi og ef við fáum meira lánsfé náum við að þreyja þorrann þangað til eignaverð hækkar vonandi og heimsmarkaðurinn réttir úr kútnum og við finnum einhverja leið með nýrri verðmætasköpun að greiða þetta til baka. Þetta voru nákvæmlega rök bankanna sem bentu alltaf á það að veltan væri að aukast svo mikið og með aukinni veltu væri hin mikla skuldsetning og viðbótarskuldsetning ekki áhyggjuefni. Þeir ráðherrar sem hafa talað fyrir Icesave-samningunum, óbreyttum Icesave-samningum, geta því ekki leyft sér að gagnrýna stjórnendur bankanna því að þeir eru að gera nákvæmlega sömu hluti og þeir útrásarvíkingar sem fóru fram með hvað óvarfærnustum hætti.

Þetta gera þeir vegna þess að þeir telja að með því fái þeir sjö ára skjól og að sjö árum liðnum verði þeir væntanlega komnir í önnur störf en geti haldið völdum í millitíðinni. Hins vegar er það svo að þó að ríkisstjórnin geri sér ekki grein fyrir því að á þessu sjö ára tímabili myndast ekkert skjól gera erlend ríki og erlend fyrirtæki sér fyllilega grein fyrir því að þessar skuldir munu hanga yfir landinu. Þar af leiðandi getur reynst miklu erfiðara en ella að fá hér fjárfesta eða lánveitingar því að menn taka að sjálfsögðu með í reikninginn þær skuldir sem eftir á að greiða þó að fyrirvararnir muni vonandi draga verulega úr þessari áhættu og þeirri áhættu að skuldirnar verði óbærilegar. Það var því til mikils að vinna að ná inn þessum fyrirvörum og það er mikið fagnaðarefni að þeir skuli vera komnir hér fram þó að eins og ég segi að eina vitið í stöðunni væri að sjálfsögðu það að leggja samningana til hliðar og gera Bretum og Hollendingum einfaldlega grein fyrir því að þeir séu ekki í samræmi við það sem umboð var veitt.

Við gerum sem best úr þessu. Nú fer þetta mál aftur til nefndar vonandi og þá gefst tækifæri til að gera á því endurbætur þó að þær endurbætur muni aldrei verða fullnægjandi á meðan þær fela það í sér að samningurinn taki gildi áður en þeir hlutir sem við viljum tryggja ná fram að ganga. Við framsóknarmenn munum reyna að vinna áfram að því að bæta hér úr. Þetta er búin að vera löng og ströng barátta og um tíma stóð hún mjög tæpt en sá árangur sem hefur náðst er góð hvatning til að menn þá haldi áfram og reyni að ná fram aðeins meiri leiðréttingu á þeim óskapnaði sem þessir samningar eru. Ef við gerum það ekki og ef okkur mistekst í þessu og ef okkur sést yfir einhver grundvallaratriði er það eitthvað sem við munum ekki bara sjá eftir út þetta ár, við munum sjá eftir því næstu árin og áratugina og íslenskt samfélag verður aldrei samt aftur.

Þess vegna skora ég nú á alla þingmenn, hvar sem þeir eru í flokki, að reyna áfram að leita að göllunum á þessum samningum og bæta þá — og helst að viðurkenna það sem er orðin augljós staðreynd, að samningarnir eru í raun ekki tækir fyrir Alþingi Íslendinga.

[16:36]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Ég þakka hv. þingmanni fyrir tilfinningaþrungna og góða ræðu eins og hann flytur vanalega í þessum sölum.

Mig langar aðeins til að spyrja hv. þingmann um ábyrgð Framsóknarflokksins, hvort það geti verið að Framsóknarflokkurinn beri jafnvel einhverja ábyrgð á þessum samningum. Röksemdafærslan er sú að minnihlutastjórnin lagði upp í þessa vegferð með stuðningi og fulltingi Framsóknarflokksins. (**Gripið fram í:** Sjálfstæðisflokkurinn …) Röksemdafærslan í mínum huga hnígur þó nokkuð í þá átt að Framsóknarflokkurinn eigi kannski eitthvað í þessum samningi. Má ég biðja hv. þingmann um að svara þessum hræðilegu ásökunum?

[16:38]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var skondin og dálítið skemmtileg tilraun til að tengja Framsóknarflokkinn máli sem hann einmitt á enga aðkomu að og nýtur þar af leiðandi töluverðrar sérstöðu ásamt Borgarahreyfingunni. Það er þó rétt að útskýra eða gefa hv. þingmanni svar við spurningunni.

Það er alveg rétt að Framsóknarflokkurinn veitti minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna vernd gegn falli. Það var gert til þess að útskýra fyrir fólki, sýna fólki hvað fælist í svona ríkisstjórn, hvað fælist í hreinni vinstri stjórn. Það tel ég að menn hafi séð strax á fyrstu vikunum og svo sannarlega á fyrstu þremur mánuðunum. Þess vegna varð ég svo undrandi, ég skal bara viðurkenna það, ég varð stórundrandi að sjá þegar þessi ríkisstjórn náði að halda meiri hluta. Ég taldi að þegar menn væru búnir að sjá hvað í þessu fælist gætu þeir ekki annað en fellt þann möguleika að þessir tveir flokkar störfuðu áfram. En þetta voru skrýtnir tímar og skrýtnir hlutir gerðust. Við verðum að vona að þetta verði ekki heil fjögur ár, ekki væri það skemmtilegt, þó að sú tilraun til að vara við því sem í hönd fór hafi ekki tekist.

[16:39]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við Íslendingar höfum verið sakaðir um að hafa stundað tilraunahagfræði á Íslandi undanfarinn áratug. Jafnframt hefur það heyrst að við á Alþingi höfum stundað um nokkurra vikna eða mánaða skeið tilraunalögfræði og nú ber svo við að í ljós kemur að Framsóknarflokkurinn stendur fyrir því að stunda tilraunastjórnmálafræði. Við stundum því miklar tilraunir. (Gripið fram í.)

Að öllu gamni slepptu var hafin einhver vegferð 5. desember sem hefði hugsanlega leitt til annarrar niðurstöðu en við stöndum frammi fyrir í dag þar sem það var skýrt að fara átti að þessum svokölluðu sameiginlegu viðmiðum í samningunum. Með því að skipta yfir í minnihlutastjórnina var farið út í vegferð sem er einhver sú mesta röð af mistökum og rugli sem hefur sést í samningagerð á Íslandi. Það verður því aðeins að minna Framsóknarflokkinn á að það var fyrir tilstuðlan hans sem sú tilraunastjórnmálafræði var hafin. (**BJJ:** Hin ríkisstjórnin var nú ömurleg.)

[16:41]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Allt kom þetta nú til af illri nauðsyn. Ég er dálítið hræddur um að hv. þingmaður sé búinn að gleyma því hvernig ástandið var hérna. Ekki hefði verið betra að það héldi áfram eins og það var. Þessi ógurlega sósíalistastjórn sem við sitjum uppi með kom þó á ró í landinu í smá-

tíma, sem stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hafði því miður algjörlega misst úr höndunum.

Hins vegar er ekki rétt að tala um að þetta hafi verið tilraunastarfsemi. Það lá alveg ljóst fyrir hverjar afleiðingarnar yrðu, ég gerði mér alveg grein fyrir því. Þetta var forvarnastarfsemi.

[16:42]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka mjög góða ræðu. Ég hef eina spurningu til hv. þingmanns og hún er þessi: Telur hv. þingmaður að þessir sveru og góðu fyrirvarar muni halda fyrir breskum og hollenskum dómstólum?

[16:42]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka spurninguna vegna þess að þetta er einmitt aðaláhyggjuefni mitt. Það er alveg ljóst hverjum þeim sem hefur fyrir því að lesa samningana að mörg ákvæði þeirra, líklega flest, eru algjörlega úr samræmi við þá fyrirvara sem Alþingi er að setja núna. Þar af leiðandi getur aðeins annað af tvennu gerst. Annað hvort fellir einfaldlega samningana. Þetta verður þá hugsanlega túlkað sem nýtt samningstilboð þó að ég telji ekki að það eigi að vera svo, vegna þess að ég lít á þetta fyrst og fremst sem leið til að koma þessum samningum frá. Því að þegar við förum í viðræður held ég að við mundum nefnilega ekki vilja sitja uppi með fyrirvarana sem hér eru settir sem okkar ýtrustu kröfur eða sem einhvers konar samningstilboð.

Hitt sem gæti gerst er það að Bretar og Hollendingar kjósi að líta fram hjá fyrirvörunum og segi sem svo: Þeirra er ekki getið í samningnum, þvert á móti kemur þar fram að það megi ekki setja neina fyrirvara og þeir fyrirvarar eða breytingar sem kunni að vera reynt að gera hafi ekki gildi. Þetta er áhættan sem við stöndum frammi fyrir og þess vegna mundi ég vilja fara aðra leið.

Ég get nefnt sem dæmi vanefndaákvæði samninganna, þ.e. gjaldfellingarákvæðin. Á þeim er ekki tekið. Hvað ef Bretar og Hollendingar ákveða einfaldlega að gjaldfella lánið í heild sinni á næstu árum áður en kemur að efnahagslegu fyrirvörunum? Hvað gerist þá? Það er til að mynda tekið sérstaklega fram í samningnum að þó að eitthvað það sé gert sem felli ákveðin ákvæði samningsins úr gildi haldi hin áfram gildi sínu. Þetta er ein af þeim fjölmörgu ósvöruðu spurningum sem við stöndum frammi fyrir. Ég ætla að vona að þingið vinni málið þannig í framhaldinu að það leiti eftir upplýsingum frá þeim sem geta veitt svörin í stað þess að halda áfram um miðjar nætur hér að reyna að bægslast áfram með þetta.

[16:45]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Mig langar til að byrja á að þakka hópi fyrir sem hefur lagt á sig ómetanlega sjálfboðavinnu til að aðstoða þingmenn og landsmenn alla í þessu viðamikla máli. Sá hópur er þverpólitískur og heitir einfaldlega Indefence. Ég verð að segja, guði sé lof fyrir vinnuna þeirra.

Sem betur fer hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan Icesave var tekið úr utanríkismálanefnd. Margt sem ég gagnrýndi meiri hlutann fyrir í þeirri ágætu nefnd hefur verið tekið tillit til í áliti og vinnu fjárlaganefndar. Því má fullyrða að tíminn hafi með sanni unnið með okkur sem guldum varhuga við þessum vægast sagt gallaða samningi sem á borð var borinn fyrir þjóðþingið.

Í nefndaráliti mínu varðandi Icesave gagnrýndi ég harðlega vinnubrögðin í nefndinni er lúta að Icesave-samkomulaginu. Mér fannst það skrumskæling á lýðræðinu að taka ekki tillit til og hunsa gagnrýni fjölmargra sérfróðra gesta nefndarinnar varðandi málið, sem og annarra sem hafa tjáð sig um það. Þessi vinnubrögð kasta rýrð á fagmennsku þeirra sem eru á öndverðum meiði við þá sem mæra samninginn og segja hann með öllu hættulausan.

Borgarahreyfingin gagnrýndi að ekki hefði fengist leyfi til að kalla til fleiri gesti er varða málið en daglega koma fram nýjar upplýsingar sem gætu gefið nefndinni heildstæðari mynd á áhrifum þess að samþykkja samninginn í óbreyttri mynd. Það er þinginu til sóma að hafa gefið Icesave-málinu nauðsynlegan tíma þó ekki væri til annars en að hrekja þau varnaðarorð sem um samninginn hafa fallið. Því miður hafa þau ekki verið hrakin. En það átti með sanni að keyra málið í gegn sama hversu alvarleg gagnrýnin var og sama hversu alvarleg gagnrýnin er í dag.

Utanríkismálanefnd hunsaði nánast með öllu í áliti sínu um Icesave þá gagnrýni fjölmargra gesta nefndarinnar um að í samningnum séu stórhættuleg ákvæði og gallar, sér í lagi þeim breska, sem óvefengjanlega geta kostað þjóðina himinháar upphæðir ef ekki eru tekin af öll tvímæli um þessa gagnrýni. Utanríkismálanefnd hefur ekki tekist það og ef eitthvað er hafa stöðugt fleiri bæst við sem gagnrýna þessa áhættuþætti samningsins. Þessi vinnubrögð utanríkismálanefndar voru og eru algjörlega óviðunandi því að samningurinn um Icesave-skuldbindingarnar er eitt stærsta mál er Alþingi hefur fjallað um. Nefndin fékk ekki nema örfáar vikur til að fjalla um Icesave. Því er enn ekki ljóst hvort við getum yfir höfuð staðið við þessar skuldbindingar.

Það er mat Borgarahreyfingarinnar að það auki ekki á trúverðugleika okkar erlendis að gangast við skuld sem vitað er að þjóðin getur ekki greitt. Það er næsta víst að reyna muni á þau ákvæði samningsins sem hlotið hafa hvað mesta gagnrýni, sem eru þá væntanlega gjaldfellingarákvæðin. Ljóst er að þau tengsl sem reynt var að benda á varðandi Icesave og ESB eru til staðar og styður álit meiri hlutans þá gagnrýni okkar. Hræðsluáróðurinn í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar er slíkur að ætla mætti að við værum betur sett undir Danakonungi með ormamjöl og einokun. En það er alveg furðulegt þegar því er haldið fram að með því að fella samninginn í þeirri ómögulegu mynd sem hann er nú séum við að segja umheiminum að við ætlum ekki að axla ábyrgð á þessu máli. Það að koma með tillögur til úrbóta er ekki beinlínis merki um að vilja ekki axla ábyrgð. Það sem mér finnst langmikilvægast við allt þetta mál er að tekið verði tillit til þess og sett með skýrum hætti fram að þeir sem efndu til þessara skulda eigi á endanum að borga þetta skuldabréf en ekki almenningur í landinu. Sem betur fer hefur tekist að fá þetta stefnumál Borgarahreyfingarinnar inn í frumvarpið í efnahagslegu fyrirvörunum og finnst mér það persónulega eitt af því mikilvægasta sem hreyfing-

in sem slík hefur fengið áorkað hér á þingi. Ég verð að viðurkenna að því meira sem ég skoða Icesave-málið, þeim mun meira óbragð fæ ég í munninn. Því nær sem ég kemst að niðurstöðu, þeim mun meiri óhug fyllist ég og beyg. Það er ónotatilfinning innra með mér að á meðan margir samborgarar mínir þjást út af óábyrgri og sérplæginni stjórnsýslu að fjalla um mál sem frá fyrsta degi bar með sér svo margar ambögur að skynsamlegast hefði verið að byrja upp á nýtt.

Icesave-málið er vandamál íslenskrar stjórnsýslu í hnotskurn. Í stað þess að byrja upp á nýtt er stöðugt reynt að stoppa í götin sem oft eru orðin stærri en málið sjálft. Þetta minnir mig óendanlega mikið á sögurnar um Bakkabræður, hinar fyrri.

Eðlilegast hefði verið að viðurkenna strax mistökin við samningagerðina í stað þess að halda okkur í Icesave-gíslingu á þinginu í allt sumar. Dýrmætum tíma endurreisnar hefur verið sóað í að karpa um eitthvað sem öllum var ljóst, að þessi samningur væri óheillaplagg sem bæri að farga. Ég skil ekki hvað hæstv. fjármálaráðherra gengur til að halda því fram í upphafi máls síns að smávægilegar breytingartillögur á samningnum þyddu að hann væri fallinn og að byrja þyrfti upp á nýtt með allt ferlið og þá værum við komin á svo skelfilegan stað sem þjóð að sjálf móðuharðindin blikna uð í samanburði. Núna talar hæstv. utanríkisráðherra um skapandi hugsun til að koma hinum sveru og voldugu fyrirvörum inn í samninginn sem var í upphafi svo viðkvæmur að það mátti ekki einu sinni sýna þingmönnum hann. Það þurfti að leka samningnum út í fjölmiðla til að við sem áttum að samþykkja eina stærstu ríkisábyrgð í sögu Íslands fengjum loks að sjá hann.

Icesave-málið er þrungið óheilindum og leynimakki sem ég satt best að segja var að vonast til að mundi heyra til fortíðarinnar. Sagan í kringum Icesave/Iceslave-samninginn er nánast eins og söguþráður í lélegum reyfara. Ég ætla ekki að leggja það á fólk að rekja þá sögu, enda hefur hún verið rakin úr þessum stóli í allan dag. En það eru nokkur atriði sem mér finnst þó mikilvægt að minnast á. Það væri mjög jákvætt ef efnahagslegu fyrirrvararnir mundu hafa, eins og Michael Hudson hefur nefnt, fordæmisgildi fyrir þjóðir sem þurfa að semja um miklar skuldir út frá greiðslugetu. Ef það yrði að veruleika höfum við lagt meira en margur í að skapa þjóðum sem búa undir þolmörkum fátæktar bjartari framtíð. Ég vona með sanni að sú verði okkar arfleifð fremur en heimurinn muni aðeins þekkja okkur sem sjálfhverfa „game over“ þjóð sem missti stjórn á fjárhagslegu siðferði og samfélagslegu aðhaldi.

Ég ætla að minnast á nokkur stikkorð til að rifja upp söguna um Icesave: Nýr Versalasamningur, hryðjuverkalög, al Kaída, Simbabve, Landsbankinn, Norður-Kórea, Kúba norðursins, leyniskjöl í leyniherbergi, Icesave/Iceslave, Brussel-viðmiðun, Indefence, þverpólitísk samstaða, Ögmundarskilyrði, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Parísarklúbbs-viðmiðun, ESB-aðildarviðræður stranda á Icesave, AGS strandar á Icesave, Norðurlandalánin stranda á Icesave, kúgun nýlenduherraþjóða, nauðasamningar, tíminn, leyndin, bankaleyndin, fyrirvarar, mótmæli, óvissa, ótti, knésett, alvörufyrirvarar eða framtíðarsöngur landsins verður „Iceslave for Icesave“.

[16:53]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Þegar hv. þingmaður fór yfir þetta rifjaðist ýmislegt upp fyrir mér. Þetta er svo fljótt að líða og maður er, eins og kannski flestir Íslendingar, ekki bara þingmenn, í miðri atburðarás og það fennir svo fljótt yfir það sem á undan er gengið.

Ég hjó aðeins eftir því að hún vitnaði til þess þegar hæstv. fjármálaráðherra kom hingað og lagði upp með það að ef yrðu einhverjar smávægilegar breytingar yrði hér allt saman í uppnámi. Sömuleiðis rifjaði hv. þingmaður upp hvernig það er í raun — ég skil ekki af hverju menn eru að reyna að halda öðru fram núna, það átti ekki að sýna þingmönnum samninginn, ég var á nefndarfundi þegar ég bað um að fá að sjá samninginn og ég man alveg eftir hver svörin voru.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann sem er á sínu fyrsta þingi hvernig vinnubrögð í þessu máli á sumarþinginu koma hv. þingmanni fyrir sjónir.

[16:54]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka spurninguna einfaldlega út af því að ég er eiginlega í hálfgerðu sjokki yfir vinnubrögðunum hérna. Þegar ég heyrði af því í gær á þingflokksformannafundi klukkan rúmlega sex að minni hlutinn fengi aðgang að nefndarstarfsmönnum klukkan átta um kvöldið til að klára álit sitt og ættu að vinna að þessu í nótt, þá féllust mér eiginlega hendur. Ég vona að við munum leggja mikið kapp á að reyna að breyta þessum vinnubrögðum þegar kemur að haustþingi.

[16:55]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að ágætt sé að það sé upplýst því að það skiptir máli. Við erum að vinna að gríðarstóru máli við þessar aðstæður. Ég vil líka segja, af því að ég hef örlítið meiri þingreynslu en hv. þingmaður, að þetta hefur ekki alltaf verið svona. Þetta er ekki eins og stjórnmál eiga að vera og þetta er ekki eins og stjórnmál hafa verið. Það er sérkennilegt, af því að maður er búinn að standa í þessu í einhvern tíma, að maður veit ekki einu sinni hvernig dagurinn lítur út, látum vera vikuna. Enginn er svo bjartsýnn að fá að vita hvað þingið á að standa lengi. Það er bara barnaskapur miðað við núverandi aðstæður.

En stóra málið og það sem veldur mér áhyggjum, eitt af mörgu, er þegar menn vinna við slíkar aðstæður á þessum hraða. Fram hefur komið að þeir aðilar sem bera hitann og þungann af þessu væru meira og minna lítt sofnir en vinna þetta á nóttunni á síðustu stundu. Það er ávísun á að menn geri mistök.

[16:56]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni. Ég hef gagnrýnt þingið fyrir, áður en ég kom inn, að fólk væri að vinna örþreytt og hefði ekki skýra hugsun en í svona máli verður maður að hafa skýra hugsun. Það er al-

veg gríðarlega mikilvægt því smávægilegar breytingar á orðalagi geta skipt sköpum. Ég held að við ættum að taka höndum saman þegar við komum á haustþing og gera smáuppreisn til að þetta verði ekki svona áfram því það gengur ekki. (**Gripið fram í:** Gerum það núna.) Núna.

[16:57]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Hún nefndi hvað gerðist ef lánin yrðu gjaldfelld og þá með vísun í grein í ákvæðum sem hugsanlega mætti nota. Þá vil ég benda á að á bls. 3 um breytingartillögurnar, sem meiri hluti þingsins og góður hluti þingsins hefur samþykkt, stendur í 3. mgr., með leyfi forseta:

„Ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum er miðuð við hámark á greiðslum úr ríkissjóði. Þetta hámark miðast á árabilinu 2017–2023 við 4% af vexti …“ Svo stendur síðar að vöxtur vergrar landsframleiðslu skuli mældur til árabilsins 2016–2024. Ef þetta yrði gjaldfellt áður yrði engin ríkisábyrgð á því. Það er mjög einfalt. Það er bara á þessu árabili sem ríkisábyrgð er og eftir það er engin ríkisábyrgð og áður er heldur engin ríkisábyrgð.

[16:58]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með öðrum þingmönnum þakkir fyrir ræðu hv. þingmanns. Mig langar að spyrja þingmann, vegna þess að nú hefur það komið í ljós í umræðunni að uppi er mismunandi skilningur á því milli okkar sjálfstæðismanna og forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar á því hvort hér sé um að ræða nýjan samning eða hvort samningurinn sem skrifað var undir í júníbyrjun af fjármálaráðherra standi innan þeirrar umgerðar — ef notuð er skapandi hugsun og ég veit ekki hvaða orðalag hefur verið notað. Mig langar að spyrja hv. þingmann um afstöðu hennar til þess. Telur þingmaðurinn að þeir fyrirvarar sem Borgarahreyfingin studdi, og við sjálfstæðismenn styðjum einnig en Borgarahreyfingin er flutningsaðili ásamt meiri hluta ríkisstjórnarinnar, rúmist inni í gamla samningnum?

[17:00]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka spurninguna. Ég eiginlega velkist svolítið um með þetta því að út frá því sem hæstv. fjármálaráðherra sagði hélt ég með sanni að ef komið væri með fyrirvara sem væru sterkir hlyti það að liggja í hlutarins eðli að semja þyrfti upp á nýtt. Ég var eiginlega farin að sjá fyrir mér mjög færa einstaklinga að fara í þá samningagerð, án þess að vera að kasta rýrð á þá sem stóðu að þessum samningi var þetta bara langt yfir þeirra höfuð.

Ég hefði haldið að það þyrfti að byrja upp á nýtt og ég hef eiginlega einhvern veginn lagt þann skilning í þetta. Það er því miður ekki hægt að fá svör við því.

[17:01]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka svörin. Það virðist sem ég og hv. þingmaður séum nokkuð sammála. Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra að þessu áðan í andsvari eftir að hafa hlustað á hann segja að hann teldi að hægt yrði að fá skilning gagnaðilanna á þessum fyrirvörum. Þegar ég spurði hann hvað hann hefði fyrir sér í því var það aðallega að honum þættu þetta mjög sanngjarnir fyrirvarar. Ég get alveg tekið undir það en ég óttast að það sé ekki nóg.

Því vil ég spyrja þingmanninn hvort hún viti eitthvað sem við sjálfstæðismenn vitum ekki, hvort ykkur hafi verið greint frá einhverjum samtölum við Breta og Hollendinga sem gefur tilefni til að ætla að það séu einhverjar ástæður til þess að þeir hafi á þessu skilning, að samningurinn muni halda.

[17:02]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hef því miður ekki fengið að vera í þeim leyniklúbbi að heyra svona samtal. Það var fundur í utanríkismálanefnd í gær þar sem var rakið við hverja þeir hefðu verið í sambandi. Það var ekkert á þeim fundi sem gaf til kynna hvort þeir hefðu fengið einhverjar staðfestingar á því að þetta mundi ekki fella samninginn eða að það mundi fella samninginn. Mér finnst einmitt þessi óvissa mjög óþægileg en kannski er þetta bara einhver diplómatískur, pólitískur leikur, ég þori bara ekki að fara með það.

[17:03]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Birgittu Jónsdóttur fyrir ræðu hennar. Mig langar að spyrja hana að tvennu eða reyndar koma með athugasemd um þetta með skýru hugsunina. Ég held að fólk þurfi ekki að vera þreytt og hafa óskýra hugsun. Mér hefur virst að sumir hér hafi óskýra hugsun þrátt fyrir að vera verulega óþreyttir.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Hver verður afstaða Borgarahreyfingarinnar? Ef ríkisstjórnarflokkarnir og talsmenn ríkisstjórnarflokkanna halda áfram að tala í þá veru að þeir fyrirvarar, efnahagslegu og lagalegu fyrirvarar sem settir hafa verið, séu varnaglar eða að þeir rúmist innan samningsins, samnings sem hv. þingmaður hefur talað um að sé óásættanlegur, ef ríkisstjórnarflokkarnir halda áfram að tala í þá veru hver er þá afstaða Borgarahreyfingarinnar til þessa samnings?

[17:04]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér hefur alltaf fundist þessi samningur hörmulegur og í sjálfu sér skánar hann ekki þó að fyrirvararnir séu settir. Það þarf hreinlega að byrja á þessum samningi upp á nýtt. Það er mín afstaða til samningsins, þetta er ónýtur samningur.

Ég ætla, áður en ég kem með einhverjar svakalegar yfirlýsingar, að bíða og sjá hvað gerist þegar málið fer aftur inn í nefnd og sjá hvort þeir fyrirvarar sem er verið að kalla eftir verði settir inn í samninginn sjálfan því að nú eru þetta einungis fyrirvarar.

[17:05]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni svarið svo langt sem það nær. Nú fjallar þetta frumvarp um ríkisábyrgð á

samningnum, það fjallar í raun ekki um samninginn sjálfan þannig að við erum ekki að ræða hann heldur þá ríkisábyrgð sem verið að biðja Alþingi um að veita til þess að hægt sé að standa straum af þeim greiðslum sem fyrirhugaðar eru í þessum ágæta samningi. Fáist ekki, eins og hv. þingmaður ræðir um, að fyrirvararnir fari inn í samninginn sjálfan — sem ég tel að sé ómögulegt vegna þess að ekki er verið að ræða hann sem slíkan heldur ríkisábyrgðina á honum — hvað verður þá um afstöðu Borgarahreyfingarinnar og hver eru nú tengsl ESB og Icesave-samningsins eins og hv. þingmaður nefndi í upphafi máls síns?

[17:06]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vona að mér gefist tími til að svara báðum spurningunum. Ég vil kannski bara byrja á að svara þessu með Icesave og ESB. Það vita allir sem hafa fylgst með þessu máli að Bretar og Hollendingar hafa beitt fyrir sig stöðu sinni í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum með því að stoppa það af að við fáum annan hluta lánsins. Þeir stóðu líka fyrir því að skrifað var svona ört og hratt undir samninginn og ástæðan var að gera það áður en gengið væri til aðildarviðræðna af því að þeir sögðu að þeir mundu beita sér gegn því að við gætum sótt um aðild að Evrópubandalaginu. Ég held að það sé alveg ljóst og hafi skýrt sig sjálft.

Varðandi samninginn, ég get stutt fyrirvarana, ég veit ekki hvort ég geti stutt ríkisábyrgðina, það verður bara að koma í ljós eftir að þetta fer til nefndar.

[17:07]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Stuttu eftir að ríkisbankarnir voru einkavæddir óx mjög framboð á ódýru fjármagni á alþjóðamörkuðum. Rekja má þetta aukna framboð til mikils sparnaðar í nýmarkaðsríkjunum, sérstaklega Kína, Rússlandi og í Miðausturlöndum. Jafnframt urðu fjárfestar almennt áhættusæknari, en áhættusækni helst oftast í hendur við ódýrt fjármagn. Í þessu umhverfi uxu íslensku bankarnir þrír með ógnarhraða, skiluðu miklum hagnaði og fengu fljótlega hæsta lánshæfismat hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum.

Íslenska ríkið fékk á sama hátt hæstu einkunn enda nánast skuldlaust, skattar hóflegir og útlitið bjart. Þetta háa mat á ríki og bönkum gerði bönkunum kleift að taka að láni gríðarlega fjármuni í hlutfalli við landsframleiðslu Íslands, um 40 milljónir kr. á hvern íbúa.

Með örfáum undantekningum virtust lánveitendur bankanna, stjórnendur þeirra, endurskoðendur, hagfræðingar, matsfyrirtæki, Fjármálaeftirlit, löggjafinn, stjórnmálamenn og fjölmiðlar ekki hafa miklar áhyggjur af þessum mikla vexti fyrr en í byrjun árs 2006 þegar efasemdaraddir hófu að heyrast um hið íslenska „bankamódel“. Krosseignarhald á milli fyrirtækja, raðeignarhald og lánveitingar til stærstu eigenda mögnuðu upp áhættu og ójafnvægi í fjármálakerfinu, sem gerði það óstöðugt og viðkvæmt fyrir áföllum. Þegar vart varð við lausafjárskort í byrjun árs 2006 og sérstaklega eftir fall vogunarsjóða Bear Stearns sumarið 2007 varð sneitt um fjármagn og bankarnir stóðu frammi fyrir lausafjárskorti.

Landsbankinn og Kaupþing leystu að hluta vanda sinn með því að opna innlánsreikninga víða um Evrópu. Landsbankinn var stórtækari og hóf umfangsmikla móttöku innlána í Bretlandi og Hollandi undir nafninu Icesave. Bætti sú ráðstöfun stöðu hans umfram Kaupþing og Glitni. Lánsmatsfyrirtækin verðlaunuðu þessa ráðstöfun Landsbankans með hærra lánshæfismati en hinir bankarnir tveir fengu og markaðurinn með lægra skuldatryggingarálagi (CDS-álagi).

Við fall Lehman Brothers 15. september 2008 féllu lánalínur til íslensku bankanna meira og minna niður og mikil óvissa greip um sig í fjármálakerfi heimsins.

Glitnir leitaði til Seðlabanka Íslands um neyðarlán sem neitaði en lagði þess í stað til yfirtöku á 75% hlutafjár. Þetta leiddi til keðjuverkunar sem á endanum varð til þess að ríkið þurfti að yfirtaka bankann á grundvelli neyðarlaganna svokölluðu.

Tveim dögum síðar var Landsbankinn yfirtekinn. Mikill vilji var til að standa vörð um Kaupþing sem m.a. endurspeglaðist í því að lán að upphæð 500 milljón evrur var veitt bankanum gegn veði í hlutafé danska FIH-bankans.

Óvarleg ummæli breskra ráðherra og óskiljanleg beiting breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum kippti hins vegar grunninum undan Kaupþingi og dótturfyrirtækjum og tilraunir til að bjarga félaginu urðu að engu.

Í kjölfar falls íslensku bankanna varð staða þeirra sem lagt höfðu fé inn á innlánsreikninga í útibúum bankans óljós.

Tryggingarsjóður innlána, sem starfaði á Íslandi sem sjálfseignarstofnun í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins, réði einungis yfir fé sem dugði fyrir um 3% af innlánum í þessum löndum.

Samkvæmt reglum áttu innlánsstofnanir að greiða 0,15% af innlánum í lok hvers árs þar til 1% af innlánum yrði náð. Þannig réði kerfið við áfall sem næmi því að um einn banki af hverjum 100 lenti í vandræðum á sjö ára fresti. Innstæðutryggingakerfið réð hins vegar ekki við kerfishrun eins og varð á Íslandi, enda ekki hannað til þess.

Veik staða innlánstryggingarsjóðsins stafaði af þeim gífurlega vexti sem verið hafði á innlánum og eins því að 85% af fjármálakerfinu á Íslandi hrundu. Óttast var að vantrú sparifjáreigenda mundi breiðast út og valda áhlaupi á banka í Evrópu ef ekkert yrði að gert.

Þrátt fyrir að tilskipun Evrópusambandsins gerði ráð fyrir að innlánsstofnanir stæðu alfarið straum af kostnaði við tryggingakerfið sáu bresk og hollensk yfirvöld sig knúin til aðgerða. Ákvörðun var tekin um að skattgreiðendur landanna greiddu það sem á vantaði að tryggingarsjóðurinn og eignir Landsbankans dygðu fyrir greiðslum innlánanna vegna fyrrgreinds ótta við áhlaup.

Gerð var krafa um að íslensk stjórnvöld og skattgreiðendur stæðu straum af því sem á vantaði til að innlánstryggingarsjóðurinn gæti tryggt það sem honum bar samkvæmt tilskipuninni. Greiddu stjórnvöld í löndunum tryggingarnar út til innstæðueigenda og að samkomulagi varð að ríkissjóður landanna mundi lána íslenska ríkinu fjárhæð sem þau töldu að því bæri að greiða.

Ljóst er að skuldbindingarnar munu hafa mikil áhrif á fjármál hins opinbera í framtíðinni, og lífskjör á Íslandi al-

mennt ef fram heldur sem horfir. Þetta er í hnotskurn forsaga þess vandamáls sem Íslendingar standa nú frammi fyrir.

Geta þjóðarbúsins til að standa undir skuldbindingum sem um ræðir felst einkum í:

a. Hvernig hagvaxtarþróun verður háttað næstu ár.

b. Hvernig endurheimt eigna verður.

c. Hvernig þróun verðlags og gengis verður í Hollandi og Bretlandi.

d. Öðrum ófyrirséðum þáttum.

Stærsta áhættan af skuldbindingu sem þessari fyrir ríkissjóð er hve mikinn hluta af landsframleiðslu, ríkissjóðstekjum og útflutningstekjum hún tekur til sín. Ef lítill eða enginn hagvöxtur verður hér á landi næstu árin er fyrirséð að þjóðin muni ekki geta aflað þess gjaldeyris sem þarf til að standa straum af skuldbindingunni. Ekki er hægt að treysta á endurfjármögnun lána eins og útlitið er í dag.

Í greinargerð frumvarpsins er rakið hvernig 60% innheimtur af eignum Landsbankans muni leiða til skuldabyrði sem nemur 26% af vergri landsframleiðslu árið 2016.

Skuldahlutfallið er fall af hagvaxtarforsendum og endurheimt eigna. Höfundar greinargerðar fjármálaráðuneytisins og úttektar Seðlabankans virðast láta allar forsendur falla samningnum í vil.

Greinargerð Seðlabankans gerir þannig ráð fyrir að á tímabilinu 2010–2018 muni raunhagvöxtur nema um 3% að meðaltali á ári sem í fljótu bragi virðist ásættanlegt þótt í bjartsýnna lagi sé. En ekki er allt sem sýnist í þeim efnum vegna þess að á fyrri hluta tímabilsins, allt til 2014, er hagvöxtur mjög lágur en mun þá hoppa upp í að meðaltali um 4,5% á ári.

Ný-klassísk hagvaxtarfræði gerir ráð fyrir að framleiðnivöxtur á mann í þróuðum hagkerfum geti verið um 2,5% á ári til langframa. Til að forsendur og kenningar gangi upp er því gert ráð fyrir allt að 2% mannfjöldaaukningu á ári eftir árið 2014 í spám Seðlabankans.

Því er ljóst að hagvaxtarforsendur byggja á mikilli bjartsýni.

Fólksfjölgun er úrslitaþáttur þegar fjallað er um hagvöxt. Íslenskur vinnumarkaður hefur stækkað mjög undanfarin ár og má fyrst og fremst rekja það til aðflutts vinnuafls, sem kom hingað til lands vegna mikillar þenslu og vinnuaflsskorts. Yfirgnæfandi líkur eru á að meiri hluti þessa vinnuafls muni hverfa úr landi þegar atvinnuleysið sverfir að og lífskjörin versna. Líta ber til reynslu Færeyinga af kreppunni sem þar reið yfir snemma á 10. áratugnum en þá fluttu um 20% þjóðarinnar úr landi.

Hagvöxtur er háður þróun fólksfjölda en í áðurnefndum greinargerðum er á engan hátt reynt að geta sér til um hvernig hann muni þróast sem verður að teljast alvarlegur galli á forsendum.

Þá er gert ráð fyrir að verðbólga muni þróast hér á landi í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabankans næstu ár.

Það væri nýlunda ef stjórn peningamála yrði þannig háttað hér á landi í framtíðinni að þetta markmið næðist. Það er því ljóst að forsendur um hagvöxt og verðbólgu flokkast í besta falli undir óskhyggju.

Mikil óvissa fylgir einnig mati á eignum Landsbankans sem ætlað er að standa að mestum hluta undir höfuðstól láns Breta og Hollendinga til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Þessar eignir eru af ýmsum toga, í mörgum löndum og mörgum myntum. Nokkrar eru mjög háðar efnahagsástandi í viðkomandi löndum en aðrar síður, auk þess sem greiðsluflæðið er afturhlaðið þannig að yfir 50% af greiðsluflæðinu er á síðustu þrem árum fyrir gjalddaga Icesave-lánsins sem eykur enn á óvissuna.

Ekki liggur fyrir áhættugreining á greiðsluflæðinu og verður að gera alvarlegar athugasemdir við það. Gengið er út frá því að eignir dugi fyrir um 75% af skuldbindingum vegna innlána. Þetta er metið gildi en alla mælikvarða á áhættu vantar. Einungis er sagt að mikil óvissa fylgi matinu. Þá felst áhætta í því hvernig þessar eignir greiðast því að til að mynda málaferli geta tafið þær verulega. Við það þyngist vaxtabyrðin mjög. Ekki hefur verið lagt mat á þessa áhættu.

Þá bendir álit Ragnars Halls til þess að sú jafna skipting á greiðslum milli allra kröfuhafa sem áttu kröfurnar upprunalega og þeirra sem hafa yfirtekið þær að hluta vegna innlánstryggingarkerfis Evrópusambandsins standist hvorki reglur um skipti við gjaldþrotameðferð né þá hugmynd á bak við tilskipun ESB um innlánstryggingar að tryggingin sé lágmarkstrygging. Virðist innlánseigendum vera tryggðar hærri bætur en tilskipunin gerir ráð fyrir vegna þess að lágmarkið er fyrst bætt og síðan er búinu skipt en ekki öfugt þannig að kerfið virðist oftryggja innlánseigendur.

Mikil áhætta er falin í því hvernig gengisþróun evru og punds verður í framtíðinni. Ef til að mynda verðhjöðnun verður á lánstímanum í evru og pundi leiðir það til þess að myntirnar styrkjast og lægra verð fæst fyrir útflutning Íslendinga auk þess sem raunvextir á láninu sem Íslendingar þurfa að greiða verða hærri. Sama gerist ef mikil verðbólga verður á Íslandi.

Samningurinn verður ekki efndur nema með miklum afgangi á utanríkisversluninni og þess vegna er hætta fólgin í minni verðbólgu í þessum myntum en í krónu. Á sama hátt yrði byrðin léttbærari ef þessu er öfugt farið.

Forsendur um raungengi eru jafnframt þannig að þær verða í besta falli að teljast óraunhæfar. Gert er ráð fyrir að raungengi verði nær 20% lægra en verið hefur yfir langt árabil. Þessi forsenda gerir það að verkum að samkeppnisstaða verður sterk og útflutningur mikill. Innflutningur verður dýr. Því er gert ráð fyrir að viðskiptajöfnuður verði mjög hagstæður og þar með verði hægur vandi að mæta gjaldeyrisþörf vegna afborgunar lána og vaxta.

Spár Seðlabankans um 160 milljarða vöruskiptajöfnuð áranna 2009–2018 eru athyglisverðar. Síðustu 20 ár er mesti afgangur á viðskiptum við útlönd 23 milljarðar árið 1994.

Spár Seðlabankans um raungengi sem endurspeglast í hagstæðum viðskiptum við útlönd leiðir til afgangs sem á sér engin fordæmi næstu 10 ár þar á eftir, þ.e. frá 2009 eða 2010. Þetta verður að teljast djörf forsenda og í meira lagi ótrúverðug. Forsendan um raungengi leiðir jafnframt til þess að gert er ráð fyrir að lífskjör versni mjög mikið hér á landi sem mun leiða til almennrar fátæktar. Hætt er við að ungt fólk flýi land ef þetta verður raunin og þá vindur vandinn enn upp á sig og landið festist í vítahring. Ekki er með nokkru móti hægt að fallast á slíka niðurstöðu.

Standist ákvæði neyðarlaganna um að innlán njóti stöðu forgangskrafna í þrotabú ekki gundvallarreglu stjórnskipunar um eignarrétt og afturvirkni mun fjárhagslegt tjón íslenska ríkisins aukast gríðarlega. Engir fyrirvarar eru í samningnum um gildi neyðarlaganna. Því er mikilvægt að ríkisábyrgðin verði takmörkuð eins og við höfum fjallað hér um.

Það er einn punktur sem mig langar til að koma með sem ekki hefur farið mjög hátt, um ábyrgð á Icesave-reikningunum. Mikils misskilnings hefur gætt í umræðunni um það hver ábyrgð Breta og Hollendinga á reikningunum er í raun og því er ekki úr vegi að rekja hvernig staðið er að opnun útibús sem tekur á móti innlánum innan EES og hvernig eftirliti er háttað. Ef fjármálafyrirtæki með starfsleyfi hyggst opna útibú í öðru landi á EES-svæðinu er um einfalt ferli að ræða:

a. Fjármálafyrirtækið sendir tilkynningu til fjármálaeftirlits þar sem móðurfélag er staðsett.

b. Fjármálaeftirlitið getur stöðvað opnun útibús ef fjármálafyrirtækið er fjárhagslega vanbúið á þeim tímapunkti og stjórn þess ekki nægilega traust.

c. Ef fjármálafyrirtækið uppfyllir kröfur um fjárhagslega burði til að stjórna slíku útibúi tilkynnir fjármálaeftirlit heimaríkis gistiríki um fyrirætlan fjármálafyrirtækisins.

d. Fjármálafyrirtækið getur þá opnað útibúi í gistiríki að uppfylltum almennum skilyrðum gistiríkisins.

Eins og sjá má er ekki um sérstakt leyfi frá heimaríki að ræða, heldur er um að ræða einfalda tilkynningu. Þær fjármálaafurðir sem fyrirtækið ætlar að bjóða upp á þurfa að hljóta samþykki fjármálaeftirlits gistiríkis en er óháð fjármálaeftirliti heimaríkis.

Ef um innlán er að ræða gera tryggingarsjóðir heima- og gistiríkis með sér samning — ef um mismunandi tryggingarupphæðir er að ræða — og fjármálafyrirtækið getur hafið móttöku innlána.

Eftirlit með fjármálafyrirtækinu er af tvennum toga. Fjármálaeftirlit heimaríkis hefur hefðbundið eftirlit með móðurfélagi, fjármálaeftirlit gistiríkis hefur með neytendavernd að gera og reyndar eftirlit með lausafjárstöðu útibús. Eftirlit með útibúi er því bæði á höndum fjármálaeftirlits gistiríkis og heimaríkis. Eins og sjá má er gistiríkið í raun eini aðilinn sem getur stöðvað opnun útibús.

Vegna þeirrar miklu ólgu sem var í landinu við upphaf 2009 dróst að haldið yrði af stað í samningaviðræður við Breta og Hollendinga vegna Icesave. Það varð því verkefni minnihlutastjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur með stuðningi Framsóknarflokksins að halda áfram með málið í upphafi febrúar 2009. Ákveðið var af hálfu þessarar ríkisstjórnar að skipa nýja forustu samninganefndar og varð því engin samfella í framvindu málsins eins og það var á vettvangi fyrri ríkisstjórnar.

Rétt er að ítreka þá skoðun að nauðsynlegt sé að finna lausn með samningum sem tekur mið af getu þjóðarinnar til að greiða án þess að lífskjörum á Íslandi sé á nokkurn hátt stefnt í voða. Þetta er nauðsynlegt til að flýta endurreisninni og ætti þá að taka mið af öðrum skuldbindingum vegna bankahrunsins, eignahruns, gjaldþrota heimila og fyrirtækja og atvinnuleysi.

Það er ljóst að lítill eða enginn vöxtur landsframleiðslu á Íslandi mun valda slíkri stöðnun að útilokað er að standa við skuldbindinguna sem samningurinn innifelur. Með þetta að leiðarljósi settu þingmenn Sjálfstæðisflokksins fram tillögu að efnahagslegum fyrirvörum sem takmarka þá áhættu sem fjallað hefur verið um hér að framan, svokölluð hagvaxtargólf, sem nú liggur fyrir breytingartillaga um sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur hér fram.

Sátt hefur náðst meðal meginþorra alþingismanna um fyrirvarana og er það vel. Það eru blóðpeningar sem við munum þurfa að greiða en ég tel að fyrirvararnir nægi til að lágmarka efnahagslega óvissu vegna Icesave-ósómans.

Þetta mál er búið að taka í kringum 10 vikur í þinginu. Meðferð málsins hefur verið með ólíkindum, hvernig draga hefur þurft fram upplýsingar til að þingmenn geti tekið upplýsta ákvörðun um hvernig taka skuli á málinu, en sem betur fer hefur okkur tekist að viða að okkur nægilega mikilli þekkingu og nægilega miklum upplýsingum til þess að við erum vonandi komin að einhvers konar lokapunkti. Við höfum girt fyrir þá ósvinnu sem ríkisstjórnin hefur framkvæmt með því að undirrita þessa samninga og það er mín einlæga von að þessir fyrirvarar verði til þess að það þurfi að fara út í samningaviðræður að nýju.

Ef Bretar og Hollendingar samþykkja fyrirvarana, jú, gott og vel, höfum við fengið þarna tryggingu fyrir því að þetta muni ekki knésetja okkur í framtíðinni.

[17:26]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Ég er ekki alveg jafnsannfærður og hann um að hér sé búið að girða fyrir einhverja hluti.

Mig langar að spyrja hv. þingmann í ljósi þeirra fyrirvara sem hann og fleiri hafa staðið hér að að samþykkja hvort hann telji í fyrsta lagi að þessir fyrirvarar hafi einhver áhrif eða gæti að hag Íslendinga varðandi gjaldfellingarákvæðin. Í öðru lagi langar mig að spyrja hvort fyrirvararnir hafi einhver áhrif á þær greinar í þessum samningi þar sem m.a. er fjallað um frestun réttinda íslenska ríkisins, þ.e. að lánveitandann virðist alltaf eiga rétt á þeim aurum sem við hugsanlega fáum sem tengjast þessu máli. Eru fyrirvararnir þess eðlis að þeir taki á einstökum greinum í þessum samningi sem skipta verulegu máli, eins og gjaldfellingarákvæðin, eða eru fyrirvararnir (Forseti hringir.) almenns eðlis eins og efnahagslegi fyrirvarinn?

[17:28]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hvað varðar fyrri spurninguna, varðandi gjaldfellingarákvæðið, er ljóst að ef lánið er gjaldfellt þurfum við ekki að borga nema 6% af hagvexti ársins. Efnahagslegu fyrirvararnir girða fyrir það.

Í öðru lagi er forsenda efnahagslegu fyrirvaranna 75% endurheimtur. Ef endurheimtur fara neðar, þ.e. ef aðrir aðilar fá meira í sinn hlut, verður einfaldlega eftir afgangur þannig að efnahagslegu fyrirvararnir ráða við það líka.

[17:29]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta aðeins á gráu svæði

með túlkun á því hvort þessir efnahagslegu fyrirvarar taki nákvæmlega á þessum gjaldfellingarákvæðum því að þau eru nokkuð mörg og nokkuð skýr. Það kemur fram hvað gerist ef það verður gjaldfellt og þar á meðal t.d. ef allt lánið verður gjaldfellt. Það er hins vegar hægt að gjaldfella að hluta til eða að öllu leyti.

Yfir í annað. Í grein 3 um gildistöku samningsins stendur, með leyfi forseta:

„Samningur þessi öðlast gildi þegar:“

Svo kemur fram í b-lið:

„Alþingi hefur samþykkt að íslenska ríkið taki á sig ábyrgð …“

Lítur hv. þingmaður svo á að þessi samningur sé gildur í dag? Sumir hafa talað eins og það sé búið að skrifa undir og þetta sé eingöngu ríkisábyrgðin sem við erum að fjalla um. Er það réttur skilningur hjá mér að samningurinn taki ekki gildi fyrr en (Forseti hringir.) við höfum afgreitt þessa ríkisábyrgð?

[17:30]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í mínum huga er það ótvírætt að ekki verður um neina ábyrgð á hendur ríkissjóði að ræða fyrr en við erum búin að samþykkja það hérna. Samningurinn gæti verið gildur og hann hafi kröfu á innlánstryggingarsjóð en það er þá ótryggð krafa. Það er væntanlega lögfræðileg túlkun hvort samningurinn í heild sinni væri þá gildur eða hvort þetta er eins og ég held.

Hvað varðar gjaldfellingarákvæðið, ef lánið er gjaldfellt er ljóst að greiða þarf upphæð sem getur numið allt að, segjum 30% af landsframleiðslu. Ríkisábyrgðin gerir ráð fyrir því að við getum greitt að hámarki 6% af landsframleiðslu, þá eru 24% sem standa út af, það er ótvírætt í mínum huga. Sama er með ef tekið verður af þeirri upphæð sem fer upp í þessar 75% endurheimtur. Ótvírætt er í mínum huga að það brýtur efnahagslegu forsenduna og þar af leiðandi verður afgangur sem þá annaðhvort verður ekki greiddur eða nýtt Alþingi tekur ákvörðun um að greiða upphæðina.

[17:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans. Hann fór ágætlega yfir hversu meingallað þetta mál er. Hann fór líka yfir vinnslu málsins og ég vildi að hv. þingmaður mundi staðfesta það vegna þess að hér hefur öðru verið haldið fram. Ég og hv. þingmaður sátum saman á sameiginlegum fundi viðskiptanefndar og efnahags- og skattanefndar þar sem ég spurði gesti sem voru undir forustu pólitísks aðstoðarmanns fjármálaráðherra hvenær við fengjum að sjá samninginn. Þá var það sagt hreint og klárt að við fengjum ekki að sjá hann en hugsanlega gætum við fengið Ríkisendurskoðun til þess að túlka samninginn ofan í okkur.

Í kjölfarið hóf stjórnarandstaðan að fylgja því eftir að fá samninginn. Að vísu fór hann á netið áður en þingmenn fengu hann, en ég vildi að hv. þingmaður mundi staðfesta þetta þannig að það liggi alveg fyrir í þingtíðindum.

[17:33]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Jú, ég get staðfest að skilaboðin til okkar í efnahags- og skattanefnd og viðskiptanefnd á sama fundi voru þau að óþarft væri að við sæjum þennan samning en aftur á móti væri eðlilegt að gerður yrði einhvers konar útdráttur úr samningnum og hann kynntur fyrir okkur og það yrði þá gert af óvilhöllum aðila.

Það merkilega við þetta mál er að næstum því hverju einasta skjali hefur verið haldið þétt upp að brjóstinu þangað til við höfum náð að hrifsa það úr höndunum á valdhöfunum til að vinna þær upplýsingar sem við þurfum til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun. Ríkisstjórnin hefur hrakist frá því að hafa kokhraustan hæstv. fjármálaráðherra sem lýsti því yfir að við yrðum að skrifa undir þetta, hér væri alveg meiri hluti fyrir því og annað slíkt, yfir í það að þurfa að bugta sig og beygja fyrir meiri hluta þingmanna (Forseti hringir.) til að setja inn fyrirvara til að afstýra þeirri ósvinnu sem hann hafði staðið að.

[17:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þá er þetta staðfest, ég þakka hv. þingmanni fyrir það og ég er sammála lýsingu hans á málinu. Ég verð að vísu að viðurkenna að mér líður ekki vel með hraðann á þessu stóra máli miðað við þær áætlanir sem uppi eru um að klára þetta einn, tveir og tíu og þegar menn hafa unnið að því á næturnar. Það er ekki góður bragur á svo stóru hagsmunamáli.

Ég vildi spyrja hv. þingmann hvort það hafi ekki komið hv. þingmanni á óvart hversu lítil umræða er um þessa miklu galla sem innlánstryggingarkerfið er og reglugerðarverkið sem við tókum upp á vegum Evrópusambandsins. Og hvað Samfylkingin kannast ekkert við málið þegar helstu forustumenn hennar, hvort sem það er bankamálaráðherra eða forstöðumaður Fjármálaeftirlitsins, hafa með beinum hætti komið að þessum málum. Látum nú vera (Forseti hringir.) þær pólitísku áherslur Samfylkingarinnar í ofanálag um að allt lagist þegar við förum enn þá dýpra inn í Evrópusambandið en við erum núna með EES-samningnum.

[17:35]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Jú, ég held að þetta sé hárrétt athugað hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Það er merkilegt að sök Samfylkingarinnar í málinu eða ábyrgð hennar hefur ekki farið hátt. Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var mynduð voru Icesave-reikningarnir svokölluðu eða þessir innlánstryggingarreikningar erlendis brotabrot og ekki stafaði nokkur hætta af þeim. Vöxturinn varð allur undir ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks þar sem Samfylkingin fór með bankamálin, þ.e. hafði eftirlit með viðskiptabönkunum og var yfir Fjármálaeftirlitinu.

Síðan er staðið í ræðustól Alþingis og hrópað að þetta sé allt (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokknum að kenna. Það er flótti frá raunveruleikanum.

[17:37]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka gamla háskólakennaranum fyrir fróðlegt erindi sem gaman var að hlusta á. Áhugavert væri þó að heyra hann útlista aðeins nánar hvernig hann sér fyrir sér eða hvort hv. þingmaður hefur ekki áhyggjur af því hvað gerist ef hér verður töluverður hagvöxtur en lítill sem enginn afgangur af útflutningstekjum, því að það kæmi ekki á óvart að sú yrði raunin, þannig hefur það yfirleitt verið.

Hitt sem ég hefði áhuga á að spyrja út í er viðhorf til áhrifa hinna ýmsu atburða á eignasöfn banka. Nú hefur þetta verið töluvert til umræðu eftir að bankar víða um heim lentu í vandræðum. Hefur það ekki gífurleg áhrif þegar sett eru hryðjuverkalög á banka og hann settur á lista með hryðjuverkasamtökum? Getur þar ekki munað hundruðum milljarða — í tilviki Landsbankans — og ættu þá ekki Bretar að vera skaðabótaskyldir af þeirri sök?

[17:38]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman að svara fyrrverandi nemendum sínum.

Hvað varðar útflutningstekjurnar, þá er eitt af því sem gert er í efnahagslegu fyrirvörunum að þetta er mælt í erlendum myntum. Það stillir nokkuð af en ekki alla áhættuna. Þetta eru því réttmætar áhyggjur, en ég hugsa fyrir mitt leyti að ef landsframleiðslan hækkar þetta mikið í erlendri mynt muni útflutningstekjurnar og endurfjármögnunarmöguleikar verða mun meiri.

Hvað varðar þær skemmdir sem urðu á eignasafni íslenska bankakerfisins og íslenskra fyrirtækja erlendis þegar hryðjuverkalögin voru sett á vil ég tvímælalaust mæta því af hörku og fá einhverjar bætur fyrir, svo það sé ótvírætt.

[17:39]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er feginn að heyra afstöðu hv. þingmanns hvað varðar hugsanlegar bætur og er spurning hvort nógu vel sé tekið á því í þeim breytingartillögum sem nú liggja fyrir.

Einnig væri áhugavert að heyra einhvers konar mat á því, skotið út í loftið, hvaða upphæðir gæti verið þar um að ræða. Nú skilst mér að áætlun á verðmæti eigna bara gamla Landsbankans hafi verið um 1.195 milljarðar kr., er reyndar komið niður í 1.100 núna, muni þarna þó ekki væri nema 20% þá eru það engu að síður gríðarlegar upphæðir og upphæðir sem skipta svo miklu máli í þessu samhengi að nánast má segja að Bretar hafi fyrirgert rétti sínum til að krefja Íslendinga um nokkurn skapaðan hlut.

[17:40]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er flókið. Ég hef kosið að líta á þau tvö mál sem við ræðum hér sem nokkuð aðskilin vegna þess að í fyrsta lagi blandast fleiri þjóðir inn í þau. Þjóðverjar blönduðust inn í þau og Norðurlandaþjóðirnar, einhver af Mið-Evrópulöndunum, Bretland og Holland. Það er ótvírætt í mínum huga að ekki eigi að blanda þessum málum saman.

Aftur á móti gætu skuldajöfnunarhugmyndir alveg gengið upp. Ef Bretum ber að greiða okkur skaðabætur getum við auðveldlega skuldajafnað það við skuldirnar vegna Icesave. En ég treysti mér ekki til að skjóta út í loftið.

[17:41]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni fyrir ágæta ræðu og alveg sérstaklega þar sem hann fór yfir ferlið við stofnun útibúa á Evrópska efnahagssvæðinu, sem var mjög áhugavert. Það virðist vera að ábyrgðinni sé deilt á milli landanna og að gistiríkið, þ.e. Holland eða Bretland, beri ábyrgð á neytendaverndinni og það var einmitt hún sem brást, a.m.k. í Hollandi.

Mig langar hins vegar til að spyrja hv. þingmann, þar sem hann er nú hagfræðingur, hvort sá botn eða þak sem sett er á áhættuna fyrir Ísland muni ekki til framtíðar bæta lánshæfismat Íslands og hvort það ætti ekki að vekja Íslendinga til bjartsýni ef þeir fyrirvarar verða samþykktir á Alþingi og viðurkenndir af Hollendingum og Bretum sem hluti af samningnum.

[17:42]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, þetta er hárrétt. Við það að samþykkja Icesave-samninginn í sjálfu sér er áhættuminna en þá skapast aftur á móti aðrar áhættur vegna þess að óvissa er um skuldaþol landsins og efnahagsmálin, hvernig hægt verði að standa undir því. Þessir fyrirvarar setja þak sem gera það mun auðveldara og gera það raunar ljóst hver hámarksáhættan er fyrir Ísland. Hámarksáhættan fyrir Ísland er 6% af hagvextinum eins og reglan segir til um.

Það er óháð því ef hlutum eins og neyðarlögum eða öðru slíku er kippt úr sambandi, það þýðir að minna fæst upp í kröfur Landsbankans og þá einfaldlega kemur þetta hagvaxtarhámark inn, þannig að það stillir fyrir mörgum ólíkum atriðum.

[17:44]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er áhugavert að heyra að breska ríkið tapar á því með þessum hætti ef neyðarlögin verða dæmd ógild í Bretlandi. Það er mjög áhugavert að það fari að myndast hagsmunir hjá þeim að viðhalda því neyðarlagakerfi sem við settum á.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann, af því að hann svaraði ekki seinni spurningunni, hvort lánshæfismatið mundi ekki batna ef þetta yrði samþykkt og viðurkennt af Bretum og Hollendingum, þ.e. þessir efnahagslegu fyrirvarar, og hvort Íslendingar geti ekki farið að bretta upp ermarnar og farið að gera eitthvað þegar þeir sjá að þeir njóti 94% af hagvextinum, af vexti landsframleiðslu.

[17:44]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, það er alveg hárrétt að mjög stórt atriði í þessum fyrirvörum er það að ef þetta gengur eftir minnkum við áhættu og óvissu gríðarlega og lánshæfismat ætti því að vera vissara, þ.e. að lánshæfismatsfyrirtækin

geti með meiri vissu gefið okkur betri einkunn, sem þýðir að auðveldara verður að afla lánsfjár og koma efnahagslífinu af stað.

Ég er sammála því að eftir að þessi ófögnuður er að baki sé meiri ástæða til bjartsýni um að efnahagslífið á Íslandi geti farið á ferðina, ef við getum orðað það svo, vegna þess að væntingar fólks byggjast þá ekki á bölsýni um framtíðina heldur verði búið að tryggja efnahagslega framtíð. En þetta er bara eitt atriði, það þarf að vinna að fleiri atriðum.

[17:46]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér fer fram 2. umr. um Icesave-samningana. Það má eiginlega segja að það sé svolítið skrýtið andrúmsloft í þingsalnum og á göngunum í dag því ég held að ég geti fullyrt fyrir hönd flestra þingmanna að hér er verið að ræða þetta með miklu óbragði í munni, mismiklu þó því að sumir eru ákveðnari í því að gangast undir þessa samninga en aðrir og höfum við framsóknarmenn tekið stöðu með íslensku þjóðinni í þessu máli því þetta er réttlætismál. Hér er verið að leggja til að ríkisvæða skuldir einkaaðila.

Þegar ég tala um að ríkisvæða skuldir einkaaðila þá á ég fyrst og fremst við að Tryggingarsjóður innstæðueigenda er rekinn á einkaréttarlegum grunni og það fyrirtæki sem ber sök á þessum greiðslum öllum og þessari ríkisábyrgð sem liggur fyrir þinginu var einkafyrirtæki.

Hér hefur verið komið aðeins inn á þrígreiningu ríkisvaldsins. Ég ætla svo sem ekki að fara að eyða orðum í út á hvað hún gengur en ljóst er að fyrir þinginu liggur samningur sem framkvæmdarvaldið hefur undirritað í þeirri von að löggjafinn komi til með að samþykkja ríkisábyrgð á þessum nauðasamningi. Ef allt fer á versta veg erum við að tala um hátt í 1.000 milljarða sem íslenska ríkið þarf að taka á sig. Þetta eru engar smáupphæðir.

Það versta í þessu er óvissan. Hún er svo mikil í þessum samningum að enginn hefur getað svarað því hvað hugsanlega fæst upp í þrotabú Landsbankans þegar upp verður staðið. Í upphafi var talað um að nást mundu 75% upp í þessar skuldir. Ég spurði á sínum tíma: Er þá ekki hægt að ganga þannig frá málum að Bretar og Hollendingar tæmdu innstæðutryggingarsjóðinn og tækju það sem hugsanlega er eftir af Landsbankanum erlendis og við veitum svo ríkisábyrgð fyrir restinni? Nei, það hentaði ekki Bretum og Hollendingum því þeir fóru af stað með samningaviðræður við Íslendinga. Á það hefur verið bent að sjálfsögðu að góðir samningamenn gera alltaf ýtrustu kröfur í upphafi. Þeim samningi sem var samþykktur af íslensku sendinefndinni var ekki breytt neitt og talið er að Hollendingar og Bretar hafi undrast það mjög að ekki fóru fram samningaviðræður því samningarnir eru svo ítarlegir og þeir eru svo kröfuharðir gagnvart íslensku þjóðinni að meira að segja var fullveldisafsalið afhent þeim. Mörg mistök hafa verið gerð á þessari leið sem við sitjum uppi með. En margir hafa líka talað mjög fyrir þessu samningi, að hann sé glæsilegur og góður fyrir íslensku þjóðina. Ég get því miður ekki tekið undir það því þegar samningarnir fengu loks að koma fyrir augu þingmanna og almennings var varla hægt að kalla þetta samninga, þetta var einhliða nauðung frá þeim aðilum sem átti að semja við.

Það er svolítið einkennilegt að standa frammi fyrir orðnum hlut en þrautseigja okkar í stjórnarandstöðunni og okkar framsóknarmanna leiddi til þess að nú er komin fram breytingartillaga við frumvarpið því eins og hefur komið fram er frumvarpið einungis tvær greinar og greinargerð. En nú eru sem sagt komnar fram þær breytingartillögur sem m.a. ég talaði fyrir sem ég fer yfir á eftir og eru þær til bóta fyrir frumvarpið. Það sem ég hef efast um síðan þetta kom inn á borð til okkar og hef verið að ræða í dag er þetta: Hvaða gildi hafa þessar breytingartillögur og hvernig eru þessar breytingartillögur túlkaðar?

Ríkisstjórnin vill meina að þessar breytingartillögur rúmist innan samningsins. Forsætisráðherra lét hafa eftir sér áðan að þetta væru varnaglar fyrir Breta og Hollendinga, hægt væri að fara með breytinguna þannig. Ég hugsaði bara með mér: Það er eins gott þeir frá framkvæmdarvaldinu sem fara og kynna þetta frumvarp, verði það að lögum, verði með það á hreinu hvað er verið að samþykkja því að meðan aðrir tala um skilyrði þá talar hæstv. forsætisráðherra um varnagla við frumvarpið. Þetta get ég ekki fallist á, frú forseti. Hér er einhver misskilningur á ferðinni eða þá að hér er raunverulega verið að blekkja okkur með því að þessar breytingartillögur séu ekki þær sem látið er í veðri vaka. Enda hefur það komið á daginn þegar gluggað er í breska samninginn, grein 13.1.1, og sambærilegt ákvæði er í hollenska samningnum, grein 12.1, að það stendur skýrum stöfum eins og ég hef sagt í dag í andsvörum og ætla að koma því inn í þessa ræðu, með leyfi forseta, að aðeins er heimilt að gera breytingar á samningnum, bæta við hann eða falla frá honum með skriflegu samkomulagi milli samningsaðila. Þetta er mjög skýrt. Hér er verið að segja að ekki megi breyta neinu, það má hvorki bæta við né draga úr og samningurinn stendur þá eins og hann kemur upphaflega til þingsins. Ýtrasta túlkun. Þess vegna er ég svo hrædd um að þessar breytingartillögur, þetta sem var kallað varnaglar, skipti engu máli. Hér er verið að eyða tíma þingsins, í raun og veru sé verið að setja þetta inn fyrir kurteisissakir því svo þegar á reynir þá gilda þær breytingartillögur ekki. Komist á ríkisábyrgð samkvæmt upphaflega frumvarpinu og verði frumvarpið að lögum þá er ljóst að ákvæðið í hollensku og bresku samningunum gengur út á það að um leið og samningurinn er samþykktur hér gilda um hann bresk lög og breskir dómstólar dæma í málum sem undir samninginn falla. Þarna er samninganefndin búin að semja það meira að segja af sér að hægt sé að höfða mál í íslenskri dómhá.

Í Bretlandi gilda önnur lög en hér á norrænu löndunum, svokölluð „common law“ sem ganga aðallega út á það að samningar skulu standa og samningum er ekki hægt að breyta og það sem stendur í samningi er það sem er dæmt eftir. Þess vegna er ríkisstjórnin á miklum flótta með það og fulltrúar stjórnarflokkanna sem ég hef verið að spyrja að því í dag hvaða tilgang þetta hafi. Það getur enginn svarað því. Ég hef spurt að því hvort hægt sé að fá skilning Breta og Hollendinga undirritaðan því eins og kemur fram í grein 3.1.1 á að vera skriflegt samkomulag á milli samningsaðila til að allir samningsaðilar skilji samninginn eins, svo hann taki gildi með vitund og sameiginlegri skoðun allra aðila

sem að honum standa. Þessu hefur ekki verið svarað í dag en sem betur fer á málið að fara aftur til fjárlaganefndar til umræðu. Það eru mörg verkefni sem bíða fjárlaganefndar á milli 2. og 3. umr., svo sannarlega. 2. umr. er ekki nærri lokið þannig að ýmislegt á enn eftir að koma í ljós í kvöld þegar fólk fer að rýna meira í þetta. Ég vil taka undir orð hv. þm. Bjarna Benediktssonar þegar hann sagði að það væri alveg með ólíkindum hvað aðilar í íslensku samfélagi hafa verið tilbúnir til að aðstoða okkur þingmenn við að finna hina réttustu niðurstöðu og með það að markmiði að rétt niðurstaða náist í þetta mál. Eins og ég sagði áðan átti ekki einu sinni fyrst að kynna þetta, sýna samninginn. Það átti að fela það öðrum og þingmenn áttu að koma í skjóli nætur liggur við og fá að lesa samninginn yfir.

Það er annað sem hangir í grein 13.1.1 varðandi þetta skriflega samkomulag milli samningsaðila. Það er 6. gr. í breska og hollenska samningnum sem eru samhljóða. Þar er fjallað um ríkisábyrgðina og ég hvet þingmenn til að lesa vel yfir 6. gr. samninganna, hún er í mörgum liðum og það er þá sérstaklega aðallega grein 6.5, það er of langt mál að lesa hana upp hér en í 6. gr. er fjallað um að ríkisábyrgð er óafturkræf og skilyrðislaus og þá erum við komin með þetta á tvo staði í samningnum. En þetta segir okkur aftur það að breytingartillögur hafi ekki neitt að segja. Þeim verður ýtt út af borðinu, Bretar vilja fá ríkisábyrgðina, fara svo með þetta mál fyrir breska dómstóla og segja að íslensk lög og íslensk stjórnarskrá gildi ekki í Bretlandi. Þessar breytingartillögur eru tilgangslausar. Við höfum ríkisábyrgðina frá ykkur, kæru Íslendingar, og þannig stendur málið. Við skulum átta okkur á því hvað þetta er alvarlegt mál.

Ég gagnrýndi það mjög mikið í 1. umr. að friðhelgisréttur okkar væri fyrir borð borinn og ákvæðið um auðlindirnar í samningunum enda er þetta eins og ég segi nauðasamningur. Ég fer ekki ofan af því. Þetta er einhliða samningur þar sem hagsmunir þjóðarinnar eru algerlega fyrir borð bornir. Það er sama hvar gripið er niður í þetta frumvarp, þar sem samningarnir eru báðir inni, að þar er hvergi jákvæðan punkt að finna fyrir Íslendinga eða íslenska þjóð og alveg með ólíkindum að svona samningar skuli hafa verið undirritaðir, alveg með ólíkindum að framkvæmdarvaldið skyldi hafa tekið sér það vald að undirrita þessa samninga nánast blindandi. Ég fékk nokkuð skemmtilegar skammir fyrir að benda á friðhelgisréttinn. Hæstv. fjármálaráðherra ókyrrðist mjög er ég leiddi honum fyrir sjónir hvað það ákvæði þýddi að friðhelgisrétturinn væri ekki inni. Ég var talin fara með fleipur og sama má segja um hv. formann utanríkismálanefndar en nú hefur það komið í ljós á seinni stigum. Maður gefst ekki upp. Maður heldur áfram að benda á gallana. Maður má ekki gefast upp þegar maður hefur rétt fyrir sér og ef maður hefur tök á því að breyta einhverju.

Í þessum breytingartillögum er nú komið bæði ákvæði um stöðu Íslands sem fullvalda ríkis og að hvergi verði haggað við óskoruðum yfirráðum Íslands yfir náttúruauðlindum. Mér finnst það mikill áfangasigur fyrir mig að þetta skuli vera komið inn því með gagnályktun er hægt að segja að þarna sé ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis að viðurkenna að þessum réttindum hafi ekki verið sinnt í samningnum sjálfum og þessi réttindi ekki skjalfest þar. Hv. þm. Höskuldur Þórhallsson hefur farið í gegnum það hvernig lagasetning fer fram og það er með því að til að hafa sem mest vægi verða ákvæði sem þessi að vera inni í frumvarpinu sjálfu en ekki að líta þurfi til nefndarálitsins sem lögskýringargagns. Auðvitað áttu þessi ákvæði að vera strax inni í samningnum. Annaðhvort hefur samninganefndin ekki áttað sig á hverju hún var að afsala sér og þá fjármálaráðherra í leiðinni um leið og hann ritaði undir samninginn eða þá að Bretar hafi ásælst þessi skilyrði svo mikið að samninganefndin hefur gefið það eftir, og væri gaman að fá að heyra það einhvern tíma en ég efast um að samninganefndin komi nokkurn tíma til með að viðurkenna það.

Ég rak í það augun í morgun þegar umræðan byrjaði og ég fór að glugga í nefndarálit frá 1. minni hluta fjárlaganefndar varðandi friðhelgisákvæðin, því að stjórnarandstaðan hefur verið mjög samstiga í þessu máli og er nokkuð vel samstiga enn þá þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn hafi einn staðið að því að skrifa ekki undir nefndarálitið, þá langar mig, með leyfi forseta, (**Gripið fram í:** Sjálfstæðisflokkurinn skilur það eftir …) nei, afsakið ekki nefndarálitið, það var tekið út úr nefndinni, afsakið. En, með leyfi forseta, langar mig að lesa og vitna beint í bls. 11 í nefndaráliti 1. minni hluta en þar segir:

„Vert er að benda á að samkvæmt breskum lögum um friðhelgi ríkja geta ríki afsalað sér friðhelgi á mjög víðtækan hátt með skriflegu samþykki og því allar líkur til þess að ákvæðið standist að fullu breska löggjöf.“

Í umsögn Seðlabanka Íslands kemur fram að til að reyna á ákvæðin um afsal friðhelginnar verði breskum lögum beitt. „Er það í samræmi við það að bresk lög gilda um samningana og öll mál sem þeim tengjast. Því yrði breskum lögum jafnframt beitt um fullnustu eigna íslenska ríkisins í breskri lögsögu.“

Þarna er verið að vitna í lög sem Bretar settu 1978 þar sem þeir gera hreinlega ráð fyrir því í sinni löggjöf að ríki afsali sér friðhelgisréttindum sínum. Þarna sá ég það svart á hvítu nú í morgun þegar þetta liggur fyrir, því ég sit ekki í hv. fjárlaganefnd og hef ekki haft aðgang að þeim gögnum sem þar liggja fyrir, að þetta ákvæði er með vilja inni í samningnum. Þetta ákvæði er með vilja inni í breska og hollenska samningnum því þessi mál á að reka fyrir breskum dómstólum. Þarna er samsærið komið og það skal enginn segja mér annað en það að Bretar hafi sett fram sínar ýtrustu kröfur í þessu máli. Út af því stendur ekkert um varnir fyrir íslenska friðhelgisréttinn í þessu frumvarpi. Breytingartillagan sem liggur hér fyrir á að redda einhverju. Íslensk stjórnvöld eru búin að viðurkenna að það vantar friðhelgisréttinn inn í frumvarpið. Breytingartillagan á að koma þar en alltaf kem ég aftur að sama punktinum sem ég hef bent á í allan dag með grein 13.1.1 í breska samningnum og grein 12.1 í hollenska samningnum: Samningnum verður ekki breytt nema það sé skriflegt samkomulag allra aðila sem að samningunum standa.

Það er mikið verk og ábyrgð sem liggur á fjárlaganefnd núna þegar þetta kemur fyrir. Þetta afsal á friðhelgisrétti Íslendinga, frú forseti, get ég ekki kallað varnagla eins og hæstv. forsætisráðherra lét hafa eftir sér áðan. Ef það er varnagli að afsala sér þessum réttindum og það er ekki inni

í þessum samningum, þá er Evrópusambandið ansi dýru verði keypt og þá fer maður að spyrja sig: Hvers vegna var ekki gætt betur að hagsmunum Íslendinga en raun ber vitni? Hvers vegna lætur fjármálaráðherra ekki lesa þennan samning yfir af færum samningamönnum eftir að samninganefndin var búin að koma með hann heim? Hvernig getur hæstv. fjármálaráðherra sagt að þetta sé góður og glæsilegur samningur þegar Bretar hafa lög sem segja að hægt sé að rífa friðhelgisréttindi af heilli þjóð sisvona fyrir breskum dómstólum? Þetta er grafalvarlegt mál og þetta er verra og verra og verra eftir því sem maður kynnir sér málin betur. Mér finnst íslenska ríkisstjórnin vera komin algerlega út í horn í þessu máli. Hún stendur ein. Hún talar enn máli Breta og Hollendinga. Hér er verið að tala máli fjármagnseigenda og lánardrottna enn á ný. Hér er verið að koma okkur inn í nauðasamning. Það er mikil meðvirkni í gangi í þinginu. Mér finnst eins og allir séu að peppa sig upp við það að þetta séu góðir samningar og þetta er eitthvað sem við þurfum að gera til að hér fari allt af stað.

Það var líka sagt þegar Evrópusambandsaðild lá fyrir þinginu og við þyrftum að sækja um aðild að Evrópusambandinu svo vextir færu að lækka og stýrivextir og verðbólga að minnka. Það hefur ekkert gerst. Á ég að trúa því í þetta sinn að þó að Alþingi mundi samþykkja þennan nauðasamning að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veiti okkur lán frekar en hann hefur gert? Ég trúi því ekki Það eru langtum fleiri ástæður fyrir því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur ekki veitt okkur lánið enn. Það má m.a. rekja til efnahagsástandsins. Það gengur ekkert að stofna bankana. Lífeyrissjóðirnir standa ekki eins vel og menn héldu o.s.frv. Þetta er búið að vera, eins og þessi ríkisstjórn er þekkt fyrir, byggt upp á hræðsluáróðri. Það er búið að hræða okkur með því að EES-samningurinn sé í uppnámi. Nú vill svo til að það kom fram í fréttum í gær að það eru frekar hinir sem koma til með að segja okkur upp samningnum af því að líklega er það komið í þann farveg að neyðarlögin standist ekki við EES-samninginn þannig að við vorum sjálf fyrst að brjóta hann. Ég hef enda viðrað þá skoðun að neyðarlögin hafi brotið EES-samninginn á þann hátt að hefta frjálst flæði fjármagns og loka íslenskt fjármagn inni og tryggja íslenska innstæðueigendur. En tími minn er á þrotum. Þetta voru þau orð sem ég vildi koma að í þessari umræðu.

[18:06]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni Vigdísi Hauksdóttur fyrir hennar innlegg í þessa umræðu. Mig langar til að spyrja hana um c-lið 6. gr. sem er á bls. 41 annars vegar og bls. 60 hins vegar í því frumvarpi sem ríkisstjórnin lagði fram og tekur til ábyrgðar og skaðleysis. Þar segir, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið skuldbindur sig óafturkallanlega og skilyrðislaust til þess að halda lánveitandanum skaðlausum, þegar krafa er gerð um slíkt, vegna alls kostnaðar, taps eða skaða sem lánveitandinn kann að verða fyrir ef einhver af þeim skuldbindingum, sem íslenska ríkið ábyrgist samkvæmt fjármálaskjölunum, er eða verður óframfylgjanleg, ógild eða ólögmæt. Fjárhæðin, sem kostnaðurinn, tapið eða skaðinn nemur, skal vera jafnhá þeirri fjárhæð sem lánveitandinn hefði ella átt rétt á að endurheimta.“

Ég vil spyrja hv. þingmann Vigdísi Hauksdóttur hvort hún telji að þeir fyrirvarar sem hér liggja fyrir um ríkisábyrgð geti hugsanlega kallað á að þessi grein verði virk og að í ljósi c-liðar 2. tölul. 6. gr. geti bæði Bretar og Hollendingar sótt sínar kröfur vegna þess sem þar stendur.

[18:08]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ekki einungis hefur allur réttur verið saminn af íslensku þjóðinni heldur eru ákvæði í samningnum sem hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir las upp þar sem einnig er sett á okkur skaðabótakrafa ef við getum ekki staðið í skilum með til dæmis þetta sem lesið var upp. Ef íslenska ríkið getur ekki staðið við þessar skuldbindingar sínar og það verður greiðslufall af einhverjum völdum verðum við skaðabótaskyld gagnvart lánveitendum okkar, sem eru í þessu tilfelli Bretar og Hollendingar. Því miður er ekki bara búið að binda okkur upp í tré einu sinni heldur tvisvar, þrisvar því að þegar skaðabótakröfuákvæði eru komin inn í lög sem þessi verða þau tafarlaust virk.

[18:09]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur skilning hennar á þessu ákvæði í c-lið 2. tölul. 6. gr.

Mig langar jafnframt að spyrja hana í beinu framhaldi um þá fyrirvara sem verið er að reyna að koma inn í frumvarpið varðandi ríkisábyrgðina. Ég spyr enn og aftur: Ef annað tveggja gerist, að viðsemjendur okkar samþykkja þá fyrirvara sem gerðir eru eða fella þá — og þá er samningurinn úr gildi vegna þess að Alþingi er ekki tilbúið til þess veita ríkisábyrgðina eins og hún er fram sett í frumvarpinu — virka þá þessi skaðabótaákvæði um að íslenska ríkið hafi ákveðið að ábyrgjast skaðleysi lánveitandans? Verður það virkt ef samningurinn (Forseti hringir.) sem slíkur eða ríkisábyrgðin verður einfaldlega felld?

[18:10]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta hangir allt saman. Í Icesave-samningnum er ákvæði um að til þess að hann verði virkur og taki gildi þarf ríkisábyrgðina þannig að þá þurfum við að stíga til baka með þetta. Hins vegar ef ríkisábyrgðin verður ekki veitt að fullu, við getum ekki staðið í skilum eða annað er þessi 6. gr., um ábyrgð og skaðleysi, alveg skýr. Þá er baktryggt að íslenska ríkið skuli greiða það sem upp á vantar og skaðabótakröfuna, sé ekki hægt að greiða það sem um var talað í upphafi. Þetta er alveg skýrt. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að benda á þetta því þetta er einn af mikilvægustu punktunum í því neikvæða ferli sem þessir samningar eru í.

[18:11]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Hv. þingmaður fór ágætlega yfir þetta stóra mál og nefndi ýmsa galla á því. Ég held að í stuttu máli getum við lýst því þannig að — ég ætla ekki að fara í aðdragandann eða Icesa-

ve-samninginn en frá því að við hófum að fjalla um þetta núna í sumar held ég að óhætt sé að segja að vinnubrögðin hafi einkennst af því að stjórnarandstaðan hefur þurft að toga nokkurn veginn hvert einasta skjal og hvert einasta mál út úr ríkisstjórninni.

Við sjáum það líka, og það er einlæg skoðun mín því meira sem ég skoða þetta mál, að þetta mál var keyrt í gegn til þess að afgreiða dekurmál og eina mál Samfylkingarinnar, aðild að Evrópusambandinu. Öllu var fórnað til þess að svo mætti verða. Þegar svona efnahagshrun verður eins og hér varð, þó að það sé ekki bundið við Ísland, finnst mér sjálfsagt að hugsa: Hvað gat maður gert betur í þeirri stöðu sem maður var sem þingmaður og takandi þátt í pólitík? Ég held að það sé alveg sama hvernig á þetta er litið, þetta mál er af hálfu ríkisstjórnarinnar, bæði hvernig það var höndlað í þinginu, aðdragandanum og varðandi samningana, í besta falli algjört klúður, svo maður noti nú ekki stór orð.

Framsóknarflokkurinn setti þessa ríkisstjórn af stað 1. febrúar. Ég vildi því spyrja hv. þingmann hvernig henni liði með það og sömuleiðis: Voru ekki settir neinir fyrirvarar við stuðning Framsóknarflokksins við ríkisstjórnina hvað þetta stóra mál varðaði á sínum (Forseti hringir.) tíma?

[18:13]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Það er ágætt að það komi fram hvernig að þessu var staðið, hinu svokallaða samstarfi sem var í raun og veru ekki samstarf heldur einstefna. Eins og hv. þingmaður e.t.v. veit lagði Framsóknarflokkurinn fram mjög metnaðarfullar efnahagstillögur í febrúar sem áttu að vera ákveðið innspil í þessa ríkisstjórn og eins og hv. þingmaður veit eru þær ekki enn þá komnar til framkvæmda af því að ríkisstjórninni hentaði ekki að hlusta á Framsóknarflokkinn.

Ég var ekki orðin þingmaður þá en formaður Framsóknarflokksins hefur sagt mér að þegar þetta kom upp á, þessi hugmynd um að Framsóknarflokkurinn mundi verja ríkisstjórnina falli til að hér mundi ekki ríkja mikil óöld í stjórnmálalífi, hafi hræðsluáróðurinn byrjað samstundis. Mér skilst að það hafi verið búið að boða til blaðamannafundar áður en búið var að samþykkja þetta samkomulag, svo mikill var asinn.

Framsóknarflokkurinn sér ekki eftir því að hafa stutt þessa ríkisstjórn eða varið hana falli en hann sér heldur ekki eftir að hafa ekki þegið ráðherrasæti í þessari ríkisstjórn, því að stemningin á þessum tíma var að hafa hér vinstri stjórn. Það voru erfiðar aðstæður. Framsóknarflokkurinn kom að þessu en miðað við hve lítið var hlustað á Framsóknarflokkinn á þessum tíma og miðað við á hvaða leið þessir stjórnmálaflokkar voru var svo sem ekki mikils að vænta. Framsóknarflokkurinn fékk þó sitt í gegn, þ.e. að kosningunum var flýtt. Ég held að það hafi verið hin mesta gæfa fyrir íslensku þjóðina að fá að kjósa þrátt fyrir að sú ríkisstjórn (Forseti hringir.) sem kom út úr kosningunum hafi ekki verið að mínu skapi.

[18:15]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það má færa rök fyrir því að ég ætti kannski að beina andsvari mínu til formanns Framsóknarflokksins. Hann kemur kannski og fer yfir þetta því að ég held að það sé mjög merkilegt og skynsamlegt og skipti máli að hér komi skýrt fram hvort hann var eitthvað skilyrtur, stuðningur Framsóknarflokksins við fyrrverandi ríkisstjórn, sem núna er meirihlutastjórn, við þetta einstaka mál. Ég held að vísu að í sögunni verði það álitin okkar mestu mistök eftir hrunið að fara í kosningar og stjórnarkreppu, og sú ríkisstjórn sem hér er mun fá skelfilegan dóm sögunnar af ástæðu. Hingað kom gamall krati, Göran Persson, og fór yfir þetta með Samfylkingunni, sagði að það væri tvennt sem hún mætti ekki gera, alls ekki fara í stjórnarkreppu og alls ekki fara í kosningar. Þar talaði maður af reynslu. Þessi vandræðagangur sem er núna kostar okkur tækifæri, (Forseti hringir.) krónur og aura á hverjum degi Þrátt fyrir að hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni sé skemmt yfir því er þjóðinni ekki skemmt yfir því ástandi sem er núna. (Gripið fram í.)

[18:17]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nú hef ég fengið tækifæri hér á milli til að eiga aðeins orðastað við formann Framsóknarflokksins því að hann var að sjálfsögðu fulltrúi okkar þarna. Það var eitt skilyrði, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, sem Framsóknarflokkurinn setti fyrir því að verja þessa stjórn falli og það var að sú ríkisstjórn mundi ekki samþykkja Icesave-samninginn.

Formaður Framsóknarflokksins lét hafa það eftir sér í kosningabaráttunni að Framsóknarflokkurinn mundi ekki taka þátt í þeirri ríkisstjórn sem mundi samþykkja Icesave. Þess vegna er mjög skrýtið að standa hér í dag og ræða Icesave. Þetta voru forsendurnar. Að auki voru okkar frábæru efnahagstillögur sem mér skilst að fái nú jafnvel aukið vægi. Það voru fréttir í gær um að Vinstri grænir væru farnir að huga mjög alvarlega að þeirri tillögu, t.d. að fella niður flatt 20% af húsnæðisskuldum. Við komumst (Forseti hringir.) alltaf að þótt síðar verði.

[18:18]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni alveg ágæta ræðu. Það var margt sem hún kom inn á með sanni.

Hins vegar bendi ég henni á að í 40. gr. stjórnarskrárinnar stendur, með leyfi forseta:

„Ekki má heldur taka lán […] nema samkvæmt lagaheimild.“

Það má ekki veita ríkisábyrgð nema samkvæmt lagaheimild. Það að eitthvert fólk úti í bæ segi í samningi að íslenska ríkið ábyrgist eitthvað hefur ekkert gildi fyrr en Alþingi er búið að samþykkja ríkisábyrgð. Það hefur ekkert gildi. Þó að breskir aðilar mundu segja að samningurinn væri svona og svona og gjaldfella hann gerðist ekki neitt. Það gerist ekki neitt nema að innlánstryggingarsjóðurinn verður að fara að borga einhver lifandis býsn og samningurinn er ógildur.

Alþingi verður að veita þessa ríkisábyrgð samkvæmt stjórnarskránni. Það má vel vera að Bretar séu ekki með þetta á hreinu vegna þess að þeir eiga ekki stjórnarskrá

sjálfir. Við eigum stjórnarskrá sem bannar útgreiðslur úr ríkissjóði nema með lögum frá Alþingi þar sem ríkisábyrgðin er ákveðin og við megum hafa hana eins og við viljum. Við getum t.d. sagt að Alþingi ábyrgist eina milljón vegna Icesave-samninganna og ekki krónu meir. Þá yrði það bara þannig.

Við getum líka sagt að þetta sé háð ákveðnum skilyrðum um landsframleiðslu eða aukningu landsframleiðslu, eins og skilyrðin gera ráð fyrir, og gildi bara á ákveðnu árabili, eins og skilyrðin gera ráð fyrir, og þá gildir það á Alþingi. Síðan geta menn sem gerðu þennan samning verið í því að rifta honum og gera það sem þeir vilja. En ríkisábyrgðin sem íslenska ríkið skuldbindur íslenska skattgreiðendur og íslenska ríkið til að greiða gildir samkvæmt þeim lögum sem Alþingi setur. Þau gilda þá ofar því sem þessi samningur segir. Við hv. þingmaður getum líka gert með okkur svona samning og sagt að íslenska ríkið ábyrgist hann (Forseti hringir.) en það hefur ekkert að segja.

[18:20]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir áminningu hans. Mig langar til að fara aðeins með þetta lengra og fá að lesa hér 40. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi forseta, en þar stendur:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.“

Þarna er þetta ákvæði alveg skýrt. Alþingi þarf að samþykkja ríkisábyrgð. Það má vel vera að Bretar hafi ekki gert sér grein fyrir því að Alþingi þyrfti að samþykkja ríkisábyrgð en samninganefndin hefði a.m.k. átt að geta gert sér það í hugarlund, enda er þetta komið hér inn á borðið sem staðfestir það aftur sem kom fram í umræðum í dag, það var með ólíkindum að ríkisstjórnin skyldi fara fram með þetta mál án þess að hafa fyrir því þingmeirihluta. Það var náttúrlega alveg vitað að þegar svona samningar kæmu heim og væru kallaðir glæsilegir og góðir yrði mikil andstaða við þá.

Mér hefur orðið svolítið tíðrætt um hótanirnar sem beint hefur verið að þingmönnum, óbeinar hótanir um að þetta gerist ef þetta gerist, ef a gerist þá gerist b og c og allt neikvætt og ómögulegt og svart. Það er sú hótun sem hefur gengið núna nokkuð lengi, bæði á þingi og í fjölmiðlum, að hér fari allt í kaldakol ef við veitum ekki þessa ríkisábyrgð. Hv. þingmaður kom vissulega inn á það, rétta punktinn í þessu máli. Það sem gerist er að Alþingi veitir ekki þessa ríkisábyrgð og það fyrsta sem Bretar gera þá er að tæma innstæðutryggingarsjóðinn og hirða það sem eftir er í Landsbankanum og fara svo í mál við okkur til að ná restinni.

Það verður ekki heimsendir þó að þessi ríkisábyrgð verði ekki veitt á þessum fölsku forsendum.

[18:22]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni aftur fyrir varðstöðu hennar því að við erum að gera hér mjög flókinn samning sem byggir á breskum lögum sem flestir þingmenn þekkja ekki. Það sem við höfum í hendi okkar er ríkisábyrgðin sjálf og hún er ákveðin hérna með lögum frá Alþingi og hún gildir gagnvart íslenskum ríkiskassa. Íslenskur ríkiskassi greiðir ekki meira út en Alþingi ákveður með lögum. Það gildir.

Ég tek undir það með hv. þingmanni, þetta er að sjálfsögðu nauðungarsamningur sem við höfum gert og það er búið að beita okkur miklum þrýstingi. Það væri mjög áhugavert ef við hv. þingmaður mundum reyna að finna út úr því hvernig við gætum upplýst alþjóð um þá nauðung, t.d. á gjaldeyrismarkaði fyrstu 2–3 mánuðina eftir fall. Það væri mjög áhugavert, sérstaklega fyrir erlend ríki að heyra það. Ég hef sagt það við erlenda þingmenn og þeir bara segja mér að það geti ekki verið, ég sé að segja sögur.

[18:24]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal enn á ný fyrir. Við erum oft sammála í þinginu og hef ég afar gaman af því. Við erum að hugsa á sömu bylgjulengd um ýmis mál sem hér eru til umræðu.

Ég get ekki ráðlagt neinum um það hvernig við eigum að fara að því að kynna þessi mál. Ríkisstjórnin átti plan í mars 2007. Það var nú ekki til sparað í kynningarferðunum þá úti um allan heim til að segja heimsbyggðinni að bankarnir hér væru allir í blóma og gott ef Bessastaðabóndinn var ekki með í för. Það er kannski sneypulegt að koma hér ári síðar og segja að hér sé allt hrunið, en ég ber virðingu fyrir hv. þm. Pétri Blöndal því að hann skrifaði grein á íslensku og lét þýða til birtingar í fleiri erlendum blöðum til að sýna fram á þann vanda sem við þingmenn erum í hér á Íslandi og ekki síst íslenska þjóðin og í hvaða tilvistarkreppu við erum með þau stjórnvöld sem nú ríkja sem sjá ekkert annað en að skuldsetja þjóðina algjörlega niður (Forseti hringir.) á botnfrost.

[18:25]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):

Frú forseti. Það er ekki ofsagt að þau mál sem þessi ríkisstjórn hefur haft á sínu borði eru bæði stór og umdeild, bæði innan þings og utan. En þingmenn eru kjörnir til að leysa mál og finna þeim farveg og það er einmitt það sem við erum að gera, nú þegar við fjöllum um ríkisábyrgð vegna hins svokallaða Icesave-máls. Eins og fram hefur komið í umræðunni er um að ræða lánasamninga milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og íslenska ríkisins annars vegar og Hollands og Bretlands hins vegar sem voru undirritaðir þann 5. júní sl. Samninganefndin hafði í farteskinu ályktun Alþingis frá 5. desember sl. og byggði umboð sitt til viðræðna á henni en þar var ríkisstjórninni falið að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu. Grundvöllurinn voru hin sameiginlegu viðmið sem aðilar höfðu komið sér saman um og samkomulag náðist um í Brussel um miðjan nóvember, en þar kemur fram að Ísland muni ábyrgjast lágmarkstryggingu innstæðueigenda í útibúum bankanna erlendis og að í viðræðum um fjárhagsaðstoð skuli tekið tillit til hinna

erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í. Þetta voru þær gagnkvæmu forsendur sem allir samningsaðilar byggðu á í viðræðum um lausn málsins.

Töluverð gagnrýni hefur verið á samninganefndina og því haldið fram að samningurinn sem hún kom með heim sé ekki góður. Því er ég ekki sammála og tel ég að samninganefndin hafi unnið gott starf í afar erfiðum aðstæðum. (**SDG:** En af hverju fyrirvara?) Í svona gríðarlega stóru máli er auðvelt að gagnrýna, en það er oft auðveldara um að tala en í að komast. Svo má líka velta fyrir sér hvort hægt sé að tala um eitthvað gott yfir höfuð í slíkum aðstæðum sem uppi eru hjá þjóð sem stóð frammi fyrir þeim ósköpum er yfir dundu í haust.

Frágangur þessarar ríkisábyrgðar er nauðsynlegur til að við getum hafið endurreisn íslensks efnahagslífs og atvinnulífs. Icesave-samningurinn er þjóðinni vissulega erfiður og lærdómurinn sem af honum má draga er sá að eigendur bankanna hirða hagnaðinn en við skattborgararnir tapið. Hlutverk stjórnmálamanna er að tryggja að ekkert slíkt geti komið fyrir aftur og tryggja eftirlit hlutlausra stofnana fyrir hönd almennings.

Frú forseti. Fjárlaganefnd hefur borið hitann og þungann af vinnunni við frumvarpið en ákveðnum hlutum þess var vísað til efnahags- og skattanefndar og utanríkismálanefndar til umsagnar. Vil ég hér nota tækifærið og þakka formanni og sitjandi varaformanni fjárlaganefndar fyrir framúrskarandi gott starf. Eins og hér kom fram í dag hjá Þór Saari var unnið þrekvirki af hálfu þeirra og verð ég að taka undir það. Ég vil einnig þakka félögum mínum í nefndinni sem lögðust á eitt um að ná breiðri samstöðu og sátt í málinu og voru margir sem komu að því í lokin, þ.e. áður en það kom inn í þingið aftur. Þar sem málið er mjög viðamikið hvíldi einnig afar mikil vinna á riturum nefndarinnar sem ber að þakka sérstaklega.

Það er ekki neinum vafa undirorpið að málið er viðamikið og ógrynni af álitum og gögnum kom fyrir nefndirnar. Málið er flókið og umræðan úti í samfélaginu hefur á tíðum endurspeglað það, auk þess litast hún af réttlátri reiði gagnvart þeim sem komu okkur í þessa stöðu. Það má ekki gleymast að stjórnvöld ítrekuðu nokkrum sinnum í aðdraganda bankahrunsins að þau mundu standa við skuldbindingar sínar samkvæmt tilskipun 94/19/EB og að þau mundu styðja við tryggingarsjóðinn ef þörf krefði. Viðsemjendur höfnuðu þessari afstöðu eða lagatúlkun, öll ESB-ríkin höfnuðu henni og Noregur líka.

Auk þess reyndu stjórnvöld allar leiðir til að komast undan því að skuldbindingarnar lentu á okkur, íslenskum skattborgurum, og var því haldið fram af Íslands hálfu að skuldbindingin ætti eingöngu við um lágmarkstryggingu ef ekki væri um kerfishrun að ræða eins og varð á Íslandi. Dómstólaleiðin var reynd, en það er að öllu jöfnu óumdeild meginregla þjóðaréttar að allir málsaðilar verða að samþykkja að leggja málið í dóm. Þessu höfnuðu viðsemjendur okkar.

Allar leiðir nema sú sem var farin reyndust því miður ófærar og hin pólitíska niðurstaða er því þessi samningur sem við fjöllum hér um ríkisábyrgð á. Hér eins og annars staðar réðu hagsmunir almennings því að ríkisvaldið tók á sig ábyrgð, jafnvel umfram lagalega skyldu, til að verja jafnnauðsynlega þætti samfélagsins og fjármálastofnanir eru. Hin siðferðilega nálgun snýr að hinu nýja Íslandi sem margir vilja reisa eftir hrun. Á græðgisvæðingin, sem kippti úr sambandi grunngildum samfélagsins hjá hluta þjóðarinnar, að víkja fyrir orðheldni og trausti í samskiptum manna, hvort heldur er í viðskiptum eða öðrum daglegum verkum? Nægja lögin ein og sér eða er það svo að óskráð gildi á borð við mannasiði verða að fylgja með? Nú er komið að því að taka ákvörðun og sýna það og sanna að við erum þjóð sem stendur við skuldbindingar sínar.

Frú forseti. Eitt af því mikilvæga í breytingartillögunum er að tekið skal tillit til „hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt“. Annað afar mikilvægt atriði er hinn sjö ára greiðslufrestur sem náðist milli samninganefndanna, en á þessum árum er gert ráð fyrir því að eignir Landsbanka Íslands gangi upp í höfuðstól lánanna og er gert ráð fyrir að þær standi undir u.þ.b. 75% af kröfunum. Því skal haldið til haga að Seðlabanki Íslands, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og fjármálaráðuneytið komust að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið geti staðið undir greiðslum reyni á ábyrgðina.

Það er ljóst að óvissa felst í sumum af forsendum samningsins en í því má minna á að fæstir geta líklega spáð fyrir um nokkurn skapaðan hlut eftir sjö ár. Ég tel að með þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir séum við að tryggja okkur enn frekar fyrir þessari óvissu sem illa verður í ráðið.

Þessi tími ætti auk þess að vera nægjanlegur til að leysa úr málinu fyrir Evrópudómstólnum og ákveða rétta tilhögun á málum þegar innlánstryggingarkerfi í heimalandi hefur ekki yfir nægjanlegu fjármagni að ráða til að greiða út allar innlánskröfur. En stjórnvöld verða líka að nýta þennan tíma til að gera allt til þess að íslensk þjóð þurfi ekki að greiða það sem upp á vantar þegar eignir þrotabús Landsbankans hafa verið innheimtar. Í 8. gr. breytingartillagnanna er ríkisstjórninni gert að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana sem þarf til að endurheimta það fé sem safnaðist inn á Icesave-reikningana og fær frest til 15. september til að leita samstarfs við Breta, Hollendinga og Evrópusambandið til að rekja hvert innstæðurnar af Icesave-reikningunum voru fluttar. Það tel ég mjög mikilvægt. Að hafna samningnum býður upp á mikla óvissu í efnahagslífinu og engan veginn er hægt að ætla að betri kjör verði í boði. Undir liggja m.a. lánasamningar við Norðurlönd og endurskoðun hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem við þurfum til að hefja hér uppbyggingu á norrænu velferðarsamfélagi. Við stöndum nefnilega frammi fyrir því að skortur er á trausti í alþjóðasamfélaginu sem hefur komið fram í ýmsum myndum, t.d. þegar Norræni fjárfestingarbankinn hætti að lána íslenskum fyrirtækjum.

Við þurfum að vinna hratt að því að létta á gjaldeyrishöftum og auka flæði fjármagns til fyrirtækja, en liður í því er að ganga frá þessari ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Undir þetta hafa forsvarsmenn atvinnulífsins og verkalýðsforustunnar tekið og segja að uppbyggingin fram undan sé því háð. Ekki má heldur líta fram hjá því að hluti af Icesave-innstæðunum fór í neyslu og fjárfestingu á Íslandi á undanförnum árum.

Í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um siðferðileg álitaefni stendur, með leyfi forseta:

„Ísland er sjálfstæð þjóð sem verður að taka ábyrgð á gerðum sínum.“

Það er viðurkennt að íslensk stjórnvöld og eftirlitsstofnanir bera jafnt með ýmsum aðgerðum og aðgerðaleysi ákveðna ábyrgð á því efnahagshruni sem hér varð og eru málefni Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. þar ekki undanskilin.

„Íslendingar bera sjálfir ábyrgð á því að leysa úr þeim vanda sem við er að glíma. Íslendingar þurfa að endurnýja traust annarra ríkja á landinu og koma aftur á eðlilegum viðskiptum við aðrar þjóðir. Samþykkt ríkisábyrgðar þeirrar sem hér um ræðir er að mati meiri hlutans ein af forsendum þess að slíkt takist. “

Við teljum að með þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir séum við að styrkja ákveðna þætti samningsins, bæði hvað varðar lagalegu og efnahagslegu hliðina, og staðfestum um leið að við komum fram á sanngjarnan hátt við erlenda sparifjáreigendur og ætlum að standa við skuldbindingar okkar.

Frú forseti. Ég tel að engum stjórnmálamanni þyki ljúft að þurfa að afgreiða þennan Icesave-samning, og allra síst okkur í Vinstri grænum og þeim sem mestan þungann ber í málinu, hæstv. fjármálaráðherra Steingrími J. Sigfússyni. Það breytir því þó ekki að málið þarf að leiða til lykta, þótt bæði vont og umdeilt sé, og það tel ég ekki eftir mér að gera og hvet alla þingmenn til að taka þátt í því í sameiningu að afgreiða málið enda varðar það framtíð allra Íslendinga.

[18:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir vel flutta ræðu. Ég vil spyrja þriggja spurninga.

Í fyrsta lagi talaði hv. þingmaður um að þetta væri góður samningur. Fyrsta spurningin er hvort einhver ástæða sé til að breyta honum eins og við erum að gera.

Í annan stað talaði hv. þingmaður um, og ég er sammála honum um það, að við eigum ekki að vera með kerfi þar sem eigendur græða en skattgreiðendur tapa og ég vil koma í veg fyrir það. Ég spyr hvort hv. þingmaður sjái einhverja aðra leið en að ganga úr EES-samningnum til að ná því fram.

Í þriðja lagi vil ég spyrja hv. þingmann, af því að hún segir að lánasamningar við Norðurlöndin hangi á þessu máli. Nú hefur komið fram að Pólverjar og Færeyingar setji engin slík skilyrði, og af því að við erum að tala um siðferðileg málefni, finnst hv. þingmanni það rétt af þessum nágrönnum okkar og vinaþjóðum að taka afstöðu með Bretum, Hollendingum og Evrópusambandinu (Forseti hringir.) í þessu mikla deilumáli?

[18:36]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór fyrir spurningarnar.

Hann spyr um ástæðuna til að breyta samningnum. Ég tel að við séum ekki að breyta honum. Ég lít svo á að við séum að styrkja ákvæðin sem þar eru undir og hlustaði þar á ansi marga lögfræðinga segja okkur að þeir teldu ekki, eins og hér hefur verið haldið fram, að verið væri að fella samninginn heldur sé verið að styrkja þar ákveðin lagaákvæði og þau rúmist þar inni.

Varðandi aðra spurninguna um EES þá ætla ég að játa það að ég get ekki svarað henni af því að ég hef ekki kynnt mér það hvort það sé eina leiðin en ég tel það alls ekki vera einu leiðina, af því að ég lít svo á að alltaf séu fleiri en ein leið í málum yfirleitt.

Um afstöðu til lána vinaþjóða segi ég: Er eðlilegt að þjóð sem segir að hún ætli ekki að standa við skuldbindingar sínar sé lánað? Ég lít ekki svo á. Þess vegna skil ég vel afstöðu þeirra.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill minna þingmenn á að nefna hv. þingmenn fullu nafni.)

[18:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir skýr svör og mættu stjórnarliðar taka hv. þingmann sér til fyrirmyndar, ég tala nú ekki um þann sem situr við endann og er hæstv. fjármálaráðherra.

Málið er einfalt, virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að við erum í þessu máli er að við erum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta hefur ekkert með einkavæðingu banka að gera eða neitt slíkt, þetta er bara vegna þess að við erum á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég veit ekki hvaða leiðir menn hafa til að komast frá þessari innstæðutryggingartilskipun, kannski veit hv. þingmaður það.

Svar hv. þingmanns um að ekki sé verið að breyta samningnum og þetta sé í rauninni eiginlega engin breyting — það mun hafa áhrif á afstöðu mína í málinu þegar maður heyrir hvernig stjórnarliðar tala hér. Það er ekki annað hægt og það eru mér mikil vonbrigði. Að telja það siðlegt að taka afstöðu þegar verið er að beita okkur valdi, (Forseti hringir.) frændþjóðir okkar eru að gera það, veldur mér mjög miklum vonbrigðum og að hér sé fólk á Alþingi Íslendinga sem finnst það rétt og eðlilegt. (Forseti hringir.) Ég vona að við munum aldrei koma svona fram við þær þjóðir sem eru minni og fámennari en við.

[18:38]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni innlegg hennar og mig langar að spyrja hana tveggja spurninga.

Telur hún að sá samningur sem liggur fyrir uppfylli þær kröfur sem settar voru þann 5. desember 2008 og tóku mið og áttu að taka mið af hinni sérstöku og fordæmislausu stöðu sem upp var komin á Íslandi og þá frekar með ívilnandi hætti en íþyngjandi?

Í öðru lagi langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hún telji að verði þeir fyrirvarar sem settir eru við ríkisábyrgð, umbeðinni ríkisábyrgð, samþykktir verði skaðabótaábyrgð ríkisins virk samkvæmt c-lið 6. gr. samningsins við Holland og Bretland?

[18:39]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Ég þakka hv. þingmanni spurningarnar. Hvað varðar

fyrri spurninguna um að taka tillit til aðstæðna, þ.e. samningsins eða þingsályktunarinnar, er væntanlega átt við, sem gerð var hér í haust, þá lít ég svo á að það sem við erum að fjalla um í dag nái yfir það, já, ég geri það. Þess vegna er ég tilbúin til þess að fallast á hann með þeim skilmálum og því sem hér er lagt til, þ.e. þeim breytingum til að styrkja hann enn frekar og ég tel að með því séum við að verja stöðu okkar enn betur.

Varðandi seinni spurninguna bið ég hv. þingmann um að endurtaka hana af því að ég náði henni ekki.

[18:40]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er ábyrgð og skaðleysi sem íslenska ríkið ákveður að fara að standa við. Ef c-liðurinn eða í raun allir liðirnir a, b og c — verði þeir fyrirvarar sem eru á umbeðinni ríkisábyrgð samþykktir þá spyr ég hvort hv. þingmaður telji að þá verði samhliða virk skaðabótakrafa á hendur íslenska ríkinu samkvæmt þessum greinum?

[18:41]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr um skaðabótaákvæðið. Ég tel að ef við samþykkjum ríkisábyrgð sem við erum að gera og samningurinn hangir við, þá geri ég ráð fyrir að við stöndum við þennan samning og það leiði af sér að ekki komi til þessarar — þ.e. að virknin verði ekki sú á meðan við stöndum skil á því sem við erum að gera. Við erum auðvitað að leggja til að við stöndum við þær skuldbindingar. Við erum ekki að leggja til að við gerum það ekki og gera okkur hugsanlega skaðabótaskyld. Við erum að leggja til að við samþykkjum þennan samning, þ.e. þessa ríkisábyrgð sem samningurinn hangir við, og þar af leiðandi sé þessi skaðabótaskylda ekki virk.

[18:42]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Forseti. Ég þakka hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttur fyrir efnismikla ræðu, ágætlega samda og vel flutta þó að ég sé ekki endilega sammála öllu innihaldinu. Mikið er rætt um í tengslum við allt þetta mál að það að verða við þeirri ósk sem í frumvarpi ríkisstjórnarinnar liggur um ríkisábyrgðina — ég fer örugglega rétt með vitnað í hv. þingmann, að hún teldi að það að verða við óskinni um ríkisábyrgðina væri liður í því að tryggja endurreisn íslensks efnahagslífs og sá tónn að svo sé er mikið í umræðunni.

Ég vildi gjarnan heyra hvernig við ætlum að ná því ágæta markmiði fram, hvernig ríkisábyrgðin er liður í því að tryggja endurreisnina.

[18:43]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni fyrir spurninguna.

Ég tel að með því að veita þessa ríkisábyrgð — eins og sagði í ræðu minni og margoft hefur komið fram í umræðunni þá er það forsenda fyrir m.a. endurskoðunarákvæði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum varðandi lánalínur og samskipti okkar við Norðurlöndin og önnur lönd, það er hluti af því sem þarf að gerast. Það er bara svoleiðis hvort sem við viljum tala um það upphátt eða ekki. Það er samt sem áður þannig að þetta hangir saman og það hefur komið ítrekað fram í samskiptum við þá aðila sem um þessi mál fjalla og komið hefur fram í ræðum á þingi hjá stjórnarliðum að þetta hangi saman við það að (Forseti hringir.) geta haldið áfram eða byrjað öllu heldur að endurreisa efnahagslífið.

[18:44]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fæ þetta einfaldlega ekki til að ganga upp í kollinum á mér og það kann að vera einhver þverbrestur þar í gagnvart þessari röksemdafærslu því að upplýst hefur verið að fyrirgreiðsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Norðurlandanna á ekki að nýta til annarra verka en þeirra að leggja inn í gjaldeyrisvarasjóð landsins. Ég sé því ekki alveg samhengið á milli þessa en það hefur oft verið nýtt í stórum málum hér á undanförnum missirum að tiltaka að þetta eigi að reisa okkur við og efla traustið. Við getum nefnt sem dæmi hvað átti að gerast þegar skipt var um yfirstjórnina í Seðlabankanum, þegar við værum búin að sækja um Evrópusambandið og nú kemur þetta líka með Icesave-samningunum.

Hvað um það. Ég vildi líka gjarnan heyra frá hv. þingmanni skoðun hennar á því hvað felist í þeim skuldbindingum sem hv. þingmaður talar um að við sem þjóð verðum að sýna að við stöndum við. Hverjar eru þær skuldbindingar nákvæmlega (Forseti hringir.) sem hún telur að þarna liggi fyrir?

[18:45]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Svo því sé haldið til haga enn og aftur hafa Samtök atvinnulífsins líka, eins og ég kom inn á áðan — Vilhjálmur Egilsson hefur m.a. lýst því yfir opinberlega og verkalýðsforustan tekið undir að þetta þurfi að gerast til að atvinnulífið fái þá fyrirgreiðslu sem þarf til að hjólin fari að snúast. Ég verð að taka undir það og ég tek mark á því sem þar er sagt um að atvinnulífið grætur yfir því að hafa ekki opnar fyrirgreiðslur. Ég held að skuldbindingarnar sem við erum að gangast undir sýni að við stöndum okkur í alþjóðlegu samfélagi, að við sýnum þá ábyrgð að við séum tilbúin til að standa við það sem okkur ber (Forseti hringir.) og ég tel að okkur beri að gera þetta.

[18:46]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur fyrir ágæta ræðu. Ég hjó eftir einu sem ég fæ ekki alveg til að ganga upp. Hv. þingmaður segir í ræðu sinni að samningarnir séu góðir og bætir síðan við að fyrirvararnir séu til að styrkja samninginn.

Nú er það svo að samningurinn og fyrirvararnir eða ríkisábyrgðin eru tveir aðskildir gjörningar, annað er ríkisábyrgð sem löggjafinn samþykkir og hitt er einkasamningur við tryggingarsjóðinn. Virtir lögfræðingar, Ragnar Hall og Stefán Már prófessor hafa talað um að það beri að taka

samninginn upp í kjölfarið vegna þess að forsendur hans bresti með þessum breytingum á fyrirvaranum. Ég fæ það því ekki alveg (Forseti hringir.) til að ganga upp hvernig þingmaðurinn kemst að þeirri niðurstöðu að samningarnir séu góðir og fyrirvararnir styrki þá.

[18:48]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni fyrir þessa hugleiðingu. Við vitum öll sem hér sitjum og stöndum að samningurinn og ríkisábyrgðin hanga saman. Góðan samning má eflaust gera enn betri, ekki satt? Þrátt fyrir að þetta sé ríkisábyrgð er hún til þess fallin að styrkja þau ákvæði sem í samningnum eru þar sem ábyrgðin tekur ekki gildi nema við samþykkjum hana og samningurinn ekki heldur. Af því að hv. þingmaður nefndi lögfræðinga þá vitum við líka að fimm lögfræðingateymi aðstoðuðu okkur á síðustu metrunum og þeir eru ekki á sömu skoðun og þeir lögmenn sem hér voru nefndir. Þeir telja að þessi samningur sé ekki (Forseti hringir.) fallinn úr gildi þrátt fyrir að þessir fyrirvarar séu settir og ég tek þá ákvörðun að trúa þeim.

[18:49]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður er væntanlega að vísa í lögfræðinga — annar var aðstoðarmaður hjá Vinstri grænum og hinn er mikið notaður af þeim. Gott og vel.

Mig langar til að fylgja þessu eftir með hvað séu góðir samningar. Við skulum láta liggja milli hluta þessa túlkun hv. þingmanns en eru það góðir samningar sem Íslendingar neyðast til að skrifa upp á þótt alls óvíst sé að þeim beri lagaleg skylda til þess? Eru það góðir samningar sem skapa svo mikla óvissu að þjóðfélagið steypist á hvolf heilt sumar við að reyna að krafsa sig út úr þeim samningum og að lokum er (Forseti hringir.) fundin upp leið með fyrirvörum sem gefur okkur fjallabaksleið út úr ósómanum? Eru það góðir samningar?

[18:50]

Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er ekki sammála hv. þingmanni um að hér hafi allt farið á hvolf í sumar. Þó að við þingmenn höfum setið inni í sumar og rætt þetta mál tel ég ekki að þjóðfélagið sem slíkt hafi farið á hvolf.

Varðandi lögmenn Vinstri grænna sem hér var vitnað til, þá er ég að tala um Eirík Tómasson sem fór fyrir lögfræðingateymi sem fjárlaganefnd fékk með sér á síðustu metrunum. Síðast þegar ég vissi var hann ekki félagsmaður í Vinstri grænum, svo því sé haldið til haga, eða aðrir þeir sem í þessu lögfræðingateymi voru.

Ég segi enn og aftur að samningurinn er góður að mínu viti. Það þurfti að samræma skoðanir fólks og í svo stóru máli sem þetta Icesave-mál er er ástæða til að gera það ef þess er nokkur kostur. Þessi þinglega leið var eðlileg (Forseti hringir.) til að meðferð málsins fengi að gilda og ég sé enga ástæðu til að halda því fram að samningurinn sé slæmur fyrir vikið.

[18:52]

Oddný G. Harðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Undanfarnar vikur hefur verið unnið ötullega að því að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Gerðar hafa verið nauðsynlegar aðgerðir í ríkisfjármálum og endurskoðun stendur yfir á peningastefnu, sáttmáli hefur verið gerður á vinnumarkaði og unnið er að bættum samskiptum við aðrar þjóðir. Allt þetta þarf að vinna saman til að íslenskt efnahagslíf komist hratt upp úr þeirri lægð sem það er í nú. Verkefnið er stórt og nokkuð tyrfið en ekki óvinnandi. Fjölgun starfa og aðgerðir til að greiða fyrir því að arðvænleg fyrirtæki vilji festa hér rætur ásamt stöðugleikasáttmála á vinnumarkaði eru lykilskref og góð samskipti Íslands við aðrar þjóðir eru einn af hornsteinum endurreisnarinnar. Áföll undanfarinna mánaða hafa grafið undan því trausti sem Íslendingar nutu í alþjóðlegu samstarfi og það traust verðum við að vinna að nýju.

Óvissa hefur tafið fyrir endurreisnarferlinu. Einkum hefur óvissan um lausn Icesave-deilunnar valdið töfum og þar með getgátunar um hvort Íslendingar ætli yfir höfuð að standa við skuldbindingar sínar. Slíkar vangaveltur hafa skaðað ímynd landsins og kynt undir efasemdum um hvort það sé áhættunnar virði að eiga viðskipti við Íslendinga. Þessu verður að linna. Við þurfum á góðri umsögn alþjóðasamfélagsins að halda. Við erum ekki skúrkar heldur heiðarleg og stolt þjóð sem stendur við orð sín, þjóð sem axlar ábyrgð á mistökum sínum og verkum sem unnin hafa verið í hennar nafni. Við þurfum að horfast í augu við að það voru Íslendingar sem með athöfnum sínum sköðuðu orðspor þjóðarinnar og við getum ekki þvegið hendur okkar af því. Við skulum takast á við erfiðleika af staðfestu og metnaði og mæta hnarreist öðrum þjóðum á jafnréttisgrundvelli. Lykilatriðið er þó að við bætum fyrir gerðir okkar, hafi okkur borið af leið. Stjórnvöld verða að ganga frá samningum um skuldbindingar Íslands vegna Icesave sem fyrst. Það er ekki umflúið og aðrir kostir munu aðeins leiða til enn meiri erfiðleika þjóðarinnar í formi kostnaðar vegna lægra gengis, lengra tímabils gjaldeyrishafta, hærra vaxtaálags á erlend lán og vantrausts umheimsins á Íslendingum. Allt hefur þetta slæm áhrif á atvinnulíf, velferð þjóðarinnar og lífskjör. Það er því verulega jákvætt að komið sé að því að leysa deiluna um Icesave-skuldbindingarnar með farsælum hætti.

Deilan við Breta og Hollendinga hefur verið hörð og staðið of lengi. Lausn er í sjónmáli með þeim samningum sem gerðir hafa verið og því frumvarpi um ríkisábyrgð sem hér er til umræðu. Eins og komið hefur fram gera samningarnir ráð fyrir að Ísland fái sjö ára tímabil án þess að leggja til fjármagn og taki síðan á þeirri stöðu sem uppi verður þegar búið verður að greiða upp í skuldina með eigum Landsbankans. Hvað þær eignir duga er ekki fullljóst á þessari stundu þótt miðað sé við í forsendum fyrir mati á greiðslugetu að þær dugi fyrir 75% skuldanna. Vaxtakjörin eru ásættanleg og sjö ára tímabilið verður að nýta af skynsemi og festu í fjármálum ríkisins og opinberra aðila.

Frú forseti. Umræðan um Icesave-samningana hefur snúist um hagfræði, lögfræði, siðfræði og pólitík. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar eru forsendur þess að Alþingi veiti ríkisábyrgð þá sem gerir

samningana gilda að staða Íslands sem fullvalda ríkis sé virt og ekki verði haggað við óskoruðum yfirráðum Íslands yfir náttúruauðlindum landsins. Einnig er forsenda ábyrgðarinnar að lánasamningarnir verði túlkaðir í samræmi við hin umsömdu viðmið sem samþykkt voru milli Íslands, Evrópusambandsins og hlutaðeigandi aðildarríkja um að tekið verði tillit til þeirra fordæmalausu aðstæðna sem Ísland glímir við og ráðstafanir verði gerðar sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagslíf sitt. Í því felst m.a. það mikilvæga atriði að orðið verði við rökstuddri og málefnalegri beiðni Íslands um endurskoðun samninganna samkvæmt ákvæðum þeirra. Í samningunum eru ákvæði um endurskoðun ef aðstæður hafa breyst lántaka verulega í óhag sem samkvæmt upplýsingum fjárlaganefndar eigi sér engin dæmi í lánasamningum. Allt umhverfi málsins hefur verið óvissu undirorpið, ekki síst hið efnahagslega. Nauðsynlegt þótti því að leggja til að settir yrðu við ríkisábyrgðina fyrirvarar sem virkja endurskoðunarákvæði samninganna og að viðræður fari fram við viðsemjendur sem leiði til niðurstöðu jafnvel þótt í áliti Seðlabankans, fjármálaráðuneytisins og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands hafi komið fram það mat að Ísland hafi alla burði til að standa undir skuldbindingum sínum.

Fyrirvararnir verja okkur fyrir hugsanlegum áföllum. Þeir eru sanngjarnir þar sem ljóst er að óvissa ríkir um lykilþætti, svo sem endurheimtuhlutfall eigna Landsbankans, þróun hagvaxtar sem hefur áhrif á tekjuöflun ríkissjóðs, þróun útflutningstekna, sem hefur áhrif á aðgang að vöru og þjónustuviðskiptum, og gengi krónunnar og gengisþróun hér og í öðrum löndum. Allir þessir þættir eru síðan háðir framvindu efnahagsmála á heimsvísu en sú framvinda er einnig óvissu undirorpin.

Í því augnamiði að lágmarka þá áhættu fyrir Ísland sem samningarnir bera með sér eru efnahagslegu viðmiðin sett fram sem breytingartillaga við frumvarpið. Margsinnis hefur komið fram í umræðunni undanfarna mánuði að Íslendingar hafa staðfastlega haldið því fram að vafi léki á því hvort evrópska tilskipunin um Tryggingarsjóð innstæðueigenda eigi við þegar um kerfishrun er að ræða og þar með ríkisábyrgð á láni til sjóðanna. Úr þessu hefur ekki verið skorið með afgerandi hætti.

Einnig greinir lögmenn á um skiptingu eigna við uppgjör Landsbankans og þá helst hvort kröfur tryggingarsjóðsins gangi einar fremstar eða hvort kröfur hans séu hliðstæðar öðrum forgangskröfum. Þegar lagaleg óvissa ríkir um slík hagsmunamál sem hér um ræðir er sanngjarnt að þeirri óvissu verði eytt með þar til bærum úrlausnaraðilum. Af þeirri ástæðu eru lagalegu viðmiðin sett fram í breytingartillögunum.

Frú forseti. Siðferðislegu álitamálin eru Íslendingum þungbærust. Vegna þess hvernig eigendur bankanna höguðu sér og hvernig þeir spiluðu með heiðarlega menn af mörgum þjóðernum hefur ímynd þjóðarinnar laskast. Við höfum goldið afhroð og orðið fyrir tjóni í beinhörðum peningum en einnig orðið fyrir siðferðislegu tjóni. Sú lágkúra sem umlék fjármálaumsvif Íslendinga á síðasta áratug hefur sett mark sitt á þjóðina og hún stendur frammi fyrir erfiðu uppgjöri. Það er réttlætismál að ráðstafanir verði gerðar til að þeir sem bera ábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast hafa verði látnir greiða fyrir það tjón.

Ljóst er að margt misjafnt hefur komið í ljós í rústum fjármálakerfisins. Svo virðist sem spilling hafi verið meiri og víðtækari en nokkurn óraði fyrir en um slíkt munu dómstólar landsins væntanlega fjalla á næstu missirum. Við blasir sú bitra staðreynd að okkur hefur borið illilega af leið í uppbyggingu fjármála- og bankakerfis og við verðum sem þjóð að endurmeta stöðu okkar og áherslur. Þjóðin þarf að taka til í sínum ranni, endurnýja gamla eiða, fyrirheit og góð gildi og styrkja kúrsinn á ný. Svona atburðir mega aldrei endurtaka sig og það er í þessu ljósi sem sú sem hér stendur vill að þjóðin nálgist úrlausnarefnin, þar á meðal lausn deilunnar um Icesave-samningana. Þær pólitísku áherslur eru lagðar að stigin verði skref sem skapa íslenska efnahagslífinu trúverðugleika að nýju. Með því að ganga frá samningum um skuldbindingar okkar gagnvart Bretum og Hollendingum sendum við ótvíræð skilaboð um að við vitum hvert við stefnum og afleiðingarnar verða þær að lánshæfi okkar batnar.

Nú er það svo að margar efnahagsstærðir, t.d. raungengi og verðbólga, eru háðar því hvernig staðið er að stjórn efnahagsmála. Sýna þarf staðfestu og aga í ríkisfjármálum. Samningar um skuldbindingar vegna Icesave einir og sér nægja ekki við endurreisn efnahagslífsins en þeir eru nauðsynlegir til að hrinda úr vegi hindrunum svo endurreisnarferlið geti gengið farsællega. Það ætti að vera markmið og heit allra hv. þingmanna.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum þakka formanni fjárlaganefndar, hv. þm. Guðbjarti Hannessyni, fyrir góð störf en hann lagði frá fyrsta degi vinnunnar í nefndinni áherslu á að ná niðurstöðu í þverpólitískri sátt. Þar náðist góður árangur þótt framsóknarmenn hafi ákveðið að standa einir og sér. Einnig vil ég þakka öðrum hv. þingmönnum sem skipuðu nefndina úr öllum stjórnmálaflokkum fyrir gott en fyrst og fremst lærdómsríkt samstarf. Starfsmönnum nefndasviðs færi ég þakkir fyrir störf þeirra og einstaklega góða viðkynningu.

[19:02]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Ég verð að viðurkenna að ég man ekki eftir, allavega í einhvern tíma, að hafa heyrt þingmann eða aðra tala jafn vel um Icesave-samkomulagið og hv. þingmaður gerði. T.d. setningin „vaxtakjörin ásættanleg“. Þetta er umhugsunarefni.

Það sem vakti athygli mína var nálgun þingmannsins. Hún talaði mikið um siðferðileg álitaefni og hve mikil ábyrgð okkar Íslendinga væri. Nú erum við að fara í gegnum ákveðna hluti, þ.e. bankahrunið sem varð ekki bara hér heldur líka annars staðar, það er ljóst að margt fór mjög miður og við þurfum að taka sérstaklega á þeim þáttum.

Þetta mál snýst hins vegar ekkert um það. Þetta snýst um að við erum partur af reglugerðarverki Evrópusambandsins og þess vegna erum við í þessari stöðu. Þetta snýst um það að stóru Evrópuríkin eru búin að taka okkur í þumalskrúfu og beita valdi sínu og afli. Ég spyr hv. þingmann: Skiptir þetta nákvæmlega engu máli? Ég gat ekki heyrt annað hjá hv. þingmanni en að þær þjóðir sem við deilum

við hefðu rétt fyrir sér varðandi innstæðutryggingarnar og það sem snýr að þessu evrópska samstarfi. Þetta veldur mér miklum áhyggjum. Ég vil fá skýrt fram frá hv. þingmanni hvort henni finnist það hið eðlilegasta mál hvernig þessar þjóðir hafa komið fram við okkur og sömuleiðis (Forseti hringir.) hvernig þetta fyrirkomulag með innstæðutryggingarnar er byggt upp og hvernig það er notað núna við þessar aðstæður.

[19:05]

Oddný G. Harðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, það er rétt að hér gilda íslensk lög en hér gilda líka samþykktir EES. Mér finnst í þessu máli mikilvægt það lagalega viðmið sem fjárlaganefnd gerir tillögur um að verði samþykkt, að úr því verði skorið hvort þessi tilskipun sem um ræðir gildi, einkum og sér í lagi þegar um kerfishrun er að ræða. Lögmenn hafa haldið því fram að þessi tilskipun sé á gráu svæði og verði hún tekin upp og í ljós kemur að hún sé gölluð viljum við Íslendingar auðvitað njóta þess.

Ég hélt því ekki fram í ræðu minni að við værum í dásamlegri stöðu. Þvert á móti vildi ég segja að við værum í slæmri stöðu en við þurfum að stíga þau skref sem leiða okkur úr þessum vandræðum. Eitt stórt skref stígum við núna með því að gera samning, semja okkur út úr þessum vandræðum sem við erum í. Ég sagði aldrei að mér fyndist gott hvernig aðrar þjóðir hefðu komið fram við okkur en ég sagði að við þyrftum að öðlast að nýju tiltrú alþjóðasamfélagsins í því augnamiði að koma okkur upp úr þeirri lægð sem við erum í. Við þurfum að gera það fljótt og við þurfum að gera það vel. Ef við eyðum lagalegri óvissu varðandi þessa tilskipun er það vel.

[19:07]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get verið sammála hv. þingmanni og við erum öll sammála um að við þurfum að efla tiltrú Íslands á alþjóðavettvangi. Ef ég skil hv. þingmann rétt vill hún að það verði kveðið á um það við einhvers konar dómstól hvort þessi tilskipun gildir. Nú er ljóst að Evrópusambandið — eftir að við blæðum — ætlar að endurskoða hana og það er augljóst að hún er meingölluð. Hugmyndin er einfaldlega sú — af því að þetta er einn markaður, Evrópska efnahagssvæðið — að það er alveg sama hvar þú setur fjármuni þína í banka, þú átt að vera nokkurn veginn öruggur, ef eitthvað kemur upp á, um að þú eigir ákveðna innstæðu inni. Það er grunnhugmyndin. Í staðinn fyrir að það væri einn sjóður yfir alla álfuna er þetta kerfi fyrir hvert land fyrir sig.

Síðan er vægast sagt sérkennilegt hvenær þetta á við Ísland og hvenær við Holland, Bretland og Þýskaland þegar menn eru með útibú frá Íslandi í þessum löndum. Það er í rauninni engin heil hugsun í því. Við áttum ekkert val. Við þurftum að taka þessa tilskipun upp. Þegar Evrópusambandið hefur ákveðið tilskipun verða aðildarþjóðirnar að taka hana upp og líka aðildarþjóðir Evrópska efnahagssvæðisins.

Það sem veldur mér áhyggjum með Samfylkinguna er að þjónkunin við Evrópusambandið er svo gríðarleg og Evrópusambandsglýjan svo ótrúleg að öllu er fórnandi. Ég treysti ekki Samfylkingunni til að gæta hagsmuna Íslendinga. Það er enginn vafi í mínum huga um að þetta mál var keyrt svona hratt í gegn til þess að hægt væri að sækja um aðild að Evrópusambandinu og keyra það í gegn.

Það eru málefnaleg rök fyrir því að sækja um aðild að Evrópusambandinu og fullt af góðu fólki vill að Ísland gangi inn en ég treysti ekki fólki sem heldur svona utan um hagsmuni Íslendinga. Mér fannst því miður ræða hv. þingmanns bera keim af þessu.

[19:09]

Oddný G. Harðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að ljúka við þetta samkomulag farsællega kemur Evrópusambandinu ekkert við heldur íslensku efnahagslífi. Það er nauðsynlegt að við göngum frá þessu samkomulagi til þess að við fáum lán, m.a. frá frændþjóðum okkar, og til þess að vinnumarkaðurinn nái sér vel að nýju og bankarnir reisist við. Það er dagljóst og hefur margkomið fram að þess vegna þarf að ljúka þessu samkomulagi.

Auðvitað þarf samt að gera það vel og með hagsmuni Íslands að leiðarljósi fyrst og fremst. Sú sem hér stendur hefur lagt áherslu á einmitt það og, virðulegi forseti, mér líkar illa ef verið er að leiða að því líkum að eitthvert annað sjónarmið en að vinna að hagsmunum Íslendinga sé það sem mér býr í brjósti. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) (Gripið fram í.)

[19:10]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður dró upp fallega, marksækna og eðlilega mynd af framtíðinni fyrir Íslands hönd. Því miður er það ekki staðreyndin sem við búum við, það er ekki raunveruleikinn. Við búum við allt aðra mynd og allt annan veruleika.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði, að Íslendingar væru stolt þjóð, dugmikil og orðheldin og við ættum að mæta öðrum þjóðum á jafnréttisgrundvelli. Það er ekki heldur raunveruleikinn. Við höfum séð hvernig Evrópuþjóðirnar hafa meira að segja dregið svokallaðar vinaþjóðir okkar í norðri með sér til þess að hossast á Íslendingum, berja þá og tæta í sundur með málum sem koma allt öðru við en því þegar fjallað er um Evrópusambandið, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Icesave o.fl. Þeir hafa misnotað aðstöðu sína, beitt valdi og valdníðslu gagnvart Íslendingum og það er raunveruleikinn sem við þurfum að horfast í augu við, hv. þingmaður, því miður.

Erlendir fjárfestar eru ekkert betri en innlendir fjárfestar, það vitum við af reynslunni. Ég er ekki að fella neinn dóm yfir fjárfestum almennt en erlendir fjárfestar eru ekkert betri en innlendir þegar eitthvað fer úrskeiðis. Þess vegna skulum við ekki taka of mikið tillit til þeirra og ætlast til þess að þeir ráði ferð í samningum sem lúta að framtíð Íslands. Öll markmiðin í ræðu hv. þingmanns voru skotheld og eðlileg (Forseti hringir.) en við verðum að gæta okkar á að við erum að deila og véla um samninga og viðbrögð herranna í Hollandi og breska heimsveldinu, (Forseti hringir.) herra sem verða vonandi aldrei herrar Íslands.

[19:13]

Ólöf Nordal (S):

Virðulegi forseti. Margt hefur verið sagt um þetta Icesave-mál í dag og óþarfi er að tyggja upp og endurtaka sumt af því. Mér finnst samt ástæða til að bregðast við þeim orðum sem hv. þm. Atli Gíslason lét falla fyrr í dag í andsvörum við formann Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarna Benediktsson, um þá afstöðu hv. þm. Atla Gíslasonar að það hafi verið í tíð fyrri ríkisstjórnar sem þær ákvarðanir voru teknar að falla frá lagalegum rétti þjóðarinnar til að láta á rétt sinn reyna.

Nú er það svo og um það er ekki deilt að fyrri ríkisstjórn kaus að setja málið í pólitískan farveg og leita samninga um úrlausn þessa máls en það er ekki rétt að þá hafi jafnframt verið fallið frá lagalegum rétti þjóðarinnar. Í greinargerð með frumvarpi fjármálaráðherra og í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar er ákveðnum hlutum sleppt þegar farið er yfir hvaða sjónarmið Ísland hafði uppi gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hv. þm. Atli Gíslason sagði í umræðunni í dag að við Íslendingar hefðum í viðskiptum okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, í aðdraganda þess að sjóðurinn kom hingað til að hjálpa Íslendingum í þessum efnahagsþrengingum, ekki haldið til haga þessum lagalega rétti. Mér finnst ástæða til að leiðrétta þetta. Það kemur raunar fram í máli 1. minni hluta fjárlaganefndar hvernig þessum málum er háttað en ég held engu að síður, í ljósi þeirrar umræðu sem hér var í dag, að ástæða sé til að það komi líka fram í þessum stól. Í þeirri viljayfirlýsingu sem Íslendingar og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerðu 15. nóvember 2008 er fleira sagt en menn hafa kosið að láta koma fram í greinargerð og meirihlutaáliti fjárlaganefndar. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa úr þessari viljayfirlýsingu:

„Ísland hefur heitið því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutryggingakerfisins gagnvart öllum tryggðum innlánshöfum. Þetta byggist á þeim skilningi að unnt verði að forfjármagna þessar kröfur fyrir tilstyrk viðkomandi erlendra ríkja og að jafnt Ísland sem þessi ríki séu staðráðin í að efna til viðræðna á næstu dögum með það að markmiði að ná samkomulagi um nánari skilmála vegna þessarar forfjármögnunar.“

Þennan hluta viljayfirlýsingarinnar er að finna í gögnum meiri hluta fjárlaganefndar auk þess sem þetta kemur fram í greinargerð. Þar að auki er önnur setning sem fylgir beint á eftir og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ítrekuð er sú yfirlýsta stefna stjórnvalda að standa lagalega rétt að uppgjöri gagnvart innstæðueigendum og kröfuhöfum gömlu bankanna, hvort sem er í samræmi við íslensk gjaldþrotalög eða þjóðréttarlegar skuldbindingar. Íslendingar hyggjast virða allar lagalega réttarlagalegar skyldur sínar. Sé ekki samkomulag um það hverjar þær séu sé réttast að vísa slíkum ágreiningi til dómstóla eins og fram hefur komið á öðrum vettvangi.“

Viljayfirlýsingin er eins og kunnugt er undirrituð af hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra og fyrrverandi seðlabankastjóra. Íslendingar féllu aldrei frá sínum lagalega rétti og hafa aldrei gert. Þegar þingsályktunartillaga sú sem þessi samningagerð átti að byggja á var samþykkt 5. desember 2008 kom berlega fram af hálfu meiri hluta utanríkismálanefndar að eðlilegt væri við þessar aðstæður sem uppi eru að leita pólitískra lausna og reyna að semja við viðsemjendur Íslendinga um lausn sem ekki yrði Íslendingum of þungbær. Allt er þetta gert á grunni vinnu sem hafði verið unnin í Brussel nokkrum dögum eða hálfum mánuði fyrr, svokallaðra Brussel-viðmiðana þar sem Frakkar komu okkur nokkuð til bjargar í viðskiptum okkar við Hollendinga og Breta. Meiri hluti utanríkismálanefndar greinir frá því í nefndaráliti sínu 5. desember og hnýtir nokkuð í þá þingsályktunartillögu sem þáverandi ríkisstjórnarflokkar höfðu lagt fram einmitt til að leggja áherslu á að jafnvel þótt Íslendingar hefðu kosið að leita pólitískrar lausnar hefðu þeir ekki fallið frá sínum rétti um nokkurn skapaðan hlut ef samningarnir yrðu þess eðlis að þeir yrðu okkur Íslendingum þungbærir. Allt skal þetta sagt hér svo hlutirnir séu í réttu samhengi.

Síðan fékk önnur ríkisstjórn það verkefni að hrinda þessum samningaviðræðum í gang. Eins og við þekkjum varð langt hlé frá því að fyrrverandi ríkisstjórn fór frá völdum og þangað til ný samninganefnd tók við undir forustu hæstv. fjármálaráðherra. Í erindisbréfi þeirrar samninganefndar er ekki gert mikið úr þeim vilja Alþingis að taka skyldi til greina þessi svokölluðu Brussel-viðmið og þá fordæmalausu stöðu sem Íslendingar eru í. Þegar samningarnir svo komu heim varð ljóst að þeir voru og eru okkur Íslendingum afskaplega þungbærir. Það var úr nokkuð vöndu að ráða fyrir flokka í stjórnarandstöðu hvernig staðið skyldi að þegar svo var komið. Auðvitað átti ríkisstjórnin ekki að skrifa undir samninga sem hún hafði ekki tryggan meiri hluta fyrir á þingi. Menn gera ekki svoleiðis og maður spyr sig að því hvaða verkefni flokkur í stjórnarandstöðu hafi við slíkar aðstæður. Það er eðlilegt að við sjálfstæðismenn séum spurðir að því af hverju við höfum í sumar kosið að reyna að koma málunum upp úr þessum hjólförum. Mér finnst það eðlileg spurning og auðvitað verðum við að svara henni.

Ég segi, og hef sagt áður í þessari umræðu, að það var dæmalaust að þessir samningar skyldu vera undirritaðir þegar fyrir lá að mat stjórnarandstöðunnar var að þeir væru ekki þess eðlis að við gætum á þá fallist. Þá lá líka fyrir að innan stjórnarflokkanna var mikil ólga. Þegar meiri hluti tveggja flokka er við völd á ekki að skipta nokkru máli hvað stjórnarandstöðunni finnst. Menn eiga að hafa sinn trygga þingmeirihluta og vinna samkvæmt honum en engu að síður kaus ríkisstjórnin, þá orðin meirihlutastjórn en hafði áður verið minnihlutastjórn og farið í þetta samningaferli með stuðningi Framsóknarflokksins, að undirrita þessa samninga og umræðurnar fóru í gang í sumar. Frá upphafi var ljóst að engar hugmyndir voru uppi af hálfu þeirra sem stýrðu skútunni að gera breytingar á nokkrum sköpuðum hlut hvað þessa samninga varðaði. Þeir skyldu samþykkjast óbreyttir. Þeir skyldu samþykkjast eins og skot. Menn skyldu bara átta sig á því hvaða þýðingu þetta hefði, hvaða fortíð það hefði o.s.frv.

Öll þessi vinna sem fram hefur farið í sumar hefur snúist um að reyna að fá hæstv. ríkisstjórn til að átta sig á því að þessir samningar, eins og þeir lágu fyrir, voru óaðgengilegir fyrir Íslendinga. Ég er sannfærð um, jafnvel þó að menn hafi þráast við í upphafi, að það hefði endað með því að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu komið þessum samningum í

gegn. Þá stendur sú spurning eftir: Er tilraunarinnar virði að reyna að hafa áhrif á okkar umræðu, sem fer í gang innan þingsins þegar þingmenn tala saman um það hvernig hlutirnir snúa — er tilraunarinnar virði að reyna að hafa áhrif á þetta mál þannig að það verði Íslendingum ekki of þungbært? Ef samningarnir yrðu samþykktir óbreyttir án nokkurra athugasemda af nokkrum toga værum við öll á sama báti með að greiða af þessum skuldum en ég held að það yrði okkur afar þungbært, svo ekki sé meira sagt.

Fjárlaganefnd hefur unnið að þessu máli í sumar undir stöðugum kveinkunarorðum um að þetta þyrfti að ganga betur. Brýn verkefni biðu vegna þess að menn gætu ekki klárað þetta Icesave-mál, það ætti að klára málið á morgun eða hinn daginn og það lægi mikið á. Ég tel að allan þennan tíma hafi málið snúist um að reyna að fá hv. þingmenn Samfylkingarinnar til að skilja að þetta mál væri þess eðlis að á því yrði að gera breytingar. Þessi nýja söguskýring sem hefur látið á sér kræla síðustu daga, um að Samfylkingin hafi ávallt viljað gera fyrirvara, á ekki við rök að styðjast, a.m.k. ekki gagnvart því að það hefði átt að skipta einhverju máli. Með þennan forgrunn varð niðurstaðan til hjá meiri hluta fjárlaganefndar á föstudaginn var. Þegar öllu var á botninn hvolft tókst meiri hluta fjárlaganefndar, ríkisstjórnarflokkunum, með því að þvæla málinu áfram í sumar og reyna að leiða mönnum fyrir sjónir þá umtalsvert mörgu galla sem á samningunum eru, loksins að taka þetta mál út úr fjárlaganefnd með ákveðnum breytingartillögum.

Afstaða okkar sjálfstæðismanna í sumar hefur verið sú að nauðsynlegt væri fyrir ríkisstjórnina að taka þetta mál aftur inn til sín, það væri ekki tækt til samþykktar á þinginu. Ljóst var að sú skoðun naut ekki fylgis í þeirri vinnu sem fram fór í fjárlaganefnd en henni var haldið á lofti. Þar var líka haldið á lofti þessum lagalegu sjónarmiðum sem ég fór örlítið yfir áðan. Niðurstaðan er nefnilega að meiri hluti fjárlaganefndar hefur gert ákveðna tillögu að breytingum. Það er ekkert launungarmál að þingmenn Sjálfstæðisflokksins styðja þessar breytingartillögur og hafa haft mikið um það að gera hvernig þær urðu til og hvernig þær líta út. Þetta er að mörgu leyti óvenjulegt að því leyti en þetta skiptir allt saman mjög miklu máli. Hv. þm. Oddný Harðardóttir lýsti því áðan að hún hafi verið nokkuð ánægð með samninginn eins og hann var. Ég held að flestir hafi ekki verið sammála því.

Margar áleitnar spurningar komu upp í vinnu fjárlaganefndar, ekki síst um hvernig okkur mundi ganga að greiða af skuldinni. Þá voru margir hagfræðingar leiddir fyrir fjárlaganefnd og eins og við vitum er stundum ekki gott að vita hvað hagfræðingarnir eru raunverulega að segja en eitt er klárt: Með alls konar reiknikúnstum má finna út að hægt sé að borga ýmislegt en í mínum huga hefur það ekki verið sú spurning sem rétt væri að spyrja. Það getur vel verið að hvaða heimili sem er geti borgað ýmsar skuldir sem á það eru lagðar en þá þarf að velta fyrir sér hverju á að sleppa á móti. Hverju eigum við að sleppa á móti í rekstri heimilisins til að geta greitt þær skuldir sem á heimilið eru lagðar? Mér finnst miklu nær að spyrja að því hvaða fórnir þurfi að færa til að greiða skuldina. Hvað þýðir það að taka skuldirnar á sig, vitandi að þetta er ekki eina skuldin sem á Íslandi hvílir? Þær eru miklu meiri en þessi skuld og við verðum að líta á þetta allt í samhengi. Þess vegna tel ég að með því að aðlaga greiðslurnar getu Íslendinga sé miklum áfanga náð. Ég held að sú vinna sem átti sér stað meðal þingmanna úr öllum flokkum hvaðanæva í þinginu, inni í flokkum og úti um allt, sé grunnurinn að því sem hér er á borðinu um að reyna að gera þetta þannig að Íslendingar muni geta staðið undir því.

Nú skulum við sjá hvernig þessu máli reiðir af en þetta er bara eitt af því sem þarf að gera. Mín miklu vonbrigði í sumar voru þau að þegar fyrir lá að erfitt yrði eða jafnvel ómögulegt að koma þessu máli í gegnum þingið fannst mér að hæstv. ríkisstjórn ætti strax að tala við viðsemjendurna um að þessir samningar væru of þungir fyrir þjóðina og Alþingi treysti sér ekki til að samþykkja þá. Ég held í raun og veru að allar götur frá því að þessir erfiðleikar riðu yfir þjóðina, og ég skal ekki skilja neina ríkisstjórn undan í því, hefðu menn átt að vera duglegri við að tala við alþjóðasamfélagið um þann vanda sem uppi er á Íslandi. Ég held að við þurfum öll að gera það og ríkisstjórnin á hverjum tíma á að passa upp á það. Ég held að við svona alvarlegar aðstæður sem núna eru á Íslandi og í öllum löndum þar sem slíkir atburðir verða sé mjög mikilvægt fyrir ríkisstjórnina að leita þeim sjónarmiðum sem eru uppi í landinu fylgis. Í því efni skiptir miklu máli að bandamenn þjóðarinnar skilji hvað hún er að tala um. Það er ekki nóg að segja við fólk: Ja, þetta ákveðna mál veldur okkur vandræðum. Menn verða að skilja af hverju þetta er svona mikið vandamál fyrir okkur, fyrst við erum alltaf að tala um að við viljum standa við það sem við segjum. Hvað er það sem veldur þessum mikla vanda? Það er erfitt að átta sig á því. Úr slíku verður ekki leyst með því að tala við fólkið. Það verður að tala við þessar þjóðir sem við eigum í viðræðum við.

Hæstv. forsætisráðherra upplýsti í dag að hún hefði talað við framkvæmdastjóra NATO um þetta mál í dag. Það er aldeilis ljómandi gott. Þá var hún að kvarta undan því harðræði sem Bretar sýndu Íslendingum þegar þeir lögðu hryðjuverkalögin á okkur. Óhætt er að segja að það var með ólíkindum hvernig þeir komu fram við okkur en mér finnst hins vegar nokkuð seint í rassinn gripið að fara að ræða þetta við framkvæmdastjóra NATO í dag. Mér finnst samt ljómandi gott að menn séu byrjaðir að tala um þessa hluti og eins og ég sagði áðan, það stendur upp á hvaða ríkisstjórn sem er, líka upp á fyrri ríkisstjórnir. Ég ætla ekki að draga úr því.

Það er ótrúleg frekja af Bretum að koma svona fram við Íslendinga og algerlega tilhæfulaust að leggja hryðjuverkalög á þjóðina. Mér finnst athugunarefni hvernig í ósköpunum stendur á því að Bretar og Hollendingar gátu beitt sér eins og þeir gerðu gagnvart Íslendingum hvar sem við komum, að við skyldum hafa þurft ítrekað að ræða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að honum bæri að koma til hjálpar. Íslendingar eru stofnaðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það var náttúrlega óskaplegt áfall fyrir alla að átta sig á því að menn skyldu beita sér með þessum hætti í algerlega óskyldu máli. Þetta Icesave-mál kemur þeim ekkert við hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hvernig þetta mál var í pottinn búið í haust. Þetta fer fyrir brjóstið á hvaða Íslendingi sem er. Ég held að það sé athugunarefni að kanna hvernig á þessu stendur.

Mér finnst ástæða til þess, með leyfi hæstv. forseta, að grípa aðeins niður í lokin á 1. minnihlutaáliti fjárlaganefndar þar sem segir:

„Rétt er að minna á að Íslendingar verða að fara fram á rannsókn hið fyrsta á því hvernig það mátti vera að hægt var að misbeita Alþjóðagjaldeyrissjóðnum síðastliðið haust í þágu þriggja aðildarríkja á kostnað eins. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er stofnun sem ekki tekur þátt í tvíhliða deilum og það er ekki í anda stofnsamningsins sem samþykktur var í Bretton Woods í júlí 1944 að beita sjóðnum eins og gert var síðastliðið haust til að þvinga Ísland til gangast undir að greiða fyrir Icesave-ósómann.“

Við skulum aldrei gleyma því hvernig þessar þjóðir höguðu sér en við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að í þeirri þröngu stöðu sem þetta mál er komið í verðum við að leita að þeim kostum sem eru bestir fyrir þjóðina. Ég held að það sé tími til kominn. Jafnvel þótt við komum okkur í gegnum þetta mál og jafnvel þótt Bretar og Hollendingar, hvernig sem þeir bregðast við — ég á ekki von á öðru en þeir muni reka upp stór augu þegar þeir komast að því að við ætlum ekkert að borga þegar hagvöxtur er núll, þá ætlum við ekki að greiða afborgunina. Ég á ekki von á því að þeir muni taka því sérstaklega létt en þá vil ég segja: Komið þið bara. Við munum ekki gefa okkur með nokkurn skapaðan hlut gagnvart þeim. Við höfum lagt okkar tilboð á borðið um þetta. Þetta er það sem við getum gert. Þetta er það sem Alþingi Íslendinga segir. Annaðhvort fallist þeir á þetta svona og við getum greitt þetta eða þeir verða að koma hingað og ræða við okkur um hvernig við eigum að loka þessu máli. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[Fundarhlé. — 19:31]

[20:02]

Lilja Mósesdóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á að því fagna þeirri þverpólitísku sátt sem náðist í fjárlaganefnd um fyrirvara við Icesave-samningana, sátt sem hæstv. ráðherra Ögmundur Jónasson lagði mikið á sig til ná og á hann miklar þakkir skildar fyrir framlag sitt til lausnar á þessu erfiða máli.

Það eru mikil vonbrigði að fulltrúi Framsóknarflokksins skuli ekki hafa stutt breytingartillögur fjárlaganefndar. Ég vonast enn til að takast muni að fá þingflokk Framsóknarflokks til að flykkja sér á bak við breytingartillögur fjárlaganefndar þegar kemur að 3. umræðu.

Frá upphafi hef ég ásamt félögum mínum í þingflokki VG, hæstv. ráðherra Ögmundi Jónassyni og hv. þingflokksformanni Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, verið á móti Icesave-samningum. Þessi andstaða okkar kom skýrt fram á fundi þingflokks VG fyrir rúmum tveimur mánuðum þegar við höfnuðum beiðni hæstv. fjármálaráðherra um umboð til að klára Icesave-lánasamningana. Ástæðurnar sem ég gaf þá fyrir andstöðu minni eru þríþættar:

Í fyrsta lagi var það mat mitt að ekki væri tímabært að ganga frá samningum um Icesave-skuldbindingarnar þar sem of stuttur tími væri liðinn frá sjálfu bankahruninu og því allar líkur á að skuldir þjóðarinnar væru enn vanmetnar og eignir ofmetnar. Það er a.m.k. reynsla Finna sem fóru í gegnum fjármálakreppu í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar, fjármálakreppu sem talin er minni að umfangi en íslenska fjármálakreppan.

Í öðru lagi þótti mér 75% endurheimtuhlutfall eigna Landsbankans of hátt. Í mun umfangsminna bankahruni hefur þetta endurheimtuhlutfall farið niður í 30%.

Í þriðja lagi fundust mér 5,55% vextir of háir, þar sem verið var að veita ríkisábyrgð á alla upphæð samninganna. Samningarnir eru því sambærilegri við ríkisskuldabréf sem bera um 3,4% vexti í Bretlandi.

Frú forseti. Það var ekki fyrr en ljóst var orðið að mikill meiri hluti fjárlaganefndar myndi samþykkja fyrirvara við ríkisábyrgðina á Icesave-samningunum að ég gat sætt mig við niðurstöðuna.

Fyrirvararnir eru að mínu mati nauðvörn þjóðar sem Bretar og Hollendingar hafa stillt aftur og aftur upp við vegg allt frá því að bankarnir hrundu í október á síðasta ári. Bretar og Hollendingar hafa beitt áhrifum sínum innan Evrópusambandsins og í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að ná fram samningum við Íslendinga um Icesave-innstæðureikningana. Á bak við harða afstöðu alþjóðasamfélagsins er hræðsla við að íslenska þjóðin ætli ekki að standa við skuldbindingar sínar og ógni þar með grundvelli evrópska fjármálakerfisins.

Þverpólitísk samstaða er nauðsynleg ef takast á að sannfæra alþjóðasamfélagið um að íslenska þjóðin vilji standa við þær lagalegu skuldbindingar sem henni ber. Breið samstaða þvert á flokkslínur er jafnframt mikilvæg til að ná fram stuðningi almennings við þá leið sem farin verður í Icesave-málinu til að sættast við alþjóðasamfélagið. Fram kom í könnun sem gerð var af Capacent Gallup í byrjun ágúst að 68% þjóðarinnar væru á móti Icesave-samningunum.

Því ber að halda til haga að fyrirvararnir sem fjárlaganefnd leggur til fela í sér að Íslendingar muni greiða Icesave-lánin að fullu gangi spá Seðlabankans frá í maí sl. eftir um efnahagsþróunina á næstu árum. Greiðslur falla aðeins niður þau ár sem enginn hagvöxtur verður, þ.e. ef svo ólíklega vill til að slíkt gerist.

Íslendingar eru með samþykkt ríkisábyrgðar á Icesave-samningunum að taka á sig alla ábyrgð á meingölluðu regluverki ESB. Erlendur sérfræðingur í skuldaskilum heldur því fram að fjármálaeftirlit í Hollandi, Bretlandi og á Íslandi beri öll ábyrgð á því hvernig fór, ekki aðeins íslenska fjármálaeftirlitið. Allir þessir aðilar vissu að tilskipun ESB um innstæðutryggingakerfið tók ekki til kerfishruns. Icesave-samningarnir eru því óvenjueinhliða og bera þess merki að vera nauðasamningar við þjóð sem alþjóðasamfélagið hefur snúið baki við.

Ástæða þess að ég get samþykkt ríkisábyrgð á Icesave er að ég tel að fyrirvararnir dreifi betur en samningarnir áhættunni á milli samningsaðilanna hvað varðar óvissuna um í fyrsta lagi lagalega skyldu okkar, í öðru lagi endurheimtuhlutfall eigna Landsbankans og í þriðja lagi hvað varðar efnahagsþróunina á lánstímabilinu.

Frú forseti. Þverpólitískur hópur hagfræðinga úr öllum flokkum á þingi vann efnahagslega fyrirvara sem tryggja eiga að greiðslubyrði íslenska þjóðarbúsins verði í samræmi við greiðslugetu þess. Fyrirvarinn sem setur þak á greiðslur miðar við að Icesave-skuldbindingin sé greidd að

fullu gangi forsendur Seðlabankans eftir varðandi hagvöxt, gengi og endurheimtur.

Greiðslur dreifast hins vegar öðruvísi en gert er ráð fyrir í lánasamningunum þar sem þær verða léttari í upphafi greiðslutímabilsins og þyngjast síðan. Eins og margir hafa bent á markar fyrirvarinn tímamót við gerð lánasamninga við mjög skuldsettar þjóðir. Það er von margra að fyrirvarinn, sem setur þak á greiðslubyrðina, verði fordæmisgefandi fyrir fátækar þjóðir.

Þegar Icesave-samningarnir voru undirritaðir lá fyrir mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á skuldaþoli þjóðarbúsins sem gert var í nóvember 2008. Eitt meginhlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi er að meta skuldaþol þjóðarbúsins og þrýsta á um aðgerðir til að draga úr skuldsetningu telji sjóðurinn líkur á greiðslufalli eða að þjóðin geti ekki greitt af lánum sínum við erlendar þjóðir.

Stuttu eftir undirritun Icesave-samninganna komu fram upplýsingar um að skuldabyrði þjóðarbúsins árið 2009 væri mun meiri en AGS gerði ráð fyrir í nóvember 2008. Hlutfall erlendra skulda þjóðarbúsins af vergri landsframleiðslu var ekki lengur 160% heldur 240%. Þetta hlutfall taldi AGS ósjálfbært fyrir íslenskt efnahagslíf í nóvember sl. Þess ber að geta að Argentína fór í greiðsluþrot árið 2002 þegar þetta hlutfall var komið í 140%. Digrir lífeyrissjóðir landsmanna eru taldir réttlæta mun meira skuldaþol íslenska þjóðarbúsins og vekur það upp spurningar um réttmæti mats AGS á skuldaþoli.

Miklar líkur eru á að þjóðarbúið og ríkissjóður muni þurfa að taka á sig of miklar skuldbindingar í kjölfar bankahrunsins. Enn eru ekki öll áhrif fjármálakreppunnar á skuldastöðuna komin fram. Auk þess er AGS þekktur fyrir að leyfa of mikla skuldsetningu landa sem hafa neyðst til að leita ásjár hans. Það er því mikilvægt að setja mörk á skuldaþolið og krefjast endurskoðunar Icesave-samninganna þegar skuldsetningin er komin fram úr því sem ríkþjóð getur staðið undir. Þessi skuldamörk þjóðarbúsins eru vel skilgreind í nefndaráliti meiri hlutans og í samræmi við mat AGS á skuldaþoli Íslands sem vísað er í í efnahagslega fyrirvaranum.

Frú forseti. Ég vil að lokum geta þess að ég tel ekki að fyrirvararnir við ríkisábyrgðina feli í sér gagntilboð þar sem við munum standa við samningana gangi forsendur eftir um efnahagsþróun á næstu árum. Hafni hins vegar Bretar og Hollendingar þessum fyrirvörum lít ég svo á að semja þurfi upp á nýtt um Icesave-skuldbindingarnar. Í þeim samningaviðræðum verða Íslendingar að krefjast lægra vaxtastigs og að dómstólar skeri úr um hver sé raunveruleg lagaleg skylda okkar gagnvart Icesave-innstæðureikningunum.

[20:12]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Lilju Mósesdóttur kærlega fyrir samstarfið við þetta mál. Það hefði verið óskandi að leitað hefði verið eftir þeirri samstöðu sem þingmaðurinn vann að fyrr.

Það sem mig langaði til þess að spyrja hv. þingmann að, sem áður hefur komið fram í umræðunum, varðar grein nr. 6.2, um ábyrgð og skaðleysi í Icesave-samningnum. Þar er tekið mjög skýrt fram að íslenska ríkið ábyrgist óafturkallanlega og skilyrðislaust að staðið verði við greiðslur á tilhlýðilegan hátt og á réttum tíma gagnvart hollenska ríkinu. Sagt er mjög afdráttarlaust að íslenska ríkið geti á engan hátt komið sér undan því að greiða það sem verið er að semja um, þ.e. endurgreiðslu á þessu láni. Með samþykkt ríkisins á þessum samningi sé raunar litið svo á að ríkið sé eins og frumlántakandi, að verið sé að lána ríkinu en ekki innstæðutryggingarsjóðnum. (Forseti hringir.) Taka þeir fyrirvarar sem nú er verið að leggja fram með breytingartillögu meiri hlutans, á þessu (Forseti hringir.) hvað varðar ábyrgð og skaðleysi?

[20:13]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir spurninguna. Ég hef sjálf lýst því yfir að það sé ekki hægt að gera fyrirvara við þessa samninga vegna þess að það stendur í breska samningnum að ríkisábyrgðin sé skilyrðislaus. En ég tel eftir að hafa legið aðeins yfir þessu máli að komið hafi fram upplýsingar eftir að samningarnir voru undirritaðir sem sýna mun verri stöðu þjóðarbúsins og ríkissjóðs en gert var ráð fyrir við gerð samninganna og að þessi slæma staða okkar muni verða til þess að Bretar og Hollendingar íhugi hvort ekki sé rétt að samþykkja ríkisábyrgð með fyrirvörum. Í sjálfu sér finnst mér ekki svo slæmt ef þeir hafna þessum fyrirvörum og að nýjar samningaviðræður hefjist hér aftur.

[20:15]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að fá aðeins að ítreka þessa spurningu. Það kemur mjög skýrt fram í frumvarpinu, í e-lið 6.5 gr. að það sé „hvers konar breyting, aðilaskipti að kröfuréttindum (e. novation), viðbót við, rýmkun á, endurtekning (e. restatement) (óháð því hversu áríðandi það er eða þótt það sé meira íþyngjandi) eða skipti á einhverju fjármálaskjali, þ.m.t. (án takmarkana) hvers konar breyting á markmiði fjármálaskjalsins, rýmkun þess eða hækkun á láninu eða að fjármálaskjal bætist við, …“

Það er einnig talað um að eftirstöðvar eða niðurfelling gildi ekki.

Má ekki segja að þegar þingið verður búið að samþykkja ríkisábyrgðina með fyrirvörum sem samkvæmt ákvæðum samninganna eru einskis virði að þá verði hreinlega ekki mögulegt að ganga aftur til samninga eins og hv. þingmaður er að tala um og það verði ekki möguleiki á því að semja upp á nýtt? Væri þá ekki kannski mun eðlilegra að samþykkja frávísunartillögu framsóknarmanna og semja í framhaldinu af því upp á nýtt?

[20:16]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni finnst mér mjög mikilvægt að við komum þeim skilaboðum áleiðis til Breta og Hollendinga að við viljum standa við skuldbindingar okkar. Með því að vísa þessum samningum frá tel ég að Bretar og Hollendingar gætu túlkað það þannig að við ætluðum ekki að standa við skuldbindingarnar og fengju til liðs við sig aðrar þjóðir í Evrópu sem túlkuðu það þá á sama veg.

Ég tel því skárra að samþykkja þessa ríkisábyrgð með fyrirvörum sem þá nokkurs konar yfirlýsingu um það að við viljum standa við skuldbindingar okkar og tel mjög mikilvægt að allt Alþingi standi á bak við þessa fyrirvara til þess að styrkja samningsstöðu okkar gagnvart Bretum og Hollendingum.

[20:17]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir bæði upplýsandi og góða ræðu. Vonandi hefur verið tekið eftir þessari ræðu því að ég hef ekki heyrt aðra stjórnarliða halda jafngóða ræðu um þetta mál.

Ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni um það að þverpólitísk samstaða er nauðsynleg ef við ætlum að ná árangri og ég er þeirrar skoðunar að við hefðum betur gengið frá þingsályktunartillögu þar sem við hefðum sagt skýrum orðum að við mundum standa við okkar skuldbindingar en vildum vinna okkur tíma í þessu máli. Það hefur hins vegar ekkert verið gert til þess að ná þverpólitískri samstöðu. Þess vegna erum við m.a. að ræða þetta hér seint um kvöld, sem er í besta falli kjánalegt.

Ég vil spyrja hv. þingmann, ég spurði hæstv. forsætisráðherra að þessu í dag og fékk ekkert svar: Veit hv. þingmaður af hverju þetta stóra mál var keyrt í gegnum ríkisstjórnina án samþykkis ráðherra? (Forseti hringir.) Þá er ég að vísa til afstöðu Ögmundar Jónassonar, hæstv. heilbrigðisráðherra, sem (Forseti hringir.) hv. þingmaður fór ágætlega yfir áðan.

[20:18]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Mér er ekki kunnug ástæða þess að hæstv. fjármálaráðherra ákvað að skrifa undir samningana þrátt fyrir andstöðu þriggja þingmanna Vinstri grænna. Það er eitthvað sem hæstv. fjármálaráðherra þarf að svara fyrir.

[20:19]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er nefnilega í rauninni alveg stórmerkilegt mál. Það er mjög sérstakt í þessu, málin verða ekki stærri. Það er algjörlega ótrúlegt að menn hafi ekki verið búnir að afgreiða þetta í ríkisstjórn áður en gengið var í klára málið. Talandi um verkstjórn þá finnst mér alveg furðulegt að ekki hafi verið nein umræða um þessa hluti.

Það er augljóst, og það kom hér fram í máli hv. þingmanns og hefur svo sem komið fram alls staðar í umræðunni, að í það minnsta hæstv. heilbrigðisráðherra var ekki sammála þessari afgreiðslu og ég veit ekki til þess að menn hafi nokkurn tíma — það er að vísu erfitt að finna sambærileg mál — unnið svona í ríkisstjórn. Því miður eru vinnubrögðin í þessu máli, þetta er bara ríkisstjórnin, svo er þingið og hvernig menn hafa unnið þetta hér, (Forseti hringir.) þau eru einfaldlega fyrir neðan allar hellur.

[20:20]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nú liggur það fyrir að í samningsumboði þeirrar nefndar sem hefur haft með samningana um Icesave að gera var hlutverk hennar ekki skilgreint að fullu til samræmis við ályktun Alþingis frá því síðasta haust þar sem m.a. var vísað til hinna svokölluðu Brussel-viðmiða.

Það er alveg ljóst mál að hefði það hins vegar verið gert hefði það auðvitað þrengt mjög samningsumboð þeirrar nefndar sem við sendum til þess að reyna að leiða til lykta þessa samninga við Hollendinga og Breta. Nú bregður hins vegar svo við að í breytingartillögum meiri hlutans er sérstaklega vísað til þessa. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann að því, um leið og ég þakka henni fyrir mjög efnislega og góða ræðu, hvort hún sé ekki sammála mér um að skynsamlegra hefði verið að vísa sérstaklega til þessara samningsviðmiða sem samkomulag var um í því skyni að tryggja það að sú samningsniðurstaða sem við vildum leitast eftir yrði meira í samræmi við ályktun og vilja Alþingis eins og hann birtist (Forseti hringir.) frá því á sl. hausti?

[20:22]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir fyrirspurnina. Ég get ekki annað en verið sammála að það hefði náttúrlega verið æskilegra að samninganefndin hefði farið með það umboð að semja í samræmi við þessi viðmið, Brussel-viðmiðin. Því miður var samningsumboðið eða samningsverkefni nefndarinnar skilgreint mjög þröngt. Ég þekki ekki til hvernig það kom til en ég tel samt að samninganefndin hafi gert sitt ýtrasta til þess að ná því sem hún gat náð fram. Hún hafði aftur á móti ekki nógu góðar upplýsingar um skuldastöðu þjóðarbúsins. Ef þær upplýsingar hefðu legið fyrir hefði það styrkt samningsstöðu okkar hvað varðar að gera Bretum og Hollendingum grein fyrir því að við gætum ekki tekið á okkur hvaða skuldbindingu sem væri.

[20:23]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst og fremst undirstrika það að ég hef aldrei gagnrýnt í sjálfu sér verkefni eða verklag samninganefndarinnar. Samninganefndin hefur auðvitað starfað í umboði ríkisstjórnarinnar og ef við einhvern er að sakast er það auðvitað ríkisstjórnin. Það er ríkisstjórnin sem markaði samningsumboðið og markaði auðvitað verkefnin sem samninganefndin hafði síðan úr að vinna.

Það sem mér finnst vera mjög alvarlegt er að ekki skuli hafa nákvæmlega komið fram í samningsumboðinu sem ríkisstjórnin veitti þessari nefnd hvert verkefnið væri og hvaða umboð hún hefði. Það er einfaldlega þannig að Alþingi fór yfir þessi mál mjög rækilega síðasta haust. Niðurstaða Alþingis var sú að ganga til þessara samninga þrátt fyrir að ágreiningur væri um það hvort við bærum þessar skuldbindingar eða ekki. Þetta var hins vegar gert við tilteknar aðstæður og í ljósi þess að við settum okkur þessi tilteknu viðmið sem höfðu verið umsamin á sínum tíma, Brussel-viðmiðin.

Þess vegna tel ég að það sé mjög alvarlegt þegar það liggur fyrir og hefur raunar komið fram, m.a. af hálfu aðstoðarmanns fyrrverandi utanríkisráðherra, að í umboðsbréfinu sem ríkisstjórnin veitti samninganefndinni var ein-

faldlega ekki vísað til þessa mikilvæga ákvæðis.

[20:24]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að spyrja hv. þingmann, hún sagði í ræðu sinni að hún teldi þessa fyrirvara ekki fela í sér gagntilboð við upprunalega samninginn þar sem við gætum borgað ef efnahagsþróunin yrði hagstæð. Ég vona að ég hafi rétt eftir þingmanninum. Mig langar til að biðja þingmanninn aðeins að hnykkja á þessu. Hvernig getur þingmaðurinn haldið því fram að þetta sé sami samningurinn þegar fyrirvararnir kollvarpa honum í öllum aðalatriðum? Það er samið um ákveðnar greiðslur á ákveðnu árabili með ákveðinni vaxtaprósentu og síðan er núna búið að setja inn í þá fyrirvara að það gæti farið svo að ef efnahagsþróun er þannig að við mundum lítið sem ekkert borga og að ríkisábyrgðin félli niður eftir árið 2024 og þar með væntanlega eftirstöðvarnar. (Forseti hringir.) Hvernig getur þingmaðurinn haldið því fram að þetta sé ekki gagntilboð við fyrirliggjandi samning?

[20:26]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr hvernig ég geti komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé um gagntilboð að ræða þegar settir eru fyrirvarar við ríkisábyrgðinni. Ástæðan er sú að við ætlum að standa við lánasamningana en við setjum fyrirvara til þess að dreifa áhættunni af þeirri óvissu sem ríkir um efnahagsástandið og endurheimtur á eignum Landsbankans. Ég get því ekki séð að um sé að ræða gagntilboð þar sem við ætlum að standa við þessar skuldbindingar.

[20:26]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, við ætlum að standa við okkar skuldbindingar, við erum öll sammála um að það er markmið okkar. Ef ég lána þér þúsund krónur og þú segist ætla að borga mér þær á ákveðnum tíma. Svo kemurðu til mín og segir: Ég ætla ekki að borga þessar þúsund krónur til baka vegna þess að það er hart í ári og ég þarf að borga annað á undan. Síðan líður tíminn og eftirstöðvarnar eru búnar að safnast saman en þá segirðu: Heyrðu, lánstímanum er bara lokið og ég lít svo á, af því að ég gerði fyrirvara við samkomulagið, að ég þurfi ekki að borga þér.

Mig vantar enn þá þúsundkallinn þannig að í mínum huga hefur ekki verið staðið við skuldbindingarnar. Hvernig getur þingmaðurinn ætlast til þess að Bretar og Hollendingar líti á þetta sem eitthvað annað en gagntilboð og nýjan samning?

Þingmaðurinn hafði það á orði að það væri svo sem ekkert verra (Forseti hringir.) ef þeir hafna skilyrðunum af því að þá yrði samið upp á nýtt. En hvað hefur þingmaðurinn fyrir sér í því að (Forseti hringir.) skilningur viðsemjendanna verði að það sé ekki um gagntilboð að ræða?

[20:28]

Lilja Mósesdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum um hvort um sé að ræða gagntilboð þegar settir eru fyrirvarar við ríkisábyrgðina. Ég tel ekki svo vera vegna þess að við erum að semja sem mjög skuldsett þjóð áður en þessir Icesave-samningar bætast við þær skuldir sem til staðar eru. Þá er ljóst að við munum eiga í miklum erfiðleikum með að borga af þeim og það eru ekki hagsmunir Breta og Hollendinga að við lendum í greiðslufalli og getum ekki greitt neitt. Fyrirvarar sem tryggja að við getum haldið áfram að greiða af skuldum okkar sem eru að hluta til skuldir við breska þegna og fyrirtæki hljóta m.a. að vera hagsmunir Breta í þessu máli. (Gripið fram í.)

[20:29]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér ríkisábyrgð vegna svokallaðra Icesave-samninga. Ég vil í upphafi máls míns þakka sérstaklega formanni fjárlaganefndar, hv. þm. Guðbjarti Hannessyni, og starfandi varaformanni, hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni, sem og nefndarmönnum öllum fyrir einstaklega gott samstarf. Ég vil líka þakka starfsfólki þingsins, nefndarriturum og öllum þeim sem komu að þessu máli, því það er ekki ofsögum sagt, frú forseti, að þetta ágæta fólk vann mjög gott starf við mjög erfiðar aðstæður. Ég vil árétta að þetta fólk er búið að standa nótt eftir nótt við að klára þessi mál.

Mig langar að snúa aðeins að forsögu málsins. Það er búið að fara mjög vel yfir aðdraganda málsins í mörgum þingræðum í dag og rekja forsöguna alveg aftur til þess þegar bankarnir hrundu en mig langar aðeins að fara yfir hvernig þetta kom að þinginu og hvernig staðið var að skipun samninganefndarinnar.

Með breytingartillögum fjárlaganefndar hefur náðst breið pólitísk sátt um þetta mál og hvernig menn ætla að klára það, eins og hv. þm. Lilja Mósesdóttir kom hér inn á áðan. Ég tel hins vegar, frú forseti, að æskilegra hefði verið að lagt hefði verið af stað í þá vegferð í upphafi. Ég held að ef menn byrjuðu upp á nýtt, eins og stundum er sagt þó að það sé ekki hægt að spóla aftur í tímann, stæðu menn öðruvísi að því hvernig þetta var gert. Ég hefði talið mjög skynsamlegt að í samninganefndinni hefðu verið sérfræðingar á því sviði. Þá er ég ekki að gera lítið úr þeim ágætu einstaklingum sem þar voru, alls ekki. Ég efast ekki um að þeir hafi lagt sig alla fram og reynt að verja hagsmuni Íslendinga eins og þeim var framast kostur en eins og samningarnir birtust okkur hér í upphafi voru þeir mjög einhliða. Því hefði ég talið æskilegt að þegar farið var af stað hefðu menn skipað sérfræðinga í þessum málum.

Eins vil ég reifa aðeins hvernig þetta kom fyrir þingið þó að það hafi verið gert í dag líka. 3. júní kom kynning frá formanni samninganefndarinnar og eftir það voru viðbrögð í þinginu með þeim hætti að þá hefðu menn átt að stíga aðeins á bremsuna. Alvarlegar athugasemdir voru gerðar við það sem kynnt var og síðan var skrifað undir samninginn 5. júní. Síðan erum við búin að hafa þetta mál til meðferðar í þinginu og í fjárlaganefnd mjög lengi og það hefur tekið miklum og góðum breytingum með þeim breytingartillögum sem þar liggja fyrir. Ég vil hins vegar ítreka að allir þeir aðilar sem sátu í fjárlaganefnd lögðu sitt af mörkum til að ná þessari sátt, það eiga allir þátt í því.

Menn hafa kvartað yfir því að upplýsingum hafi verið

haldið til hliðar og menn hafi ekki fengið þær en ég vil sérstaklega taka það fram að hv. þm. Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, hefur aldrei gert það gagnvart okkur í fjárlaganefnd. Hann hefur orðið einstaklega vel við beiðnum okkar, þegar við höfum óskað eftir upplýsingum hefur hann aldrei gert annað en að kalla eftir þeim og beita sér fyrir því að þær kæmu fyrir augu fjárlaganefndar.

Eins og ég sagði áðan sitjum við uppi með þessa samninga frá 5. júní og þá lá strax fyrir og mönnum mátti vera ljóst að ekki var þingmeirihluti fyrir þeim samningum sem þá voru undirritaðir. Síðan hafa menn unnið í átt til þess að menn gætu náð sátt og stutt þær breytingartillögur sem þar eru inni.

Ég vil einnig aðeins koma inn á þátt hæstv. forsætisráðherra í þessu máli. Hæstv. forsætisráðherra flutti hér í dag tímamótaræðu að því leyti til að það er í fyrsta sinn sem hún tekur þátt í umræðum á hinu háa Alþingi um Icesave-samninginn án þess að svara óundirbúnum fyrirspurnum. Mér þykir mjög merkilegt að hæstv. forsætisráðherra, leiðtogi okkar, skuli í fyrsta sinn í dag taka þátt í þessum umræðum.

Það sem gerðist í dag, frú forseti, var að hún svaraði hér andsvörum og fór með rangt mál. Hún sagði að samninganefndin hefði náð mun betri samningi en stefnt var að í upphafi. Það var ekki svo, frú forseti, og það hefur verið rifjað upp hér í dag. Hún vitnaði í undirritun á minnisblaði sem var undirritað við Hollendinga 11. október en síðan dró fyrrverandi forsætisráðherra það til baka. Hún gerði mikið úr því að menn hefðu náð betri árangri. Síðan í kjölfar þess, 14. nóvember, þegar hin svokölluðu umsömdu viðmið eða Brussel-viðmiðin voru samþykkt — þegar í byrjun desember lýstu Hollendingar yfir að þeir vildu ganga til samninga miðað við þessi umsömdu viðmið og tilkynntu þá að þeir vildu þegar gefa okkur betri lánskjör. Það er því rangt með farið að þessi samninganefnd sem núna hafi verið að störfum hafi náð betri niðurstöðu.

Svo ég haldi mig við hæstv. forsætisráðherra sagði hún í ræðu sinni í dag að það væri gríðarlega mikilvægt að ljúka þessari umræðu um Icesave-samningana og ég er hjartanlega sammála henni í því. Hún sagði: Til þess að halda áfram og snúa okkur að því að byggja upp. Þá velti ég því fyrir mér, frú forseti, hver þáttur hæstv. forsætisráðherra er í þessu máli. Hún hefur sagt frá upphafi að það yrði að samþykkja þessa samninga og hefur margoft komið fram og sagt að það væri vilji þingflokks Samfylkingarinnar.

Síðan hefur komið fram að þegar menn kýta hér um þessa fyrirvara og breytingartillögur við þessa samninga og kýta um það innbyrðis milli stjórnar og stjórnarandstöðu — sem hefur engan tilgang að mínu viti — þá segir hæstv. utanríkisráðherra í fréttunum um daginn að það þurfi hugsanlega að beita skapandi hugsun til þess að kynna þetta með þeim hætti að Bretar og Hollendingar geti litið svo á að þetta rúmist innan þeirra samninga sem eru, þ.e. miðað við Brussel-viðmiðin. Ég verð þá að segja, frú forseti, að það hefði verið skynsamlegra fyrir hæstv. forsætisráðherra að beita skapandi hugsun frá upphafi þessa máls.

Þá vil ég víkja að því hvernig þetta kemur fyrir allt saman. Deilan vegna uppgjörs Icesave-samninganna er eitt erfiðasta deilumál sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir frá lýðveldisstofnun. Allt frá því að Landsbanki Íslands fór í þrot á haustmánuðum 2008 hefur deilan magnast. Strax og fór að bera á þrýstingi frá innstæðueigendum í Bretlandi og Hollandi beittu stjórnvöld þar í landi öllum brögðum til að fá íslensk stjórnvöld til að gangast við skuldbindingum sem fullkomin óvissa var um hvort leggja ætti á herðar á íslensks almennings. Bretar og Hollendingar hafa allar götur frá í haust neitað Íslendingum um þann sjálfsagða rétt að leita lagalegrar niðurstöðu í deilunni. Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld hafi strax í upphafi lýst því yfir að þau muni ávallt standa við lagalegar skuldbindingar dugði það ekki Bretum og Hollendingum, á annan hátt en þann að þau stjórnvöld kröfðust þess af Íslendingum að þeir greiddu samkvæmt ýtrustu kröfum. Þrátt fyrir lagalega óvissu beittu þjóðirnar Ísland gríðarlegum pólitískum þrýstingi þegar Íslendingar voru hvað viðkvæmastir fyrir. Meðan íslensk stjórnvöld börðust við að afla nauðsynlegs stuðnings frá alþjóðasamfélaginu vegna þess gríðarlega efnahagslega tjóns sem fall bankanna hafði í för með sér lögðu Bretar og Hollendingar stein í götu Íslendinga hvar sem þeir komu.

Frú forseti. Vinna við frumvarp fjármálaráðherra um ríkisábyrgð vegna Icesave-reikninganna í fjármálanefnd hefur einkennst af því annar ríkisstjórnarflokkurinn var lengst af ófáanlegur til að gera sér grein fyrir göllum málsins. Þá var hinn ríkisstjórnarflokkurinn, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, klofinn í afstöðu sinni til málsins. Sjálfstæðismenn hafa allt frá upphafi lýst fjöldamörgum göllum á málinu. Framan af var ófært að fá forustu fjárlaganefndar til að fallast á að unnt væri að bregðast við þessum göllum. Vikum saman tók fjárlaganefnd á móti gestum sem bentu nefndarmönnum á galla á samningsgerðinni. Hinn almenni borgari tók það upp hjá sjálfum sér að ígrunda málið og freista þess að hafa áhrif á ríkisstjórnarflokkanna svo að forða mætti því stórslysi sem ella var í uppsiglingu. Sú gagnrýni sem hinir ýmsu sérfræðingar héldu á lofti var mjög í samræmi við málflutning sjálfstæðismanna í fjárlaganefnd. Loks tókst að leiða ríkisstjórnarflokkunum fyrir sjónir að málið yrði aldrei samþykkt í þeim búningi sem það var.

Raunar er dapurlegt að ríkisstjórnin skuli ekki hafa notað sumarið til að færa málið úr þeim farvegi sem það fór í strax við framlagningu þess. Afstaða stjórnarandstöðunnar til þessara samninga lá strax fyrir og jafnframt það sem er alvarlegra þegar meirihlutastjórn er við völd í landinu að ekki var tryggur stjórnarmeirihluti fyrir málinu. Ríkisstjórnin átti að ganga úr skugga um það áður en farið var í að undirrita samningana í skjóli nætur að tryggur stjórnarmeirihluti væri í málinu. Það er mjög ámælisvert að ríkisstjórnin skuli hafa komið þessu afdrifaríka máli svo fyrir. Sjálfstæðisflokkurinn hefur talað fyrir því í allt sumar að ríkisstjórnin færi strax í það verkefni að tala máli Íslendinga við viðsemjendur, nágranna- og vinaþjóðir með skipulögðum hætti enda ljóst að samningarnir væru í uppnámi. Þá var talað fyrir daufum eyrum. Það var og er mat Sjálfstæðisflokksins að aldrei sé mikilvægara en einmitt nú að rækta tengslin við nágrannaþjóðirnar og leiða þeim fyrir sjónir hvaða afarkostir felast í þessum samningum. Því miður hefur ríkisstjórnin látið þetta mikilvæga verkefni undir höfuð leggjast.

Að mínu mati hefði verið farsælast að hefja þegar viðræður við Breta og Hollendinga um þá stöðu sem uppi er á Alþingi vegna þessa máls með það að markmiði að afla fylgis við nýja samninga. Ef slíkir samningar bjóðast ekki hlýtur þrautalendingin ávallt að vera sú að ríkið láti reyna á sinn lagalega rétt í málinu svo úr því fáist skorið hverjar skuldbindingar okkar eru.

Niðurstaðan í fjárlaganefnd varð sú að setja skýra fyrirvara við ríkisábyrgðina. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki þátttakandi í þeirri niðurstöðu en vann þó að henni ásamt fulltrúum allra flokka í fjárlaganefnd. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni leggja tillögurnar fram með stuðningi Borgarahreyfingarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd styðja þær en áskilja sér þó rétt til að leggja fram eða styðja aðrar tillögur sem eru til þess fallnar að styrkja málið enn frekar.

Þeir fyrirvarar sem nú liggja fyrir í formi breytingartillagna meiri hlutans eru í samræmi við þær athugasemdir sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft við samningana frá upphafi og barist fyrir að tekið yrði tillit til, sem og fjölmargir almennir borgarar og sérfræðingar sem rannsakað hafa samningana og verið óþreytandi í að benda á vankanta þeirra. Ber að þakka þeim sérstaklega fyrir það.

Frú forseti. Ég tel það skipta miklu máli hver afstaða manna er til þessara fyrirvara. Það er ekki æskilegt að uppi sé ágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu um gildi þeirra. Um þetta er það að segja eins og svo margt annað í þessu máli að það gildir einu hvað þingmenn og flokkar segja hver við annan hér á landi um efni og túlkun samninganna, niðurstaðan hlýtur alltaf að vera sú að það er afstaða viðsemjendanna sjálfra sem öllu máli skiptir. Rétt er að minna á að Íslendingar verða að fara fram á rannsókn hið fyrsta á því hvernig það mátti vera að hægt var að misbeita Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sl. haust í þágu þriggja aðildarríkja á kostnað eins. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er stofnun sem ekki tekur þátt í tvíhliða deilum og það er ekki í anda stofnsamningsins sem samþykktur var í júlí 1944 að beita sjóðnum eins og gert var sl. haust til að þvinga Ísland til þess að gangast undir og greiða Icesave-ósómann. Það hefur líka komið fram í máli lögfræðinga að sé þetta rétt, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi misbeitt valdi sínu hér, er hann orðinn skaðabótaskyldur gagnvart íslenskri þjóð vegna þess að hann má það ekki samkvæmt stofnskrá sinni.

Frú forseti. Tíminn líður hratt en mig langar að víkja aðeins að þeim breytingartillögum sem samkomulag varð um í fjárlaganefnd og gjörbreyta þessu máli að mínu mati. Í fyrsta lagi er nefnt í sambandi við 1. málslið að lánasamningarnir verði túlkaðir í samræmi við hin umsömdu viðmið. Það er búið að fara yfir það hver þau eru og í því felst að íslensk þjóð geti risið upp og endurreist fjármála- og efnahagskerfi sitt. Á þeim er hert hér, þau voru ekki nógu góð eins og þau voru.

Enn fremur „að staða Íslands sem fullvalda ríkis komi í veg fyrir að gerð verði aðför í eignum þess“. Það ákvæði er styrkt líka.

Einnig „að hvergi sé haggað við óskoruðum yfirráðum Íslands yfir náttúruauðlindum“.

Síðan er einnig hnykkt á því og sett tímamótaviðmið, þ.e. um hvernig staðið verði að endurgreiðslum, hin svokölluðu efnahagslegu viðmið. Eins og kom fram í fréttum nú á dögunum í viðtali við prófessor úti í löndum er þetta í fyrsta sinn síðan á þriðja áratugnum sem ríki gerir samning af þessu tagi, þ.e. að miðað sé við greiðslugetu þjóðarinnar. Hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson fór vel yfir þetta áðan en þetta byggir á því að menn greiða hér af vexti landsframleiðslu en ekki með prósentu af landsframleiðslu. Það er gríðarlega mikilvægt til þess að við getum komist út úr þeim efnahagslegu hremmingum sem við erum í og byggt okkur upp.

Ef við hefðum borgað prósentur af landsframleiðslu hefðum við getað lent í því að borga jafnvel þegar enginn hagvöxtur er hér og þá hefðum við getað lent í fátæktargildru eða katastrófu eins og sagt er. Jón Daníelsson, hagfræðingur í London, benti einmitt á það í grein í *Morgunblaðinu* hvað það væri mikilvægt að gera þetta með þessum hætti, þ.e. að ef það væri enginn hagvöxtur mundu menn ekki greiða neitt. Ef það er enginn hagvöxtur og við ætlum að greiða höfum við tvær aðferðir til þess, það er annars vegar að auka skatttekjur eða draga úr þjónustu og við vitum alveg hvað það þýðir.

Einnig er hert á þeim lagalegu viðmiðum sem eru í samningunum en ég ætla ekki að lesa það upp hér. Eins er farið inn á endurskoðun lánasamninganna og hnykkt á því hvernig staðið skuli að því. Endurskoðunarákvæðið í lánasamningnum var mjög veikt og það var lengi vel kallað í fjárlaganefnd „teboð“, þ.e. samningsaðilar voru skyldugir til að setjast niður og ræða málin en í því fólst ekkert annað. Margir bentu okkur á að þetta endurskoðunarákvæði væri mjög veikt og æskilegt væri að styrkja það.

Síðan kemur líka nýtt efni inn í þetta, bæði varðandi eftirlit Alþingis og eins er farið fram á að menn óski eftir eða grípi til nauðsynlegra ráðstafana til endurheimta það fé sem safnaðist inn á Icesave-reikningana. Í þeim tilgangi skal ríkisstjórnin hafa frumkvæði og samstarf við yfirvöld í Bretlandi, Hollandi og Evrópusambandinu. Þetta er líka mikilvægt í þessum endurskoðunarákvæðum.

Tími minn er senn á þrotum, frú forseti, og ég vil rétt í lokin ítreka þakkir mínar til allra nefndarmanna í fjárlaganefnd sem unnu þetta sameiginlega og eiga allir sinn þátt í þessum breytingartillögum sem að mínu viti gera málið allt annað. Það ber að fagna þeim góða anda sem náðist í fjárlaganefnd og því trausti sem menn sýndu hver öðrum þar. Ég ítreka enn og aftur, hæstv. forseti, þakkir mínar til samnefndarmanna í fjárlaganefnd.

[20:49]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir ræðu hans. Mig langar að spyrja þar sem hann á sæti í fjárlaganefnd hvernig sú umræða fór fram, hversu miklum tíma var eytt í hana og hvort það hafi verið efnisleg umræða um að yfir höfuð hafi ekki verið ríkisábyrgð á Icesave-samningunum samkvæmt tilskipun 94/19/EB.

Franski seðlabankinn kvað upp úr um það árið 2000 að það væri ekki ríkisábyrgð á innstæðutryggingarsjóðnum þar. Hér í kaflanum um lagalega óvissu frá meiri hluta fjárlaganefndar er ákvæði eða umræða um það að dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-222/02 hafi komið þar inn. Það

hefur alltaf verið litið til þess að dómar Evrópudómstólsins séu fordæmisgefandi, eins og á við um aðra dómstóla þegar um æðsta dómstig er að ræða. Með leyfi forseta ætla ég að fá að lesa þetta upp:

„Bent var á dóm Evrópudómstólsins í máli nr. C-222/02 en þar segir að tilskipunin geti ekki gert aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum sem ábyrgjast innlán eða lánastofnanirnar sjálfar og tryggja að innstæðueigendur fái bætur og tryggingu í samræmi við skilmála í tilskipuninni."

Var þetta mál ekki skoðað ofan í kjölinn? Þetta er raunverulega grunnurinn að Icesave-málinu hér á landi, hvort það sé yfir höfuð nokkur ríkisábyrgð á Icesave-samningunum.

[20:51]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur fyrir fyrirspurnina. Ég get fullvissað hv. þingmann um að í fjárlaganefnd fór yfirleitt alltaf fram bæði efnisleg og málefnaleg umræða um þetta mál. Hún talar um lagalega óvissu og vitnar svo í framhaldi af því í þennan dóm sem okkur var bent á af fulltrúa Samtaka sveitarfélaga. Það liggur alveg ljóst fyrir og kemur fram í textanum að það er lagaleg óvissa um þessa Evróputilskipun. Við höfum alla tíð haldið því fram Íslendingar, og það kemur fram í okkar nefndaráliti, að það er lagaleg óvissa um hvort ríkisábyrgð sé á innstæðutryggingum samkvæmt tilskipuninni. Lögfræðingarnir Stefán Már Stefánsson og Lárus Blöndal hafa bent á það í góðum greinum, sem eru reyndar fylgigögn okkar með 1. minnihlutaáliti. Þeir hafa líka sagt að lagaleg óvissa sé vegna þess að ef það væri ríkisábyrgð á innstæðutryggingunum mundi það stangast á við hugsanleg samkeppnislög Evrópusambandsins, því eins og þeir útlistuðu er ríki ekki sama og ríki. Það er ekki sama hvort þú ert með lítið ríki eða stöndugt ríki sem er þá með ríkisábyrgðina.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að lagaleg óvissa liggur fyrir um þetta og við höfum líka haldið því til haga í okkar áliti að menn hafa ekki fallið frá því að leita hugsanlega réttar síns seinna. Eins kemur fram í breytingartillögunum að því er haldið þar áfram inni en það er rétt að það ríkir lagaleg óvissa um þetta.

[20:53]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um að það hefur farið fram málefnaleg og efnisleg umræða í hv. fjárlaganefnd því þar er margt hæft fólk og margir hæfir gestir hafa komið inn til nefndarinnar.

Í framhaldi af því sem hv. þm. Ásbjörn Óttarsson segir um að það ríki lagaleg óvissa um þetta mál, dómur Evrópudómstólsins sé því til grundvallar að þetta sé með þessum hætti og ríkið megi ekki ábyrgjast þetta vegna samkeppnissjónarmiða, af hverju var þá ekki farið af stað með málið til að fá úr því skorið í byrjun áður en þetta mál kom fyrir þingið, að láta reyna á hver væri réttur innstæðutryggingarsjóðs gagnvart ríkinu? Erum við ekki komin of langt í málinu með því að ræða ríkisábyrgð í 2. umr. um þennan samning, þar sem þetta er grundvallaratriði í öllu málinu?

Hér fara Bretar og Hollendingar fram á það við okkur á grundvelli þeirra nauðasamninga sem voru gerðir hér, undirskrifaðir af framkvæmdarvaldinu, að það verði ríkisábyrgð allt að 1.000 milljörðum. Þetta er algerlega óútfylltur tékki því það er alltaf að brotna meira og meira úr þessu eignasafni Landsbankans. Ég spyr hv. þingmann: Er ekki skynsamleg byrjun að láta alla vega athuga þetta og skera úr um það áður en málið er komið í þennan hnút sem það er, þó að þar séu einhverjir fyrirvarar? Ég hef farið yfir það í ræðum fyrr í dag og andsvörum að ákvæði 13.1.1. í breska samningnum telur að það megi ekki breyta samningum. Við erum að missa þennan samning úr okkar dómslögsögu með samþykkt þessarar ríkisábyrgðar. Um leið og búið er að samþykkja ríkisábyrgð gilda um samninginn bresk lög og breskir dómstólar dæma í þeim málum sem upp kunna að rísa.

[20:55]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir veltir sér upp úr þessari lagalegu óvissu sem svo sannarlega er og ég er búinn að svara því. Það er lagaleg óvissa um þetta mál.

Menn velta fyrir sér hvers vegna verið er að krefjast ríkisábyrgðar við hliðina á samningnum ef það væri ríkisábyrgð á annað borð. Menn geta svo sem rætt það mál fram og til baka.

Ég verð að segja, frú forseti, að málið er á forræði ríkisstjórnarinnar. Þessi farvegur og sú afstaða sem við tókum í þessu máli er í samræmi við það sem lagt var upp með 5. desember, að menn mundu leita þessara leiða til að fara samningaleiðina því menn voru búnir að prófa þessa svokölluðu dómstólaleið. Við þekkjum niðurstöðuna af því þar sem menn sögðu sig frá henni áður en fyrir lá hvernig það yrði. Þá komum við kannski að mergi málsins því við höfum í raun og veru alltaf nauðbeygt okkur í þessum málum. Ég kom inn á það í ræðu minni og margir aðrir hafa nefnt hvernig Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur hagað sér í þessum málum. Hv. þingmaður ýjar kannski að því hvort eigi að fara dómstólaleiðina en ég held að á það hafi verið reynt í haust þegar við fengum alþjóðasamfélagið upp á móti okkur. Því er reyndar haldið til haga inni í breytingartillögunum að við séum ekki búin að falla frá okkar lagalega rétti, það er hnykkt á því í breytingartillögunum þótt það sé reyndar ekki í samningnum.

[20:57]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum mál sem er í raun og veru gjörólíkt því sem við vorum að fjalla um á sínum tíma þegar hér var til 1. umr. það frumvarp sem liggur til grundvallar því máli sem nú er til umfjöllunar. Það eru einfaldlega mjög ólík mál vegna þess Alþingi eða meiri hluti fjárlaganefndar Alþingis hefur ákveðið að leggja málið fyrir Alþingi að nýju í gjörbreyttu formi. Það breytir engu þó að menn reyni að rembast eins og rjúpan við staurinn og reyni að útskýra það fyrir okkur að við séum hér að fjalla um mál sem sé samrýmanlegt þeim samningi sem undirritaður var við Hollendinga og Breta. Það sér það hver einasti lifandi

maður sem skoðar þessi mál og ber saman þær breytingartillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur kynnt og ræddar hafa verið í dag við það frumvarp sem rætt var í byrjun júlímánaðar þá blasir það auðvitað við að hér er verið að leggja til grundvallarbreytingar á þeirri niðurstöðu sem fékkst í samningaviðræðum Íslendinga við Hollendinga og Breta.

Það frumvarp sem lagt var fram og rætt um mánaðamótin júní/júlí var býsna stuttaralegt þó að það fjallaði um mikilvægt mál og stórt mál og fæli í sér gríðarlega miklar skuldbindingar gagnvart Íslendingum, en það mál sem við erum núna að fjalla um í 2. umr. hefur tekið þeim stakkaskiptum að búið er að leggja inn í það mjög miklar breytingar sem við tökum afstöðu til þegar greidd verða atkvæði um einstakar breytingartillögur.

Það er nauðsynlegt að rifja þetta aðeins upp og átta sig á því hvernig þetta mál hefur borið að upp á síðkastið í þinginu. Það var ætlun ríkisstjórnarinnar að fá Alþingi til þess að fallast á það frumvarp sem lagt var fram um mánaðamótin júní/júlí, kynnt lauslega í þingflokkum í byrjun júnímánaðar og lagt síðan inn í þingið í lok þess mánaðar. Það fer ekkert á milli mála þegar við förum yfir þessa umræðu, bæði þá umræðu sem fór fram hér við 1. umr. málsins og einnig þær umræður sem hafa farið fram í þingsölum og ég tala nú ekki um úti í þjóðfélaginu, að það blasir auðvitað við og það sjá allir að það var ætlun ríkisstjórnarinnar að gera sem minnstar og helst engar breytingar á því frumvarpi. Frumvarpið sem var lagt fyrir þingið á sínum tíma var sú afurð sem ríkisstjórnin vildi fá samþykkta. Það sem síðan hefur verið að gerast er að myndast hefur nýr meiri hluti í rauninni í þessu máli. Ríkisstjórnarmeirihlutinn féll má segja í þessu máli vegna þess að það myndaðist nýr meiri hluti um málið sem knúði á um þær breytingar sem við erum núna að ræða um.

Það er alveg ljóst að þetta gerðist ekki átakalaust. Í upphafi þegar þessi mál komu til umræðu vísaði ríkisstjórnin og talsmenn hennar nánast öllu því frá sér sem lagt var á borð og bent var á að gæti orðið til að bæta málið. Sú niðurstaða sem við erum núna að ræða er þess vegna í blóra við vilja þeirra. Ef ríkisstjórnin hefði fengið vilja sínum framgengt værum við að tala hér um niðurstöðu sem væri gjörólík þeirri sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur núna lagt á borð fyrir okkur þingmenn. Þessu er mjög mikilvægt að átta sig á. Ríkisstjórnin vildi ekki þær breytingar sem við erum núna að ræða um. Ríkisstjórnin vildi í mesta lagi gera fegrunaraðgerðir á þessu frumvarpi til þess að reyna að bjarga sínu eigin andliti út úr þessari umræðu.

Það kastaði auðvitað fyrst tólfunum þegar, eins og hér hefur komið fram í umræðunni í dag, þingið, Alþingi Íslendinga, sem átti að taka afstöðu til þessarar ríkisábyrgðar átti ekki einu sinni að fá að sjá samninginn sem liggur til grundvallar þeirri ríkisábyrgð og því frumvarpi sem hér er verið að ræða um. Það var þannig að menn áttu helst að greiða atkvæði blindandi um þessi mál án þess að geta séð þetta. Þetta kemur manni þannig fyrir sjónir að stjórnarliðar, þ.e. sá hluti stjórnarliða sem vildi fá málið samþykkt óbreytt, voru dregnir æpandi og sparkandi að þessu borði gegn vilja sínum. Þetta mál var kynnt í þingflokkunum 4. júní. Nú er kominn 20. ágúst og ástæðan fyrir því að þetta mál hefur dregist er auðvitað í fyrsta lagi sú að þetta er flókið mál og mál sem þarf að liggja vel yfir. Þetta er mál þar sem þurfti að draga fram upplýsingarnar með töngum út úr mönnum þar sem ekki einu sinni átti að leggja fram samninginn sjálfan. Og í þriðja lagi voru auðvitað pólitísk átök um þær breytingar sem við erum að ræða núna. Ríkisstjórnin og sá hluti stjórnarliða sem studdi hana í þessu máli vildu ekki þessar breytingar, meiri hluti fjárlaganefndar knúði hins vegar á um þær. Þar var við ramman reip að draga sem var ríkisstjórnin og meiri hluti hennar en sem betur fer tókst að fá fram tilteknar breytingar, fyrirvara, skilyrði við samninginn sem örugglega verður mikið hald í.

Það er líka mjög sérkennilegt til þess að hugsa að ríkisstjórnin skyldi láta sig hafa það að undirrita þennan samning vitandi að ekki var pólitískur þingmeirihluti fyrir málinu á Alþingi. Það kom m.a. fram í ræðu hv. þm. Lilju Mósesdóttur áðan að þrír þingmenn Vinstri grænna hefðu lýst því yfir að ríkisstjórnin hefði ekki umboð þeirra til að undirrita þennan samning. Þar með lá það fyrir að ríkisstjórnarmeirihluti í þessu máli var ekki til staðar. Það er mjög alvarlegur hlutur þegar ein ríkisstjórn gerir það að ganga frá samningi af þessu taginu við aðrar þjóðir, ég tala nú ekki um samning af þessari stærðargráðu, vitandi að ekki væri pólitískur meiri hluti fyrir málinu. Það var ekki álitamál hvort það væri pólitískur meiri hluti, það lá fyrir að hann var ekki fyrir hendi. Engu að síður ákvað hæstv. ríkisstjórn að ganga til samninga og undirrita samninga í blóra við ætlaðan vilja meiri hluta Alþingis Íslendinga. Á sama tíma og þetta gerist er verið að tala um að ná þurfi breiðri pólitískri samstöðu í málinu þegar það liggur fyrir að sú samstaða var ekki einu sinni til í hópi stjórnarliða sjálfra.

Ríkisstjórnin kaus sér þetta vinnulag. Það var ríkisstjórnin sem ákvað að leita ekki eftir breiðri pólitískri samstöðu um málið í undirbúningi sínum. Þetta var ekki gert af einhverri slysni, þetta var ekki gert af einhverri vangá, þetta var meðvituð pólitísk ákvörðun um það að hafa þetta mál á forræði ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarinnar einar. Það var sett niður ný samninganefnd á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og auðvitað er ekkert við því að segja. Það kom glögglega fram líka í 1. umr. þessa máls af hálfu stjórnarliða og hæstv. fjármálaráðherra og utanríkisráðherra að þeir töluðu þannig að þetta átti greinilega að vera þeirra mál enda er það svo að þetta er mál ríkisstjórnarinnar eða hluta hennar.

Þetta eru algjörlega óviðunandi vinnubrögð. Það er auðvitað eðlilegast í máli af þessu taginu, sem er í eðli sínu átakamál og umdeilt mál, stórt mál þar fyrir utan, þá er auðvitað eðlilegt að reyna að leita eftir breiðri pólitískri samstöðu. Það var ekki gert. Hins vegar var komið í fullt óefni vegna þess hvernig að þessu máli hafði verið staðið, stjórnarmeirihlutinn réð ekki við það og þingið, meiri hluti fjárlaganefndar tók það í raun og veru í sínar hendur.

Ríkisstjórnin fór í þetta mál algjörlega vanbúin. Ég hef ekki gagnrýnt samninganefndina sjálfa. Samninganefndin var hins vegar að vinna í umboði ríkisstjórnarinnar. Það var ríkisstjórnin sem veitti henni samningsumboð, það var ríkisstjórnin sem sagði henni auðvitað hvað hún ætti að gera. Í þessum efnum var þessi samninganefnd eins konar framlengdur armur ríkisstjórnarinnar og starfaði í umboði hennar og það er ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á niðurstöðunni.

Vandinn sem samninganefndin þurfti m.a. við að glíma var samningsumboðið sjálft.

Það er athyglisvert sem kemur fram í blaðagrein eftir fyrrverandi aðstoðarmann hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra, Kristrúnu Heimisdóttur í Morgunblaðinu 13. ágúst sl. þar sem hún segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Ljóst er af erindisbréfi að verkefni nýrrar samninganefndar um Icesave var aldrei skilgreint til fulls í samræmi við ályktun Alþingis.“

Þetta er auðvitað alvarlegur hlutur vegna þess að Alþingi á sínum tíma sl. haust markaði þessa vegferð, ákvað það í fyrsta lagi vegna þeirra þröngu aðstæðna sem við vorum í og í öðru lagi með skírskotun til tiltekinna viðmiða sem höfðu fengist samþykkt að við leituðum samninga við aðrar þjóðir. Þess vegna er það mjög alvarlegt sem kemur fram í þeirri blaðagrein sem ég vitnaði til að samninganefndin hafi ekki fengið það umboð sem Alþingi var í raun og veru að veita með samþykkt sinni síðasta haust.

Nú er því haldið fram að þær miklu breytingar sem hafa verið gerðar á þessu máli í meðförum Alþingis breyti engu um samninginn. Þetta verð ég að segja að er stórfurðulegur málflutningur. Það er eins og menn líti þannig á að sá samningur sem var gerður við Breta og Hollendinga sé eins konar blaðra sem menn geti bara blásið í og teygt og togað í allar mögulegar áttir, að hann sé ekki gerður úr venjulegu efni heldur úr einhvers konar tyggigúmmíi sem hægt sé að toga og teygja. Það blasir við að gerðar eru athugasemdir við lögfræðilega þáttinn, það eru gerðir fyrirvarar og skilmálar og skilyrði varðandi hagfræðilega og efnislega þáttinn, það er haldið til haga málum sem snúa að því að halda uppi rétti okkar til málsóknar og það er kveðið á um hluti sem lúta að fullveldisákvæði Íslendinga, þá tala menn um það, þrátt fyrir að hér sé verið að gera þessar grundvallarbreytingar, að þetta séu bara einhvers konar minni háttar hlutir, einhvers konar varnaglar, minnir mig að hæstv. forsætisráðherra hafi kallað það í dag, þegar verið er að toga þetta og teygja og auðvitað að gera grundvallarbreytingar á þessu mikla máli.

Það er alveg ljóst mál, virðulegi forseti, sem blasti við okkur að af hálfu Breta og Hollendinga ríkti fullkomin harka og óbilgirni og ósanngirni á alla vegu gagnvart okkur alveg frá fyrsta degi, alveg frá því að hryðjuverkalögunum var beitt á okkur í haust. Þessi harka, óbilgirni og ósanngirni af hálfu þessara þjóða hélt áfram í samningunum líka núna í vetur. Til að kóróna sköpunarverkið og til að sýna fyrirlitningu sína á okkur, til þess að strá salti í sárin og snúa hnífnum í sárinu var ákveðið svona í lokin, þegar búið var að fá okkur til þess að fallast á þessa afarkosti samninganna eins og þeir blöstu við okkur núna í júní, þá var það ákveðið að rukka okkur sérstaklega um einhvern umsýslukostnað við gerð samninganna og við kostnað í sambandi við Icesave-innlánin. Þetta er ótrúlegt. Þeir sem svona vinna eru auðvitað að senda skilaboð um það hvernig þeir líta á okkur sem samningsaðila sína. Ég er mest hissa á því að ekki skuli hafa fylgt með í þessu kaffireikningar eða kannski reikningar fyrir leigubíla eða eitthvað þess háttar sem auðvitað var sannarlega hluti af samningskostnaði Breta og Hollendinga, en það hefði náttúrlega verið í samræmi við annað að ríkisstjórnin hefði síðan tekið því. Það var ótrúlegt að hlusta á það og veita því athygli að bæði hæstv. fjármálaráðherra og hans menn fóru í það að verja þennan fantaskap Breta, þetta signal, foragtarsignal sem Bretar voru að sýna okkur með þessum hætti.

Ef það er þannig, sem hér er haldið fram, að þessi ákvæði sem nú er verið að breyta varðandi samningana rúmist innan þeirra samninga sem gerðir voru í júnímánuði milli Íslendinga og Breta og Hollendinga vaknar óhjákvæmilega ein spurning og hún er þessi: Hvers vegna í dauðanum var þá ekki samið um þessa hluti strax? Sé það svo að þetta rúmist allt saman innan samningsins hefði þá ekki verið ástæða til þess að kveða á um það strax í samningunum þegar þeir voru gerðir? Það er auðvitað augljóst mál að þetta eru svo veigamiklir hlutir að það hefði verið ástæða til þess að hafa þá inni í samningunum frá upphafi máls.

Sá samningur sem hér liggur fyrir hefur verið kallaður gagntilboð eins og hann liggur fyrir núna í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar, hefur verið kallaður gagntilboð af lögmönnum. Ég hlustaði síðast í útvarpinu núna rétt fyrir kvöldfréttirnar á viðtal við Ragnar H. Hall, sem oft hefur komið við sögu í þessari umræðu, þar sem hann segir að þetta sé gagntilboð í eðli sínu og vísar auðvitað til þess að í samningunum sjálfum er bókstaflega kveðið á um það að áður en ábyrgðin sé veitt verði að uppfylla tiltekin skilyrði. Nú erum við að setja þessi skilyrði fyrir ríkisábyrgðinni sem þrengja auðvitað málið með þeim hætti að það er augljóst að málið er komið í allt aðra og nýja stöðu.

Það er áhugavert þegar þetta mál er rifjað upp að undirstrika með hvaða hætti menn brugðust við þeirri málefnalegu gagnrýni sem kom á niðurstöðu samninganefndarinnar, niðurstöðu ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarmeirihlutans á sínum tíma. Í stað þess að reyna að bregðast nú jákvætt og uppbyggilega við í anda þess að ná ætti breiðri samstöðu um málið var það alltaf þannig í hvert einasta skipti sem vakin var athygli á veikleikum þeirrar samningsniðurstöðu sem fékkst hér í júlímánuði að talsmenn ríkisstjórnarinnar reyndu að vísa þessu öll frá, kasta öllu út í hafsauga, láta það líta þannig út að allar þær ábendingar sem höfðu komið fram af hálfu lögmanna til að mynda og margar úr fræðasamfélaginu og ég tala nú ekki um hér á Alþingi, það var allt talað niður og reynt að gera sem minnst úr þessu. Einnig þegar til að mynda Ragnar H. Hall, Eiríkur Tómasson, Hörður Felix Harðarson og fleiri fóru að benda á að sennilega og augljóslega hefðu verið gerð mjög afdrifarík mistök varðandi skuldaröðunina þegar kæmi að uppgjöri á þrotabúi Landsbankans.

Hér var þó ekki um að ræða neina smápeninga, hér var um að ræða hundruð milljarða króna sem gátu verið í húfi. Engu að síður töldu menn svo mikilvægt að reyna ekki bara að bjarga þessum samningi heldur heiðri samninganefndarinnar og ríkisstjórnarinnar að það var brugðist þannig við að reynt var að ýta öllu út af borðinu, jafnvel ábendingum eins og þessum sem þó voru mjög vel rökstuddar.

Sama var varðandi efnahagslega þátt málsins, sem er gífurlega mikilvægur. Það sem maður sér varðandi efnahagslega þáttinn er að þar er ekki allt sem sýnist við fyrstu sýn. Í fyrsta lagi var lögð fram skýrsla af hálfu Seðlabanka Íslands. Með eftirgangsmunum var síðan ákveðið að fá

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að leggja mat á málið og þá blasti það auðvitað við, sem mátti út af fyrir sig lesa líka með góðum vilja út úr mati Seðlabankans, að það er uppi gífurlega mikil óvissa í þessu máli. Óvissan lýtur bæði að uppgjörinu á þrotabúi Landsbankans, hún lýtur líka að framtíðarefnahagshorfum okkar. Það sem stendur upp úr í niðurstöðu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands — sem að mínu mati skiptir miklu máli fyrir þessa umræðu — er að við erum að tala hér um hættu eða áhættu sem getur hlaupið á hundruðum milljarða kr. eftir því hvernig það er reiknað. Það er þessi áhættuþáttur sem gerir það vitaskuld algjörlega óhjákvæmilegt að setja inn í þessa samninga sterka efnahagslega fyrirvara til þess að tryggja það að við sitjum ekki, Íslendingar, einir uppi með áhættuna í þessu máli. Þeir fyrirvarar sem nú eru settir inn í þetta mál, þessi skilyrði sem eru sett fyrir því að hægt sé að veita ríkisábyrgð lúta að því að við borgum ekki nema tiltekið hlutfall af hagvaxtaraukningunni á næstu árum þannig að við getum tryggt að þjóðarbú okkar geti betur ráðið við þessa samninga.

Það er auðvitað má segja út af fyrir sig akademísk spurning miðað við þá samninga sem voru kynntir fyrir okkur af hálfu ríkisstjórnarinnar í júní hvort við hefðum ráðið við þessar skuldbindingar. Það ræðst algjörlega af því hvernig okkur gengur að innheimta úr búi Landsbankans, það ræðst af því hvernig efnahagsleg framvinda verður o.s.frv. Þess vegna var það auðvitað óðs manns æði að ætla sér að skuldbinda okkur, skuldbinda þjóðina, skuldbinda Alþingi og skattborgarana til lengri tíma án þess að hafa einhverja fyrirvara sem hald væri í. Þess vegna, virðulegi forseti, var þetta gífurlega mikilvægt og er einn af grundvallarþáttunum, og það er örugglega rétt sem prófessor Michael Hudson sagði, að þetta eru tímamótaákvæði sem margar þjóðir eiga eflaust eftir að taka upp síðar.

Virðulegi forseti. Tími minn er bráðlega á þrotum. Ég ítreka að ég tel að það hafi verið einhver stærstu pólitísku mistök þessarar ríkisstjórnar að leita ekki eftir breiðari pólitískri samstöðu um þetta þegar í upphafi. Þess í stað máttum við lúta því að taka þátt í hörðum pólitískum umræðum um þessi mál, reyna að draga stjórnarliða æpandi og sparkandi að samningaborðinu til þess að tryggja að við næðum viðunandi niðurstöðu sem skiptir okkur miklu. Það er engin spurning um það að málið hefur batnað mikið í meðförum Alþingis og er til marks um það að Alþingi tók völdin af ríkisstjórninni í þessu efni sem betur fer.

[21:18]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða eitt af þeim stóru málum sem þetta þing hefur þurft að glíma við, annað af tveimur stærstu málunum alla vega, og full ástæða er til að þingmenn gefi sér tíma til að reifa sínar skoðanir og annað sem máli skiptir í umfjöllun um þetta mál. Það hefur vakið athygli mína í þessari umræðu að þrátt fyrir mikla og góða vinnu í fjárlaganefnd og öðrum nefndum sýnist mér að enn eigi eftir að skýra ákveðna hluti. Ég segi fyrir mig persónulega að þegar ég mætti í þingsal í morgun hafði ég ímyndað mér að það væri komin góð mynd á hvernig málið lægi, hvað bæri að gera, varast og slíkt, en enn eru að koma upp spurningar sem nauðsynlegt er að velta fyrir sér og mikilvægt fyrir þingið að fá svör við.

Ég vil í upphafi máls míns þakka þeim sem hafa komið að þessu máli. Ég vil þakka fjárlaganefndarmönnum, utanríkismálanefnd, efnahags- og skattanefnd og öðrum sem hafa unnið að þessu máli. Ég veit að það hefur verið mikil vinna á mannskapnum, ekki síst starfsfólki þingsins og þeim sem stýra bæði nefndum og öðru, og ég vil þakka þessu fólki. Ég vil líka þakka þeim sérfræðingum sem hafa látið sig málið varða og tjáð sig í dagblöðum og fjölmiðlum og síðast en ekki síst vil ég þakka hinum svokallaða Indefence-hóp fyrir að hafa staðið vaktina í þessu gríðarlega stóra máli. Ég held að það sé þarft fyrir okkur þingmenn að þakka íslensku þjóðinni fyrir að hafa látið okkur finna að henni er ekki sama hvernig við höldum á þessu stóra máli. Það er augljóst að þjóðin fylgist mjög vel með og hefur áhyggjur af því að verið sé að setja slíka klafa á hana að vart sjáist út úr og því er mjög mikilvægt að við þingmenn hlustum vel og vöndum okkur við það sem við erum að gera.

Í dag er búið að fara býsna mikið yfir sögu þessara Icesave-samninga, hvernig þeir eru til komnir og allt slíkt. Það er vægt til orða tekið að segja að það er mikil sorgarsaga hvernig þessi óskapnaður varð til. Það er enginn stjórnmálaflokkur undanskilinn í því, nema hugsanlega Borgarahreyfingin, sem er hægt að draga frá þegar við förum yfir dæmið og segjum að einhverjir beri ábyrgð eða ekki, eða hafi komið að málum með einhverjum hætti. Það er ekki hægt. Hins vegar er það þannig að þegar mest á reyndi voru tveir flokkar í ríkisstjórn Íslands. Það voru Sjálfstæðisflokkurinn og það var Samfylkingin. Þessir tveir flokkar voru í ríkisstjórn þegar hrunið varð, í aðdraganda þess og þegar mestu skipti hvernig ætti að bregðast við. Að mínu viti brugðust þessir flokkar í sínum viðbrögðum og þegar á þurfti að halda.

Ég ætla að viðurkenna að það sem hefur farið í taugarnar á mér við umræðuna um árin 2007, 2008 og byrjun árs 2009 er að einn stjórnmálaflokkur hefur haft mikið lag á því að reyna að koma sér undan allri ábyrgð í þessu máli. Það er Samfylkingin. Það er eins og hún hafi ekki verið til þegar þessi ósköp dundu yfir og þegar þurfti að bregðast við. Það er rétt að halda því til haga að þegar mest þurfti á að halda var það Samfylkingin sem hélt um taumana í þeim stjórnunarstöðum sem mestu skiptu. Þeir voru með viðskiptaráðherrann og þeir stjórnuðu í raun Fjármálaeftirlitinu. Það er mjög sérstakt að horfa upp á að þessi flokkur skuli komast í gegnum þessa umræðu nánast án þess að þurfa að útskýra sinn þátt og sína stöðu. Ég vona svo sannarlega að þegar sagan verður skoðuð, allt verður komið upp á borðið og öll bréf verða birt komi í ljós hversu mikinn þátt þessi ágæti stjórnmálaflokkur átti í aðdraganda hrunsins og þeim viðbrögðum sem á eftir komu. Það má enginn misskilja mig. Ég er ekki að draga úr þætti annarra, ég er ekki að draga úr þætti Sjálfstæðisflokksins. Hann var höfuð þessarar ríkisstjórnar og bar því ábyrgð á henni sem slíkri og þarf vitanlega að svara fyrir sinn þátt í því.

Kosturinn, ef það er einhver kostur við þennan óskapnað, er að við verðum að læra af þessu. Þetta er gríðarlega dýr skóli, dýr fyrir þjóðina og sársaukafullur fyrir marga stjórnmálamenn, en við skiptum minna máli en framtíð

þjóðarinnar og það sem við munum læra af þessu. Það er einfaldlega þannig.

Það sem hefur farið fyrir brjóstið á okkur síðustu vikur og mánuði er hvernig unnið hefur verið úr hlutunum og þar ber sú ríkisstjórn sem nú situr hvað mesta ábyrgð. Það þýðir ekki að skjóta sér á bak við að sú ríkisstjórn hafi erft þessa hluti. Hún vissi nákvæmlega við hverju hún tók þegar hún sóttist eftir því að mynda ríkisstjórn og taka við völdum og koma þjóðinni út úr þessu. Hún vissi nákvæmlega út í hvað hún var að fara. Því miður er það mín skoðun að ekki hafi vel tekist til og í raun alveg ómögulega. Ríkisstjórnin hefur ekki valdið því hlutverki að koma okkur út úr þessari krísu og sá samningur sem var lagður fyrir í sumar er besta dæmið um það.

Það sem við höfum í höndunum í dag og erum búin að vera að fjalla um, nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar sem og minnihlutaálitin, undirstrika öll að sá samningur sem átti að leggja fyrir þingið og reynt var að halda leyndri fyrir þjóðinni, sá samningur sem Samfylkingin reynir að koma sér undan og ætlast til þess að hinn stjórnarflokkurinn beri alla ábyrgð á, þetta er samningur sem þingmenn hafa hafnað. Það er búið að hafna því í fjárlaganefnd og öðrum nefndum að þetta plagg skuli lagt fyrir þingið í þeirri mynd sem það var, þó að því hafi verið lýst sem einkar góðu, glæsilegu o.s.frv.

Þær tillögur sem hafa komið fram, breytingartillögur, fyrirvarar eða hvað á að kalla það fella þennan samning sem lagður var fram í upphafi, gjaldfella samninginn og eru áfellisdómur yfir honum og því hvernig staðið var að því að gera hann. Það er alveg ljóst samkvæmt minni vitund að fyrirvararnir sem lagðir eru fram gera þetta plagg illskárra en það var í upphafi. Illskárra er kannski ósanngjarnt, það er best að nota stærri orð. Þetta er betra plagg en það var í upphafi og það er mikilvægt að við höfum í huga þegar við lítum til baka að sá samningur sem var undirritaður af tryggingarsjóðnum og aðstoðarmanni fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins var ómögulegur.

Þá ætla ég aðeins að koma inn á að því hefur verið haldið fram sums staðar að ríkið komi ekki að þessum samningi fyrr en ríkisábyrgðin er orðin gild. Auðvitað er það blekking því það hlýtur að vera tekið mark á því þegar mjög háttsettur maður úr stjórnsýslunni skrifar undir slíkan samning. Það hlýtur að vera samningur sem stjórnsýslan og þá væntanlega ríkið og ríkisstjórnin samþykkja. Það er verið að samþykkja þau drög og því þýðir ekki að benda á einkaaðila úti í bæ og segja að þetta eigi bara við um hann. Það er ekki þannig. Ríkisstjórnin er með puttana á þessu og í raun á kafi í þessum samningi eftir að hafa undirritað hann. Ég ætla þó ekki að blanda mér í þá umræðu sem hefur orðið um það þegar menn reyndu að blekkja þingheim varðandi það að ekki væri búið að undirrita samninginn eða það mundi ekki gerast á næstu dögum.

Að mínu viti ganga þessir fyrirvarar sem við höfum séð í áliti meiri hlutans, sem er studdur af þeim flokkum sem hvað mesta ábyrgð bera á þessu hruni ásamt Vinstri grænum og Borgarahreyfingu, ekki nægilega langt. Þeir gera ekki nóg til að hafa áhrif á samninginn sem slíkan. Ljóst er að þessir fyrirvarar hafa ekki áhrif á ákveðnar greinar sem miklu skipta enda er ég ekki viss um að það hafi verið hugmyndin þegar þessir fyrirvarar voru settir fram. Hinn efnahagslegi hluti fyrirvaranna er ágætur að mörgu leyti og miklu betri en það sem var lagt af stað með. Það skiptir öllu máli að slíkt sé sett fram en það verður þá að vera hald í því þegar inn í samninginn er komið. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir fjárlaganefnd, sem væntanlega fær samninginn, að fara vandlega yfir það hvort mönnum hafi yfirsést. Ég held að mönnum hafi yfirsést allhrapallega í þessari meðferð og við gerð þessara fyrirvara því í samningnum eru greinar sem útiloka nánast að ríki geti — þótt Alþingi samþykki fyrirvara með skilyrðum eru aðrar greinar í samningnum sem beinlínis vísa í að þetta sé ekki marktækt verði samningurinn samþykktur. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa grein 6.5 sem ber yfirskriftina „Fallið frá vörnum“. Þar stendur:

„Aðgerðir, aðgerðaleysi, málefni eða atriði sem myndu, ef ekki væri fyrir þessa málsgrein (mgr. 6.5), draga úr skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt þessari grein (6. gr.), leysa það undan þeim eða hafa áhrif á þær, hafa ekki áhrif á skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt þessari grein (6. gr.), (án takmarkana og hvort sem íslenska ríkið eða öðrum samningsaðila er um það kunnugt eða ekki).“

Þetta þýðir í rauninni að ef við breytum ekki þessari grein, ef við skrifum undir samninginn, setjum einhverja ríkisábyrgð sem er skilyrt, málið fer fyrir dóm í Bretlandi og þessi texti stendur óhreyfður, gildir þessi texti fyrir dóminum. Þar af leiðandi er það lykilatriði að nefndin fari vandlega yfir þær greinar samningsins þar sem vísað er í aðra hluti en beinlínis er talað um í fyrirvörum. Í þessu getur verið betra heima setið en af stað farið ef við setjum fyrirvara sem eru góðir að ákveðnu marki en dekka ekki hluti eins og að Bretar geti í raun sótt sinn rétt, eins og það er orðað í samningnum. Við megum ekki gleyma því, sem mér hugnast ekki, að ágreiningsefni varðandi samninginn skuli rekið fyrir breskum dómstólum og samkvæmt breskum lögum. Ég er ekki lagasérfræðingur en þeir sem hafa upplýst mig um það segja að það sé óheppilegt því að þau lög sem ná yfir þennan samning séu þannig að þar er hvert orð túlkað nákvæmlega eins og það stendur og því er ekkert svigrúm fyrir neinar vangaveltur. Því skiptir máli að þeir varnaglar, svo ég noti það undarlega orð sem hæstv. forsætisráðherra notaði í dag, sem við setjum varðandi þennan samning séu inni í samningnum. Ég tek undir orð hv. þm. Birgittu Jónsdóttur fyrr í dag þar sem hún kom einmitt inn á að það væri nauðsynlegt að hafa í samningnum sjálfum fyrirvara eða ventla sem bæta stöðu Íslands.

Hæstv. forsætisráðherra kallaði í dag þessa fyrirvara varnagla. Ef hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir túlka þá vinnu sem unnin hefur verið í fjárlaganefnd og öðrum nefndum sem varnagla við samningnum og senda þau skilaboð til Breta og Hollendinga að nú sé búið að samþykkja svona varnagla á Íslandi — að mínu viti hefur orðið varnagli í sjálfu sér ekki merkilegra gildi en „við viljum gjarnan sjá til“ eða „við höfum ekki stórar áhyggjur af þessu“ eða eitthvað slíkt, menn slá varnagla fyrir einhverju og það er svona létt orðatiltæki — ef það er þannig þá er ljóst að verið er að blekkja þingið með þessum fyrirvörum og því sem hér er verið að vinna. Ljóst er að ekkert hald er í þessu

sem lagt er fram. Því er mikilvægt að varnaglarnir séu a.m.k. beygðir með þeim hætti að ekki réttist úr þeim eða þeir fari úr því sem þeir eiga að festa og það verður eingöngu gert með því að setja þá inn í samninginn.

Ég vil nota tækifærið því að menn í ræðustól ræða gjarnan fortíðina. Hæstv. fjármálaráðherra hefur gert það sjálfur og það er í góðu lagi að rifja hlutina upp. Mig langar því að rifja upp álit sem hæstv. fjármálaráðherra skilaði af sér 3. desember þar sem hann leggur í raun til að verið sé að vísa frá, með leyfi forseta, „þingsályktun um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.“

Hæstv. núverandi fjármálaráðherra, þáverandi þingmaður, leggur til að málinu sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, það kemur fram hér. Ég hef þess vegna velt svolítið fyrir mér hvað hafi breyst varðandi afstöðu hæstv. fjármálaráðherra í þessu máli. Væntanlega hefur ekkert breyst annað en það, og fyrir því geta í sjálfu sér verið góð og gild rök, að hann er kominn í ríkisstjórn, ber ábyrgð á málinu og er kannski kominn með sýn á málið sem hann hafði ekki þá. Það getur vel verið að það skipti ekki máli en það getur skipt máli að honum hafi verið hótað einhverju varðandi ríkisstjórnarsamstarf og slíkt og því vilji hann snúa af þeirri braut sem hann var á áður. Mér þykir það í raun miður og ég vona satt að segja að hæstv. fjármálaráðherra endurskoði hug sinn varðandi þetta, horfi aftur til 3. desember og taki undir þá frávísunartillögu sem við framsóknarmenn munum leggja til, þ.e. að málinu verði aftur vísað til ríkisstjórnarinnar og samið upp nýtt. Einhverjum kann að finnast undarlegt að við viljum vísa málinu til ríkisstjórnarinnar til að semja upp á nýtt af því af við höfum kannski ekki svo mikið álit á því að hún hafi staðið sig vel í því sem hingað til hefur verið gert en það er samt hinn eðlilegi vettvangur að ríkisstjórnin geri það. Ég skora því á hæstv. fjármálaráðherra að velta þessu fyrir sér og rifja upp það sem hann lagði sjálfur til 3. desember.

Persónulega tel ég að ekki hafi verið sýnt fram á að Íslendingar eigi að borga þessar skuldir sem talað er um að við eigum að borga. Ég hef ekki séð færð rök fyrir því að okkur beri að gera það. Hins vegar kann að vera að sú staða sem við erum í bjóði ekki upp á neitt annað en að við borgum, það getur vel verið. Afstaða mín í málinu hefur því á undanförnum vikum mótast svolítið af því. Innst inni tel ég að við eigum ekki að borga þetta því okkur ber ekki skylda til þess. Það er verið að þröngva upp á okkur nauðungarsamningum til að bjarga og vernda stórgallað evrópskt kerfi sem sett er af löndum Evrópusambandsins og við tökum upp sem aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það er verið að láta okkur gjalda fyrir að þetta regluverk er stórgallað. Mér þykir virkilega sárt að Alþingi Íslands hafi látið það yfir sig ganga að taka við því án þess að láta reyna á lögmætan rétt. Ég held reyndar að ekki sé útilokað að það verði gert. Hins vegar er það eflaust pólitískt mjög snúið og ég get mjög vel sett mig í spor þeirra sem stjórna landinu í dag varðandi þá hluti, að það sé ekki einfalt. Samt sem áður er verið að þröngva þessu upp á okkur. Það er einfaldlega verið að láta okkur borga fyrir skemmt epli í regluveldi Evrópusambandsins.

Tíminn er að verða búinn. Ég ætlaði satt að segja ekki að hafa mál mitt mjög langt í kvöld en umræðan hefur þróast þannig að manni liggur mikið á hjarta. Ef á að samþykkja ríkisábyrgð vegna þessara samninga verður hún að vera skotheld. Hún verður að vera inni í samningnum. Þær breytingar sem við gerum verða að halda. Það er ekki nóg að setja almenna fyrirvara sem eru mjög víðir og taka ekki skýrt á málum en það finnst mér að við séum að gera núna. Það þarf að skýra þá fyrirvara sem við setjum ef við ætlum að setja þá á annað borð. Við í Framsóknarflokknum höfum sagt að það beri að semja upp á nýtt og það hefur ekkert breytt þeirri skoðun okkar. Það þarf að gera nýja samninga sem taka mið af aðstæðum Íslands í dag og það þarf að vinna þá samninga í sátt með þinginu og þjóðinni án þess að hafa yfir því leyndarhjúp.

Við erum væntanlega að fara að samþykkja, ég geri ráð fyrir að þetta verði samþykkt, og taka einhverja mestu og mikilvægustu ákvörðun sem tekin hefur verið á Íslandi. Við megum ekki flaska á því að gera byrjendamistök með því að flýta okkur og (Forseti hringir.) horfa fram hjá augljósum hlutum eins og ég hef bent á.

[21:38]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu eins og margar ræður hafa verið í dag. Þetta er mjög málefnaleg umræða.

Varðandi það sem hann sagði um ríkisábyrgðina og samninginn, bresk lög segja að það sem standi í samningnum gildi, þá segir samningurinn við punkt 6.2 Ábyrgð og skaðleysi: „Íslenska ríkið ábyrgist, skuldbindur sig o.s.frv.“ Þessi samningur sem einhverjir einstaklingar skrifuðu undir í krafti ákveðinna embætta sem þeir hafa, einn var fjármálaráðherra Íslands, annar var fyrir hönd stjórnar innlánstryggingarsjóðs. Svo voru væntanlega fulltrúar bresku og hollensku ríkisstjórnarinnar sem skrifuðu undir þennan samning. Þessir aðilar geta ekki skuldbundið ríkissjóð Íslands vegna þess að í 40. gr. stjórnarskrár Íslands — Bretar hafa ekki stjórnarskrá, við skulum hafa það í huga — í 40. gr. stjórnarskrár Íslands stendur, með leyfi frú forseta: „Ekki má taka heldur lán … nema samkvæmt lagaheimild.“ Þetta segir mér að enginn getur sótt peninga í ríkissjóð Íslands, til íslenskra skattgreiðenda, nema fyrir því sé lagaheimild. Það er alveg sama hvað hver maður skrifar undir, ég leyfi mér að segja úti í bæ, hvort sem það er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, hvort sem það er hæstaréttardómari eða hver það er sem skrifar undir, hann getur ekki skuldbundið ríkið. Þetta eiga menn að vita, þeir sem eru að semja fyrir ríkisstjórnina. Þess vegna er sú ríkisábyrgð sem við erum að ákveða hérna, með þeim takmörkunum sem við ákveðum, hún gildir.

[21:40]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir þessa athugasemd. Í samningnum, í grein 6.5 eins og ég vitnaði til áðan, er yfirskriftin „Fallið frá vörnum“. Þar kemur fram varðandi gildi samningsins að hann tekur gildi þegar ákveðnir hlutir gerast. „Gildistaka“. Þar segir m.a.,

með leyfi forseta, að samningur þessi öðlist gildi þegar: … og svo er upptalning. Í b-lið segir: „Alþingi hefur samþykkt að íslenska ríkið taki á sig ábyrgð samkvæmt þessum samningi …“ Samkvæmt þessum samningi. Ef við samþykkjum fyrirvara og þeir fyrirvarar taka ekki á því hvað gera skuli, eins og fram kemur í grein 6.5, hvað þýðir þetta þá, hv. þingmaður? Þýðir þetta þá ekki að þessi samningur og þær greinar sem fyrirvararnir ná ekki yfir taka gildi? Það kemur hvergi fram í þeim fyrirvörum og tillögum sem hafa komið fram að aðrar greinar en þær sem akkúrat er fjallað um og fyrirvarar ríkisábyrgðar áttu að taka til gildi ekki. Þá held ég að það gildi í raun einu varðandi það sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi áðan, að það stendur að samningurinn, allar greinar hans taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt að taka á sig ábyrgð. Ég efast ekki um að það sé rétt hjá hv. þingmanni að ábyrgðin er háð samþykki Alþingis. Það er eflaust alveg hárrétt. En það stendur í samningnum að hann taki gildi þegar búið er að veita þessa ábyrgð og því hef ég verulegar áhyggjur af greinum sem eru þannig orðaðar að til þeirra er ekki tillit tekið.

[21:42]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er virkilega á annarri skoðun en hv. þingmaður, ég er í andsvari við hann. Þannig er að ríkisábyrgðin sem við erum að veita er takmörkuð, hún er takmörkum háð. Ef samningsaðilar, ég er kannski ekki að tala um íslensku samningsaðilana, en þeir erlendu, ef þeir sætta sig við þá takmörkun þá eru þeir búnir að sætta sig við að ríkisábyrgðin sé takmörkuð, sætta sig við þá breytingu á samningnum.

Auðvitað er sérhver breyting sem við gerum á ríkisábyrgðinni, ef við takmörkum hana í stað þess að veita fulla ríkisábyrgð, þá er það í raun ekki sami samningurinn og þá geta samningsaðilar sagt: Þetta er ekki fullkomin ríkisábyrgð, þessi samningur er ekki í gildi. (**GBS:** Það má ekki breyta honum.) Má ekki breyta honum? Þið getið þá sagt: Hann er ekkert í gildi, eða þá: Hann er í gildi án ríkisábyrgðar, ef þið viljið hafa það þannig. Þeir standa frammi fyrir því annaðhvort að samþykkja þessar breytingartillögur, þessa takmörkuðu ríkisábyrgð sem við erum að veita eða segja að samningurinn sé ekki í gildi, það sé búið að breyta honum og það megi ekki. Það þýðir að þeir verða bara að sækja sinn rétt aftur ef þeir ekki sætta sig við þessa takmörkun. Ef þeir sætta sig hins vegar við takmörkunina þá gera þeir það og þá gildir þessi takmarkaða ríkisábyrgð sem við erum að ákveða og ekkert annað.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann. Hér myndaðist mjög viðkvæmur meiri hluti á Alþingi, framsóknarmanna, hluta af hugrökkum vinstri grænum, sjálfstæðismanna og Borgarahreyfingarinnar. Þessi meiri hluti náði fram að mínu mati þessum skynsamlegu breytingum á ríkisábyrgðinni, takmörkunum. Nú hefur það gerst að framsóknarmenn hafa farið út úr þessum viðkvæma meiri hluta sem var hætt við að brotna upp. Getur verið að Framsókn gæti komið aftur inn til að mynda samstöðu um það að ná fram einhverjum viðbótarbreytingum á þessum breytingartillögum?

[21:45]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að ég sé ekki alveg sammála hv. þingmanni með það — ég er reyndar mjög oft sammála hv. þm. Pétri Blöndal, ekki síst þegar við ræðum Evrópumál, en ég er ekki viss um að ég sé sammála honum með að Framsóknarflokkurinn hafi eitthvað fært sig úr þessum viðkvæma, nýja meiri hluta. Ég hef grun um að hinn nýi, viðkvæmi eða sá viðkvæmi meiri hluti sem var hafi einfaldlega gefið eftir, þeir flokkar sem samþykktu þá fyrirvara sem hér er verið að ræða. Framsóknarflokkurinn stóð hins vegar áfram á því að þeir þyrftu að vera stífari, við þyrftum að halda okkur við það plan sem lagt var af stað með, þá fyrirvara sem taldir voru nauðsynlegir. Það eru aðrir sem fóru að gefa eftir, held ég, hv. þingmaður.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan, þó að ríkisábyrgðin sé takmörkuð verður að vera alveg ljóst hvort hún tekur til samningsins í heild, hvort hún taki til einstakra greina eða hvort hún taki á ákveðnum hlutum er varða samninginn. Ég fæ ekki séð, því miður, að eins og þetta er fram sett í dag taki hún t.d. á því sem er talað um í greinum 6.2.–6.5. Ég sé ekki að hún taki á því. Mér finnst vanta að skerpa á því.

Ég held að það sé alveg ljóst að samningurinn tekur gildi þegar ríkisábyrgðin hefur verið samþykkt. Ef ríkisábyrgðin takmarkar eitthvað þarf að skýra nákvæmlega hvað það er sem ríkisábyrgðin takmarkar. Þeir efnahagslegu fyrirvarar sem eru settir eru mjög nauðsynlegir og munu létta okkur lífið, það er engin spurning, þeir munu gera það en halda þeir gagnvart öðrum greinum, t.d. ef farið verður í skaðabótamál við okkur? Hvaða máli skipta þeir þá? Getum við farið í skaðabótamál við breska þingið eða erum við að afsala okkur því? Það eru spurningar sem þarf að velta fyrir sér.

Varðandi það sem hv. þingmaður spurði, hvort Framsóknarflokkurinn væri til í að koma aftur, (Forseti hringir.) Framsóknarflokkurinn hefur aldrei skorast undan því að ræða málin og við munum halda því áfram.

[21:47]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf):

Frú forseti. Ég vil hefja mál mitt á svolítilli þjóðfræði. Íslenska bankahrunið átti sér allnokkurn aðdraganda sem ekki gefst ráðrúm til að rekja hér að neinu marki, enda þekkjum við þá sögu, en hrunið sjálft fór fram á fáeinum dögum í fyrrahaust í atburðarás sem hófst um Mikjálsmessu, þann 29. september.

Það er kannski táknræn tilviljun í þessu sambandi að meðan Mikjálsmessa var enn þá hluti af opinberu kirkjulífi tíðkaðist að miða reikningsskil skulda við Mikjálsmessuna. Svo mikið er víst að við þá atburði sem urðu á Mikjálsmessu í september 2008 voru knúin fram mikil og erfið skuldaskil, þau stærstu sem íslensk þjóð hefur staðið frammi fyrir. Það voru skuldaskil við skefjalausa viðskiptahætti, rofið siðferði og ábyrgðarlausa hugmyndafræði frjálshyggjunnar. Frá þeim degi hefur íslensk þjóð verið í úlfakreppu, þjökuð af vanmáttugri reiði og sorg, stödd í þrotabúi þeirrar hugmyndastefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn innleiddi í íslenskt samfélag, illu heilli.

Þegar á fyrstu dögum eftir hrun varð okkur ljóst að eng-

in endurreisn mundi eiga sér stað og engin aðstoð berast okkur að utan nema okkur tækist að ná samningum um Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Fyrstu ófullburða aðgerðir í þá átt að ná samkomulagi um málið til sjö ára með 6,7% vöxtum og þriggja ára greiðslufresti fengu sem betur fer nýjan farveg í byrjun þessa árs sem lyktaði með þeim samningi sem nú liggur fyrir til 15 ára með 5,5% vöxtum og sjö ára greiðslufresti.

Icesave-samningurinn er trúlega þyngsta mál sem komið hefur til kasta Alþingis í lýðveldissögunni, mál sem eðlis síns vegna kallar á yfirvegun og vandvirkni, en ekki síst breiða samstöðu um þátt og ábyrgð hins opinbera í þeim skuldbindingum sem samningurinn inniber. Undanfarna mánuði hefur mikið skort á þá yfirvegun í hinni opinberu umræðu sem hefur verið bæði áróðurs- og æsingakennd af margra hálfu, og þá er ég ekki bara að tala um bloggara og álitsgjafa, sjálfskipaða eða tilfundna, heldur líka stjórnmálamenn og fjölmiðla. Í allt sumar hafa sérfræðingarnir verið eltir hver af öðrum í misvísandi fullyrðingum um túlkun og afleiðingar samningsins fyrir land og þjóð. Í þeirri umfjöllun hefur mikið skort á sjálfstæð vinnubrögð fjölmiðla en þeim mun meira borið á því að sviðsljósi hafi verið beint að þeim hæst hafa haft hverju sinni. Undir öllu þessu hefur þjóðin setið, ráðvillt og agndofa.

Þessi atburðarás gefur fullt tilefni til þess að minna þingheim á ábyrgð sína sem löggjafarvalds og stjórnvalds í þeim fordæmalausu aðstæðum sem við erum í þessar vikurnar og mánuðina gagnvart því brýna lífshagsmunamáli sem þjóðin stendur nú frammi fyrir.

Frú forseti. Við verðum að afgreiða þetta mál frá okkur af ábyrgð og yfirvegun. Sem betur fer er nú loks útlit fyrir að það megi takast með þeirri víðtæku sátt sem náðist í fjárlaganefnd þingsins um nefndarálit meiri hlutans sem vonandi slær tóninn fyrir afgreiðslu málsins hér í þinginu.

Ég ætla ekki að elta ólar við fullyrðingar sem fallið hafa hér fyrr í dag í því skyni að sverta ríkisstjórnina og gera vinnubrögð hennar sem tortryggilegust. Ég gef lítið í raun og veru fyrir tilfinningar þingmanna í garð stjórnarinnar því að ég tel þær tilfinningar léttvægar í samhengi málsins í heild sinni. Það eru málalyktirnar sem meiru varða hér og afdrif þjóðarinnar. Það er núna sem reynir á Alþingi Íslendinga, hvort það yfirleitt stendur undir nafni sem þjóðþing.

Okkur má vera það fullljóst — sem við máttum vita — að Íslendingar hafa enga stöðu gagnvart öðrum þjóðum í augnablikinu. Ef við ljúkum ekki þessu máli verðum við einfaldlega álitin ójafnaðarmenn í augum umheimsins, þjóð sem ekki vill standa við skuldbindingar sínar, þjóð sem ól af sér kynslóð fjárglæframanna, hannaði fyrir þá vettvang til að athafna sig á, þar sem þeir gátu látið greipar sópa um fjármálakerfið og narrað saklausan almenning til að leggja fé inn á reikninga, m.a. Icesave-reikningana í Bretlandi og Hollandi. Slíkri þjóð er ekki treystandi — og við viljum ekki vera slík þjóð, vona ég.

Málið snýst ekkert um það að „borga skuldir óreiðumanna“ heldur að standa við alþjóðlegar og siðlegar skuldbindingar gagnvart innstæðueigendum í íslenskum bönkum hérlendis og erlendis.

Nú liggja fyrir fyrirvarar og skilyrði af hálfu þingsins við samninginn við Breta og Hollendinga. Þeir fyrirvarar taka af allan vafa um skilning þingsins á ríkisábyrgðinni, verði þeir samþykktir, og ég lýsi ánægju með þá vinnu sem átt hefur sér stað í hv. fjárlaganefnd um málið. Það er von mín að þessir fyrirvarar verði til þess að samningurinn haldi á þeim forsendum sem þingið hefur sett með þessum fyrirvörum, eða mun setja með þessum fyrirvörum, svo hægt sé að ljúka þessu máli og endurreisa efnahagslífið. Það starf hefur verið tafið nóg og má ekki tefjast mikið lengur.

Frú forseti. Okkar bíður mikið starf að frágengnu þessu máli. Meinsemdir þær sem ollu bankahruninu eru enn til staðar í íslensku samfélagi og það mun sjálfsagt taka ár og áratugi að vinna bug á þeim. Við sjáum þær meinsemdir víða í kringum okkur. Við sjáum þær í þvermóðsku fjármálastofnana við að veita stjórnvöldum upplýsingar sem gagnast geti við rannsókn á hruninu. Við sjáum það á fáránlegum kröfum stjórnenda fjármálafyrirtækja um svimandi háar bónusgreiðslur fyrir það eitt að vinna störfin og gera það sem til er ætlast og þá er ég að tala um þessa menn sem vilja fá föstu launin fyrir það að draga andann og bónusgreiðslur fyrir að vinna verkin.

Við sjáum þær meinsemdir í ósanngjörnu og græðgisvæddu kvótakerfi. Við sjáum þær meinsemdir í afskriftum hárra skulda gagnvart útvöldum á meðan fjölskyldur eru að bugast og menn eru að brotna undan skuldabyrði og áhyggjum.

Nei, gleymum ekki á hvaða vettvangi við erum, íslensk þjóð. Við erum stödd í þrotabúi Sjálfstæðisflokksins og frjálshyggjuhugmyndafræði hans og meinsemdirnar sem ollu hruninu eru, eins og ég sagði, flestar til staðar. Við skulum ekki vaða í þá villu að halda að nú hafi allir lært sína lexíu og að héðan í frá verði allt betra.

Átökin í íslenskum stjórnmálum næstu missirin munu m.a. snúast um það hvernig gert verður upp við fortíðina og þá hugmyndafræði sem leiddi okkur í núverandi stöðu. Þau munu snúast um það hvaða aðferðum verði beitt við uppgjörið vegna bankahrunsins, hvort spilin verða stokkuð upp og hvernig gefið upp á nýtt. Þau munu snúast um það hvort eitthvert uppgjör muni eiga sér stað yfirleitt því að það eru sterk öfl að verki í íslensku samfélagi og þau öfl vilja ekki uppgjör.

Frú forseti. Stjórnvöld landsins standa nú frammi fyrir því sögulega tækifæri að reisa við efnahagslíf okkar. Ein stærsta fyrirstaðan í endurreisn efnahagslífsins, Icesave-samningurinn og Icesave-deilan, verður nú vonandi afgreidd héðan frá Alþingi með viðunandi fyrirvörum. Þar með væri stórum steini rutt úr vegi, en vegferðin fram undan er löng og þau verða sjálfsagt mörg, villuljósin sem lögð verða fyrir okkur á þeirri leið. Við höfum nú þegar elt eitt þeirra — frjálshyggjuljósið — út í fenjasvæði siðblindunnar og það má aldrei gerast aftur.

En ljós vonar getum við vonandi kveikt og það er a.m.k. á ábyrgð þjóðþingsins að halda vonarljósinu lifandi á þeim tímum sem nú fara í hönd.

[21:56]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur fyrir hennar orð. Hún ræðir um sjö ára skjól sem stjórnarflokkunum hefur orðið tíðrætt um. Ég hef bent á

það í ræðu að það er ekkert sjö ára skjól vegna gjaldfellingarákvæða samninganna sem er að finna í 12. gr. breska samningsins og 11. gr. hollenska samningsins. Þau eru hreinlega í 11 liðum. Verði greiðslufall hjá fyrirtæki ríkisins, svo sem Byggðastofnun eða Landsvirkjun, gjaldfellur Icesave-samningurinn, alveg sama hvort það yrði á morgun, eftir eitt ár eða eftir sex ár. (Gripið fram í.) Þess vegna er sjö ára skjól algjör rökvilla í þessu máli.

Því spyr ég þingmanninn: Gerir hún sér grein fyrir því að sú ríkisábyrgð sem hér er til umræðu nú tekur ekki gildi fyrr en eftir sjö ár? Horfur eru slæmar. Nái ríkið ekki að standa við skuldbindingar sínar á sjö árum fellur ríkisábyrgðin úr gildi. (Forseti hringir.) Var þingmaðurinn búin að gera sér grein fyrir þessu?

[21:58]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég talaði ekki um sjö ára skjól, ég talaði um sjö ára greiðslufrest og er með þeim orðum að vitna beint í samninginn sjálfan. Þessi hætta sem þingmaðurinn gerir að umtalsefni um gjaldfall án tímasetningar er auðvitað hætta sem við hugsanlega stöndum frammi fyrir. Sérfræðingar hafa reiknað það út að við eigum ekki að vera í hættu, greiðsluþol þjóðarinnar muni hafa þanþol fyrir þennan samning, og í trausti þess legg ég blessun mína yfir þá fyrirvara sem hér eru lagðir til.

[21:59]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir. Það hafa komið mjög misvísandi skilaboð frá sérfræðingum þessarar þjóðar og erlendis líka. Ég er raunsæ manneskja og tek ekki öllu sem nýju neti þó að það standi í frumvarpi ríkisstjórnarflokkanna sem hafa það eitt að markmiði sínu að koma okkur sem fyrst inn í ESB.

Segjum sem svo að þessi samningur verði samþykktur á Alþingi, þá er það allt upp í 1.000 milljarða skuldbinding sem íslenska ríkið tekur á sig sem undir standa 70–80 þúsund vinnufærir menn því að þeir sem eru á almenna vinnumarkaðnum eru í raun og veru að vinna fyrir sköttum sem fara í að greiða opinberum starfsmönnum laun og annað. Þetta er meðalstórt fyrirtæki í Bandaríkjunum. Telur þingmaðurinn virkilega að við verðum ekki í vandræðum með að borga þessa skuldir og telur þingmaðurinn ekki að það sé hætta á greiðslufalli á þessum sjö ára tíma sem við erum í skjóli?

[22:00]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er rétt sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir segir, það berast misvísandi skilaboð úr ýmsum áttum varðandi þetta mál. Við erum í fordæmislausum aðstæðum. Við vitum ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér og það eina sem við í raun og veru getum gert í þeirri stöðu sem við erum í núna er (**Gripið fram í:** Að skrifa undir samning.) að halda í það vonarljós sem við höfum. Já, að reyna að taka til eftir okkur þá óreiðu sem varð hér með bankahruninu og reyna að koma hér á eðlilegum skilyrðum í samskiptum og viðskiptum við aðrar þjóðir. Ég held að það sé búið að vinna þennan samning eins vel og hægt er og að vinnan við þessa fyrirvara sé unnin að ráði bestu sérfræðinga. Þó að sumar upplýsingar hafi verið misvísandi hefur verið lögð virkilega mikil vinna bæði í fyrirvarana og (Forseti hringir.) samninginn. (Gripið fram í.) Ég ætla að leyfa mér að horfa á glasið hálffullt núna og horfa á ljós vonar. Takk.

[22:01]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég deili ekki stjórnmálaskoðunum með hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur en aldrei mundi ég voga mér í ræðustól á Alþingi að kalla skoðanir þess flokks sem hún tilheyrir meinsemd eins og hv. þingmaður leyfir sér að segja um Sjálfstæðisflokkinn í þessari umræðu. Hefur hv. þingmaður gleymt því að árið 2007 var mynduð hér ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar? Því samstarfi lauk 1. febrúar 2009 vegna þess að Samfylkingin gat ekki staðið í lappirnar þá frekar en endranær. (**Gripið fram í:** Rétt.) Er hv. þingmaður búinn að gleyma því (Gripið fram í.) hver var viðskiptaráðherra þess tíma? Hver var formaður Fjármálaeftirlitsins, (Gripið fram í.) þegar hún leyfir sér að kalla stjórnmálastefnu Sjálfstæðisflokksins meinsemd?

[22:02]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að biðja hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur að hafa rétt eftir mér og ég ætla að endurtaka það sem ég sagði um meinsemdina.

„Meinsemdir þær sem ollu bankahruninu eru enn til staðar í íslensku samfélagi og það mun sjálfsagt taka ár og áratugi að vinna bug á þeim.“ (**Gripið fram í:** Reglur Evrópusambandsins.)

Við sjáum þær meinsemdir í ósanngjörnu og græðgisvæddu kvótakerfi. (Gripið fram í.)

Við sjáum þær í þvermóðsku fjármálastofnana við að veita upplýsingar. Við sjáum þær í fáránlegum kröfum um bónusgreiðslur og við sjáum þær í afskriftum hárra skulda gagnvart útvöldum á meðan fjölskyldur eru að bugast.“ (**Gripið fram í:** Er ekki Samfylkingin …)

Þetta voru orð mín, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Ég ítreka það sem ég sagði áður og fagna þessu tilefni til að (Gripið fram í.) geta sagt að frjálshyggjan í íslensku samfélagi er meinsemd.

[22:03]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég spyr hv. þingmann enn og aftur: Ber Samfylkingin, með viðskiptaráðherra í ríkisstjórn frá 25. maí 2007 til 1. febrúar 2009, enga ábyrgð á gjörðum þeirrar ríkisstjórnar? Ber Samfylkingin ekki ábyrgð á því að hafa skipað Jón Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóra Norræna fjárfestingarbankans, formann Fjármálaeftirlitsins? Ber Samfylkingin enga ábyrgð á því stjórnarsamstarfi sem fór fram frá maí 2007 til 1. febrúar 2009? Ætlar Samfylkingin kannski héðan í frá sem hingað til að firra sig ábyrgð og varpa allri ábyrgð á gjörðum þeirra ríkisstjórna og stjórna sem hún er í á samstarfsflokkinn vegna þess að hún er eins og heilög kýr?

[22:04]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Samfylkingin á ekki að skorast undan ábyrgð, frekar en nokkur annar stjórnmálaflokkur, á því sem gerst hefur í okkar samfélagi. (**Gripið fram í:** Nú?) Nei, það á hún ekki að gera og það gerir hún ekki. (**Gripið fram í:** Ha?) Samfylkingin er trúlega eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur axlað ábyrgð (Gripið fram í.) með afsögn ráðherra og með afsögn (Gripið fram í.) bankaráðsmanns í Seðlabankanum. (**Gripið fram í:** Hver sagði af sér í Sjálfstæðisflokknum?) (**Gripið fram í:** Hvað sögðu margir sjálfstæðismenn af sér?) [Frammíköll í þingsal.]

Frú forseti. Það væri indælt að fá hljóð. (Forseti hringir.) Nú verð ég að biðja mína eigin flokksmenn um að stilla sig svo að ég fái hljóð.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Ró í salnum.)

Frú forseti. Við göngumst við okkar ábyrgð, þeirri takmörkuðu ábyrgð sem við berum. Einu erum við þó saklaus af og það er að við höfum aldrei talað fyrir skefjalausri frjálshyggju og meinsemdin felst ekki í að axla ábyrgð og gangast við henni. Meinsemdin í okkar (Forseti hringir.) samfélagi er sú að menn hafa ekki gengist við ábyrgð. Sjálfstæðisflokkurinn gengst ekki við sinni ábyrgð — (Gripið fram í.) og það er vandamálið að Sjálfstæðisflokkurinn … (**Gripið fram í:** Ekki í núverandi ríkisstjórnarsamstarfi.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Einn fund í salnum.)

Sjálfstæðisflokkurinn talar hér eins og heilög kýr (Forseti hringir.) og þvælist fyrir þeim björgunaraðgerðum sem verið er að vinna [Frammíköll í þingsal.] í þeirri tiltekt (Forseti hringir.) sem við þurfum að vinna. Mér finnst það alvarlegur ábyrgðarhluti ef ég á að segja alveg eins og er.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Tíminn er liðinn. Forseti biður þingmenn um að hafa ró í salnum og einn fund í gangi.)

[22:07]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að fylgja eftir umræðunni um hver ber ábyrgð hvar. Þannig vill til að í maí 2007 var mynduð ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem skipti þannig með sér verkum að Samfylkingin tók að sér embætti bankamálaráðherra. Hann var bankamálaráðherra þangað til hann sagði af sér daginn áður en hann var rekinn. (Gripið fram í.) Bankamálaráðherrann skipaði fyrrverandi ráðherra Alþýðuflokksins, Jón Sigurðsson. Undir stjórn þessara manna urðu reikningarnir í Hollandi til sem söfnuðu á sig 1,3 milljörðum evra af skuldum sem við ræðum um núna. Þeir söfnuðu á sig u.þ.b. 1,8 milljörðum punda.

Segðu mér eitt, hv. þingmaður. (Forseti hringir.) Þetta var kannski gert undir hugmyndafræði frjálshyggjunnar. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Tíminn er liðinn.)

Hver var það sem fylgdi þeirri hugmyndafræði annar en Samfylkingin? (Forseti hringir.) Hugmyndafræði um ljós vonar hef ég aldrei heyrt talað um áður. Þú ætlar kannski að útskýra fyrir mér hvernig þið … (Forseti hringir.)

[22:08]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill biðja þingmenn um að viðhafa venjur í þingsal og ávarpa forseta og tala um þingmenn í þriðju persónu eins og hefð er fyrir í ræðum á Alþingi. (**TÞH:** Hæstv. forseti, ég var svo æstur.)

[22:08]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg rétt að Samfylkingin var illu heilli í ríkisstjórnarsamstarfi með Sjálfstæðisflokknum um tíma, það fór ekki vel. (**Gripið fram í:** Hún viðurkennir það.) Við búum við það stjórnkerfi hér að við höfum aldrei getað myndað eins og tveggja flokka ríkisstjórnir fyrr en núna þegar þessi ríkisstjórn varð að veruleika eftir síðustu kosningar. (Gripið fram í.) Ég biðst afsökunar, við höfum aldrei getað myndað ríkisstjórn með hreinan meiri hluta tveggja flokka. (**Gripið fram í:** Nú?) (Gripið fram í.) Tveggja — ég meina það. Það er alveg búið að taka mig úr sambandi. (Gripið fram í.) Við höfum yfirleitt þurft að búa við fjölflokkaríkisstjórnir. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sem betur fer aldrei náð hreinum meiri hluta til að mynda ríkisstjórn eða að vera ríkisstjórnarflokkur einn og sér þannig (Forseti hringir.) að hann hefur náttúrlega haft aðra flokka með sér. (Forseti hringir.)

Sjálfstæðisflokkurinn hefur á undanförnum 18 árum stýrt þessum dansleik, barið bumburnar (Forseti hringir.) og innleitt frjálshyggjuaðferðir með einkavæðingu bankanna og þeirri hugmyndafræði (Forseti hringir.) sem hefur komið landinu í algjört þrot. (Gripið fram í.) Það er bara staðreynd þessa máls. [Frammíköll í þingsal.]

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti biður um ró í salnum og að gefa ræðumönnum tóm til að svara.)

[22:10]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta var ákaflega merkilegt svar en það var ekki svar við spurningunni sem ég bar fram. (**ÓÞ:** Hvernig var hún?) Kannski skilur hv. ráðherra, nei, hv. þingmaður ekki spurninguna. (**Gripið fram í:** Þú tókst hana úr sambandi.)

Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir þingheim að hafa þennan ljósbera vonar hér í þingsalnum meðan við tölum um þetta mál, sem er fyrrverandi hæstv. bankamálaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson. Það væri gaman að heyra hvernig hann svaraði fyrir þessar ásakanir sem hv. þingmaður var með hér áðan þegar hún hélt því fram að (Forseti hringir.) óstjórn í eftirliti með bankastofnunum hér á landi væri frjálshyggjunni að kenna.

[22:11]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er svolítið erfitt að halda uppi vitrænum samræðum hérna, það er kominn einhver kvöldúlfur í þingmenn og lítið hljóð í salnum þannig að menn mismæla sig mjög. Ég er ekki hæstv. ráðherra, ég læt mér alveg nægja að vera hv. þingmaður, að svo stöddu a.m.k. (**Gripið fram í:** Þú bara talar eins og ráðherra.) Nákvæmlega.

Ljósberi vonar eru fögur orð og væru fallegt heiti á

stjórnmálastefnu. Ég er þó fyrst og fremst að vísa til þess að við getum ekki skirrst við að horfast í augu við hvert hugmyndafræði undanfarinna 18 ára hefur leitt okkur. Mér finnst hálfátakanlegt að fylgjast með því að helstu boðberar þeirrar hugmyndafræði enn þann dag í dag, þrátt fyrir þau spor sem við stöndum í núna, neita að horfast í augu við það skipbrot sem sú hugmyndafræði í raun og veru leiddi yfir okkur. (Gripið fram í.) Það er í raun og veru meinsemdin í okkar samfélagi (Forseti hringir.) vegna þess að eitt er að gera mistök en verra er að gangast ekki við þeim og reyna ekki að leiðrétta þau. (Gripið fram í.)

[22:13]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er athyglisverð umræða. Hér hafa tvær kröftugar konur bæði farið í læknisfræðina og dýrafræðina, talað um heilagar kýr og meinsemd. Ég held hins vegar að sú meinsemd sem er hvað alvarlegust núna sé að annar stjórnarflokkurinn hefur svo mikinn áhuga á því að ganga í samband Evrópuríkja að allt annað virðist víkja. (**Gripið fram í:** Ekki aftur.) Jú, jú, og oftar, hv. þingmaður.

Mig langar að spyrja hv. þingmann í fyrsta lagi hvort hún telji að 25 milljarða aukakostnaður út af vaxtagreiðslum sé eðlilegur varðandi þessa samninga. Mig langar líka að spyrja hana — ef það er kvikindislegt má hún bara sleppa því — hvernig hún túlki grein 6.5 sem ég fjallaði um áðan.

Mér þótti vænt um að heyra (Forseti hringir.) að hún hefur áhyggjur af niðurfellingu skulda. (Forseti hringir.) Er hún þá hlynnt því að fella niður skuldir heimilanna að einhverju marki?

[22:14]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Við getum endalaust deilt um forsendur þessa samnings, hvað geti talist eðlilegt og hvað óeðlilegt. Ég held að það sé mjög villandi að ræða upphæðir í þessu sambandi, (**Gripið fram í:** Nú?) vegna þess að það sem við getum — (Gripið fram í.) Já, það er mjög villandi að tala um krónutölur (Gripið fram í.) og reyna að reikna fram í tímann hver muni vera kostnaður og vaxtabyrði o.s.frv. Við vitum að samningsdrögin sem lágu hér fyrir sl. haust gerðu ráð fyrir 6,7% vöxtum. Þessi samningur gerir ráð fyrir 5,5% vöxtum og það eru eðlileg kjör. Það hljóta að teljast eðlileg kjör í samningum á borð við þennan, það teljast eðlileg kjör í viðskiptasamningum og við höfum fengið fregnir af því núna á síðustu vikum að í raun og veru hefðum við ekki getað fengið neinn annan lánasamning (Forseti hringir.) á sambærilegum eða betri kjörum en þennan sem hér er um rætt. Um þetta má þó auðvitað deila og langt fram á nótt.

[22:15]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér þykja 25 milljarðar býsna miklir peningar, það er hægt að gera mikið fyrir 25 milljarða og mér finnst leitt að hv. þingmaður skuli þynna þessa umræðu með þeim hætti sem hann gerði. Það munar u.þ.b. 25 milljörðum hvort við borgum vexti af þessum ógnarupphæðum frá áramótum eða frá undirritun samningsins, eða þegar samningurinn tekur gildi — 27. júlí, held ég það sé. Það munar þessari upphæð og það eru engir smáaurar.

Ég endurtek spurningu mína hvort henni þyki þetta eðlilegt.

Mig langar, fyrst ég er hérna, að spyrja hv. þingmann, af því að hún nefndi áðan niðurfellingu skulda hjá eignamönnum, hvort hún sé sammála því að nú sé komið að því að fella niður skuldir, t.d. húsnæðisskuldir heimilanna að einhverju marki.

[22:16]

Ólína Þorvarðardóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég átta mig ekki alveg á því eftir hverju þingmaðurinn er að fiska. 25 milljarðar í mínum eyrum hljóma ekkert sem eðlileg tala, ekki heldur 1.000 milljarðar. Upphæðir og krónutölur í þessu sambandi eru afstæðar og erfiðar í þessari umræðu. Það verður náttúrlega að ræða þá hluti í einhverju samhengi. (Gripið fram í.)

25 milljarðar eru gríðarlega há fjárhæð. (**Gripið fram í:** Það eru vextir.) Ég veit að það eru vextir. Ég vil frekar tala um kjörin á þessum samningi sem eru 5,5% vextir. Ég hef bara ekki forsendur til annars en að fallast á þau rök að það teljist eðlileg kjör á samningi sem þessum.

Varðandi niðurfellingu skulda heimilanna, auðvitað viljum við gera allt sem hægt er til að aðstoða heimilin í landinu í þeim skuldavanda sem víða er við að etja og ég veit ekki betur en (**SDG:** Almenn aðgerð?) að bankarnir og hið opinbera séu á fullu við að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum, (Forseti hringir.) m.a. að afskrifa skuldir. Almenn aðgerð er nokkuð sem við höfum ekki (Forseti hringir.) haft á stefnuskrá okkar enn sem komið er, enda teljum við að það sé mun nær að reyna að skoða málið (Gripið fram í.) í ljósi einhverrar jafnaðarmennsku. Jöfnuður er ekki endilega fólginn í því að (Forseti hringir.) allir fái það sama, heldur að hver maður fái það sem honum ber og hann þarf.

[22:18]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti hvetur þingmenn til að virða ræðutímann.

[22:18]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Þetta er löng umræða um klink, en við verðum að taka því. Tíu vikur hafa nú farið í það að reyna að lagfæra þessa druslusamninga sem ríkisstjórnin kynnti í sumar. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. (Gripið fram í.) — Samninga, já, sem ríkisstjórnin stóð að. Það hefur aðeins mjakast en það er ekkert í hendi. Það er spádómur í skógi, ekki einu sinni fugl, og hv. þm. Gunnar Bragi Sveinsson vakti athygli á því fyrr í kvöld að hvergi væri stafur á bók um skyldur Íslendinga gagnvart ríkisábyrgð á einkarekstri. Það er rétt hjá honum, hvergi stafur á bók.

Hv. þingmaður vakti einnig athygli á því að ef þetta mál verður samþykkt á Alþingi er það áfram í höndum ríkisstjórnarinnar fyrst og fremst og hún er tvískipt. Það kann ekki góðri lukku að stýra þegar menn eru í brimgarði að hafa skipstjóra á bæði borð í brúnni. Það gengur ekki, þess vegna er þetta veik staða.

Það er skelfilegt að við Íslendingar skulum búa við

þrennt sem við þolum ekki og getum ekki búið við í þessari stöðu: Við getum ekki treyst Samfylkingunni, við getum ekki treyst Evrópusambandinu og við getum ekki treyst Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. (**VigH:** Rétt.) Þetta eru grundvallaratriðin og við eigum ekki að vera með neinn barnaskap eða í dúkkulísuleik og halda einhverju öðru fram. Það er skelfilegt að heyra þegar menn tala hérna eins og þeir séu að búa til einhverja pakka fyrir leikskólaafmæli og kynna þá með einhverjum gylliboðum sem hafa enga stoð.

Stórt vandamál í þessu efni er að Samfylkingin er troðfull (Gripið fram í.) af glimmeri Evrópusambandsins og sér ekkert annað. Það er slæmt þegar reyndir fréttahaukar falla í þessa glimmersúpu. Maður hefði ætlast til annars. Allar bílaverksmiðjur heimsins, sama hvaða druslur þær framleiða, virðulegi forseti, hafa einboðna reglu: Ef fram kemur verksmiðjugalli í vél eru vélarnar innkallaðar, alveg sama hvar er í heiminum.

Það kemur fram alvarlegur galli, stórhættulegur galli, í vélvirki og reglugerðum Evrópusambandsins þegar efnahagshrun dynur yfir heimsbyggðina. Hvað gerir Evrópusambandið þá? Kallar það þetta reglugerðarverk inn til viðgerðar? Nei, það velur minnstu þjóðina í samfélagi sjálfstæðra þjóða Evrópu og traðkar á henni með svo ófyrirleitnum hætti að það er með ólíkindum. Það undirstrikast kannski best með því að nágrannar okkar, Norðurlandaþjóðirnar, koma fram eins og dulur í kjölfar tilkynningarskyldu Evrópusambandsins, gömlu herraþjóðanna sem þar ríkja. Þetta er það sem við búum við. Við verðum að bregðast við því og vinna okkur úr stöðu á okkar sjálfstæða hátt á okkar eigin forsendum. Hlutverk alþingismanna á fyrst og fremst að vera það að verja Ísland og íslenskt samfélag. (**Gripið fram í:** Rétt.) Menn mega ekki falla í þá gildru að taka að sér óviss gylliboð, undirboð og tilboð frá Evrópusambandinu sem segir ekkert um stöðu okkar nema að það er áhætta, áhætta og aftur áhætta.

Þegar maður hefur starfað lengi í pólitík lærir maður líka margt sem kemur kynlega út og það er harður skóli. Maður verður þá að læra af því. Alveg sama hvort menn gera mistök, hvort þjóð gerir mistök, hvort einstaklingar gera mistök, það er hluti af lífinu því að lífið er aldrei 100%. Menn verða að læra af þessum mistökum. En við getum ekki tekið áhættu í sambandi við sjálfstæði Íslands, stöðu íslensks samfélags. Þar verðum við að standa á verði miklu betur en í öllu öðru. Það er vandamál í þessu að Samfylkingin hangir í pilsfaldi Evrópusambandsins og það hefur orðið til þess að það er rugl á öllu saman, á Icesavesamningum og aðild að Evrópusambandinu. Það er ekki hægt að slíta þarna á milli eins og þetta hefur vaxið. Vinstri grænir fylgja þessu eftir og hlýða eins og feimið barn í söng. (Gripið fram í.) Þeir láta nota sig, eru settir í skítverkin en eðalfólkið í Samfylkingunni hefur frítt spil, það er alltaf að koma af fjöllum og svo dettur það úr sambandi þegar eitthvað er sagt við það.

Vitað er um samtöl seðlabankastjóra Bretlands við seðlabankastjóra Íslands þar sem seðlabankastjóri Bretlands sagði: Auðvitað er ekki hægt að gera ráð fyrir því að Íslendingar beri ábyrgð á þessum áhættulánum sem Icesavesamningarnir voru vegna þess að það var augljóst strax í upphafi að menn ætluðu að græða á óeðlilega háum vöxtum. Svo kemur Evrópuflokkurinn og segir: Ja, þeir vilja skilja það svona. Samfylkingin vill skilja það svona af því að Evrópusambandið vill skilja það svona. Það vita allir að Evrópusambandið er nú byrjað að vinna að því að breyta þeim reglum sem eru að berja Ísland niður. (**VigH:** Rétt.) Það er eina regluverkið sem þeir eru að breyta, en áður ætla þeir að traðka á okkur, þessar hetjur í Hollandi, í London, í Stokkhólmi, og segja okkur að fara til þess sem í neðra býr. Þetta er nú virðing þessara þjóða fyrir sjálfstæðri lítilli þjóð á norðurhveli jarðar. Ég ætti að nota miklu hvassari orð í þessum efnum en að tala um hið neðra, það er talað um að fara neðar en Húsavíkur-Jón. Þetta eru svívirðileg vinnubrögð, þetta er klár nauðgun á einu samfélagi og þjóðfélagi sem við eigum ekki að kyngja. Þá er nú betra að standa eftir einn á jöklinum en að vera í samfloti við þetta lið.

Við höfum alla möguleika til að bjarga okkur án þess að vera undirlagðar og flaðrarar við þjóðir sem gefa skít í okkur, virðulegi forseti.

Hryðjuverkalögin eru dýrasta og mesta árás á Ísland í sögu landsins frá upphafi. Sáttmálinn frá 1262 var miklu skárri en valdbeiting hryðjuverkalaganna. Eigum við að gleyma því? Auðvitað eigum við ekki að gleyma því, aldrei. Við eigum að læra af því og byggja metnað Íslands í gagnsókn en ekki undirlægjuhætti. Hvað sýndi NATO í þessu dæmi? Heigulshátt, smámennishugsun, (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) ómarktækt samfélag sem okkur varðar í rauninni ekkert um lengur, (**Gripið fram í:** Jóhanna talaði þó við hann í dag.) varðar ekkert um það lengur. (**Gripið fram í:** Viltu ekki bara fara úr NATO?) Hvers vegna ættum við að leita til Norðmanna í þessari stöðu? Þótt Norðmenn séu um margt ágætir, hvers vegna ættum við að leita til þeirra eða forsvarsmanna þeirra, hvort sem þeir vinna í Noregi eða á alþjóðavettvangi? Norðmenn eru svo níðskir að þeir trúa ekki einu sinni á líf fyrir dauðann. Það hentar ekki lítilli þjóð.

Allir hafa brugðust í þessu Evrópusamfélagi nema Færeyingar og Pólverjar. Þeir reyndust drengskaparmenn. (Gripið fram í.) Og svo erum við að daðra við þetta glimmerlið frá Brussel. Guð hjálpi okkur.

Það er ömurlegt að Evrópusambandslöndunum skuli ekki vera treystandi og það er ömurlegt að Vinstri grænir sem vilja gjarnan vera byltingarmenn verða svo bara gólftuskur Samfylkingarinnar. (**Gripið fram í:** Rétt. …) Þar er engin heildarstefna, Samfylkingin samanstendur af bögglauppboði úr ýmsum pólitískum sjoppum og þar er hver sjálfs síns herra í þeim herbúðum. (**Gripið fram í:** Ó, já.) Einstaka hvítir menn standa upp úr, ávallt viðbúnir, en þetta er duglaust lið til árangurs. Þetta er fólk sem hlýðir pilsföldunum í Brussel og við eigum ekkert að gera við þetta.

Vandamálið er að Samfylkingin situr öfug í hnakknum. Menn komast ekkert áfram á reið með þeim hætti. (**Gripið fram í:** Þetta er …) Breytingarnar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu að tilhlutan manna úr flestum flokkum á Alþingi eru til góðs og það er hægt að fallast á margar þeirra. Í rauninni er í heild hægt að fallast á þær en það er ekkert tryggt um framgang þeirra. Margar breytingarnar snerta ekki ýmis ákvæði samningsins sem eru líka vandamál fyrir okkur. Þá er auðvelt fyrir stóru jaxlana í Evrópusambandinu að keyra yfir okkur og segja: Étið þið bara það sem úti

frýs. Við höfum völdin. Þeir hafa sýnt að þeir eru tilbúnir til að gera hvað sem er við íslenska þjóð til að ná tökum á landi og þjóð. Það er skelfilegt að á hv. Alþingi skuli vera þingmenn sem láta fallerast í þessum efnum. Þá er betra að viðurkenna, eins og sumir hafa gert í kvöld, að þeir hafi verið teknir úr sambandi. Við eigum ekki að líða nauðgun og ekki valdbeitingu á þjóð okkar.

Það er vandamál að ríkisstjórnin vill, eins og Samfylkingin, þegja og þegja. Samfylkingin segist vera „stikkfrí“ og bíður með blaktandi pils eftir Evrópuörkinni. Engir gripir munu fara í þá örk, hvorki sauðfé né aðrir gripir á Íslandi, og við sem verðum eftir getum væntanlega byggt hér upp aftur. Við ætlum ekki í rauðvínspartýið í Brussel.

Stærsta áhættan í þessum samningi sem við ræðum um er auðvitað að hlutfallið er allt of hátt af útflutningstekjum og skatttekjum sem við kunnum að þurfa að borga. Öll áhættan er okkar megin. Jafnvel þó að inn hafi komið öflugir fyrirvarar er áhættan okkar megin. Evrópusambandið hefur sýnt sig vera mesta kúgunar- og heimsveldisapparat í sögu heimsins. Rússneska Sovét var bara vasaútgáfa miðað við þá hugsun sem liggur að baki Evrópusambandinu. Svo ætla menn að leggja á flótta, lenda á heiðum Jótlands og halda þar mannskapnum í einangrun. Nei, Íslendingar munu snúa vörn í sókn en ekki fara hraglandi undan vindi eða öldu. Íslendingar munu snúa vörn í sókn, alveg sama þó að Samfylkingin hafi verið með frítt spil frá fæðingu af því að hún er sakleysið uppmálað (Gripið fram í.) og jafnvel reyndir sjómenn úr hópi Vinstri grænna sem eiga setu á Alþingi lúffa eins og kerlingar, (**Gripið fram í:** Stukku frá borði.) stökkva frá borði eins og ákveðin dýr. Þetta er bara skelfilegt. Ísland er leiksoppur Evrópusambandsins, það má draga það saman í því, virðulegu þingmenn, að Evrópusambandið skipar fyrir. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti, virðulegi forseti.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti minnir hv. þingmann á að ávarpa forseta …)

Hv. forseti, virðulegur forseti, hæstv. forseti..

(**Forseti** (ÁRJ)**:** … en ekki þingmenn beint út í sal.)

Þeir eru nú fólk líka.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Og biður hann einnig að gæta orða sinna í ræðunni.)

Virðulegi forseti. Allt sem ég hef sagt er í lágmarki.

Eitt af því sem er gegnumsneitt í þessu máli öllu er óvissan sem öll er Íslands megin. Málaferli geta tafið, misjafnar túlkanir, Evrópusambandið sjálft, flækjan sem er eins og kóngulóarnet, óvissan um gengi evru, punds, íslensku krónunnar, og það er hægt að telja upp endalaust. Ekkert er í gadda slegið. Þetta er endalaus óvissa þar sem hundruð milljónaþjóðir hossast á 300.000 manna þjóð, hossast á henni eins og kengúrur. Það verður bara að tala mannamál í þessum efnum, ekki vera með einhverjar silfurskeiðar sem eru yfirleitt allt of litlar til að borða úr. Evrópuþjóðirnar eru að hossast á Íslendingum og merja þá.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti verður að biðja hv. þingmann um að gæta orða sinna í tali.)

Það er vægt til orða tekið, virðulegi forseti. Það er ekkert klárt í þessum fyrirvörum og við verðum að taka okkur tak, eins og ég sagði áðan, við eigum að verja Ísland með góðu eða illu að hætti Sturlunga og Haukdæla, til síðasta manns ef svo ber undir. Ábyrgð Breta og Hollendinga er einföld varðandi skylduna fyrir stofnun í gistiríki. Hún er einföld og ekkert torskilin, en við leggjum það ekki á borðið að öllu jöfnu.

Það er líka klárt að gistiríkið er það sem getur lokað stofnunum sem ekki standa sig með tilliti til neytendaverndar í þeim löndum þar sem íslensk útibú eru eða hafa verið. Það er klárt. Af hverju eru menn að mylja moðið í þessu, af hverju ganga þeir ekki til verka og kalla þetta réttu nafni?

Virðulegi forseti. Icesave varð strax hluti af ESB-valdhöfunum með stjórn Breta og Hollendinga í samkrulli við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það vita allir að þeir brutu leikreglurnar. Það vita allir að reglugerðin var biluð og þeir hafa brotið leikreglurnar gagnvart Íslendingum. Svo eru menn að bugta sig og beygja. Það er kannski ekki skrýtið þó að svona komi upp. Við sem höfum unnið áratugi með hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur vitum vel að Jóhanna hefur alltaf þráð að fólk yrði fátækt. Hvers vegna hefur hún þráð það? Vegna þess að hæstv. forsætisráðherra hefur þá trú að fátæka fólkið kjósi hana.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti minnir hv. þingmann á að nefna hæstv. ráðherra fullu nafni.)

Það þarf ekki að minna hv. þingmann á neitt. Ég er búinn að nefna hana þrisvar með nafni, hæstv. forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur. Þetta er staðreyndin. (**Gripið fram í:** Þetta er kannski …) Það er ekki nóg að fólki þyki vænt um fátækt fólk í plöggum og skýrslum, ég tala ekki um þegar það heilsar því ekki einu sinni í ráðuneytum ef það hefur titil undir ráðuneytisstjóra. Það er ekkert leyndarmál, það er bara staðreynd sem allir vita sem unnið hafa í þessu umhverfi í áratugi. (**SER:** Þetta er smekklegt.) Við verðum að taka hlutina eins og þeir eru og ekkert kjaftæði, (Forseti hringir.) hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson. (Forseti hringir.) Við eigum að taka á þessu og það er grundvallaratriði, virðulegi forseti, að við fáum skriflegt svar (Forseti hringir.) frá Bretum og Hollendingum um hvernig þeir túlka þá fyrirvara sem við höfum sett í það frumvarp (Forseti hringir.) sem hér er til umræðu. Það er grundvallaratriði. Fyrr er ekki hægt að samþykkja málið. Einfalt.

[22:39]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti verður að biðja hv. þingmenn að virða ræðutíma.

[22:39]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ræða hv. þingmanns var um margt ágæt og margt kom sem þar fram eru hlutir sem ég hefði viljað orða og gera að mínum. Ég harma reyndar að þingmaðurinn hafi ákveðið að halda aftur af sér, hafa orðræðuna í lágmarki, (**ÁJ:** Kurteisin er að drepa hann.) kurteisin er greinilega að drepa hann, eins og hann orðaði það sjálfur úr þingsal. Þetta er einmitt mál sem menn eiga að tala tæpitungulaust í.

Mig langar til að spyrja þingmanninn um tvennt: Annars vegar, hvað kosta eitt stykki jarðgöng til Vestmannaeyja?

Hér kasta menn milljörðum út um gluggann eins og þeir séu klink, 3 milljarðar. Af hverju var barist fyrir því að hækka greiðslubyrðina um 3 milljarða? Jú, bara að gamni, Bretum gæti hugnast það betur. Það er eina ástæðan, það er engin önnur ástæða til. Svo tala menn um 25 milljarða vaxtakostnað sem við þurfum að borga umfram ábyrgð, tölur sem skipta engu máli. Mig langar til að fá skoðun þingmannsins á þessu, hvort hann gæti ekki notað þennan pening til að bæta samgöngur í heimabyggð sína alveg eins og við þurfum á því að halda í Norðausturkjördæmi þar sem samgöngur eru víða erfiðar.

Ég vil spyrja hv. þingmann um annað, ég veit að tími minn er að fjara út: (Forseti hringir.) Ætlar þingmaðurinn að fallast á þær breytingartillögur sem meiri hlutinn hefur gert eða ætlar hann að aðstoða (Forseti hringir.) okkur framsóknarmenn í að styrkja samningana, gera þá skýrari og líklegri (Forseti hringir.) til að þeir haldi á erlendri grundu?

[22:42]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti verður að minna hv. þingmenn á að virða ræðutíma.

[22:42]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er bara klinkmál að tala um jarðgöng til Eyja miðað við þúsund milljarðana hjá hv. þm. Ólínu Þorvarðardóttur. Jarðgöng til Eyja munu kosta 25 milljarða plús mínus. (**Gripið fram í:** Plús mínus hvað?) Jarðgöng til Vestmannaeyja munu fyrst og fremst vera arðbær viðskipti sem munu lækka rekstrarkostnað og styrk til ríkissjóðs í samgöngum úr um það bil 2 milljörðum á ári yfir í mínus, yfir í 1 milljarð í plús. Þetta er mergurinn málsins. Það er tvisvar til þrisvar sinnum dýrara að reka ferjur til Landeyjahafnar eða Þorlákshafnar á 30 ára tímabili, tveggja skipa tímabili, en byggja jarðgöng til Vestmannaeyja. Það eru bara viðskipti eins og Hvalfjarðargöngin eru, bara „bisness“. Og til að gleðja samfylkingarmenn munum við í beinu framhaldi af jarðgöngum til Eyja hefja borun ganga út í Evrópu og það verður það sem þeir fá í restina og ekkert annað.

Ég get, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, virðulegi forseti, stutt fyrirvarana eins og þeir eru í dag en þeir eiga eftir að fara í vinnslu, málið er ekki hægt að afgreiða eins og stendur. Þess vegna styð ég framlag framsóknarmanna sem vilja styrkja stöðuna og hnýta þetta upp þannig að eitthvað sé í hendi en ekki bara í skógi eða von, von um blíðu eða ljós. Við lifum ekki á því.

[22:44]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir mjög kröftuga og skelegga ræðu. Það er alltaf gaman þegar þingmaðurinn kemur í ræðustól og lætur gamminn geisa. Hann lýsir því í ræðu sinni hver upplifun hans af því að vera í samskiptum við Samfylkinguna hefur verið og þau hótunarstjórnmál sem Samfylkingin stundar. Okkur hefur verið hótað t.d. með EES-samningnum, að EES-samningurinn væri í uppnámi ef við mundum ekki samþykkja ríkisábyrgð. Nú hefur hið gagnstæða komið í ljós. Það bíða 50–60 mál úrlausnar hjá EFTA-dómstólnum sem erlendir aðilar ætla jafnvel að höfða gegn okkur, þeir segja að við höfum sjálf sagt samningnum upp með því að setja neyðarlögin og setja á gjaldeyrishöft. Okkur hefur verið hótað að við fáum ekki lánafyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum ef Icesave-samningarnir verða ekki samþykktir og svona má lengi telja. Þessar hótanir eru orðnar frekar þreytandi að mínu mati. Því var hótað að ef við mundum ekki samþykkja aðildarumsókn að Evrópusambandinu væri allt saman í kaldakoli og ekki nokkur leið fyrir þjóðina að rísa úr þeirri stó sem hún er í. Okkur var lofað lægri vöxtum, lægra matarverði, styrkingu á gengi og lækkun á stýrivöxtum, eins og við vitum, en ekkert hefur gerst (Gripið fram í.) þannig að sú hótun er eins og aðrar hótanir hjá Samfylkingunni, heldur innihaldslaus. Því vil ég spyrja þingmanninn: Hvað heldur hann virkilega að gerist og hvernig sér hann framtíðina fyrir sér ef Alþingi tekur sig til og hafnar þeim neyðarsamningum sem Icesave-samningarnir eru og ef það hafnar ríkisábyrgðinni á samningunum og sendir þá aftur til baka til að semja upp á nýtt?

[22:46]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður hefur sagt um hótanir Samfylkingarinnar. Strax og Samfylkingin hóf samstarf með Sjálfstæðisflokknum byrjaði hún að hóta, hóta breytingum utan frá, með tilkynningum, blaðri um alls konar mál sem voru ekki á dagskrá, sem trufluðu umræðuna, trufluðu fjölmiðla, trufluðu það að skila árangri. Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmenn að glotta yfir þessu, þetta er bláköld staðreynd, (Gripið fram í.) hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir. Það er rétt að fara að hugsa í alvöru í þessum efnum.

Sama gerði Samfylkingin, enn fyrr í samstarfi við Vinstri græna. Það var ekki þornað kaffið í brúðkaupsbollanum þegar það var byrjað að hóta Vinstri grænum utan frá, í gegnum fjölmiðla, í gegnum yfirlýsingar hér og þar út og suður, trufla, færa það yfir á þá. Þannig hefur Samfylkingin — sem vissulega hefur margt gott fólk innan borðs — stjórnað. Þeir hafa setið í stofunni en samstarfsflokkar eiga síðan að vinna húsverkin, þurrka af, vaska upp, bóna, laga garðinn, en fína fólkið situr í stofunni og bíður eftir kaffinu. Þetta er það sem blasir við.

Varðandi ríkisábyrgð, ef þessu frumvarpi er hafnað, það þýðir bara eitt. Það þýðir að menn verða að hafa snör handtök við að setjast að samningaborðinu aftur með skelegga nýja samninganefnd, nefnd sem er harðskeyttari, skipuð harðskeyttari og þjálfaðri mönnum. (**Gripið fram í:** Sjálfstæðismönnum?) Nei, nei.

Við höfðum ekki reiknað með því að Evrópusambandið (Forseti hringir.) mundi keyra okkur niður eins og það hefur gert. Við treystum því að þar gætum við komið fram sem jafningjar, það hefur ekki verið þannig. Þess vegna þurfum við að nota öll ráð með harðskeyttustu samningamenn í heiminum, hvort sem þeir koma frá (Forseti hringir.) Bretlandi, Hong Kong eða París.

[22:48]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill aftur minna þingmenn á að virða ræðutíma.

[22:48]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var eins og við var að búast að ég fékk skýr og góð svör frá hv. þm. Árna Johnsen. Ég undrast oft eins og hann hversu viljugir Vinstri grænir eru að fara út með ruslið fyrir Samfylkinguna eins og ég sagði í ræðu um daginn. (Gripið fram í.)

Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann að því hvort hann deili skoðun minni. Verði sú niðurstaða að Alþingi hafni ríkisábyrgð á Icesave-samningnum, komi sú staða upp, hafa Bretar og Hollendingar þá einu leið út úr þeim aðstæðum að tæma innstæðutryggingarsjóðinn, hirða það sem eftir er í Landsbankanum í London og sækja okkur svo til saka og dómhafinn er Héraðsdómur Reykjavíkur.

Þær hótanir sem hafa verið hér og blekkingar varðandi þetta mál hafa alveg gengið fram af mér. Eftir því sem ég fæ fleiri gögn í hendurnar sé ég hvaða blekkingaleik og sjónarspil er búið að setja upp fyrir alþingismenn.

[22:49]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hygg að það séu óþarflega miklar áhyggjur hjá hv. þingmanni þegar hún spyr hvort Bretar og Hollendingar mundu reyna að yfirkeyra okkur og keyra okkur niður. Þeir eru sjálfir komnir í klemmu. Þeir hafa bunað og talað af sér, kannski á sama tíma og við höfum talað of lítið. Það hefði verið gott að senda marga úr okkar liði út á markaðinn, út á örkina, út á akurinn og tala máli okkar víða um Evrópu.

Það sem kæmi einfaldlega út úr höfnun er að það yrði að ganga til samninga strax. Auðvitað bíða þeir eftir samþykki frá Íslandi vegna þess að ef Ísland samþykkir samninginn eins og hann er erum við búin að viðurkenna margar skuldbindingar sem voru í þeim slæma samningi sem upphaflega kom á borðið. (Forseti hringir.) (**VigH:** Þess vegna er ekki hægt að samþykkja hann.) Þess vegna er ekki hægt að samþykkja hann, það er alveg rétt.

Ef, virðulegi forseti, ef þetta er keyrt svona áfram lýsi ég einfaldlega (Forseti hringir.) yfir því: Förum úr NATO, (Forseti hringir.) förum úr Norðurlandaráði og vinnum með einhverjum sem vilja vinna með okkur en ekki traðka á okkur.

[22:51]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður nefndi aðkomu Svía í þessu máli og ég verð að viðurkenna að Svíar eða sænsk stjórnvöld hafa valdið mér miklum vonbrigðum. Reyndar er rétt að geta þess að að miklu leyti er þetta kannski vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa ekki einu sinni haft fyrir því að útskýra málstaðinn fyrir Svíum.

Þegar hv. þingmaður nefndi Stokkhólm hvarflaði að mér: Getur verið að ríkisstjórnin sé haldin svokölluðu Stokkhólms-heilkenni? Þegar því er flett upp í orðabók er það útskýrt sem sálfræðilegt ástand sem lýsir sér svo að þegar einhverjum er ógnað verulega en sýnt eitthvað sem þeir telja vera örlitla tilslökun fari þeir allt í einu að líta upp til kvalara sinna og mynda við þá einhvers konar samband og telja að allir smágreiðar sem þeim eru gerðir séu einhvers konar eftirgjöf, átta sig ekki á því að kvalarinn er í raun bara að gæta eigin hagsmuna. Það er talið, skilst mér, að þetta tengist á einhvern hátt eðli mannsins á þann hátt að smábörn eigi að mynda tengsl við fyrsta fullorðna fólkið sem þau kynnast svona til þess að þeir fullorðnu geti þá væntanlega gætt hagsmuna þeirra. En einnig eru kenningar um að þetta eigi rætur að rekja til ættbálka þar sem tíðkaðist að taka kannski einn í gíslingu og þegar þessi eini hafði verið einangraður frá sínum ættbálki, einn eða nokkrir, fór að myndast sterk samkennd með þeim við þá sem höfðu tekið þá í gíslingu. Allt það sem kvalararnir gerðu var túlkað sem greiðasemi og hollustan varð á endanum algjör við mannræningjana.

Er hugsanlegt að þetta skýri það sem við þingmenn margir höfum verið að velta fyrir okkur mjög lengi með þessa ríkisstjórn, hvað skýri þessa órökréttu hegðun hennar í Icesave-málinu?

[22:53]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg rétt ábending hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um Stokkhólms-heilkennið. Það er auðvitað margþætt. Við höfum alltaf haft ákveðna tilhneigingu til að dekra við sænskar kenningar sem hafa í rauninni lítið dugað fyrir veiðimannasamfélag eins og á Íslandi, duga betur fyrir þjónustu- og iðnaðarsamfélög eins og eru úti í hinni stóru Evrópu.

Kannski brugðust Norðmenn fyrst með því að færa yfir til Svía meðferð Norðurlandanna á tengingu við Ísland. Það kom verulega á óvart og olli miklum vonbrigðum. Það sýndi að Norðmenn, sem gjarnan hafa sagt „Kjære brødre og venner“, meintu það ekki. Það hefði verið hægt að fara miklu austar í þessum heimshluta, til Moskvu, og mátt vænta heillegri viðbragða þar. Það er nú bara þannig, það er nú bara sagan sem sýnir það. Það eru ekki heilindi í þessu.

Við vitum ósköp vel að Svíar eru í alls konar alþjóðlegu makki í samningum í gegnum alþjóðastofnanir, hlutdeild í ráðum og stofnunum um allan heim og lúta því stóru herrunum í Evrópu, gömlu heimsveldissinnunum og kúgurunum þar, Bretum, Hollendingum, Spánverjum, Belgum, Portúgölum o.s.frv. Og ekki má gleyma blessuðum Frökkunum.

Þetta er staðan sem við búum við og (Forseti hringir.) við verðum að hvetja okkar fólk til þess að rísa upp og berjast gegn þessari óáran.

[22:55]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):

Virðulegur þingforseti. Icesave-málið er ekki minnisvarði um mistök fólksins í landinu. Icesave-málið er ekki minnisvarði um mistök íslensku þjóðarinnar. Nei, það er ekki svo, það skal aldrei heita svo. Þjóðinni verður ekki kennt um það hvernig hér er komið sögu (Gripið fram í.) hvað efnahag og orðspor Íslands varðar. Hér skulum við hafa eitt á hreinu, Icesave-málið er minnisvarði um mistök

valdsins. (**Gripið fram í:** Evrópusambandið?)

Frú forseti. Í Icesave-málinu eru hlutverkaskiptin skýr. Fórnarlömbin eru breskir og hollenskir sparifjáreigendur og að endingu íslenskir skattgreiðendur, sjálfur almenningur í landinu sem ekkert hafði til saka unnið í þessu efni (**VigH:** Af hverju á hann þá að borga?) annað en að treysta fulltrúum valdsins (**VigH:** Þín ákvörðun.) fyrir stjórn landsins. Fórnarlömbin eru venjulegt fólk sem situr uppi með ömurlega skuld sem var stofnað til vegna ábyrgðarleysis og mistaka stjórnvalda og nokkurra útvalinna athafnamanna sem hvorir tveggja hefðu sannarlega getað forðað þessu slysi, mér liggur við að segja ódæði, (**Gripið fram í:** Björgvins G. Sigurðssonar.) ef þeir hefðu þeir hefðu hugsað meira um fólk en fjármuni. (**Gripið fram í:** Er það Baugur?)

Og sökudólgarnir eru þá hverjir? (Gripið fram í.) Er það eitthvað á reiki? Leyfist okkur að tala um þá? Leyfist okkur að tala um pólitík? Eða skulu þeir faldir í tómarúmi umræðunnar vegna einhverrar óskiljanlegrar tillitssemi (Gripið fram í.) við forherta stjórnmálastefnu sem blindaðist um stund í sjálfumgleði sinni? (Gripið fram í.) Leyfist landsmönnum ekki að tala út um þennan hörmungarkafla í Íslandssögunni (Gripið fram í.) vegna landlægrar minnimáttarkenndar þegar kemur að samanburðinum við aðrar þjóðir? (**Gripið fram í:** Er þetta Borgarnesræða?) Þorum við að kannast við mistökin? (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Viljum við ekki greina vandann?

Frú forseti. Hér verður að greina vandann. Hér verður strax að taka af skarið. Hér verður ekki síður að gefa sökudólgunum gaum en sjálfum fórnarlömbunum ef okkur á annað borð á að takast að læra af sögunni.

Hér þurfum við að horfast í augu við endimörk óbeislaðrar markaðshyggju. Hér stöndum við frammi fyrir endalokum óheftrar græðgisvæðingar. Það var hér sem sérhagsmunir sönnuðu endanlega ókosti sína — og almannahagsmunum var kastað í einu lagi fyrir róða. (**Gripið fram í:** Hefur eitthvað breyst?)

Hæstv. forseti. Það er akkúrat hér (**Gripið fram í:** Það hefur ekkert breyst.) sem gerður verður greinarmunur á frjálsu hagkerfi annars vegar og ábyrgu hagkerfi hins vegar. (**Gripið fram í:** … endalokin.) Spurningin er nefnilega sú og hún er ansi ágeng, og ágengari en margur þorir að horfast í augu við: Fer þetta tvennt saman? Getur frjálst hagkerfi verið ábyrgt? Er frelsið sterkara og frekara en ábyrgðin þegar þriðja breytan, blessuð mannskepnan, blandar sér í þessi hugtök? Það er nefnilega svo — og nákvæmlega hér — sem sjálft grundvallaratriði mannlegra samskipta hverfist um takmörk frelsisins. Þegar upp er staðið, frú forseti, snýst Icesave-málið um mannasiði. (**Gripið fram í:** Börnin okkar.) Sem við skulum kenna mannasiði.

Horfum þessu næst og hörfum til baka, og viðurkennum vandann. Hann fólst í því — (**Gripið fram í:** Þarf að leysa vandann.) Framsókn þarf að hlusta — hann fólst í því að fáum útvöldum mönnum sem enga reynslu höfðu af viðkvæmum bankaviðskiptum var skyndilega falið að gæta fjármuna almennings og ávaxta þá um ókomin ár. (**Gripið fram í:** Ertu að tala um Fjármálaeftirlitið?)

Frú forseti. Ábyrgðin verður vart meiri í samfélagi manna. Viðlíka ábyrgð er aðeins komið í hendur traustustu, varkárustu og heiðarlegustu peningamanna hvers samfélags. Var þeirra vandlega leitað? Ég segi nei. (**Gripið fram í:** Er þeirra leitað?) Það er nefnilega svo að ábyrg stjórnvöld velja til þessarar umsýslu aðeins þá sem eru hafnir yfir allan vafa í viðskiptum. Gerðu þau það? Ég segi nei.

Ábyrg stjórnvöld stytta sér ekki leið inn í eigin flokkskompur og afhenda sjálft fjöregg þjóðarinnar reynslulausum ríkisbubbum. Hvers lags stjórnvöld haga sér eins og drukkinn glaumgosi í spilavíti og veðja sparifé almennings á altari eiginhagsmuna? (Gripið fram í.) Hvers lags stjórnvöld eru það? Leyfist okkur að tala um það? Ég efast stundum um það.

Jú, það eru stjórnvöldin sem seldu ríkisbankana í óskiljanlegu óðagoti — og ekki til hæstbjóðenda, heldur þeirra sem á endanum höfðu ekki einu sinni ráð á þessum kaupum aldarinnar, heldur þurftu að taka lán til þess og neituðu að lokum að standa skil á því. Já, tökum hér vel eftir. Bönkunum var komið í hendur þröngs hóps manna sem sjálfir treystu ekki eigin peningum inn í reksturinn. (**Gripið fram í:** … Samfylkinguna.) Heyr á endemi. Þetta er ömurlegur vitnisburður um ráðamenn sem snerust hringinn í kringum sjálfa sig og boðuðu breiða eignaraðild að nýfrjálsum viðskiptabönkum fyrir miðnætti, en breyttu svo aldeilis um kúrs um nóttina og skipuðu svo fyrir að eignaraðildin skyldi verða þröng, mjög þröng — og aðeins fyrir útvalda — og svo sem af hverju? Jú, þeir hinir sömu ætluðu að flytja inn svo mikið erlent fjármagn til landsins. Gerðu þeir það? Ég segi nei. Þetta voru menn sem í rauninni kunnu aðeins eitt í viðskiptum, að taka lán — og aftur lán og aftur lán — og meira í dag en í gær, (**Gripið fram í:** Þú ert …) helst miklu, miklu meira í dag en í gær. (**Gripið fram í:** Já!) (Gripið fram í.) Það var snilldin, tæra snilldin. (Gripið fram í.) [Háreysti í þingsal.]

Frú forseti. Það er ekki seinna vænna að lýsa eftir þessu erlenda fjármagni nýríku eigenda gömlu ríkisbankanna. (**Gripið fram í:** Fjallaðu um frumvarpið.) Það er nefnilega enn þá ókomið. — Þetta er of viðkvæmt fyrir suma. (**Gripið fram í:** Nei.) Það skal verða borgað á endanum — og ég ætla rétt að vona að þjóðin ráði vaxtakjörunum. Hér á þjóðin heimtingu á endanlegu uppgjöri, alvöruuppgjöri. (**VigH:** Taka meiri lán.)

Frú forseti. Þetta er of viðkvæmt fyrir suma þannig að ég ráðlegg mörgum að fara úr sal. (**VigH:** Þetta er …) Það er þröngt í búi á Íslandi þessa dagana eftir svakalegasta skipbrot nokkurrar stjórnmálastefnu sem reynd hefur verið á Íslandi. Nærri lætur að frjálshyggjutilraunin hafi kostað Ísland bæði aleiguna og orðsporið. Það dugar ekki eitt út af fyrir sig (**Gripið fram í:** Hvað með ábyrgðina …?) að guð blessi Ísland í framhaldinu, (**Gripið fram í:** Hvað með ábyrgð …?) miklu fremur að um alla framtíð forði sami guðinn bæði landi og þjóð frá svona stjórnmála- og viðskiptaæfingum sem gera miklu fremur ráð fyrir sundrungu en samfélagi, (**Gripið fram í:** Hver á …?) svo heila galleríið fái þrifist. (Gripið fram í.) Kommúnisminn og nasisminn féllu sakir mannfyrirlitningar á síðustu öld. Hér er ekki djúpt í árinni tekið að segja að á nýrri öld hafi frjálshyggjan einnig fallið vegna mannfyrirlitningar. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Það er þröngt í búi á Íslandi af völdum þröngrar efnishyggju. Þröngt var líka stjórnmálaviðhorfið

sem rak okkur í þessar ógöngur. Það rúmaðist ekki mikið lýðræði í því valdabrölti sem leiddi til þröngrar yfirtöku gömlu ríkisbankanna á síðasta áratug síðustu aldar. Hvaðan kom mönnum þessi hugsun, að sjálfum fjárgeymslum almennings og atvinnulífs væri best komið í höndum örfárra og reynslulausra manna? Trúðu þáverandi stjórnvöld ekki á möguleika breiddarinnar þegar kom að dreifðri eignaraðild viðkvæmustu fyrirtækja samfélagsins? Ég segi nei. (**VigH:** Hvað með eignarhald …?) (**Gripið fram í:** Talaðu …) Það stóð aldrei til að koma bönkunum í hendur hvers sem var. Einkavæðing ríkisbankanna á sínum tíma var einkavinavæðing í þágu sérhagsmuna, en ekki afnám einokunar í þágu almennings. (**Gripið fram í:** Hver átti fjölmiðlana?) (**Gripið fram í:** Fjölmiðlalögin.)

Frú forseti. Íslendingar eru að súpa seyðið af þröngri hagsmunapólitík sem þreifst á forhertri markaðshyggju. Íslendingar eru að gjalda fyrir villt og galið viðskiptafrelsi sem henti gaman að eftirlitsstofnunum sem sagðar voru til þess eins stofnaðar að þvælast fyrir íslenska efnahagsundrinu. (**VigH:** Fjármálaeftirlitið …) Smám saman varð hagkerfi Íslands bara frjálst, ekkert nema frjálst og helst aldrei annað en frjálst, en ábyrgðin var aðeins tálmi á gullum stráðri vegslóðinni. (**PHB:** Ekki detta …)

Íslensk stjórnvöld mega aldrei aftur, hv. Pétur H. Blöndal, misbeita valdi sínu með viðlíka hætti. Þau mega aldrei aftur gera mannfjandsamlega tilraun á þjóð sinni. (Gripið fram í.) Og í þessum efnum eiga þau að skammast sín. Hafa þau gert það? (Gripið fram í.) Ég segi nei. Og hafa hinir sökudólgarnir gert það, hinir ábyrgðarlausu eignamenn sem aðeins gátu grætt og aldrei tapað, ja, hafa þeir skammast sín? Hafa þeir beðist afsökunar? (Gripið fram í.) Ég segi nei. (**Gripið fram í:** Hvar var Samfylkingin þegar …?) Og fjölmiðlar hafa heldur ekki skammast sín. (**Gripið fram í:** Nei.)

En þjóðin skammast sín. (**Gripið fram í:** Ég er ekkert viss um það.) Það er hlegið að henni í útlöndum. Orðspor hennar er eins og glaumgosans sem á endanum var ekkert nema útlitið. Í miðri veislunni gat hann slegið um sig og sagst ætla að borga barinn, já, helst á alla línuna, en við birtingu var veskið auðvitað tómt. Allur sjarminn fólst í því að slá um sig á rétta augnablikinu. Öll fegurðin var mæld í mærð og munnfimi. Öll snilldin fólst í því að vekja væntingar, vera annar en maður raunverulega er. (Gripið fram í.) Á mannamáli heitir það að blekkja, svindla.

Eftir situr úrill og reið þjóð og skammast sín. Já, íslensk þjóð á meðal þjóða, kirfilega flækt í sitt evrópska laganet sem leggur þær skyldur á herðar hennar að borga, já, borga brúsann. Og þvílík öfugmæli um eina þjóð, þeir hinir einu borga sem ekki var boðið í veisluna.

Frú forseti. Sú ágenga spurning vokar yfir allri Icesave-deilunni hvort mönnum beri að borga skuldir sem þeir hafa ekki stofnað til. Svo vitnað sé til siðferðiskaflans í áliti meiri hluta fjárlaganefndar um málið, með leyfi forseta, verður þessi siðferðisspurning ekki síður ágeng þegar í ljós kemur að athafnamenn geta, í skjóli frjáls hagkerfis, eignast arðinn af starfsemi sinni en ekki skuldirnar. Sér er þá hver áhættan, segir almenningur sem vitnar til góðra gilda og almennra mannasiða í viðskiptum forfeðra sinna þar sem handsalið gilti og orðin stóðu.

Ef til vill má segja að Icesave-deilan sé ein helsta birtingarmynd bankahrunsins sem varð á Íslandi haustið 2008. Hún dregur á strigann þá liti sem helst skera í augun, græðgisknúið og galið eiginhagsmunaæði sem fær næsta eftirlitslítið að leika lausum hala. Hún birtir, eða öllu heldur afhjúpar, nýjar og óvenjulegar viðskiptavenjur, sem í skjóli bankaleyndar var aldrei ætlað að koma fyrir augu almennings, (Gripið fram í.) hinna raunverulega ábyrgðaraðila (Gripið fram í.) sem þó höfðu ekki minnstu hugmynd um að vera ábekingar hins frjálsa hagkerfis. Í þessari mynd blasir það einnig við að bankastjórar, sem fengu ofurlaun og óskiljanlega háa kauprétti fyrir að bera hina miklu samfélagslegu ábyrgð, gátu þegar upp var staðið velt afleiðingum gjörða sinna yfir á hin raunverulega breiðu bök sem alltaf hafa haldið uppi samfélaginu — almenning í landinu. Hér er kominn kjarni Icesave-deilunnar á Íslandi, bera menn ekki ábyrgð á gjörðum sínum eða er ekki einmitt svo þegar bankarnir sjálfir krefja almenning um ábyrgðir og ábyrgðarmenn — og hver er þá miskunnin í frjálsum viðskiptum? Hver er hún raunverulega? Hér verður löggjafinn að staldra við.

Icesave-deilan fjallar einnig um samfélagsgerð sem virðir lög og rétt og byggir á trausti, nauðsynlegu, gamaldags og geðslegu trausti. Við aukna frelsisvæðingu í íslensku viðskiptalífi á 10. áratug síðustu aldar var því staðfastlega haldið fram að þeir fjármunir sem þar leystust úr læðingi væru varðir af lögum og reglum, með öðrum orðum að frelsinu fylgdi ábyrgð. Segja má að allur almenningur sem lagði fé sitt inn í nýfrjálsa banka hafi talið sig verndaðan af eftirlitsstofnunum ríkisins og grandvörum bankastarfsmönnum sem lutu ströngum reglum um bankaviðskipti. Reyndin varð önnur, allt önnur. Verndin var ekki sem skyldi — frelsið bar ábyrgðina ofurliði — og þar með var vegið að grunngerð samfélagsins. Afleiðingin var siðrof og viðvarandi vantraust á helstu stofnunum samfélagsins, samskiptasáttin var úr sögunni — og spurningin varð ágeng sem aldrei fyrr: Var það raunverulega svo, spyr almenningur eftir hrunið, að fáeinir aðilar komust upp með að knésetja heilt samfélag og valda ólgu og úlfúð þeirra sem öllum vilja gott gera í samfélagi þjóðanna? Íslensk þjóð er (Gripið fram í.) ekki hryðjuverkafólk og hún á skýlausan rétt til þess að lenda aldrei aftur í aðstöðu sem þessari, það er skylda stjórnvaldsins. (**Gripið fram í:** Á hún að skammast sín?) (**Gripið fram í:** Evrópusambandsreglur bara fyrir þetta.) Miðað við, frú forseti, frammíköll er þetta allt öðrum ríkjum að kenna. (Gripið fram í.)

Við bankahrunið lenti íslenskt samfélag í fordæmalausum aðstæðum. Íslendingar sem um nokkra hríð voru til alls líklegir í viðskiptum og fóru mikinn í þeim efnum um höf og lönd einangruðust á einni haustnóttu. Frjálsa hagkerfið, sem á tímabili virtust engin takmörk sett, var allt í einu í fjötrum sjálfs sín — og trausti rúið. Í samfélagi þjóðanna varð Ísland í besta falli að athlægi, í versta falli útilokað frá alþjóðaviðskiptum.

Hér var úr vöndu að ráða fyrir niðurlút stjórnvöld sem fyrst um sinn gátu ekki gert margt annað en að biðja þjóð sinni guðs blessunar. Hver var ábyrgð þeirra í samskiptum þjóða? Hver var hlutur þeirra í fallinu? Og hver var staða almennings þegar kemur að ábyrgð samfélagsins? Þetta eru

stóru spurningarnar. Með íslensku neyðarlögunum, sem gripið var til sama dag og Landsbankinn hrundi, var þess freistað að koma í veg fyrir algjört samfélagshrun. Þau fólu m.a. í sér að innlánseigendur í bönkum á Íslandi fengu allt sitt greitt af innlánsreikningum, ólíkt innlánseigendum í útibúum þeirra á meginlandi Evrópu. Kröfur þeirra síðarnefndu lutu íslenskum lögum um lágmarksvernd innstæðutrygginga. Þeir fengu aðeins hluta sinna innstæðna, en Íslendingar allt sitt. Neyðarlögin gerðu því greinarmun á viðskiptavinum bankanna eftir því hvar þeir bjuggu.

Af þessu leiðir nokkur siðferðisvandi í samskiptum þjóða, enda er bann við mismunun í sambærilegum málum einn af hornsteinum regluverksins á Evrópska efnahagssvæðinu, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. (**Gripið fram í:** Bókstaflega um allan heim.) Icesave-samningarnir byggja á þeirri meginforsendu að íslensk stjórnvöld höfðu ítrekað nokkrum sinnum í aðdraganda bankahrunsins að þau mundu standa við skuldbindingar sínar samkvæmt tilskipun Evrópuréttar, (Gripið fram í.) en vandi stjórnvalda var að þau gengust undir þessa skilmála áður en fyrir lá að allir stóru íslensku bankarnir lentu í greiðsluerfiðleikum. Þegar bankarnir féllu allir nokkurn veginn samtímis (**Gripið fram í:** Samfylkingin …) og algjört kerfishrun blasti við vöknuðu því spurningar um hvort og þá hvernig evrópskum tryggingarkerfum innstæðna væri ætlað að taka á slíkri stöðu.

Virðulegur forseti. Hverjir hafa axlað pokann sinn þegar að hinni raunverulegu Icesave-ábyrgð kemur? (**VigH:** Taka pokann sinn.) Forvígismenn og ráðherrar þeirra stjórnmálaafla sem hlut áttu að máli? Já, að einhverju leyti, jafnt sjálfviljugir og tilneyddir. Forkólfar og æðstu stjórnendur þeirra eftirlitsstofnana sem helst brugðust? Já, að einhverju leyti, og reyndar einatt tilneyddir. En hvað með hina útvöldu, sjálfa eignamennina sem svifu yfir vötnum — á þyrlum sínum og einkaþotum — í máli þessu öllu? (Forseti hringir.) Já, veisluglaðasta liðið, bankastjórana sjálfa og bankastjórnirnar? Hafa einhverjir þeirra beðið þjóð sína afsökunar? Hafa þeir beðist forláts á vítaverðu kæruleysi sínu og fyrir að hafa þverskallast við öllum tilmælum um að forða slysinu í tæka tíð? (Forseti hringir.) Það gátu þeir nefnilega. Þeir gátu það, en þeir vildu það ekki. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Leyfðu honum að klára.)

[23:16]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigmundi Erni Rúnarssyni fyrir mikla eldmessu svo seint um kvöld. Þetta var hressandi. Í henni talaði hann um mistök valdsins og hörmungarkafla í sögu þjóðarinnar. Hv. þingmaður er mikið fyrir að fara aftur á bak í tímann. Þá skulum við bara fara með þingmanninum aftur á bak í tímann, aftur til ársins 1994 þegar Alþýðuflokkurinn sálugi, sem Samfylkingin er afsprengi af, sat í ríkisstjórn og innleiddi EES-samninginn sem er ástæða þess að við þurftum að innleiða þessa hörmungartilskipun sem er núna búin að koma okkur á kaldan klaka.

Áttar hv. þingmaður sig á því?

Því spyr ég hann í framhaldi af þessu, úr því að við erum hér í antikumræðu um hverjum er um að kenna: Treystir hann því og stendur hann við hliðina á ríkisstjórn sinni með það að samþykkja þessa hörmungarsamninga (Forseti hringir.) og þessa ríkisábyrgð sem samningunum fylgja?

[23:18]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir er mikið í 2007-umræðunni og vill (**Gripið fram í:** Þú.) vera mjög nýmóðins í umræðunni vegna þess að hún talaði um að ég væri antikumræðumaður. Við verðum að læra af reynslunni og ef við lærum ekki af reynslunni í þessum efnum verður okkur ekki vel tekið af framtíðinni, að mínu viti. En spurning þín var ekki flókin, hún var þessi: (**ÁJ:** Hún talaði um …) — hv. þm. Árni Johnsen, ég tek alveg eftir þinni spurningu. (Forseti hringir.) Ég svara henni einfaldlega á þann veg að hún er vel mæt. (Gripið fram í.)

[23:18]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti minnir þingmenn á að beina máli sínu til forseta og tala um þingmenn í 3. persónu.

[23:19]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eitthvað er hv. þingmaður að ruglast í ártölum. Ég er ekki föst í 2007 því að ég var að tala um árið 1994. Mig langar til að fá svar við þeirri spurningu, ég hef heyrt það af og til að ég sé vel mælt og spurningin sem hv. þingmaður sagði að væri vel mæt átti svo sannarlega rétt á sér. Því spyr ég þingmanninn á ný: Ætlar hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson að standa með ríkisstjórninni í þessum hörmungarsamningum sem við stöndum frammi fyrir, öðru nafni Icesave-samningunum, samþykkja ríkisábyrgð á þá og koma skuldinni yfir á börnin okkar og barnabörnin sem hv. þingmaður hafði svo miklar áhyggjur af í eldmessunni sem hann flutti hér í kvöld?

[23:20]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég sagði áðan að spurningin væri mjög mæt. Ég vil svara þeirri ágætu spurningu hv. þingmanns svo (**Gripið fram í:** Aftur.) að svar mitt er já. Í umræðunni síðustu daga hef ég heyrt rök sem benda til þess að okkur sé stætt á því að hafna þessum samningum. Ég hef ekki heyrt rök í allri þessari umræðu sem benda til þess að okkur sé betur borgið með því að fella þennan samning. Öll umræðan hefur farið í argaþras út í samninginn sjálfan af þeim sem helst gagnrýna hann — og þeir eru margir, þar á meðal úr Samfylkingunni — en enginn hefur bent á hvað komi í staðinn. Hvað gerist ef við ætlum að semja upp á nýtt í marga mánuði? (**Gripið fram í:** … svarið í kvöld.) Fá menn betri samning? Og hvað ætlar Framsóknarflokkurinn (Forseti hringir.) að gera ef við fáum verri samning? (Gripið fram í.)

[23:21]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér fór þingmaðurinn nokkuð mikinn í söguskýringunni og gagnrýndi Samfylkinguna harðlega,

nokkurn veginn alla ræðuna. Ég vil upplýsa hv. þingmann ef hann er búinn að gleyma því að það sem hann gagnrýndi hvað harðast var hvorki meira né minna en landsfundur Samfylkingarinnar og samkoma þar sem menn fengu þessa ágætu menn til að halda ræðu. Borgarnesræða fyrrverandi formanns Samfylkingarinnar gekk mjög mikið út á að hamast á Sjálfstæðisflokknum fyrir að voga sér að gagnrýna t.d. ofurlaun og aðra slíka þætti. Við værum hins vegar ekki að tala um neitt af þessu og værum ekki með Icesave ef við værum ekki með EES-samninginn. Það er svo einfalt. Það eftirlitskerfi sem við þurftum að byggja upp eftir Evrópusambandinu lagði línurnar um hvernig við ættum að gera það, (Forseti hringir.) Samfylkingin stóð vaktina, jafnvel fyrrum forustumenn Samfylkingarinnar voru formenn stjórnar Fjármálaeftirlitsins.

[23:22]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Sjálfstæðisflokkurinn er mjög snúinn flokkur. Hann snerist á einu augabragði í afstöðunni til EES-samningsins, á einu augabragði. Hann snerist á einu augabragði til breiðrar eignaraðildar að bönkunum, gömlu ríkisbönkunum, á einu augabragði snerist hann. Á einu augabragði er Sjálfstæðisflokkurinn líka að snúast, virðulegi forseti, í Icesave-málinu.

Þetta er snúinn flokkur. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki …) (**Gripið fram í:** Gott svar.)

[23:23]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég veit ekkert hvar hv. þingmaður var í þessu andsvari. (Gripið fram í.) Það er mjög erfitt að kommentera eitthvað sérstaklega á það, en ég vil að hv. þingmaður, út af ræðu hans áðan, fari nú aðeins að kynna sér þetta með frjálshyggjuna, hvað er búið að vera hér í gangi og við hvað er að eiga. Hv. þingmaður, eins og öll Samfylkingin, berst hatrammlega fyrir því að fara inn í Evrópusambandið. Það er það sem Samfylkingin gengur út á.

Alveg sama hvernig menn snúa þessu máli er þetta regluverk Evrópusambandsins, og það er Evrópusambandið sem er að snúa okkur niður núna, alveg eins og stóru þjóðirnar í Evrópusambandinu hafa látið Íra fara eftir ströngustu reglum Evrópusambandsins meðan stóru ríkin, Þýskaland og Frakkland, hafa fengið að sleppa. Þetta eru staðreyndir og það þýðir ekkert að hjala um frjálshyggju til eða frá. Þetta eru bara staðreyndirnar, við eigum hér við regluverk Evrópusambandsins og skiptir engu máli með einkavæðingu, dreifða eða ekki. (Forseti hringir.) Einkavæðingin var margsinnis, hún fól líka í sér dreifða eignaraðild, það skiptir engu máli. Ástæðan fyrir því að við erum að taka á þessu máli núna (Forseti hringir.) er regluverk Evrópusambandsins.

[23:24]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að virða ræðutíma.

[23:24]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér þykir þessi umræða með ólíkindum, að (**Gripið fram í:** Ha?) Evrópusambandið sé búið að koma okkur í þessi vandræði. (**VigH:** Reglugerðafargan.) Ég held að við ættum að líta okkur nær. Ég held að við ættum að líta okkur miklu nær. (**VigH:** Þetta eru reglur …) Og ég held að sumir flokkar sem helst grípa fram í í umræðunni í dag ættu að líta sér miklu nær. (**Gripið fram í:** Flokkar grípa ekki fram í.)

[23:25]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Nei, flokkar veita ekki andsvör. Hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson talaði um að Icesave snerist um mannasiði. Eftir ræðu hv. þingmanns er ég ekki alveg viss um að skilningur okkar á orðinu mannasiðir fari saman. (Gripið fram í.) Hins vegar spyr ég hv. þingmann sem er fulltrúi Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd: Hvert var hlutverk hv. þingmanns í fjárlaganefnd, hvað lagði hann til, hver er skoðun hv. þingmanns á orðum Jóns Sigurðssonar, formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins, þegar hann talaði í maí í fyrra um að hagkerfið eða bankakerfið væri heilbrigt? Hver er skoðun hv. þingmanns á orðum fyrrverandi formanns Samfylkingarinnar rétt fyrir hrun í fyrra þegar hún sagði: Það er engin kreppa á Íslandi? Og í síðasta lagi langar mig að fara vítt um breiðan völl, eins og sumir segja, eða breitt um víðan völl: Hvað átti þingmaðurinn við þegar hann hætti hjá (Forseti hringir.) samsteypunni og fór í framboð og sagðist vera laus undan oki auðmanna? (Gripið fram í.)

[23:26]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Þetta voru mjög háleitar spurningar, virðulegur forseti. Ég held að ég geti bara ekki munað þær allar. (**Gripið fram í:** Nú?) Þær voru svo stórkostlegar. Ég ætla að skauta fram hjá þessari um að vera laus undan oki auðmanna vegna þess að það er augljóst að ég er laus undan oki auðmanna, ég starfa ekki undir auðmönnum lengur. (**HöskÞ:** Fyrir þá.) Fyrir þá? Hér segir hv. þm. Höskuldur Þórhallsson að ég starfi fyrir auðmenn. (**HöskÞ:** … fyrir þá.) (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að taka frekari þátt í þessari umræðu.

[23:27]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er nokkuð ljóst að ekki loga öll ljós í kolli hv. þingmanns ef hann getur ekki munað 2–3 spurningar sem beint er til hans úr ræðustóli. Ég spurði hv. þingmann hvað honum þætti um orð Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins, um að bankakerfið á Íslandi væri heilbrigt í maí í fyrra og hvað honum þyki um orð fyrrverandi formanns Samfylkingarinnar, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttir, sem sagði rétt fyrir hrun: Hér er engin kreppa. Þetta eru einfaldar spurningar og ég vænti þess að það skíni ljós í kolli hv. þingmanns og spurningarnar séu ekki svo háfleygar að honum sé um megn að svara. (Gripið fram í.)

[23:28]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta eru ágætar spurningar og ég skal fúslega viðurkenna að ég get ekki svarað fyrir þá menn sem hún nefndi hér. Þeir voru að spekúlera í sínum ranni, þeir voru að spekúlera út frá sínum (**RR:** Samt erum við að …) sjónarmiðum. Ég er hvorki Jón Sigurðsson né Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ég tala hér fyrir minn munn, ég var ekki genginn í Samfylkinguna á þessum tíma og get ekki tjáð mig fyrir hönd þess flokks á þeim tíma. Þessir menn sem hv. þingmaður nefndi á nafn töluðu væntanlega út frá sínu brjósti á þeim tíma. Ég var ekki í þeirra ranni á þeim tíma og get þess vegna ekki talað fyrir þeirra hönd. Þó það nú væri. (**Gripið fram í:** Þú getur gert það …) Mín skoðun er einfaldlega sú (**Gripið fram í:** Þú getur gert …) að þessir flokkar og þessir menn hafi ekki haft réttar upplýsingar til taks þegar þessi ummæli voru uppi höfð.

[23:29]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill biðja þingmenn um að vera ekki með samtöl úr sal við ræðumann.

[23:30]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég áttaði mig á því undir ræðu þingmannsins að ég væri staddur í leikhúsi fáránleikans. Leikritið sem var flutt var ekkert sérstaklega skemmtilegt, mér leiddist allan tímann en eins og með sum vond leikrit ákveður maður að sitja út allan tímann vegna þess að stundum gerist það að leikrit verða það vond að þau gætu hugsanlega batnað. Í ræðu þingmannsins var aldrei vikið að efnisatriðum málsins, aldrei — við höfum setið í fjárlaganefnd í 10 vikur — aldrei vikið að efnisatriðum málsins. Og ég gagnrýni það að þingmaðurinn leyfi sér að segja um þjóðina að hún eigi að skammast sín. Þjóðin á ekki að skammast sín, hún hefur ekkert til saka unnið, það voru menn sem (Forseti hringir.) frömdu glæpi alveg eins og við sökum ekki aðrar þjóðir, almenning, vegna þeirra glæpamanna sem koma hingað til lands og stela.

[23:31]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég fjallaði í ræðu minni um aðdraganda Icesave-málsins sem er mjög alvarlegt. Allur aðdragandi þessa máls er mjög alvarlegur (Gripið fram í.) og sakir þess aðdraganda sitjum við uppi með Icesave-málið. Sá er kjarni málsins.

Ég vil hins vegar segja við hv. þm. Höskuld Þórhallsson: Ég sagði aldrei að íslenska þjóðin ætti að skammast sín, ég sagði: Íslenska þjóðin skammast sín. Þar á er stór greinarmunur.

[23:32]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður sagði í ræðu sinni fyrr í dag að hlegið væri að íslensku þjóðinni á erlendri grundu. Ég held að það sé alrangt eins og kom fram í samtölum við t.d. sendiherra Breta sem benti á að reiðin í Bretlandi beindist að þeim sem stofnuðu til bankanna og það er sama reiðin og almenningur ber til þessara manna.

Við eigum að tala varlega úr þessum ræðustól. Það er rétt að einhverjir forsvarsmenn Samfylkingarinnar hafa haft rangar upplýsingar undir höndum þegar þeir tóku ákvarðanir, en þá verður einnig að koma fram að það kunna aðrir að hafa gert. Við erum hins vegar að taka ákvörðun hér og nú um að skuldbinda almenning upp á 1.000 milljarða. Við ætlum ekki að gera það samkvæmt reglugerðarverki Evrópusambandsins, við ætlum að gera það langt umfram skyldu. (Forseti hringir.) Það munar einum 350 milljörðum, það er sá fórnarkostnaður sem þjóðin mun sitja uppi með eftir þá ákvörðun sem verður tekin hér á næstu dögum. (**VigH:** Íslenska leiðin.)

[23:33]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Að mörgu leyti er ánægjulegt að heyra í hv. þm. Höskuldi Þór Þórhallssyni, en ég hvet hann, sem aðra þingmenn, jafnvel sjálfan mig, til að tala kjark í þjóðina. Framsóknarflokkurinn hefur einhverra hluta vegna ekki talað mjög mikinn kjark (Gripið fram í.) í þessa þjóð, inn á við og út á við, á síðustu vikum. Framsóknarflokkurinn (**VigH:** Við gefum von.) hefur ekki gefið þjóð sinni mikla von (Gripið fram í.) á síðustu vikum. (**VigH:** Við segjum sannleikann.) Sannleikurinn er ekki fólginn í svartnættinu sem Framsóknarflokkurinn boðar. (**SDG:** Í hverju er sannleikurinn fólginn?) Sannleikurinn er fólginn í því að byggja upp íslenska þjóð á þeim grunni sem hún hvílir á og frá þeim grunni má Framsóknarflokkurinn ekki hrekjast. (Gripið fram í.)

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 23:35.

---

56. FUNDUR

föstudaginn 21. ágúst,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, stjfrv., 136. mál, þskj. 204, nál. 335, 337 og 338, brtt. 336, frávtill. 339, brtt. 340. — Frh. 2. umr.

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (Icesave-samningar). — Þskj. 204, nál. 335, 337 og 338, brtt. 336, frávtill. 339, brtt. 340.

[10:01]

Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegi forseti. Það hefur margt verið rætt um það mál sem við fjöllum hér um í dag, um ríkisábyrgð á lán vegna Icesave-skuldbindinganna erlendis. Óhætt er að fullyrða að fá mál, ef nokkur, hafi fengið jafnítarlega umræðu í fjölmiðlum og meðal almennings á Íslandi á jafnskömmum tíma sem þetta. Og það er gott, svona mál þurfa að fá góða umræðu, svona mál þurfa að fá að gerjast meðal þjóðarinnar. Öll sjónarmið þurfa að komast upp á borðið og svona mál verða að standast rök.

Virðulegi forseti. Hér verður hvorki haldin löng ræða um þetta mál né farið yfir víðan völl hvað það varðar, hvorki forsögu þess né annað þó að ástæða þætti kannski til. Þetta mál felur vissulega í sér ákveðin tækifæri til pólitískra slagsmála, því er ekki að leyna. Það felur líka í sér ákveðin tækifæri til pólitísks uppgjörs, bæði innan flokka og milli flokka. Á það hefur talsvert reynt í umræðunni á Alþingi, aðallega í gær, en ég verð þó að segja það, forseti, að ég hef orðið fyrir talsverðum vonbrigðum með þann málatilbúnað sem orðið hefur hér í umræðunni oft og tíðum. Mér finnst að of oft hafi þingmenn skotið yfir markið í málflutningi sínum og hvorki gert málinu gagn með því né aukið á virðingu sem þarf þó svo sannarlega á því að halda einmitt í dag.

Það er vissulega svo að þetta mál er mörgum okkar afar erfitt. Og þá er ég ekki einungis að meina hvað það varðar sem snýr að okkur öllum sem Íslendingum og þeim byrðum sem það leggur á okkur hvert og eitt sem er nógu erfitt út af fyrir sig, þetta er líka mörgum okkar mjög erfitt pólitískt, hugmyndafræðilega. Þetta hefur reynst erfitt innan flokka og milli flokka og það eru erfiðleikar sem við eigum að hafa kjark í að gera upp sömuleiðis.

Margir, bæði hér á Alþingi og utan þings, hafa þurft að gera upp hug sinn hvað þetta mál varðar, hvað hugmyndafræði þeirra varðar. Fólk hefur þurft að gera upp við sinn pólitíska veruleika og stilla þann kompás upp á nýtt.

Það á kannski ekki síst við um þá sem fylgt hafa þeim flokkum að málum sem ýttu þessum óskapnaði úr vör á sínum tíma, skiljanlega því að ef menn láta slíkt tækifæri fram hjá sér fara sem hér um ræðir, til að gera upp hug sinn, að endurskoða sína pólitísku stefnu, hugmyndafræði sína, er mér nær að ætla að slíkt tækifæri komi ekki aftur upp á borðið.

Það er því svo sannarlega þannig að margir, en því miður ekki allir, á þeim væng stjórnmálanna sem réðu hér ferðinni hvað lengst þegar þetta mál fór af stað, hafa þurft að endurskoða hugmyndafræði sína í ljósi þess veruleika sem blasir við þeim í dag. Ég vil hins vegar trúa því og ég ætla að trúa því að þeir sem þó bera mestu pólitísku ábyrgð á þeim ósköpum sem við stöndum í í dag, hægri flokkarnir á Íslandi, hafi sjálfir í upphafi trúað því að þeir væru að gera landi sínu gott. Ég vil ekki trúa því upp á nokkurn mann, upp á nokkurn stjórnmálamann úr framvarðasveit íslenskra stjórnmála á undanförnum árum og áratugum, að þeir hafi ætlað með pólitískum aðgerðum sínum og gjörðum að skaða Ísland eða Íslendinga. Ég vil ekki trúa því upp á nokkurn einasta mann, og ég ætla að ganga út frá því í þeirri umræðu sem hér á sér stað.

Jafnvel þótt farið hafi fyrir okkur sem gerði vil ég trúa því að viljinn hafi verið hjá öllum til að leiða landið áfram til betri tíma, til betra lífs fyrir Íslendinga, en ekki að skaða landið og Íslendinga eins og reyndin hefur þó orðið. Ég ætla að ganga út frá því að svo hafi verið.

Þetta mál hefur reynst þjóðinni afar erfitt. Íslensk þjóð hefur þurft að axla meiri og ósanngjarnari efnahagslegar byrðar en nokkru sinni áður. Og þá er ég ekki eingöngu að tala um Icesave-málið, atvinnuleysið er meira en við höfum áður þekkt og fjölskyldur eiga erfiðara en áður með að framfleyta sér. Lánin hækka, skuldir aukast og að auki blasir það síðan við að þjóðin mun þurfa að axla þær þungu byrðar sem fylgja þessu máli sem við ræðum í dag. Og það er ósanngjarnt, það hefur aldrei verið sagt annað. Það er mjög ósanngjarnt en það verðum við þó að gera. Þetta bíður okkar, þetta blasir við og við verðum að leysa það með þeim hætti.

Mér finnst þess vegna oft og tíðum að þingmenn hafi afgreitt þetta mál pínuléttvægt hér í umræðunni með uppskrúfuðum málfundaræfingum sem ekki hafa gert neitt einasta gagn. Það hefur brunnið við að menn hafi farið í þessa umræðu með þeim hætti hér á undanförnum vikum og mánuðum. Það gerðist ítrekað í gær og ég ætla að vona að það gerist ekki aftur vegna þess að það er ekki málinu til framdráttar og ekki í samræmi við alvarleika málsins.

En þetta mál hefur líka reynst fleirum erfitt en þeim sem fylgdu þeim flokkum að málum sem ýttu þessu máli af stað á sínum tíma. Það hefur reynst okkur í mínum flokki erfitt, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Það hefur reynst okkur erfitt að glíma við þetta mál þó að við teljum okkur ekki eiga nokkra sök á þeirri stöðu sem við erum í í dag. Ég tel að við eigum ekki nokkra sök á henni. Nema þá kannski að við höfum ekki staðið vaktina nóg, nema þá kannski að við höfum ekki haft nógu hátt, ekki látið nógu skýrt í okkur heyra, ekki verið nógu öflug í að vara við og benda á það sem við þóttumst þó sjá að væri fram undan að einhverju leyti. Það má saka okkur um það en ekki um það hrun sem varð hér í haust. Það má ekki saka okkur um að við berum ábyrgð á því máli sem við erum að afgreiða hér í dag.

Það hefur hins vegar komið í okkar hlut að koma að lausn þessa máls, það er á okkar ábyrgð fyrst og fremst að leysa þetta mál í samstarfi við Samfylkinguna í ríkisstjórn. Við berum ábyrgð á því og við ætlum að bera þá ábyrgð og það má skammast og atast í okkur fyrir það en ekki vegna þess hvernig komið er. Í umræðunni um Icesave-málið hér á þingi og víðar hefur stundum mátt ætla að Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri það stjórnmálaafl sem ber mesta ábyrgðina og það væri við okkur að sakast hvernig væri komið en ekki aðra. Það hefur mér fundist ósanngjarnt því að fátt er fjær sanni. Það var ekki ríkisstjórn Vinstri grænna sem einkavæddi bankana á sínum tíma. Það voru ekki ráðherrar Vinstri grænna sem handvöldu vini sína og létu þá fá bankana til ráðstöfunar. Það voru ekki vinstri grænir félagsmenn sem fengu Landsbankann afhentan á

sínum tíma og ráðstöfuðu honum með þeim hætti sem olli hruninu, svo það sé alveg á hreinu.

Ég biðst ekki undan málefnalegri umræðu um Icesave-málið, ég biðst ekki undan pólitískri umræðu um Icesave-málið, málefni sem byrjar á rökum og málefnalegum hætti, ég biðst ekki undan því. En ég biðst undan því að vera sakaður um að bera ábyrgð á því sem ég geri ekki og flokkur minn gerir ekki.

Það mál sem við erum að leiða til lykta í dag, Icesave-deilan — eða á næstu dögum skulum við ætla — þetta ömurlega mál, er eitt af því ljótasta sem gerst hefur í efnahagslífinu á Íslandi og Icesave-deilan er orðin að táknmynd alls þess versta sem gerst hefur á undanförnum árum í íslensku efnahagslífi. Orðið eitt og sér, Icesave, hverfist um allt það mál frá upphafi til enda.

Það er rétt að sá skilningur sem ég hef á þessu máli komi fram með skýrum hætti af minni hálfu og á þeim breytingartillögum sem lagðar eru fram við frumvarp fjármálaráðherra um ríkisábyrgðina vegna þess að mér hefur fundist vera misskilningur á ferðinni hvað það varðar, að þeir samningar sem gerðir voru við Hollendinga og Englendinga og undirritaðir í byrjun júní standa enn, það hefur ekki eitt einasta orð breyst þar. Þeir standa algjörlega óhreyfðir, hvert einasta orð, frá upphafi til enda. Samningunum hefur ekki verið breytt með nokkrum einasta hætti og engar þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á frumvarpinu hreyfa við samningunum, þær breyta ekki samningunum. Ríkisábyrgðin mun eftir sem áður ná til höfuðstóls þeirra lána sem um ræðir á milli Íslands og Hollands auk vaxta. Það hefur ekki breyst í meðförum nefnda, um það snýst ríkisábyrgðin, um að ríkið ætlar að ábyrgjast greiðslur á heildarláninu eins og það stendur á 1. gjalddaga til lokadags. Það hefur ekkert breyst í því, það er engin breyting á því í meðförum fjárlaganefndar eða annarra nefnda. Það stendur óbreytt í frumvarpinu, þannig að það sé alveg á hreinu hver skilningur minn er hvað það varðar.

Þessir samningar hafa auðvitað verið rýndir mjög á undanförnum vikum og mánuðum sem er mjög gott, þeir hafa verið rýndir af pólitískum augum, farið hefur verið yfir þá með pólitískum stækkunarglerjum, þeir hafa nánast verið gegnumlýstir og flestum þeim athugasemdum og gagnrýnisröddum sem heyrst hafa hefur verið svarað með málefnalegum rökum og flestar þær gagnrýnisraddir hafa hljóðnað. Allar þær gagnrýnisraddir sem hafa heyrst frá fyrsta degi hafa hægt og bítandi hljóðnað. Og hvers konar samningar ætli það séu sem standa af sér slíka gegnumlýsingu og slíka umræðu? Ætli það séu vondir samningar, virðulegi forseti, eða slæmir samningar eða jafnvel ónýtir sem standa þó enn þann dag í dag í þessari umræðu óhreyfðir, óbreyttir, hvert einasta orð? Nei, það eru ekki vondir samningar, það eru ekki ónýtir samningar sem standa slíkt af sér. Það eru góðir samningar sem standa slíkt af sér.

Ég held því fram og hef haldið því fram og ég ætla að halda því fram hér í dag að miðað við þá stöðu sem Ísland var í og er í, miðað við það upplegg sem núverandi ríkisstjórn fékk í hendurnar hvað þetta mál varðar, náðust góðri samningar í lendingu Icesave-málsins. Og þeir samningar verða væntanlega staðfestir ef ríkisábyrgðin fær meiri hluta hér á þingi, hvenær sem það nú verður.

Samninganefnd Íslands á því miklar þakkir skildar fyrir þá vinnu sem hún lagði af mörkum í þessu og þann árangur sem hún náði í samningum við Breta og Hollendinga. Og ég held að við ættum að halda því til haga að sú vinna og sá árangur var betri en lagt var upp með og þær hugmyndir sem uppi voru hér á haustdögum í kjölfar hrunsins. Við náðum að snúa málunum til betri vegar og sú niðurstaða sem við fengum með samningnum, jafnósanngjarnt og málið í eðli sínu er, er þannig að við getum verið sátt við hana. Og við verðum að vera sátt við hana.

Eins og ég hef áður nefnt, forseti, eru þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpi fjármálaráðherra aðallega til að skerpa á sameiginlegum skilningi okkar Íslendinga á ákveðnum ákvæðum í samningunum. Það á þá einna helst við um hvað við teljum þurfa til þess að láta reyna á endurskoðunarákvæði samninganna. Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að við setjum okkur ákveðin efnahagsleg viðmið varðandi greiðslu lánanna og fari greiðslur umfram þau viðmið munum við óska eftir viðræðum við viðsemjendur okkar um hvernig við leysum það mál, eins eðlilegt og getur verið. Auðvitað munum við gera það, við ætlum að setja okkur viðmið, einhver þolmörk, og förum við upp í þau munum við leita eftir viðræðum um hvernig við getum staðið við skuldbindingar okkar með öðrum hætti. Það liggur einhvern veginn á borðinu.

Með sama hætti má segja að í breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar hafi verið sett lagaleg viðmið sem fela það í sér að látið verði reyna á ýmis lagaleg ákvæði, t.d. að kröfur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta gangi við úthlutun framar öðrum hluta krafnanna vegna sömu innstæðu. Verði niðurstaðan á þann veg áskiljum við okkur rétt til að taka málið upp, þá munum við óska eftir viðræðum. Skiljanlega munum við gera það og það látum við viðsemjendur okkar vita með þessum breytingartillögum.

Aðrar breytingar snúa síðan helst að eftirlitshlutverki Alþingis og eftirliti með fjárhag tryggingarsjóðs o.s.frv. Það segir sig sjálft, virðulegi forseti, að ef ekki er útlit fyrir að hægt sé að standa við samninga verði leitað eftir viðræðum. Þetta er sá hluti sem er í eðlilegum samskiptum aðila, hvort sem það eru einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir eða ríkið. Það gerum við öll, ef við horfum fram á að við getum ekki staðið við skuldbindingar okkar munum við leita eftir því að finna lausn á því með einhverjum hætti. En það er gott að skerpa á því með þessum hætti sem gert er með breytingum meiri hluta á frumvarpi fjármálaráðherra þannig að línurnar séu skýrar og að okkur sé öllum ljóst hvað við erum að meina.

Það er þó ekki svo að ég hafi ekki ákveðnar efasemdir um eitt og annað í þessu frumvarpi rétt eins og í samningunum sjálfum. Ég áskil mér rétt til að taka það upp á milli umræðna í fjárlaganefnd og ræða það. Ég bendi sérstaklega á þá leið sem við höfum ákveðið að velja okkur til að greiða niður skuldirnar. Mér sýnist í fljótu bragði að það gæti orðið okkur dýrt að fara þá leið sem þar um ræðir og dýrara en við ætluðum svo munar háum upphæðum. Það getur vel verið að það sé einhver misskilningur fólginn í því hjá mér og ég mun ræða það á fundum nefndarinnar milli umræðna ásamt fleirum ef mér þykir svo þurfa.

Engar þessara breytinga í frumvarpi fjármálaráðherra

breyta samningunum. Samningarnir standa enn óbreyttir sem slíkir. Frumvarpið felur það í sér að við ætlum að bera ábyrgð og ábyrgjast þá upphæð sem í samningunum felst.

Margir hafa komið að því að leysa þetta mál og koma því í þann farveg sem það er í í dag og eiga allir þakkir skildar fyrir það. Allir stjórnmálaflokkar á Alþingi hafa lýst yfir stuðningi við þær breytingartillögur sem eru í frumvarpinu og ætla að styðja það, að Framsóknarflokknum undanskildum. Ég ætla þó að vona að honum renni blóðið til skyldunnar og komi að málinu að lokum þannig að samstaða verði um að afgreiða málið með þessum hætti. Það er mjög mikilvægt og sýnir styrk okkar inn á við á Alþingi og það sýnir umheiminum líka styrk. Það sendir umheiminum þau skilaboð að við ætlum að fara í þetta saman sem ein órofa heild, að við ætlum að standa saman um þetta mál. Það gefur málinu annan blæ og annað yfirbragð, bæði hér heima og erlendis en annars.

Fjölmargir aðilar utan Alþingis hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga og lagt mikið á sig til að koma skoðunum sínum á framfæri eins og ég sagði áðan. Allt það fólk á miklar þakkir skildar fyrir það. Starfsfólk Alþingis sem hefur vakið og sofið yfir þessu máli með þingmönnum og nefndarmönnum alveg til dagsins í dag, tekið allt sumarið í þetta, hefur fórnað öllum sínum tíma frá fjölskyldum og sumarfríum í þetta mál með okkur, á sömuleiðis miklar þakkir skildar.

Það virðist að mínu mati, virðulegi forseti, vera nokkuð góð samstaða. Ef marka má það sem kom út úr fundi fjárlaganefndar um síðustu helgi var nokkuð góð samstaða um að leysa þetta mál með þeim hætti sem hér um ræðir. Ég vona að ekki séu að koma sprungur í þá samstöðu og að við getum leyst þetta mál með þeim hætti sem þá var um rætt. Það er að verða samstaða á Alþingi og það er þar af leiðandi að verða meiri samstaða úti í samfélaginu um að leysa málið með þeim hætti sem hér um ræðir. Það er á okkar ábyrgð að rjúfa ekki þá samstöðu. Það er á okkar ábyrgð að hleypa þessu máli ekki aftur upp í það sem þó virtist vera á leiðinni. Við höfum gefið út þau skilaboð að lending hafi náðst. Við höfum gefið út þau skilaboð til þjóðarinnar að þessu máli sé að ljúka, að þessum átökum sé að linna, og það er ábyrgðarhluti að ætla að bregðast því.

Það er ábyrgðarhluti að ætla að bregðast fólkinu, almenningi á Íslandi, aftur með því að setja þetta mál í uppnám. Ég skora því á þingmenn stjórnarandstöðunnar, sérstaklega Framsóknarflokksins sem enn hefur ekki komið að málinu, að endurskoða hug sinn eins og svo margir aðrir gera, líta á það með gagnrýnum augum hvort sú afstaða þeirra til málsins, að vera á móti málinu, geti frekar skaðað það en bætt. Það er ekki slæm niðurstaða fyrir Ísland ef við mundum ná slíkri samstöðu við að klára þetta mál og það réttlætir að sjálfsögðu allan þann tíma sem hefur farið í það.

Það styrkir stöðu okkar og ekki veitir af, virðulegi forseti.

[10:21]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður sem hér talaði, Björn Valur Gíslason, talaði mikið um að það hefði verið mikilvægt í þessu máli að fá öll sjónarmið upp á borðið, að málið hefði þurft alls konar gerjun og það hefði verið gott að öll gögn hefðu komið fram.

Nú liggur það fyrir að þann 17. júlí taldi hv. þingmaður öll gögn komin fram og taldi rétt að afgreiða málið út úr nefnd innan fárra daga. Frá þeim tíma hefur ýmislegt gerst og því leikur mér forvitni á að vita hvort hv. þingmanni þyki sú vinna sem fram hefur farið frá þeim tíma, frá 17. júlí, hafa verið til einskis eða hvort honum þyki málið hafa batnað í meðförum nefndarinnar. Ég spyr vegna þess að þrátt fyrir að þingmaðurinn tali um samstöðu var á þessum tíma alls ekki verið að reyna að fá fram neina samstöðu í þinginu. Mikilvægum gögnum var haldið frá (Forseti hringir.) þingmönnum og því þykir mér rétt að hv. þingmaður útskýri þetta fyrir mér.

[10:22]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Frá þeim tíma sem ég taldi að þetta mál væri komið í þann farveg að hægt væri að klára það hefur ekki mikið komið fram í því. Það hefur ekki (**Gripið fram í:** Samstaða.) orðið mikil breyting á þeim tíma, já, samstaðan. Það skal ég alveg fúslega viðurkenna að hafi þurft þann tíma til að ná samstöðunni var þeim tíma vel varið. (**Gripið fram í:** Umræður.) En að mínu mati hefur ekki komið mikið af nýjum gögnum fram í málinu á þeim tíma, á þessum heila mánuði. Ekki mikil ný gögn hafa komið fram í málinu sem hreyfa við því með einhverjum hætti.

En ég skal alveg fúslega viðurkenna að hafi þessi mánaðartími, eða hvað það nú er orðið frá því að ég lét þessi orð falla um að hægt væri að klára málið, orðið til þess að ná samstöðu um það á Alþingi var honum vel varið.

[10:23]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er gott að þingmaðurinn er ánægður með samstöðuna, en það er einfaldlega þannig að hefði málið komið fyrir þingið á þessum tíma, um miðjan júlí, eins og hv. þingmaður, hv. varaformaður nefndarinnar, ætlaði að ná fram, hefði einfaldlega ekki verið nein samstaða í þinginu. Ég efast um að málið hefði fengið jákvæða niðurstöðu í þinginu. Ég hugsa að það hefði verið fellt þannig að það er mikil ábyrgð sem hvílir á Vinstri grænum í þessu máli. Það er mikil ábyrgð sem hvílir á ríkisstjórnarflokkunum í þessu máli og það er ekki vegna samstöðu þeirra, þessara tveggja flokka, sem þetta mál er komið til umræðu í dag heldur vegna samstöðu annarra þingmanna, hugrakkra vinstri manna úr röðum vinstri grænna, sjálfstæðismanna, framsóknarmanna til ákveðins tíma, þannig að það er algerlega ljóst í mínum huga að á þessum tíma, þann 17. júlí þegar hv. þingmaður lýsti því yfir að rétt væri að afgreiða þetta úr nefndinni, var engin samstaða um þetta mál, ekki einu sinni í ríkisstjórnarflokkunum. Það er einfaldlega gott að halda því til haga, (Forseti hringir.) og halda því til haga hver ber ábyrgð á því að hér er samstaða um þetta mál.

[10:24]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ekki miklu við þetta að bæta frá því sem ég sagði áðan. Hafi þessi tími orðið til þess að

samstaða náðist um málið var honum bara vel varið. Ég fer hins vegar ekki ofan af því að ég hef ekki séð þau gögn sem hafa breytt málinu á þessum mánaðartíma. Það er nákvæmlega á sama stað hvað það varðar, en samstaðan er komin og því fagna ég. Ef hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja eigna sér þann heiður að þeir hafi náð samstöðu á Alþingi um Icesave-málið mega þeir eiga hann.

[10:25]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér talaði hv. þm. Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar, um breytingartillögurnar eins og hann skildi þær ekki. Það er alveg kristaltært í mínum huga að hann skilur þær ekki. Hann segir að efnahagslegu fyrirvararnir séu í raun og veru um það að menn ætli að borga til 2024 og síðan muni menn semja um annað.

Staðreyndin er hins vegar sú að þessir efnahagslegu fyrirvarar eru gríðarlega mikilvægir og gera það að verkum að ef það er enginn hagvöxtur til 2024 munum við ekki greiða neitt. Hann heldur því fram að þetta sé það sama og er í samningunum, og ekki bara það, heldur segir hann að það sé jafnvel dýrara að greiða með þessum hætti en þá upphæð sem er í samningunum. Ég vil benda hv. þingmanni á að það er engin upphæð í samningunum. Það er bara opinn tékki. Ef hann mundi kynna sér umsögn Ríkisendurskoðunar eru greiðslur þar áætlaðar frá 240 milljörðum upp í 1.036 milljarða. Það eru þessir efnahagslegu fyrirvarar (Forseti hringir.) sem gera okkur kleift að reisa hér efnahagslífið við aftur.

[10:26]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég svo sem að tjá mig um það hvað er kristaltært í huga hv. þm. Ásbjörns Óttarssonar hvað minn skilning varðar á þessu máli en hann er samt þessi, sama hvað honum finnst um það. Þetta er minn skilningur á málinu. (**Gripið fram í:** Hver?) Enn þá stendur það í frumvarpinu — þrátt fyrir meðferð fjárlaganefndar — að ríkisábyrgðin nái til höfuðstóls þeirra lána sem hér um ræðir eins og hann verður þegar kemur að 1. gjalddaga auk vaxta. Það hefur ekkert breyst.

[10:27]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg með ólíkindum að hv. þingmaður og varaformaður fjárlaganefndar skuli ekki gera greinarmun á þessu. Það stendur klárt skrifað inni í efnahagslegu fyrirvörunum að við greiðum eftir vexti á landsframleiðslu, 6% vexti af landsframleiðslu. Standi eitthvað út af 2024 er ekki ríkisábyrgð á því. Það er líka gríðarlega mikilvægt að menn átti sig á því. Það að menn sem sitja í fjárlaganefnd hafi þann skilning sem hv. þingmaður hefur er grafalvarlegt mál. Og ef þessi skilningur hans væri réttur hefði aldrei náðst samstaða um málið og í því hefur vinna fjárlaganefndar á undanförnum vikum falist, að reyna að ná samstöðu til að gera það að verkum að við getum byggt þjóðarbúið upp aftur.

Og ekki bara það, síðan eru inni í lagalegu fyrirvörunum sem hann segir að séu nánast óbreyttir, þá nefni ég sérstaklega svokallað dæmi Ragnars Halls þar sem menn voru búnir að gera samning um það hvernig ætti að skipta út úr búinu. Því er algerlega snúið á hvolf og innstæðutryggingarsjóðnum skylt að leita réttar síns. Í upphaflega samningnum var hann búinn að semja frá sér rétt sinn. Eru þetta ekki grundvallarbreytingar, frú forseti?

[10:28]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar á frumvarpi því sem hér um ræðir segir, með leyfi forseta:

„Ábyrgðin tekur til höfuðstóls lánanna eins og hvor um sig mun standa að sjö árum liðnum frá undirritun samninganna, 5. júní 2016, auk vaxta af lánsfjárhæðinni.“ (Gripið fram í.) Sem sagt, upphæðin eins og hún stendur þá, og þá upphæð ætlum við að borga. Sömuleiðis kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans greiðsluáætlun um það hvernig við ætlum að borga þetta. Getur þetta verið eitthvað skýrara, virðulegi forseti?

[10:29]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er alveg gáttaður á ræðu hv. þm. Björns Vals Gíslasonar, varaformanns nefndarinnar. Hann er ekki kominn lengra en í 1. gr. breytingartillagnanna, hann er ekki kominn að 2. og 3. gr. (**Gripið fram í:** Hann skilur þetta ekki.) og hann skilur þetta ekki. Hann gefur öðrum þingmönnum einkunn og í því máli sem þjóðin hefur mestar áhyggjur af er hann úti á sjó að veiða fisk (Gripið fram í.) og hefur ekki komið að vinnunni af fullum krafti eins og aðrir þingmenn. Maður er alveg gáttaður á þessu. Það stendur í breytingartillögunum sem sátt hefur náðst um að ríkisábyrgð sé takmörkuð samkvæmt 3. gr. Hún er takmörkuð, enda stendur í stjórnarskránni að það sé Alþingi sem veiti ríkisábyrgð en ekki ráðherra eða hv. þingmaður.

[10:30]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það virðist hafa farið í taugarnar á einhverjum þingmönnum sjálfstæðismanna að ég skyldi hafa farið út á sjó að veiða fisk, eins og þeir segja. Ég ætla ekkert að biðjast afsökunar á því samt sem áður, (Gripið fram í.) en það er bara eitt af því sem ég þurfti að gera til að sinna skyldum mínum, bæði gagnvart mínum fyrrum atvinnurekendum og öðrum. Það ætla ég bara að gera. (**REÁ:** Þetta kallar hann víst að forgangsraða.) Mér er eiginlega bara nokk sama hvað hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur finnst um það hvers konar forgangsröðun þetta er, en þetta var eitt af því sem ég þurfti að gera og gerði, og stóð við það.

Í 2. gr. breytingartillagnanna segir:

„Verði greiðslubyrði lánasamninganna meiri en nemur hámarki skv. 3. mgr. skulu teknar upp viðræður við aðila lánasamninganna um áhrif þess á samningana …“ — Skulu teknar upp viðræður, það er bara hið eðlilegasta mál.

[10:31]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður er kominn í mótsögn við

sjálfan sig. Hann sagði að samningurinn væri óbreyttur. Af hverju á þá að taka upp viðræður? Hann sagði meira að segja að samningurinn væri góður (**Gripið fram í:** Og glæsilegur.) og glæsilegur.

Ég er hneykslaður á hv. þingmanni og ég geri ráð fyrir að stór hluti þjóðarinnar sé það líka. Hún hefur nefnilega áhyggjur af þessum samningi. Þær breytingartillögur sem hér hafa verið gerðar og þingmenn hafa unnið að hörðum höndum undanfarnar vikur, allir sem einn — nei, ekki allir, einn var úti á sjó — allir sem einn unnu þeir hérna að breytingartillögum til að forða þessum áhættum sem þessi hræðilegi samningur hefur fyrir þjóðina. Og það hefur tekist. Það hefur tekist, frú forseti, að ná þeirri áhættu út (Gripið fram í.) með þeim breytingartillögum sem hér um ræðir. Þetta er ekki sami góði samningurinn og hv. þingmaður hefur verið að mæra og ég skora á hv. þingmann að lesa lengra en að 1. gr. ef hann hefur tíma til þess vegna fiskveiða.

[10:32]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er svo sem ekkert miklu við þetta að bæta, ég var búinn að svara þeim spurningum sem hér koma fram. Eftir stendur samningurinn óhreyfður, samningarnir báðir, engu einasta orði í þeim hefur verið breytt. Þeir standa algjörlega óbreyttir orð fyrir orð.

[10:33]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta eru miklar fregnir. Hér kemur varaformaður fjárlaganefndar og blæs af alla fyrirvarana. Það er nákvæmlega það sem hv. þingmaður gerir. Hann gefur vinnunni, sem var svo sannarlega unnin án hans, falleinkunn. Hann segir líka að eftir 18. júlí hafi ekkert nýtt komið fram í málinu. Hagfræðistofnun Háskólans, það var náttúrlega eitthvert smámál, Ragnar Hall, það hefur verið eitthvað sem skipti engu máli (**REÁ:** Efnahagslegu fyrirvararnir.) og efnahagslegu fyrirvararnir settir hérna inn. Þetta er allt sem skiptir engu máli hjá hv. þingmanni. (**Gripið fram í:** Lee Buchheit.) Lee Buchheit, það bara skiptir ekki máli.

Þetta er nokkuð athyglisvert því að hér talaði hv. þingmaður um þverpólitíska samstöðu og skilaboð til umheimsins. Og hér er einn af forustumönnum Vinstri grænna að tala. Ég vil bara fá það staðfest hjá honum (Forseti hringir.) það sem hann sagði áðan að allt þetta sem hér var nefnt skipti engu máli.

[10:34]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rangt eftir mér haft að ég hafi sagt að þetta skipti engu máli. Ég sagði að hafi þessi tími orðið til þess að samstaða hafi náðst um málið á Alþingi hafi honum verið vel varið. (**GÞÞ:** … ekkert eftir …) Já, ég held því fram að …

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Ekki samtöl í sal.)

Ég held því fram að engin ný rök, virðulegi forseti, hafi komið fram sem breyttu málinu frá þessum tíma. Ragnars Halls ákvæðið sem hv. þingmaður nefndi var komið fyrr, það var komið í umræðu fyrr og önnur atriði sem voru hér rædd. Ég hef ekki séð ný atriði koma fram í þessu máli á þessum tíma sem hafa breytt málinu svo heitið getur.

Ég er ekki að gera lítið úr þeim breytingartillögum sem gerðar eru á frumvarpinu, ég tók það sérstaklega fram. Ég tók sérstaklega fram að það væri gott fyrir Alþingi, það væri gott fyrir okkur öll (Gripið fram í.) að skýra málið með þessum hætti, draga línur, setja sjálfum okkur einhver þolmörk þannig að við gerum okkur grein fyrir því hvernig við eigum að bregðast við ef við förum út í þau.

[10:35]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Svo því sé til haga haldið sagði hv. þingmaður að eftir 18. júlí hefðu engin ný gögn komið. Ég hef verið í þessum sjónarmiðum sem Ragnar Hall síðan fylgdi, ég tók þau upp hér í þingræðu en að halda því fram að engin ný gögn hafi komið eftir 18. júlí er í besta falli mikið yfirlæti.

Ef menn meina að þeir vilji þverpólitíska samstöðu, ef menn meina það að við komum með skýr skilaboð til umheimsins, liggur alveg fyrir að menn þurfa þá að breyta þeim áherslum sem stjórnarliðar hafa verið með í umræðunni. Það mun líka reyna á það núna hvort menn vilji skoða á milli umræðna hvaða áhrif þessir fyrirvarar hafa í fullri alvöru.

Maður fær á tilfinninguna þegar maður hlustar á hv. þingmann og marga aðra stjórnarliða að þetta sé allt gert bara svona til að friða einhverja því (Forseti hringir.) að það standi ekkert á bak við þetta hjá stjórnarliðunum. (Forseti hringir.) Það er alvarlegt, ekki fyrir okkur í stjórnarandstöðunni, það er alvarlegt fyrir þjóðina. (**Gripið fram í:** Rétt.)

[10:36]

Björn Valur Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem hefur breyst er það að við höfum sameinast um ákveðin þolmörk. Við höfum sameinast um að draga ákveðnar línur í þessu máli. (**Gripið fram í:** Við?) Við höfum sameinast um það, það virðist vera meiri hluti fyrir þessu máli hérna í dag, er það ekki? Hafa ekki sjálfstæðismenn, forseti, lagt blessun sína yfir þetta plagg? Hafa þeir ekki lýst því yfir að þeir ætli að styðja þessar breytingartillögur? Ég veit ekki betur — nema þeir séu þá að guggna á því núna. (**EyH:** Ætlar þú að gera það?) (**Gripið fram í:** Ætlar þú að gera það …?) Að sjálfsögðu ætla ég að gera það. (Gripið fram í.) Þetta ætlum við öll að gera. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Ekki samtöl við ræðumann.)

Ég veit ekki betur en að við ætlum að gera þetta og ég ætla að vona að fólk standi við það. Það eru þau skilaboð sem við erum að senda frá okkur og okkar túlkun á ákvæðum samninganna er sú sem hér er. Þetta eru þær línur sem við erum að draga. Við erum að skerpa á okkar sameiginlega skilningi á samningunum (**Gripið fram í:** Þú ert að grafa …) en samningarnir standa óhreyfðir. (**Gripið fram í:** Hleypum málinu …) (**Gripið fram í:** Til hamingju með það.)

[10:38]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að minna á það sem

ég ræddi við hæstv. fjármálaráðherra í gær að við breytum ekki fortíðinni, það mættu margir hafa í huga. Við lærum af henni en við breytum henni ekki. Á hverjum tíma tökum við afstöðu til mála miðað við þá stöðu sem þá er komin upp en ekki þá stöðu sem var eða við gjarnan vildum hafa heldur verðum við að horfast í augu við raunveruleikann.

Ég ætla í örstuttu máli að fara í gegnum hrunið. Ástæðurnar voru lágir vextir á heimsmarkaði, mikið framboð af fé, gífurleg áhættutaka hjá íslenskum fyrirtækjum, krosseignarhald og allt of stór fjármálamarkaður í hlutfalli við landsframleiðslu. Ábyrgðin var hjá þeim lánveitendum sem lánuðu bönkunum, þ.e. erlendu aðilunum, bönkunum, ábyrgðin var hjá bankastjórnendunum, eftirlitinu, framkvæmdarvaldinu, Evrópusambandsreglunum, Fjármálaeftirlitinu og bresku og hollensku fjármálaeftirlitunum, sem voru líka í heilmikilli ábyrgð því að þau áttu að tryggja neytendavernd í þessum löndum en gerðu ekki. Svo var það löggjöf Evrópusambandsins sem er meingölluð að öllu leyti eða að mörgu leyti.

Mistökin voru gífurlega mörg og það síðasta er þessi samningur sem við erum að fjalla um núna. Þau voru bæði langt aftur í tímann, í hruninu sjálfu og eftir hrun. Áföllin sem þjóðin varð fyrir eru gífurlegt eignahrun á mörgum sviðum, gjaldþrot fyrirtækja, atvinnuleysi og mjög slæm staða ríkissjóðs sem kemur fram í skerðingum á félagslegri þjónustu og skattahækkunum.

Icesave-innlánin, stikkorð: Stutt saga. Hún er ótrúlega stutt. Í Bretlandi hófst þetta 2006, í Hollandi í maí 2008, stóð í þrjá mánuði og féll undir neytendavernd hollenska fjármálaeftirlitsins. Það er bara þannig. Síðan kemur upp ótti Breta og Hollendinga þegar bankarnir íslensku fara á hausinn, ótti þeirra við bankahrun, bankaáhlaup, að það komi „run“ á bankana, sem kallað er. Það er það sem fjármálamenn og ráðherrar og ríkisstjórnir alls staðar óttast mest af öllu. Það er þessi ótti Breta og Hollendinga sem gerði það að verkum að þeir ákváðu að láta skattgreiðendur greiða innstæðurnar í stað þess að fjármálastofnanirnar sjálfar, bankarnir sjálfir greiddu þær eins og gert er ráð fyrir í tilskipun Evrópusambandsins. Þetta er þeirra ákvörðun, það þarf að halda því til haga.

Þeir fengu samstöðu Evrópusambandsins og m.a.s. Noregs með sér í því að kúga Íslendinga til að standa við þessa Icesave-samninga vegna þessa ótta, sameiginlega ótta allra landa við bankaáhlaup. Það er skýringin. Það var hafin hérna kúgun á Íslendingum, viðskiptastríð, gengismarkaður, það var ekki hægt að millifæra innstæður í útlöndum til Íslands og Íslendingar þurftu að fara að staðgreiða vörur. Þetta var miklu alvarlegri staða en almennt er kunnugt, miklu alvarlegri. Menn voru m.a.s. farnir að óttast um að þeir ættu ekki fyrir lyfjum og olíu.

Svo kom Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, menn hótuðu með Evrópska efnahagssvæðinu, að það hryndi. Lánakjör urðu óbærileg og þetta var sem sagt röð af hótunum til þess að fá Íslendinga til að samþykkja. Og Íslendingar hafa náttúrlega ekkert í þetta ofurefli að gera.

Icesave-samningurinn í stikkorðum er eins slæmur og hægt er. Það er nánast eins og Hollendingar — ég geri ráð fyrir að þeir hafi verið duglegri en Bretar — hafi komið með tilbúinn samning hingað sem nefndin skrifaði undir eftir tvo daga. Svo fóru þeir heim og eru sennilega enn þá glaðir, þeir embættismenn sem stóðu að þessu. Þar kom inn ábyrgð Vinstri grænna, hún hafði ekki verið þangað til, og er þá einungis Borgarahreyfingin eftir sem ekki ber neina ábyrgð neins staðar.

Áhætturnar í stuttu máli; það er lagaóvissa hvort við eigum að greiða yfirleitt, eins og ég nefndi, hvort neyðarlögin haldi í breskum rétti. Svo er Ragnar Hall dæmið og nýjar reglur Evrópusambandsins, hvort við getum notað þær ef þær skyldu verða afturvirkar um innlánstryggingarkerfið og þær eru í burðarliðnum. Svo eru það endurheimturnar eigna Landsbankans, hversu hratt þær greiðast og svo eru það neyðarlögin, hvaða áhrif þau hafa á endurheimturnar, gengisþróun punds og evru gagnvart öðrum myntum. Ef pundið verður allt í einu mjög dýrt, hækkar í verði vegna verðhjöðnunar í Bretlandi og annað slíkt, getur áfallið fyrir Íslendinga orðið gífurlegt. Og ef hagvöxtur á Íslandi verður enginn þá getum við ekki borgað neitt. Það er segin saga, við höfum nóg með hin áföllin, ef hagvöxtur vex ekki neitt, ef landsframleiðslan vex ekki neitt og enginn hagvöxtur í 10, 15 ár þá getum við ekki borgað, þá mundum við m.a.s. illa ráða við bankahrunið eitt sér innan lands, hvað þá að taka á okkur viðbótarskuldbindingar, það er útilokað. Þeir sem ekki trúa því ættu að kynna sér stöðuna þar sem ekki er hagvöxtur eins og í sumum ríkjum Afríku. Fólksflótti getur líka haft áhrif. Allt eru þetta áhættur sem þessi samningur dekkar ekki, hann býr til þessar áhættur.

Ég má til með rétt aðeins að fara yfir: Hvað þýðir áhætta? Eftir 20 ár, árið 2029 um þetta leyti getum við litið til baka og þá getum við sagt: Nú, þetta var ekkert mál með Icesave. Hér var gífurlegur hagvöxtur, endurheimturnar urðu 120% af eignum Landsbankans og það gerðist bara ekki neitt, við borguðum varla nokkurn skapaðan hlut, okkur munaði ekkert um þetta. Þetta getur gerst. En það getur líka gerst að hagvöxtur verði enginn, landflótti og það endurheimtist lítið af eignum Landsbankans, við þurfum að borga eitthvað gífurlegt og hér verði mikil fátækt. Það er það sem við verðum að hindra. Eftir 20 ár munum við sjá hvernig þetta fór, það eru áhætturnar sem fylgja þessum samningi og það er ekkert tekið á því í samningunum, ekki neitt.

Margir sjá vandamál úti um allt, aðrir sjá lausnir úti um allt og ég vil sjá lausnir. Strax í haust byrjaði ég að tala um að við yrðum að takmarka þessa Icesave-áhættu með 1% af landsframleiðslu í tíu ár. Ég endurtók þetta aftur og aftur og sagði það hvar sem var við alla þá sem nenntu að heyra. Síðan í umfjöllun efnahags- og skattanefndar kom fram hjá Jóni Daníelssyni að mig minnir að þetta væri ekki nógu sniðugt vegna þess að ef það yrði enginn hagvöxtur gætum við ekki borgað hvort sem er, það væri hallæri ef það yrði enginn hagvöxtur þannig að 1% af landsframleiðslu mundi verða mjög dýrkeypt. Þá datt mér í hug að taka hlutfall af hagvextinum, að taka bara hlutfall af aukningu landsframleiðslu. Það eru einmitt þær hugmyndir sem nú eru komnar inn í textann að það er tekin aukning á landsframleiðslunni, þ.e. hlutfall af hagvextinum. Og varðandi gengisáhættuna datt mér í hug að reikna þetta einfaldlega í pundum og evrum og það sýnir sig að leysa málið ansi vel. Þessar hugmyndir kynnti ég Sjálfstæðisflokknum 19. júlí og þær hafa

sem sagt verið hérna í umræðu og eru núna komnar inn í þennan texta og ég er afskaplega ánægður með það og get þar af leiðandi stutt þessar breytingartillögur. (Gripið fram í.)

Forsendur bæði Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans voru mjög bjartsýnar. Þeir gerðu ráð fyrir 3% hagvexti og að það yrði tiltölulega létt að borga þessar Icesave-skuldbindingar miðað við þær forsendur. Þá gerði ég einmitt það, ég sagði við Seðlabankann: Reiknið þið út hversu stór hluti af aukningu landsframleiðslu með þeirra forsendum gerir það að verkum að við borgum nákvæmlega það sama. Það kom út að það þurfti í tilfelli Bretanna 3,85%, sem síðan var hækkað upp í 4%, og 1,95% gagnvart Hollendingum af aukningu landsframleiðslu til þess að borga allar kröfur Icesave-samninganna miðað við að forsendur Seðlabankans gangi eftir og þá er þetta ekkert mjög þungbært. Þetta er sem sagt komið inn í þessar hugmyndir sem gerir það að verkum að ef enginn hagvöxtur verður eða ef pundið hækkar mjög mikið borgum við ekki neitt.

Þetta leysir mjög margt og það er búin að fara mjög mikil vinna í þetta hjá þeim hagfræðingum sem eru í efnahags- og skattanefnd — reyndar utan nefndarinnar. En menn hafa farið í gegnum þetta og reynt að finna á þessu veilur og það má vel vera að það séu veilur á því. Ég vona að svo sé ekki, en þetta leysir vandamálið. Ef það er enginn hagvöxtur þá borgum við ekki neitt. Þetta leysir líka vandamálið ef litlar endurheimtur verða á eignum Landsbankans þá borgum við það sama. Þetta gerir það líka að verkum að ef pundið verður mjög verðmikið verður landsframleiðslan á Íslandi lítil mæld í pundum og hámarkið lækkar, þá borgum við minna, færri pund. Það er einmitt það sem þarf að gera því að þá eru líka færri pund fyrir fiskinn okkar og þá fáum við færri pund fyrir álið, þannig að þetta leysir þessi vandamál öllsömul. En það leysir líka önnur vandamál. Ef hér yrði jarðskjálfti eða einhver ósköp, við megum reikna með því líka, við höfum upplifað það í Íslandssögunni, eða þá að það yrði aflabrestur eða eitthvað því um líkt. Þetta er allt saman leyst inni í þessu, því að ef það verður aflabrestur verður hagvöxturinn lítill sem enginn og þá borgum við ekki neitt.

Í grein sem birtist í *Financial Times* fyrir nokkrum dögum eftir Hudson nokkurn, prófessor, þá segir hann að þetta gæti orðið fyrirmynd í lánum til þróunarríkja. Það skemmtilega við þessa hugmynd er að það er hagur Breta og Hollendinga að á Íslandi sé mjög myndarlegur hagvöxtur þannig að þeir munu vinna að því alls staðar að hér á Íslandi myndist myndarlegur hagvöxtur.

Ég ætla rétt aðeins að koma inn á pólitíkina. Menn hafa oft og tíðum verið mjög bundnir í flokka hér á Alþingi og það er mjög miður að mínu mati. Það gerðist núna að nokkrir þingmenn Vinstri grænna sáu þessar áhættur og vil ég þar nefna Ögmund Jónasson kannski fyrst og fremst. Hann var jafnhræddur við þennan samning og ég er. Þessir þingmenn ásamt með Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Borgarahreyfingunni mynduðu nýjan mjög brothættan meiri hluta á Alþingi, þannig að það náðist að ná fram þessum skynsamlegu tillögum, bæði lagalegum og efnahagslegum, í gegnum þennan nýja, brothætta meiri hluta. Menn lögðu áherslu á að þetta væri ekki flokkspólitískt, þetta væri ekki til þess að fella ríkisstjórnina, þetta væri til þess að bjarga þjóðinni frá þeim áföllum sem gætu komið upp — og ég undirstrika „gætu“ — eftir 20 ár munum við sjá hvort þær koma upp. Ef það kemur upp ætlum við ekki að steypa íslenskri þjóð í ævarandi fátækt.

Þessi brothætti meiri hluti hefur haldið og hann hélt en það var ekki auðvelt og hann var mjög tæpur aðfaranótt laugardags, mjög tæpur, þegar Framsókn gat ekki fallist á þetta og vildi fá frekari hugmyndir. Ég vona að Framsókn komi á seinni stigum inn í þetta aftur. Það má vel vera að það þurfi að skerpa betur á lagalegu fyrirvörunum, það má vel vera að það þurfi að skerpa betur á því hvernig þetta er sett upp í frumvarpinu, og ég skora á alla hv. þingmenn að gera það, að vinna að því að gera þetta skothelt þannig að ríkisábyrgðin gildi eingöngu fyrir árin 2016, 2017, 2018 og svo til 2024 en ekki eftir það, og eingöngu sé miðað við þessi 6% af landsframleiðslu sem við erum að tala um.

Þetta er sem sagt sú staða sem við höfum í dag og nú kann einhver að spyrja: Hvernig stendur á því að Pétur H. Blöndal ætlar að greiða atkvæði með Icesave-samningi, sem var svo mikið á móti þessu alla tíð? Þá kem ég inn á það sem ég nefndi áðan að við breytum ekki fortíðinni. Ég breyti því ekki að hæstv. fjármálaráðherra er búinn að skrifa undir þetta samkomulag. Ég breyti því ekki að hæstv. ríkisstjórn Íslands hafi veitt honum umboð til þess og ég breyti því ekki að stjórnarflokkarnir veittu ríkisstjórninni umboð til að skrifa undir án þess að hafa séð samninginn, hvað þá öll fylgiskjölin sem nú hafa komið upp á yfirborðið og sýna margt mjög skrýtið og undarlegt í þessum samningi. Ég breyti því ekki en ég hlýt alltaf á hverjum einasta tíma að vinna miðað við þá stöðu sem þá er, og núna vinn ég miðað við þá stöðu að það er búið að skrifa undir þennan samning. Það er þarna ákveðinn veikur meiri hluti á Alþingi, mjög viðkvæmur og brothættur, sem getur hindrað það sem verst getur farið. Þess vegna styð ég það. Ef þessi meiri hluti næst ekki fram eða brotnar fara menn að samþykkja eitthvað miklu, miklu veikara. Það getur vel verið að þá geti ég sagt við kjósendur mína: Ja, þessir vitleysingar skrifuðu undir einhvern samning og ég barðist mikið á móti því og þið eigið að kjósa mig, og það getur vel verið að ég fái fleiri atkvæði út á það. En fyrir þjóðina væri það skelfilegt. Ég met það miklu meira að við vinnum hérna að því að finna lausnir á þeim vanda sem þessi samningur og undirskrift hans hefur fyrir íslenska þjóð.

Til dæmis, við getum ekki fellt hann, því að hvað þýðir það? Hvað þýðir það ef við lítum á þetta utan frá með augum almennings úti um allan heim og fjölmiðla og stjórnmálamanna? Það þýðir að ekkert er að marka það sem íslensk ríkisstjórn skrifar undir, það þýðir að Íslendingar ætla ekkert að borga það sem þeim finnst vera sjálfsagt af því að þeir vita ekki betur, við höfum staðið okkur illa í markaðssetningunni, upplýsingunni. Það þýðir líka að lánshæfismat Íslands mundi væntanlega fara enn verr en ella, þannig að það er ekkert val að hafna þessum samningi. Mér finnst það ekki.

Síðan getum við vísað því til ríkisstjórnarinnar, eins og hér er komin tillaga fram um. Mér finnst það heldur ekki trúverðugt að fela sama fólkinu sem skrifaði undir samning að gera aftur samning, mér finnst það ekki trúverðugt og

það gæti hugsanlega leitt til stjórnarskipta og ég tel að stjórnarskipti út af þessu máli séu ekki æskileg. Það er ekki æskilegt að koma með enn meiri óreiðu hér á Íslandi, það er ekki það sem við þurfum einmitt núna.

Það er þess vegna sem ég féllst á að gera á þessu breytingar af því að það er eiginlega sú eina lausn sem ég sé í því að leysa þann vanda sem upp er kominn við það að þessi samningur var undirritaður. Þess vegna stend ég að því að greiða atkvæði með þessum breytingartillögum en ekki vegna þess að mig langi endilega til þess og ekki vegna þess að ég haldi að það sé það sem er rétt í stöðunni. Við Íslendingar eigum ekkert að borga þetta. En vegna þeirrar stöðu sem við erum komin í, vegna þeirra raða af mistökum sem gerð hafa verið alveg síðan fyrir hrun erum við komin í þessa stöðu og þá vinnum við út frá þeirri stöðu. Þannig lít ég á það.

Ég er mjög ánægður með þær breytingartillögur sem hér koma fram, sérstaklega efnahagslegu fyrirvarana, ég held að þeir leysi mjög margt, t.d. eins og ég nefndi hér áðan að ef svo ólíklega skyldi vilja til að breskur dómstóll dæmi neyðarlögin ógild, hvað gerist þá? Þá breytast þessi innlán í almennar kröfur á Landsbankann og eignir Landsbankans duga þá til þess að greiða kannski 20% af þessum kröfum. Það þýðir að við þurfum að fara að borga miklu, miklu meira, það er ein af áhættunum í þessum samningi. En hvað þýðir það? Við borgum ekkert meira af því að það sem við borgum er miðað við 6% af landsframleiðslu að hámarki. Við fengjum á þann hátt upp í þessa kröfu og það væru Bretar og Hollendingar sem mundu borga hluta af því tapi, því gífurlega tapi sem yrði hér á Íslandi ef neyðarlögin yrðu dæmd ógild. Það léttir okkur því líka þann róður.

Menn hafa talað dálítið um það hvað gerist árið 2024. Það gerist ekkert annað en að það er ákveðinn samningur í gildi og samningsaðilar setjast niður, þ.e. ef þeir vilja, og þeir ræða um hvað þeir gera við afganginn af kröfunum. Síðan, eins og gengur, það getur vel verið að þeir óski eftir ríkisábyrgð en það er þá Alþingi þess tíma sem tekur ákvörðun um það hvort það kærir sig um að veita ríkisábyrgð. Og af hverju skyldi verða afgangur af láninu, af hverju skyldu verða einhverjar eftirstöðvar? Vegna þess að eitthvað af þeim áföllum sem við erum að tryggja okkur fyrir hafa komið upp og þá munu menn benda samningsaðilum á það: Ja, hagvöxtur varð nú ekki eins mikill og við ætluðum eða: Það greiddist minna af eignum Landsbankans, og þess vegna eigum við ekki að borga meira og munum ekki veita ykkur ríkisábyrgð þó að þið gjarnan vilduð.

[10:58]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð að segja að mér fannst mjög áhugavert að hlusta á ræðu hv. þm. Péturs Blöndals um það hvernig honum hefur einhvern veginn tekist að heilaþvo sjálfan sig til þess að samþykkja samninginn. Ég verð að viðurkenna að ég var í þessari vinnu með honum og fannst þetta ansi góð hugmynd þegar hún kom fyrst fram. En eftir umræðuna í gær og þær upplýsingar sem við höfum verið að fá fram núna er ég alvarlega farin að efast um að það sé nokkurt hald í þessum fyrirvörum.

Ég mundi því gjarnan vilja heyra aðeins frá hv. þingmanni hvert hann telur vera lagalegt gildi fyrirvaranna og þá gagnvart breskum dómstólum. Eins og kemur skýrt fram í samningunum eiga ágreiningsmál varðandi samninginn að verða tekin fyrir hjá breskum dómstólum. Ég veit að viðkomandi hefur ríghaldið sig við að þetta sé gegn íslensku stjórnarskránni og það verði örugglega hægt að nota hana eitthvað fyrir breskum dómstólum. Ég mundi þá einmitt gjarnan vilja heyra frá honum hvert hann telur eiginlega lagalegt gildi íslensku stjórnarskrárinnar vera fyrir breskum dómstólum.

Ég hefði líka áhuga á að heyra frá hv. þingmanni hvernig stendur á því að forustumenn stjórnarflokkanna koma fram í fréttatíma eftir fréttatíma og segja að þeir telji að þrátt fyrir þessa fyrirvara, þrátt fyrir þeir séu búnir að setja hérna nokkur orð á blað, sé um óbreyttan samning að ræða, að fyrirvararnir rúmist mjög vel innan samninganna. Hvernig í ósköpunum getur hann haldið því fram að það sé eitthvert lagalegt gildi fyrirvaranna gagnvart breskum dómstólum?

[11:00]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta mál fer til fjárlaganefndar á milli 2. og 3. umr. og þar reikna ég með því að menn muni fara mjög ítarlega ofan í þær efasemdir sem t.d. Framsóknarflokkurinn og ýmsir fleiri hafa um það hvort bresk lög og dómstólar viðurkenni stjórnarskrá Íslands. Ég tel að stjórnarskrá Íslands sé hluti af fullveldi Íslands og þá er það spurningin hvort breskir dómstólar ætli sér að fara að efast um fullveldi Íslands.

Hér á Íslandi verður ekki greidd út ein einasta króna, frú forseti, nema fyrir því sé heimild í lögum samkvæmt stjórnarskránni og Hæstiréttur mun dæma það að ekki verði greidd út króna á Íslandi nema það standi í lögum frá Alþingi. Þetta er svar mitt. Þetta þarf að sjálfsögðu að skoða vel. Við þurfum helst að fá fólk sem hefur mikla þekkingu á breskum lögum og hvernig dómstólar þar vinna. Ef það þarf að setja frekari fyrirvara þá setjum við frekari fyrirvara, það er svo einfalt.

Varðandi óbreyttan samning og ekki óbreyttan samning, ég held að menn séu dálítið að tala í kross. Ég held að það sem ríkisstjórnarflokkarnir eru að segja sé að Bretar og Hollendingar muni fallast á þessa breytingu á samningnum. Sérhver takmörkun á ríkisábyrgð er breyting á samningnum, (Gripið fram í.) þannig að ef þeir fallast á það er samningurinn óbreyttur, þá hafa þeir samþykkt þessa breytingu. Mér finnast þessir fyrirvarar — og það var reynt að gera þá þannig — skynsamlegir og sanngjarnir og réttlátir, og (Forseti hringir.) ég tel að Bretar og Hollendingar muni fallast á þetta.

[11:02]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg greinilegt að heilaþvotturinn er algjör. Ég sé bara ekki hvað það er í fortíðinni sem getur leitt hv. þingmann til að draga þá ályktun að Bretar og Hollendingar muni sýna okkur einhverja sanngirni í þessu máli. Það væri ágætt að fá eitthvert dæmi um það á síðustu mánuðum að Bretar og Hollendingar hafi sýnt okkur einhverja

sanngirni. En núna eigum við að fara að treysta á það að allt í einu muni Bretar og Hollendingar umturnast og fara að sýna okkur einhverja sanngirni í þessu máli. Ég verð bara að segja að mér finnst það mjög, mjög ólíklegt.

Ef við gefum okkur það að svo ólíklega verði að Bretar og Hollendingar verði tilbúnir að samþykkja þessa fyrirvara, þá mundi ég vilja heyra aðeins frá hv. þingmanni hvernig stendur á því að í 3. lið í breytingartillögum meiri hlutans er hvergi minnst á það að ríkisábyrgðin falli niður við lok samningstímans — það er ekkert orð um það — og að eftirstöðvarnar verði ekki greiddar. Það þurfti að spyrja hæstv. forsætisráðherra að því í gær þrisvar sinnum áður en við fengum það upp úr henni að hún teldi að eftirstöðvarnar ættu að falla niður. Þá spyr ég: Ef hún telur að svo sé, af hverju í ósköpunum má það ekki standa í lagatextanum sjálfum í staðinn fyrir að það þurfi að fara að fletta upp einhverjum ræðum til þess að fá það á hreint hvað við meintum?

Varðandi svo þessa mjög ágætu útfærslu verð ég samt sem áður að benda á að það kom ábending í umræðunum í gær um ákveðinn galla við hana. Það er talað um það að ef við lentum í þeirri aðstöðu að hér væri mikill hagvöxtur en lítill eða neikvæður viðskiptajöfnuður — og ég veit ekki betur en undanfarna áratugi hafi það verið hið eðlilega ástand í íslensku efnahagslífi að við höfum talið okkur vera með þokkalegan hagvöxt en lítinn eða mjög neikvæðan viðskiptajöfnuð — þannig að það yrði þá enginn gjaldeyrir til staðar fyrir íslenska ríkið til þess að borga þessar erlendu skuldbindingar. Hvað á ríkið að gera þá? Það væri mjög áhugavert að heyra það, (Forseti hringir.) og hvort það væri hugsanlegt, ef við værum með skuldaþolsviðmið AGS inni í þessum fyrirvörum, að það gæti tekið á þessu.

[11:04]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð dálítið fyrir vonbrigðum með hv. þingmann, af því að ég hef það miklar trú á hv. þingmanni, þegar hún talar um heilaþvott. Það eru ekki rök í málinu, frú forseti. Ég er ekkert að heilaþvo sjálfan mig. Hvað þýðir það eiginlega að einhver heilaþvoi sjálfan sig? Að hann fallist á eigin rök eða hvað? Ég frábið mér svona umræðu og ég ætla að vona að þingmaðurinn noti það ekki aftur.

Varðandi það að við treystum á að Bretar og Hollendingar sýni sanngirni, ég er ekkert að treysta á það neitt, ég er alls ekkert að treysta á það. En Bretar og Hollendingar þurfa samstöðu um alla Evrópu, þeir þurfa samstöðu til þess að geta kúgað Íslendinga áfram eins og þeir hafa reynt að gera. Ef þeir ekki ná samstöðu, t.d. Norðmanna, sem eru mjög veigamiklir, Svía og allra Norðurlandaþjóðanna og Þjóðverja og Frakka, ef þeir ná ekki samstöðu þessara þjóða þá ná þeir engu fram og þetta vita þeir. Þess vegna lagði ég til í gær og spurði hérna að því hvort menn gætu ekki frestað umræðu milli 2. og 3. umræðu, og ég er enn að reyna að vona að menn geri það af því að ég óttast það nefnilega að Bretar og Hollendingar muni ekki samþykkja þetta, að við frestum umræðu milli 2. og 3. umræðu í tvær, þrjár vikur og sendum alla þingmenn um alla Evrópu, til Portúgals, til Grikklands, til Albaníu, til Lettlands og Litháens, Norðurlandanna, til að kynna okkar málstað áður en ákvörðunin fellur. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt af því að ég óttast það að um leið og við erum búin að samþykkja fari menn að gefa yfirlýsingar í Bretlandi og Hollandi, sem þeir mundu hugsanlega ekki gefa ef þeir vissu betur og væru betur upplýstir um stöðu Íslands.

Ég er að vona að menn fallist á þetta. Ég veit að það er margt sem liggur á og mikið sem þarf að gera, en ég vona að menn fari þá leið (Forseti hringir.) að stunda ákveðið upplýsinga- og markaðsstarf fyrir þetta mjög veigamikla mál.

[11:07]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir hans ræðu, hún var skynsamleg eins og hans er von og vísa þar sem hann fór í stuttu máli yfir þetta hryllilega Icesave-mál. Eftir því sem maður kynnir sér betur og betur þau gögn sem hægt er að ná með töngum út úr þessari ríkisstjórn sér maður að samningurinn verður verri og verri með hverjum deginum sem líður. Ég sagði það í þingræðu um daginn að ég hafi stundum kallað þetta nauðasamninga, en ég held að það séu ekki nógu stór orð því að þetta eru raunverulega, frú forseti, landráðasamningar. Þar erum við að tala um friðhelgisrétt, þar erum við að tala um verndun náttúruauðlinda okkar o.fl.

Nú ætla ég að koma að því sem ég ætla að spyrja hv. þingmann að. Það fjarar stanslaust undan samningnum eftir því sem ég les hann betur. Ég vil benda hv. þingmanni á grein 6.5 þar sem fyrirsögn þeirrar greinar í breska samningnum: Fallið frá vörnum. Sambærilegt ákvæði er í hollenska samningnum. Grein 6.5 kemur í veg fyrir að íslenska ríkið geti sett fyrirvara á samninginn.

Í gær fór ég í löngu máli yfir ákvæði greinar 13.1.1 í breska samningnum varðandi breska lögsögu og annað, að um leið og búið er að samþykkja samninginn fellur hann í breska lögsögu, því að í gr. 6.5 stendur, með leyfi forseta:

„Aðgerðir, aðgerðaleysi, málefni eða atriði sem mundu, ef ekki væri fyrir þessa málsgrein, draga úr skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt þessari grein, leysa það undan þeim eða hafa áhrif á þær, hafa ekki áhrif á skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt þessari grein.“

Þarna er skýrt að fyrirvararnir verða ekki teknir gildir. (Forseti hringir.) Hver er skoðun hv. þingmanns á þessari túlkun minni?

[11:09]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Fyrst varðandi það hvað gerist árið 2024. Hæstv. forsætisráðherra svaraði því í gær, reyndar eftir dálitla eftirgangsmuni, að ríkisábyrgðin félli niður. Það má vel vera, frú forseti, að við þurfum að segja bara að ríkisábyrgðin gildi 2016 til og með 2024, hafa það bara kristaltært því að það lesa allir það út úr 3. gr. frumvarpsins að hún á að gilda á þessum árum, ekkert fyrir og ekkert eftir. En það má vel vera að það þurfi að skerpa á því.

Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þingmanni með það að þetta eru ekki nauðasamningar, þetta eru nauðungarsamningar, og ég vildi m.a.s. láta það standa í textanum. Ég gerði tillögu um að það stæði í textanum ríkisábyrgð í sam-

ræmi við nauðungarsamning, dags. 5. júní 2009. (**Gripið fram í:** Af hverju gafstu það eftir?) Það er enn til umræðu. Það mundi vissulega vekja virkilega mikla athygli úti um allan heim, því að þetta eru nauðungarsamningar, það er ekki hægt að segja neitt annað.

Varðandi þessi lögfræðilegu atriði um samninginn sjálfan. Samningurinn sjálfur getur ekkert skuldbundið Alþingi Íslendinga í því að veita ríkisábyrgð. Alþingi Íslendinga samkvæmt stjórnarskrá setur þá ríkisábyrgð sem Alþingi Íslendinga dettur í hug. Alþingi Íslendinga gæti t.d. sagt: Á þennan samning veitum við einnar millj. kr. ríkisábyrgð og ekkert umfram það. Svo er það spurning hvort samningsaðilarnir sætti sig við það. Ég get ekki séð að eitthvert fólk úti í bæ, hvort sem það yrði sendinefnd breska þingsins, ríkisstjórnarinnar eða íslenska sendinefndin geti skuldbundið (Forseti hringir.) ríkissjóð Íslands.

[11:11]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að Alþingi getur eitt sett ríkisábyrgð enda fellur þessi samningur sjálfkrafa úr gildi veiti Alþingi Íslendinga ekki fulla ríkisábyrgð. Þess vegna erum við komin að þeim punkti hvort það sé raunverulega ekki með þeim hætti að þessum samningi verði ýtt hér út af borðinu og að sú leið sem framsóknarmenn leggja til verði farin, þ.e. að þessu máli verði vísað frá og það verði samið upp á nýtt. Því að samningurinn er svo mikill nauðasamningur að hvert einasta orð er vel valið inni í þessu og í raun og veru skil ég ekki hvað þessi samninganefnd var að gera þarna úti að semja við Breta og Hollendinga, eins og t.d. þetta ákvæði að falla frá vörnum. Það sem stendur hér í samningnum er langtum rétthærra en nokkurn tíma þeir fyrirvarar sem búið er að setja við samninginn. Þannig að ef ég dreg þetta saman má alveg segja að sá tími sem við erum búin að vera ræða hér með þessa fyrirvara hafi bara hreinlega verið út í loftið því að samkvæmt grein 6.5 má ekki breyta nokkrum einasta hlut í samningnum því að þá er ábyrgðin ekki skilyrðislaus eins og segir í samningnum. (Gripið fram í.) Það er þessi skilyrðislausa ríkisábyrgð sem málið stendur og fellur með. Það er þessi skilyrðislausa ríkisábyrgð sem Bretar og Hollendingar eru hér að fá út úr Alþingi Íslendinga til þess að þessir samningar taki gildi.

Þess vegna bið ég þingmenn, alla sem einn, sextíu og þrjá, að lesa grein 6.5, lesa alla sjöttu greinina, sem er í mörgum töluliðum, til að kynna sér það hvaða túlkun er í Icesave-samningunum á þeim hugsanlegu fyrirvörum sem á að setja hér — sem hafa ekkert gildi gagnvart samningnum.

[11:13]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Undir þennan samning rita fulltrúar bresku ríkisstjórnarinnar, hollensku ríkisstjórnarinnar, annan samninginn, og fulltrúar stjórnar innlánstryggingarsjóðs og fulltrúi fjármálaráðherra. Þeir geta ekkert skuldbundið Alþingi Íslendinga. (**Gripið fram í:** Rétt, hárrétt.) Þessir einstaklingar í krafti sinna embætta geta ekki skuldbundið ríkissjóð Íslands. (Gripið fram í.) Til þess höfum við nefnilega stjórnarskrá sem Bretar hafa reyndar ekki. Það er nefnilega það athyglisverða í þessu að það er Alþingi Íslendinga sem hér og nú er að veita ríkisábyrgð og hún getur verið takmörkuð eins og okkur dettur í hug. (Gripið fram í.) Nei, en þá kemur nefnilega upp sú spurning hvort samningsaðilar telja þá ríkisábyrgð nægja. Það er nefnilega þeirra val, ekki íslensku heldur þeirra erlendu, hvort þeir fallist á að þessi takmarkaða ríkisábyrgð sé nægileg til þess að þeir sætti sig við hann. Þetta er breyting á samningnum. Það sem menn eru að tala hér út og suður um hvort samningurinn sé óbreyttur eins og hæstv. ríkisstjórn heldur fram eða ekki gengur út á það hvort Bretar og Hollendingar muni samþykkja þessar breytingar.

Ég hugsa að ef Íslendingar stæðu sig vel í því að markaðssetja þessa hugmynd úti um alla Evrópu þannig að Bretar og Hollendingar misstu sitt bakland í Evrópusambandinu, þá stæðum við miklu betur að vígi gagnvart því að þeir mundu samþykkja þessar breytingar á ríkisábyrgðinni. Að sjálfsögðu er þetta ekki sama ríkisábyrgðin og samningurinn gerir kröfu um, það er alveg á hreinu. Sérhver breyting á þeirri ríkisábyrgð eða takmörkun er breyting á samningnum og menn geta rift honum þess vegna ef þeim sýnist svo og ef (Forseti hringir.) þeir kæra sig um. (**VigH:** … í samningnum.)

[11:15]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Með bréfi, dags. 21. júlí 2009, kynnti ég þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs afstöðu mína eða réttara sagt ítrekaði afstöðu mína til Icesave-samningsins, að gefnu tilefni. (**Gripið fram í:** Hvenær?) 21. júlí 2009, til Icesave-samningsins og til frumvarpsins. Ég kaus að opinbera ekki afstöðu mína sem ég birti í þessu bréfi í ljósi þess hve málið var á viðkvæmu stigi, í ljósi þess hversu orð eru dýr í þessu máli og í þeirri einlægu von að breið sátt tækist um málið milli þings og þjóðar, milli þingflokkanna og innan þingflokkanna, vegna þess að þetta mál, eins og hér hefur komið fram, er þverpólitískt. Þetta er þverpólitískt mál sem allir eiga sína ábyrgð á og hafa sýn á að leysa. Það var erindi mitt.

Ég ætla nú að rekja afstöðu mína til málsins og byggi þar á þessu bréfi og mun ýmist flytja útdrátt úr því eða lesa það beint upp. Eins og mörgum ykkar er eflaust kunnugt lagðist ég af miklum þunga gegn þeim tillögum sem samþykktar voru á þingi 5. desember 2008 um Icesave-samningana og um samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég talaði þar m.a. um ólögmæta nauðungarsamninga, að við værum ekki ábyrg o.s.frv. Ég vitnaði í þeim ræðum máli mínu til stuðnings til virtra fræðimanna. Ég vitnaði títt og ótt til Bjargar Thorarensen, prófessors í lögfræði við Háskóla Íslands, sem talaði í 1. des. ræðu um ólögmæta nauðungarsamninga og rökstuddi það vel. Ég vitnaði í ræðu minni til Stefán Más Stefánssonar, prófessors í lögfræði, emerítus held ég að hann sé, og Lárusar Blöndals hæstaréttarlögmanns, sem færði að því sterk rök að Ísland hefði á grundvelli skuldbindinga sinna samkvæmt EES innleitt tilskipun um Tryggingarsjóð innstæðueigenda á fullkominn og ljósan hátt. Ég færði þar líka til rökstuðnings ásamt fleiru að Ríkisendurskoðun hefði gert athugasemd við hvernig tryggingarsjóðurinn var færður sem hluti í B-hluta ríkisreiknings. Við það gerði ríkisendurskoðandi athuga-

semd í því ljósi að sjóðurinn væri óviðkomandi ríkissjóði og ætti ekki að vera inni á ríkisreikningi. Þetta væri sjálfstæður sjóður sem ætti ekki að vera inni á ríkisreikningi.

Ég minnti líka á og taldi það fram sem rök að eftirárríkisábyrgð væri brot á fjórfrelsinu, þ.e. ég hélt að það væri brot á fjórfrelsinu og samkeppnisreglum ESB. Hefðum við samþykkt þessa ríkisábyrgð í janúar 2008 hefðum við fengið mikla skömm í hattinn frá Eftirlitsstofnun ESA. Þessar ræður mínar eru á vef Alþingis auk þess sem ég tjáði mig ítarlega í blöðum og m.a. í viðtali á Útvarpi Sögu.

Hv. þm. Pétur Blöndal hefur síðan lýst þeirri erfiðu stöðu sem við vorum í eftir 6. október, sem ég gerði mér fullkomlega ljósa. Það var m.a.s. þannig að við áttum hugsanlega í erfiðleikum með að flytja inn lyf, fóður o.fl., það var stutt í birgðum t.d. í fóðri. Við vorum í verulegum erfiðleikum á þessum tíma, menn verða að skoða þetta heildstætt í ljósi þess.

Tilefni þess að ég skrifaði þetta bréf var að ég mætti sem varamaður, hef ekki átt aðkomu að þessu máli sem þingmaður í nefndum, þeim þremur nefndum sem fjallað hafa um málið, en ég mætti sem varamaður á fund utanríkismálanefndar 20. júlí í sumar — og reyndar var ég ekki á þingi í júní af persónulegum ástæðum. Þar voru kynnt drög að áliti í Icesave-málinu til fjárlaganefndar. Þar var forsaga málsins rakin og m.a. talið í álitinu að sterk rök væru fyrir því að tilskipun um innstæðutryggingar eigi ekki við um allsherjarbankahrun. Því er lýst að ráðamenn þjóðarinnar hafi bundið okkur með viljayfirlýsingum, með bréfum og loks samningi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að greiða lágmarkstryggingu hvers reiknings.

Þarna höfðum við, verð ég að segja, í síðasta lagi 5. desember 2008 og 6. janúar 2009 og vikurnar á undan, eftir bankahrunið 6. október, skuldbundið okkur með yfirlýsingum og öðrum hætti, skuldbundið okkur að mínu mati siðferðilega sem stjórnmálamenn og skuldbundið okkur lagalega líka. Þar er málið erfiðara. Það er staðfest í drögum sem ég las þar að óviðunandi þvingunum hafi verið beitt. Þar segir orðrétt, með leyfi frú forseta:

„Var sú hætta álitin fyrir hendi að tækist ekki að finna lausn á Icesave-deilunni kynni það að setja aðild Íslands að EES-samningnum í uppnám auk þess sem lausn væri forsenda aðkomu Norðurlanda að efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þess má geta að á meðan ágreiningur aðila um þetta efni var óleystur var sú hætta fyrir hendi að Evrópusambandsríkin gripu til aðgerða gagnvart Íslandi sem settu EES-samninginn að hluta eða heild í hættu.“

Þetta er grafalvarlegt mál. Meiri hluti nefndarinnar þá — þetta eru drög að nefndaráliti sem ég er að vísa í — mat það svo að taka bæri mark á þessum hótunum ella væri hætt við alþjóðlegri einangrun Íslands. Enn fremur að næsta víst væri að endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mundi tefjast eða verða stöðvuð ef ekki yrði staðið við svonefnda skuldbindingu Íslands vegna Icesave. Þetta skyldu menn hafa í huga. Þetta er ekki sérstaklega viðkunnanlegt en menn skyldu hafa þetta í huga. Og þetta varð raunin (Gripið fram í.) með Alþjóðagjaldeyrissjóðinn núna í sumar að afgreiðsla á fyrirgreiðslu tafðist og er enn í töfum. (**VigH:** Ekki eingöngu.) Ég bið hv. þingmann að leyfa mér að flytja ræðu mína í friði — hún hefur málfrelsi hér í ræðustól — og glamra ekki fram í hverja einustu ræðu sem flutt er hér. Það lærði ég í barnaskóla að grípa ekki fram í þegar aðrir tala.

Fleira er tíundað í drögunum sem eru óásættanlegar þvinganir og, með leyfi frú forseta, vil ég lesa aftur:

„Utanríkismálanefnd gagnrýnir hvernig ríkin tvö“ — þ.e. England og Holland — „hafa að því er virðist nýtt sér stöðu sína í framkvæmdastjórninni“ — þ.e. Alþjóðagjaldeyrissjóðsins — „til að tengja aðstoð við Ísland við lausn Icesave-deilunnar og telur framgöngu þeirra dæmi um hvernig sterk ríki geta misnotað aðstöðu sína innan alþjóðastofnana gagnvart smærri ríkjum. Hið sama á við um beitingu hryðjuverkalaganna, sem var óafsakanlegt framferði af hálfu breskra stjórnvalda í Íslands garð. Því miður er ljóst að þessi pólitíska tenging er til staðar sem ein af forsendum efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.“

Það er algjörlega ljóst að við misstum af tækifæri til að kæra stjórnvaldskæru beitingu Breta á hryðjuverkalögunum gagnvart okkur. Þar með fór það úr. Það var alveg ljóst að það var samþykkt með þingsályktuninni 5. desember 2008 að ganga samningaleiðina, menn voru sammála um að ganga samningaleið, menn voru ekki sammála um að vera ósammála og leita til dómstóla, það er kjarni þessa máls. Það gerði okkur allt miklu erfiðara eftir þessa samþykkt.

Ég greiddi atkvæði á móti henni ásamt þingflokki Vinstri grænna og hv. þm. Pétri Blöndal. Framsóknarþingmenn sátu hjá en aðrir greiddu atkvæði með tillögunni svo að því sé haldið til haga.

Í þessum drögum var lagt til að við samþykktum þessa samninga sem ég átti sem lögmaður afar erfitt með og gat aldrei unað að þeir yrðu teknir inn án þess að fyrirvarar yrðu settir við ríkisábyrgðina vel að merkja. Hér var auðvitað um að ræða þvinganir ríkja sem ég hélt að væru vinaþjóðir okkar. Það bætir ekki úr skák fyrir mér að við skulum hafa samþykkt umsókn um aðild að ríkjasambandi sem er okkur fjandsamlegt og vegur að efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði okkar. Auðvitað eru órjúfanleg tengsl milli Icesave-samningsins, ESB-umsóknarinnar og fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. (Gripið fram í.)

Við misstum okkar sterkustu málsástæður og rök í síðasta lagi 6. janúar, 5. desember og vikurnar þar á undan. Þá var samningabrautin mörkuð og batt hendur okkar og vanefndir á þessum samningi sem menn gengu að með opnum hug hefðu að mínu mati gert okkur að pólitískum óreiðumönnum erlendis, að standa ekki við gerða samninga, eins og Grikkirnir sögðu: Pacta sunt servanda. Fyrri ríkisstjórn gerði þessa samninga. Ef við hefðum farið að hlaupa frá þeim hefðum við verið óreiðumenn þannig að við höfum þessa samningaleið sem blasir við og er hin bitra staðreynd. Svo er hins vegar allt annað mál, hv. þingmenn, hvort menn una við þennan samning eða ekki, það er hins vegar allt önnur deild.

Í nefndu bréfi fjallaði ég síðan um samninginn, einkum endurskoðunarákvæðið, og vil, með leyfi forseta, lesa það:

„Fleira kemur til. Í drögunum er vísað til endurskoðunarákvæðis í samningum Breta og Hollendinga, ákvæði sem eru afar opin og veik og gefa samningsaðilum okkar nánast sjálfdæmi um það hvort endurskoðun fari fram. Fjallað er

um þessi endurskoðunarákvæði án þess að leggja upp með öruggar „flóttamannaleiðir“. Hér vil ég nefna nokkur atriði sem hljóta að gera endurskoðunarákvæði samninganna virk, jafnvel leiða til þess að forsendur samninganna séu þegar brostnar:

1. Fyrir liggur að skuldaþoli Íslands hefur hrakað verulega frá mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í október eða nóvember 2008. Má með sterkum rökum halda því blákalt fram að forsendur séu brostnar.

2. Það hlýtur að vera grunnforsenda að neyðarlögin haldi.

3. Ganga verður út frá því að forsendur séu brostnar og/eða endurskoðun brýn komi til þess að minna fáist fyrir eignir Landsbanka Íslands en 60–75% af verðmæti.

4. Sama gildir ef eignir Landsbankans ganga ekki fyrst til greiðslu ábyrgðar Íslands á undan kröfum Breta og Hollendinga, samanber álit Ragnars H. Halls og Eiríks Tómassonar.

5. Að útreikningar, forsendur þeirra, Seðlabanka Íslands um vöruskiptajöfnuð á samningstímabilinu o.fl. haldist.

6. Að kröfur Breta og Hollendinga verði ekki fullnustaðar í auðlindum þjóðarinnar og öðrum samfélagslegum eignum komi til greiðslufalls Íslands en um það virðist ríkja vafi.

Þessar brýnu samningsforsendur, fyrirvarar o.fl. gagnvart endurskoðunarákvæðinu verður Alþingi að skilgreina og vísa til þeirra í frumvarpi um ríkisábyrgð á Icesave. Ég verð enn fremur að benda á að í nefndum drögum utanríkismálanefndar er, ef eitthvað er, fremur dregið úr röksemdum okkar fyrir endurskoðun samanber m.a. ummæli um að verulegt tillit hafi verið tekið til heildarhagsmuna Íslands. Ég hef lagst yfir þetta erfiða og margslungna mál í margar vikur með afar opnum huga út frá heildstæðu mati. Með hliðsjón af framansögðu og fleiri ónefndum þáttum get ég ekki lagt blessun mína yfir frumvarpið og drög að áliti utanríkismálanefndar.“

Nú hefur það gerst, sem er afar mikilvægt í þessu máli og algjörlega mikilvægt gagnvart þjóðinni, að breið samstaða hefur náðst þótt þingið standi enn frammi fyrir tveimur afarkostum. Við stöndum frammi fyrir tveimur afarkostum. Annaðhvort að samþykkja samninginn eða fella hann. Í ljósi þeirra lagalegu og efnahagslegu fyrirvara (Gripið fram í.) sem nú hafa náðst og þeirrar breiðu samstöðu sem einnig framsóknarmenn lögðu sitt af mörkum til að næðist — því þótt framsóknarmenn vilji ganga lengra þá met ég vinnu þeirra sem leiddi til þeirra fyrirvara enda hafa þeir lýst ánægju sinni yfir efnahagslegu fyrirvörunum þó að þeir gagnrýni þá, þannig að það lögðu allir sitt af mörkum — í ljósi þessa var það mitt heildarmat að það væri illskásti kosturinn að samþykkja samninginn. Það virðist óforsvaranlegt að snúa af þeirri braut sem mörkuð var í desember með þingsályktun um að ganga til samninga og með samningi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn — það eru 6 eða 8 mánuðir liðnir. Að snúa af þeirri braut er að mínu mati afar erfitt. En það er svona rétt eins og að vera fara í bíl yfir Holtavörðuheiði og vera kominn langleiðina yfir og snúa svo við og fara Laxárdalinn, það er svipað. En það þarf að skoða vandlega milli 2. og 3. umr. hvort unnt sé að styrkja málið enn frekar til að takmarka tjón Íslands af þessum samningum, styrkja það enn frekar án þess að varpa fyrir róða grundvelli samningsins. Ég minni enn og aftur á að við erum að gera fyrirvara við ríkisábyrgð.

Ég segi líka, og vil halda því til haga, að það er Hollendingum og Bretum í hag að við getum staðið við þessa samninga. Það er grundvallarsamningsatriðið. Ég gæti farið hnarreistur bæði til Bretlands og Hollands og reifað þau sjónarmið að það sé þeim í hag að við ráðum við þetta án þessa að rústa okkar velferðarkerfi, menntakerfi, o.fl., það er grundvallaratriði.

Ég hef lagt fyrir ákveðna fulltrúa í fjárlaganefnd tillögur sem mér hafa borist frá Stefáni Má Stefánssyni, sem ég hef átt samræður við um þetta mál, og þá fyrirvara sem þegar eru komnir. Mér hafa borist frá honum hugmyndir sem ég álít skynsamlegar án þess að ég hafi lagt endanlegt mat á þær. Það styrkir m.a. eftirlitsþátt Alþingis gagnvart því að leitað verði réttar okkar, að Alþingi fylgist með því að leitað verði réttar okkar fyrir dómstólum ef til þess finnast leiðir þó að það séu þröngir kostir. Þessar tillögur liggja fyrir og ég þykist vita að fjárlaganefnd muni vinna að þeim af þeirri einurð sem einkennt hefur vinnu þeirra síðustu tvær til þrjár vikurnar.

Þetta vildi ég sagt hafa til að skjalfesta afstöðu mína í þessu máli. Það er mér beiskur kaleikur að samþykkja þennan samning. Það er mjög beiskur kaleikur. Það má kannski segja að maður sé að svíkja kjósendur sína en ég met hagsmuni þjóðarinnar ofar því eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði, fullkominn neyðarkostur en aðrar leiðir sýnast mér því miður ófærar í stöðunni í dag. Ég minni líka á það að alþingismenn eru bundnir af samþykktum og ákvörðunum fyrra þings ella verðum við að teljast pólitískir óreiðumenn og að við stöndum ekki við orð okkar. (**HöskÞ:** Og sannfæringu sinni.)

Ég vil að lokum, frú forseti, þakka öllum flokkum og þingmönnum sem hafa lagt hönd á plóginn og sýnt ábyrgð og pólitískan skilning á þeirri nauðsyn að ná samstöðu í þessu máli, ná sátt milli þjóðar og þings, ná sátt innan þingflokka, þetta er þverpólitískt mál. Ég vona að ég halli ekki á nokkurn mann en ég er þakklátur öllum sem hér hafa komið að þó að ég nefni eitt nafn aðeins í því samhengi og það er nafn Ögmundar Jónassonar.

Ég ítreka að það er unnt að gera betur milli 2. og 3. umr. og treysti fjárlaganefnd til þess.

[11:34]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir hans orð í ágætri ræðu. Ég finn á þingmanninum að honum þykir þungt að samþykkja Icesave-samningana en ég gat ekki betur skilið hann en svo að hann vildi ganga aðeins lengra í þeim fyrirvörum sem þegar hafa verið lagðir fram. Ég vil því spyrja hann vegna þess að þó að við framsóknarmenn leggjum höfuðáherslu á að málinu verði vísað frá og samið að nýju eins og færustu lögmenn og erlendir sérfræðingar hafa ráðlagt, þá langar mig að spyrja þingmanninn hvort hann hafi kynnt sér breytingartillögur okkar. Ég hef einnig verið í sambandi við Stefán Má og Ragnar Hall af því að hann nefndi þá í ræðu sinni áðan og spyrja hann hvort hann

vilji ekki kynna sér breytingartillögur okkar með jákvæðum huga og þá hugsanlega fallast á þær ef þær eru honum að skapi.

[11:35]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ósammála því að þessu máli verði vísað frá, það er mitt mat, hv. þm. Höskuldur Þórhallsson, það er mitt mat. Ég byggi það mat á sömu sjónarmiðum og ég flutti fram gagnvart neyðarkostunum. Ég hygg að það setji málið í uppnám og muni standa björgunarstarfi okkar verulega fyrir þrifum. Það er mitt mat en aðrir kunna að vera ósammála því.

Hvað spurninguna varðar hvort ég hafi kynnt mér breytingartillögu framsóknarmanna þá hef ég ekki gert það í þaula, það skal sagt hér og nú en ég mun gera það milli umræðna og allt sem gerir þessa fyrirvara betri án þess að kollvarpa samningnum kemur auðvitað til skoðunar. Ég hef stundum sagt það í þessum ræðustól að mér er sama hvaðan gott kemur.

[11:36]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég býst ekki við neinu öðru en að þingmaðurinn kynni sér fyrirvarana okkar með opnu og jákvæðu hugarfari eins og hans er von og vísa. Við erum ekki alveg sammála eins og gengur og gerist. En það er eitt sem mig langar til að spyrja þingmanninn að og það er að í umræðunni á Alþingi túlka menn þessa fyrirvara með mjög mismunandi hætti. Þingmenn Vinstri grænna t.d. túlka fyrirvarana með mjög mismunandi hætti. Sumir segja að þeir þýði ekki neitt, aðrir að þeir séu sterkir, sjálfstæðismenn segja að þeir felli samningana, samfylkingarmenn segja að þeir rúmist innan samninganna.

Það sem er öruggt í málinu er óvissan og ég spyr þingmanninn hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að við séum stödd í einhvers konar tilraunastarfsemi þar sem við vitum ekki hvernig Bretar og Hollendingar munu bregðast við. Hefur þingmaðurinn ekki raunverulegar áhyggjur? Ég hef þær áhyggjur satt best að segja.

[11:38]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég útiloka það ekki að Hollendingar og Bretar telji þetta gagntilboð, ég útiloka það ekki. Ég tel hins vegar mun minni líkur á því en meiri. Það er mitt mat og það eru eingöngu næstu vikur og mánuðir sem munu skera úr því. Ég ítreka það sjónarmið sem ég setti fram áðan að væri óskynsamlegt hjá Bretum og Hollendingum þegar fyrirvararnir eru settir til að við getum staðið við skuldbindingar okkar að snúast gegn okkur. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því. Nú kemur í ljós eftir kannski einn til tvo mánuði hvor okkar hefur rétt fyrir sér. Ég vona að spá hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar rætist ekki, ég verð að segja það alveg eins og er.

[11:38]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir alveg ljómandi góða ræðu og við erum um margt sammála í þessu. Mig langar að spyrja hv. þingmann og biðja hann þá bara að huga að því ef hann telur ástæðu til að það verði grein 6.5 þar sem fallið er frá vörnum sem ég hef miklar áhyggjur af í ljósi þessara fyrirvara sem hér á að setja, hvort ekki þurfi að skerpa enn þá betur á annaðhvort þeirri grein eða breyta henni eða þá að gera fyrirvarana þannig að þeir vísi beint í hana eða taki á því sem þar er fjallað um.

Ég vil einnig fagna þeim orðum sem hv. þingmaður lét falla að það væri unnt að gera betur milli 2. og 3. umr. og ég vona svo sannarlega að fjárlaganefnd fari yfir þær athugasemdir sem hafa komið fram og þær tillögur og taki tillit til þess.

[11:40]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Jú, allt er vafa undirorpið og þegar maður leggst í lögfræði og annað sest maður í heildarmat og reynir að komast að niðurstöðu út frá öllum þeim gögnum sem liggja fyrir. Ég hef ekki sömu áhyggjur og framsóknarmenn af þessu samningsákvæði sem þeir hafa vitnað til en engu að síður er gagnrýnin og ábendingin réttmæt og það verður auðvitað að skoða þetta eins og annað. Ég skora sérstaklega á framsóknarmenn, sem ég tel að hafi farið með sáttavilja inn í þetta mál, að koma inn í það og reyna að ná þessari breiðu samstöðu allrar þjóðarinnar. Þjóðin þarfnast þess. Það kann vel að vera að það þurfi að skerpa betur á þessu.

Aðalatriðið er þó það að samningurinn er gerður milli tryggingarsjóðsins og breskra og hollenskra yfirvalda. En ríkisábyrgðin stendur þar sem sjálfstætt plagg þannig að samningurinn stendur en ríkisábyrgðin er skilyrt, ekki samningurinn. Það má vera að þetta sé hártogun en þannig lít ég á það.

[11:41]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að gera hv. þingmanni upp eða ræða um þetta sem hártoganir. Ég held hins vegar að það sé mikilvægt að þetta sér skýrt, að það komi þá fram einhver túlkun á því hvað þetta þýði þannig að þingið geti farið áhyggjulítið eða haft minni áhyggjur af því að þarna séu tengsl að samningurinn tengist vitanlega óhjákvæmilega ríkisábyrgðinni. Hann tekur ekki gildi nema hún verði veitt þannig að það eru vitanlega tengsl þarna á milli. En hvort samningurinn er rétthærri en sú ábyrgð sem þarna er veitt og fyrir breskum dómstólum muni þetta falla okkur í óhag og allt slíkt, þetta finnst mér að þurfi að skýra. Það getur vel verið að sprenglöglærðir menn skilji þetta betur en margir aðrir þingmenn en ég held að fyrir þingheimi þurfi að skýra þetta.

Ég vil líka taka fram að auðvitað metum við það sem við gerum nú út frá hagsmunum þjóðarinnar, það er alveg ljóst. Við framsóknarmenn metum að það þurfi út frá hagsmunum þjóðarinnar að skerpa þetta enn þá meira. Það er þess vegna sem við stöndum í þessu þrasi núna.

[11:42]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Atla Gíslasyni fyrir

um margt ágæta ræðu. Ég er sammála honum um margt sem þar kom fram og sérstaklega þær efasemdir sem vakna við þetta mál varðandi lagalega þáttinn.

Í morgun flutti hv. þm. Björn Valur Gíslason, sem er varaformaður fjárlaganefndar og flokksbróðir hv. þm. Atla Gíslasonar, ræðu þar sem fram kom að hann taldi öll gögn málsins vera komin fram um miðjan júlí og sú vinna sem fram fór frá þeim tíma hafi ekki skipt sköpum. Mann setur hálfhljóðan þegar svona yfirlýsingar koma fram í þingsal á þessum tíma málsins. Mig vantar einfaldlega að fá fram afstöðu hv. þingmanns sem hér talar til þessa. Telur hann að þeir fyrirvarar sem settir hafa verið frá þessum tíma og komið inn í málið frá þessum tíma hafi skipt sköpum eða telur hv. þingmaður að hægt hafi verið að samþykkja óbreytt það frumvarp sem lagt var hér fram?

[11:43]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er ósammála skilningi þessa ágæta meðþingmanns míns og flokksfélaga Björns Vals Gíslasonar, ég er ósammála hans útleggingu á þessu og það er ekki í samræmi við það upplegg sem við nokkrir þingmenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum upp með í leiðangurinn. Þeir fyrirvarar sem settir voru í vinnu nefndarinnar eða nefndanna, fjárlaganefndar eftir 20., 22.–23. júlí skipta fyrir mér sköpum og breyttu afstöðu minni til málsins. Það er svo einfalt.

[11:44]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það gleður mig að heyra þessa afstöðu þingmannsins og ég er þess fullviss að fjárlaganefnd mun á milli umræðna taka málið og fyrirvarana til enn betri skoðunar. Ég heyri að hv. þingmaður hefur ákveðnar hugmyndir varðandi það hvar þarf að styrkja lagalegu fyrirvarana enn frekar og ég hlakka til að fá að sjá þær hugmyndir þingmannsins og er þess fullviss að þær séu málefnalegar og byggðar á þungum lagalegum rökum, enda ekki vanþörf á vegna þess að hér erum við að fjalla um gríðarlega hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Við verðum að stíga varlega niður og það er mjög gott að heyra það frá hv. þingmanni að hann muni alla vega verða til þess að raska þeirri samstöðu sem þó var komin upp varðandi þessa fyrirvara, bæði hina lagalegu og efnahagslegu.

[11:45]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er bara ein leiðrétting. Ég er ekki vanur því að ganga með stolnar fjaðrir. Þessar hugmyndir eru ekki mínar svo því sé haldið til haga heldur bárust þær mér frá Stefáni Má Stefánssyni prófessor sem ég þekki mætavel og við höfum átt samræður um þetta mál þannig að ég kom þeim á framfæri. Þetta eru hans hugmyndir. Við yfirlestur taldi ég þær skynsamlegar.

[11:45]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Atli Gíslason hefur þegar tjáð sig um grein 6.5 en mig langar til að koma inn á þá túlkun sem ég legg í greinina og er mjög mikilvæg. Grein 6.5 kemur í veg fyrir möguleika íslenska ríkisins á að setja fyrirvarana því aðgerðir sem draga úr skilyrðislausri ábyrgð ríkisins hafa ekki áhrif á skuldbindingar ríkisins eins og þær liggja í samningnum þannig að það sé alveg klárt. Þetta þarf að skoða í fjárlaganefnd þegar málið fer aftur inn eftir 2. umr.

Þá komum við að grein 13.1.1 í breska samningnum og grein 12.1 í þeim hollenska þar sem segir, með leyfi forseta:

„Aðeins er heimilt að gera breytingar á samningi þessum, bæta við hann eða falla frá honum með skriflegu samkomulagi milli samningsaðila.“

Þarna er þetta skýrt ákvæði. Ef fyrirvararnir rúmast ekki innan samningsins þá falla þeir úr gildi. Þarna hef ég bent á tvær greinar í samningunum sem raunverulega gera fyrirvarana að engu. Hver er skoðun þingmannsins á þessari túlkun?

[11:47]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hélt að hér væri til umræðu frumvarp um ríkisábyrgð, ekki um samning. Ég tel að rúmist fullkomlega innan samningsins sem gerður var að setja fyrirvara við ríkisábyrgðina sem sjálfstætt atriði. Ríkissjóður er ekki beinn samningsaðili í þessu máli heldur kemur inn sem ábyrgðaraðili. Samningurinn er milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og hollenska og breska ríkisins.

[11:47]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er afar einkennilegt svar því eins og hv. þingmaður og lögmaður Atli Gíslason veit þá er ákvæði í Icesave-samningunum sem er á þá leið að samningarnir taki ekki gildi fyrr en ríkisábyrgð er veitt. Þess vegna lít ég á þetta svar þingmannsins sem útúrsnúning og svo virðist sem einhverjir þingmenn Vinstri grænna séu komnir á flótta í þessu máli því það kom fram í máli þingmanns Vinstri grænna í morgun að hann liti svo á að samningurinn stæði eins og hann væri og raunverulega væri fyrirvarinn óþarfur. Enda þegar maður gluggar í þau lögfræðilegu skjöl sem liggja að baki þessum samningi þá benda öll rök til þess að ekki sé hægt að gera fyrirvara við samninginn því eins og ég benti á í ræðu í gær að um leið og komin er ríkisábyrgð á Icesave-samningana þá falla niður íslensk lög því um þá gilda bresk lög og sé mál höfðað út af samningunum þá er það í breskri lögsögu og fyrir breskum dómstólum.

[11:48]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ítreka það að út frá þeim forsendum og yfirlestri og lögfræðilegri hugsun minni þá deili ég ekki áhyggjum eða skoðunum hv. þingmanns. Það leggur hv. þingmaður út þannig að svarið sé einkennilegt. Mér virðist sem öll svör sem ekki samræmast skoðunum hv. þingmanns séu það. (**VigH:** Afskaplega var þetta málefnalegt.)

[11:49]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Frú forseti. Við ræðum við 2. umr. frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda frá Landsbanka Íslands hf. Þetta verkefni sem nú liggur fyrir Alþingi og snertir íslensku þjóðina er sjálfsagt eitt stærsta og veigamesta verkefni sem Alþingi Íslendinga hefur komið að. Við erum að fást við afrakstur einkavæðingar bankanna, áhættusækinna bankastjóra og eigenda bankanna sem settu á fót í Bretlandi og Hollandi Icesave-innstæðureikninga með góðum innlánsvöxtum sem fólkið í þessum löndum treysti og lagði inn sparifé sitt. Þegar þetta er gert og þegar til þessara samninga er stofnað er hér við völd ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Sjálfstæðisflokkur hafði frá árinu 1991 til ársins 2002 verið í forsvari ríkisstjórnar, breytt því umhverfi sem m.a. skóp þessa reikninga. Sjálfstæðisflokkurinn ber á því ábyrgð að hafa skapað umhverfið ásamt þeim flokkum sem með honum hafa verið í ríkisstjórn. En Sjálfstæðisflokkurinn ber aldrei, né þingmenn hans eða fyrrverandi ráðherrar eða flokksmenn, ábyrgð á gjörðum þeirra einstaklinga sem fóru með bankana á þann veg sem þeir gerðu. Á því getur enginn borið ábyrgð nema þeir sem þar sátu. Það er kúnstugt, frú forseti, að sitja hér við 2. umr. og hafa setið hér við 1. umr., og hlusta á þingmenn sérstaklega Samfylkingarinnar fara fram hér eins og Sjálfstæðisflokkurinn og hans gerðir undanfarinna ára hafi komið þjóðinni í þau vandræði sem við blasa. Það er á vakt Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem Icesave-reikningarnir verða til. Samfylkingin fór með viðskiptaráðuneytið, hafði stjórnarformann Fjármálaeftirlitsins þann tíma sem Icesave-reikningar Landsbankans verða að veruleika, hafði alla burði, öll tæki sem þurfti til að sinna eftirlitsskyldu sinni.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins var einn þriggja seðlabankastjóra, bankans sem líka átti að sinna eftirliti. Það er dapurt fyrir flokk sem vill gera sig gildandi í pólitík og náði í síðustu kosningum í fyrsta sinn þeirri stöðu að vera stærsti stjórnmálaflokkurinn á Íslandi að þora ekki að horfast í augu við þær staðreyndir sem við blasa frá stjórnartíð þessa flokks með Sjálfstæðisflokknum frá því í maí 2007 til 1. febrúar 2009. Það er dapurt að ætla að byggja þá ríkisstjórn sem nú er við völd, sem vonandi tekst það ætlunarverk sitt að reisa íslenskt atvinnulíf, styðja við bakið á fjölskyldum í landinu, byggja hér upp nýja banka, að henni takist það ætlunarverk vegna þess að það er íslensku þjóðinni afar mikilvægt. En það er dapurt hlutskipti flokks sem er í forsvari fyrir núverandi ríkisstjórn að þora ekki og vilja ekki horfast í augu við þá ábyrgð sem sá flokkur ber á viðskiptaumhverfinu frá 2007–2009. Við sjálfstæðismenn göngumst við þeirri ábyrgð að við skópum og okkar flokkur það umhverfi. Við frábiðjum okkur hins vegar að bera ábyrgð á gjörðum þeirra einstaklinga sem þar eru og við undrumst ábyrgðarleysi Samfylkingar og undanskot hennar frá ábyrgð.

Við stöndum líka frammi fyrir því að regluverk Evrópusambandsins brást eins og allt annað regluverk. Það er ekkert flókið. En það er líka dapurt að horfast í augu við það að sterkar þjóðir innan Evrópusambandsins og Evrópusambandið allt sem óttaðist á þessum tíma á áhlaup á bankana í Evrópu hafi tekið þá ákvörðun að til þess að koma í veg fyrir slíkt væri leiðin að knésetja íslenska þjóð. Það er óásættanlegt. Þetta eru staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir. Við berum ábyrgð á því sem við berum ábyrgð á og við göngumst við henni en allir verða að gera slíkt hið sama.

Það er óásættanlegt að stórar og sterkar þjóðir í Evrópu skuli vernda regluverkið með þeim hætti sem þær gera og koma íslenskri þjóð í þá störu nauð, ef við getum sagt sem svo, sem Icesave-samningarnir eru. Það hlýtur að vera skilyrt af hálfu Íslands, íslensku ríkisstjórnarinnar og íslensku þjóðarinnar að verði breytingar á því regluverki sem setur íslenska þjóð í þá stöðu sem hún er í núna með Icesave-samningunum þá sé varnagli fyrir þjóðina til að fá réttlætingu á þeim samningum sem hér blasa við ef til þess kemur að regluverkinu verði breytt. Ég skora á hv. fjárlaganefnd að fara vel yfir þá lagalegu fyrirvara sem eru og setja þennan varnagla inn því sagan mun dæma Breta og Hollendinga og Evrópusambandið allt fyrir þá gjörð þeirra að knésetja íslenska þjóð með þessum samningum vegna brogaðs regluverks. Sagan mun dæma Breta fyrir að setja hryðjuverkalög á starfsemi Landsbanka Íslands og setja Ísland sem eitt sinn var vinaþjóð í hóp með al Kaída og fleiri hryðjuverkamönnum. Það er óásættanlegt og sé alls velsæmis gætt hljóta Íslendingar að krefjast skaðabóta með einum eða öðrum hætti í gegnum þá málsmeðferð sem fram undan er vegna þeirra hryðjuverkalaga.

Það er líka ljóst í þeim samningi sem við stöndum nú frammi fyrir að þátttaka Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er óásættanleg fyrir Íslendinga. Það er óásættanlegt með öllu að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sé beitt með þeim hætti sem honum var beitt gegn Íslendingum og er enn beitt gegn Íslendingum í gegnum stjórn þessa sjóðs, þar sem Bretar, Hollendingar og fleiri þjóðir beita þrýstingi til að koma í veg fyrir lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til Íslands vegna þess að þessar þjóðir vilja knýja Íslendinga til að gangast við svokölluðum Icesave-samningi. Þessi gjörð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hlýtur að verða rannsökuð frekar vegna þess að það er víðs fjarri því upphafi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var stofnaður til að hann eða stjórn hans hagi sér með þeim hætti sem hún hefur gert gagnvart íslensku ríkisstjórninni og gagnvart íslensku þjóðinni. Það ber að skoða.

Í október þegar íslenska ríkisstjórnin leitaði til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, nánar 15. nóvember, var viljayfirlýsing til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins send undirrituð af þáverandi fjármálaráðherra, Árna Mathiesen, og þáverandi seðlabankastjóra, Davíð Oddssyni. Þar kemur skýrt og skorinort fram, með leyfi frú forseta, að Ísland hafi heitið því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutryggingarkerfisins gagnvart öllum tryggðum innlánshöfum. Það kemur jafnframt fram í þessari viljayfirlýsingu að það er ítrekuð sú yfirlýsta stefna stjórnvalda að standa lagalega rétt að uppgjöri gagnvart innstæðueigendum og kröfuhöfum gömlu bankanna og að Íslendingar hyggist virða allar lagalegar, réttarlegar skyldur sínar. Sé ekki samkomulag um það hverjar þær eru sé réttast að vísa slíkum ágreiningi til dóm-

stóla eins og fram hefur komið á öðrum vettvangi.

Frú forseti. Þessu þarf að koma skýrt og skörulega fram. Þar er með öllu óásættanlegt að menn reyni í ljósi sögunnar að segja eitthvað annað en sagan segir. Þetta er algerlega skýrt í viljayfirlýsingu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 15. nóvember 2008.

Það var lögð fram þingsályktunartillaga 5. desember 2008 á Alþingi og sú þingsályktunartillaga fékk þinglega meðferð. Það þekkja flestir álit meiri hluta utanríkismálanefndar um þá þingsályktunartillögu og er hún ítrekuð og vel farið yfir hana á bls. 5 í meirihlutaáliti sjálfstæðismanna í fjárlaganefnd. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Leiði samningar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland er það sjálfstætt úrlausnarefni hvernig stjórnvöld og Alþingi vinna úr þeirri stöðu, en hin umsömdu viðmið fela ekki í sér að stjórnvöld afsali sér með einhverjum hætti lagalegri stöðu að þjóðarétti sem ríkið hefur í dag.“

Þetta stendur í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar við þingsályktunartillögu frá 5. desember 2008.

Í tillögunni, frú forseti, kemur einnig fram að endanlegar niðurstöður samninga sem náist í viðræðum verði lagðar fyrir Alþingi til öflunar viðeigandi fjárheimilda eftir því sem aðstæður krefjast.

Frú forseti. Mér hefur þótt í þessari umræðu sem þessum þáttum, þessum greinum í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar frá 5. desember 2008 hafi ekki verið gerð nægjanlega góð skil. Það er líka ljóst, frú forseti, að þegar ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks fór frá völdum og ný ríkisstjórn, minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna tók við 1. febrúar urðu kaflaskil. En þess ber þó að geta að fráfarandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar ákvað að leita pólitískra leiða til að semja um það mál sem við nú erum að fjalla um, taldi það vænlegri kost en hún afsalaði sér aldrei eins og kemur fram í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar við þingsályktunartillöguna og staðfest var á Alþingi af meiri hluta þingmanna, þannig að það sé algerlega ljóst. Það verður aldrei of oft sagt því að hér eru margir sem reyna að draga úr því. En samninganefndin sem síðan er skipuð virðist ekki hafa fengið í erindisbréfi sínu vilja meiri hluta Alþingis sem fram kemur um að farið skuli með og horft til þessara þátta. Það er sérkennilegt vegna þess að þetta er sama þingið. Það varð ekki þingrof þegar hér urðu stjórnarslit. Minnihlutastjórnin sat þar til nýjar kosningar fóru fram þann 25. apríl 2009. Þingið var ekki rofið. Þetta er sama þingið. Það er vilji meiri hluta Alþingis sem fram kemur sem ekki fer inn í til samninganefndarinnar sem skipuð var af hæstv. fjármálaráðherra Steingrími J. Sigfússyni. Það hlýtur að þarfnast skoðunar svo ekki sé meira sagt.

Samninganefndin kemur síðan heim með samning sem hér er að finna þýddan á íslensku, samning við Hollendinga og samning við Breta og það verð ég að segja, frú forseti, að eftir því sem þessi samningur er oftar lesinn vekur hann meiri ugg. (**VigH:** Rétt.) Kafli 6, Ábyrgð og skaðleysi, er að mínu mati skelfilegur og ég bið hv. fjárlaganefnd sem tekur málið til skoðunar á milli 2. og 3. umr. að fara vel og vendilega yfir þann kafla. Það stendur reyndar í þessum samningi hvort sem okkur líkar það betur eða verr á bls. 47, 13.1 að það sé aðeins heimilt að gera breytingar á samningnum, bæta við hann eða falla frá honum með skriflegu samkomulagi milli samningsaðila. Það er því ljóst að við erum ekki að gera breytingar á samningnum vegna þess að það er ekki hægt nema gera það skriflega við samningsaðila. Þetta verðum við að skoða, frú forseti. Þetta verður að skoða. Þessi kafli, 6. kafli, um ábyrgð og skaðleysi þar sem stendur: „Íslenska ríkið ábyrgist óafturkallanlega og skilyrðislaust“ o.s.frv. er íþyngjandi að öllu leyti fyrir íslenska þjóð og ívilnandi að öllu leyti fyrir viðsemjendur okkar, Breta og Hollendinga. En það er með þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar eins og sum önnur þegar þau koma hingað inn til umsagnar þá eru þau vanbúin en hljóta í meðferð þingsins þolanlegar breytingar.

Frumvarpið sem hér kom inn var beiðni um fulla ríkisábyrgð á þeim samningum sem við fjöllum hér um, fulla samningsábyrgð, fulla ríkisábyrgð á öllu. Þegar í ljós kom að það myndaðist nýr meiri hluti á Alþingi, ekki stjórnarmeirihlutinn heldur nýr meiri hluti á Alþingi til að skoða þessa ríkisábyrgð frekar, setja þar inn lagalega fyrirvara, setja inn ekki síst efnahagslega fyrirvara vegna þess að það var ljóst að íslensk þjóð gat aldrei staðið við þær skuldbindingar sem samningurinn sagði til um og frumvarpið frá hæstv. ríkisstjórn óskar eftir ríkisábyrgð á — það var kristaltært, við gátum það ekki nema fara margfræga leið vinstri manna að hækka skatta, endalaust að hækka skatta og sú töfralausn vinstri manna í að bjarga efnahagsmálum, að hækka skatta, hefði ekki einu sinni dugað til, frú forseti. Hún hefði ekki dugað til, því miður.

Það þarf líka að kanna, frú forseti, vegna þess að ég er ekki sannfærð þó sumir hér inni geti verið það, ég er ekki sannfærð um hvort og hvenær í þessu ferli öllu lögsaga íslenskra dómstóla víkur fyrir breskum lögum. Mér er það ekki ljóst. Það er að mínu viti stór áhættuþáttur í þessu regluverki öllu sem við vinnum við.

Frú forseti. Frumvarpið hefur skánað. Nýr meiri hluti á Alþingi, meiri hluti stjórnarandstöðu og hluta stjórnarsinna lögðu í þá vegferð að koma með og hnykkja á lagalegum fyrirvörum, efnahagslegum fyrirvörum. Það eru þeir fyrirvarar sem við reiknum með að geri íslenskri þjóð þessa þætti sem við stöndum frammi fyrir bærilega, hvorki meira né minna heldur en bærilega. Þeir eru ekki ásættanlegir. Það þarf að ganga lengra en frumvarpið er skárra og bærilegra heldur en það var í framsetningu ríkisstjórnarinnar.

[12:09]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur kærlega fyrir ræðu hennar og er ég í raun nánast sammála hverju einasta orði sem hún sagði varðandi þessa skelfilegu hörmung sem við stöndum frammi fyrir sem kallast Icesave-reikningar.

Mig langar að spyrja hana aðeins betur út í grein 6 í samningunum. Eftir því sem maður les grein 6 oftar, 6. kafla, sem heitir Ábyrgð og skaðleysi, er sama hvar borið er niður, þar er alls staðar verið að skerða rétt okkar sem þjóðar og færa Bretum og Hollendingum ótakmarkað vald til að níða okkur niður. Að mínu mati, og það er mín túlkun, er grein 6.5, Fallið frá vörnum, á þann hátt að það sé ekki hægt að setja fyrirvara sem taka gildi. Það er mjög skýrt og

í raun og veru gengur það sem stendur í samningnum lengra en nokkurn tíma fyrirvararnir þannig að í fyrsta lagi getum við ekki sett þessa fyrirvara. Svo má í öðru lagi ekki breyta samningnum. Mig langar því til að spyrja í fyrsta lagi hv. þingmann hvort hún sé ekki alveg sammála því að þessi fyrirvaravinna sé komin á mjög grátt svæði og raunar út í horn hjá fjárlaganefnd því það stendur skýrt í samningnum að engir fyrirvarar megi koma til eða ekki megi breyta samningnum.

Við getum líka talað um grein 6.7, Frestun réttinda íslenska ríkisins. Hér er komin tillaga um að við setjum þak á greiðslurnar. Grein 6.7 ýtir þeirri hugmynd út af borðinu. Þingmenn verða að nota helgina í það að stúdera grein 6 í hollenska og breska samningnum til að sjá hvað réttindi okkar eru fyrir borð borin og það er alveg sama hvað fer inn í þessa fyrirvara. Í fyrsta lagi tekur samningurinn ekki til þess þegar þeir taka gildi. Það er alveg sama hvað við mundum setja inn í þá. Samningurinn ryður öllum fyrirvörum út af borðinu.

[12:11]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Vigdísi Hauksdóttur fyrir þessa spurningu. Ég óttast þennan kafla í samningnum, sem ber yfirskriftina Ábyrgð og skaðleysi. Ég er ekki löglærð en mér finnst þessi kafli í samningnum vera svo skilyrtur og íþyngjandi fyrir íslenska ríkið sem ábyrgðaraðila á þessum samningi að ég óttast að lagaklækir geti hugsanlega með einhverjum hætti beitt þessum kafla til þess að koma aftan að íslenskri þjóð og íslensku ríkisstjórninni.

Hins vegar eru þeir fyrirvarar, þeir efnahagslegu fyrirvarar sem fjárlaganefnd er að gera, algjörlega skilyrtir til að alþingismenn á Alþingi Íslendinga íhugi að veita þá ríkisábyrgð sem beðið er um. Þeir eru skilyrði. Án efnahagslegu fyrirvaranna og þó þeirra lagalegu fyrirvara sem eru, án þeirra er algerlega óásættanlegt að íhuga að veita ríkisábyrgð.

[12:13]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ríkisábyrgðin er skilyrt eins og við vitum. Það er ekki bara það að ekki megi setja fyrirvarana inn í samningana svo þeir standi heldur er öllum þeim fjárhæðum sem um er rætt í efnahagslegu fyrirvörunum rutt burtu með grein 6.7. Og ekki nóg með það heldur fara Bretar og Hollendingar fram á viðbótartryggingu samkvæmt grein 6.8 í samningunum. Það er með ólíkindum að einhver íslenskur einstaklingur hafi skrifað undir þessa samninga. Ég hef aldrei séð aðra eins nauðung og felst í þessum samningum.

Varðandi ábyrgð og skaðleysi, grein 6.2, þá ætla ég að lesa a-lið, með leyfi forseta, en þeir eru þarna í a-, b- og c-liðum:

„Íslenska ríkið ábyrgist óafturkallanlega og skilyrðislaust gagnvart lánveitanda að Tryggingarsjóður innstæðueigenda muni standa á tilhlýðilegan hátt og á réttum tíma við allar skuldbindingar sínar samkvæmt þeim fjármálaskjölum sem hann er aðili að.“

Í lið b er eins. Í gegnum kafla 6 í samningunum koma þessi orð fyrir trekk í trekk nánast í hverri einustu grein, „óafturkallanlega og skilyrðislaust“ sem segir það að fyrirvararnir geta ekki tekið gildi samkvæmt þessum samningi.

Svo langar mig að spyrja hv. þingmann í af því að hún minntist á grein 13.1.1 í bresku samningunum að það sé einungis heimilt að gera breytingar, bæta við þá eða auka við með samþykki og undirskrift beggja aðila. Finnst hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur ekki kominn tími til að þessi ríkisstjórn fari að lufsa upp um sig buxurnar og fari að tala við Breta og Hollendinga um hver þeirra skilningur er á þeim fyrirvörum sem liggja fyrir?

[12:15]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan erum við í raun ekki að ræða samninginn sem slíkan heldur erum við að ræða þá ríkisábyrgð sem farið er fram á að fjármálaráðherra fái til þess að skilyrða þá skuldbindingu sem felst í þessum samningi um greiðslur íslensku þjóðarinnar til handa Bretum og Hollendingum. Þessir samningar sem gerðir voru og hafa verið undirritaðir kalla á ríkisábyrgð sem menn eru ekki sammála um samkvæmt því brogaða regluverki sem hér er farið eftir að eigi að vera fyrir hendi. Íslenska samninganefndin kom hins vegar heim með þetta með þeim hætti að kalla skyldi eftir ríkisábyrgð. Ríkisstjórnin ákveður að gera það. Það er hins vegar Alþingi Íslendinga sem ákveður hvort ríkisábyrgðin verður veitt, það er Alþingi Íslendinga sem ákveður að setja fyrirvara sem það telur að hagnist íslenskri þjóð.

Ég segi eins og hv. þm. Ólöf Nordal sagði hér í gær: Það er Breta og Hollendinga að taka við því sem Alþingi Íslendinga ákveður með já-i eða nei-i. Ég segi eins og hv. þm. Ólöf Nordal: Verði þeim að góðu. Annaðhvort taka þeir því sem Alþingi Íslendinga hefur ákveðið, sem er löggjafarsamkoma þjóðarinnar, sem er æðri en framkvæmdarvaldið og þeir sem undirrituðu samningana, Alþingi Íslendinga segir eitt: Annaðhvort taka þessar þjóðir við því eða ekki. Verði þeim að góðu ef þeir gera það ekki því að það er ekki hagur þeirra sem (Forseti hringir.) þeir telja að þeir hafi verið að berjast fyrir.

[12:17]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir gerði að umtalsefni og gagnrýndi harðlega þá stjórnvaldsákvörðun Breta að beita okkur, Ísland hryðjuverkalögum. Ég get tekið heils hugar undir þessa gagnrýni og deili skoðunum þingmannsins.

En ákvörðunin var kæranleg og í sjálfu sér er ekki snúið að kæra stjórnvaldsákvörðun. Ég spyr hv. þingmann: Af hverju kærði ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar ekki þessa stjórnvaldsákvörðun á kærufresti? Hver er skýring hv. þingmanns á því?

[12:18]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Skýringarnar sem gefnar voru af hálfu framkvæmdarvaldsins, af hálfu ríkisstjórnarinnar voru þær, og ég tel mig fara rétt með, að ríkislögmaður og fleiri lögmenn

hefðu talið að beiting hryðjuverkalaga í Bretlandi væri svo opin, að Bretar gætu svo auðveldlega beitt þessum hryðjuverkalögum teldu þeir ástæðu til, að það væri langsótt fyrir Ísland og íslensku ríkisstjórnina að fara í málsókn þeirra vegna. Þetta var skýringin.

Frú forseti. Eftir á að hyggja og í ljósi alls þess sem gengið hefur eftir síðan í haust og frá því að fresturinn rann út að mig minnir 6. janúar hefði verið skynsamlegra að fara þá leið að mínu mati, að halda því opnu að geta farið í mál vegna beitingar hryðjuverkalaga og að íslenska ríkið og þau fyrirtæki sem þar urðu fyrir gætu höfðað skaðabótamál á hendur bresku ríkisstjórninni eða breska fjármálaráðuneytinu fyrir að beita þessum hryðjuverkalögum.

[12:20]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svarið. Ég deildi ekki þessum rökum ríkislögmanns að lögin væru opin með þeim hætti og málið var svo gríðarlega þýðingarmikið fyrir okkur Íslendinga að jafnvel þótt svo væri hefði ég talið rétt að láta reyna á það, sérstaklega út af því að ég mat það svo að kostnaður við það hefði ekki orðið yfirgengilegur.

Eftir á að hyggja, það er gott að heyra hv. þingmann segja að hún hafi skipt um skoðun í þessu, þetta var mín staðfasta skoðun frá upphafi. Það hefði líka leitt til eins, jafnvel þó að við hefðum ekki náð fram kærunni, kröfum okkar í kærumálinu, það hefði leitt til þess að það hefði upplýst til fulls, þess hefði málflytjandi íslenska ríkisins væntanlega krafist, það hefði upplýst til fulls hver rökin voru á bak við þessa ákvörðun og hvaða gögn, hvaða skjöl lágu að baki þessari ákvörðun, hvað var að gerast í kringum 6. október og dagana á undan sem enn er ekki fyllilega upplýst en væntanlega kemur fram í þeirri rannsókn sem nú stendur yfir á þessu bankahruni.

[12:21]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, ég deili þeirri skoðun með hv. þm. Atla Gíslasyni að vonandi kemur í ljós hjá rannsóknarnefnd Alþingis hvað var að gerast á þessum tímum fyrir og eftir bankahrunið. Það er og verður mikilvægt fyrir íslenska þjóð. Það verður líka mikilvægt að þar verði ekkert dregið undan og engum hlíft og engu eirt vegna þess að þetta er kafli í sögu þjóðar sem verður að vera gegnsær, opinn og hægt að fara í uppgjör vegna hans. Fyrr ríkir ekki sátt í íslensku samfélagi.

Í ljósi þess að þetta var val þáverandi ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis, þess heldur af því að maður getur alltaf verið vitur eftir á, eins og einhvers staðar stendur, ber að hafa í huga að það má ekki undir nokkrum kringumstæðum nú hvika frá því að lagalega sé réttarstaða okkar skýr og möguleiki á að leita þess réttar ef og þegar við þurfum á að halda.

[Fundarhlé. — 12:24]

[13:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Við höldum áfram að ræða þetta mikla og stóra mál sem snýst um Icesave. Við tókum til máls við 1. umr. Í millitíðinni hefur fjárlaganefnd lengi haft þetta mál til umfjöllunar og það má með sanni segja að málið allt hafi batnað mjög. Ég tel það að miklu leyti vera vegna þess að það er verið að fara eftir ákalli sem hefur verið bæði meðal þingmanna en líka úti í samfélaginu að menn komist út úr hjólförum flokksstjórnmálanna og reyni að hugsa málið eingöngu út frá íslenskum hagsmunum og þannig á ábyrgð okkar alþingismanna að vera.

Ég fór við 1. umr. yfir forsögu málsins, yfir þetta nöturlega mál og ætla ekki að gera það aftur nema ég ætla að undirstrika það að ábyrgð stjórnmálamanna er mikil en ekki síður viðskiptalífsins alls. Við eigum að læra af fortíðinni. Ég held að það sé algerlega óumflýjanlegt og ef við gerum það ekki hvort sem það eru stjórnmálamenn, stjórnmálaflokkar en ekki síður hinn viðskiptalegi heimur, ef við gerum það ekki mun verða langt í þá sátt sem flestir Íslendingar óska eftir í íslensku samfélagi. Þetta Icesave-mál er angi af því, þetta stóra mál.

Forsagan er öllum kunn. Hún er rakin í mörgum álitum, bæði meirihluta- og minnihlutaáliti, og hún er rakin í frumvarpinu sjálfu. En það er alveg ljóst, og við undirstrikuðum það þrátt fyrir forsögu málsins, að sá samningur sem við erum að ræða um hér er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og það er ekkert að því. Menn eiga ekki að fara undan í flæmingi og segja: Þið getið ekki verið að tala svona, þið sjálfstæðismenn, eftir alla forsöguna. Við erum ekki að tala um forsöguna eingöngu í þessu máli. Við erum að tala um þennan samning sem snýst um hagsmuni íslensku þjóðarinnar til framtíðar. Þá verðum við einfaldlega að fara yfir hann, koma með ábendingar, koma með tillögur til að úr þessu máli vinnist betur en upp var lagt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég tel að margt hafi áunnist, m.a. fyrir þrautseigju stjórnarandstöðunnar en ekki síður ákveðins hóps innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem sá fram á það að þessi samningur er ótækur eins og hann var kynntur í þinginu. Við skulum gera okkur það ljóst að það var ekki meiri hluti á bak við þann samning sem var lagður fyrir þingið. Svo virðist sem, m.a. eftir ræður gærdagsins og andsvör af hálfu forsætisráðherra gagnvart hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, að í ljós hafi komið að menn hafi skrifað undir samninginn 5. júní án þess að vera með ríkisstjórnina á bak við sig, án þess að búið væri að tryggja meiri hluta á þingi. Síðan munum við hvernig það var í upphafi þessa máls að við áttum ekki að fá að sjá samninginn o.s.frv. en hér er samningurinn eins vondur og hann er en þó hefur hann batnað verulega.

Ég hef það stundum á tilfinningunni að hægt hefði verið að leysa þetta mál miklu fyrr í sumar ef menn hefðu haft myndugheit og dug í sér af hálfu ríkisstjórnarinnar að reyna að leysa þá hnúta sem greinilega voru orðnir ansi stórir, m.a. með því að draga alla stjórnmálaflokka miklu fyrr að þessu borði. En við skulum muna það að ríkisstjórnin skipti um verklag, hún breytti um samningamenn og fór fram með sínum hætti og þar með talið það sem er mjög alvarlegt að mínu mati og kemur vel fram í minnihlutaáliti okkar sjálf-

stæðismanna, að samninganefndinni var ekki falið það hlutverk m.a. að vinna út frá svonefndum Brussel-viðmiðum. Það var ekki tiltekið og það er lapsus af hálfu ríkisstjórnarinnar að hafa ekki gert þetta, slæleg vinnubrögð hvað þetta varðar. En það hafa allir metnað til að ná sem hagstæðastri niðurstöðu fyrir land og þjóð og þá verðum við einfaldlega að horfast í augu við málið eins og það er og mér hafa hugnast mjög þær breytingar sem við höfum gert og staðið fyrir á samningnum, þ.e. á ríkisábyrgðinni. Þess vegna er það óskiljanlegt ef ekki má tala tæpitungulaust og ég hélt fjandakornið — fyrirgefðu, frú forseti — ég hélt satt best að segja að við hefðum lært þó það af fortíðinni að við ættum að segja hlutina eins og þeir eru, ekki vera að tipla á tánum í kringum málið. Ég tel og taldi satt best að segja að þeir fyrirvarar sem fjárlaganefnd hefur beitt sér fyrir væru að gjörbylta samningnum, þeir væru að gjörbreyta málunum. Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur talað um gagntilboð. Ég held að það sé nær sanni að tala þannig. En forsætisráðherra og fjármálaráðherra þora ekki að segja málin og draga þau fram eins og þau í rauninni eru.

Síðan kemur varaformaður fjárlaganefndar í ræðustól í morgun, annar af tveimur forustumönnum fjárlaganefndar þingsins sem ber ábyrgð á allri málsmeðferðinni í þinginu á þessum samningi og ríkisábyrgðinni, og segir að ekkert hafi breyst og þær breytingar hafi litla þýðingu því samningurinn sé hinn sami. Ég var ósammála þessum fullyrðingum m.a. af hálfu forsætisráðherra og fjármálaráðherra þegar þau sögðu að ekkert hefði í rauninni breyst, samningurinn væri sá sami. En síðan kemur varaformaður fjárlaganefndar og staðfestir þetta eftir alla meðferð þingsins á málinu. Þetta þarf að fá á hreint. Þess vegna vonast ég til þess að þegar fjárlaganefnd fær þetta mál aftur til meðferðar, hvenær sem það verður, hvort sem það verður í dag eða á morgun, þá fái hún almennilegan tíma til að fara í gegnum þær mikilvægu ábendingar sem hafa fallið innan þingsalar en ekki síður úti í samfélaginu. Ég kem að því síðar, m.a. ábendingar af hálfu Indefence-hópsins. Ég tel mikilvægt að það verði engin sýndarmennska, enginn leikur, einhver málamyndagerningur þegar fjárlaganefndin fær þetta mál aftur til meðferðar. Það er greinilegt að það þarf að hnykkja á ákveðnum atriðum því eins og staðan er í dag er algerlega óásættanlegt og ekki hægt að afgreiða málið út eins og það er kynnt og lagt fyrir í dag. Það er óvissa í málinu og óvissunni er ekki smyglað í gegn heldur er hún bara sögð þráðbeint fram og lögð beint á borðið af hálfu ekki bara forsætisráðherra og fjármálaráðherra heldur líka af öðrum forustumanni fjárlaganefndar þingsins. Þetta þurfum við að fá á hreint. Ef þetta eru ekki fyrirvarar sem halda þá mun ég ekki greiða atkvæði með þessum fyrirvörum. Þess vegna tel ég mikilvægt að fjárlaganefnd fari vel yfir þær ábendingar sem hafa verið settar fram og dragi sérstaklega fram að hún sé þá ósammála þeim orðum sem féllu hér í morgun af hálfu varaformanns fjárlaganefndar. Reyndar kom hv. þm. Atli Gíslason upp í andsvari áðan og sagðist vera ósammála þessari túlkun hv. þm. Björns Vals Gíslasonar, varaformanns fjárlaganefndar, en þetta þarf að fá á hreint.

Indefence-hópurinn hefur komið með mjög athyglisverðar ábendingar sem ég vil taka undir. Ég vil taka undir sérstaklega það sem hópurinn hefur sett fram þar sem þeir segja og leggja fram þá tillögu að ef óljóst er að þessir fyrirvarar haldi gagnvart Bretum og Hollendingum, ef einhver óvissa er í málinu þá sé einfaldlega best að setja það inn í frumvarpið að samningarnir og ríkisábyrgðin taki ekki gildi nema þessir fyrirvarar sem settir hafi verið fram af hálfu okkar Íslendinga séu virtir og viðurkenndir. Þetta er mjög mikilvægt og ég er sannfærð um að fjárlaganefnd mun vinna á þessu máli. Hún hefur unnið málið vel fram til þessa og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að hún leggi mikinn metnað í það að skýra þetta mál mun betur fyrir landi og þjóð og þingi heldur en nú er. Það er bagalegt að menn skuli ekki finna til meiri ábyrgðar en svo að halda óvissu í þessu máli. Og talandi um tilfinningar, ég hef stundum á tilfinningunni að þetta mál skuli vera rekið með þeim hætti eins og raun ber vitni bara til þess eins að halda lífi í ríkisstjórninni.

Við vitum alveg hvað fór fram í hinum óteljandi herbergjum þingsins og skrifstofum bara til að lempa menn, þ.e. stjórnarliða — og hér brosir einn og veit nákvæmlega hvað um er að ræða. Það var nefnilega ekki meiri hluti fyrir samningunum þegar þeir voru lagðir fyrir þingið og það er verið að laga og svo sannarlega verður að laga það því að samningarnir eru vondir og alveg með ólíkindum að þetta skuli hafa verið sett fram með þessum hætti og ætlast til að ríkisábyrgðin yrði samþykkt allt að því óræddd.

Við sjálfstæðismenn höfum dregið það fram að það hefur aldrei legið ljóst fyrir hvort það sé ríkisábyrgð á Icesavereikningunum. Það liggur ekki ljóst fyrir og við höfum alltaf haldið okkar rétti fram varðandi það að kalla til og draga fram okkar lagalega rétt. Þann rétt höfum við aldrei gefið eftir. Ég segi líka að í ljósi þess að Bretarnir voru sjálfir ekkert vissir um að ríkisábyrgðin væri til staðar, þeir spurðust fyrir um þetta mál sem sýnir að þeir voru ekkert vissir um að ríkisábyrgðin væri til staðar á þessu máli og ekki síður það að setja ríkisábyrgð inn í þennan samning með samþykkt þingsins, gera ráð fyrir því, segir manni það að menn gera ráð fyrir því að málið kunni hugsanlega að taka breytingum í meðförum þingsins. Því ekki telja Hollendingar og Bretar að þeirra þing sé eitthvað upp á punt. Íslenska þingið er það ekki. Íslenska þingið er ekki stimpilstofnun hvorki í þessu máli né öðrum hér innan lands eða utan. Það mátti því öllum vera ljóst þegar það var sett inn í ákvæði samninganna að það þyrfti að fara til þingsins að málið allt kynni að taka verulegum breytingum. Öðruvísi værum við þingmenn ekki að sinna okkar skyldum.

Það þarf sem sagt að tryggja það að fyrirvararnir haldi. Þetta þarf fjárlaganefnd að fara mjög vel yfir. Fjárlaganefnd þarf líka að fá upplýsingar um það hvaða svör, því við vitum að menn hafa verið að inna Hollendinga og Breta eftir svörum, fá viðbrögð þeirra við því sem rætt er um hér í þinginu, óformlega. Við þurfum að fá að vita hvaða svör hafa fengist í þessu efni. Fjárlaganefnd á að fara yfir það. Menn hafa verið að reyna að inna ríkisstjórnina eftir því hvaða skilning hún hefur á því hvenær ríkisábyrgðin rennur út. Það stendur nákvæmlega ekkert um það í samningnum heldur í breytingartillögu frá fjárlaganefndinni og þess vegna var mikilvægt að fá það fram í gær af hálfu forsætisráðherra að hún telur að ríkisábyrgðin renni út árið 2024. Hvað er þá því til fyrirstöðu að fjárlaganefnd setji það ein-

faldlega inn á milli 2. og 3. umr. fyrst búið er að segja þetta skýrt og skorinort? Ríkisábyrgð fellur úr gildi 2024 og ég tel mikilvægt að það verði sett inn í breytingar á milli 2. og 3. umr. þannig að það á ekki að vera neitt mál að hnykkja á því.

Það kann líka að vera að það verði ýmis önnur gögn, af því að það virðist vera á hverjum einasta degi, ólíkt því sem einmitt varaformaður fjárlaganefndar hélt fram 17. júlí, að í rauninni væri málið allt útrætt og allar stærðir þekktar, þá er það nefnilega þannig að svo virðist sem á hverjum degi komi nýjar upplýsingar fram. Við höfum fengið tillögurnar og ábendingarnar frá Ragnari Hall, þær hafa verið teknar inn sem betur fer, en það kann líka að vera að einhverjar upplýsingar komi fram m.a. í meðförum fjárlaganefndar sem stuðli að því að málið breytist aftur og aftur.

Ég hef litið þannig á að í rauninni þurfum við að fara í nýja samningagerð, svo miklar séu breytingarnar og fyrirvararnir á ríkisábyrgðinni, og þá verður einfaldlega að gera það. Við þurfum að halda mun betur — sem betur fer eru allir sammála um það, við þurfum að fara í þann leiðangur að kynna og markaðssetja okkar sjónarmið, okkar aðstæður því að málum virðist vera þannig háttað að í hvert sinn sem við ræðum frekar um aðstöðu okkar og aðstæður hér heima fyrir fáum við aukinn skilning á erlendri grund. Greinar í *Financial Times* sýna það, hvort sem það eru leiðarar eða aðrar greinar, og við eigum að nýta okkur það. Við verðum að fara að tala við vinaþjóðir okkar, bandalagsþjóðir til þess að fá þær til að öðlast skilning á okkar aðstöðu sem hér er. Því að aðstæðurnar í dag eru svo allt, allt aðrar en þær voru sl. haust þegar ríkisstjórnir Evrópu voru að fara af hjörum yfir alþjóðlegu fjármálakrísunni. Þess vegna voru að mínu mati viðbrögðin svona hörð eins og raun bar vitni fyrir utan það að Gordon Brown þurfti að hysja upp um sig brækurnar heima fyrir og reyna að skora pólitískar keilur, og þess vegna var Ísland kjörið tækifæri fyrir hann til þess að nýta sér. Alla þessa sögu þekkjum við. Við þurfum hins vegar, eins og ég gat um áðan, að læra af fortíðinni, en hluti af því er líka það að við þurfum að vera ákveðnari og markvissari, skipulagðari í vinnubrögðum þegar kemur að því að halda íslenskum hagsmunum á lofti. Það er allt að batna bæði innan stjórnkerfisins og líka utan þess. Ég tel mikilvægt að við eigum að fá til okkar bestu menn í þá veru sem halda utan um hagsmuni okkar. Við höfum fengið margar góðar ábendingar sem hafa nýst mjög vel frá frjálsum félagasamtökum, hvort sem þau heita Indefence eða öðrum einstaklingum eða samtökum, og við eigum að nýta okkur alla þessa þekkingu sem er til staðar innan lands og það vinarþel sem við finnum fyrir á erlendri grundu í dag þannig að staða okkar getur batnað.

Við sjálfstæðismenn viljum líka að sjálfsögðu eins og allir aðrir að þetta mál leysist. Við höfum sagt það að við höfum aldrei fyrirgert lagalegum rétti varðandi það að leita eftir því gagnvart dómstólum hver staða okkar er, sá réttur hefur aldrei verið gefinn eftir. Það er mikill misskilningur ef menn halda það að af því að við ákváðum að fara ekki í mál á grundvelli hryðjuverkalaganna höfum við fyrirgert rétti okkar gagnvart dómstólum varðandi Icesave-samningana. Það er mikill misskilningur, við höfum alltaf þann rétt og höfum ekki afsalað okkur honum.

Við höfum hins vegar sagt að við berum mikla ábyrgð í þá veru að reyna að leita pólitískra lausna. Við erum að reyna að gera það hér. Við sjálfstæðismenn höfum ekki nálgast þetta mál nú í sumar út frá því að vera bara í stjórnarandstöðu eins og var hér á árum áður, segja jafnvel hér í þingsal: „Étt'ann sjálfur“, eins og núverandi ráðherra í ríkisstjórn sagði í ákveðnu máli. Við höfum ekki farið þá leið heldur höfum við að mínu mati miklu frekar komið með mikilvægar ábendingar til þess að styrkja þetta mál allt, efla okkur og tryggja íslenska hagsmuni fyrst og síðast.

Þess vegna tel ég mikilvægt að þessu máli ljúki en þó og þá aðeins að fjárlaganefnd fái svigrúm, fái tækifæri, ekki til málamynda, frú forseti, fái tækifæri til þess að fara yfir þau atriði sem hafa komið fram hér í umræðum á þingi því að ég tel ákveðna þingmenn innan ríkisstjórnarflokkanna hafa stuðlað að því að þetta mál er komið í ákveðna óvissu. Þeirri óvissu þarf að eyða. Þess vegna gerum við þá skýlausu kröfu að farið verði eftir óskum okkar og ábendingum í fjárlaganefnd þegar hún hittist að lokinni umræðu og að farið verði gaumgæfilega yfir þá hluti sem hefur verið farið yfir hér í ræðu og riti reyndar líka.

Frú forseti. Það er greinilega margt eftir órætt í þessu máli. Við sjálfstæðismenn áskiljum okkur eftir sem áður allan rétt til þess að styðja þær tillögur sem stuðla að því að efla og styrkja málið og jafnframt að koma með aðrar tillögur líka. Það kann að vera í ljósi þróunar núna síðustu klukkustunda að það verði þörf á því.

[13:36]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir ræðu hennar. Ég vil fyrst segja það að þegar málið var til afgreiðslu á vettvangi fjárlaganefndar var ég starfandi varaformaður nefndarinnar og var talsmaður flokks míns í málinu og þingflokkurinn ákvað á fundi hér í vikunni að ég yrði talsmaður í þessu máli í þessari umræðu. Ég og hv. þm. Guðbjartur Hannesson, formaður nefndarinnar, gerðum samkomulag fyrir hönd okkar flokka við stjórnarandstöðuflokkana, Sjálfstæðisflokk og Borgarahreyfingu, um afgreiðslu málsins. Það samkomulag stendur af okkar hálfu. Ég er vanur að standa við það samkomulag og standa með því samkomulagi sem ég geri við aðra og ég vona að það sé ekki að vænta breytingar á þeirri afstöðu frá öðrum.

Ég vil þó minnast hér á nokkur atriði sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni. Í fyrsta lagi nefndi hún leyndina yfir samningnum. Mér þykir mjög miður að þessu sé ítrekað haldið fram. Það var aldrei ætlun ríkisstjórnarinnar að halda samningunum leyndum og það hefur margítrekað komið fram.

Hún nefndi hér slæleg vinnubrögð og m.a. skipan samninganefndar og að ekki hefði verið þverpólitísk samstaða um það. Ég tek undir að það hafa mörg mistök verið gerð í vinnubrögðum þessa máls. Ég tel líka að það hafi verið gerð mistök haustið 2008 þegar þáverandi ríkisstjórn sló á hendur þáverandi stjórnarandstöðu um þverpólitíska samstöðu. Það hafa örugglega bæði sú ríkisstjórn og sú sem nú situr gert mistök í þessu máli en við eigum ekki að festast í því.

Síðan hefur hér verið talað um viðbrögð erlendra aðila. Það var rætt talsvert á fundi utanríkismálanefndar núna í vikunni þar sem fjármálaráðherra og utanríkisráðherra komu og gerðu grein fyrir því sem hefur verið gert nú þegar í því sambandi þannig að það var gagnlegt að fá upplýsingar um það og fjölmörg sjónarmið komu fram frá nefndarmönnum sem verða veganesti inn í framhaldið.

Ég vil einungis segja vegna ummæla sem hér hafa fallið frá hv. þm. Birni Vali Gíslasyni (Forseti hringir.) að ég tek ekki undir þær skýringar eða sjónarmið sem hann kom fram með í ræðu fyrr í dag. Þeim verður hann að standa fyrir, (Forseti hringir.) en ég er ekki sömu skoðunar.

[13:38]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var mikilvægt þetta síðasta sem kom fram að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson er ekki sammála varaformanni fjárlaganefndar, Birni Vali Gíslasyni, þannig að það er mikilvægt að það komi fram. Engu að síður er það ljóst af minni hálfu að það er ákveðin óvissa í málinu eftir málflutning ekki bara hv. þingmanns Björns Vals Gíslasonar heldur líka hvernig ráðherrar í ríkisstjórn hafa verið að verja þá fyrirvara sem um ræðir, því að við teljum að þessir fyrirvarar snúist í rauninni um það að verið er að kollvarpa samningnum eða drögunum í kringum ríkisábyrgðina og af hverju ekki að segja það hreint út? Við munum aldrei eyðileggja stöðu okkar gagnvart Hollendingum og Bretum með því að segja það einfaldlega hreint út og menn eiga ekkert að vera viðkvæmir fyrir því að segja hlutina eins og þeir einfaldlega eru.

Við sjálfstæðismenn munum að sjálfsögðu standa við okkar samkomulag en ég vil líka að sjálfsögðu undirstrika að það voru ríkisstjórnarflokkarnir með stuðningi Borgarahreyfingarinnar eða þess hluta sem eftir er af henni sem tóku málið út úr fjárlaganefnd. Það var ekki Sjálfstæðisflokkurinn sem tók málið út úr fjárlaganefnd né Framsóknarflokkurinn. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sagt að við munum styðja við þá fyrirvara og þær breytingar sem fyrir liggja og við áskiljum okkur rétt til þess að styðja aðrar góðar tillögur sem verða til þess að efla málið og styrkja.

Ég er líka sammála því að það hafa mörg mistök verið gerð við málið, einnig af hálfu fyrri ríkisstjórnar, en sá samningur sem um ræðir eru stór mistök núverandi ríkisstjórnar. Það þýðir ekki alltaf að vera að segja: Forsaga málsins var þessi. Við vitum það, þar voru mörg mistök gerð og ábyrgðin er margra þar. Við erum að ræða um nútíðina og nútíðin er þessi vondi samningur sem er verið að reyna að laga til þess að styrkja stöðu Íslendinga. (Forseti hringir.) Ég vil sérstaklega draga fram að það er gott að ákveðin samstaða náðist innan fjárlaganefndar en þá verður sú samstaða að halda og það er mjög vont þegar varaformaður fjárlaganefndar kemur fram með þeim hætti sem hann gerði hér í morgun.

[13:41]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sú samstaða mun halda af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Hv. þingmaður sagði að gagnaðilunum hefði mátt vera ljóst að breytingar gætu orðið á meðförum í þinginu. Ég er algerlega sammála þessu. Að sjálfsögðu mátti þeim vera það ljóst að frumvarp um ríkisábyrgð gat annaðhvort verið samþykkt óbreytt, verið fellt eða tekið breytingum, það bara liggur í hlutarins eðli. Ég er ekkert feiminn við að segja að ég tel að þeir skilmálar, fyrirvarar sem felast í breytingartillögum fjárlaganefndar hafi verulegt vægi, þeir skipta að sjálfsögðu máli. Hvernig við nálgumst það nákvæmlega í orðavali er að mínu mati ekki aðalatriðið vegna þess að sumir segja eins og hv. þingmaður: Hér var vondur samningur, við erum að gera hann betri. Aðrir nálgast málið og segja: Þetta var þokkalegur samningur, við erum að gera hann betri. Það sem skiptir máli er innihaldið.

Ég hef ekki orðið var við það að á milli okkar sem stóðum að breytingartillögunum á vettvangi fjárlaganefndar hafi verið neinn ólíkur skilningur á gildi þeirra breytingartillagna sem við leggjum fram. En ég hef tekið eftir því að það hafa ýmsir aðrir verið með alls konar formúleringar um þær, formenn stjórnmálaflokkanna, bæði ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna, sem eru ekki alveg í takt. En af minni hálfu og okkar sem stóðum að þessum tillögum úr fjárlaganefnd held ég að sé enginn ágreiningur um það hvað þessar tillögur þýða í raun.

Það er eðlilegt og sjálfsagt að við ræðum það þá betur á vettvangi fjárlaganefndar milli umræðna af því að það hefur gefist tilefni til þess. Við munum því að sjálfsögðu beita okkur fyrir því að það verði gert, en ég vona að það séu ekki nein teikn á lofti um það að sú góða samstaða sem hefur náðst á vettvangi fjárlaganefndar — og er þjóðarnauðsyn að mínu mati — kunni að vera í einhverju uppnámi vegna einhverra orða sem hér hafa fallið.

[13:43]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, það er þjóðarnauðsyn að við náum samstöðu um þetta mál allt saman. Það er líka mikilvægt að draga það fram sem hv. þingmaður sagði áðan og ég tel mikilvægt innlegg í þessa umræðu að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson telur breytingarnar sem fjárlaganefnd hefur gert vera efnismiklar breytingar. Mér finnst það vera stærri orð og sterkari en t.d. formaður hans og hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt sjálfur. Mér finnst skipta máli að það komi fram að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson telur þetta vera efnismiklar breytingar sem fjárlaganefnd hefur sett fram. En engu að síður er verið að reyna að setja þær breytingar í annað ljós. Þetta þarf fjárlaganefnd að skýra, þetta þarf fjárlaganefnd að fara mjög vel yfir til þess að við getum staðið hér keik við það samkomulag sem gert var um þær breytingar sem um ræðir.

Varðandi síðan hitt, að Hollendingum og Bretum átti að vera ljóst að ríkisábyrgðin tæki hugsanlegum breytingum, er gott að það komi fram að við erum sama sinnis, að þing, sama hvaða þjóðþing um ræðir, má aldrei verða að stimpilstofnun fyrir ríkisvaldið, það er fyrir ríkisstjórnir þegar kemur að jafnstórum málum og þessu. Hollendingum og Bretum mátti vera ljóst að þetta mál mundi taka gagngerum breytingum hér innan húss, ekki síst þegar maður horfir yfir salinn og veit að það er nú ekki beint skoðanalaust fólk hér inni á öllum málum. Mönnum átti því að vera það ljóst,

okkar viðsemjendum átti að vera það ljóst að þingið tæki þetta mál í sínar hendur og mundi kollvarpa því og það erum við að gera.

[13:45]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrir ræðu hennar og taka undir það sem kom fram hjá henni að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa unnið mjög heilt að þessu máli, unnið mjög vel í fjárlaganefnd og við höfum átt afar gott samstarf um að leita lausna á þessu mikilvæga máli og þar hafa þessir aðilar lagt sig fram um að reyna að ná sátt. Það var lagt af stað með þetta mál strax af minni hálfu sem formanns fjárlaganefndar að reyna að ná sátt. Ég taldi það vera mikilvægt að við mundum í sameiningu reyna að eyða þeirri óvissu sem hafði skapast einmitt út af ýmsum athugasemdum sem borist höfðu varðandi það samkomulag sem gert hafði verið. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að það skipti mjög miklu máli að við skiljum ekki við þetta mál í óvissu.

Við tókum einnig afstöðu til þess mjög fljótt að Alþingi væri ekki stimpilstofnun, eins og hér kom fram, fyrir einhverja ríkisábyrgð. Það væri klárt í samningnum að það þyrfti ríkisábyrgð og það væri okkar að skilgreina þá ríkisábyrgð, setja þá fyrirvara sem okkur finnst skipta máli og þar ræddum við líka hvort við ættum að fara og leita til gagnaðilanna og spyrja þá hvað okkur væri leyfilegt. Niðurstaðan var sú að við mundum ekki gera það vegna þess að við töldum mikilvægt að Alþingi héldi sínu sjálfstæði og sínum rétti og segði sína skoðun og það yrði svo að láta reyna á það í framhaldinu hvort viðkomandi aðilar sættu sig við það en þar hefði talað þjóðþing Íslendinga sem réði ríkisábyrgðinni og væri aðili að málinu.

Fyrirvararnir sem settir voru voru allir settir í trausti þess að þeir hafa mikið vægi og mikið gildi og skipta mjög miklu máli fyrir þjóðina þannig að það eru engir sýndarfyrirvarar. Það er ekki verið að reyna að fela neitt eða búa neitt í haginn öðruvísi en það að við teljum að það skipti mjög miklu máli að taka af og viðhalda ákveðinni lagatúlkun sem við höfum haldið í málinu frá upphafi, setja aðra fyrirvara eins og varðandi skipti á búi og svo setja efnahagslega fyrirvara sem verja okkur fyrir því að ekki sé gengið mjög hart að íslensku þjóðinni í þessu ferli. (Forseti hringir.) Þetta er sameiginlegur skilningur allra þeirra sem stóðu að þessu í fjárlaganefnd og ég held að það skipti mjög miklu máli að við höfum þá sameiginlegu túlkun og við munum auðvitað beita okkur fyrir því í 3. umr., eftir að hafa fjallað um þetta við 2. umr., að sú túlkun komi skýrt fram.

[13:47]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mér finnst athyglisvert en um leið þykir mér nokkuð vænt um að þeir sem hafa verið í andsvari eru annars vegar hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, og síðan hv. þm. Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar. Báðir þessir menn í þessum stóru málum sumarsins, annars vegar ESB-aðildarumsóknarumræðan og hins vegar Icesave-umræðan hafa gert sér far um það að vinna málin mun betur, alla vega mun betur heldur en ríkisstjórnin hefur sent þau frá sér. Þar komum við alltaf að þessum þvergirðingshætti sem hefur truflað og stíflað öll mál. Við þekkjum söguna um þvottakonur fortíðarinnar en við erum að tala um í rauninni tvo hv. þingmenn sem eru að verða þvottamenn nútímans og nútíðarinnar, þ.e. þeir þurfa alltaf að vera að vaska upp, þvo upp og reyna að taka til eftir ríkisstjórnina og reyna að lempa og reyna að tengja þingið til að tryggja íslenska hagsmuni. Ég veit ekki hversu miklum tíma hefur verið sólundað í það af því að menn eru þrjóskari heldur en allt getur verið innan þingsins en síðan koma þessir ágætu herramenn og reyna þó að gera það sem hægt er að gera.

Varðandi fyrirvarana og á ríkisábyrgð er mjög mikilvægt að draga þetta fram eins og hv. þm. Guðbjartur Hannesson gerði, draga fram, og við erum sammála um það, að þingið er ekki þessi sjálfkrafa stimpilstofnun fyrir ríkisábyrgðir. Það er ekkert vandamál fyrir mig. Ég hef áður staðið hér í þrefi um það og verið ósammála því að veita ríkisábyrgð og það fyrir nokkuð mörgum árum. Það sama er í þessu máli. Það stórt og mikið mál, samviskumál líka fyrir þingmenn að taka afstöðu í jafnviðamiklu máli er snertir ríkisábyrgð og mikla fjármuni til lengri tíma fyrir þjóðarbúið.

Ég vil hins vegar nýta þetta tækifæri í andsvari mínu og koma með spurningu til hv. þm. Guðbjarts Hannessonar um það hvort hann muni ekki taka vel í þær tillögur sem m.a. Indefence-hópurinn hefur lagt fram í sínu máli varðandi fyrirvarana og hvort væri ekki hægt að undirstrika þá betur með því að tengja þá formlega inn í frumvarpið sjálft.

[13:50]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Bara til að svara þessu síðasta þá held ég að það liggi í hlutarins eðli að við munum að sjálfsögðu skoða þessar athugasemdir. Ástæðan fyrir því að við förum þessa fyrirvaraleið byggir á m.a. leiðbeiningum frá þjóðréttarfræðingi sem hefur sagt okkur skýrt og skorinort, og undir það hafa lögfræðingar sem unnið hafa með okkur tekið, að okkur sé heimilt að setja fyrirvara, það sé Alþingi sem ráði eins og ég sagði áðan.

Það hefur líka komið fram og við settum það inn í breytingartillögurnar að þar stendur skýrum stöfum, og var breyting á 1. gr., að fyrirvararnir eru óaðskiljanlegur hluti af samningnum, þ.e. það er tekið alveg klárt fram að fyrirvararnir séu hluti af samningnum. Þessu til viðbótar fengum við minnisblað þar sem ítrekað var að þegar við erum búnir að setja okkar fyrirvara og afgreiða málið hér, Alþingi, þá þarf að fara í að ganga frá samningunum milli aðila um lánið. Þá er fyrirvari okkar uppi á borðinu þannig að þá koma til þeir aðilar sem fyrir hönd tryggingarsjóðsins og hins vegar samningsaðilanna munu vinna málið og að sjálfsögðu geta þeir ekki veitt lánið eða samþykkt það án þess að þessir fyrirvarar liggi fyrir. Það stendur einmitt í áliti þessa þjóðháttarfræðings, með leyfi forseta: „Ljóst er að ekki verður gengið frá umræddum lögfræðiálitum sem þarf til“ — til að taka lánið — „fyrr en afstaða breskra og hollenskra stjórnvalda til fyrirvaranna liggur fyrir og því er

tryggt að samningarnir öðlast ekki gildi fyrr en réttarstaðan er að fullu ljós.“

Eftir þessu munum við að sjálfsögðu ganga, þ.e. við skilum þessu frá Alþingi með klárum fyrirvörum sem takmarkar ábyrgð okkar við ákveðnar forsendur eins og hér hefur komið fram í breytingartillögunum. Þá tekur við þetta ferli sem er að taka lánið og það er klárt að þá eru fyrirvararnir forsenda fyrir láninu. Mér finnst þetta vera afar skýrt og við eigum ekki sem Alþingi að vera að leita ráða hjá öðrum um það hvaða fyrirvara við setjum. Það erum við sem veljum þá og ég tel að það sé mikilvægt að við séum sátt og sammála um það því þá hafa þeir enn þá meira vægi.

[13:52]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vona að ég sé ekki að misskilja hv. þingmann að hann sé að gera eitthvað lítið úr því að þessar tillögur komi m.a. frá Indefence-hópnum varðandi það að tryggja fyrirvarana. Ég veit að hann meinti það ekki þannig en ég vil skilja hann á þann veg og á þann hátt að við séum sammála um að við viljum eyða allri óvissu um það hvort fyrirvararnir haldi eða ekki, þeir verði að vera óaðskiljanlegur hluti samþykktar okkar þingmanna á Alþingi, að ríkisábyrgðin gildi ekki nema fyrirvararnir gildi þannig að það sé tryggt. Ég verð að segja í ljósi allra þeirra gagna sem nú liggja fyrir og það sem verið er að draga fram núna, m.a. lögfræðiálit frá breskum lögfræðingi, þá verði fjárlaganefnd að hnykkja enn frekar á þessu atriði. Það má ekki vera ein einasta óvissa um það hvernig þingið ætlar að afgreiða þetta mál. Þá er ekki sátt í samfélaginu um þetta mál ef hún næst einhvern tíma. Við þingmenn verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að reyna að ná þeirri sátt og þeirri skynsemi sem þarf í málið. Það var að mínu mati ekki lagt nægilega vel af stað með málið, ekki á nægilega skynsamlegan hátt. Með þessu er ég ekki að kasta neinni rýrð á þá samningamenn sem voru fyrir Íslands hönd. Þeir fengu bara ekki réttu fyrirmælin og menn komu heim með vonda samninga. Það er mín skoðun. Þess vegna erum við búin að vera hér í margar vikur í sumar til að reyna að lappa upp á þessa samninga sem voru vondir. Þess vegna verðum við þegar við setjum fram okkar fyrirvara, okkar breytingar að vera með það alveg á hreinu að við séum að efla og bæta stöðu Íslands og gæta íslenskra hagsmuna á allan hátt.

[13:54]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Við lifum á miklum óvissutímum. Það hafa gengið miklar hremmingar yfir íslenska þjóð og hér sitjum við alþingismenn Íslendinga við að reyna að greiða úr einu stærsta og versta máli sem eftir stendur eftir bankahrunið.

Mikilvægt er að hér ríki samstaða um þær lausnir sem við Íslendingar ætlum okkur að nota til að byggja upp samfélag okkar að nýju. Það er gríðarlega mikilvægt. Það hafa mörg mistök verið gerð á þeirri ferð sem við höfum átt frá 6. október sl. Þau mestu að mínu mati eru þau að hafa ekki í öllum okkar ráðum reynt að koma málum þannig fyrir að um þær gerðir sem hér færu í framkvæmd mundi ríkja samstaða. Það eru mistök fyrri ríkisstjórnar og það eru jafnframt mistök þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr.

Þau mistök hafa ekki síst litið dagsins ljós í því máli sem við ræðum í dag. Allt frá því að fregnir bárust af því að nú væri að koma niðurstaða í samningaviðræðurnar — því var reyndar neitað fyrst tveim dögum áður en samningarnir sjálfir voru svo undirritaðir, hér á hinu háa Alþingi var því neitað að lausn væri í sjónmáli — þá hefur verið þessi tregða um að upplýsa málið. Að reyna að ná einhverri samstöðu var ekki markmið ríkisstjórnarinnar til að byrja með og það er alvarlegur hlutur. Við alþingismenn upplifðum það að sitja hér á þingflokksfundum og fá örstutta reifun frá samningamönnum ríkisstjórnarinnar á því um hvað þessir samningar mundu snúast. Um það máttum við ekki tjá okkur því um það ríkti trúnaður. Á sama tíma var forsætisráðherra í fjölmiðlum að tjá sig um það hvað stæði í þessum samningum. Ekki var verið að reyna að byggja upp neina samstöðu þá meðal þingmanna. Þannig var haldið á þessu máli frá upphafi af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að það var nánast ógerlegt og að mínu viti óhugsandi að um það mundi nokkurn tímann skapast samstaða af nokkru tagi hér á Alþingi sem var gríðarlega alvarlegur hlutur að gera og það er gríðarlega mikil ábyrgð sem hvílir á herðum forustumanna ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar.

Hins vegar hafa hlutirnir breyst í meðförum Alþingis og það er vel vegna þess að verkefnin sem blasa við okkur Íslendingum eru það stór og viðamikil að ekki veitir af því að við reynum þó alla vega að standa saman í gegnum brimskaflana og taka þær ákvarðanir sem eru bestar fyrir þetta land. Þar ber helst að nefna þá alþingismenn sem sitja í fjárlaganefnd og hafa setið löngum stundum, kvöld, morgna og fram á nótt við það að berja saman sameiginlega niðurstöðu sem liggur fyrir í dag. En sú var ekki raunin fyrir nokkrum vikum. Fyrir nokkrum vikum stóðum við enn í þingsalnum að reyna að kría út upplýsingar varðandi þessi mál.

Hér kom fram í máli hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar að misskilningur væri í gangi um það að við hefðum aldrei átt að sjá samningana. Það er þá djúpstæður misskilningur vegna þess að ég sit á Alþingi Íslendinga og ég upplifði það þannig að það væri ekki meiningin að ég fengi að sjá þennan samning. Hann var reifaður í fyrsta lagi mjög stuttlega fyrir okkur. Í annan stað komu þau skilaboð frá samstarfsmönnum forustumanna ríkisstjórnarinnar að vissulega fengi Ríkisendurskoðun afrit af samningunum sem mundi svo reifa það fyrir okkur þingmönnum eða þeim þingmönnum sem sætu í þeim nefndum sem málið varðaði. Þetta voru vinnubrögðin og það er gríðarlega alvarlegt að þannig hafi verið haldið á málum. En síðan gerist það einfaldlega í þinginu að hugrakkir alþingismenn sem sitja í fjárlaganefnd sérstaklega taka það einfaldlega upp hjá sjálfum sér að neita því að láta málið fara svona í gegnum þingið. Málið var í pattstöðu í fjárlaganefnd þar sem hugrakkir menn þar neituðu því að það færi svona í gegnum þingið. Og það er vel vegna þess að það versta sem hefði getað gerst fyrir þjóðina hefði verið það að málið hefði farið óbreytt í gegnum þingið í krafti meiri hlutans. Að ríkisstjórnarflokkarnir og forustumenn ríkisstjórnarflokkanna hefðu beitt sínu flokksagavaldi á þá þingmenn sem vildu í rauninni ekki samþykkja málið óbreytt. Þessum þingmönnum ber því að

þakka og þeim ber að hrósa í hástert og geri ég það hér með.

Jafnframt hafa ýmsir einstaklingar úti í samfélaginu lagt sig í líma við að lesa málsskjölin, kynna sér þau til hlítar, skrifa lærðar blaðagreinar, koma ábendingum til alþingismanna um það sem betur má fara í þessu máli og er það ómetanlegt framlag fyrir þjóðina að menn finni það upp hjá sjálfum sér að taka þátt í því að bjarga landinu okkar á þennan hátt. Það er gríðarlega mikilvægt að enn sé til þessi hugsun hjá Íslendingum og hana ber jafnframt að þakka.

Nú bera allir stjórnmálaflokkar sem sitja á Alþingi sína ábyrgð á þessu máli. Helst væri hægt að undanskilja Borgarahreyfinguna. En engu að síður berum við öll ábyrgð, allir stjórnmálaflokkar sem hér sitja, ábyrgð á þessu máli og ekki síst nú þegar við ætlum að fara að greiða atkvæði um það hvernig lyktir málsins verða í þinginu.

Það urðu stjórnarskipti fyrr á árinu. Fram að þeim tíma hafði Sjálfstæðisflokkurinn setið í ríkisstjórn og komið þessu máli, Icesave-samningunum í þann farveg með þingsályktun frá Alþingi 5. desember 2008 að það átti að reyna að leita pólitískra lausna. Hins vegar kom þá fram að tryggt væri að tekið yrði tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem hér á landi ríktu og að forsendur fyrir lausn málsins væru byggðar á því og tækju mið af sérstakri og fordæmalausri stöðu landsins. Jafnframt kom fram að ekki væri fallið frá þeim lagarökum sem Ísland hefði sett fram í málinu. Með þetta veganesti fór samninganefnd af stað til Breta og Hollendinga. Þannig var það. Síðan urðu ríkisstjórnarskipti, skipti á mönnum í samninganefndinni, sem ég ætla ekki að lasta hér, alls ekki, en hins vegar fékk nefndin þau skilaboð frá ríkisstjórninni, verkstjóranum í þessu máli, hvernig skyldi haldið á málinu og niðurstaðan er hræðilegur samningur þar sem hvergi er tekið tillit til hinna sameiginlegu viðmiða, hvergi er tekið tillit til þeirrar staðreyndar að Íslendingar voru beittir hryðjuverkalögum af Bretum, þar sem hvergi er tekið tillit til þess að málið allt byggir á því að við lögleiddum gallaða tilskipun frá Evrópusambandinu. Við skulum aldrei gleyma því að grunninn að þessu öllu saman er að finna hjá Evrópusambandinu, hinu heilaga Evrópusambandi sem Samfylkingin heldur fram að komi til með að redda öllum málum. Við skulum halda þessu til haga. Þetta er alls ekki gallalaust skipulag þarna úti í Brussel og við skulum halda þessu til haga og muna það í gegnum allt þetta ferli.

Virðulegi forseti. Ég hef haft miklar efasemdir um að okkur Íslendingum beri hreinlega að greiða þessar skuldir. Ég hef haft uppi miklar efasemdir um að það sé rétt af okkur að fara samningaleiðina og hvort ekki sé hreinlega betra fyrir okkur að láta Breta og Hollendinga sækja sinn rétt gegn okkur fyrir dómstólum. Ég hef enn þá þessar efasemdir í hjarta mínu. Ég hef þessar efasemdir og ég áskil mér þann rétt að hafa þessar efasemdir og halda þeim til haga í meðferð málsins hér á Alþingi. Hins vegar skil ég það vel að við erum í afskaplega þröngri stöðu og sérstaklega nú þegar ríkisstjórnin er búin að skrifa undir samningana án þess að hafa tryggt sér fyrir því meiri hluta Alþingis þannig að þeir vissu alla vega að þeir kæmu málinu í gegn. Þetta er bara ábyrgðarhluti að halda svona á málum og vekur manni efasemdir um það hvort þetta góða verkstjórnarvald sem átti að tröllríða landinu eftir stjórnarskiptin sé til staðar. Ég leyfi mér einfaldlega að hafa efasemdir um það.

Þrönga staðan gerir það hins vegar að verkum að lærðir menn í þinginu, ábyrgir alþingismenn settust niður í fjárlaganefnd eftir að ríkisstjórnarflokkarnir voru komnir algerlega í þrot með það að knýja málið í gegnum þingið og reyndu að finna skynsamlega lausn á málinu. Þar fæddust hinir lagalegu fyrirvarar og hinir efnahagslegu fyrirvarar. Efnahagslegu fyrirvararnir eru sterkir og hafa gríðarlega þýðingu þar sem þeir girða fyrir það að við þurfum að greiða það háar greiðslur árlega að þjóðin ráði hreinlega ekki við þær. Þetta er gríðarlega mikilvægt og vegna þeirrar umræðu sem fór fram hér í morgun og þeirrar ræðu sem hv. varaformaður fjárlaganefndar, Björn Valur Gíslason, hélt þar sem hann hélt því fram að frá 17. júlí hefðu ekki komið fram nein gögn í málinu sem skiptu máli, þá verður maður hreinlega hálfkjaftstopp (**BVG:** Hneyksli.) vegna þess að frá þeim tíma hefur málið gersamlega snúist við. Það mætti halda að sjálfur varaformaður fjárlaganefndar hefði verið einhvers staðar úti á sjó og ekki vitað hvað verið var að tala um á þinginu. Ég vil leyfa mér að fullyrða það að þessi vinnubrögð að koma upp í ræðustól og segja hluti sem þessa á svona viðkvæmum tímum þegar verið er að reyna að halda í samkomulag um þetta mál, þetta erfiða mál, að leyfa sér að koma hér og hrófla við því með þessum ábyrgðarlausa hætti er eitthvað sem ég tel að hans flokkur ætti að taka upp á næsta þingflokksfundi og hreinlega fara fram á afsökunarbeiðni.

Síðan hef ég haft ákveðnar efasemdir eftir að umræðan hófst í þinginu um þessar deilur eða mismunandi túlkanir á því hvað þessir fyrirvarar þýða fóru að koma í ljós. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þeir aðilar sem sátu í fjárlaganefnd og áttu þátt í að móta þessar tillögur gerðu það af heilum hug og hv. þm. Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson fóru yfir það í andsvari áðan að þeir telja að það sé fullkomlega gagnkvæmur skilningur á því meðal þeirra sem unnu að þessu hvernig ætti að túlka þetta. Það virðist hins vegar ekki vera hjá forsvarsmönnum stjórnarflokkanna og ýmsum talsmönnum sem hafa komið fram í dag. Það vekur hjá fólki eins og mér, sem hef fyrir miklar efasemdir um það hvort við séum á réttri vegferð, það vekur og styrkir mínar efasemdir. Þess vegna tel ég kristaltært að meðferð þessa máls sé ekki lokið í þinginu. Fjárlaganefnd hlýtur að taka það inn milli umræðna og fara vel yfir þetta og hnykkja á því hvað þessir fyrirvarar þýða. Það er algjörlega nauðsynlegt svo hægt sé að útkljá þetta mál í sæmilegum friði í þingsölum. Forsenda þess að hægt sé að standa við bakið á þessu máli er sú að menn viti hvað þessir fyrirvarar þýða. Hvaða afleiðingar hafa þeir? Það er einfaldlega þannig. Ég treysti fjárlaganefnd, sem hefur staðið sig gríðarlega vel í þessu máli, til að fara vel yfir þetta og ég krefst þess að hún fái þann tíma sem hún þarf til þess. Það liggur einfaldlega ekkert á því að þingmenn fari í sumarfrí. Ég leyfi mér bara að segja það. Við erum hér að fjalla um gríðarlega mikilvæga hagsmuni og það er einfaldlega ekki til fyrirmyndar að við förum á handahlaupum í gegnum þessa umræðu, að fjárlaganefnd fái ekki tíma til að hnykkja á þessum atriðum til að þingmenn komist í smáfrí. Vissulega eru þeir orðnir þreyttir og það er bara allt í lagi með það. Við buðum okkur

fram og okkur ber skylda til að klára þetta mál þrátt fyrir að það taki tíma. Við verðum einfaldlega að bíta á jaxlinn og gera það. Það er ekkert annað í boði.

Virðulegi forseti. Þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal flutti ræðu fyrr í dag þá tjáði hann sig um það að hann hefði áhyggjur af því hvernig kynning málsins gagnvart okkar erlendu viðsemjendum færi fram. Ég deili þessum áhyggjum með honum og ég vil hvetja til þess að þingheimur allur hugsi með hvaða hætti við getum talað okkar máli erlendis. Okkur Íslendingum hefur ekki farnast vel að gera það frá hruni og þar ber bæði fyrri ríkisstjórn og núverandi ríkisstjórn mikla ábyrgð. Nú stöndum við hins vegar hér, 63 þjóðkjörnir fulltrúar þjóðarinnar, við erum öll kosin af þjóðinni, (**PHB:** Með fjárveitingavald.) með fjárveitingavald og okkur ber einfaldlega að sinna því hlutverki okkar að berjast fyrir hagsmunum Íslendinga. Við öll hvert og eitt hérna inni getum gert það með þeim hætti að tala okkar málstað og útskýra það hvað við erum að gera á þingi í dag fyrir kollegum okkar erlendis. Það er það sem við eigum að gera. Það má heyra það, frú forseti, að mér líst ekki vel á það að Alþingi sé að fara í neitt frí.

Virðulegi forseti. Auk þess að fara yfir þetta í fjárlaganefnd milli umræðna hvaða þýðingu fyrirvararnir í raun hafa er algerlega nauðsynlegt að fara vel yfir það hvernig kynningu málsins verður háttað. Hvað muni gerast árið 2024. Ég tel að það þurfi að skerpa á því í orðalaginu, í fyrirvörunum. Ég tel að líta beri til þeirrar tillögu sem Indefence-hópurinn hefur lagt fram um það hvernig eigi að eyða óvissunni um lagalegt gildi fyrirvaranna. Ég tel að það sé fullrar athygli virði af hálfu fjárlaganefndar að fara vel yfir það. Ég tel að það sé vel þess virði að fá fram viðbrögð þeirra lærðu manna Ragnars Halls og Stefáns Más Stefánssonar á því hvernig fyrirvararnir líta út í dag eftir 2. umr. í þinginu. Ég tel að það sé mikilvægt að fá það fram. Þetta eru menn sem hafa kafað ofan í málin. Eins og ég sagði áðan eru efnahagslegu fyrirvararnir gríðarlega sterkir. Ég tel að það megi líta aðeins betur yfir þá lagalegu.

Frú forseti. Í nefndaráliti 1. minni hluta sem er nefndarálit sjálfstæðismanna í fjárlaganefnd er tekið fram að sjálfstæðismenn áskilji sér allan rétt til að leggja fram eða styðja breytingartillögur varðandi þetta mál og ég áskil mér þann rétt að sjálfsögðu líka. Ég hef farið yfir það hvaða efasemdir ég hef. Þær eru miklar og þær eru til staðar og ég krefst þess að á þær sé hlustað og um þær sé fjallað í fjárlaganefnd og ég veit að það verður gert. Úr þessu gengur ekki að fara á einhverjum handahlaupum yfir málið. Við klárum þetta með sæmd. Við getum þetta og við þurfum einfaldlega að einhenda okkur í verkefnið.

Frú forseti. Það er gríðarlega mikilvægt eftir að hafa farið í gegnum allt þetta erfiða mál í þinginu í gegnum alla þessa umræðu, í gegnum öll þessi fundahöld, það er gríðarlega mikilvægt að við drögum einhvern lærdóm af þessu öllu saman. Hvað stendur eftir eftir þetta sumarþing? Hvaða lærdóm ætlum við að taka með okkur eftir þessa reynslu? Ég tel að í fyrsta lagi þurfum við að læra það á þessu að í svona gríðarlega erfiðu ástandi verðum við að byggja á samstöðunni. Það er það sem á að vera undirliggjandi í öllum þeim ákvörðunum sem hér eftir verða teknar í þinginu og þeim málum sem lögð verða fram. Með þeim hætti komumst við á betri, einfaldari og hraðari hátt gegnum þær hremmingar sem fram undan eru. Þetta er ekki búið. Heimilin, íbúðareigendur og fjölskyldurnar í landinu, sitja núna og velta því fyrir sér hvenær Alþingi Íslendinga ætli að fara að fjalla um skuldastöðu heimilanna. Við erum búin að vera föst í prísund Icesave í átta vikur, sex vikur. Þetta er eftir. (**Gripið fram í:** Níu, tíu mánuði.) Það hefur ekkert mál verið lagt fram á þessu sumarþingi varðandi heimilin. Við skulum átta okkur á því. Það er margt eftir. Fjárlögin eru eftir. Við skulum því læra það á þessu að hugsanlega ræða saman, hugsanlega láta stjórnarliðar svo lítið að ræða við stjórnarandstöðuna og hafa hana með í ráðum þegar stórar ákvarðanir eru teknar í staðinn fyrir það að reyna að valta yfir menn hér og ætlast til þess að þingmál séu afgreidd án þess að menn fái að sjá grundvallarplögg í málum. Við skulum læra það af þessu máli að það gengur ekki. Við skulum líka læra það að ekki sé gáfulegt fyrir íslenska ríkisstjórn eða hvaða ríkisstjórn sem er að skrifa undir samninga án þess að vita hvort meiri hluti sé fyrir þeim á Alþingi. Við skulum líka læra það af þessu.

Jafnframt vil ég vekja athygli á því, frú forseti, að í nefndaráliti sjálfstæðismanna er tekið fram að Alþingi er hvatt til þess að beita sér fyrir rannsókn á þeirri meðferð sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn viðhafði í haust þar sem hann misbeitti valdi sínu í raun í þágu þriggja aðildarríkja á kostnað Íslands sem er stofnaðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ég tel gríðarlega mikilvægt að við gleymum ekki þessu atriði, þetta er gríðarlega mikilvægt. Við verðum, við erum stolt sjálfstæð þjóð þrátt fyrir allt. Við eigum framtíðina fyrir okkur en við getum ekki gengið með veggjum og látið kúga okkur. Það er ekki hægt. Við verðum að berja í borðið, við verðum að krefjast svara, við verðum að krefja Alþjóðagjaldeyrissjóðinn svara varðandi þetta mál og alþjóðasamfélagið allt vegna þess að þeirra er ábyrgðin, þeirra er ábyrgðin á því að við komumst lifandi í gegnum þetta allt saman.

[14:15]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur kærlega fyrir ræðuna, hún fór mjög vel yfir skoðanir sínar á þessu máli. Mig langar samt sem áður til að fá hana til þess að útskýra eitt aðeins betur: Er það ekki rétt skilið hjá mér að hv. þingmaður sé algjörlega ósammála túlkun hv. þingmanns Björns Vals Gíslasonar á því að samningunum hafi ekki verið breytt með nokkrum einasta hætti og, með leyfi forseta, að: „engar þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á frumvarpinu hreyfa við samningnum, þær breyta ekki samningnum.“

Þetta er sem sagt haft orðrétt eftir hv. þingmanni í ræðu hans frá í morgun. Ég vildi bara fá það algjörlega á hreint að hv. þingmaður sé ekki að taka undir orð Björns Vals varðandi þetta. Og þar sem hv. þingmaður hefur heilmikla lagakunnáttu sjálf mundi ég líka gjarnan vilja heyra meira um skoðanir hennar varðandi þetta lagalega gildi fyrirvaranna, vegna þess að hún talaði um að hún vildi gjarnan að fjárlaganefnd skoðaði þetta nánar. Ég mundi hins vegar gjarnan vilja heyra það ef hún sjálf ætti að skila inn lögfræðiáliti um þetta hvort hún telji að þessir fyrirvarar stand-

ist miðað við þær upplýsingar sem hún hefur í dag.

[14:16]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það algjörlega skýrt fram að ég er alls ekki sammála hv. þm. Birni Vali Gíslasyni (**BVG:** Þú ert oft sammála mér.) um það sem fram kom í ræðu hans, þ.e. að fyrirvararnir hefðu enga þýðingu varðandi það hvernig samningarnir væru túlkaðir og hvert gildi þeirra væri, þannig að það sé algjörlega á hreinu. Ég held að það hljóti að hafa skilist á ræðu minni áðan að mér var stórlega misboðið af þessum málflutningi hv. varaformanns fjárlaganefndar eftir allt sem á undan er gengið hér á þinginu. (Gripið fram í.) Stundum er einfaldlega betra að hugsa meira og segja minna.

Varðandi sérfræðiþekkingu mína sem lögfræðings í þessu máli er þetta einfaldlega frekar stórt mál og þeir lögfræðingar sem eru að skoða gildi fyrirvaranna hafa kannski ekki mörg fordæmi til að styðjast við en ég tel að það sé algjörlega ljóst að viðsemjendur okkar þyrftu að minnsta kosti að samþykkja og leggja blessun sína á þessa fyrirvara til þess að þeir séu bindandi. Ég tel það. Í fljóti bragði tel ég það. Þetta er samningur milli tveggja aðila, síðan kemur ríkisábyrgðin og í samningnum stendur „og eða ef“ — „og eða þegar“ ríkisábyrgðin verður samþykkt á Alþingi tekur samningurinn gildi, þannig að þetta er augljóst. Þetta varðar þessa aðila miklu og þeir hafa að sjálfsögðu skoðun á því, það hlýtur að vera, hvað Alþingi er að gera og það varðar hagsmuni þeirra gríðarlegu miklu, sérstaklega efnahagslegu fyrirvararnir. Þeir koma til með að hafa grundvallarafleiðingar á það hvaða heimtur þeir fá þegar fer að reyna á ríkisábyrgðina.

Ég tel því a.m.k. að þegar Alþingi hefur afgreitt þetta hér hafi þeir öll úrræði til þess að hafna samningnum.

[14:18]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir svörin. Ég verð að segja að ótti minn varðandi það að fyrirvararnir standist ekki fyrir breskum dómstólum er, held ég, aðeins meiri en hennar þar sem ég hef sett mikla fyrirvara við þessa fyrirvara.

Aðrir þingmenn í sama flokki hafa talað mikið um að þegar dæmt verði í þessu máli verði vísað til íslensku stjórnarskrárinnar. Það væri áhugavert að heyra frá þingmanninum hvort hún viti til þess að íslenska stjórnarskráin hafi eitthvert lagagildi fyrir breskum dómstólum og þá einnig, miðað við þá reiði sem kom upp hérna í þingsal við orð hv. þingmanns Björns Vals Gíslasonar, hvernig stendur þá á því að menn sætta sig við það að það sé ekki bara hann sem er að segja að samningurinn sé óbreyttur heldur séu það líka forustumenn stjórnarflokkanna sem hafa (Forseti hringir.) ítrekað sagt í fjölmiðlum að samningurinn sé óbreyttur og þessir fyrirvarar rúmist innan samningsins.

[14:19]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég hef miklar áhyggjur af því að forustumenn ríkisstjórnarflokkanna virðast ekki alveg hafa það á hreinu hvort þeir séu á sömu skoðun varðandi túlkunina og talsmenn flokkanna í fjárlaganefnd. Þess vegna fór ég yfir það í ræðu minni að það verður að ræða um þetta atriði á milli umræðna um málið í þinginu. Að öðrum kosti, ef það er rétt að fyrirvararnir hafi litla sem enga þýðingu, eins og hv. varaformaður fjárlaganefndar fór yfir, sem reyndar, og best að taka það fram, a.m.k. tveir hv. þingmenn, samflokksmenn hans, hafa tekið skýrt fram að sé ekki skoðun þeirra í málinu, það er gríðarlega mikilvægt að fara vel yfir það og leggja álit á því fyrir þingið fyrir lokaafgreiðslu málsins í þinginu.

Varðandi seinni spurninguna um stjórnarskrá Íslands fyrir breskum dómstólum þá veit ég ekki til þess að það hafi reynt á hana þar enda er málið í rauninni tvíþætt, annars vegar hvað varðar samningana, sem eru þá einkaréttarlegs eðlis, (Forseti hringir.) og svo hins vegar varðandi ríkisábyrgðina sem við erum að fjalla um hér í dag.

[14:21]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Erindið er, eins og hjá hv. þingmanni Eygló Harðardóttur hérna áðan, að spyrja út í áhrifin af þessari sprengju sem varaformaður fjárlaganefndar varpaði í þingsal í morgun. Getur hv. þingmaður tekið undir það með mér að það eitt að varaformaður fjárlaganefndar skuli tala með þessum hætti skapi töluverða óvissu um stöðu málsins, svo ekki sé minnst á þegar hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra tala á sömu nótum? Gefur það ekki fullt tilefni til þess að við förum mjög vandlega yfir málið í heild og komumst til botns í því? Getur þá hv. þingmaður tekið undir að það ætti að vera krafa af hálfu þingsins að a.m.k. einn breskur lögmaður með þekkingu á enskum lögum yrði fenginn til þess að fara yfir málið út frá hagsmunum Íslendinga?

[14:22]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fór yfir það ræðu minni áðan að ég tel að málið þurfi að klárast hér í þinginu með þeirri efnislegu umfjöllun sem þörf er á. Ég tiltók það sérstaklega að mér þætti engin ástæða til þess að þingið færi í sumarfrí. Við þurfum að klára þetta með sóma, við getum gert það og þurfum að sýna þau vinnubrögð sem eru þinginu sæmandi. Við getum ekki farið á handahlaupum í gegnum þetta. Þá segja þeir sem eru mér ekki sammála að þetta hafi nú aldeilis fengið umfjöllun allar þessar vikur í þinginu, en við erum bara stödd á þessum stað í dag eins og málið er. Við erum hér í dag. Það eru enn þá ýmsir þættir sem þarf að fjalla um, þar á meðal er stærsti þátturinn, þ.e. sá hvaða þýðingu fyrirvararnir hafa. Það er náttúrlega mál númer eitt, tvö og þrjú og það er atriði sem verður að fara í á milli umræðna. Hvort það verður virðulegur enskur lögmaður sem kemur hér til að gera það eða einhver annar sérfræðingur ætla ég ekki að gera neinar sérstakar kröfur um. Ég treysti mínu fólki í fjárlaganefnd og þeim sem þar sitja til þess að vega það og meta hvaða aðilar eru best bærir til þess að draga ályktanir um þetta, en vissulega mætti ætla að virðulegur, reyndur breskur lögmaður gæti veitt ráðgjöf að þessu leyti.

[14:23]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka svarið sem ég var sáttur við en vil í framhaldinu spyrja hv. þingmann: Ef ekki tekst að eyða þeirri óvissu sem skapast hefur um fyrirvarana er þá ekki eini raunhæfi kosturinn sá að Alþingi vísi málinu frá? Þá er ég ekki að tala um að Alþingi felli samningana heldur einfaldlega vísi þeim aftur til ríkisstjórnarinnar og feli henni það hlutverk eða hugsanlega einhverjum öðrum, að mynda nefnd sem væri skipuð fulltrúum allra flokka, til að halda áfram samningaviðræðum við Breta og Hollendinga og komast að ásættanlegri niðurstöðu.

[14:24]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Vissulega eru mörg sjónarmið og ólík uppi í þessu máli og vissulega kemur það fram í áliti 1. minni hluta í fjárlaganefnd að sjálfstæðismenn hafa ekki gefið frá sér þann rétt að koma með breytingartillögur eða samþykkja breytingartillögur sem þeim þykir vert að líta yfir á seinni stigum málsins. Ég útiloka því ekki neitt í þessu efni.

Hins vegar er gríðarlega mikilvægt að við fáum að klára efnislega umfjöllun um málið. Það er einfaldlega grundvallaratriði eftir alla þessa vegferð sem við höfum lagt í hér, þjóðin öll og þingið, að við klárum þetta, að við hendumst ekki núna til, af því að við erum búin að vera svo lengi, eins og það sé einhver kvóti á því hvað tíma á að gefa í þetta mál. Við tökum einfaldlega þann tíma sem þarf og ég tel að ég sem þingmaður þjóðarinnar eigi rétt á því að taka upplýsta ákvörðun.

[14:25]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu svo mikið sem ég náði af þeim ágæta málflutningi, en mér líkaði vel það sem hv. þingmaður hafði fram að færa, sérstaklega áhersluna á það að Alþingi Íslendinga fari með mjög vönduðum hætti yfir þetta mál vegna þess að við erum að tala hér um stærstu skuldbindingu sem íslensk þjóð hefur undirgengist í lýðveldissögunni trúlega.

Ég vil því spyrja hv. þingmann í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað hér í þinginu í dag og í gær hvort hún telji ekki að það hafi verið fullsnemmt að taka málið út úr fjárlaganefnd aðfaranótt laugardagsins í ljósi þess að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu og stjórnarliðar hins vegar túlka niðurstöðu nefndarinnar með gjörólíkum hætti. Sjálfstæðismenn segja að sú niðurstaða sem fyrirvarar meiri hluta fjárlaganefndar sé séu í raun og veru nýir samningar á meðan fulltrúar stjórnarmeirihlutans tala um að þetta rúmist innan rammans og hafi í raun og veru engin áhrif á samningana sem slíka. Það tók náttúrlega steininn úr í morgun þegar varaformaður fjárlaganefndar kom í umræðuna og sagði að þessir fyrirvarar hefðu litla sem enga þýðingu.

Ég spyr því hv. þingmann hvort hún telji ekki að það hafi verið mistök í ljósi þessa að menn hafa greinilega lagt mismunandi mat á niðurstöðu meiri hluta fjárlaganefndar að taka málið út aðfaranótt laugardagsins og það hefði verið vert að halda fleiri fundi þannig að menn næðu sameiginlegri niðurstöðu í þessu.

Að því gefnu að fyrirvararnir hafi raunveruleg áhrif vil ég einnig spyrja hv. þingmann að því hvort hún hyggist styðja þá breytingartillögu okkar framsóknarmanna um fyrirvara á þá leið að við borgum ekki vexti af þessum Icesave-samningum frá og með síðustu áramótum heldur frá og með 27. júlí. Þar munar 25 milljörðum kr. Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra að þessu í gær og hann kvað að við ættum að greiða þessi 25 milljarða þó að við séum ekki enn búin að afgreiða ríkisábyrgðina hér frá Alþingi Íslendinga.

[14:28]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er spurð að því hvort mér hafi þótt nefndin fara geyst í það að taka málið út úr nefnd. Ég tel að það hafi í rauninni ekki verið hægt að koma málinu mikið lengra í nefndinni á því stigi. Ég á ekki sæti sjálf í fjárlaganefnd og ég sé í rauninni ekki að þau sjónarmið sem hafa komið fram í umræðunni í dag og í gær hefðu endilega komið fram í nefndinni, vegna þess að það eru ekki nefndarmenn sem eru að gera ágreining hér um það hvernig eigi að skilja fyrirvarana o.s.frv., það eru aðrir þingmenn. (Gripið fram í.) Ja, hv. þingmenn vita að varaformaður fjárlaganefndar var ekki mjög mikið viðlátinn þessa meðferð málsins þannig því sé haldið til haga (**REÁ:** Hann var á sjónum.)

Ég fagna því að fá að leggja orð í belg hér á þessu stigi málsins og ég tel í rauninni að það sé nauðsynlegt, en vil jafnframt ítreka þá afstöðu mína að nú fer málið aftur inn í nefnd og verður að fá umfjöllun þar. Ég trúi ekki öðru en að það sé að fara að gerast vegna þess að það er gríðarlega mikilvægt að þeim spurningum sem hér er haldið á lofti sé svarað í nefndinni eða þeim sé a.m.k. velt upp.

Varðandi breytingartillögu framsóknarmanna um vextina hef ég ekki tekið afstöðu til þess og gef hv. þingmanni hér með skotleyfi á það að sannfæra mig um ágæti tillögunnar. Í mínum eyrum hljómar hún ágætlega, hún gerir það. En við vitum það öll undir hvers lags álagi þingstörfin hafa verið í þessari viku. Umræður hófust hér í gærmorgun klukkan níu og þá var dreift í fyrsta skipti nefndaráliti 1. minni hluta og 2. minni hluta ásamt öllum fylgiskjölum sem og breytingartillögum þannig að ég held að ég sé að verða komin að þeim punkti nú í yfirlestri mínum að ég fari að leggjast yfir breytingartillögur framsóknarmanna og hvet þá einfaldlega til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingmenn.

[14:30]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessi svör. Ég ætla ekki að leyna því að í opinberri umræðu höfum við framsóknarmenn legið undir því ámæli að vera að mála okkur út í horn í þessari umræðu um þennan samning og þessa skuldbindingu sem mögulega er verið að fara að setja yfir íslensku þjóðina og sumir fjölmiðlar hafa viljað mála mynd flokksins ansi dökka í þeim efnum. En ég vil fagna því að í dag og í gær eru margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins og jafnvel annarra flokka að taka undir þau sjón-

armið sem við framsóknarmenn höfum lagt fram í þessum efnum að það sé í raun og veru ekki hægt að samþykkja þennan samning með þessum fyrirvörum eða eins og hann lítur út í dag. Þess vegna er nauðsynlegt að taka málið aftur inn til fjárlaganefndar og fjalla um mörg álitaefni til viðbótar. Mér heyrist því á umræðum hér að framsóknarmenn á Alþingi hafi ekki verið að mála sig út í horn, það séu fleiri að komast á það að eitthvað þurfi að breyta þessu frekar, a.m.k. þurfi að fjalla mun meira um þetta mál heldur en verið hefur, enda er um eitt stærsta mál lýðveldissögunnar að ræða.

[14:31]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson kom inn á er þetta eitt stærsta mál lýðveldissögunnar sem hér er um rætt og því væri í hæsta máta mjög óeðlilegt ef þingmenn vildu ekki tjá sig mikið um það og jafnframt einhverjir þeirra leggja fram einhverjar breytingartillögur þannig að ég einfaldlega er ánægð með það að framsóknarmenn hafi þó eitthvað til málanna að leggja og tel það ágætt. Hins vegar hafa breytingartillögurnar ekki fengið mikla umræðu í umfjöllun þingsins. Það er því kannski ráðlegt fyrir hv. þingmenn framsóknarmanna að fara að gera breytingu þar á og fara að kynna þessar breytingartillögur og tala fyrir þeim í þinginu.

[14:32]

Útbýting:

Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 160. mál, nál. allshn., þskj. 341.

[14:32]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegur forseti. Við ræðum við 2. umr. frumvarp ríkisstjórnarinnar um heimild til fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, svokallað Icesave-mál. Þessi umræða, sem hefur staðið í tvo daga, allan gærdag fram að miðnætti og svo núna í dag, hefur um margt verið ágæt og ég verð að segja að það er margt sem hefur komið fram sem gerir það að verkum að málið þarf að vinnast betur og því er ég ánægð með að tekin hafi verið um það ákvörðun að taka málið til nefndar á milli umræðna vegna þess að það eru fjölmörg atriði sem hafa verið rædd sem þarf að taka til frekari skoðunar.

Það sem er að gerast í þessu máli er mjög einfalt. Ríkisstjórnin kom heim með samning sem hefur verið lýst með ýmsum orðum. Áður en hann var samþykktur var boðað að þetta væri glæsileg niðurstaða. Síðan varð niðurstaðan bærileg og svo þegar samningurinn var kynntur og fjármálaráðherra stóð hér við 1. umr. þá snerist þetta um að þetta var eini samningurinn sem mögulegur var í stöðunni og það átti reyndar allt að vera okkur sjálfstæðismönnum að kenna en það er önnur saga.

Það sem er að gerast núna, eftir mjög ítarlega og vandaða vinnu fjárlaganefndar í allt sumar frá því í júní, er að ríkisstjórnin er gerð afturreka með málið. Það er búið að kollvarpa málinu. Í grunninn er þetta nýr samningur sem við erum að fjalla um, gagntilboð til Breta og Hollendinga sem þeir verða að taka afstöðu til. Gleymum því ekki að það sem er búið að gerast í allt sumar er að ríkisstjórnin eða reyndar hluti ríkisstjórnarinnar er búinn að fullvissa okkur hér, tala fyrir því, berjast fyrir því við okkur og við íslensku þjóðina í fjölmiðlum um það að þessi samningur sem fyrir liggur sé mjög góður, að þessi samningur sé þannig að það þurfi enga fyrirvara að setja við hann, þetta sé eitthvað sem íslenska þjóðin geti alveg staðið undir og að þetta sé einfaldlega málið sem við eigum að kvitta upp á. Samfylkingin hefur verið algjörlega sammála í þessu og hefur ekki mátt á það minnast við þá að breyta samningnum með einhverjum hætti. Vinstri grænir eru klofnir þannig að ríkisstjórnin er klofin og það hefur reyndar komið í ljós að það var greinilega ekki ríkisstjórnarsamþykkt fyrir þessu stóra máli sem er með ólíkindum. Að svona stór samningur sem ríkisstjórnin skrifar undir, fjármálaráðherra skrifar undir fyrir hönd íslenska ríkisins, að ekki sé ríkisstjórnarsamþykkt fyrir honum. Ég held að þetta hljóti að vera nýbreytni í íslenskri stjórnsýslu og það hefur náttúrlega komið í ljós að vegna þess að ekki var ríkisstjórnarsamþykkt fyrir þessum samningi, þá hefur ríkisstjórnin verið í bölvuðum vandræðum með þetta í allt sumar. Því var það þannig að fjárlaganefnd stóð frammi fyrir nokkrum valkostum og það hefur verið farið ítarlega yfir það hér og í lokin náðist um það samstaða, það var ekki ríkisstjórnin í heild sinni sem fékk stjórnarandstöðuna með sér í lið til að ná einhverri samstöðu um breytingar, nei, nei, það var hluti ríkisstjórnarinnar, andófsmennirnir í ríkisstjórninni sem náðu samstöðu með stjórnarandstöðunni til að sannfæra Samfylkinguna og hluta Vinstri grænna um að þetta væri leiðin til að bæta þessa samninga, gera þá þannig úr garði að íslenska þjóðin gæti staðið undir þessu. Efnahagslegu fyrirvararnir eru að sjálfsögðu það allra mikilvægasta í því.

En eins og umræðan í dag hefur berlega sýnt og eins og umræðan í gær hefur líka sýnt er ekki algjörlega einn skilningur á því hvað það þýðir að gera þessa fyrirvara við samninginn. Það eru nokkur atriði í þessu máli sem ég óttast um. Og þrátt fyrir það að Sjálfstæðisflokkurinn hafi lýst yfir stuðningi við breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar, og ég vil ítreka það að Sjálfstæðisflokkurinn tók málið ekki út úr fjárlaganefnd heldur var það meiri hluti ríkisstjórnarinnar og Borgarahreyfingarinnar sem tók málið út og skrifaði upp á álitið, en Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst því yfir að hann muni styðja þær breytingartillögur sem meiri hlutinn lagði til, enda voru þær breytingartillögur tillögur okkar sjálfstæðismanna sem við höfum barist fyrir í gegnum þetta ferli. En vegna ákveðinnar óvissu sem er nú uppi og kom m.a. fram í máli varaformanns fjárlaganefndar í morgun þá óttast ég að ríkisstjórnin geti klúðrað þessu máli aftur. Ég segi aftur vegna þess að það er ekki í fyrsta sinn. Ég óttast að fyrirvararnir haldi ekki af einhverjum ástæðum.

Mér er sagt af lögfróðara fólki en ég er að þetta eigi að vera skothelt og á bls. 19 í minnihlutaáliti okkar sjálfstæðismanna er rætt um fyrirvarana og ég vil fá að lesa, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn hefur valið þann kost að samþykkja ríkisábyrgð með ákveðnum fyrirvörum sem að mati 1. minni hluta fela í sér verulegar breytingar á Icesave-samn-

ingunum. Nauðsynlegt er að undirstrika að fyrirvarar eru óaðskiljanlegur hluti samþykktar Alþingis á ríkisábyrgðinni til að fyrirbyggja að haldið sé fram að ríkisábyrgðin gildi en fyrirvararnir ekki.“

Gott og vel. Þetta er okkar skilningur. Þarna erum við algerlega gallhörð á því að fyrirvararnir séu hluti samningsins og þetta sé nýr og breyttur samningur. Ég óttast að Bretar og Hollendingar geti af einhverjum ástæðum snúið málum þannig að þeir fallist ekki á fyrirvarana og láti samninginn, þennan ömurlega samning sem samninganefndin kom heim með og fjármálaráðherra ber ábyrgð á, standa. Það er verkefni dagsins í dag að koma í veg fyrir að þessi óvissa verði enn þá til staðar þegar við göngum til atkvæða um þetta mál. Óvissan er fyrst og síðast vegna þess hvernig ríkisstjórnin hefur talað sjálf. Ríkisstjórnin heldur því fram að þetta séu ekki nýir samningar. Hæstv. forsætisráðherra talar um fyrirvarana sem varnagla. Í mínum huga er það ekki nógu sterkt orð yfir þessa fyrirvara að kalla þá varnagla. Varnaglar eru í mínum huga eitthvað allt annað.

Hæstv. utanríkisráðherra segir að það þurfi skapandi hugsun til að koma því þannig fyrir að fyrirvararnir rúmist inni í samningnum. Hæstv. fjármálaráðherra var hálfpirraður á mér í gær í umræðunni þegar ég spurði hann hvernig hann gæti haldið því fram að þetta sé sami samningurinn þegar fyrirvararnir kollvarpa samningnum í öllum aðalatriðum. Þá varð hann hálfpirraður á mér og sagði það ábyrgðarhlut að tala þannig að viðsemjendur okkar mundu ekki taka því þannig að við værum að brjóta samninginn. En, frú forseti, ég tek undir með formanni Sjálfstæðisflokksins að ég held að það sé bara mjög gott að viðsemjendur okkar heyri það að við séum ekki að samþykkja þennan samning eins og hann er vegna þess að ef þeir af einhverjum ástæðum hafa þá skoðun og þá túlkun að við séum að samþykkja samninginn óbreyttan þá erum við Íslendingar í mjög vondum málum og það er eitthvað sem ég get ekki fallist á þannig að þetta þarf algerlega að komast á hreint. Ég vil benda á álit þjóðréttarfræðings utanríkisráðuneytisins sem sendi fjárlaganefnd minnisblað fyrr í dag þar sem hann í rauninni áréttar þetta sjónarmið. Hann segir, með leyfi forseta:

„Sé fyrirvaraleiðin farin eins og nú er gert ráð fyrir er nauðsynlegt að fyrir liggi að fyrirvararnir séu óaðskiljanlegur hluti samþykktar Alþingis á ríkisábyrgðinni til að fyrirbyggja að hinir samningsaðilarnir geti haldið því fram ríkisábyrgðin gildi en fyrirvararnir ekki. Brýnt er jafnframt að samþykki hinna samningsaðilanna á fyrirvörunum liggi með einum eða öðrum hætti fyrir áður en Icesave-samningarnir öðlast gildi til þess að enginn vafi leiki á um réttarstöðuna.“

Þetta er nákvæmlega það sem skiptir öllu máli hér og það er þetta sem hæstv. fjármálaráðherra kallaði í andsvari við mig í gær að Alþingi fari að standa í samningaviðræðum við Hollendinga og Breta. Hann gerði lítið úr því, sagði að við þyrftum að samþykkja þessa fyrirvara frá okkar hendi og síðan væri það þeirra að meta það hvort þeir teldu að þeir rúmuðust innan samnings eða utan. En þetta er bara hlutur sem við verðum að fá á hreint eins og þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins bendir á.

Ég vil líka benda á Indefence-hópurinn hefur áhyggjur af því sama og við sjálfstæðismenn, þ.e. mismunandi túlkun manna á þessu og hvort fyrirvararnir gildi ekki örugglega vegna þess að það má ekki gerast að þessir samningar verði samþykktir óbreyttir. Það má ekki gerast. Og það er ekki það sem við sjálfstæðismenn vorum að taka þátt í að ná samstöðu um innan fjárlaganefndar. Indefence bendir á að það sé einföld leið til að tryggja það í lagatextanum sjálfum að þar komi fram að lögin taki ekki gildi fyrr en Bretar og Hollendingar hafi viðurkennt fyrirvarana. Þá spyr ég: Hæstv. forsætisráðherra, og það er alveg makalaust að alltaf í þessari blessuðu umræðu eru fulltrúar stjórnarflokkanna hvergi sjáanlegir. Ég sé þrjá ágæta þingmenn stjórnarandstöðunnar sem mér þætti mjög gaman að eiga orðastað við og ég geri það mjög reglulega. Ég kalla eftir því að það fólk sem ber ábyrgð á þessum gjörningi sé hér og sýni okkur þingmönnum þá virðingu að vera í salnum. Og fyrst ég er farin að kalla eftir fólki vil ég benda á að nú við 2. umr. þessa máls er enn á ný fjarstaddur fyrrverandi bankamálaráðherra, hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra, núverandi hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem ég kallaði eftir við 1. umr. að kæmi hér og setti sig á mælendaskrá og talaði í þessari umræðu vegna þess að það er með ólíkindum að hér hefur verið talað um það hver beri ábyrgð á hverju, hver gerði hvað og hvenær og þarna erum við með mann sem var þátttakandi í atburðarásinni frá fyrstu hendi. Hann var þátttakandi í henni allri og við þingmenn eigum kröfu á að þingmaðurinn komi hingað, flytji ræðu, skýri sitt sjónarmið hver sagði hvað, hvenær og við hvern og hver ber ábyrgð á hverju og gefi okkur færi á að ræða við hann í þingsal fyrir framan alþjóð um þessi mál. Þetta er með ólíkindum. Ég skoðaði mælendaskrána áður en ég kom í stólinn og hv. þingmaður er ekki enn þá kominn á mælendaskrá sem mér finnst hreinlega með ólíkindum. Ég kalla eftir því að frú forseti geri ráðstafanir til að koma þeim skilaboðum til forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar og hv. þingmanns að ég óski eftir því að þau sitji í þingsal og eigi við okkur skoðanaskipti undir þessari umræðu.

Það sem ég var farin að segja áðan þegar ég afvegaleiddist um stund var það að hæstv. forsætisráðherra sagði hér í gær að hafnar væru viðræður við Breta og Hollendinga á embættismannastigi um fyrirvarana, það væri verið að þýða þá og hafin væru einhver samtöl og samskipti á milli embættismanna um þetta mál þannig að það væru byrjaðar einhverjar þreifingar við viðsemjendur okkar. Ég fer fram á það og óska eftir því að fjárlaganefnd Alþingis fái þau samskipti sem komin eru. Ég trúi því ekki að þau samskipti um þetta mikilvæga mál séu einungis símleiðis, ég trúi ekki öðru en að á milli hafi gengið einhvers konar bréfaskriftir, tölvupóstar, bréf eða einhvers konar samskipti. Ef það eru símtöl hlýtur verklagið að vera þannig að þau séu tekin upp og skrifuð upp. Ég tel að það sé algjörlega nauðsynlegt að fjárlaganefnd Alþingis fái öll þessi samskipti núna þegar málið verður tekið inn til nefndarinnar á milli umræðna. Ég geri ekki lítið úr því að þetta er eflaust mjög viðkvæmt allt saman og þarna eru upplýsingar sem eiga ekkert erindi út á þessu stigi. Og ég veit að allir nefndarmenn í fjárlaganefnd mundu glaðir skrifa undir hvers konar trúnaðaryfirlýsingu um þessi mál til þess að við þingmenn getum verið algjörlega fullviss um það að þegar

við greiðum um þetta frumvarp atkvæði haldi þeir fyrirvarar sem við erum að setja hér sem algjört skilyrði. Þetta er of mikilvægt mál til þess að um það sé einhver lagaleg óvissa.

Af hverju skyldum við ekki treysta hæstv. ríkisstjórn til þess að taka greinilegum fyrirmælum Alþingis og fara með þau til útlanda eftir að við værum búin að samþykkja þetta og tala máli okkar við stjórnvöld í þeim ríkjum og berjast fyrir okkur? Af hverju ættum við ekki að trúa því þegar við erum greinilega að búa til mjög þrönga, harða forskrift fyrir ríkisstjórnina í þessu máli, við erum að veita þessa ríkisábyrgð með algjörlega kristaltærum skilyrðum? Það er vegna þess — og nú tala ég fyrir mig — að ég treysti ekki þessari ríkisstjórn til þess. Af hverju treysti ég ríkisstjórninni ekki til að gera það? Vegna þess að þegar fjármálaráðherra skrifaði undir samninginn fór hann ekki eftir forskrift Alþingis sem þá lá fyrir í þingsályktun frá því í desember í fyrra þar sem sagt var að það ætti að setja ferlið í pólitískan farveg og það ætti að reyna að leita samninga en jafnframt voru klár fyrirmæli frá Alþingi í þessari þingsályktun að það væri ekki sama hvaða samning væri komið með heim. Það var klárt að ef sú staða kæmi upp að samningar sem við gætum sætt okkur við mundu ekki nást yrði bara að taka aðra ákvörðun þegar við værum komin að þeim punkti.

Ríkisstjórnin fór ekki eftir þessari forskrift Alþingis og þess vegna treysti ég henni ekki, þó svo að fyrirvararnir séu svona skýrt afmarkaðir, án þess að við séum með eitthvað í hendi frá viðsemjendum okkar um það hvernig þeir túlka þetta — og sérstaklega ekki eftir ræðu hv. þingmanns í morgun, Björns Vals Gíslasonar, varaformanns fjárlaganefndar, sem hafði greinilega allt aðra túlkun. Og jafnvel þótt starfandi formaður fjárlaganefndar og formaður fjárlaganefndar og jafnvel einhverjir fleiri sem ég hef ekki heyrt í hérna í umræðunni í dag séu búnir að koma hér trekk í trekk og lýsa ummæli þingmannsins algjörlega út úr kortinu, þá treysti ég því ekki og vil heyra það frá Bretum og Hollendingum sjálfum. Ég held að við þingmenn eigum einfaldlega heimtingu á því.

Þess vegna segi ég það að við þurfum að fá þessi samskipti sem komin eru, við þurfum að fá þá aðila sem hafa átt í þessum samskiptum fyrir fjárlaganefnd til að nefndarmenn geti spurt og fengið það á hreint hvernig þessi samskipti hafa átt sér stað.

Virðulegi forseti. Þessi tími líður ótrúlega hratt. Það var margt sem ég ætlaði að ræða hér sem verður að bíða betri tíma, en ég ítreka mikilvægi þess að þessi atriði séu skýrð vegna þess að við getum alveg gert okkur í hugarlund hvernig menn ætla að kynna samningana út á við, þessir sömu ríkisstjórnarflokkar sem fóru af stað og náðu glæsilegu niðurstöðunni. Hvernig ætla þeir að kynna hana? Ætla þeir að kynna hana eins og þeir tala hér, að þetta sé óbreyttur samningur, að þetta séu einhverjir minni háttar fyrirvarar. Það eina sem við þurfum sé skapandi hugsun til að troða fyrirvörunum inn í samninginn? Þá eru það ekki þeir fyrirvarar sem ég samþykkti að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins stæði að. (Forseti hringir.) Þetta atriði þarf að komast að niðurstöðu um áður en lengra er haldið.

[14:52]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka kærlega fyrir góða ræðu hjá hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur. Það sem ég mundi gjarnan vilja fá aðeins betri útskýringar á frá hv. þingmanni er hvort það sé rétt skilið hjá mér að þingmaðurinn mundi vilja sjá fyrirvara setta við gildistöku ríkisábyrgðarinnar. Erum við þá að tala um að það verði einhvern veginn tengt við m.a. held ég í breska samningnum, 12. gr., um það hvernig skuli staðið að breytingum á samningnum og að það verði þá algjörlega skýrt að ríkisábyrgðin muni ekki taka gildi fyrr en allir samningsaðilar eru búnir að samþykkja þá fyrirvara sem við erum að setja og þar með verði í raun settur varnagli við fyrirvarana?

Síðan mundi ég gjarnan vilja heyra aðeins frekar frá hv. þingmanni um skoðanir hennar á ræðu, sem ég tel að eigi eftir að verða alræmd í Íslandssögunni, ræðu varaformanns fjárlaganefndar, hv. þingmanns Björns Vals Gíslasonar. Ég ætla að fá að vitna aðeins í ræðu hans, með leyfi forseta:

„… flestum þeim athugasemdum og gagnrýnisröddum sem heyrst hafa hefur verið svarað með málefnalegum rökum og flestar þær gagnrýnisraddir hafa hljóðnað. Allar þær gagnrýnisraddir sem hafa heyrst frá fyrsta degi hafa hægt og bítandi hljóðnað. Og hvers konar samningar ætli það séu sem standa af sér slíka gegnumlýsingu og slíka umræðu? Ætli það séu vondir samningar, virðulegi forseti, eða slæmir samningar eða jafnvel ónýtir sem standa þó enn þann dag í dag í þessari umræðu óhreyfðir, óbreyttir, hvert einasta orð? Nei, það eru ekki vondir samningar, það eru ekki ónýtir samningar sem standa slíkt af sér. Það eru góðir samningar sem standa slíkt af sér.“

Hvað finnst þingmanninum um þessa ræðu og þessi orð frá hv. varaformanni fjárlaganefndar?

[14:54]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessi ræða er kostuleg og ég get sagt það mjög skýrt að ég gæti ekki verið meira ósammála einum þingmanni en þeim sem þar talar. Það er með ólíkindum að þingmaðurinn, sem er varaformaður fjárlaganefndar, tali með þessum hætti og eins og ég vakti athygli á í ræðu minni er það með ólíkindum að hér komi stjórnarliðar upp hver af öðrum til þess að lýsa því yfir að þingmaðurinn sé ekki að tala fyrir þá. Þingmaðurinn, varaformaður fjárlaganefndar, sem að vísu var fjarstaddur við önnur störf þegar nefndarstarfið fór fram, skilur greinilega ekki um hvað málið snýst. Þess vegna tel ég að þetta sé alveg með ólíkindum.

Varðandi spurninguna um fyrirvara við gildistökuna, og mér líst ágætlega á það orðalag að segja að það sé varnagli við fyrirvarana, eins og hv. þingmaður nefndi það, þá er ég í rauninni að tala um það. Mér líst mjög vel á þá leið sem Indefence-hópurinn kemur með, eins og þeir segja sjálfir, þetta er einföld leið til þess að eyða þessari óvissu. Það er markmiðið með þessu öllu saman að gera ríkisábyrgðina þannig að það sé engin óvissa um það hvað hún felur í sér, að við séum ekki að búa til lagalega óvissu um þetta. Við erum að segja: Við erum með þessi skilyrði við samninginn. Hann mun ekki taka gildi fyrr en þessum skilyrðum er fullnægt, og þannig er það. Við munum ekki láta samning-

inn gilda eins og var skrifað undir hann af hálfu fjármálaráðherra, hann er ekki í gildi lengur. Hér er gagntilboð, gjörið þið svo vel, við erum búin að kollvarpa þessu. Við erum búin að reka ríkisstjórnina heim með þetta. Það þarf að vera skýrt alls staðar að það sé meiningin.

[14:57]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hefur mikið verið talað í umræðunni hérna um mikilvægi samstöðu og ég gæti trúað því að það næðist kannski samstaða um þetta atriði, að setja svona varnagla við fyrirvarana þannig að það væri algjörlega skýrt að það væru ekki eingöngu við sem skildum þessa fyrirvara á sama hátt, þ.e. þeir 63 þingmenn sem sitja hérna á Alþingi Íslendinga, heldur einnig Bretar og Hollendingar. Það hefur margítrekað komið fram á þeim tveimur mánuðum sem við höfum verið að fjalla um þessa samninga að menn hafa misskilið þá fram og til baka og eins og kom fram í tilvitnun í hv. þingmanns, varaformann fjárlaganefndar, virðast menn enn þá vera á fullu að misskilja þessa samninga.

Það sem ég hef hins vegar mestar áhyggjur af varðandi ummæli hv. þingmanns og slæ minn eigin varnagla á það hvort við mundum ná þessari samstöðu um gildistöku ríkisábyrgðarinnar er það að forustumenn stjórnarflokkanna hafa tekið undir orð þingmannsins. Þeir hafa fullyrt að um sé að ræða óbreyttan samning, nákvæmlega eins og varaformaður fjárlaganefndar sagði í ræðu sinni. Hann er að vísu ekki eini fulltrúi Vinstri grænna sem hefur komið hér upp í umræðunni og fullyrt þetta, mér skilst að hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir hafi líka sagt það í sinni ræðu. Getur verið að þetta sé viðhorf þeirra gagnvart þessu, að um sé að ræða óbreyttan samning þannig að það sé bara verið að slá ryki í augun á okkur með því að samþykkja þessa fyrirvara?

[14:58]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil ekki trúa því að það sé þannig. Ég hlustaði hér á hv. þm. Lilju Mósesdóttur í gær og þingmaðurinn virkar yfirleitt mjög einlæg í því sem hún er að gera, en hún virkaði ekki mjög einlæg í því þegar hún sagði að þetta væri sami samningurinn og að það væri verið að staðfesta samninginn, vegna þess að við mundum standa við skuldbindinguna ef efnahagsþróunin væri þannig. Og vonandi verður efnahagsþróunin þannig að við getum staðið við allt, en við vitum alveg hvernig það er.

Þá sagði hún: Þá gerist það bara ef þeir sætta sig ekki við þetta, þá fella þeir bara samninginn. Hún skilur það því alveg, hv. þm. Lilja Mósesdóttir, ég held að hún skilji nákvæmlega hvað í þessu felst, og ég held að aðrir þingmenn stjórnarflokkanna skilji það líka (Gripið fram í.) með einstaka undantekningum. En ég tek undir með hv. þingmanni að það veldur mér áhyggjum hvernig talað er um þetta. Ég held að það sé ákveðinn glannaskapur fyrir hæstv. ráðherra og hv. þingmenn að fara út með þessi skilaboð því eins og margoft hefur komið fram í umræðunni er allt sem við segjum hér þýtt, það er farið með það beint til viðsemjenda okkar og erum við einhverju bættari með það að viðsemjendur okkar haldi að við séum að standa við samninginn, að þetta sé nákvæmlega sami samningurinn? Ég held ekki.

Ég tek undir með þingmanninum að það sé mikilvægt að allir skilji þetta, þannig að ef við getum náð samstöðu um þennan varnagla við fyrirvarana held ég og tek undir með hv. þingmanni að það væri í raun mikil blessun því þá gætum við kannski lokið þessu máli þannig að við værum öll sátt við það og við værum sátt við þá túlkun af því að það er bara ein túlkun.

Frú forseti. Ég sá að starfandi varaformaður fjárlaganefndar rak nefið hér inn þannig (Forseti hringir.) að — ég hef ekki tekið eftir því að orð mín um það að fá hingað í salinn fleiri stjórnarliða hafi haft mikil áhrif, en ég ítreka (Forseti hringir.) það sem ég sagði hér áðan að mér finnst það mikil óvirðing við þetta stóra mál og við okkur þingmenn að þetta fólki sitji ekki hér og fer fram á að þau komi hingað og sérstaklega hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson.

[15:01]

Forseti (Siv Friðleifsdóttir):

Forseti mun athuga hvort hægt sé að ná í forustumenn ríkisstjórnarflokkanna. Forseti veit að hæstv. forsætisráðherra er á svæðinu og mun gera ráðstafanir til að athuga hvort hæstv. forsætisráðherra geti komið og hefur einnig beðið um að það verði kannað hvort hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sé á svæðinu.

[15:02]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Klukkan var byrjuð áður en ég mætti á svæðið. Það er ekki gott ef byrjað er á að snuða mann um tíma. (Gripið fram í.) Já, þetta er að verða grunsamlegt.

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða um grafalvarlegt mál eins og við vitum sem er búið að taka langan tíma. Ég tek undir með hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur að fjarvera stjórnarliða er mjög áberandi í þessu máli. Nú var það þannig að hæstv. fjármálaráðherra viðhafði mjög stór orð þegar hann var í stjórnarandstöðu um það þegar ráðherrar voru ekki viðstaddir umræður. En ég man ekki eftir því að það hafi einu sinni komið upp að þeir sem töluðu fyrir málum innan þingsins væru ekki viðstaddir þegar vinstri flokkarnir voru í stjórnarandstöðu. Virðulegur forseti. Ég man ekki eftir því en ég vek athygli á því að hér er hvorki formaður né varaformaður þeirrar nefndar sem um þetta mál fjallar. Þetta er nýlunda og ætti kannski ekki að koma á óvart miðað við hvernig framkvæmdin hefur verið á þeirri umræðu hjá vinstri flokkunum um það að virkja þingið betur, ná betri samstöðu, hafa opnari og gegnsærri vinnubrögð. Í reynd hefur þetta verið innihaldslaust tal og við erum að sjá það eins og t.d. í þessu stóra máli sem er eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar. Látum vera að ekki séu einu sinni hæstv. ráðherrar á svæðinu en að þeir hv. þingmenn sem bera ábyrgð á málinu í þinginu séu ekki viðstaddir umræðuna segir sína sögu.

Við erum að ræða mál sem á sér nokkuð langa forsögu og það hafa margir sagt, virðulegi forseti, að sumarið 2009 hafi verið sumarið sem hvarf. Ef ég man rétt ætluðum við að klára þetta þing fyrir 17. júní og ef ég man rétt, virðulegi forseti, ætlaði ríkisstjórnin að klára mál í sumar sem ríkisstjórnin hafði ekki klárað þegar hún tók við 10. maí og

sneri að heimilunum og fjölskyldunum og fyrirtækjunum í landinu og hétu bráðaaðgerðir. Ég vil koma þessu að, virðulegi forseti, vegna þess að sú staða sem er komin upp varðandi heimilin í landinu í dag er alveg gríðarlega alvarleg. Það er afskaplega dapurlegt svo ekki sé dýpra í árinni tekið hvernig haldið hefur verið á málum í þinginu og það er hrikalegt að við höfum ekki nýtt þennan tíma betur en raun ber vitni. En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það, virðulegi forseti, heldur fara aðeins í það mál sem er til umræðu.

Tíminn líður svo hratt og það er þannig með þetta mál að þegar maður er spurður hver sé staða þess þá getur maður í rauninni lýst því með punktstöðu. Það er einhver staða í málinu nákvæmlega meðan maður á viðkomandi samtal. Það getur verið komin ný staða eftir klukkutíma eða hálftíma og við þingmenn vitum ekkert hvað vikan ber í skauti sér og í rauninni ekki einu sinni dagurinn. Ég veit t.d. ekki frekar en aðrir þingmenn hvernig mál munu þróast á næstu klukkutímum. Þetta heitir á íslensku stjórnleysi. Hér er algert stjórnleysi. En það er ágætt, virðulegi forseti, að rifja upp hvernig þetta mál kom inn í þingið. Ég ætla ekki að fara í það sem menn hafa gert hvað eftir annað að rifja upp forsögu málsins frá síðasta hausti. Ég ætla að rifja það upp hvernig þetta kom okkur fyrir sjónir, bæði þingmönnum og almenningi, þjóðinni þegar í hádegisfréttum þann 5. júní á þessu ári hæstv. forsætisráðherra talaði við fréttamenn og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa þessa stuttu frétt. Þar segir:

„Forsætisráðherra segir lausn á Icesave-deilunni í sjónmáli og þar með gríðarlega mikilvægt skref í deilunni sem báðir aðilar geti fallist á. Hugsanlegt er að eignir Landsbankans geti gengið að fullu eða farið langleiðina upp í skuldina sem er 680 milljarðar.“ — Ég endurtek: Hugsanlegt er að eignir Landsbankans geti gengið að fullu eða farið langleiðina upp í skuldina sem er 680 milljarðar. — „En þó liggur það ekki ljóst fyrir en ríkisábyrgð mun þurfa að liggja fyrir útgáfu skuldabréfs. Icesave-málið var rætt í ríkisstjórn í morgun og á fundi stjórnar sem nú stendur yfir. Það var sömuleiðis rætt í utanríkismálanefnd Alþingis í morgun og hlé var gert á þingfundi svo allir þingflokkar gætu fundað vegna málsins.“

Virðulegi forseti. Fleiri viðtöl voru sambærileg við hæstv. forsætisráðherra sem á þeim tíma kom einfaldlega með þessi skilaboð: Það er búið að redda þessu máli. Það er bara búið að redda þessu. Þetta er ekkert vandamál lengur.

Tveim dögum áður en þessi frétt birtist hafði hæstv. fjármálaráðherra verið í þinginu og útskýrt það fyrir fyrirspyrjanda, formanni Framsóknarflokksins, að það væri ekkert að gerast í þessu máli og fullvissaði þingheim um að það mundi ekkert gerast á morgun eða á næstu dögum og það væri nokkuð langt í það að eitthvað mundi verða í þessu máli.

Í kjölfarið varð mikill hamagangur í þinginu og á þessum föstudegi þegar við hlustuðum, þingmenn sem og þjóðin, á viðtalið við hæstv. forsætisráðherra fórum við fram á það að fá útskýringar í þinginu. Það gekk mjög illa svo ekki sé dýpra í árinni tekið og það var síðdegis þann dag, ef ég man rétt, sem hæstv. fjármálaráðherra kom og svaraði nokkrum spurningum. Seinna um kvöldið var skrifað undir samninginn. Það sem komið hefur í ljós síðan er að allt það sem hér var sagt, þ.e. kynning forsætisráðherra á málinu er langt frá því að vera í takt við raunveruleikann. Það er langt frá því að þessi samningur sé eins og hæstv. forsætisráðherra lagði upp með, að hér væri um að ræða einhverja lágmarksáhættu fyrir íslenska ríkið og það væru allar líkur á því að eignir Landsbankans mundu duga upp í þennan samning. Það vitum við öll. Þá hefur það einnig komið fram, sem kom mér mjög á óvart, að allar yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra um að ríkisstjórnin styddi þetta mál eiga ekki við rök að styðjast. Það hefur komið í ljós að í þessu máli, sem menn telja eitt stærsta mál í sögu þingsins, kannski það stærsta, þá keyrði hæstv. forsætisráðherra málið inn í þingið með fulltingi hæstv. fjármálaráðherra án þess að fá stuðning ríkisstjórnarinnar fyrir því. Ég verð að viðurkenna, virðulegur forseti, og kannski er það bara vegna þess að það er svo margt í gangi, að mér finnst algerlega furðulegt að þetta mál, þessi vinkill á málinu sé ekki í umræðunni.

Nú er það þannig að almenna reglan er sú að sama hvernig mál eru, það þarf að nást samstaða um þau í viðkomandi ríkisstjórn. Þetta risamál er undantekningin. Það átti að valta yfir hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er algjörlega ljóst að hann hefur aldrei stutt þetta mál. Sem betur fer, virðulegi forseti, hefur þó hæstv. heilbrigðisráðherra staðið í lappirnar í þessu máli og ég vona að hann geri það áfram vegna þess að málinu er ekki lokið. En þetta er væntanlega einhvers konar verkstjórn sem menn hafa verið að kalla eftir af hálfu vinstri flokkanna í landinu. Það er rétt sem hér hefur komið fram að það er afskaplega mikilvægt og væri mjög æskilegt að hér næðist þverpólitísk samstaða í þessu máli. Það væri mjög æskilegt í þessu mikla deilumáli sem við eigum við þær þjóðir sem við erum í mestum samskiptum við að við værum einhuga og stæðum saman. En því miður hefur stýringin á málinu verið þannig að í rauninni hefur allt verið gert til að koma í veg fyrir að samstaða næðist. Við sjálfstæðismenn höfum hins vegar, og þannig hefur stjórnarandstaðan í það heila starfað, unnið að því að reyna að breyta málinu og gera það þannig úr garði að það valdi sem minnstum skaða. Við höfum heyrt það, virðulegi forseti, hvað stjórnarliðar gera til að ná þessari samstöðu. Við heyrðum það núna síðast í morgun þegar hv. þm. Björn Valur Gíslason sagði, með leyfi forseta:

„Það er rétt að sá skilningur sem ég hef á þessu máli komi fram með skýrum hætti af minni hálfu og á þeim breytingartillögum sem lagðar eru fram við frumvarp fjármálaráðherra um ríkisábyrgðina vegna þess að mér hefur fundist vera misskilningur á ferðinni hvað það varðar, að þeir samningar sem gerðir voru við Hollendinga og Englendinga og undirritaðir í byrjun júní standa enn, það hefur ekki eitt einasta orð breyst þar. Þeir standa algjörlega óhreyfðir, hvert einasta orð, frá upphafi til enda. Samningunum hefur ekki verið breytt með nokkrum einasta hætti og engar þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á frumvarpinu hreyfa við samningunum, þær breyta ekki samningunum. Ríkisábyrgðin mun eftir sem áður ná til höfuðstóls þeirra lána sem um ræðir á milli Íslands og Hollands auk vaxta. Það hefur ekki breyst í meðförum nefnda, um það snýst ríkisábyrgðin, um að ríkið ætlar að ábyrgjast greiðslur

á heildarláninu eins og það stendur á 1. gjalddaga til lokadags. Það hefur ekkert breyst í því, það er engin breyting á því í meðförum fjárlaganefndar eða annarra nefnda. Það stendur óbreytt í frumvarpinu, þannig að það sé alveg á hreinu hver skilningur minn er hvað það varðar.“

Virðulegi forseti. Þetta segir varaformaður hv. fjárlaganefndar. Ég held að ef einhverjir aðrir hefðu ætlað að reyna að koma ófriði í málið hefði ekki verið hægt að ná því betur upp en hv. þingmaður gerði, það hefði ekki verið hægt að ná því betur upp. Það er ekki hægt að orða það betur. Það sem ég er að segja, virðulegi forseti, er að allt það sem hefur verið gert, allir fyrirvarar sem settir hafa verið fram, ekki til að róa áhyggjur stjórnarandstöðunnar heldur til að gæta hagsmuna Íslands, til að sannfæra íslenska þjóð um að við séum að vinna af alvöru að koma í veg fyrir stórslys, þeir skipta engu máli. Það er það sem hv. þingmaður sagði. Því miður er það í anda þess sem forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa sagt og látið hafa eftir sér. Og þá rennur kalt vatn milli skinns og hörunds þess sem hér stendur og örugglega fleiri.

Virðulegi forseti. Ekki aðeins er það þessi ræða, þó að hún hafi verið þess eðlis að ekki var hægt annað en minnast á hana, það hefur ekki bara verið það sem hefur gert það að verkum að menn hafa í rauninni reynt að ala á ófriði, meiri hlutinn hefur reynt að ala á ófriði eins og hægt er, sumpart vegna þess að þeir höndla mál illa, ekki bara þetta mál heldur erum við að sjá ríkisfjármálin, við erum að sjá það sem snýr að heimilunum og fyrirtækjunum að menn eru ekki að höndla þetta. Menn eru í einhverri þórðargleði að reyna að snúa þessu máli upp í einhvern meintan hugmyndafræðilegan sigur, gamaldags sósíalisma sem hefur hvergi gengið upp. Ósvífnin hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar er slík að það er með miklum endemum.

Hv. fyrrverandi þingmaður, Kristinn H. Gunnarsson, rifjaði upp hvernig þetta mál er til komið. Það er nefnilega þannig að fjármálakerfi okkar er allt partur af EES-samningnum. Það eru engar íslenskar uppfinningar í því. Ég hvet aðila til að skoða hvað sagt er í framsöguræðum þegar verið er að breyta lögum um fjármálastarfsemi á Íslandi og hvað gerðist í kjölfar EES-samningsins. Þá er alltaf um það að ræða að menn á þinginu taka upp tilskipanir Evrópusambandsins. Það er það sem við undirgengumst þegar við gengum í Evrópska efnahagssvæðið. Þess vegna er fjármálaeftirlit á Íslandi og í öðrum löndum. Þess vegna er innstæðutryggingarsjóður á Íslandi og í öðrum. Það er ekki þannig að hver þjóð hafi fengið hugmyndina á sama tíma. Það er ekki þannig. Þetta er sama umhverfi í hverju landi fyrir sig. Nú vitum við það, þess vegna settum við rannsókn af stað, að hér var víða pottur brotinn hvað varðar fjármálakerfið á Íslandi eins og í mörgum öðrum löndum og við eigum hvergi að hika við að skoða það mál og þeir sem bera ábyrgð þar verða eðli málsins samkvæmt að sæta þeirri ábyrgð. En ef menn tala um það og vilja greina kjarnann, af hverju erum við í þessu máli? Þá er það hreint og klárt hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá er það vegna Evrópureglna. Annaðhvort voru þær meingallaðar eða hitt að í því eftirliti sem við settum á laggirnar stóðu menn ekki sína plikt.

Virðulegur forseti. Af því að hér kalla menn á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins þá er það svo að við erum eini flokkurinn sem hefur farið í naflaskoðun og skoðað hjá okkur það sem miður fór, en þannig er að á síðustu 18 árum höfðum við ekki bankamálaráðuneyti eina einustu mínútu. Það er rétt sem hér hefur komið fram að ef menn taka Icesave sem er umræðan hér þá var vöxturinn í Icesave allur á vakt Samfylkingarinnar. Allur. Það var ekki aðeins að Samfylkingin væri með bankamálaráðherrann heldur var það einn helsti hugmyndafræðingur Samfylkingarinnar, fyrrverandi ráðherra fyrir Alþýðuflokkinn, sem stýrði stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Nú er sjálfsagt, virðulegi forseti, að fara vel yfir það sem miður fór. En ég hafna öllum þeim einföldu lausnum þessarar vinstri stjórnar sem í vandræðagangi sínum reynir að beina athyglinni frá því sem við eigum að vera að gera yfir í vægast sagt tæpar söguskýringar og það er í rauninni pínlegt þegar hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar fara að kynna stjórnmálakenningar og sérstaklega áhugavert þegar þeir tala um nýfrjálshyggju og frjálshyggju. En auðvitað er það ekki stóra einstaka málið. En ég verð, virðulegi forseti, vegna þess að ég er alveg búinn að fá nóg af að hlusta á þá aðila sem bera hvað mesta ábyrgð — og Vinstri grænir bera svo sannarlega ábyrgð líka, þeir sáu þetta ekki fyrir og höguðu sér með þeim hætti að þeir geta ekki komið hér og verið eins og hvítþvegnir englar þegar að þessu máli kemur, allra síst þar sem þeir tóku málið algerlega í sitt fang pólitískt. Og þó að sjálfsagt sé og eðlilegt, og það viljum við gera, að aðstoða aðila við að vinna úr þessu þá verða menn, virðulegi forseti, að vera sjálfum sér samkvæmir ef þeir vilja ná breiðri pólitískri sátt og ef menn vilja leysa þetta mál. Þannig höfum við sjálfstæðismenn unnið í þessu máli og munum halda því áfram og ég hvet hv. stjórnarliða til að vinna þetta með okkur. Við skulum ekki flýta okkur of mikið. Hagsmunirnir eru allt of stórir og allt of miklir og það væri afskaplega æskilegt ef við gætum staðið undir því trausti sem þjóðin sýnir okkur og unnið þetta saman hér á þinginu þjóðinni til heilla.

[15:22]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir ræðuna. Mér fannst sérstaklega athyglisvert að hlusta á lokaorð hv. þingmanns þar sem hann var að tala um mikilvægi þess að við mundum vanda til vinnunnar.

Nú er það þannig, og ég held að öll þjóðin geri sér grein fyrir því, að það var verið að vinna þessa fyrirvara að nóttu til og menn voru orðnir mjög þreyttir og höfðu lítið sofið. Hefði ekki verið eðlilegra að eftir að menn höfðu komist að einhverri ákveðinni niðurstöðu þá hefðu þeir þakkað fyrir sig, farið heim, sofið aðeins og síðan hist aftur daginn eftir og kallað til einhverja sérfræðinga í breskum lögum? Þá hefðum við kannski haft það á hreinu áður en við fórum í 2. umr. hvort þeir fyrirvarar sem eru í breytingartillögum meiri hlutans gilda eða ekki, hvort þeir hafi eitthvert gildi og hvort ekki megi segja að þau vinnubrögð sem voru þarna hafi eiginlega verið mjög gott dæmi um það hvernig hefur verið unnið í þessu Icesave-máli frá upphafi, að menn hafi aldrei gefið sér tíma til þess aðeins að hægja á sér og skoða hvað menn voru að gera. Við erum við 2. umr. að

þræla okkur í gegnum hvað við erum virkilega að tala um og það hefur þegar komið fram í dag að menn teldu kannski eðlilegt að setja þyrfti einhvers konar varnagla við fyrirvarana um ríkisábyrgðina. Í gær var talað um að það þyrfti að skýra í efnahagslegu viðmiðunum hvað ætti að gera með eftirstöðvarnar og það væri algerlega skýrt að við sæjum fyrir okkur að ef einhverjar eftirstöðvar væru í lok lánatímabilsins þá mundu þær falla niður.

Við framsóknarmenn höfum líka lagt fram tillögur varðandi það að setja inn skuldaviðmiðun hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og um vaxtagreiðslurnar. Þetta er eitthvað sem ég tel að ef við hefðum aðeins leyft okkur að anda og sofa þá hefðum við kannski haft þetta í breytingartillögum meiri hlutans og staðið öll að þeim frekar en eins og gerðist þegar menn voru að flýta sér allt of mikið.

[15:24]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þingmanni og þakka henni fyrir andsvarið. Ég held að þegar við lítum til baka eftir nokkur ár, ég tala ekki um áratugi, alveg sama hvort það eru stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar, þá viljum við ekki segja við börnin okkar og barnabörnin: Við hefðum átt að taka aðeins betri tíma í þetta. Það var bara þannig að við áttuðum okkur ekki á því hvað þessi setning þarna þýddi. Auðvitað vill maður það ekki í neinu máli en þetta mál er af þeirri stærðargráðu að það eitt og sér, að alltaf sé verið með svipuna á lofti, að það þurfi að klára eitthvað fyrir morgundaginn, ljúka fundi á eftir, hvort ekki sé örugglega hægt að fara í atkvæðagreiðslu eftir smástund, það eitt og sér finnst mér algjörlega óábyrgt. Það er hvorki meira né minna, virðulegi forseti, heldur en okkar framtíð sem er undir, framtíð íslensku þjóðarinnar. Ég er mjög ósammála mörgum hv. þingmönnum um ýmsa hluti en ég ætla engum annað en það að vilja vinna af heilindum í þessu máli. Og einhverjir dagar, þó það séu vikur, skipta engu máli. Við breytum ekki því sem var. Núna er það okkar að spila eins vel úr þessu og hægt er. Við eigum að fara í gegnum hverja einustu setningu og kanna hvort þar sé einhver hætta á ferð. Því auðvitað væri það langæskilegast ef við gætum verið öll sameinuð í þessu. Það er markmið í sjálfu sér og mun betra, og nú er ekkert sem kallar á tímapressu í þessu máli sem stundum er, það er náttúrlega markmið í sjálfu sér að þeir sem eiga að fjalla um jafnmikilvæg mál og hér er um að ræða fái endrum og sinnum næturs vefn.

[15:27]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég veit ekki betur en þegar núverandi forseti Alþingis tók við embætti hafi hún einmitt lagt mikla áherslu á að hún mundi gjarnan vilja sjá þennan vinnustað verða aðeins fjölskylduvænni. Ef eitthvað er held ég að hlutirnir hafi bara versnað frá því að hún tók við embætti, hann sé minna fjölskylduvænn en áður. Sem dæmi má nefna að ég held að það hafi örugglega verið ýmsir sem eiga börn þar sem var verið að setja skóla hjá í dag en þetta mál er það mikilvægt að við viljum frekar vera hér og ræða þetta vegna þess að við erum að tala um framtíð barnanna okkar. Við erum að tala um það hvers konar samfélag við viljum búa okkar börnum á Íslandi í framtíðinni. Þess vegna hvet ég hv. þingmann til að vinna að því innan síns þingflokks að unnið verði mjög vandlega að þessu milli 2. og 3. umr. innan fjárlaganefndar. Til að tryggja það að ef niðurstaðan verður sú að setja fyrirvara við samninginn þá verði þeir þannig að þeir haldi gagnvart samningnum. Það sé algerlega skýrt áður en við förum í 3. umr. hvort er réttnefnt, samningurinn eða fyrirvararnir sjálfir. Það verður að liggja algerlega fyrir og það gerir það ekki núna. Það finnur maður mjög greinilega á þessari umræðu. Þannig að við þurfum ekki að standa hérna eins og ónefndur maður gerði í nýlegu sjónvarpsviðtali og sagði þar að vísu á enskri tungu að hann hefði kannski átt að gera ákveðna hluti sem hann gerði ekki.

[15:28]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg skýrt hvernig Sjálfstæðisflokkurinn vinnur í þessu máli. Við erum eins og Framsóknarflokkurinn og Borgarahreyfingin í stjórnarandstöðu. Við stýrum þessu ekki. Það er þingmeirihluti fyrir vinstri stjórn í þinginu og það er hann sem stýrir málinu. Við höfum hins vegar lagt mikið á okkur til að reyna að breyta þessu máli. Það getur vel verið, virðulegi forseti, að það sé ekki pólitískt klókt. Það getur vel verið að það hefði verið skynsamlegra að reyna að slá pólitískar keilur með því að haga hlutum einhvern veginn öðruvísi en það er bara allt of mikið undir, virðulegi forseti.

Hv. þingmaður spyr hvort Sjálfstæðisflokkurinn muni ekki beita sér fyrir því að farið verði vel yfir málið á milli 2. og 3. umr. í nefnd og allir þættir skoðaðir til að kanna að þetta sé eins geirneglt og mögulegt er og svarið er mjög einfalt. Virðulegi forseti. Sjálfstæðisflokkurinn mun gera allt til að ganga þannig frá málinu að það sé enginn vafi á því að þingið verði búið að setja þá fyrirvara til að afstýra þeirri hættu sem liggur undir ef þessi samningur verður samþykktur óbreyttur. Þess vegna, virðulegi forseti, eftir ræðu hv. þm. Björns Vals Gíslasonar í morgun, fóru allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem það gátu í andsvar. Þess vegna kviknaði á öllum viðvörunarbjöllum og þess vegna höfum við ítrekað enn og aftur að við munum taka þann tíma sem þarf og við munum standa hér og tala eins lengi og þarf ef það verður til þess að við sjáum að við getum bjargað því sem bjargað verður. Það er algjörlega ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn mun gera allt sem í hans valdi stendur til að hjálpa til í þessu máli.

[15:31]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka prýðisgóða ræðu og mér er nokkuð létt eftir að hafa hlustað á hana, ekki það að ég hafi haft efasemdir um afstöðu hv. þingmanns í þessu máli en það var mjög ánægjulegt að heyra hversu afdráttarlaus hann er.

Nú hafa borist fregnir af því að títtnefndur Indefence-hópur hafi fengið bráðabirgðaálit frá dr. Michael Waibel, sérfræðingi í alþjóðarétti við alþjóðlega stofnun við Cambridge háskóla, og það sé mat hans að óvíst sé að fyrirliggjandi fyrirvarar muni gilda samkvæmt breskum lögum.

Spurningin er því þessi: Er ekki rétt að Alþingi fái a.m.k. einn breskan sérfræðing til þess að leggja mat á fyrirvarana og áhrif þeirra? Ég tek undir allt það sem hv. þingmaður sagði um það hvernig haldið hefur verið á þessu máli í þinginu, það er náttúrlega fyrir neðan allar hellur þegar um slíka hagsmuni er að ræða.

Eigum við ekki að taka um það ákvörðun núna, þingið, að leita okkur utanaðkomandi ráðgjafar frá þeim sem best til þekkja þó svo að í það fari einhverjir dagar? Það mætti þá kannski nota þá daga eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur lagt til og kynna málstað Íslands, því að ég hef rekið mig á það hvað eftir annað í samtölum við útlendinga, hvort sem er almenning erlendis eða ráðamenn, að þeir hafa ekki hugmynd um það hvernig þetta mál er vaxið, hvers vegna Íslendingar hafa þessar áhyggjur eða yfir höfuð að Landsbanki Íslands hafi verið einkabanki. Það er því margt sem þarf að útskýra. Reynslan sýnir líka að þegar Íslendingar hafa fyrir því að útskýra málstað sinn, eins og stjórnvöld ættu náttúrlega að vera löngu byrjuð að gera, þá er hlustað og það hefur töluverð áhrif.

[15:33]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Af því að hv. þingmaður nefndi Indefence-hópinn vildi ég nota tækifærið, þar sem ég gerði það ekki í ræðu minni, og þakka öllu því fólki fyrir það góða starf sem sá hópur hefur unnið. Ég tek undir með formanni Sjálfstæðisflokksins sem sagði að við stæðum í mikilli þakkarskuld við allt þetta fólk sem lagt hefur á sig gríðarlega vinnu og hefur í rauninni velt þyngra hlassi en við í stjórnarandstöðunni til þess að sýna fram á það að eins og málið var lagt upp stóðst það ekki, það er nú bara þannig.

Spurning hv. þingmanns um það hvort við ættum að fá breska lögfræðistofu til þess að fara yfir þann þátt málsins sem hann nefndi, svarið er mjög einfalt: Já. Einhverjir dagar til eða frá skipta ekki máli. Það er mjög dýrt að versla við breskar lögfræðiskrifstofur, en það er þess virði í þessu stóra máli. Við komum saman 1. október, ég veit ekki hvenær þessu þingi lýkur, það er ekki aðalatriðið, það er of mikið undir. Við eigum hins vegar að skipuleggja okkur þannig að við getum nýtt tímann sem best. Hv. þingmaður nefndi það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur talað um, að kynna málstað okkar fyrir öðrum þjóðum, það er mjög mikilvægt. Ég hef gert það sjálfur, ég hef talað við þá þingmenn sem ég er í góðu sambandi við, t.d. í Noregi og Bretlandi, og ég tek undir með hv. þingmanni að þar eru aðilar ekki inni í málum, og ég held að það sé ein ástæðan fyrir því að vinaþjóðir okkar tala eins og raun ber vitni að þetta er auðvitað ekki stærsta málið þar. Ég var t.d. að tala við félaga minn í norska þinginu og hann sagði að það væri mikill skilningur á málstað (Forseti hringir.) Íslendinga meðal almennings í Noregi þrátt fyrir að sú ríkisstjórn sem núna situr sé að gefa okkur mjög sérkennilegar skeytasendingar.

[15:35]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vissulega eru skeytasendingarnar frá norsku sósíalistunum áhyggjuefni og raunar er það mér enn meira áhyggjuefni að ég óttast að þetta sé einmitt það sem íslenska stjórnin vill heyra, hún vilji ekki fá stuðning við hinn raunverulega málstað Íslands frá útlöndum.

En þar sem hv. þingmaður þekkir vel til Samfylkingarinnar og vinnubragða hennar langar mig að spyrja hann um mat hans á því hvort hann telji að Samfylkingin muni fallast á það að leitað verði eftir lagaáliti og hvaða ráð stjórnarandstaðan kunni að hafa, fallist Samfylkingin ekki á þetta. Hv. þingmaður vék ágætlega að því í ræðu sinni að það er mjög óþægilegt að búa við það að stöðugt sé verið að reyna að stýra umræðunni af hálfu eins stjórnmálaflokks, ekki með málefnalegri umræðu heldur með einhverjum slóttugheitum. Ég hef sjálfur upplifað það aftur og aftur að verið er að leka því í fjölmiðla í þessu máli og öðrum málum að búið sé að semja um lok máls til þess eins að skapa pressu á að þau séu drifin í gegn.

Nú er þetta enn að gerast. Það er verið að dreifa því út í fjölmiðla að samið hafi verið um það að klára þetta mál á morgun sem er fjarri lagi. En leikurinn er til þess gerður að þegar svo kemur í ljós að ekki er hægt að klára málið á morgun sé hægt að segja: Ja, stjórnarandstaðan er að tefja. Þennan leik höfum við séð leikinn aftur og aftur. Því spyr ég hv. þingmann, sem hefur reynslu af Samfylkingunni: Hvað er til ráða?

[15:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður lýsti því ágætlega hvernig menn vinna í spunaverksmiðjum Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, því að það er nákvæmlega svona sem þetta er gert, reynt að búa til pressu, búa til einhverja stöðu. Hverjum dettur í hug að það sé mikilvægt að ljúka þinginu á morgun? Hvað kallar á það? Nákvæmlega ekki neitt.

Varðandi sérfræðiþekkingu mína á Samfylkingunni þá er það þannig að Samfylkingin er með tvo guði. Það er annars vegar Evrópusambandið og hins vegar Capacent Gallup. Það liggur alveg fyrir að hún stjórnast af þessu tvennu. Það eina sem truflar Samfylkinguna í þessu máli sem er keyrt í gegn til þess að komast í ESB — ég held að Samfylkingin trúi því að það lagist allt ef Ísland fer í ESB, það verður mikla betra veður hérna á flestum stöðum og þetta verður hin mesta himnasending fyrir okkur öll. — (Gripið fram í.) Það er bara almenningsálitið sem getur stoppað þá í því að keyra mál hratt í gegn.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi að það væri verið að setja pressu á okkur stjórnarandstæðinga að við munum tefja málið þá lýsi ég því hér yfir að ég er tilbúinn að tefja málið og menn geta kallað mig hvað sem er. Ég ætla ekki að fara héðan án þess að vera búinn að gera allt það sem ég get til þess að ganga þannig frá málinu að það sé eins skothelt og það getur orðið. Ef það þýðir að ég þurfi að halda gríðarlega margar ræður hér þá mun ég halda gríðarlega margar ræður hér. Ég mun gera allt til að sjá til þess að þetta verði unnið eins vel og mögulegt er og ég hvet alla þingmenn til þess að nálgast þetta verkefni með sama hætti.

[15:39]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram. Það mætti auðvitað tala um þetta

mál í marga daga en ég hygg að þingið hafi í þeim gögnum sem liggja fyrir þessari umræðu, ályktun og öðrum fylgigögnum, reifað málið býsna vel og ekki miklu við það að bæta nema örfáum sjónarmiðum svona við lok 2. umr. um þetta stóra og mikilvæga mál.

Icesave-málið snýst auðvitað fyrst og fremst um ábyrgð. (**Gripið fram í:** Ríkisábyrgð.) Það snýst um ríkisábyrgð já, fjárhagslega ábyrgð en það snýst líka um ábyrgð þjóða, það snýst um siðferðilega ábyrgð, um pólitíska ábyrgð, um ábyrgð stjórnmálanna og viðskiptanna. Ég held að við getum sagt með nokkrum sanni núna þegar málið er að komast á lokastig í þinginu að Alþingi hafi sýnt mikla ábyrgð í umfjöllun um þetta mál. Ég vil fá að nota þetta tækifæri og hrósa sérstaklega þeim þingmönnum sem hvergi komu nærri aðdraganda þessara mála og áttu engan þátt í aðdraganda þeirra, sem eru þingmenn í ýmsum flokkum, sem standa að þessari niðurstöðu fyrir þá ábyrgð sem þeir með því sýna. Ég vil líka hrósa þeim þingmönnum í stjórnarandstöðu sem kannski áttu aðild að málum áður fyrr en ákveða engu að síður þrátt fyrir að vera í stjórnarandstöðu að standa að þessari niðurstöðu fyrir þá ábyrgð sem þeir sýna vegna þess að þjóðkjörnir fulltrúar í þeim sporum eru sannarlega að taka á sig og axla mikla ábyrgð með sinni afstöðu. Ábyrgð segi ég vegna þess að það væri auðvitað býsna auðvelt að styðja ekki málið og segja: Málið er vont, við þurfum ekki að borga, við eigum ekki að borga, það var rangt að því staðið vegna þess að auðvitað er ömurlegt að þurfa að styðja málið. Málið er ömurlegt. Það felur það í sér að almenningur er að axla ábyrgð á rekstri einkaaðila og því tjóni sem þeir hafa valdið, íslenskur almenningur, sem fyrir er í gríðarlega miklum erfiðleikum í kjölfar hrunsins. Þetta er ekkert smávegis tjón. Þetta er annað stærsta tjónið í hruninu. Ásamt með gjaldþroti Seðlabankans er þetta stærsti reikningurinn sem íslenskum heimilum er sýndur vegna fjárhagshrunsins. Það sýnir þess vegna alveg sérstaklega málefnalega afstöðu þegar þingmenn stjórnarandstöðu og sömuleiðis þingmenn sem engan hlut áttu að aðdraganda hrunsins standa að því að leggja til samþykkt málsins hér á Alþingi og samþykkt þess samnings sem gerður var og þeirra mikilvægu fyrirvara sem hafa verið settir í málinu vegna þess að auðvitað eru menn öðrum þræði að gangast nauðugir undir þessar skuldbindingar vegna þess að aðdragandi málsins er einfaldlega með þeim hætti að þeir meta svo að hagsmunum Íslands sé skást borgið með því að fara samningaleiðina með þessum hætti en eru auðvitað ósáttir við ýmislegt í málinu og m.a. um þá lagalegu óvissu sem í málinu er um þá galla sem voru á löggjöfinni og kannski ekki síst þann yfirgang sem við sem þjóð höfum á köflum þurft að sæta í málinu.

Það sýnir þess vegna mikla yfirvegun og mikla umhyggju fyrir framtíð landsins að horfast engu að síður í augu við það þó að menn beri ekki beina ábyrgð á landstjórninni að það er gríðarlega mikilvægt fyrir hagsmuni Íslands og framtíð Íslands að fá þetta mál úr veginum til þess að við getum haldið áfram hinu efnahagslega endurreisnarstarfi til þess að við getum lokið hinu mikla hruni í bærilegri sátt við alþjóðasamfélagið og við getum farið að snúa okkur að þeim viðfangsefnum sem við blasa í atvinnulífinu og hjá fólki. Um leið og ég vil hrósa þingmönnum fyrir að sýna þá ábyrgð sem að þessu máli standa, sem eru þó ekki alveg allir þingmenn en langflestir, þá vil ég líka segja að mér finnst á hinn bóginn kannski hafa verið hallað býsna mikið á samninganefndina í málinu og tek undir með hv. þingmanni Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur að það er á köflum býsna ómaklega gert því að skoði menn erindisbréf samninganefndarinnar var henni fyrst og fremst falið að gera lánasamning. Það sem við erum við afgreiðslu málsins að gera er að við erum ekki að breyta meginatriðum lánasamningsins sjálfs, þ.e. um vaxtakjör eða greiðslutíma og aðra slíka þætti eins og venja er í lánasamningum, enda vextirnir nokkuð sérstakir og greiðslufresturinn sem við fáum, sjö ár, auðvitað líka býsna sérstakur ásamt með endurskoðunarákvæðinu.

Það er þó rétt að nefna í því sambandi að það skorti á um samráð við lögfræðinga Seðlabankans um einstök ákvæði í samningunum og gott að úr því hefur verið bætt bæði með skýringum frá samningsaðilunum eftir að samningar voru undirritaðir og eins með þeim fyrirvörum sem hér hafa verið lagðir fram. En í aðalatriðum held ég að lánasamningurinn sé bara sæmilegur lánasamningur miðað við slíka samninga. Það sem verkefnið hér hefur verið er að setja rammann um ríkisábyrgðina. Sú umfjöllun er öll um pólitískar forsendur málsins vegna þess að hér eru gríðarlega stór pólitísk álitamál og í alþjóðlegum samskiptum okkar og um hina lögfræðilegu fyrirvara sem við sem þjóð viljum setja um málið og í samskiptum okkar við aðrar þjóðir sem aldrei var hægt að ætlast til að embættismannanefnd axlaði. Það hlaut alltaf að vera verkefni þingsins.

Einhverjir telja að við hefðum þá kannski átt að taka þá umræðu sem hér hefur farið fram í sumar áður en við sendum samninganefndina og það er auðvitað sjónarmið. Ég er ekki viss um að við höfum verið í færum til þess, við höfum yfir höfuð ekki verið í stakk búin til þess rétt í kjölfar búsáhaldabyltingarinnar í vetur með það pólitíska ástand sem þá var auk þess sem það hefði trúlega ekki verið mjög farsælt að senda menn af stað með einhliða skilmála af hálfu þingsins. Þess vegna sé þessi langi og erfiði ferill vonandi að reynast hafa skilað okkur farsælli niðurstöðu með því að við þingmenn, og raunar stór hluti þjóðarinnar, með mikilli umfjöllun í allt sumar og með þeim fyrirvörum sem hafa verið settir að við höfum náð eins skaplegri niðurstöðu í þetta mál og hægt er að hugsa sér við þær aðstæður sem við búum við. Sú umfjöllun hefur verið ítarleg og vönduð en hún hefur líka oft einkennst af ótta og það er ekki nema eðlilegt.

Við erum sem þjóð oft og tíðum óttaslegin eftir hrunið um framtíðina. Það er ekki nema eðlilegt að þegar traust manna hefur horfið meira og minna, þegar kerfið hefur hrunið að þá óttist menn um framtíð sína og ég held að það hafi kannski verið stærsta áhyggjuefni manna, þ.e. getum við borgað þetta? Um það fengum við að fjalla nokkuð í efnahags- og skattanefnd. Það er alveg ljóst að hér er um gríðarlega miklar skuldbindingar að ræða. Eins og menn geta lesið um í umsögn meiri hluta efnahags- og skattanefndar eru forsendurnar fyrir því að hér verði næstu 15 árin sambærilegur hagvöxtur við það sem verið hefur síðustu 15 ár. Ég tel að sá efnahagslegi fyrirvari sem hv. fjárlaganefnd hefur sett við samningana taki einmitt mið af þessu

og gangi mjög langt í því að tryggja það að hér verði efnahagslegar forsendur fyrir þeim greiðslum sem við þurfum að inna af hendi. En um leið og sá fyrirvari gengur mjög langt held ég að viðsemjendur okkar hljóti að fallast á að hann sé innan marka samningsins vegna þess að auðvitað er það þannig að það greiðir engin þjóð meira en hún getur. Og í því fólst ákveðin viðurkenning af hálfu gagnaðilanna þegar þeir gáfu okkur sjö ára greiðslufrest að við þyrftum tíma til að vinna okkur út úr erfiðleikum og það kynni að þurfa á því að halda áður en til greiðslna kæmi að taka upp viðræður enda endurskoðunarákvæði í samningunum sem hefur þó með þeim fyrirvörum sem nú eru komnir inn í samninginn að mörgu leyti fyrst og fremst verið miklu betur útfært.

Þeir lagalegu fyrirvarar sem settir eru við málið eru líka mjög mikils virði og ganga langt en um leið hljóta viðsemjendur okkar að taka mið af því að þar er fyrst og fremst verið að leggja áherslu á það við hvaða aðstæður taka þarf upp viðræður. Það er eðli málsins samkvæmt í jafnstóru og erfiðu viðfangsefni og hér um ræðir að ef stór atriði breytast eða ganga fram með öðrum hætti en ráðgert hefur verið þá þarf að taka upp viðræður aftur. Þessir fyrirvarar, bæði hinir efnahagslegu og hinir lagalegu, þó þeir gangi langt, eru settir fram í góðri trú og fyrst og fremst um þau atriði sem telja verður að sé eðlilegt að setja í samningum þjóða.

Hér hefur nokkuð verið rætt um það hvort þetta sé nýr samningur eða hvort samningurinn standi. Ég held að við eigum að reyna að standast þá freistingu að fara í slíkt karp. Ég held að það þjóni ekki hagsmunum Íslands við þessar aðstæður að kalla það að við höfum hafnað þeim samningi sem fyrir liggur því það er mikilvægt hvaða skilaboð við erum að senda til umheimsins. Það er mikilvægt að við sendum þau skilaboð að við öxlum sannarlega mikla ábyrgð og miklar skyldur í þessum efnum. Við skorumst ekki undan í því en við setjum þá sjálfsögðu fyrirvara sem sjálfstæðar þjóðir þurfa að setja við slíkar aðstæður og þau eðlilegu skilyrði sem hver þjóð hlýtur að gera. Þau skilyrði rúmast innan þess samnings sem við höfum gert. Þau eru vissulega viðauki við hann enda eru skilmálarnir eða fyrirvararnir órjúfanlegur þáttur af ríkisábyrgðinni. Ég held að með þessari leið hafi eftir mikla umfjöllun og mikla rýni tekist að finna leið sem tekist hefur að skapa um ótrúlega víðtæka sátt í þinginu og ég vona meðal þjóðarinnar allrar, sem sé þess eðlis að viðsemjendur okkar hljóti og verði að fallast á að fyrirvararnir séu málefnalegir og innan marka þess sem gert var, enda verður ekki fram hjá því litið að þeir eru auðvitað ekki ábyrgðarlausir í málinu. Það er ekki alfarið og eingöngu á ábyrgð Íslands og að sjálfsögðu höfðum við áður en til samningaviðræðnanna var gengið sett niður Brussel-viðmiðin sem voru öðrum þræði pólitísk viðmið og forsendur fyrir samningagerðinni sem að mörgu leyti er verið að árétta og ítreka í þeim fyrirvörum sem nú eru settir.

Ég geri ráð fyrir því að það geti tekið nokkurn tíma að ljúka 3. umr. og afgreiðslu málsins í þinginu. Menn eiga ekki að rasa um ráð fram í því heldur gefa því þann tíma sem til þarf en við hljótum samt að leggja áherslu á mikilvægi þess að í efnahagsuppbyggingu landsins höldum við áfram og reynum svo fljótt sem auðið er að segja skilið við þennan þátt í uppbyggingunni og koma á þeirri endurskoðun og næsta áfanga í samstarfi okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og endurreisn efnahagslífsins. Og líka, og það er auðvitað ekki síður um vert, að ganga fram í því að rannsaka það sem úrskeiðis fór og olli hruninu, bæði vegna þess að þeir skattgreiðendur sem munu þurfa að standa skil á því að hluta eða miklu leyti eiga heimtingu á því en líka til þess að um leið og við sýnum viðsemjendum okkar sterka og mikilvæga fyrirvara við þeim samningum sem við höfum gert þá sýnum við líka í verki að okkur sé full alvara í því að fylgja eftir rannsóknum þeirra mála sem úrskeiðis fóru og ollu því mikla tjóni almenningi bæði á Íslandi og í nágrannalöndum okkar sem nú er viðfangsefni þingsins og ríkisstjórna þeirra landa að fást við að leysa úr.

[15:55]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir ræðuna. Hann hefur verið einn þriggja formanna sem hefur komið að vinnunni við Icesave-málið sem formaður efnahags- og skattanefndar. Í ræðu sinni notaði hann m.a. orðin ítarleg og vönduð um vinnuna. Ég mundi gjarnan vilja fá að heyra aðeins nánar frá formanninum hver hafi verið aðkoma hv. þingmanns að tvennu, annars vegar því að fá úttektina hjá Hagfræðistofnun á umsögn Seðlabankans og forsendunum fyrir greiðslugetu þjóðarbúsins og hver var aðkoman að hinum efnahagslegu viðmiðum sem eru í breytingartillögum meiri hlutans.

[15:55]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningarnar og andsvarið. Hv. þingmaður er trúlega að vísa til þess að það voru skiptar skoðanir um það í efnahags- og skattanefnd hvort rétt væri að ljúka umfjöllun nefndarinnar og vísa því til hv. fjárlaganefndar með þeim umsögnum sem þar voru gerðar. Það var einfaldlega af þeim ástæðum, svo ég skýri það fyrir hv. þingmanni, að það var mat okkar að það skipti máli að ljúka umsögnum utanríkismálanefndar þar sem ég á sæti og síðan efnahags- og skattanefndar þannig að ljúka mætti málinu og ná samningum um fyrirvara og aðra slíka hluti á einum stað, þ.e. í hv. fjárlaganefnd.

Við sögðum í umsögn okkar, meiri hlutinn, að við beindum því til fjárlaganefndar að huga að efnahagslegum fyrirvörum og að í meginatriðum væri forsenda þess að við gætum staðið við þessar skuldbindingar að hér yrði hagvöxtur 3% á ári næstu 15 árin.

[15:56]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ef ég mætti kannski fá að túlka svör hv. þm. Helga Hjörvars þá er hann að segja að aðkoma hans að þessu tvennu sem ég spurði um, annars vegar því að fá úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á greinargerð Seðlabankans og greinargerð fjármálaráðuneytisins hafi verið nákvæmlega engin þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir því hjá fjárlaganefnd að gerð yrði úttekt á greiðslugetu þjóðarbúsins til að standa undir Icesave-skuldbindingunum og hins vegar því að aðkoma hans að því að móta hina

efnahagslegu fyrirvara hafi verið nákvæmlega engin. Það væri ágætt ef hv. þingmaður gæti svarað því með já eða nei hvort aðkoma hans hafi verið einhver.

[15:57]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er sjálfsagt að svara hv. þingmanni um það að við töldum að úttekt Seðlabankans gæfi býsna glögga mynd af því hvað til þyrfti og áttum ekki aðild að því að kalla eftir áliti Hagfræðistofnunar enda tel ég ekki að það hafi efnislega breytt í neinum meginatriðum efni máls. Við sögðum síðan í umsögn okkar, eins og ég rakti í fyrra svari mínu við andsvari hv. þingmanns, að fjárlaganefnd ætti að taka til athugunar hvort hægt væri að setja efnahagslegan fyrirvara við málið. Við höfðum ekki fjallað um hina lögfræðilegu hlið málsins, enda ekki til þess bær og því varð fjárlaganefnd að leggja mat á það hvort lögfræðilega væri hægt að setja efnahagslegan fyrirvara og hin efnahagslega forsenda væri 3% hagvöxtur á ári í 15 ár. Það er sú forsenda sem hv. fjárlaganefnd vinnur út frá í þeim fyrirvörum sem hún hefur gert.

[15:58]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er með nokkrar spurningar til hv. þm. Helga Hjörvars. Sú fyrsta er hvert sé álit hans sem formanns efnahags- og skattanefndar á vinnu þess þverpólítíska hóps sem samdi efnahagslegu fyrirvarana og hvort hann sé sammála því að Icesave-málið hafi verið tekið of snemma út úr efnahags- og skattanefnd og nefndin hafi í rauninni brugðist hlutverki sínu, sérstaklega þegar haft er í huga að efnahagslegu fyrirvararnir sem nú eru komnir inn í lögin voru samdir af minni hluta efnahags- og skattanefndar ásamt stjórnarliðum m.a. úr viðkomandi nefnd.

Önnur spurning mín er hvort hann sé sammála því áliti Björns Vals Gíslasonar, hv. varaformanns fjárlaganefndar, sem fram kom í morgun í ræðu hans að öll vinnan sem unnin hefur verið í málinu meðan hann sjálfur var í fríi hafi í raun verið óþörf og jafnvel tilgangslaus.

Þriðja spurningin er hvert sé álit hans á því að bæta inn fyrirvara sem kveður ótvírætt á um að ríkisábyrgðin taki ekki gildi fyrr en Bretar og Hollendingar hafa viðurkennt fyrirvarana ef slíkur fyrirvari gæti orðið til þess að yfirgnæfandi meiri hluti styddi frumvarpið.

[16:00]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að hv. efnahags- og skattanefnd hafi veitt glögga umsögn um málið af sinni hálfu til hv. fjárlaganefndar. Ég held að okkur greini aðallega á að þessu leytinu um hvers hlutverk það hafi verið að setja hinn formlega fyrirvara. Utanríkismálanefnd og efnahags- og skattanefnd — en ég sit í báðum nefndum — var einfaldlega falið að veita fjárlaganefnd umsögn um málið sem þær og gerðu. Málið var auðvitað svo stórt og flókið viðureignar og svo mörg sjónarmið uppi í því að við töldum að farsælast væri að það væri á einum stað, á forræði einnar nefndar, samið um og náð niðurstöðu í fyrirvarana, hina efnahagslegu eins og aðra.

Ég skal svara öðrum spurningum hv. þingmanns í síðara andsvari mínu, því miður er tíminn búinn.

[16:00]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þingmanni fyrir svarið. Það er að áliti margra beinlínis á verksviði efnahags- og skattanefndar, sérstaklega með tilliti til þeirrar sérfræðiþekkingar sem þar er til reiðu, að þessir efnahagslegu fyrirvarar hefðu verið unnir þar. Ég tel og taldi í áliti mínu að málið hefði verið tekið út úr nefndinni í ósætti og ótímabært og legg til að þau vinnubrögð verði höfð til hliðsjónar í framtíðinni í vinnu nefndarinnar. Ég bíð svo áhugasamur eftir svörum hv. þingmanns við seinni spurningu minni.

[16:01]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það hafi sýnt sig að vera farsælt að koma málinu öllu inn í fjárlaganefnd þannig að menn gætu einbeitt sér þar og held ég að hafi ekki veitt af að það væri á einum stað enda tók nætur og daga og langan tíma að vinna úr málinu þó að það væri allt á einum stað. Auðvitað var sjálfsagt að sú nefnd nýtti sér sérfræðiþekkingu sem til er hjá þingmönnum og eins úti í stofnunum. Ég held að efnahags- og skattanefnd hafi gefið ágætlega glögga mynd af þeim efnahagslegu forsendum sem þyrfti til að geta staðið skil á þessum skuldbindingum.

Um það hvort hér eigi að setja inn ákvæði gagnvart Bretum og Hollendingum með þeim hætti sem hv. þingmaður lýsti geri ég ráð fyrir því að sá mikli meiri hluti í hv. fjárlaganefnd sem að því stóð að taka málið út til 2. umr. hafi gengið vel og kirfilega úr skugga um að þessir fyrirvarar haldi og að þeir séu með þeim hætti að þeir haldi líka gagnvart (Forseti hringir.) viðsemjendunum. Ég treysti því bara að málið sé þannig búið en er tilbúinn til að skoða það ef einhver önnur sjónarmið eru uppi.

[16:03]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir ræðu hans. Mig langar að spyrja hann vegna þess að hann ræddi hér um þetta margfræga sjö ára skjól sem stjórnarliðar tala um þegar þessi samningur er til umræðu. Það er greiðslufrestur í sjö ár, okkur ber ekki að greiða fyrr en eftir sjö ár og margir tala um að við séum í skjóli.

Ég spyr hv. þingmann: Telur hann að þeir vextir sem við greiðum árlega sem hljóða upp á 25–30 milljarða frá og með 1. janúar, séu skjól sem hv. viðsemjendur okkar hafi veitt íslenska ríkinu? Ef um er að ræða 25 milljarða í vaxtagjöld eru þetta 175 milljarðar á sjö árum. Ef um er að ræða 30 milljarða í vaxtagjöld, eins og sumir vilja meina, eru þetta 210 milljarðar sem við þurfum að greiða í vexti vegna þessara samninga og menn tala um að íslensk þjóð sé í skjóli. Hvernig getur hv. þingmaður (Forseti hringir.) talað um skjól í þessu tilviki?

[16:04]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að ég hafi aldrei tekið mér í

munn orðið „skjól“ sérstaklega en það kann að vera að það eigi við. Ég talaði um greiðslufrest. Það er auðvitað ástæða til þess að halda því til haga og ég held að það skipti okkur auðvitað máli að við getum í sjö ár einbeitt okkur að þeim fjölmörgu stóru verkefnum sem hér bíða okkar eftir hrunið án þess að það þurfi að koma til greiðslna af þessum skuldbindingum.

Auðvitað eru þetta gríðarlegar skuldbindingar og auðvitað eru vextirnir af þeim gríðarlegir og auðvitað er það þess vegna sem öll þessi umfjöllun hefur verið um málið og verið að reyna að setja því skorður, því mikla tjóni sem varð til á síðasta ári. Það varð ekki til hjá samninganefndinni eða í meðförum málsins heldur hinn 6. október sl. Það er auðvitað ábyrgð okkar, mín og hv. þingmanns, að ráða fram úr því hvernig það sé hægt að gera og verður auðvitað ekki gert vaxtalaust.

[16:05]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er sammála hv. þingmanni hvað það varðar að að sjálfsögðu berum við ábyrgð og þurfum að axla hana en við þurfum ekki að láta rétta okkur hvað sem er og segja já við því. Því vil ég ítreka spurningu sem fram kom hjá hv. 9. þm. Suðvest., Þór Saari, um það hvort hv. þingmaður, sem er formaður efnahags- og skattanefndar, gæti fallist á að þessir fyrirvarar með ríkisábyrgðinni, og að ríkisábyrgðin þá verði ekki gild fyrr en úr því hefur verið skorið klárt og kvitt og að enginn vafi leiki á um réttaróvissu eða réttarstöðuna, að það verði úr því skorið hver er skoðun viðsemjenda okkar á þessum fyrirvörum þannig að allri — og ég ítreka allri — réttaróvissu verði eytt áður en Alþingi ákveður að samþykkja það sem hér liggur fyrir.

Miðað við það sem fram hefur komið í þessu máli, miðað við þá sprengju sem hv. þm. Björn Valur Gíslason (Forseti hringir.) varpaði hér inn í morgun held ég að það sé kýrskýrt að úr þessu verður Alþingi að fá skorið klárt og kvitt.

[16:06]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég hef nú gott traust á því að þingmenn okkar flokks og flokks hv. þingmanns og annarra hafi gengið vel úr skugga um það áður en þeir afgreiddu málið inn til þingsins að það væri alveg á hreinu að þessir fyrirvarar héldu. Ég held líka að öll tvímæli séu tekin af um það af fulltrúum allra flokka að þessir fyrirvarar eru órjúfanlegur þáttur af ríkisábyrgðinni sem verður ekki frá henni skilinn þannig að ég held að áhyggjur af öðru eigi ekki að vera af efnislegum ástæðum.

[16:07]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu en hún olli mér miklum áhyggjum. Hv. þingmaður talaði vel og var að reyna að tala um samstöðu og að lægja öldur, en það er ákveðið viðhorf sem mér fannst skína svo í gegn sem ég held að hafi einkennt allt þetta mál, þ.e. að ábyrgðin sé öll okkar. Það liggur alveg fyrir að við Íslendingar berum ábyrgð en í þessu einstaka máli er um Evróputilskipun um innstæðutryggingar fyrir alla álfuna að ræða. Það var aldrei hugsað þannig að þetta ætti að nýtast í bankahruni, í kerfishruni. Þegar menn tala um eitt svæði, eitt markaðssvæði, Evrópska efnahagssvæðið, er hvorki skynsamlegt né sanngjarnt eða eðlilegt að þegar slíkt kerfishrun verður að ein smáþjóð þurfi að taka það allt saman á sig.

Ég spyr hv. þingmann: Finnst hv. þingmanni ekki vera neitt að þessu evrópska reglugerðakerfi (Forseti hringir.) eða túlkun viðsemjenda okkar á því?

[16:09]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður hefur ekki hlustað vel á ræðu mína ef hann taldi það vera orð mín að við bærum alla ábyrgðina. Ég sagði þvert á móti að það væri auðvitað alveg ljóst að við gerðum það ekki, þar væri um að ræða gallað regluverk eins og hv. þingmaður vék að. Auðvitað er líka um að ræða ábyrgð af hálfu Breta og Hollendinga, það er auðvitað mikil ábyrgð í því fólgin að hafa beitt á okkur hryðjuverkalögum. Það var auðvitað ábyrgð í því fólgin að koma að starfsemi þessara útibúa í Hollandi og Bretlandi þar sem ákveðnir þættir voru á hendi viðkomandi landa. Með ýmsum öðrum hætti deila aðrir ábyrgðinni. Þess vegna er það eðlileg krafa okkar að alþjóðasamfélagið og viðsemjendur okkar sérstaklega hafi skilning á því að um leið og við öxlum þessar miklu skuldbindingar og þessa miklu ábyrgð þurfum við auðvitað setja við henni skýra fyrirvara sem gera það að verkum að tryggt sé að við getum risið undir þeim, vegna þess að (Forseti hringir.) ábyrgð okkar í þessu efni er alls ekki einhlít.

[16:10]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Kjarni máls er sá að það er ekki svo einfalt að þetta sé bara okkur að kenna. Reyndar er það þannig að það sem við erum að undirgangast núna er ekki bara 20 þúsund evra lágmarkið, við erum að undirgangast einhliða ákvarðanir Breta og Hollendinga. Það er mjög slæmt þegar menn eru svo mikið að verja Evrópusambandið að þeir gleyma þessum þætti eða það verður einhvern veginn aukreitis. Ég held að þetta viðhorf, sérstaklega Samfylkingarinnar, hafi gert það að verkum að stjórnarandstaðan hefur þurft að vera að sækja á eins og við værum að semja við Hollendinga og Breta í staðinn fyrir að við settumst niður og skipulegðum vörn okkar í þessu máli.

Það er mjög erfitt þegar talsmenn og ráðherrar ríkisstjórnar þeytast um allan heim til þess að leggja sérstaka áherslu á það að Íslendingar séu glæponar og skúrkar, eins og ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa gert, (**ÁI:** Hvaða orðbragð er þetta?) en eru ekki að fara yfir málstað okkar Íslendinga. Ég er hér að vitna í t.d. viðtal í *Daily Telegraph* við viðskiptaráðherra þar sem hann talar um (Forseti hringir.) málið með þessum hætti og ég hef gert að umtalsefni hér í þinginu eins og einhverjir ættu að muna.

[16:11]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er skoðun mín að bæði þjóð-

kjörnir fulltrúar og ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu eftir fremsta megni að vinna að þjóðarhag og við eigum ekki að dylgja um það hverjir við aðra að það sé ekki tilfellið.

Ég held að það að tönnlast á Evrópusambandinu í þessu sambandi sé bara einhver áróðursleikur því að Norðmenn hafa t.d. verið býsna harðir í afstöðu sinni og eru þó ekki aðilar að Evrópusambandinu. Það sýnir hversu heimskulegur sá málflutningur er.

Það verður líka, þegar við horfum á úrlausn þessara mála, að hafa í huga heildarmyndina hér og þau neyðarlög sem við settum og þær ráðstafanir sem við gripum til til þess að taka eignir gömlu bankanna og gera innstæður Íslendinga að forgangskröfum í þær eignir. Það gerðum við vegna þess að við sögðumst vera að verja ríka almannahagsmuni. Með því að undirgangast þessar skuldbindingar sönnum við það fyrir umheiminum að við erum að gera það, við erum að verja gríðarlega mikla almannahagsmuni á alþjóðlegum vettvangi, ekki aðeins íslenska sérhagsmuni, og að heildarlausnin sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir, (Forseti hringir.) samningaleiðin, sem svo hefur verið kölluð, hljóti þess vegna farsælar málalyktir, ekki bara þetta mál heldur neyðarlögin og allar aðgerðirnar samanlagðar.

[16:13]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Þessi 2. umr. sem fram hefur farið um frumvarp fjármálaráðherra, sem gerir íslenskan almenning ábyrgan fyrir skuldum óreiðumanna, hefur verið yfirgripsmikil, fróðleg og að mestu málefnaleg. Ég vil byrja á að þakka þeim þingmönnum stjórnar og stjórnarandstöðu sem unnu með okkur framsóknarmönnum að því að setja fyrirvara við ríkisábyrgðina fyrir mikið og gott starf þar sem flokkspólitík var lögð á hilluna og allir lögðust á eitt þrátt fyrir gríðarlegan þrýsting forustumanna stjórnarflokkanna til hins gagnstæða. Þá vil ég einnig þakka starfsmönnum þingsins sem lagt hafa á sig gríðarlega vinnu í málinu og reyndar á þessu sumarþingi öllu.

Okkur alþingismönnum hefur oft, einkum á síðustu missirum, verið legið á hálsi fyrir að vinna ekki vinnuna okkar. Sú gagnrýni hefur oftast komið utan úr samfélaginu en hefur magnast úr þessum ræðustól, einkum í kjölfar hrunsins. Þar hefur hver bent á annan, ásakað andstæðinga og jafnvel pólitíska samverkamenn líkt og hæstv. núverandi viðskiptaráðherra, Gylfi Magnússon, gerði í 1. umr. um þetta mál fyrir tæpum tveimur mánuðum. Þar sakaði hann forvera sinn í starfi, núverandi formann þingflokks Samfylkingarinnar, Björgvin G. Sigurðsson, um virkan þátt í mesta glannaskap Íslandssögunnar er hann í langvinnu aðgerðaleysi sínu lét útþenslu Icesave-reikninganna í Bretlandi og markaðssetningu þeirra í Hollandi óátalda.

Þá vitnaði hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra, Árni Páll Árnason, í grein fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, Jóns Sigurðssonar, þar sem aðdraganda Icesave-málsins er lýst og hvernig það mál fór allt úr böndunum í ráðherratíð hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar.

Nú þegar þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa hvatt til að vanda sig til verka við afgreiðslu þessa einhvers mesta hagsmunamáls íslensku þjóðarinnar hafa vinnubrögð forustumanna stjórnarflokkanna verið þeim og Alþingi til vansa. Forustumenn stjórnarflokkanna telja að nú þegar búið er að vinna í málum í tæpa tvo mánuði og leggja fram nokkra tugi skjala sé nóg að gert og málið skuli í gegn nær óbreytt með nokkrum fyrirvörum sem óvíst er hvort haldi. Hefði þingið haft þennan tíma til að vinna að málinu sjálfu er hugsanlegt að tekist hefði að ná þverpólitískri sátt um það. Mikill tími fór hins vegar í að brjótast í gegnum leynihjúp ríkisstjórnarinnar sem hún sveipaði samninginn í og öll gögn er honum tengdust. Í fyrstu taldi ríkisstjórnin nægilegt að embættismenn flyttu þingmönnum endursögn á helstu atriðum samningsins og þar við ætti að sitja. Það var ekki fyrr en samningnum við Hollendinga var lekið til fjölmiðla að fallist var á að þingmenn fengju að sjá samninganna í heild sinni. Í kjölfarið hófst gríðarleg rimma við stjórnarliða þar sem toga þurfti út úr þeim hvert einasta skjal sem viðkemur málinu. Ítrekað var beðið um lista yfir þau skjöl sem snertu málið svo þingmenn gætu beðið um þau gögn sem þeir töldu að skiptu máli við meðferð þess. Svörin voru einföld: Tilgreinið bara hvaða skjöl þið viljið og við munum leggja þau fram. Það var ekki svo auðvelt þar sem þingmenn vissu ekki hvaða skjöl voru til. Enn höfum við ekki upplýsingar um öll gögn málsins.

Í þetta karp fór stór hluti þess tíma sem málið hefur verið í meðförum Alþingis. Þá var hamagangurinn slíkur við að rífa málið úr utanríkismálanefnd og efnahags- og skattanefnd að annað eins hefur vart sést á síðari tímum. Það er miður að þeir stjórnarþingmenn sem þó hafa unnið að þessu máli af heilindum, menn á borð við Guðbjart Hannesson, formann fjárlaganefndar, skuli líða fyrir þessi vinnubrögð forustumanna stjórnarflokkanna. Af þeim sökum vannst ekki tími til að ljúka þessu máli í fullkominni sátt og er það álit okkar framsóknarmanna að forustumönnum stjórnarflokkanna hafi tekist að þynna þá fyrirvara, sem fengið hafa nafnið Ögmundarfyrirvarar, nógu mikið út svo úr þeim er allt bit. Þannig telja forustumenn stjórnarflokkanna að þessir fyrirvarar muni í engu hnika þeim samningi sem ríkisábyrgðin hvílir á. Helst er á þeim að heyra að Bretar og Hollendingar muni ekki gera athugasemdir við þá fyrirvara sem hér eru til umræðu og jafnvel heyrast þær raddir frá stjórnarliðum að nauðsynlegt sé að þynna fyrirvarana enn meira út. Þannig sagði hv. varaformaður fjárlaganefndar, Björn Valur Gíslason, á bloggsíðu sinni í gær að samninginn ætti að samþykkja óbreyttan og helst að draga til baka eitthvað af fyrirvörunum milli 2. og 3. umr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samningarnir hafa ekkert breyst í meðförum þingsins frá því þeir voru undirritaðir í byrjun júní síðastliðnum. Fjárlaganefnd skerpir hins vegar á endurskoðunarákvæðum samningsins og skýrir þannig betur út fyrir þjóðinni hvað til þurfi til að Íslendingar muni óska eftir viðræðum við Hollendinga og Breta um fyrirkomulag efnda samninganna ef til þess kemur að það muni reynast erfitt að standa við þá. Það er ágætt að gera það. Aðrar tillögur nefndarinnar eru hins vegar þess eðlis að líklegt má þykja að þær breytist aftur til þess sem áður var í meðförum þingnefnda á milli 2. og 3. umræðu eftir að þingið hefur fjallað um málið í dag. Við sjáum hvað setur. Í augnablikinu bendir fátt til annars en Alþingi muni samþykkja óbreytta þá ágætu samninga sem gerðir voru um málið í sumarbyrjun. Það er líka ágætt

að gera það og þó fyrr hefði verið.“

Þessi sami þingmaður hélt því reyndar fram í ræðu sinni áðan að framsóknarmenn hefðu ekkert komið að þessu máli. Þessi misskilningur skrifast kannski á þá einstöku óheppni þingmannsins það sem af er kjörtímabilinu að hann hefur þurft að taka sér frí til að sinna hinni vinnunni sinni í hvert sinn sem erfið mál hafa komið upp. Þannig var hv. þingmaður, varaformaður fjárlaganefndar, fjarverandi þann tíma sem vinna fór fram við þá fyrirvara sem hér um ræðir og kann það að skýra þekkingarskort hans á ferli málsins. Ég óttast mjög að orð þingmannsins sem ég vitnaði til áðan, sem og orð þau sem fallið hafa af munni forustumanna stjórnarflokkanna séu aðeins til marks um að Bretar og Hollendingar og hugsanlega stór hluti stjórnarliða telji fyrirvarana marklausa. Með því að samþykkja ríkisábyrgð þó með fyrirvörum sé er Alþingi búið að samþykkja samninginn óbreyttan og í kjölfarið verður það væntanlega breskra dómstóla að kveða upp úr um það hvort fyrirvararnir hafi nokkurt gildi.

Þetta er eitt stærsta mál Íslandssögunnar. Verið er að samþykkja að skuldbinda íslenskan almenning til að greiða allt að 1.000 milljarða kr. skuld óreiðumanna. Við höfum ekki efni á að spara tíma eða peninga við að vinna þetta mál eins vel og mögulegt er. Það er grátlegt að formaður þess flokks sem mest hefur talað um virðingu Alþingis og hversu mikilvægt er að þingið sé eflt sem mótvægi við framkvæmdarvaldið skuli hafa reynt að berja niður þingmenn síns eigin flokks sem ekki voru sammála honum um meðferð málsins.

Um framgöngu Samfylkingarinnar þarf ekki að fjölyrða því hún hefur haft vit á því að halda sig til hlés og varpa ábyrgðinni af Icesave-málinu kirfilega yfir á samstarfsflokk sinn. Það er reyndar eftirtektarvert að maður með jafnlanga reynslu á Alþingi og Steingrímur J. Sigfússon, hæstv. fjármálaráðherra, skuli falla í sömu gryfju og Framsókn gerði of oft á ríkisstjórnarárum sínum með Sjálfstæðisflokknum, að standa ítrekað í stafni og taka á sig brotsjói sem samstarfsflokkurinn hefur magnað upp. (Gripið fram í.) Maður hefði haldið að hann hefði eitthvað lært af reynslu okkar framsóknarmanna.

Mikið hefur verið rætt um ábyrgð og m.a. fór fyrrum andlit Baugsmiðlanna mikinn í ræðustól í gær og særði af innblásinni reiði niður drauga fortíðarinnar. Hann skautaði þó fimlega fram hjá draugum Samfylkingarinnar og fyrtist við ef honum var bent á þá, þingflokksformanninn, ráðherrana og óbreytta þingmenn. Ég get ekki beðist afsökunar á misgjörðum annarra, hvort sem um er að ræða samflokksmenn mína né aðra.

Framsóknarflokkurinn tók háskalega hægri beygju um miðjan síðasta áratug með alvarlegum afleiðingum, ekki bara fyrir flokkinn heldur þjóðina alla. Þar héldu um stjórnvölinn menn sem verða sjálfir að standa reikningsskil gerða sinna. Þeir eru allir hins vegar horfnir af vettvangi stjórnmála og úr forustu Framsóknarflokksins og þeir verða sjálfir að biðjast afsökunar á sínum gjörðum telji þeir ástæðu til. Það eina sem ég get gert er að gera mitt besta til að leiðrétta kúrs Framsóknarskútunnar og ná henni aftur inn á miðju íslenskra stjórnmála, helst aðeins vinstra megin við miðju þar sem hún á heima, laus við öfgar hægri og vinstri. Það höfum við gert með endurnýjun þingflokks og forustu og gagngerðrar endurskoðunar á stefnu flokksins. Það mættu ýmsir aðrir taka sér til fyrirmyndar.

Ég ætla ekki að fara fram á að hv. þm. Sigmundur Ernir Rúnarsson biðjist afsökunar á verkum samflokksmanna sinna sem stýrðu skútunni inn í hrunið en bendi honum á að þeir hinir sömu eru enn við völd í skjóli þingmannsins. Þingmönnum Vinstri grænna vil ég hins vegar gjarnan benda á að kynna sér sögu Framsóknarflokksins og hvernig honum reiddi af í 12 ára samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn þar sem hann dróst stöðugt lengra inn í kjölsog frjálshyggjunnar og drukknaði þar næstum. Menn tala um að læra af reynslunni en ana svo áfram blindaðir af valdagræðgi og óbilandi trú á eigin ágæti. Þegar ég horfði á VG kokgleypa hvert stefnumál sitt á fætur öðru í þjónkun við stóra bróður sem hótar litla bróður við hvert fótmál finn ég fyrir hálfgerðu „dejà vu“.

Mörgum hefur orðið tíðrætt um helmingaskipti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í gegnum tíðina. Ekki ætla ég að þræta fyrir það að einstaklingar og fyrirtæki hafa hagnast á tengslum sínum við ráðamenn hverju sinni en hefur það litlu skipt hverjir hafa verið við völd. Sú staðreynd að þjóðin hefur treyst þessum tveimur flokkum best fyrir velferð sinni frá lýðveldisstofnun hefur væntanlega haft þau áhrif að stuðningsmenn annarra flokka hafa þó talið á sig hallað. Hins vegar má benda á að Alþýðuflokkurinn hefur sjaldan verið langt undan þegar pólitískar stöðuveitingar og eignasölur hafa verið annars vegar. Á árum áður voru þessi vinnubrögð nánast viðurkenndur hluti stjórnsýslunnar en á síðustu árum hefur almenningur og í kjölfarið við stjórnmálamenn orðið meðvitaðir um þann skaða sem slík stjórnsýsla getur valdið. Einkavæðing ríkisfyrirtækja, sem hófst í alvöru í Viðeyjarstjórn þeirri sem Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson voru ráðherrar í og hélt áfram með ríkisstjórnum Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, hefur alla tíð verið umdeild. Hæst ber einkavæðingu Búnaðarbankans sem síðar varð Kaupþing og Landsbankans, einkum vegna þess hversu gríðarleg áhrif á íslenskt samfélag gjaldþrot þessa banka hefur haft. Þó má halda því til haga að þótt kaupendur Landsbankans hafi líkast til verið handvaldir af ráðamönnum áttu þeir aðilar sem keyptu Búnaðarbankann þó a.m.k. hæsta boðið í bankann og borguðu fyrir hann.

Á þessum árum mynduðust tvær viðskiptablokkir í landinu. Þar sem áður hafði verið kolkrabbinn og smokkfiskur í skjóli Sjálfstæðisflokks og Framsóknar voru komnir Jón Ásgeir og Björgólfarnir sem blómstruðu í skjóli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Svo hratt blómstruðu þessar viðskiptablokkir að fljótlega uxu þær stjórnmálaörmum sínum yfir höfuð. Í ljós hefur komið að völd þeirra og fjárráð voru slík að í raun má segja að þeir hafi keypt sér draumaríkisstjórn árið 2007. Á annað hundrað milljónir þurfti í kosningasjóði flokkanna en árangurinn varð ríkisstjórn þessara flokka þar sem viðskiptablokkunum var endanlega sleppt lausum.

Þá litu dagsins ljós ný helmingaskipti en í stað þess að um væri að ræða stjórnmálaflokka með viðskiptaarma voru komin fram viðskiptaveldi með stjórnmála- og fjölmiðlaarma. Afleiðingar þess þekkjum við. Bankar í eigu þessara

auðhringa léku lausum hala, endurfjármögnun án athugasemda með sparifé almennings í Bretlandi og Hollandi og ráðherra bankamála klappaði með. Því sitjum við uppi með gríðarlega óútfyllta ávísun á ríkissjóð sem ætlað er að greiða skuldir þeirra óreiðumanna sem voru fjárhagslegir bakhjarlar þessara flokka.

Frú forseti. Í þessu máli eru allt of mörg vafaatriði til að hægt sé að hleypa því í gegn að óbreyttu. Í fyrsta lagi er hreinlega óvissa um hvort okkur beri yfir höfuð að veita þessa ríkisábyrgð. Ef ótvírætt væri að innstæðutryggingarsjóður væri ríkistryggður þyrfti enga sérstaka ríkisábyrgð. Þrátt fyrir yfirlýsingar hrunstjórnarinnar með bankamálaráðherra Samfylkingarinnar í broddi fylkingar um að við bærum ótakmarkaða ábyrgð leikur vafi á lagalegu gildi þeirra. Hrunstjórninni var líka vorkunn eftir að hafa trompað upp Icesave-reikningana leynt og ljóst og riðið um héruð til að dásama útrás bankavíkinganna. Enginn veit hversu mikið við þurfum að borga en sumum stjórnarþingmönnum er hreinlega alveg sama, vilja ekki tala um krónur og hafa 25 milljarða aukagreiðslur í flimtingum eins og um sé að ræða skiptimynt. Í vor talaði forsætisráðherra um 150 milljarða en nú gerir varfærnasta mat ráð fyrir að lágmarki 400 milljörðum og þeir svartsýnustu allt að 1.000 milljörðum. Slík er óvissan.

Hér er verið að reyna að setja efnahagslegan og lagalegan fyrirvara við ríkisábyrgð á innstæðutryggingarsjóð. Enginn veit hvort þessir fyrirvarar munu halda — og þó. Nú þegar hefur komið fram bráðabirgðaálit sérfræðinga í alþjóðarétti við Cambridge-háskóla sem lýsir yfir miklum efasemdum um að fyrirvararnir hafi gildi samkvæmt breskum lögum og þar liggur hundurinn grafinn. Um leið og ríkisábyrgð verður samþykkt öðlast samningarnir gildi óbreyttir burt séð frá öllum fyrirvörum. Með samþykkt ríkisábyrgðarinnar hefur Alþingi samþykkt samningana óbreytta. Sjálfstæðismenn virðast telja annað en ég er hrædd um að þeir muni naga sig í handarbökin þegar kemur í ljós að þeir hafa rangt fyrir sér. Orð forustumanna stjórnarflokkanna, almennra þingmanna og erlendra sérfræðinga, nú síðast Kaarlo Jännäri, fyrrum forstjóra fjármálaeftirlits Finna, hefur sannfært mig um það.

Í samningunum eru margvísleg ákvæði sem ætlað er að tryggja að við munum ekki komast undan því að hlíta honum að fullu og öllu. Í 3. gr. segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi hefur samþykkt að íslenska ríkið taki á sig ábyrgð samkvæmt þessum samningi og samþykkt hver þau lög önnur eða heimildir sem þarf til að tryggja að skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og íslenska ríkisins samkvæmt þessum samningi og uppgjörssamningnum séu lögmætar, gildar, bindandi og framfylgjanlegar.“ Hér er ekkert pláss fyrir neina fyrirvara.

Í 12. gr. samningsins stendur beinlínis að Bretar og Hollendingar geti gjaldfellt samninginn ef eitthvert ákvæði hans, með leyfi forseta, „hættir að vera lögmætt, gilt, bindandi og framfylgjanlegt.“ Með öðrum orðum, ætli Alþingi að setja fyrirvara við ríkisábyrgð geta Bretar og Hollendingar gjaldfellt lánin umsvifalaust eða hvenær sem þeim hentar.

6. gr. samningsins fjallar svo um ábyrgð ríkisins. Þar kemur fram að hún skuli vera óafturkræf og skilyrðislaus. Sérstaklega er tekið fram að ríkið skuldbindur sig til að halda lánveitandanum skaðlausum vegna alls kostnaðar sem lánveitandinn kann að verða fyrir ef einhver af þeim skuldbindingum sem íslenska ríkið ábyrgist samkvæmt samningunum verður óframfylgjanleg, ógild eða ólögmæt. Þannig gætu Bretar litið svo á að með því sé íslenska ríkið að veita tryggingu fyrir því að bæta það efnahagslega tjón sem kann að leiða af fyrirvörunum. Það er ljóst að með samþykki ríkisábyrgðar með fyrirvörum eða án er Alþingi að samþykkja samninginn. Ekki er hægt að halda öðru fram. Eða ætla Íslendingar komnir fyrir dómstól í London eftir sjö ár að halda því fram að samningurinn hafi aldrei tekið gildi og þar með að afgreiðsla Alþingis hafi verið marklaus og yfirlýsingar forsætisráðherra og fjármálaráðherra einnig þrátt fyrir að hafa unnið eftir samningnum árum saman? Eða samningurinn hafi öðlast gildi og þar með ákvæði hans sem útlista að samningurinn ógildi hver þau ákvæði breytinga af hálfu Íslendinga sem stangast á við efni samningsins.

Því er haldið fram á Alþingi að hér standi þingmenn allra flokka nema Framsóknarflokks einhuga að baki frumvarpi um ríkisábyrgð. Það kann að vera en skilningur þeirra á frumvarpinu og áhrifum þess er hins vegar margbrotinn. Stærstur hluti stjórnarliðsins telur að fyrirvararnir hafi ekkert að segja, samningurinn stendur óbreyttur og eina gildi fyrirvaranna sé að útskýra fyrir þjóðinni við hvaða aðstæður við munum fara á hnjánum til Breta og Hollendinga og biðja um vægð. Hluti stjórnarliðsins telur að samningurinn standi óbreyttur en fyrirvararnir muni hafa áhrif á túlkun Breta og Hollendinga á honum þrátt fyrir skýr ákvæði um annað. Svo eru það sjálfstæðismenn sem trúa því enn að ríkisábyrgð með fyrirvörum sé gagntilboð til Breta og Hollendinga sem munu í kjölfarið setjast við samningaborðið og laga samninginn að fyrirvörunum. Þrenns konar skilningur er um þetta.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsti því yfir í ræðu áðan að fyrirvararnir haldi því Bretar og Hollendingar geti ekki skuldbundið Alþingi til að greiða þeim neina fjármuni. Þessi rök væru svo sem gild ef hv. þingmaður væri ekki sjálfur að sýna fram á að þau halda ekki. Hann lýsti því nefnilega í löngu máli hvernig Bretar og Hollendingar eru að neyða okkur til að borga gríðarlega fjárhæð og var þar með einmitt ekki að fallast á eigin rök sem eru að Bretar og Hollendingar geta ekki þvingað okkur til að greiða þeim gríðarlegar fjárhæðir án dóms og laga. Því verð ég að segja að ég tel að sjálfumgleði forustumanna stjórnarflokkanna í þessu máli sé verðskulduð. Þeim er að takast að ná saman stórum meiri hluta á Alþingi til að samþykkja samningana óbreytta og setja ríkisábyrgð á þá með fyrirvörum sem ekki halda, a.m.k. miðað við þær breytingartillögur sem liggja fyrir núna. Telji þingmenn enn að einhverjar líkur séu á því að fyrirvarar ríkisábyrgðarinnar haldi ber okkur skylda til að fá úr því skorið áður en við greiðum atkvæði um málið. Telji þingmenn enn að þeir fyrirvarar sem hér á að setja með samþykkt ríkisábyrgðar breyti í einhverju samningnum sem um leið verður samþykktur ber okkur skylda til að fá úr því skorið áður en við greiðum atkvæði um málið. Eða einfaldlega: Hvort er rétthærra fyrir breskum dómstólum fyrirvarar við samninginn eða samningurinn sjálfur? (**Grip-**

ið fram í: Samningurinn.) Séu fyrirvararnir réttmætir er í raun verið að breyta samningnum en sé samningurinn réttmætri hafa fyrirvararnir ekkert gildi. Þetta verðum við að vita áður en við greiðum atkvæði um þetta mál.

Málið er svo stórt að okkur ber að fá skorið úr öllum vafa um skyldur okkur til að greiða og í kjölfarið heimildir til að setja einhliða fyrirvara við samningana. Kostnaðurinn við að taka sér tíma í að vinna þetta mál vandlega er aðeins brot af þeim kostnaði sem þjóðin mun þurfa að bera verði ríkisábyrgðin samþykkt og samningarnir þar með. Ég vil fá úr því skorið hver ábyrgð okkar sé, hvort samningarnir standi og hvort fyrirvarar haldi áður en ég greiði atkvæði um ríkisábyrgðina. Ég vil ekki þurfa að standa frammi fyrir íslensku þjóðinni eftir sjö ár og segja: Kannski hefði ég átt að skoða málið aðeins betur. Ég vil ekki þurfa að segja eins og ágætur maður í viðtali við erlenda sjónvarpsstöð sagði, með leyfi forseta: „Kannski hefði ég átt að gera það“ eða á engilsaxnesku sem viðkomandi viðtal var: „Maybe I should have“.

[16:32]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég get gert þá játningu í upphafi máls míns að ég hef alltaf verið svolítið pólitískt skotinn í hv. þm. Eygló Harðardóttur, ég hef oft hrifist af málflutningi hennar. Hún flytur mál sitt af röggsemi og oft af djúpum skilningi. Ég verð samt að segja að málefnalega er ég svo að segja ósammála hartnær öllu sem hv. þingmaður sagði áðan.

Ég kem þó ekki upp til að lýsa því sérstaklega yfir. Yfirferð hv. þingmanns um fortíð Framsóknarflokksins var næsta nöturleg, en það er hún sem er bestur dómari á fortíð og sögu Framsóknarflokksins. Það er hins vegar alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að þá ógæfusögu sem rekja má Icesave-málið til er vitaskuld einkavæðing ríkisbankanna. Það er hins vegar ekki hægt, og er a.m.k. misskilningur hjá hv. þingmanni að hægt sé að tengja það með einhverjum hætti við hinn gamla Alþýðuflokk sem ég sat í, og m.a. í ríkisstjórn fyrir á sínum tíma með núverandi hæstv. forsætisráðherra.

Það er rétt að á þeim tíma komu fram hugmyndir um að einkavæða ríkisbankana í þeirri ríkisstjórn, í þeim þingflokki sem ég sat í og stýrði um tíma. Þær tillögur voru lamdar út af borðinu af tveimur ungum þingmönnum sem þá sátu í þingflokknum, séra Gunnlaugi Stefánssyni og núverandi utanríkisráðherra. Sé einhverjum um að kenna að ríkisbankarnir voru einkavæddir með þeim hætti sem síðar varð og leiddi til þessarar langvinnu ógæfusögu er ekki hægt að rekja það til gamla Alþýðuflokksins, það er miklu frekar hægt að rekja það til þess flokks sem hv. þingmaður átaldi hvað harðast í sínum málflutningi, og það var ekki Alþýðuflokkurinn gamli. Og það var ekki Samfylkingin. Það var ekki einu sinni Sjálfstæðisflokkurinn, það var Framsóknarflokkurinn, það var sá flokkur sem hv. þingmaður er fulltrúi fyrir hér á þingi sem hún átaldi hvað harðast. Ég ætla ekki einu sinni að lýsa yfir samþykki við það, hún þekkir málið betur en ég.

[16:34]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég verð líka að viðurkenna að ég hef alltaf verið svolítið pólitískt skotin í hæstv. utanríkisráðherra og hef oft litið til hans sem ákveðinnar fyrirmyndar minnar í ræðustóli. Ég skal líka viðurkenna að ég sé alveg fyrir mér að ég taki jafnvel einhvern tímann við ráðuneytinu af honum. Það er hins vegar allt annað mál.

Ég ætla að benda á að það eru sögulegar staðreyndir að einkavæðingarferlið, hugmyndafræðin að því að einkavæða ríkisfyrirtæki, hófst einmitt í tíð Viðeyjarstjórnarinnar. Það sem er kannski meira og stærra mál — ég veit ekki betur en að það hafi verið formaður Alþýðuflokksins sem sló sér mest upp á því að hafa landað EES-samningnum. Ýmsir í þessum ræðustól og utan hafa hans bent á að það er tilskipunin um innstæðutryggingarsjóð sem gerir það að verkum að við ræðum nú um þessa óútfylltu ávísun á íslenska þjóðarbúið.

Hins vegar varðandi það að Framsóknarflokkurinn eigi að axla ábyrgð algjörlega á þessu máli finnst mér gjörsamlega fáránlegt. Ég vísa til ummæla hæstv. viðskiptaráðherra þar sem hann talaði um glannaskapinn í tíð fyrri ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks og líka orða hæstv. félags- og tryggingamálaráðherra þar sem hann vitnaði í grein fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, Jóns Sigurðssonar. Í þeirri grein rakti Jón aðdraganda Icesave-málsins og hvernig þau mál fóru gjörsamlega úr böndunum í ráðherratíð hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar sem ég veit ekki betur en að sé einmitt þingflokksformaður Samfylkingarinnar enn þá þannig að ég get ekki séð að hann hafi axlað neina ábyrgð á gjörðum sínum. Hann hefur ekki einu sinni mætt hér í ræðustól til að taka til máls í þessari umræðu.

[16:36]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Varðandi síðustu staðhæfingu hv. þingmanns rifja ég það upp að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sagði af sér embætti sem viðskiptaráðherra. Ég veit ekki hvað hv. þingmaður kallar það, sumir kalla það að axla ábyrgð. En ég var einungis að leggja út af ræðu hv. þingmanns. Hv. þingmaður sagði berum orðum að þann harmleik sem felst í Icesave mætti rekja til einkavæðingar ríkisbankanna. Þá hljótum við að grafast fyrir um það hverjir það voru sem einkavæddu ríkisbankana. Ja, ekki var það Alþýðubandalagið gamla, ekki var það Alþýðuflokkurinn gamli. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að innan Alþýðuflokksins gamla voru uppi raddir, það voru sterkir stjórnmálamenn þar á ferli sem vildu einkavæða ríkisbankana. En ég segi hv. þingmanni það — hún getur bara skoðað það í þeim heimildum sem fyrir liggja — að það frumvarp sem á sínum tíma var boðað í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokksins kom aldrei fram. Hvers vegna? Vegna þess að það var stoppað af sterkri andstöðu í þingflokki Alþýðuflokksins og reyndar í flokknum sjálfum. Um þetta var haldinn sérstakur flokksstjórnarfundur þar sem málinu var hafnað. Komum þá að því hverjir það voru sem hrundu af stað harmleiknum sem hv. þingmaður talar

svo um og segir sjálf að megi rekja til einkavæðingar ríkisbankanna. Hvaða flokkar voru það sem gerðu það? Ja, hv. þingmaður getur svarað því, ég þarf ekki að svara því fyrir hana.

Á sínum tíma var talað um það í þessum þingsölum að einkavæðingu bankanna ætti að gera með því að hafa mjög dreift eignarhald. Ýmsir þá, þar á meðal ég, freistuðust til að telja að það væri rétt aðferð. En eins og menn muna voru það þáverandi stjórnarflokkar sem skyndilega, svo að segja á einni nóttu, féllu frá því og afhentu bankana vildarvinum sínum. Og ég spyr hv. þingmann: Kannast hún við hvaða tveir flokkar þetta voru?

[16:39]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er að renna í gegnum ræðu mína og ég verð að viðurkenna að ég get ekki séð það hér að það stemmi sem hann fullyrðir að ég hafi sagt í þessari ræðu. Ég talaði hins vegar um helmingaskiptin sem mönnum hefur orðið tíðrætt um og ég talaði um hvenær einkavæðing ríkisfyrirtækja hefði hafist og það er í framhaldi af þeirri umræðu sem var hér bæði í gær og í dag. Það sem ég benti á er að ef menn ætla að fara að kenna þessu um þurfum við kannski að tala um hvaðan þessi hugmyndafræði kemur og hvenær byrjað var að einkavæða ríkisfyrirtæki. Þá er ég ekki bara að tala um fjármálastofnanir, ég er að tala um önnur fyrirtæki sem voru í eigu ríkisins.

Ég vil raunar rekja þetta líka til þess að þegar við tókum að okkur að innleiða EES-samninginn og þá hugmyndafræði sem Evrópusambandið byggir á og sem hæstv. ráðherra hefur verið mikill talsmaður fyrir að við göngum í. (**Utanrrh.:** Og Framsókn.) Nei, a.m.k. ekki þessi framsóknarmaður.

Mér hefur gjörsamlega ofboðið, ég verð að segja það, og einu rökin sem ég get samþykkt fyrir því að koma nálægt Evrópusambandinu, að við gerumst aðilar að því, er til þess að breyta þeirri hugmyndafræði sem Evrópusambandið vinnur eftir. Sú hugmyndafræði hefur einmitt endurspeglast í því hvernig fjármagnið fær að ráða öllu, að það skuli vera talið eðlilegt og gott að opna útibú erlendis, eins og við ræðum hér. Þegar Evrópa stækkaði í austur var það ekki þannig að menn færu þar inn til að fjárfesta og byggja upp framleiðslustarfsemi. Þeir fóru þar inn til að selja lán. Það var gert hérna líka og það er sú hugmyndafræði sem hæstv. utanríkisráðherra sér fyrir sér, að við höldum áfram að vinna að innan Evrópusambandsins. En ég vona svo sannarlega að ég hafi tækifæri til, ef við skyldum einhvern tímann verða svo óheppin að ganga þar inn, (Forseti hringir.) að breyta þeirri hugmyndafræði innan Evrópusambandsins.

[16:41]

Margrét Tryggvadóttir (Bhr):

Frú forseti. Hér ræðum við ríkisábyrgð á Icesave-innlánunum. Mér finnst í raun og veru fáránlegt svo mikið sem að láta sér detta í hug að þjóðin eigi að bera ábyrgð á skuldum einkaaðila, manna sem þeyttust um heiminn í einkaþotum og átu gull. Um þetta hefur verið fjallað hér í dag og í gær og hef ég litlu við það að bæta.

Það er einkum tvennt sem mig langar að ræða sem minna hefur verið fjallað um.

Hin pólitíska samstaða sem myndaðist í kringum störf fjárlaganefndar og vinnuhópa um fyrirvarana gladdi mig. Við eigum öll að stefna að sama marki og ég vona að sú samstaða sem skapaðist í kringum þetta mál haldist og að unnið verði með þessum hætti hér í framtíðinni. Staða okkar er svo slæm að við munum aldrei geta komið okkur á réttan kjöl nema með samstilltu átaki allra flokka, efnahagslífsins og þjóðarinnar allrar. Nú verðum við að láta pólitískan sandkassaleik lönd og leið og vinna saman að uppbyggingu samfélagsins. Það er mikilvægara en hvort hér sé vinstri stjórn eða hægri stjórn.

Þeir fyrirvarar sem smíðaðir hafa verið finnast mér vera tær snilld — svo lengi sem þeir halda.

Það er vitanlega ófyrirgefanlegt að gengið skuli hafa verið frá þessum ófremdarsamningi í skjóli nætur og hann undirritaður. Sem betur fer tók þingið málið í sínar hendur og sá veruleiki sem nú blasir við okkur er mun skárri en á horfðist í byrjun júní. Við skulum ekki gleyma því að þetta mál átti að keyra í gegn og þingið átti að samþykkja ríkisábyrgðina án þess að sjá samninginn. Það gleðilega gerðist að þingið tók völdin af framkvæmdarvaldinu, neitaði að vera stimpilpúði fyrir óséða samninga og þokaði málinu áfram í rétta átt. Svona finnst mér að þingið eigi alltaf að vinna.

Eitt af hugðarefnum mínum í gegnum árin hefur verið staða þróunarríkja sem hafa verið svo skuldum hlaðin að vonlaust hefur verið fyrir þær þjóðir að greiða höfuðstól skulda sinna. Margar þjóðir greiða einungis vexti og ná aldrei að byggja upp innviði samfélaga sinna, hvað þá að byggja upp velferðarkerfi. Þær þjóðir eru í skuldafangelsi og staða þeirra hefur verið því sem næst vonlaus. Þær eru okkur víti til varnaðar.

Okkar staða ætti þrátt fyrir allt að vera mun betri. Hér eru skólar og heilbrigðiskerfi, vegakerfi og hér býr þjóð sem hingað til hefur verið vinnusöm og er vel menntuð. Auk þess höfum við það forskot á þróunarríkin að hafa síðustu áratugina tilheyrt þeim hópi heimsins sem hefur haft það gott, verið í fararbroddi. Við höfum sem sagt verið í klíkunni og eigum okkur kannski enn vini í þessum stóra heimi. Mér hefur fundist skipta miklu, ekki bara hvort við komumst upp úr þessu feni heldur hvernig og hvort okkar lausn geti hjálpað öðrum þjóðum, þjóðum sem hafa ekki verið í klíkunni.

Ef þeir fyrirvarar sem Alþingi hefur nú smíðað halda — og þá lít ég líka til þeirra viðbótarfyrirvara sem Indefence benti þinginu á í morgun — leyfi ég mér að vona að þeir verði ekki einungis lausn fyrir okkur í þessu vonda máli, heldur líka þær þjóðir sem barist hafa við skuldir sínar, án árangurs, áratugum saman. Ég held að ef það á að liggja fyrir okkur að taka á okkur þessar byrðar er það a.m.k. huggun harmi gegn ef við getum gert heiminn örlítið betri og réttlátari í leiðinni. Ef fyrirvaraleiðin rennur í gegn og nýlenduþjóðirnar Bretar og Hollendingar gera ekki athugasemdir við hana má gera ráð fyrir að þessi leið breiðist út og geti gagnast öðrum þjóðum. Ef svo yrði ætti ég, og ef til vill fleiri, auðveldara með að sætta mig við þá ömurlegu staðreynd að skuldir einkaaðila falli á alla Íslendinga.

Vegna þess fordæmisgildis sem fyrirvararnir kunna að hafa get ég ekki ímyndað mér að viðsemjendur okkar, hvað þá Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, taki þeim fagnandi. Fyrir þá kunna þeir að þýða afskriftir á mun fleiri og stærri lánum. Kannski þýða þeir að þróunarríkin nái að þróast og standa jafnfætis Bretum og Hollendingum.

Við verðum að krefjast þess að fá heilbrigðisvottorð á fyrirvarana. Við verðum að krefjast þess að viðsemjendur okkar, Bretar og Hollendingar, gefi okkur skýr svör um hvað þeir hyggjast gera, samþykki Alþingi bæði fyrirvarana og ríkisábyrgðina. Við eigum heimtingu á að fá það á hreint áður en lengra er haldið.

[16:46]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að fyrirvararnir væru tær snilld og ég er viss um að frá sjónarhóli hennar og hv. þingmanns Þórs Saaris og margra annarra eru þeir það. Ég hugsa sömuleiðis, eins og hv. þingmaður segir, að þeir muni ekki renna svo ljúflega niður hjá þeim aðilum máls sem hv. þingmaður nefndi. Það ímynda ég mér. Ég er þeirrar skoðunar að þetta ferli í þinginu hafi verið mjög lýðræðislegt og það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að ríkisstjórnin vildi í upphafi að þetta mál færi fram með öðrum hætti. Ég dreg enga dul á það. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin réð ekki við það. En lýðræðið gildir og í þessum sölum hefur lýðræðið unnið þetta mál með þeim hætti að hv. þingmaður, sem hefur mjög ákveðinn og skýran málstað, segir að fyrirvararnir séu tær snilld.

Alþingi er fullvalda. Alþingi er fulltrúi þjóðarinnar allrar og það ræður fyrir Íslendingum. Því velti ég fyrir mér, af því að hv. þingmaður orðaði það svo að ganga yrði úr skugga um að fyrirvararnir héldu, hvort þeir fyrirvarar sem Alþingi setur með meiri hluta á þingi hljóti ekki að halda því það er Alþingi sem tekur ákvarðanir um þetta mál fyrir hönd Íslendinga og enginn annar getur það. Ef þessir fyrirvarar eru þannig að þeir takmarka með einhverjum hætti ábyrgð íslenska ríkisins þá hlýtur niðurstaða íslenska þingsins um það að gilda.

Ég tel sjálfur að það þurfi engan sérstakan aðila til að skera úr um það. Það er þingið sem ræður og ég tek orð hv. þingmanns fullgild þegar hún segir að frá hennar sjónarhóli og miðað við hennar málstað séu fyrirvararnir tær snilld. Ef svo er þarf ég engan til að segja það, ég treysti orðum hv. þingmanns í því efni og Alþingi.

[16:48]

Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Reiði þjóðarinnar í garð þeirra sem knésettu þjóðina í bankahruninu sl. haust hefur kristallast í réttlátri reiði gagnvart þeim kalda veruleika að þjóðin og komandi kynslóðir þurfi að borga Icesave-reikningana ásamt öðrum skuldaklöfum sem þjóðin þarf að bera og lakari lífskjörum næstu árin. Vegna vítaverðs gáleysis og græðgi íslenskra fjárglæframanna er þessi staða komin upp. Ekki er ábyrgð íslenskra stjórnvalda sl. áratug minni. Stjórnvöld sem létu glepjast af loftbólufimleikum íslenskra útrásarvíkinga og höfðu einkavætt bankakerfið án þess að tryggja þjóðinni traust fjármálaeftirlit, án þess að vilja aðskilja einkabanka og fjárfestingarbanka og neituðu að viðurkenna að svo miklir brestir væru komnir í bankakerfi landsins þó að aðvörunarbjöllur hringdu alls staðar.

En núverandi ríkisstjórn fékk þetta ógæfumál í vöggugjöf til að leysa. Fyrir lá að fyrri ríkisstjórn hafði samþykkt að ganga til samninga við Breta og Hollendinga um Icesave-reikningana og falla frá því að láta reyna á lagalega skuldbindingu þjóðarinnar. Það lá strax fyrir að ekki yrði auðvelt að ná samningum í þessu erfiða máli og engar líkur væru á að þjóðin mundi fagna niðurstöðu í málinu þar sem hún mundi alltaf þýða miklar skuldabyrðar á íslenska þjóð. Samninganefndin vissi hvað var í spilunum þegar hún tók við af fyrri samninganefnd og vissi að mikilvægt væri að ná árangri. Það tókst þótt alltaf megi segja um alla samninga að betur megi gera. En það þarf tvo til og að lokum verða samningsaðilar að mætast á forsendum beggja. Niðurstaða samninganna var kynnt þjóð og þingi og tryggði þjóðinni sjö ára skjól frá greiðslu Icesave-reikninganna sem skiptir miklu máli fyrir endurreisn efnahagslífsins og getu okkar til að rísa undir þeim skuldum sem við höfum ábyrgst að axla en um leið til að endurheimta virðingu okkar og traust í samfélagi þjóðanna.

Í meðförum fjárlaganefndar hefur verið leitast við að ná breiðri samstöðu og ég tel það mjög mikilvægt, breiðri samstöðu um efnahagslega fyrirvara við ríkisábyrgðina og lagalega fyrirvara án þess að taka upp samninginn eða að fella hann. Greiðslubyrði þjóðarinnar er tengd hagvexti landsins og skuldaþoli. Ef enginn hagvöxtur verður þá verður ekki greitt af lánunum auk þess sem gengisþróun mun ráða því hvernig greiðslurnar verða. Fyrirvararnir tryggja stöðu Íslands betur í endurreisn samfélagsins sem fram undan er. En nú er mál að linni í þessari umdeildu deilu. Afgreiðsla þess má ekki dragast lengur. Allt endurreisnar- og uppbyggingarstarf er undir og nú verða allir sem einn að koma að því verkefni sem bíður allra landsmanna, þ.e. að endurheimta orðspor þjóðarinnar, að reisa nýtt samfélag sem byggist á heiðarleika, samábyrgð og réttsýni. Ef okkur tekst það eru okkur allir vegir færir og við getum litið um öxl, stolt til baka og sagt að þær náttúruhamfarir af manna völdum sem við gengum í gegnum beygðu okkur aðeins tímabundið en brutu okkur ekki niður sem fullvalda, sjálfstæða og stolta þjóð utan Evrópusambandsins.

[16:53]

Ásmundur Einar Daðason (Vg):

Frú forseti. Við ræðum stórt og viðamikið mál, Icesave-frumvarpið svokallaða eða ríkisábyrgð á Icesave-reikninga. Þetta mál hefur verið til umræðu í þinginu í átta vikur og þingmenn hafa skipst á skoðunum með og á móti. Sitt sýnist hverjum og oft á tíðum hefur verið mikill hiti í málinu. Margir hafa bent á að mikilvægt sé að samþykkja Icesave-samningana til að fá lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndunum og viðskiptalífið hefur lagt á það mikla áherslu að niðurstaða náist í þessu máli. Aðrir hafa hins vegar bent á þann gríðarlega kostnað sem fylgir Icesave-samningunum og þá miklu fjárhagslegu áhættu sem getur

fylgt því að takast á við þessar skuldbindingar. Ég nefni til að mynda að vaxtakostnaður við Icesave-lánið er um 100 milljónir á sólarhring. Það er um 4,2 milljónir á tímann og 70 þúsund á mínútu. Þetta eru eingöngu vextirnir. Það er ljóst að ekki má mikið út af bera til að þessar skuldbindingar verði þjóðinni ofviða.

Einnig hefur verið mikið fjallað um lagalega óvissu í tengslum við þessa samninga og einkum hefur verið fjallað um greiðsluskyldu Íslendinga og margir haldið því fram að okkur beri ekki skylda til að greiða þessa reikninga. Ég held að það sé mikilvægt að skoða aðeins forsögu málsins. Þetta á rætur að rekja í Landsbankanum og til þeirra gríðarlegu innlána sem bankinn stofnaði til á erlendri grundu.

Þegar bankarnir fóru í þrot í október upphófst mikil umræða og mikill styr á milli Íslands annars vegar og Hollendinga og Breta hins vegar varðandi þær inneignir sem á þessum reikningum voru. Það hefur verið talað um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn beiti þrýstingi en ég ætla ekki að efast um að líklega hefur fyrri ríkisstjórn einnig verið beitt þrýstingi í þessu máli. Ég held að það taki enginn svona skuldbindingar sér á hendur án þess að vera beittur einhverjum þrýstingi. Það er síðan í desember sem ákveðið er að semja um málið en formleg sameiningarnefnd tók ekki til starfa fyrr en núverandi ríkisstjórn, eða fyrir síðustu kosningar, var mynduð. Sú samninganefnd skilaði samningi sem var með fyrirvara um ríkisábyrgð og það er sú ríkisábyrgð sem við erum að ræða í dag og höfum verið að ræða undanfarnar átta vikur.

Það liggur líka ljóst fyrir og hefur ekki verið launungarmál að áður en skrifað var undir þessa samninga voru miklar efasemdir um þá, til að mynda innan raða Vinstri grænna. Sú andstaða fór ekki leynt. Til að mynda hefur hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson ávallt lagst gegn þeim, bæði innan ríkisstjórnar, í fjölmiðlum, inni á þingi og annars staðar. Það var síðan samþykkt að þetta frumvarp færi inn til þingsins en margir höfðu miklar efasemdir um það og lögð var áhersla á það, sér í lagi af hálfu þeirra sem efasemdir höfðu, að öll gögn í málinu yrðu fengin upp á borðið og allt yrði opnað, ekki einungis fyrir þingið heldur líka fyrir þjóðina. Þetta fór síðan til fjárlaganefndar, hún lauk sínum störfum, skilaði inn áliti og svona er staðan í dag.

Það er hægt að kenna fyrri ríkisstjórn um, það er hægt að kenna núverandi ríkisstjórn um og ég efast ekki um að allir bera einhverja ábyrgð í þessu. En staðan er einfaldlega þessi: Hér stöndum við. Málið er á þessum tímapunkti. Það er komið inn í fjárlaganefnd og ég get sagt að ég hafði persónulega miklar efasemdir um þetta mál og hélt þeim ávallt á lofti innan þingflokksins og einnig innan fjárlaganefndar.

Fljótlega eftir að farið var að ræða málið í fjárlaganefnd kom það í ljós að ríkisábyrgðin óbreytt, þ.e. frumvarpið óbreytt, væri ekki með meiri hluta Alþingis. En hvað á þá að gera? Í mínum huga hefði verið mjög óábyrgt að setja þetta mál inn í þingið upp á von og óvon og fella það. Þetta er þannig mál, það er það mikið sem tengist þessu, tengingar við erlend ríki og fleira og því hefði verið mjög óábyrgt að senda málið inn í þingið upp á von og óvon.

Vinnan í fjárlaganefndinni var mjög góð. Allt frá fyrsta degi sátu þar allir við sama borð, óháð pólitískum flokkum. Þá voru engar upplýsingar mér vitandi sem meiri hlutinn fékk í hendur sem minni hlutinn fékk ekki líka í hendur. Málið var unnið með þverpólitískum hætti eins og rætt hefur verið um undanfarna daga að hafi verið svo mikilvægt. En það voru ekki allir sammála um að málið ætti að vinna með þessum hætti, hvorki innan ríkisstjórnarmeirihlutans né innan minni hluta. Mér finnst mikilvægt að það komi fram að sá fyrsti sem léði máls á því að vinna þetta með þessum hætti var einmitt hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson, sem hefur gagnrýnt þessa samninga hvað mest en hann sagði við 1. umr., með leyfi forseta:

„Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að á þetta mál eigi að líta á annan hátt en önnur mál sem koma fyrir þingið. Það má ekki hafna í hefðbundnum hjólförum flokkastjórnmála. Þetta er mál sem við eigum öll að sameinast um að taka á sem Íslendingar óháð flokkslínum. Ég tel að við eigum að forðast persónulegt hnútukast. Það hafa verið gerð mjög mikil mistök á Íslandi á undanförnum árum og þar hafa margir komið að málum.“

Þetta er lesið úr ræðu Ögmundar Jónassonar sem hann flutti við 1. umr. þessa máls (Gripið fram í.) og hv. þm. Birkir er að reyna að læra af hæstv. heilbrigðisráðherra og hefur ræðuna þarna á borðinu hjá sér. Síðan fer málið í fjárlaganefnd og mjög fljótlega, að mínu viti sem betur fer, fór fjárlaganefnd einmitt að vinna með þessum hætti. Þetta var unnið á þverpólitískum forsendum. Það var ekki eytt miklu púðri í að reyna að gagnrýna það hver ber raunverulega ábyrgð því allir bera einhverja ábyrgð með einum eða öðrum hætti. Eins og komið hefur fram er það líklega hvað síst Borgarahreyfingin. Skoðun mín á því hver ber mesta ábyrgð á þessu er alveg ljós en ég ætla ekki að reifa það hér í dag.

Forustu fjárlaganefndar og þá sérstaklega formanni hefur verið hælt mikið fyrir að reyna með öllum ráðum að halda málinu utan þessara pólitísku hjólfara en að mínu viti eru þetta raunar eðlileg vinnubrögð. Það eru eðlileg vinnubrögð að vinna með þessum hætti í stórum málum sem þessum, þegar svona mikið er undir. En það má segja formanni fjárlaganefndar til hróss að þetta hafi ekki alltaf þótt sjálfsögð vinnubrögð en þetta eiga að vera eðlileg vinnubrögð.

Niðurstaðan varð sú að menn fóru að ræða sig niður á ákveðna fyrirvara. Þessir fyrirvarar eru bæði efnahagslegs og lagalegs eðlis, auk fleiri fyrirvara sem þar eru. Lagalegu fyrirvararnir eru sjálfsagðir og mikilvægir og hafa verið mikið til umræðu. Margir hafa þar lagt hönd á plóg, fólk úti í samfélaginu, virtir lögfræðingar og fleiri. Þeir fyrirvarar eru tveir, annars vegar er varðar greiðsluskyldu Íslendinga og hins vegar er varðar það sem oft hefur verið kennt við Ragnar Hall. Efnahagslegi fyrirvarinn er ekki hvað síst mikilvægur því það er einmitt það sem margir hafa áhyggjur af, þ.e. hvað gerist ef við ekki getum greitt af þessum skuldbindingum. Efnahagslegi fyrirvarinn er eins konar girðing utan um það. Þar var unnið á þeim sama grunni og lagt var upp með, með þverpólitískum hætti. Að tillögunum unnu þingmenn úr öllum flokkum í samráði við fjárlaganefnd. Ég held að ekki sé á neinn hallað hvað það snertir að nefna þar hv. þm. Pétur H. Blöndal, en hann var sá sem fyrstur nefndi efnahagslega fyrirvara fyrir um sex vikum

síðan eða fljótlega við 1. umr. málsins. Við verðum að hafa það hugfast í málum sem þessum að það er sama hvaðan gott kemur.

Mér finnst persónulega að starfið í fjárlaganefnd hafi verið til mikillar fyrirmyndar. Menn hafa ekki alltaf verið sammála en það hefur verið útkljáð með heiðarlegum hætti. Það hefur verið mikið til umræðu hvort samningarnir standi eða standi ekki. Ég held að það sé ekki grunnspurningin núna. (**Gripið fram í:** Jú, víst.) Grunnspurningin er og það er það sem við verðum að vinna að að fyrirvararnir sem við setjum standi. Það er ekki okkar að meta hvort samningarnir standi eða ekki. Hollendingar og Bretar þurfa að fallast á þá með einum eða öðrum hætti og við eigum að gera þær girðingar í þessari ríkisábyrgð þannig að við teljum okkur trygg.

Margt hefur komið fram í umræðunni. Ég hef fylgst nokkuð vel með henni og það var samkomulag um að málið færi til fjárlaganefndar aftur á milli 2. og 3. umr. Ég hef leitast við að punkta niður hjá mér allt það sem bent hefur verið á og auk þess hafa fleiri aðilar en eru innan þings haft samband varðandi ýmsa punkta. Ég vonast til þess að menn, bæði í mínum flokki og öðrum flokkum, setji málið ekki í nein pólitísk hjólför á síðustu metrunum og reyni að halda það út að vinna þetta með þessum hætti. Ég ítreka að ég á bæði við samflokksfélaga mína auk þingmanna annarra flokka. Ég hygg að miðað við hvernig vinnan var í fjárlaganefnd séu verulegar líkur til þess að mögulegt sé að taka á þeim málum sem komið hafa upp í umræðunni. Ég treysti fjárlaganefnd og þeim sem þar sitja, fulltrúum allra flokka mjög vel til að komast að góðri niðurstöðu hvað það snertir.

[17:08]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans. Ég ætla ekki að eyða meira af tíma mínum í þessum umræðum í að ræða það hvort fyrirvararnir séu utan eða innan samninga. Það er einlæg skoðun mín og sannfæring að fyrirvararnir nái ekki inn í samningana og því sé um nýtt samningstilboð að ræða.

Þar sem hv. þingmaður á sæti í fjárlaganefnd langar mig til að varpa þeirri spurningu fram aftur í dag sem ég varpaði fram í gær. Var grundvöllur gagnvart ríkisábyrgð íslenska innstæðutryggingarsjóðsins aldrei ræddur að nokkru ráði í fjárlaganefnd eða fenginn til þess sérfræðingur eða lögbær maður sem gat úrskurðað um hann? Frakkar höfnuðu því að franska ríkið væri ábyrgt fyrir franska innstæðutryggingarsjóðnum árið 2000 og svo féll dómur hjá Evrópusambandinu 2002 í þá veru að ríki mættu ekki ábyrgjast innstæðutryggingarsjóði af samkeppnisástæðum. Staldraði nefndin ekki við þetta ákvæði þar sem við erum með fullgildan EES-samning eins og málin standa þar til honum er jafnvel sagt upp eða hvernig sem það verður, því er hótað mjög í þessari umræðu, og samkeppnisákvæðin rúmast innan fjórfrelsisins og þá gilda um okkur evrópsk samkeppnislög og þar sem Evrópudómstóllinn sem er æðsti dómstóll Evrópusambandsins alls komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri brot á samkeppnislögum Evrópusambandsins, hvers vegna í ósköpunum geta þá Bretar og Hollendingar farið fram á það við okkur nú árið 2009 að við hreinlega brjótum Evrópureglur varðandi samkeppnislög með því að knýja okkur og pína okkur til að veita ríkisábyrgð?

[17:10]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Jú, þetta var rætt í nefndinni, mikið rætt, rétt eins og líka var rætt um lagalegu óvissuna sem þessu fylgir. Því þótti eðlilegt að setja inn lagalegan fyrirvara hvað það snertir. Það kom fjöldi aðila fyrir nefndina og ég endurtek það sem ég sagði áðan, að það þótti eðlilegt að setja inn fyrirvara hvað þetta snertir og halda því inni að Ísland hefur raunverulega aldrei viðurkennt greiðsluskyldu sína í þessu máli. Það er einn af þeim fyrirvörum sem er þarna inni varðandi ríkisábyrgðina.

[17:11]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þar komum við aftur að þessum fyrirvörum sem ég tel að rúmist ekki innan samningsins nema Bretar og Hollendingar verði fengnir hingað til lands og látnir undirrita að fyrirvararnir séu hluti af samningnum vegna þess að um leið og ríkisábyrgð verður veitt á Alþingi þá fellur Icesave-samningurinn út úr íslenskri lögsögu og fer undir breska dómstóla.

Þetta grundvallaratriði, að það skuli vera inni í fyrirvörum segir okkur að það var ekki nokkur vilji til þess hjá framkvæmdarvaldinu að berjast fyrir þeim rétti okkar og reyna að fá úr því skorið hvort ríkisábyrgðin ætti yfir höfuð rétt á sér enda er skýrt kveðið á um það í reglugerðinni að það sé ekki í ríkisábyrgð á innstæðutryggingarsjóðnum. Ég vil því spyrja þingmanninn: Er málið ekki komið allt of langt miðað við það grundvallaratriði að það brjóti samkeppnislög Evrópusambandsins að pína okkur í ríkisábyrgð á þessa samninga?

[17:12]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta mál er tekið fyrir í fyrirvörunum og ég hygg að það hafi komið upp í umræðunni varðandi fyrirvarana og hversu mikið gildi þeir hafa og hvernig sé tekið á því. Ég hygg að þetta sé eitt af því sem verði tekið til umræðu í nefndinni milli 2. og 3. umr. Ég get upplýst hv. þingmann um það að ég mun ekki styðja þessar breytingartillögur sé ekki girt fyrir það að umræddir fyrirvarar séu raunverulega til staðar. (Gripið fram í.) Ég mun ekki gera það. Ég vil benda á að ég hef verið í sambandi við til að mynda Indefence-menn í dag sem hafa bent á möguleika til að gera smávægilegar breytingar svo þessir fyrirvarar geti orðið virkir, séu þeir það ekki í dag. Þetta er eitt af því sem þarf að leggjast yfir.

Það þarf líka að setjast yfir það hvort hægt sé að gera þetta þegar samningurinn verður gerður við tryggingarsjóðinn. Það er líka mögulegt að gera það þá því það er tryggingarsjóðurinn sem semur við Breta og Hollendinga. Það er tryggingarsjóðurinn sem tekur lánið þannig að hægt er að setja skilyrðin þar á milli og síðan verða Hollendingar og Bretar að fallast á það. Það er alveg hárrétt.

[17:13]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni fyrir prýðilega ræðu. Hann fór ágætlega yfir þetta óvenjulega mál og fór ágætlega yfir vinnuna hvað málið varðar. Þetta er mjög merkilegt mál að því leytinu til að þeir aðilar sem hafa þvælst mest fyrir því eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar, sérstaklega þeir sem eru í forustu í ríkisstjórn. Og af því að hv. þingmaður talaði mikið um þátt hæstv. heilbrigðisráðherra þá er alveg ótrúlegt að þetta hafi verið tekið og sett inn í þingið gegn vilja hæstv. heilbrigðisráðherra því það liggur alveg fyrir að hann samþykkti aldrei þetta mál. Ég held að það hljóti að vera einsdæmi að svona sé á málum haldið. Því var hæstv. heilbrigðisráðherra í fullum rétti að beita sér eins og hann gerði sem betur fer og við skulum vona að hæstv. heilbrigðisráðherra standi áfram í lappirnar í þessu máli. En ég furða mig mjög á því, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, hvað í rauninni er lítil umræða um þennan þátt málsins.

Ég skil hv. þingmann svo að hann muni áfram vinna að málinu, hann líti svo á að það skipti máli að hnýta lausa enda og taka þann tíma sem þarf til þess. Það er ekki markmið að taka tíma bara til að taka tíma en ég held hins vegar að það hafi ekki hjálpað málinu að sífellt sé verið að reyna að senda skilaboð til fjölmiðla og annað að það sé búið að semja um hitt og þetta og búið að loka hinu og þessu. Þetta er ákveðinn spuni hjá forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar. Það hjálpar ekki málinu og ég lít svo á að hv. þingmanni finnist mikilvægt að ná góðri lendingu í málinu og taka þann tíma í vinnu nefndarinnar sem þarf til að svo megi verða.

[17:15]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Málið er hjá þinginu og um það var samið að það færi aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. áður en það kom hingað til 2. umr. þannig að ég hygg að það sé engin breyting hvað það snertir. Málið verður tekið inn í nefnd milli 2. og 3. umr. og þar verða rædd þau atriði sem komið hafa fram hér í umræðunni auk þeirra atriða sem samkomulag var um að ræða milli 2. og 3. umr.

Svo vil ég bara taka undir með hv. þm. Guðlaugi Þór um það að við eigum auðvitað framúrskarandi góðan heilbrigðisráðherra. (Gripið fram í.)

[17:16]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti biður hv. þingmenn um að nefna aðra þingmenn fullu nafni.

[17:16]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi alveg tekið eftir því að ég var að hrósa hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir hans þátt í Icesave-málinu (Gripið fram í.) og ég ætla ekkert að bakka með það. Ef eitthvað mun ég bara gefa meira í hvað það varðar.

Ástæðan fyrir því að ég er að velta þessu upp er að það er auðvitað þingmeirihluti hjá þessari ríkisstjórn og ef þetta mál fer inn í nefnd getur ríkisstjórnarmeirihlutinn tekið það út hvenær sem er, þeir geta tekið það á mínútu ef svo ber undir. Við þekkjum það í viðskiptanefnd að málin eru almennt unnin þannig að menn ranghvolfa augunum á meðan við í minni hlutanum ræðum málin og síðan eru málin tekin út. Hraðinn þar hefur valdið miklum skaða nú þegar og ég held því miður að það muni verða meiri skaði í nánustu framtíð. Þess vegna skiptir máli að menn séu búnir að ganga frá því að það eigi að taka almennilega á þessum málum sem við höfum áhyggjur af.

[17:18]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað getur meiri hluti tekið málið út úr nefnd en ég vil forðast að detta í þessi pólitísku hjólför. Ég hef verið í góðu sambandi við félaga hans í fjárlaganefnd í dag og ég hygg að þar sé sama skoðun uppi og hjá mér um að málið komi inn í nefndina og þar verði þessi mál rædd á sömu forsendum og málið var tekið út úr nefndinni.

Ég vil bara hrósa hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni enn og aftur fyrir það að hrósa hæstv. heilbrigðisráðherra.

[17:18]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í umræðum í þingsal í gær fundu þingmenn upp nýtt hugtak, hugtakið „ljósberi vonar“. Mér hefur oft þótt hv. þm. Ásmundur Einar Daðason vera ljósberi vonar í stjórnarflokkunum og það hefur ekkert breyst við ræðu hans nú. Þeir eru raunar fleiri, ekki hvað síst hæstv. heilbrigðisráðherra, þannig að ég bind miklar vonir við að hv. þingmaður og hæstv. ráðherra muni áfram fylgja því sem þeir hafa gert fram að þessu og vinna þetta mál eftir sannfæringu sinni og með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Ég er reyndar viss um að þeir gera það.

Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann geti ekki tekið undir það með mér að það sé lágmark í starfi nefndarinnar, þegar málið fer aftur til fjárlaganefndar að lokinni þessari umræðu, að nefndin leiti eftir áliti sérfræðinga í enskum lögum á þeim fyrirvörum sem lagðir hafa verið fram og hvort þeir komi til með að standast og þá á hvaða hátt til þess að eyða þeirri gríðarlegu óvissu sem hefur skapast í málinu.

Það var mér mikill léttir að heyra hv. þingmann staðfesta að hann mundi ekki styðja málið nema það væri alveg á hreinu að fyrirvararnir héldu. Þurfum við þá ekki einmitt að leita eftir ráðgjöf um það frá þeim sem þekkja þau lög sem um er að ræða, ensk lög, hvort fyrirvararnir komi til með að halda?

[17:20]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Jú, það þarf að ræða þetta í nefndinni milli 2. og 3. umr., það liggur alveg ljóst fyrir. Umræðan hefur snúist mikið um þetta og ég hygg að það hljóti að verða eitt af þeim atriðum sem verði rædd mikið í nefndinni milli 2. og 3. umr.

Ég vil taka undir með honum um það að menn fylgi hér sannfæringu sinni en ég vil líka leggja áherslu á það sem ég lagði á áðan að það sé mikilvægt að ná um þetta breiðri samstöðu.

[17:21]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég og hv. þingmaður erum einu sinni sem oftar sammála, en getur hv. þingmaður tekið undir það með mér að víðtæk sátt og samstaða þurfi að byggjast á niðurstöðu sem þjóðin getur verið sátt við til framtíðar?

[17:21]

Ásmundur Einar Daðason (Vg) *(andsvar)***:**

Auðvitað á sú niðurstaða að byggja á því að þjóðin geti verið sátt til framtíðar, það er jú það sem við stefnum öll að og það sem við stefnum að með þessari þverpólitísku samstöðu, það er einmitt að sameina þjóðina á bak við þetta mál. Þetta mál er það stórt og það viðamikið og það sem fram undan er í öðrum málum, til að mynda fjárlög og annað þar sem ég hygg að ég og hv. þingmaður verðum að öllum líkindum ekki sammála varðandi einstaka þætti, að það er gríðarlega mikilvægt að við förum samhent inn í þetta mál því að þetta er mál allra flokka og þetta er mál sem á ekki að vera á pólitískum grunni. Hvorki þingið né þjóðin á að vera að klofin í því.

[17:22]

Birkir Jón Jónsson (F):

Frú forseti. Við ræðum hér hið svokallaða Icesave-mál sem er eitt stærsta mál sem hefur komið inn í þingsali á Alþingi Íslendinga í sögu lýðveldisins. Það er vægt til orða tekið að tala um það að hér sé um dapurlegt mál að ræða og það í fleiri en einum skilningi þess orðs, vegna þess að það er skelfilegt að hugsa til þess hvaða skuldbindingar íslenska þjóðin er að takast á hendur í kjölfar útrásar Landsbankans og þeirra málalykta sem urðu í þeirri viðskiptaferð.

Í annan stað, og þess verður í þingsögunni minnst, er það dapurlegt að horfa til þess hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur hagað störfum sínum í þessu máli. Í raun og veru stendur ekki steinn yfir steini þar. Hæstv. fjármálaráðherra hefur því miður brugðist trausti mínu í þessu máli oftar en einu sinni og ég man eftir mörgum umræðum hér á vettvangi Alþingis þar sem hæstv. ráðherra vó með mjög harkalegum hætti að málflutningi okkar framsóknarmanna þegar kom að þessu máli og talaði um að framsóknarmenn ættu að horfa fram á veginn, framsóknarmenn væru úrtölufólk og þjóðin þyrfti í raun og veru ekki á slíkum stjórnmálamönnum að halda. Efnislega var þetta innihald málflutnings hans þegar við framsóknarmenn gagnrýndum harðlega mörg efnisákvæði þessa samnings.

Skilaboð stjórnarinnar voru þau að hér væri um glæsilega niðurstöðu að ræða og að við ættum að samþykkja þessa samninga eins og þeir litu þá út. Glæsileg niðurstaða. Margir þingmenn, stjórnarliðar, lýstu yfir eindregnum stuðningi sínum við þessi samningsdrög jafnvel þó að þeir hefði ekki séð þau einu sinni. Það er kannski vert að ræða um ábyrgð þingmanna þegar kemur að máli sem þessu að menn skuli yfir höfuð voga sér að lýsa yfir skilyrðislausum stuðningi við eitthvert mál sem þeir hafa ekki kynnt sér til hlítar, sérstaklega mál sem varðar hagsmuni ekki bara þeirrar kynslóðar sem lifir hér á landi í dag heldur til óborinna Íslendinga og þeirra kynslóða sem munu erfa landið. Ábyrgð þingmanna, sama hvar í flokki þeir standa, er mikil í þessu máli og því miður hafa margir þingmenn stjórnarmeirihlutans fallið á því prófi að vera ábyrgir í afstöðu sinni því að sjálfsögðu var ekki hægt að taka afstöðu til þessara samninga að óathuguðu máli.

Frú forseti. Við horfðum upp á það á vettvangi þingsins þegar hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kom hér upp á miðvikudegi og spurði hæstv. fjármálaráðherra út í það hvort það væri eitthvað hæft í þeim sögusögnum að verið væri að ganga frá Icesave-samningunum. Við hlustuðum á svar hæstv. ráðherra héðan úr ræðustól Alþingis þar sem hann sagði nei, engar formlegar samningaviðræður ættu sér stað, en það var búið að ganga frá og skrifa undir samkomulagið á laugardeginum í sömu viku. Þetta segir manni að íslensk stjórnvöld hafa ekki komið hreint fram, hvorki við okkur í stjórnarandstöðunni hér á Alþingi né við íslenska þjóð og marga aðila í samfélaginu sem eiga þakkir skildar fyrir að halda uppi mjög málefnalegri umræðu um þessa Icesave-samninga og hvaða áhrif þeir geta mögulega haft á íslenskt þjóðfélag til lengri tíma litið.

Það kom þó að því að málið var lagt fram á Alþingi Íslendinga en við höfum þurft að toga upplýsingar upp úr stjórnvöldum í þessu máli ítrekað, höfum þurft að horfa upp á það að samningunum var lekið til fjölmiðla og þeir voru fyrst birtir þar. Þar horfðum við alþingismenn á innihald samningsins eins og þjóðin öll. Ég held að það hafi í raun og veru aldrei staðið til að birta allar upplýsingar málsins eins og ríkisstjórnin neyddist síðan á endanum til.

Þegar málið kom til umfjöllunar þingsins var því vísað til fjárlaganefndar Alþingis sem fól utanríkismálanefnd og efnahags- og skattanefnd að fara yfir einstaka þætti þess. Ég á sæti í efnahags- og skattanefnd, sem var falið það mikilvæga verkefni að fara yfir grundvöll þessara samninga út frá efnahagslegum forsendum. Það var vissulega farið yfir þau mál á mörgum fundum en síðan var skyndilega ákveðið af hálfu meiri hluta efnahags- og skattanefndar að málið yrði tekið út án þess að nefndin hefði kannað til hlítar hvaða áhrif þessir samningar mundu hafa á efnahag landsins til framtíðar litið. Við óskuðum eftir því að efnahags- og skattanefnd tæki hlutverk sitt alvarlega og fengi álit óháðra aðila, sérfræðinga, er varðar forsendur útreikninga fjármálaráðuneytisins sem hélt því fram að óbreyttir samningar mundu ganga upp efnahagslega og við gætum vel staðið undir þessum skuldbindingum, þrátt fyrir að margir málsmetandi hagfræðingar í samfélaginu hefðu bent á annað.

Ósk okkar í stjórnarandstöðunni, minni hlutanum í efnahags- og skattanefnd, um að nefndin léti gera óháða úttekt á þessu, var hafnað. Það var þar af leiðandi ekki auðvelt að skila fullnægjandi áliti til fjárlaganefndar um það frumvarp sem við ræðum hér og skilaði ég séráliti þar sem ég gerði grein fyrir því að við hefðum því miður ekki fengið tækifæri til þess í nefndarstarfinu að ráða til okkar óháða sérfræðinga sem hefðu lagt mat á það sem efnahags- og skattanefnd var falið að gera. Sem betur fer ákvað fjárlaganefndin öll í framhaldinu að leita til Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um að gera úttekt á þessum samningi og hvaða efnahagslegu áhrif hann mundi hafa. Það var gagnlegt að mínu viti því að þá kom í ljós, og reyndar eftir úttektir fleiri hagfræðinga, að einfaldlega stóð ekki steinn yfir steini í út-

reikningum fjármálaráðuneytisins þegar kom að því að meta það hvort íslenskt samfélag gæti til framtíðar litið staðið undir þeim gríðarlega miklu skuldbindingum sem blasa við okkur.

Ég ætla svo sem ekki, í ljósi þess hversu ítarleg umræða hefur verið um þær tillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur lagt fram, að ræða þær sérstaklega. Mínir ágætu félagar í þingflokki Framsóknarflokksins hafa gert það en svo ég nefni nokkra hluti er snerta upphafleg áform ríkisstjórnarflokkanna þá var gert ráð fyrir verulegri fólksfjölgun hér á landi í þeim viðmiðunum sem fjármálaráðuneytið gerði um þær framtíðarskuldbindingar sem landið var að undirgangast. Ég vil minna á að í fréttum nú á dögunum kom ljós að í fyrsta skipti í 120 ár fækkaði Íslendingum og við höfum horft upp á það, held ég allir þingmenn og allir þekkja einhverjar sögur af því, að margt gott fólk er nú að hverfa til starfa á erlendri grundu og þá kannski ekki hvað síst á Norðurlöndunum sem hefur áhrif á framtíðarhagvöxt þjóðarinnar sem er náttúrlega ein af grundvallarbreytum þegar kemur að útreikningum hvernig þjóðarbúið getur staðið undir þessum miklu skuldbindingum.

Við framsóknarmenn höfum haft ákveðna sérstöðu í þessu máli og mér líður í raun og veru ekkert illa með þá sérstöðu sem flokkurinn hefur markað í þessu máli. Framsóknarflokkurinn hefur verið nefndur af forustumönnum þessarar ríkisstjórnar úrtöluflokkur, fólk sem hefur allt á hornum sér en það hefur komið í ljós að sú málefnalega gagnrýni sem Framsóknarflokkurinn, og ekki bara Framsóknarflokkurinn heldur málsmetandi aðilar út um allt samfélag hafa viðhaft á undanförnum vikum og mánuðum, hefur átt við rök að styðjast. Því miður gat Framsóknarflokkurinn ekki staðið að því að taka málið í skjóli nætur út úr efnahags- og skattanefnd aðfaranótt síðasta laugardags. Ég held að það hafi komið í ljós í þessari umræðu að menn hefðu jafnvel átt að taka sér einhverja daga til viðbótar til að fara yfir þá sameiginlegu lausn sem þingflokkar stjórnarinnar, stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokks og Borgarahreyfingar komust af þá nótt. Þegar við höfum hlustað á þá umræðu sem hér hefur farið fram er alveg ljóst að sjálfstæðismenn annars vegar og stjórnarliðar hins vegar meta niðurstöðu nefndarinnar með ansi ólíkum hætti. Sjálfstæðismenn tala fyrir því að í raun og veru þurfi að hefja nýjar samningaviðræður á meðan stjórnarliðar tala fyrir því að þau skilyrði eða ákvæði eða fyrirvarar sem settir voru rúmist mjög ágætlega innan núverandi samninga. Í morgun kom það síðan í ljós þegar varaformaður fjárlaganefndar hélt ræðu og talaði um að þessir fyrirvarar breyttu í raun og veru engu. Það var alveg ljóst að það er grundvallarmunur á afstöðu sjálfstæðismanna annars vegar innan nefndarinnar og stjórnarmeirihlutans hins vegar og því hefðu menn átt að gera sér grein fyrir áður en þetta mál var tekið út úr fjárlaganefnd aðfaranótt laugardagsins.

Ég velti því fyrir mér hver raunveruleg staða þessa máls sé, sérstaklega eftir útspil hv. þm. Björns Vals Gíslasonar, varaformanns fjárlaganefndar, í morgun sem ég vil meina að geti í grundvallaratriðum stefnt í hættu þeirri „sátt“ sem menn töldu að hefði verið komin í þessu máli. Ég ætla ekki að kveinka mér undan því, frú forseti, þó ég þurfi að standa í ræðupúlti Alþingis í einhverjar vikur til viðbótar og funda í nefndum Alþingis um það mikilvæga mál sem við ræðum hér. Ég ætla ekki að kveinka mér undan því vegna þess að við erum að tala um stærstu skuldbindingu sem íslensk þjóð hefur nokkurn tíma undirgengist. Ef alþingismenn eru ekki kjörnir hingað á Alþingi Íslendinga til að taka yfirvegaðar og upplýstar ákvarðanir í máli sem þessu þá eru þeir einfaldlega ekki starfi sínu vaxnir. Það var ansi merkilegt í ljósi þess að „þverpólitískur“ meiri hluti var kominn innan fjárlaganefndar, að undanskildum okkur framsóknarmönnum, á laugardaginn að lesa í framhaldinu fréttir sérstaklega í *Fréttablaðinu* um að Framsóknarflokkurinn væri búinn að mála sig út í horn í þessu máli. Það verður fróðlegt að lesa umfjöllun *Fréttablaðsins* í framhaldi af þeirri umræðu sem hefur verið í dag og í gær þegar þingmenn úr velflestum flokkum, nema Samfylkingunni reyndar sem er öll á einu máli í þessu máli, hafa lýst yfir svipuðum áhyggjum og við framsóknarmenn höfum talað fyrir á undangengnum dögum. Mér finnst því að í þessari umræðu sé Framsóknarflokkurinn síður en svo búinn að mála sig út í horn. Flokksmenn, þingmenn og aðrir hafa lagt á sig gríðarlega vinnu við að kafa ofan í þessa samninga, einstök ákvæði þessara samninga, og við höfum rekist á margt sem því miður enn orkar tvímælis. Þess vegna er nauðsynlegt að hv. fjárlaganefnd komi saman á milli 2. og 3. umr. og fari gaumgæfilega yfir þetta mál þannig að engin „ef“ standi út af borðinu þegar við göngum til atkvæða um þetta mál.

Ég tek undir með hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, að að sjálfsögðu þurfum við að fá einhverja sérfræðinga í enskum lögum til að yfirfara hvort þeir fyrirvarar sem við ræðum um standist. Ég ber mikla virðingu fyrir íslenskum lögfræðingum og þeim sem þekkja vel til lagaumhverfis hér á landi en ég tel að það sé skylda okkar á vettvangi þingsins að fá sérfræðing í enskum lögum til að fara yfir það hvort þessi ákvæði standist eða þeir fyrirvarar sem við erum að setja. Við skulum bara vona að þeir fyrirvarar sem menn hafa verið að setja sér í þessu máli standist á endanum en ég verð samt að viðurkenna að mér finnst að flokkar á Alþingi eða þessi þverpólitíska sátt sem náðist innan fjárlaganefndar gangi einfaldlega ekki nógu langt að mínu mati. Hvaða sanngirni er í því að íslenska þjóðin eigi að greiða vexti vegna Icesave-samninganna frá og með síðustu áramótum þó að Alþingi Íslendinga sé ekki enn búið að samþykkja ríkisábyrgð á þá? Er það einhver sanngirni að íslenskir skattborgarar borgi 25 þús. milljónir í vexti vegna þess að samninganefnd Íslands samþykkti að við ættum að greiða vexti frá og með síðustu áramótum í þeim efnum? Hvernig var það gagnvart okkar eigum í Bretlandi á sama tíma? Hvað varð um eignir Landsbankans þegar sett voru hryðjuverkalög á okkur þar? Þær eignir báru enga vexti.

Komið hefur verið fram við okkur hvað þessi mál áhrærir af mikilli óbilgirni að mínu mati, af mikilli óbilgirni. Þegar við horfum til þess að menn kveinka sér verulega yfir því að þurfa að skera mikið niður í rekstri ríkissjóðs þá skuli menn á vettvangi Alþingis, þingmenn, ekki vera einhuga um að við eigum að setja fyrirvara þess efnis, að við neitum að greiða vexti vegna Icesave-skuldbindinganna frá og með síðustu áramótum. 25 þúsund milljónir, ég held að ég hafi sagt það tíu sinnum hér og ég

þreytist ekkert á að segja það, það má reka Landspítala – háskólasjúkrahús í 9–10 mánuði fyrir þessa upphæð (Gripið fram í.) og munar um minna og finnst mér — hv. þm. Vigdís Hauksdóttir kallar fram í og talar um samgöngubætur en ég held að á þessum síðustu og verstu tímum sé það fyrst og fremst skylda okkar að standa vörð um grunnþjónustuna vegna þess að íslenskt samfélag er sokkið í mikið skuldafen.

Við spurðum hæstv. fjármálaráðherra og forustumenn ríkisstjórnarinnar margítrekað m.a. út í skuldir sveitarfélaganna, þegar menn velta fyrir sér skuldaþoli landsins, hvort menn hefðu svo mikið sem litið til skulda sveitarfélaganna í landinu sem eru skuldir almennings. Ég beindi fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra þess efnis hver staða sveitarfélaganna væri. Í svari hans kom fram að skuldir sveitarfélaganna hafi stóraukist í kjölfar efnahagshrunsins og námu um síðustu áramót 445 milljörðum kr., um síðustu áramót. Gera má ráð fyrir því, í ljósi þess að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga voru mjög bjartsýnar, að skuldirnar séu komnar vel yfir 500 milljarða kr. í dag. Þetta eru skuldir íslensks almennings og við þurfum að hafa þetta heildarsamhengi fyrir framan okkur en því var svo sannarlega ekki til að dreifa í þessu máli þegar samninganefndin skrifaði undir Icesave-samningana án þess að hafa einu sinni gert greiðsluáætlun um það hvort íslenskt samfélag gæti staðið undir öllum þeim skuldum. Það var alltaf talað um glæsilega niðurstöðu og íslenskt samfélag væri komið í skjól í sjö ár. Því fer fjarri. Að sjálfsögðu horfa erlend matsfyrirtæki á það hvað er yfir hausamótunum á okkur, hvaða skuldbindingar eru fram undan þannig að allt tal um eitthvert skjól í þeim efnum og lánshæfismat ætti eftir að stórbatna er í besta falli varasamt.

Ég vil að lokum lýsa yfir ánægju minni með það að málflutningur þeirra sem hafa andæft þessum samningum hástöfum skuli á endanum hafa ratað í það að nú er búið að dreifa breytingartillögum um þennan samning sem breyta honum í grundvallaratriðum að mínu viti og því ber að fagna. Ég tel að stjórnmálamenn úr öllum flokkum, að Indefence-hópnum ógleymdum, og aðrir sérfræðingar í íslensku samfélagi hafi lagt á sig mikla vinnu á undangengnum vikum við að reyna að bæta þann handónýta samning sem við fengum í hendurnar þrátt fyrir að ýmsir stjórnarliðar hafi viljað verja hann út yfir gröf og dauða og það væri í rauninni ekkert annað hægt en samþykkja þetta að óbreyttu, sá málflutningur og þær ræður forustumanna ríkisstjórnarinnar standast ekki skoðun í dag, það er ljóst.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem hafa í ræðu og riti lagt gríðarlega vinnu á sig við að takmarka þær framtíðarskuldbindingar sem íslensk þjóð þarf að undirgangast vegna þessara samninga og vonandi munum við breyta þessum samningum enn meira á milli 2. og 3. umr. og náttúrlega helst eins og við framsóknarmenn viljum að við göngum á ný til viðræðna og þá sem þjóð, sem ein heild.

[17:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Ég verð að vísu að gera athugasemd við eitt. Mér finnst ekki rétt að menn tali alltaf um að samninganefndin sé eitthvert sjálfstætt fyrirbæri sem hafi gert þennan samning. Samninganefndin hefur ekki gert neitt nema forustumenn ríkisstjórnarinnar hafi gefið leyfi til að það sé gert. Það er útilokað að samninganefndin hafi tekið þetta upp hjá sjálfri sér. Samninganefndin fær ákveðið upplegg frá ríkisstjórninni og gengur frá samningi á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Að vísu er svolítið sérkennilegt í þessu máli öllu saman að ríkisstjórnin hefur eflaust aldrei samþykkt þetta, alla vega ekki allir ráðherrarnir. Það eitt og sér gerir það að verkum að menn ættu að spyrja spurninga um verkstjórn í þessari ríkisstjórn, svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Ég vildi spyrja út í praktískt atriði vegna þess að við höfum verið að ræða um fyrirvarana og hvort þeir standist. Hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur velt því upp m.a. í umræðunni hvort það sé skynsamlegt að fá erlendan ráðgjafa en síðan hefur líka Indefence-hópurinn komið með hugmynd um breytingu sem gerir það að verkum að ríkisábyrgðin tekur ekki gildi nema Hollendingar og Bretar samþykki fyrirvarana þannig að þeir hafi enga stöðu til að sækja málið þar sem þeir eru búnir að samþykkja fyrirvarana. Ég vildi bara spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki að þetta væri nægilegt til að gulltryggja það að fyrirvararnir stæðu.

[17:45]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni þetta andsvar. Það hefur margt mjög gott komið frá Indefence-hópnum. Að sjálfsögðu er þetta skoðunarvert en samkvæmt því sem margir þingmenn Framsóknarflokksins hafa haldið fram í umræðunni eru ákvæði í samningnum sem gera hann nærri því óbreytanlegan að mörgu leyti, sem kveða á um að ekki megi takmarka innihald hans með einhverjum fyrirvörum. Ég mundi gjarnan vilja, svo að ég væri búinn að sverja af mér allan grun, fá óháðan aðila sem væri sérfræðingur í enskri löggjöf til að yfirfara það. Ég held að það væri best. Annars hef ég tekið fullt mark á öllu sem hefur komið frá Indefence-hópnum í þessu máli. Eins og ég sagði í minni stuttu ræðu eiga þeir aðilar sem þar hafa stýrt málum hrós skilið og sagan mun áreiðanlega dæma þann félagsskap ágætlega. Ég efast ekki um það.

En af því að hv. þingmaður kom upp í stutt andsvar vil ég spyrja hann hvort það sé eitthvert samkomulag á milli Sjálfstæðisflokksins annars vegar og stjórnarflokkanna hins vegar um lyktir málsins, þ.e. fyrirvarana, og hvort hann telji að það hafi verið rétt aðfaranótt laugardagsins að taka málið úr nefnd þá í ljósi þess að Sjálfstæðisflokkurinn metur málið á allt annan hátt en stjórnarflokkarnir gera. En á meðan standa sumir stjórnarliðar, og þá aðallega í Samfylkingunni, hér upp og segja að Framsóknarflokkurinn sé einangraður meðan menn hafa náð annars ágætri og víðtækri sátt við aðra stjórnmálaflokka á Alþingi vegna þess að ég hef í mörgum ræðum á þingi skynjað það að sjálfstæðismenn séu að mörgu leyti ekki svo ýkja ósammála málflutningi framsóknarmanna í þessari umræðu.

[17:47]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við þekkjum það náttúrlega að vinnu-

brögðin hafa verið með þeim hætti að verið er að koma þeim skilaboðum til aðila að búið sé að ná samningum um hitt og þetta. Sjálfstæðismenn hafa fengið fregnir af því að Framsókn sé búin að semja við stjórnarliða um einhverja hluti (**Gripið fram í:** Nú!) og öfugt en það er ekki þannig. Það skiptir afskaplega miklu máli að gott samstarf sé milli allra flokka og þá sérstaklega stjórnarandstöðuflokkanna og ég held að markmiðin séu algerlega hin sömu. Það er ekki búið að ganga frá einu eða neinu milli Sjálfstæðisflokksins og ríkisstjórnarflokkanna í málinu.

Við skulum ekki gleyma því, virðulegi forseti, og það má vel vera að hv. þm. Birkir Jón Jónsson og jafnvel sá sem hér stendur séum vanir því að vera í meiri hluta en við erum það bara ekki. (Gripið fram í.) Í Reykjavík jú, jú, rétt, en það bindur hendur manna nokkuð að vera ekki í meiri hluta. Það snýst um hvernig menn reyna að hafa áhrif á mál og í þessu tilfelli þetta mikilvæga mál. Við erum báðir sammála um það, ég og hv. þingmaður, enda hefur það komið fram hjá honum að búið er að gerbreyta málinu. Stjórnarandstaðan er búin að gerbreyta málinu. Það er gríðarlega stór sigur, eitt og sér, þó svo menn þurfi að ganga lengra eins og menn hafa rætt. En þingmeirihluti er fyrir núverandi ríkisstjórn, það er bara þannig. Það eru þeir sem stýra málinu, hvort sem okkur líkar betur eða verr, og þá er spurningin hvaða aðferðum er best að beita til að hafa áhrif á mál og í þessu tilfelli er það afskaplega mikilvægt. Það er mjög mikilvægt að góð samstaða sé milli allra flokka en sérstaklega er mikilvægt að stjórnarandstöðuflokkarnir vinni vel saman í þessu máli.

[17:49]

Birkir Jón Jónsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir, stjórnarandstaðan þarf að vinna vel saman í máli sem þessu en í raun má segja, svo að allir fái sinn skerf af þessari köku, að þingmenn allra flokka hafa komið að málinu á einhverjum stigum og má segja að þingræðið hafi haft einhver raunveruleg áhrif. Vonandi er það eitthvað sem koma skal. En þegar hv. þingmaður talar um þingmeirihluta í sumum málum held ég að það hafi sýnt sig á undangengnum vikum að svo er ekki. Sá meiri hluti er ansi brothættur í þeim efnum sem kannski segir okkur að þessir tveir flokkar, Samfylking og Vinstri hreyfingin – grænt framboð, eiga mjög erfitt með að takast á við erfiða stöðu mála í dag. Í raun er það alveg fáránlegt, í ljósi þess efnahagshruns sem blasir við okkur öllum, að tveir flokkar með mjög nauman meiri hluta skuli ætla að stýra landinu í heild sinni. Ég held að það hafi sannað sig á undangengnum vikum og mánuðum að þessir tveir flokkar valda einfaldlega ekki því verkefni. Það þarf fleiri að þessu borði og ég held að allur almenningur sé sammála um að það þurfi einhverjar breytingar. Breytinga er þörf á landsstjórninni. Við höfum orðið vör við það á undangengnum vikum og mánuðum að allan neista, allt líf vantar í forustu ríkisstjórnarinnar því miður. Það vantar öflugan leiðtoga, einhverja stjórnmálamenn sem þora raunverulega.

Mig langar í lokin að minna á að í febrúarmánuði lögðum við framsóknarmenn fram tillögur í efnahagsmálum — við höfum ekki náð einni einustu þeirra fram — sem m.a. kváðu á um að leiðrétta almennt skuldir heimila og fyrirtækja. Hvað eru menn að ræða um í dag, 7–8 mánuðum síðar? (Gripið fram í.) Nú á loksins að ráðast í einhverjar leiðréttingar en það gæti verið of seint og kannski væri staðan allt önnur í dag ef Framsóknarflokkurinn hefði haft einhver völd í tíð síðustu ríkisstjórnar til að hafa áhrif á framvindu mála. (Gripið fram í.)

[17:52]

Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Það líður að því að komnir verði 12 mánuðir í að við náum þeim tíma sem þetta hófst allt saman hjá okkur en strax eftir hrunið var tekin ákvörðun um að reyna samningaleiðina við vinaþjóðir okkar í þeim alvarlegu málum sem voru komin upp.

Fljótlega kom í ljós og lá í raun fyrir að lagaleg óvissa væri í málinu. Sú lagalega óvissa er enn vomandi yfir. Það kom á óvart hversu mikilli óbilgirni og hörku við mættum, sérstaklega frá Bretum og Hollendingum, í þessum málum. Þegar reynt var að fara svokallaða gerðardómsleið á sínum tíma kom í ljós að hún var ófær hreinlega vegna afstöðu þeirra. Við urðum því að draga það til baka og reyna að fara aðrar leiðir. Haldinn var fundur með Bretum og Hollendingum fyrir tilstuðlan Frakka þar sem náðist í raun mjög mikilvægur áfangi, svokölluð Brussel-viðmið, en þau fjalla um að tekið skuli tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt. Það er á þeim forsendum og með þau viðmið í huga sem þingsályktunartillaga um að leita samninga við viðsemjendur okkar er samþykkt.

Í nefndarálit meiri hluta voru sett mjög skýr viðmið fyrir því hvernig farið skyldi í þær samningaviðræður og við hvaða forsendur skyldi miða, þ.e. að tryggt yrði að tekið yrði tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem nú eru uppi á Íslandi og ekki verði fallið frá þeim lagarökum sem Ísland hefur sett fram en fallist á að leita samninga á grundvelli sameiginlegra viðmiða. Það er ítrekað alveg sérstaklega að miðað verði við að samningarnir taki mið af sérstakri og fordæmislausri stöðu landsins.

Áður en þessi vinna er komin í fullan gang tekur við ný ríkisstjórn, þann 1. febrúar, og skipuð er ný samninganefnd og þeir aðilar sem kannski harðast höfðu gengið fram í gagnrýni á vinnubrögð fyrri ríkisstjórnar og á gagnrýni á því að ganga ætti til samninga við okkar viðsemjendur um lausn málsins eru þeir sem tóku við. Það er í raun mjög fróðlegt að rifja upp yfirlýsingar sérstaklega hæstv. fjármálaráðherra í því sambandi og hæstv. forsætisráðherra á þar einnig sinn skerf. Þessi nýja samninganefnd er síðan skipuð undir stjórn Svavars Gestssonar og í vinnulagi hennar er þeim grundvallarákvæðum ekki haldið til haga sem utanríkismálanefnd hafði sett í samþykkt sinni frá því í desember. Það má því segja að samninganefndin hafi gengið til viðræðna á röngum forsendum, ekki á þeim forsendum sem þingið var búið að gefa. Það má segja að hún hafi gengið til samninga á þeim forsendum að ríkið væri greiðsluskylt og því væri einungis verið að semja um greiðslukjör sem kæmu fram í áðurnefndum samningum. Það væri því eingöngu verið að fjalla um heildarfjárhæð skuldbindinganna

— heildarfjárhæð skuldbindinga væri ekki samningsatriði heldur var verkefnið að semja um sem hagstæðasta skilmála. Þetta er náttúrlega langt í frá að vera þau skilyrði sem þingið hafði sett fyrir þessum samningaviðræðum.

Til að fara fljótt yfir sögu fer niðurstaða úr þessum viðræðum að birtast okkur og í kringum það verður til alveg ótrúlegur farsi, alveg ótrúleg framkoma forustumanna ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra alveg sérstaklega.

Það var þann 3. júní sem hæstv. fjármálaráðherra var spurður um það í þinginu hver væri staða mála í þessum viðræðum og hvort það væri að koma að undirritun samninga. Hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, svaraði því þannig til að viðræður og þreifingar milli aðila hefðu gengið hægar en ætlunin hefði verið og sagði svo, með leyfi forseta: „Ég held að ég geti fullvissað hv. þingmann um að það standi ekki til að ganga frá einhverju samkomulagi á morgun eða einhverja næstu daga og áður en til slíks kæmi yrði að sjálfsögðu haft samráð við utanríkismálanefnd og aðra þá aðila sem þingið hefur haft til að fylgjast með framvindu þessara mála. Staða málsins er sú að það eru könnunarviðræður eða könnunarþreifingar í gangi.“

Þetta er það sem hæstv. fjármálaráðherra segir í þinginu þann 3. júní. Daginn eftir fáum við fréttir af því að viðræður eru stöðvaðar og það fer fram kynning í þingflokkunum og í utanríkismálanefnd og víðar á þeim drögum og þeirri stöðu sem þá var komin upp í samningaviðræðunum. Það er nauðsynlegt að rifja það upp með hvaða hætti sú kynning var vegna þess að hún var alveg með eindæmum. Við vorum boðaðir á þingflokksfund, sjálfstæðismenn og okkur var tilkynnt að Svavar Gestsson, formaður samninganefndarinnar, kæmi á fundinn til að fara yfir samninginn með okkur en okkur var jafnframt sagt að hann hefði hámark 15 mínútur til að kynna okkur þetta mikilvæga mál. Og það verður að segjast eins og er að sú kynning var algjörlega í skötulíki og þegar formaður samninganefndarinnar fékk faglegar spurningar frá þingmönnum innan þingflokksins gaf hann þau svör að það væru aðrir sem hefðu séð um þá þætti, hann væri ekki vel inni í þeim.

Þetta er það sem í raun vekur upp alla þá tortryggni sem síðan er búin að vera í gangi gagnvart þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru og það vantraust sem vissulega ríkir gagnvart ríkisstjórninni í þessu máli og þeirri samninganefnd sem fór með málið fyrir hennar hönd.

Hæstv. forsætisráðherra sparaði ekki yfirlýsingarnar þegar hún lýsti því að hér væri um frábæran samning að ræða, samninganefndin hefði skilað frábæru starfi. Þetta var mært af hálfu ríkisstjórnarinnar fram og til baka, samningurinn væri mjög viðkvæmur og það mætti alls ekki sýna hann, það væri ekki hægt að birta hann með frumvarpinu. Það er algerlega með eindæmum, virðulegi forseti, að slík vinnubrögð skuli hafa verið viðhöfð í svo mikilvægu máli.

Hvað upplifðum við síðan? Samningurinn var birtur í vefmiðlum. Áður en hv. þingmenn fengu hann til að fjalla um hann eða skoða hann birtist hann í vefmiðlum. Er þetta trúverðugleiki? Er þetta það sem við þurfum? Eru þetta vinnubrögð sem við þurfum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar þegar við fjöllum um eitt mikilvægasta mál sem Alþingi Íslendinga hefur fjallað um á lýðveldistíma?

Eftir birtingu samningsins tók andstaðan að magnast. Það kom í ljós að hér var bara um opinn víxil að ræða. Það var einfaldlega þannig að við hefðum ekki getað fengið verri niðurstöðu þó að dómstólaleiðin hefði verið farin og það hefði verið dæmt okkur í óhag í öllum skilyrðum. Það vekur upp spurningar um hvað valdi því að hæstv. forsætisráðherra, hæstv. ríkisstjórn skuli geta komið fram fyrir þjóðina og fram fyrir þingið og sagt að hér sé um frábæran árangur að ræða og frábæran samning. Það læðist óneitanlega að manni sá grunur að sú vinna sem fram undan var við að koma í gegn ESB-málinu, að við óskuðum eftir aðild að Evrópusambandinu, eigi einhverja tengingu vegna þess að það er einhvern veginn þannig með hv. þingmenn Samfylkingarinnar og hæstv. ráðherra hennar að þeir virðast vera tilbúnir að fórna öllu fyrir aðild að Evrópusambandinu. Þeir virðast vera tilbúnir að fórna öllu. Samfylkingin er tilbúin að lúta í gras fyrir hverju sem er bara til að koma því eina máli áfram sem á að vera lausn allra okkar vandamála.

Það er fróðlegt að líta í stefnuskrá þess flokks sem birt var fyrir alþingiskosningarnar þar sem segir að bara við það að skila inn umsókninni, þann dag sem við mundum skila inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu færi allt að snúa til betri vegar. Er það reyndin? Hafa vextir lækkað? Hefur gengið tekið að styrkjast? Hefur trú á Íslandi aukist eitthvað við það? Nei, virðulegi forseti. Ekki enn. Þannig er það.

Það er í raun mikil gæfa fyrir þetta þing og fyrir þessa þjóð að á Alþingi skuli hafa verið fólk sem var tilbúið til að standa upp og standa í lappirnar í þessu máli. Það er mikil gæfa að hér skuli hafa verið ákveðnir þingmenn Vinstri grænna sem voru tilbúnir til að hlusta, tilbúnir til að skoða málið aðeins lengra vegna þess að ef ekki hefði verið fyrir það, þá væri þetta mál afgreitt og það fyrir mörgum vikum síðan með þeim skelfilegu afleiðingum sem það gæti haft í för með sér. Við stöndum í þakkarskuld við þetta fólk og við stjórnarandstöðuna á þessu þingi fyrir að hafa staðið saman eins og raun ber vitni. Við stöndum í þakkarskuld við það fólk í samfélaginu sem upp á eigin spýtur hefur fundið sig knúið til að kafa í þetta mál, sérfræðingar á mörgum sviðum, kafa í þessi mál, koma upp með sjónarmið, leggja á sig gríðarmikla vinnu án þess að vera beðið um það, hafa gert þetta af þjóðfélagslegri skyldu, skyldu við þjóð sína þegar þetta fólk sá hvert stefndi. Menn stóðu í lappirnar. Menn stóðu í lappirnar í ríkisstjórnarflokkunum, þeir sem voru fylgjandi þessu þrátt fyrir kunnuglegar hótanir Samfylkingarinnar um að stjórnarslit lægju við. Sú hótun sem þeir virðast kunna einir og sér og forustumenn þeirra að stappa niður fótum í frekju ef ekki er farið að þeirra óskum og kröfum.

Niðurstaðan er sú að það er að skapast breið samstaða í þessu mikilvæga máli. Það er að skapast breið samstaða á þinginu og það hefur margt mjög gott komið fram við 2. umr. málsins sem enn mun bæta það vonandi á milli 2. og 3. umr., mun gera það enn sterkara þannig að þjóðin og þingið geti haft trú á því að við séum að feta rétta leið. Framsóknarmenn segjast vilja ganga lengra en við hin sem höfum efasemdir í þessu og viljum setja fyrirvara, segjast vilja ganga lengra, vísa málinu frá og vísa því til ríkis-

stjórnarinnar til að fara í samningaviðræður aftur. Ég er þessu ósammála, einfaldlega vegna þess að mín skoðun er sú að þeir fyrirvarar sem er verið að vinna að að setja við málið gangi lengra en frávísunartillaga. (**Gripið fram í:** En ef þeir merkja ekki neitt?) Þeir merkja, það er ekki hægt að segja að fyrirvarar eins og þeir eru orðaðir í þessu samkomulagi og í þessari niðurstöðu fjárlaganefndar séu marklausir. Þá er þetta þing marklaust og þarf ekki að fjalla um málið, hv. þingmaður. (**BJJ:** Spurðu Indefence.) Ja, það hafa komið fram sjónarmið sem er sjálfsagt að taka tillit til milli 2. og 3. umr., m.a. er þar vitnað í að við þurfum að styrkja þessa fyrirvara. Indefence-hópurinn, sem á heiður skilinn fyrir sína vinnu, hefur sent þingmönnum skeyti í dag og fjölmiðlum held ég fréttatilkynningu þar sem þeir benda á að það sé einföld leið til að eyða þessari óvissu með því að tryggja að í lagatextanum sjálfum komi fram að lögin um ríkisábyrgð taki ekki gildi fyrr en Bretar og Hollendingar hafi viðurkennt fyrirvarana sem í þeim felast. Að mati lögmanna þeirra kæmi slík viðurkenning í veg fyrir að fyrirvararnir falli ómerkir fyrir breskum dómstólum komi til ágreinings vegna samninganna. Þetta þarf auðvitað að skoða milli 2. og 3. umr. Það er markmið okkar sem erum að berjast fyrir því að þessir fyrirvarar fari inn í frumvarpið, verði marktækir og gangi alla leið og séu skýrir. Þess vegna tel ég að þeir gangi lengra en frávísunartillaga sem segir ekkert annað en að taka eigi upp samningaviðræður aftur. Í mínum huga er það alveg skýrt að þetta kallar á samningaviðræður að nýju við okkar viðsemjendur. Hér er um gagntilboð að ræða eins og það hefur verið orðað.

Það er vissulega áhyggjuefni hvernig sumir stjórnarþingmenn hafa kosið að túlka þessa fyrirvara og að hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra og hv. þm. Björn Valur Gíslason með sínum yfirlýsingum í dag, varaformaður fjárlaganefndar, skuli tala með þessum hætti er auðvitað ekki til neins annars fallið en að rýra samstöðuna sem hér er verið að vinna að og grafa undan þeirri vinnu sem hv. þingmenn í fjárlaganefnd hafa lagt svo mikið í undanfarnar vikur. Að þetta sé ekki gagntilboð og þetta rúmist innan núverandi samnings er í raun alveg með ólíkindum að láta sér detta í hug.

Samþykki viðsemjendur okkar, virðulegi forseti, þá fyrirvara sem hér eru settir fram hafa þeir einfaldlega gert sér grein fyrir því að þeir voru með í höndunum samning sem ekki fékk staðist. Þeir voru í raun með þá vissu í höndunum að samningurinn væri óraunhæfur og staðfestu um leið mjög slök vinnubrögð samninganefndar okkar.

Ég held að dramatíseraðar umræður eins og hafa verið um aðdraganda málsins og að fara í gamlar söguskýringar um hverjum sé að kenna og hverjum ekki skili okkur ekki langt við þessar aðstæður. Við erum með fyrir framan okkur tvo afarkosti í þessu máli. Það er annars vegar að samþykkja það, samþykkja það og vinna af heilindum að því að fara samningaleiðina sem við höfum ákveðið að fara eða fella það og taka þeim afleiðingum sem eru óvissar. Í því felst lagaleg óvissa. Mitt mat er, og ég hvet hv. þingmenn til að líta raunsætt á málið og skoða það, að þeir fyrirvarar sem nú liggja fyrir séu gerbreyting á þessu máli. Við verðum að nota tímann milli 2. og 3. umr. til að skerpa gildi þeirra, taka tillit til þeirra sjónarmiða sem hafa komið fram í umræðunni. Ég treysti hv. fjárlaganefnd til að fara í þá vinnu, skila henni fljótt og vel, taka sér þó þann tíma sem til þarf vegna þess að við verðum að fara að komast út úr því að þetta mál taki allan okkar tíma. Við verðum að fara að geta snúið okkur að því, virðulegi forseti, að horfa lengra til framtíðar.

Fram undan eru mikilvæg skref sem ég hef miklar áhyggjur af og eru þjóðinni ekki síður mikilvæg en það hver niðurstaða verður í þessu máli. Það er hvernig við ætlum að byggja upp okkar samfélag. Þar hef ég miklar áhyggjur af stefnu stjórnvalda eða stefnuleysi vil ég kannski frekar segja.

Það hefur ítrekað komið fram hjá þeim sem fjalla um stöðu Íslands í dag að aukin atvinnuuppbygging á grundvelli nýtingar náttúruauðlinda sem er það svar sem við höfum, sú viðspyrna sem við höfum til að koma okkur á lappirnar aftur. Þar er verið að draga lappirnar. Þar er þessi hæstv. ríkisstjórn að draga lappirnar. Þau eru með ólíkindum ummæli hæstv. fjármálaráðherra um að ekki sé víst að viljayfirlýsing við fyrirtæki eins og Alcoa verði endurnýjuð. Það er alveg með ólíkindum að umhverfisráðherra skuli hafa talað um að gefa eftir þann árangur sem við náðum í Kyoto-viðræðunum á sínum tíma, núna í loftslagsviðræðunum í desember. Þetta eru stóralvarleg mál. Niðurskurður í samgöngumálum eru þau verkefni sem við getum sprautað inn í atvinnulífið og eru okkur lífsnauðsynleg. Það eru þessi verkefni, virðulegi forseti, sem við verðum að fara að komast í. Við erum að horfa á atgervisflótta úr landi í mörgum stéttum og það er þessari þjóð mjög alvarlegt þegar okkar unga og efnilega fólk fer úr landi og það unga og efnilega fólk sem gat hugsað sér að koma frá útlöndum heim að loknu námi kemur ekki heim.

[18:13]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni kærlega fyrir ræðu hans. Hún er í mörgu samhljóma þeim ræðum sem hafa verið haldnar í dag frá okkur stjórnarandstæðingum sem erum uppfullir af ótta og tortryggni gagnvart þessum samningum.

Þingmaðurinn kom inn á fyrirvarana sem er búið að gera við samninginn. Með mikilli aðstoð og orku frá stjórnarandstöðunni er búið að koma þeim í það horf sem þeir eru nú. Sérstaklega er ég hrifin af því að friðhelgisréttindin og umráðin yfir auðlindunum skuli vera komin inn í fyrirvarana því ef maður gagnályktar er verið með því að viðurkenna að þau ákvæði eru ekki inni í samningnum sjálfum. Það er alveg sama hversu góðir fyrirvararnir verða og hversu mikið er búið að draga þingmenn í þessari vinnu því eins og ég benti á snemma í gær er ekki hægt að breyta samningunum. Ríkisstjórnarflokkarnir fullyrða að fyrirvararnir rúmist innan samninganna. Sjálfstæðismenn telja svo ekki vera og telja að um nýtt samningsumboð sé að ræða. Ég vitna aftur í grein 13.1.1 í breska samningnum og 12.1 í hollenska samningnum þar sem stendur að ekki megi gera breytingar á samningnum nema með skriflegu samkomulag milli aðila.

Í grein 6 í samningunum, um ábyrgð og skaðleysi, er tekinn af allur vafi um að ekki er hægt að gera neinar efna-

hagslega fyrirvara heldur. Því spyr ég þingmanninn: Hvaða leið sé hann út úr þessu þegar það er orðið ljóst að fyrirvararnir rúmast ekki innan samninganna eins og kemur fram í þessu frumvarpi?

[18:15]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram við þessa umræðu verðum við einfaldlega að skerpa enn frekar á þessum fyrirvörum og á ófrávíkjanlegri tengingu þeirra við samninginn. Það verður að vera alveg skýrt. Eins og segir og ég las upp áðan, með leyfi forseta, tilkynningu frá Indefence-hópnum þurfi að tryggja að í lagatextanum sjálfum komi fram að lögin um ríkisábyrgð taki ekki gildi fyrr en Bretar og Hollendingar hafa viðurkennt fyrirvara sem í þeim felast. Með því árétta ég þá skoðun mína að þessir fyrirvarar rúmast ekki innan samninganna heldur kalla þeir á nýjar viðræður. Það er ófrávíkjanleg krafa. Ég ítreka að það er alvarlegt að forustumenn ríkisstjórnarinnar og nokkrir hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna skuli halda öðru fram. En þetta er verkefni hv. fjárlaganefndar núna á milli 2. og 3. umr. málsins að leysa og koma fram með einhverjar þær lausnir á því að sátt geti skapast um þetta, eins þverpólitísk eins og hún getur orðið vegna þess að þannig verður þetta sterkast.

[18:16]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson komst aftur að merg málsins í öllu þessu máli. Það skiptir ekki máli hvað fyrirvararnir eru sterkir, hvert innihald þeirra er eða hvort það séu aðfaraorð í fyrirvörunum um að þetta skuli vera bundið órjúfanlegum böndum því að um leið og ríkisábyrgð á þessum samningi verður samþykkt fellur hann úr íslenskri dómsögu og um hann gilda bresk lög. Samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi í Bretlandi og enskumælandi löndum er samningarétturinn afar sterkur og ef það eru dómsmál á sviði samningaréttar þá er það alltaf túlkað sem svo að samningar skuli standa. Þá eru samningarnir, þá eru ákvæði samninganna túlkuð eftir orðanna hljóðan og þá getur hv. þingmaður líklega ímyndað sér hvað yrði um þessa fyrirvara, sama hversu sterkir þeir eru. Þeim yrði ýtt út af borðinu því að Bretar og Hollendingar hafa aldrei viðurkennt að þeir væru til staðar. Þess vegna er það svo mikill ábyrgðarhluti af þeirri ríkisstjórn sem nú situr að það skuli hreinlega vera enn þá í gangi blekkingar og hálfsannleikur í þessu máli og að málið skuli vera rekið með þeim hætti að þessir fyrirvarar hafi eitthvað að segja í þessum samningi.

Nú fer málið til 3. umr. og við skulum við sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu. Mig langar að lokum að spyrja þingmanninn að því, nú sýnast mér skoðanir hans miðað við andsvar hans áðan orðnar ansi nálægar skoðunum Framsóknarflokksins að raunverulega kalli sú staða sem kom upp í þinginu í dag og í gær á nýjar viðræður, gæti þá ekki þingmaðurinn hæglega gengið í lið með okkur framsóknarmönnum og samþykkt þá tillögu sem liggur fyrir um að vísa samningunum frá og semja upp á nýtt við Breta?

[18:19]

Jón Gunnarsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í lagalegar þrætur við hv. þingmann um þetta mál. Það er algerlega skýrt í mínum huga og ég tel að það sé skýrt í huga hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins að þessir fyrirvarar eru órjúfanlegur hluti samningsins. Þannig lítum við á málið. Leiki einhver vafi á því þá er það eins og ég sagði áðan verkefni fjárlaganefndar að girða svo í horn milli 2. og 3. umr. að slík mál séu skýr, slíkir hlutir séu algerlega skýrir.

Ég sagði áðan í ræðu minni að ég mundi ekki styðja tillögu framsóknarmanna og ég geri það einfaldlega ekki vegna þess að ég tel að hún gangi skemur en þeir fyrirvarar sem við höfum sett. Ég sé lítinn tilgang í því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar aftur án þess að gefa einhverjar leiðbeiningar um það og skýran vilja um það á hvaða forsendum skuli samið. Í tillögum framsóknarmanna kemur það ekki fram. Það er einfaldlega verið að vísa málinu frá. Ég tel að með þeirri vinnu sem hefur verið lögð í þetta mál og að þeir fyrirvarar sem liggja fyrir gangi lengra og í þeim kristallist skýr vilji meiri hluta þingsins um það á hvaða forsendum þessir samningar skuli vera og þar með í mínum huga á hvaða forsendum hæstv. ríkisstjórn skal leiða samningaviðræður við viðsemjendur okkar. Þetta er eins og ég orðaði áðan gagntilboð til okkar viðsemjenda.

[18:21]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf):

Frú forseti. Við ræðum heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum á innstæðum á títtnefndum Icesave-reikningum hjá Landsbanka Íslands hf. Mig langar til að hefja mál mitt á að þakka nefndarfólki hv. fjárlaganefndar fyrir vel unnin og ábyrg störf í þessu erfiða máli. Breið samstaða hefur náðst um málið sem er afar mikilvægt. Starfsmenn nefndasviðs og þingsins alls eiga líka þúsund þakkir skildar. Ég geri ráð fyrir því að ég deili þeirri skoðun með 62 þingmönnum að vilja svo gjarnan vera laus við að veita þessa ríkisábyrgð og verja þeim miklu fjármunum sem í hana fara til allt annarra hluta.

Icesave-reikningarnir, ein ýktasta og skefjalausasta mynd græðgisvæðingarinnar, urðu til þegar fulltrúa hennar fór að vanta skiptimynt og fengu þá snilldarhugmynd að fara í vasa erlendra sparifjáreigenda, stofnana og sveitarfélaga með ótrúlegum gylliboðum. Þessum víkingum okkar tókst að telja einhverjum trú um að þessi útfærsla væri tær snilld og viðskiptahugmynd í fremstu röð og náðu þannig umtalsverðu fjármagni í umferð til að viðhalda því loftbólu-hagkerfi sem sprakk síðan með háum hvelli sl. haust. Í þessum loftbólum var því miður ekki bara loft heldur dómínókerfi sem varð til þess að efnahagskerfi Íslands hrundi með tilheyrandi hremmingum fyrir ríki, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, heimili og einstaklinga. Ljóst er að margt brást í samfélaginu á þessum tíma, bæði eftirlitsaðilar og stjórnendur og er minn flokkur þar ekki undanskilinn.

Mér finnst margt sem komið hefur fram í umræðunni í dag og í gær minna mig á hóp sem ég hef unnið mikið með, unglinga sem eiga svolítið erfitt með að sitja kyrrir, langar

mest til að kljást og eru í stöðugri vörn og segja án afláts: Ekki benda á mig. Það má oft ná árangri með þá með því að búa til sameiginleg verkefni þar sem allir hafa hag af því að niðurstaðan skipti máli og það hefur í raun gerst í vinnu fjárlaganefndar á liðnum vikum. Mér finnst við þingmenn skulda umbjóðendum okkar að við vinnum saman að þeim mikilvægu verkefnum sem við erum að kljást við við uppbyggingu íslensks samfélags þannig að hún verði sem allra hröðust.

Ég hef engan þingmann heyrt segja að ekki beri að semja um Icesave-reikningana en skiptar skoðanir eru um hversu góðir þeir samningar séu sem liggja fyrir. Ég tel þá ekki sérstaklega góða eina og sér því margnefnd efnahagsleg viðmið koma þar ekki nógu skýrt fram og endurskoðunarákvæðið hálfveiklulegt. En með þeim fyrirvörum sem gerðir hafa verið við ríkisábyrgðina í góðri sátt flestra flokka í fjárlaganefnd er samningurinn orðinn mun betri efnahagslega, lagalega, siðferðilega og pólitískt.

Í umræðunni um þetta vonda en nauðsynlega úrlausnarefni hefur talsvert verið rætt um að nágrannar okkar hafi komið illa fram við okkur. Við hefðum svo gjarnan viljað fá meiri vinsemd og mýkri meðferð. Auðvitað er það skelfilegt að fá á sig hryðjuverkalög, að aftur og aftur sé lánafyrirgreiðslu nágranna okkar frestað, að stofnun eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn dragi lappirnar gagnvart okkur. Auðvitað gera þessi viðbrögð okkur sár og örg. En við þingmenn, sem sjálfsgagnrýnið og þokkalega greint fólk, verðum auðvitað að viðurkenna að sum þessara viðbragða eru skiljanleg. Við njótum ekki lengur sérstaks trausts hjá nágrönnum okkar því landar okkar hafa víða komið illa og ótrúverðuglega fram og slegið um sig með hugtökum eins og innstæðutryggingar og ríkisábyrgð til að auglýsa sig og sínar hugmyndir. Það er skelfilega óréttlátt að fáeinir einstaklingar geti haft þau áhrif sem raun ber vitni á efnahagslíf heillar þjóðar en það er raunveruleikinn sem við búum við og hluti af úrlausnarefni okkar í dag og næstu daga, vikur og missiri að vinna íslenskri þjóð trúverðugleika á ný, ekki síst með því að ganga frá Icesave-samningunum og tryggja þeim sem á þá treystu hluta af sínum innstæðum. Þannig sýnum við ábyrgð sem þjóð meðal þjóða og getum staðið upprétt í því samfélagi því þótt við séum skuldug erum við búin að ganga frá okkar málum og getum barist fyrir rétti okkar og málefnum, laus við óvissu sem oft er fylgifiskur margra lausra enda. Í þeirri stöðu getum við farið að telja kjark í fólkið í landinu okkar, getum treyst því að við séum búin að byggja grunninn að endurreisninni svo ríki, sveitarfélög og fyrirtæki geti aflað sér lánsfjár til að geta farið í stór og smá verkefni svo atvinnulífið blómstri með tilheyrandi velferð fjölskyldna og einstaklinga.

Við getum haldið áfram blómlegu samstarfi við þjóðir heims því við höfum sýnt að við vinnum í því að vera trúverðug og orðheldin og viljum bæta fyrir þann skaða sem unninn hefur verið á orðstír Íslands. Þannig höldum við opnum leiðum til að okkar unga fólk og fólk á öllum aldri nái sér í menntun og reynslu erlendis til að auðga alþjóðlegt samfélag og til okkar komi fólk og fyrirtæki sem veiti okkur af sínum margbreytilega auði og vonandi endurheimtum við fólk sem flutt hefur úr landi vegna óvissuástandsins sem hér ríkir.

Það er ljóst að sultarólin verður hert á Íslandi næstu ár. Til að slaka heldur á þeirri herðingu er nauðsynlegt að vera í góðu samstarfi við aðrar þjóðir og fá þær til að koma að endurreisnarstarfinu með okkur með þekkingu sinni og fjármagni. Þess vegna verðum við að ganga frá deiluefnum okkar á eðlilegan hátt.

Breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar við frumvarpið eru til mikilla bóta, enda koma þar fram hugmyndir um forsendur, viðmið, endurskoðunarákvæði, eftirlit Alþingis og endurheimt innstæðu og eigna. Frumvarpið með breytingum er orðið ásættanlegt fyrir íslenska þjóð þótt óréttlætið sé jafnmikið og fyrr en með samþykkt þess erum við að eyða óvissu og taka enn eitt skref í endurreisnarátt. Ég vona því að sú breiða samstaða sem um málið náðist í fjárlaganefnd haldi fast í afgreiðslu þingsins og breikki jafnvel enn frekar. Það væru jákvæð skilaboð um trúverðugleika stjórnmálamanna til íslensku þjóðarinnar og til alþjóðasamfélagsins.

[18:28]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jónínu Rós Guðmundsdóttur fyrir ræðu hennar. Ég er að sjálfsögðu algerlega ósammála henni. Mig langar í fyrsta lagi að spyrja hana út í orð hæstv. utanríkisráðherra sem féllu í umræðunni í dag en þau hljóða svo, með leyfi forseta:

„Þeir fyrirvarar sem Alþingi setur með meiri hluta á þingi hljóta að halda.“ Svo heldur hæstv. utanríkisráðherra áfram: „Fyrirvararnir munu ekki renna ljúflega niður hjá aðilum málsins. Alþingi er fullvalda. Alþingi er fulltrúi þjóðarinnar allrar. Það ræður yfir Íslendingum.“

Mig langar að spyrja hv. þingmann um hvað henni finnist um þau ummæli að Alþingi ráði yfir Íslendingum. Hvaða heimsveldisdrauma ber maðurinn í brjósti? Alþingi setur þjóðinni lög. Alþingi er löggjafarvald Íslendinga eins og þing í öðrum löndum en Alþingi ræður ekki yfir þjóðinni. Ég vil fá hennar álit á þessum atriðum.

Þar sem Samfylkingin hefur það eitt á stefnuskrá sinni að ganga í Evrópusambandið langar mig að spyrja hv. þingmann einnig að öðru. Það liggja fyrir ákvarðanir frá franska seðlabankanum frá árinu 2000 og svo dómur Evrópudómstólsins frá 2002 að samkvæmt samkeppnislögum Evrópusambandsins megi ekki setja ríkisábyrgð á innstæðutryggingarsjóði. Því spyr ég hv. þingmann: Hvað finnst henni um það að Bretar og Hollendingar séu raunverulega að setja á okkur þær kvaðir að skikka okkur til ríkisábyrgðar á Icesave-samningunum þegar þeir brjóta gegn lögum Evrópusambandsins?

[18:30]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra hefur yfirleitt ekki þurft að hafa neinn sérstakan talsmann fyrir sig. Hann er fullkomlega fær um að túlka eigin orð og legg ég til að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir ræði þessi mál sérstaklega við hann. Ég geri frekar ráð fyrir því að þarna hafi kannski orðið einhver mismæli. Mér finnst afar ólíklegt að hæstv. utanríkisráðherra hafi gert ráð fyrir því eða hafi meint það að Alþingi réði yfir Íslandi heldur hugsanlega fyrir Íslandi

með sínu löggjafarvaldi. Það er mín skoðun á þessu máli. Ég get í raun og veru ekki sagt neitt annað og finnst óeðlilegt að við séum að túlka orð hæstv. ráðherra sem ekki er viðstaddur.

Varðandi það sem hv. þingmaður hefur innt marga hv. þingmenn eftir, um samkeppnislög eða hvernig samkeppnisstaða innstæðutryggingarsjóðs er, þá veit ég að það hefur verið rætt í fjárlaganefnd og geri ráð fyrir að málið hafi verið útkljáð þar og komi þar inn í nefndarálit og tel mig ekki hafa neinar forsendur til að ræða það frekar.

[18:31]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er alveg dásamlegt. Hv. þm. Jónína Rós Guðmundsdóttir bendir mér á að ræða þessi mál við Össur Skarphéðinsson því hún sé ekki talsmaður hæstv. utanríkisráðherra en samt eyðir hún megninu af ræðu sinni í að túlka orð hans. En það er ágætt. Ég ætti kannski að tala við fjölmiðlafulltrúa og spunameistara Samfylkingarinnar varðandi þessi ummæli hans því að það er á þessum orðum að merkja að ríkisstjórnin sé orðin mjög stressuð og óróleg yfir því í hvaða ferli Icesave-samningarnir eru komnir: Það er þrautseigju stjórnarandstöðunnar að þakka að málið sé ekki komið í gegn því ég þreytist ekki á að minnast á það að samningana áttum við ekki að sjá.

Hv. þingmaður vísar líka til fjárlaganefndar þeirri spurningu sem ég spyr um samþykkt Frakka og dóm Evrópudómstólsins varðandi samkeppnisákvæði ríkisábyrgðar á innstæðureikningum. Það vill þannig til að þegar alþingismaður fer í andsvar við annan alþingismann þá vill sá sem spyr kannski fá einhver svör frá viðkomandi þingmanni sem byggjast á skoðun þingmannsins og tilfinningu og eldmóði þess þingmanns sem er spurður. En gott og vel.

Hv. þingmaður vísar þessu inn í fjárlaganefnd og ég tek tillit til þess. Þá langar mig á ný að spyrja hana í seinna andsvari: Hefur þingmaðurinn trú á því að þeir fyrirvarar sem nú liggja fyrir rúmist innan samningsins? Ef hún telur þá rúmast innan samningsins, þá hvers vegna? Samkvæmt grein 13.1.1 í breska samningnum og 12.1 í hollenska samningnum má ekki breyta einu orði í samningnum, þá geta Bretar ýtt honum út í þá dómstólaleið sem þeir hafa í Bretlandi.

[18:33]

Jónína Rós Guðmundsdóttir (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir að blása mér eld í brjóst og mun ég hugsanlega leita til hennar með það hvernig ég geti talað af eldmóði því slíkt hefur þingmaðurinn viðhaft þó ég haldi að áherslur í ræðustól séu ekki það sem öllu máli skiptir.

Mig langar aðeins í tengslum við fyrra andsvar mitt að benda á að ég er með orð hæstv. utanríkisráðherra fyrir framan mig þar sem stendur: „Alþingi er fulltrúi þjóðarinnar allrar, það ræður fyrir Íslendingum.“ Það getur munað mikið um slíkt.

Í tengslum við það hvort ég haldi að þeir fyrirvarar sem hér hafa verið settir rúmist innan samningsins þá ætla ég að hafa þá trú að þeir muni ekki setja samninginn í uppnám a.m.k. vegna þess að samningar eru einu sinni þannig. Það var vitað að þeir mundu fara til Alþingis og ég geri ráð fyrir því að það verði farið með þessa fyrirvara aftur til Breta og Hollendinga, útskýrt fyrir þeim og, eins og hefur verið sagt svo ágætlega, með skapandi hugsun þá má ýmsu breyta.

[18:35]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg):

Hæstv. forseti. Senn er komið að lokum 2. umr. um þetta mikilvæga mál og fer þá málið að nýju fyrir fjárlaganefnd þingsins sem unnið hefur prýðilega að framgangi þess á undanförnum vikum og mánuðum. Nefndin mun væntanlega taka til skoðunar þær ábendingar og tillögur sem fram hafa komið við 2. umr. málsins og halda áfram því ætlunarverki sínu að leiða málið til lykta í þverpólitískum farvegi sem allir tala nú fyrir og er það mjög vel.

Frá því að þetta mál kom fyrir þingið í byrjun júnímánaðar hefur mikið vatn runnið til sjávar. Í þjóðfélaginu hefur farið fram mikil og kröftug umræða um málið, bæði innan veggja Alþingis og utan þeirra og hefur verið varpað ljósi á ýmsa efnisþætti sem okkur sumum hverjum voru áður huldir. Allt þetta er til góðs tel ég vera og hefur orðið til þess að þoka málinu í þann farveg sem það er núna komið í.

Enn er mikill skoðanaágreiningur um þetta mál eins og alltaf hefur verið. Sumir hafa helst viljað samþykkja samninginn, aðrir hafa viljað fella hann. Þá er sá hópur sem hefur viljað fara þriðju leiðina og að ráði ráðgjafa sem hingað hafa komið, hvorki viljað fella samninginn né samþykkja hann heldur fara út í heim með þingsályktunartillögu þar sem fram komi vilji Íslendinga til að leysa þetta erfiða mál. Niðurstaðan eftir þessa umræðu alla er sú að menn eru að sameinast um það að setja fyrirvara við skuldbindingum Íslendinga inn í samninginn. Það er niðurstaða sem hefur mótast af pólitískum veruleika og svo aftur vilja manna til að ná samkomulagi. Ég tel mjög brýnt að menn reyni að ná samkomulagi og ég held að sú leið hafi orðið okkur til góðs, bæði vegna þess að ég tel málið betur úr garði gert nú en það áður var og svo er það hitt að samstaðan skiptir Íslendinga miklu máli, ekki bara núna heldur inn í framtíðina, að við stöndum saman um þær lausnir sem við ákveðum.

Menn ræða það hvort samningurinn eigi að taka gildi áður en gagnaðilar okkar hafa staðfest hann og við höfum fengið ábendingar utan Alþingis um að það sé hyggilegt. Ég tel að það sé rétt að þingnefndin, fjárlaganefnd skoði þetta mál rækilega og kveðji til sín bestu sérfræðinga til að leggjast yfir þennan þátt málsins. En frá mínum bæjardyrum séð er málið þannig vaxið að endanleg ákvörðun þegar kemur að skuldbindingum fyrir Íslands hönd liggur í þessum sal. Alþingi fer með löggjafarvald á Íslandi og Alþingi fer með fjárveitingavald á Íslandi fyrir hönd þjóðarinnar. Hér liggur valdið. Sá sem kemur til með að vefengja það vald vefengir jafnframt fullveldi Íslands. Þannig lítur þetta út frá mínum bæjardyrum. Mér finnst hins vegar rétt og skylt að taka það til skoðunar í fjárlaganefnd hvort hyggilegt sé að setja áréttingu um þetta efni inn í lagatextann og ég treysti fjárlaganefnd til að fara rækilega í saumana á því máli. En ég vildi greina frá því hver er grundvallarafstaða mín til þessa máls.

Þá fyrirvara sem settir hafa verið inn í frumvarpið tel ég vera mjög til bóta. Þarna eru reistir múrar, varnargirðingar

um almannahag á Íslandi. Þá horfi ég til hinna lagalegu þátta þar sem við gefum ekkert eftir hvað varðar lagalegan rétt okkar og rétt okkar til að fá úr því skorið hverjar eru eiginlega skyldur okkar.

Í annan stað eru hinir fjármálalegu þættir. Það er nokkuð sem hefur verið til umræðu í þinginu allar götur frá því hrunið varð í október sl. Ég vísaði þá oft til ummæla hv. þm. Péturs H. Blöndals sem tók umræðuna upp á þeim grundvelli sem nú er að verða ofan á. Hann sagði reyndar að hann vefengdi þær skyldur sem settar væru þjóðinni á herðar í þessu máli, hann gerði það. En færi svo, sagði hann, að við yrðum neydd til að undirgangast þessar skyldur ætti að reisa efnahagslegar skorður af því tagi sem nú hafa orðið ofan á. Þetta vil ég nefna sem dæmi þess hvað gerist þegar menn hefja sig upp úr hinum flokkspólitísku hjólförum sem ekki eiga heima í máli af þessari stærðargráðu, þegar við leggjumst öll saman yfir málin sem þingmenn, sem Íslendingar til að komast að sem allra bestri niðurstöðu.

Ég er líka mjög sáttur við það sem fram hefur komið frá Borgarahreyfingunni sem innlegg í þetta mál og kröfu inn í endanlegan frágang málsins um að þar verði fest á blað svo óvefengjanlegt sé krafan um að við leggjumst yfir það að ná í eignir sem skotið hefur verið undan. Ég held að þetta séu mjög mikilvæg skilaboð sem Alþingi og Ísland sendir frá sér á þessu stigi málsins.

Hæstv. forseti. Ég tel að þær breytingar sem gerðar hafa verið á þingmálinu hafi gerbreytt því, hafi gerbreytt stöðunni málstað Íslands í hag og þar hafa allir flokkar lagt hönd á plóg. Sumir hafa gagnrýnt Framsóknarflokkinn fyrir þá afstöðu að vilja ganga enn lengra. Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram tillögur í þinginu þessa efnis. Það er mikilvægt og ég heyri það á fjárlaganefndarmönnum að þeir vilja skoða þær tillögur eins og við öll viljum gera vegna þess að saman erum við einfaldlega að reyna að finna bestu lausnina. Ég vona að við berum gæfu til að sameinast um þá lausn sem verður ofan á eftir að fjárlaganefnd hefur farið höndum um þetta mál.

[18:43]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir innlegg hans í þessa umræðu og verð í sjálfu sér líka að hrósa hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir það skref sem hann ásamt öðrum þingmönnum úr Vinstri grænum tóku í að nálgast þetta mál sem við erum að fást við með öðrum hætti en ríkisstjórnin lagði upp með. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra að tvennu: Er það rétt, vegna þess að hæstv. forsætisráðherra hefur ekki svarað, að hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra hafi aldrei borið þennan samning upp innan ríkisstjórnarinnar til að fá samþykki hennar fyrir að leggja fram þetta stjórnarfrumvarp? Í öðru lagi langar mig að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra vegna þess að hér hafa komið fram í dag vangaveltur um að fyrirvararnir standist einfaldlega ekki og þá hefur komið fram frá þjóðréttarfræðingi í utanríkisráðuneytinu að það sé brýnt að samningsaðilum okkar, þ.e. Bretum og Hollendingum sé með einhverjum hætti tilkynntir þessir fyrirvarar og áður en Icesave-samningurinn öðlist gildi séu þeir búnir að viðurkenna þá fyrirvara til að enginn vafi leiki á um þá réttarstöðu sem þá íslenska ríkið sem ábyrgðaraðili standi frammi fyrir.

[18:45]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Varðandi fyrri spurninguna þá var málið tekið fyrir í ríkisstjórn og afgreitt þar en þar gerði ég grein fyrir því sjónarmiði mínu og afstöðu að ég veitti ekki heimild mína til að gengið yrði frá samningnum. Mín afstaða var alveg skýr í þessu máli og hefur alltaf verið.

Í annan stað er spurt um fyrirvarana og hvort ég telji að þeir haldi og hvernig við eigum að halda á málum í framhaldinu. Ég treysti mér ekki til að svara þessu af neinu viti á lagalegum forsendum en ég leyfi mér að standa hér sem þingmaður og Íslendingur á Alþingi Íslendinga og halda því fram að það sem hér er ákveðið fyrir hönd þjóðarinnar og snýr að lagalegum skuldbindingum í löggjafarsamkundunni sem jafnframt fer með fjárveitingavald fyrir þjóðina, fyrir þingið, fyrir ríkið þá hljóta ákvarðanir sem hér eru teknar að standa öllu ofar hvað okkur snertir. Það er mín persónulega skoðun. En hvað varðar lagaleg álitamál sem þessu tengjast þá treysti ég fjárlaganefnd til að fara í saumana á því og kveðja til þess færustu sérfræðinga.

[18:47]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir þá einlægni og hreinskilni sem kom fram í svari hans varðandi hvernig málið væri afgreitt út úr ríkisstjórn. Það verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að stjórnarfrumvarp sé lagt fram með þessum hætti þegar fyrir fram er vitað að ráðherra í öðrum stjórnarflokknum fylgir ekki ríkisstjórninni að máli. Það þykir mér ámælisvert. Það hefði átt að beina sjónum ríkisstjórnarinnar að því að þetta mál þyrfti að leysa með einhverju öðru móti en leggja fram frumvarp eins og hér var gert.

Ég þakka enn og aftur hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir þessa einlægni og þetta skýra svar og lýsi enn og aftur undrun minni og furðu á framkomu hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra.

[18:48]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er ágætt að fá á hreint hverjar eru staðreyndir þessa máls en það sem skiptir öllu máli núna er hverjar verða lyktir þessa afdrifaríka máls. Ég vona að við berum gæfu til að standa saman að því öll að finna niðurstöðu sem við getum sem flest sætt okkur við.

[18:48]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir ræðu hans og ég vil leyfa mér að taka undir margt af því sem þar kom fram. Þó finnst mér mikilvægt að fá það aðeins nánar fram hjá hæstv. ráðherra sem lýtur að aðkomu þingsins í þessu máli. Hann hefur fagnað því að

þinginu hafi tekist að taka málið upp úr hinum flokkspólitísku förum. En hverjir voru það sem vildu halda málinu í hinum flokkspólitísku förum aðrir en stjórnarflokkarnir tveir sem héldu stjórnarandstöðunni frá þessu máli alveg fram yfir að skrifað hafði verið undir samningana sjálfa? Meginatriði þeirra var kynnt á lauslegum fundum sama daginn og skrifað var undir. En er það ekki smám saman að koma í ljós að langstærstu mistökin sem gerð hafa verið í þessu máli voru í fyrsta lagi þau að vinna það til enda án aðkomu allra þingflokka á Alþingi þannig að því var haldið af ríkisstjórninni sjálfri í flokkspólitískum hjólförum? Og í öðru lagi, sem er stórmerkilegt, þegar kom fram í umræðu á þinginu að meira að segja í andstöðu við einstaka ráðherra í ríkisstjórninni var málið lagt fram? Þess vegna hafa afdrif þessa máls orðið þau sem raun ber vitni, að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, hæstv. forsætisráðherra, lét sér það í léttu rúmi liggja hvort hún hefði meiri hluta fyrir málinu þegar það var lagt fram á þinginu. Það virðist vera þannig með nokkur mál sem almennt mætti álíta að væru stórmál, Evrópusambandið, Icesave-samningarnir og önnur slík, að hæstv. forsætisráðherra sé nokk sama hvort hún hafi fyrir fram meiri hluta fyrir slíkum málum. Hún virðist bara ætla að láta kylfu ráða kasti með endalok slíkra mála á þinginu. Er það ekki þetta tvennt sem eru í reynd stærstu mistökin sem ríkisstjórnin hefur gert og helstu ástæður þess að það hefur tekið okkur núna bráðum, eru ekki komnar 10 vikur sem við erum búin að vera að hnoðast með þetta mál og við erum ekki enn þá komin að endanlegri niðurstöðu?

[18:51]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ef við erum sammála um að það hafi verið til góðs að taka þetta mál upp úr hinum flokkspólitísku hjólförum þá hljótum við einnig að vera sammála um hitt að nú á ekki að troða því niður í þau hjólför aftur. Það hefur verið okkar ógæfa allt frá hruninu í október í fyrra að okkur hefur allt of sjaldan tekist að taka á málum saman. Sum mál eru nefnilega stærri en svo að við getum leyft okkur að ganga klofin til afgreiðslu þeirra, hvort sem um er að ræða innan þingsins eða utan. Þjóðin hefur ekki efni á því að ganga klofin til þessara stóru mála. Það var því miður gert allt of oft í haust leið. Þá voru gefnar skuldbindingar fyrir hönd þjóðarinnar sem ég gef reyndar lítið fyrir. Þegar einstaklingur eða þjóð er með hnífinn á barkanum þá er lítið að marka hvað hún gerir, segja mér lögspekingar, og horfi ég nú beint í augun á hv. þm. Atla Gíslasyni.

Ég held að í þessu máli sem og öðrum af þessari stærðargráðu eigum við að hefja okkur upp úr hjólförunum og horfa núna fram á við. Getur ekki hv. þingmaður, formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson verið sammála mér um það?

[18:53]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það vill þannig til í þessu máli að ég og hæstv. ráðherra erum efnislega nokkurn veginn sammála um það hvernig best sé að taka á þessu máli. Þess vegna get ég verið honum sammála um þessa prinsippafstöðu að þurfi menn að taka málið upp úr flokkspólitískum hjólförum þá sé nauðsynlegt að gera það til að komast að skynsamlegri niðurstöðu. En það breytir ekki sögu málsins, þeirri staðreynd að sú ríkisstjórn sem hann situr í kaus að fara aðra leið og tefldi málinu í heild sinni í mikla tvísýnu, bæði fyrir þinginu en auðvitað ekki síður í samskiptum við þær þjóðir sem við eigum svo mikið undir sem raun ber vitni um þessar mundir.

Þess vegna verð ég að halda því á lofti að mér finnast helstu tíðindin í ræðu hæstv. ráðherra vera þau að málið skuli í reynd hafa verið lagt fyrir þingið gegn vilja hans og síðan hitt að hann sé þeirrar skoðunar að svona mál eigi að vinna á breiðum pólitískum samstarfsvettvangi þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi valið að gera allt annað.

[18:54]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mér finnst stærstu tíðindin í þessu máli vera þau að við kunnum að vera að ná lendingu sem er allsæmileg og viðunandi fyrir Íslendinga. Það eru stóru tíðindin og það eina sem máli skiptir. Ég vona að fjárlaganefnd nái því að sætta sjónarmið, taka tillit til tillagna sem fram hafa komið þannig að við getum sem allra flest innan veggja þingsins verið sátt við niðurstöðuna.

[18:55]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Lengi er von á einum. Þegar maður var farinn að örvænta um stöðu íslenskra stjórnmála og sérstaklega náttúrlega þessa ríkisstjórn sem ég er ekki hrifinn af þá steig hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson fram og sannaði það að sú ímynd sem ég held að þjóðin hafi af honum sem heiðarlegum prinsippmanni er sönn. En hæstv. ráðherra sýndi líka mikið hugrekki í því að tala á þeim nótum sem hann hefur gert. Með því er hann í rauninni búinn að breyta framþróun íslenskra stjórnmála á vissan hátt og breyta sögunni til hins betra, tel ég að þegar sé orðið ljóst.

En málið er ekki alveg komið í höfn enn þá. Það eru stór óvissuatriði enn þá hangandi yfir okkur og þó sérstaklega það sem hefur verið rætt í þinginu í dag, hvort þeir fyrirvarar sem er sæmilega breið samstaða um, komi til með að halda þegar á hólminn er komið. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti ekki tekið undir það með mér að við verðum að fá úr því skorið hvort þessir fyrirvarar komi til með að halda. Þá duga ekki þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð í þessu máli fram að þessu, við verðum að leita eftir utanaðkomandi ráðgjöf og fá a.m.k. álit einhvers sem þekkir til enskra laga því það er alveg ljóst að samkvæmt þessum samningum gilda ensk lög og öll álitaefni sem upp kunna að koma verða leidd til lykta fyrir enskum dómstólum. Ég tel því ákaflega mikilvægt að ef á að vera hægt að ná saman um þetta mál og ef þingið á að geta greitt atkvæði um það með sæmilega góðri samvisku þurfum við að hafa vissu fyrir því að það sem hér verður ákveðið hafi eitthvað að segja.

[18:57]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð. Varðandi þetta stóra álitaefni sem hefur verið til umræðu í dag þá treysti ég mér ekki til að kveða upp úr um það af neinni þekkingu, treysti því að fjárlaganefnd leiti ráða hjá fróðum aðilum og hægt að gera það bæði innan lands og utan á tímum tölvusamskipta. Mér finnst eðlilegt að farið verði rækilega í saumana á þessum málum.

Ég hef lýst þeirri afstöðu minni sem leikmanns, sem stjórnmálamanns og sem fulltrúa á Alþingi Íslendinga að ég tel að þegar um er að tefla fjármuni sem fara úr íslenskum ríkiskassa þá sé hið endanlega orð hér, hjá löggjafarvaldinu, hjá fjárveitingavaldinu á Íslandi. Ef það er svo að ef erlendar þjóðir hvort sem það eru dómstólar eða ríkisstjórnir vefengja þennan rétt okkar þá eru þær þar með að vefengja fullveldi okkar og þá erum við farin að tala á einhverjum allt öðrum nótum. Frá mínum bæjardyrum séð eru ákvarðanir um fjárútlát úr ríkissjóði Íslands teknar í þessum sal.

[18:58]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel að ég og hæstv. heilbrigðisráðherra séum algerlega sammála í þessu máli. Staða okkar er reyndar nokkuð ólík. Hann er ráðherra í ríkisstjórninni og lýsti því í ræðu áðan hvernig atburðarásin hefði verið þar, sem gerir stöðu ráðherrans að vísu erfiðari en er þeim mun meiri áminning um hvers lags hugrekki var fólgið í afstöðu ráðherrans að láta ekki deigan síga.

Ég vona að það verði áfram upp á teningnum og mér heyrist reyndar á hæstv. ráðherra að sú verði raunin.

Áhyggjuefnið varðandi þennan samning er nefnilega það að þó að Alþingi Íslendinga eigi ávallt að hafa síðasta orðið þá er í honum getið sérstaklega um afsal ákveðinna réttinda. Spurningin er því enn þá til staðar hvort með staðfestingu samningsins sé búið að afsala sér þeim réttindum sem ég og hæstv. ráðherra erum sammála um að við eigum alltaf að halda eftir.

[19:00]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta er álitamál sem væntanlega verður tekið til umfjöllunar í fjárlaganefnd þingsins og síðan í frekari umræðu en mín sjónarmið eru nokkuð skýr í málinu.

[19:00]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Við erum á Alþingi komin að endamörkum 2. umr. um Icesave, umræðu um eitt það stærsta og alvarlegasta mál sem við sem þjóð höfum staðið frammi fyrir, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni við 1. umr., á öðru tímabili Íslandslýðveldis. Á fyrsta tímabili hins íslenska lýðveldis, þ.e. á þjóðveldistímanum, stóðu menn oft frammi fyrir stórum málum, jafnvel stærri, og leystu þau. Engu að síður töpuðum við sjálfstæði okkar um margar aldir og það getur auðvitað gerst aftur.

Þrátt fyrir alla pólitík, ágreining um undirbúning, aðdraganda og upphaf máls snýst Icesave kannski ekki um annað en tvennt, annars vegar réttlæti og hins vegar greiðslubyrði og gjaldþol íslensku þjóðarinnar. Ég get tekið undir orð hæstv. heilbrigðisráðherra sem féllu áðan um að eins og staðan er nú snúist allt um það hvernig lyktir málsins verða.

Frú forseti. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá þeim tíma sem drög að pólitísku samkomulagi um Icesave-deiluna voru fyrst lögð fram um haust og snemma vetrar 2008 í tíð ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, ríkisstjórnarinnar sem ríkti í aðdraganda hrunsins. Í því sambandi er rétt að minna á að Icesave-reikningarnir í Hollandi voru stofnaðir í apríl eða maí 2008, fjórum eða fimm mánuðum fyrir hrun, en við hrunið í október voru komnir 200.000 innlánsreikningar í Hollandi með viðurkenningu íslenskra og hollenskra fjármálayfirvalda. Aukningin í Bretlandi var fjórföldun innlánsreikninga Icesave-reikninga á sama tíma.

Eins og margoft hefur komið fram voru fjölmörg mistök gerð á þessum tíma, mistök sem eru okkur gríðarlega dýrkeypt í dag. Í meirihlutanefndaráliti fjárlaganefndar, og var ítrekað í ræðu hv. formanns fjárlaganefndar í gær, kom fram að ein meginforsenda Icesave-samningsins sé siðferðileg vegna margítrekaðra yfirlýsinga íslenskra stjórnvalda um að íslensk stjórnvöld mundu standa við bakið á innlánstryggingarsjóðnum og tryggja honum fé, þ.e. borga.

Frú forseti. Ég tel að í þessu sjónarmiði meiri hluta fjárlaganefndar sé afstöðu sumra þingmanna að finna í hnotskurn, þ.e. siðferðileg afstaða til yfirlýsingar samherja gerir það verkum að ekki sé hægt að horfa hlutlaust og ópólitískt á samninginn. Samninginn sem var verri og verri eftir því sem maður skoðaði hann betur. Samning sem — og það er rétt að halda því til haga, frú forseti, — ekki átti að opinbera né fylgigögn hans, aðeins kynna megindrög í upphafi sumarþings. Það hefur komið fram ítrekað í þessum umræðum og kom ítrekað fram í ræðum forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar í upphafi þessa máls. Það er fyrir harðfylgi m.a. okkar framsóknarmanna og annarra stjórnarandstöðuflokka og að hluta Vinstri grænna undir forustu hæstv. heilbrigðisráðherra að fyrirvarar þeir sem fylgja meirihlutaáliti fjárlaganefndar eru fram komnir. Það er vegna harðfylgis stjórnarandstöðunnar, fjölmiðla og þjóðarinnar að samningurinn liggur nú frammi, er opinber og hefur fengið mikla skoðun og mikla gagnrýni.

Ekki er hægt að fjalla um þennan hluta málsins án þess að geta þeirra fjölmörgu aðila utan þings sem hafa lagt gríðarlega vinnu í að skoða og meta samninginn, aðila bæði innan lands sem utan. Á engan er hallað þegar nefndur er sérstaklega Indefence-hópurinn sem hefur verið óþreytandi að benda á galla, benda á hættur við samninginn og reynt að bæta stöðu Íslands með málefnalegum tillögum. Einnig verður að nefna í þessu samhengi íslenska lögmenn, Stefán Má, Lárus Blöndal, Ragnar Hall, Eirík Tómasson og reyndar mun fleiri sem hafa jafnframt leitt fram sjónarmið sem sum hver hafa ratað inn í fyrirvarana en sum ekki. Nokkur þeirra sjónarmiða koma fram í breytingartillögum okkar framsóknarmanna sem við leggjum fram til að reyna að betrumbæta stöðu þjóðarinnar gagnvart viðsemjendunum, Bretum og Hollendingum.

Í þessu samhengi er rétt að ítreka að afstaða mín hefur alla tíð verið sú að það er siðferðileg skylda okkar þingmanna að verja með kjafti og klóm hagsmuni Íslands og framtíð þjóðarinnar og þar með að standa við lagalegar og réttmætar alþjóðlegar skuldbindingar okkar, greiða réttmætar skuldir okkar en heldur ekki meira.

Frú forseti. Við skoðun samningsins kom í ljós og ég held að segja megi að þrátt fyrir allt séu allir þingmenn og þjóðin sammála um að ábyrgðin á samningnum og áhættan við að illa færi öll Íslands megin í honum. Bretar og Hollendingar virðast hafa fengið allt sitt fram og taka enga áhættu á sig þrátt fyrir að það hljóti að vera viðurkennt af öllum, og þar með bæði Bretum og Hollendingum, að hagsmunir allra landanna þriggja séu samtvinnaðir í því að vel gangi í íslensku efnahagslífi. Þess vegna var nokkuð breið samstaða um það í þinginu að setja fram fyrirvara til að lágmarka áhættu Íslands. Það tók hins vegar allt of langan tíma að fá þá breiðu samstöðu fram. Enn heyrast þau sjónarmið, til að mynda hjá hv. varaformanni fjárlaganefndar í morgun, að samningurinn sé góður og fyrirvararnir breyti honum ekkert.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur á köflum og hæstv. forsætisráðherra talað með svipuðum hætti. Því væri kannski rétt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann ætli að greiða afborganir af Icesave-samningnum samkvæmt fyrirvörunum eða samningnum sjálfum. Auðvitað hefðu allir þingmenn, þar með taldir þingmenn Samfylkingarinnar, hæstv. fjármálaráðherra og fylgismenn hans innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þurft að viðurkenna að samningurinn væri óaðgengilegur fyrir íslenska þjóð strax í sumarbyrjun og allir hefðu reynt að finna alla þá fyrirvara við ríkisábyrgðina sem menn teldu að þyrfti fyrir íslenska þjóð, ekki fyrirvara sem við gætum laumað inn án þess að styggja Breta og Hollendinga.

Virðulegi forseti. Eftir að sú mikla vinna sem lögð hefur verið í þetta verk, m.a. af fjárlaganefnd og fólki innan þingsins í að fá samninginn fram í dagsljósið, skoða hann, fá sérfræðinga til að meta og gefa álit, erum við á handahlaupum við að reyna að enda þetta mál, setja punkt við umræðu um vonlausan Icesave-samning með því að minnka áhættuna, minnka áhættuna með því að setja fyrirvara við ríkisábyrgðina við samninginn. Ríkisábyrgð sem með samþykkt í þinginu staðfestir samninginn, hinn ósanngjarna Icesave-samning, eða gerir það í það minnsta að verkum að samningurinn tekur gildi.

Nú á endasprettinum dúkkar upp ný áhætta fyrir íslenska þjóð þegar menn með breiðri samstöðu héldu að við gætum hafa tryggt réttarstöðu Íslands með fyrirvörum við samninginn. Áhættan er sú að Bretar og Hollendingar líti einfaldlega fram hjá fyrirvörunum, enda rúmast þeir innan samningsins að mati forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar og einstakra þingmanna. Hver er staða okkar þá, frú forseti?

Samkvæmt grein 6 í samningnum, um ábyrgð og skaðleysi, sérstaklega grein 6.5 sem nefnist í samningnum á sérkennilega óviðeigandi hátt „Fallið frá vörnum“, virðist við yfirlestur sem sú grein komi í veg fyrir að hægt sé að setja raunhæfa fyrirvara án samþykkis gagnaðila. Áhættan er sú að við gætum orðið skaðabótaskyld gagnvart Bretum og Hollendingum vegna ákvæða um óafturkallanlegar og skilyrðislausar ábyrgðir lántaka og skaðleysis lánveitanda. Lagalegur ágreiningur vegna samningsins og vanefnda hans færi þá fyrir dómstóla og það fyrir breska dómstóla og samkvæmt breskum lögum. Þar vega gildi íslensku stjórnarskrárinnar og ákvarðana Alþingis lítið eða ekkert. Er ekki nauðsynlegt, frú forseti, að við gefum okkur þann lágmarkstíma sem þarf til að fá sérfræðinga, jafnt innlenda sem erlenda, til að fara yfir lagalega stöðu okkar í þessu ömurlega máli?

Auðvitað væri best og ætti að hafa verið forgangsmál ríkisstjórnarinnar í upphafi að hefja viðræður við Breta og Hollendinga um nýjan samning og/eða að löggilda fyrirvarana með einhverjum hætti þegar ljóst varð að samningnum yrði ekki þröngvað í gegnum þingið án skoðunar. Að mati Indefence-hópsins sem ég nefndi áður væri hægt að bæta inn í samninginn ákvæði þess efnis að ríkisábyrgðin tæki ekki gildi fyrr en gagnaðilar samningsins hefðu samþykkt þá sem órjúfanlegan hluta samningsins þrátt fyrir fyrrnefnd ákvæði samningsins um ábyrgð og skaðleysi. Í þessu ljósi langar mig að lesa smákafla úr fréttatilkynningu, með leyfi forseta, frá Indefence-hópnum:

„Sé það raunin að fyrirvarar Alþingis hafi ekki gildi samkvæmt breskum lögum eru alþingismenn í raun að samþykkja Icesave-samningana óbreytta, samninga sem meiri hluti þjóðarinnar og þingmanna telur óviðunandi.

Í ljósi þessarar óvissu er nauðsynlegt að Alþingi afli formlegs álits óháðra sérfræðinga í breskum lögum til að fá úr því skorið hvort fyrirvararnir við ríkisábyrgð hafi gildi fyrir breskum dómstólum. Slíkt sérfræðiálit þarf að berast Alþingi áður en frumvarp um ríkisábyrgð á Icesave samningnum er afgreitt.“

Það hefur komið fram í máli einstakra þingmanna fjárlaganefndar að þetta mál verði tekið upp á milli 2. og 3. umr. og tel ég það afar nauðsynlegt og forsendur þess að við getum greitt atkvæði um ríkisábyrgðina.

Frú forseti. Skoðun mín og okkar framsóknarmanna hefur lengi verið ljós. Við teljum og höfum fengið stuðning við þá skoðun okkar frá mörgum utan þings sem innan að semja þurfi aftur. Í því sambandi má nefna að sérfræðingur í skuldaskilum þjóða og milliríkjasamningum, Lee Buchheit, sem kom fyrir fjárlaganefnd taldi að í raun skipti engu hvað við gerðum. Niðurstaðan yrði alltaf sú sama, að nauðsynlegt væri að fara til Breta og Hollendinga að semja að nýju því samningurinn væri einfaldlega slæmur og óaðgengilegur fyrir íslenska þjóð. Það er óþarfi að mati sérfræðingsins og tilgangslaust að gera allt of stóra grýlu úr samningsaðilunum því eins og hefur komið fram bæði í máli mínu og annarra þingmanna eru það sameiginlegir hagsmunir þessara þjóða að okkur Íslendingum gangi vel til að við getum staðið við skuldbindingar okkar. Því er langeðlilegast að fara og tala við þá augliti auglitis og láta þá ekki frétta í fjölmiðlum hvað við erum að gera.

Að öllu óbreyttu, ef allt fer án þess að tekið verði tillit til ýtrustu krafna, má segja að niðurstaða Icesave-samninganna, samningsins eins og hann var kynntur fyrir okkur að lokum í sumar sem samningsafurðar, sé ömurleg. Það lítur út fyrir að orrustan sé töpuð en stríðið er að hefjast. Þar munum við framsóknarmenn leggjast á eitt ásamt með þjóðinni og vonandi með sem flestum flokkum þings-

ins að berjast fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs. Við viljum geta gengið sem uppreist þjóð með öðrum þjóðum. Það gerist ekki með því að taka á sig ósanngjarnar og órétt-mætar byrðar sem knýja þjóðina niður á hnén.

Frú forseti. Lokaorð mín eru því ákall til ríkisstjórnar, þingmanna og meiri hluta fjárlaganefndar að leita allra leiða til að tryggja réttarstöðu lands og þjóðar ef allt færi á versta veg, tryggja réttarstöðuna með því m.a. að tryggja að fyrirvararnir við ríkisábyrgðina haldi og fá fram staðfestingu Breta og Hollendinga á þeim skilningi okkar og þar með að hefja raunverulegar viðræður við þá aftur. Fjárlaganefnd verður því að fjalla um málið á milli umræðna og reyna allt sem í valdi og krafti nefndarinnar stendur til að tryggja réttarstöðu þjóðarinnar. Við eigum ekki að samþykkja eitthvað sem við vitum ekki hvort haldi. Við verðum að hafa fullvissu fyrir því áður en við greiðum atkvæði um eitt það allra stærsta mál er varðar þjóðarhag um aldir.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:15]

[19:46]

Útbýting:

Framkvæmd samgönguáætlunar, 139. mál, svar samgrh., þskj. 343.

Skýrsla Seðlabankans um stöðu heimilanna, 98. mál, svar forsrh., þskj. 345.

Synjun á staðfestingu aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps, 145. mál, svar umhvrh., þskj. 342.

[19:46]

Þór Saari (Bhr):

Virðulegur forseti. Ég tek hér aftur til máls um þetta mál, Icesave, sem svo illa hefur farið í fólk undanfarna daga og mánuði. Ég átti ekki von á því sjálfur að þurfa að taka aftur til máls vegna þessa, ég hélt að málið eins og það kom út úr fjárlaganefnd hefði verið afgreitt nægilega afgerandi þannig að það ekki þyrfti mjög langar umræður í 2. umferð.

En það hefur verið kastað inn nokkuð mörgum óvissuþáttum í þessu máli í umræðunni og eru þar efst á blaði þær hugmyndir hv. varaformanns fjárlaganefndar, Björns Vals Gíslasonar, sem hann reifaði hér í morgun um að öll sú vinna sem fjárlaganefnd hafi innt af hendi á meðan hann var í fríi frá störfum í nefndinni hafi verið einskis nýt og tilgangslaus og skipti engu máli. Mér finnst svolítið harkalegt og þori í rauninni ekki að halda áfram stuðningi mínum við málið undir slíkum kringumstæðum. Ég tel að það hafi komið upp slík óvissa í framhaldi af ummælum hans og í framhaldi af ummælum margra í dag að slíkri óvissu verði að taka á og reyna að eyða með einhverju móti.

Hér er fyrst og fremst um tvo meginóvissuþætti að ræða sem skipta gríðarlega miklu máli. Annar þeirra lýtur að tímatakmörkun ríkisábyrgðarinnar, sem við afgreiðslu fjárlaganefndar þótti nokkuð skýrt að væri í gildi frá árinu 2016 til 2024, og að þær greiðslur sem hugsanlega kynnu að standa út af miðað við þá reiknireglu sem notuð er við útreikninga á greiðslum af Icesave-skuldbindingunum mundu falla niður að þeim tíma loknum. Hér kom hins vegar í morgun varaformaður fjárlaganefndar og var með allt annan skilning á þessu máli. Hann talaði þannig að einfaldlega væri um það að ræða að ef eitthvað gengi af í lok tímabilsins yrði bara sest niður og samið um það sem út af stæði og alveg sjálfsagt mál að greiða það. Hann tók ekkert tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu í fjárlaganefnd um að með því að fella niður afganginn mundu Bretar og Hollendingar taka á sig skerf af þeirri áhættu sem fylgir þessum skuldbindingum. Sú áhætta er fyrst og fremst fólgin í þeim mjög háa vaxtakostnaði sem Íslendingar þurfa að greiða, 5,5,% sem gerir það að verkum að Bretar og Hollendingar ná þarna hagnaði upp á 180 punkta. Af þessari upphæð er það einfaldlega gríðarlega mikið fé.

Ég veit ekki í sjálfu sér hver framvindan af þessu máli verður hér eftir en það er alveg greinilegt og hefur komið fram í máli mjög margra þingmanna, og m.a. þeirra sem eru í fjárlaganefnd, að þessari óvissu þurfi að eyða með einhverjum hætti. Fjárlaganefndarmenn hafa verið að reyna að ræða málin í dag til þess að finna leið til að laga þennan óvissuþátt en ekki komist að niðurstöðu um hvernig það gæti orðið.

Hinn þátturinn í málinu lýtur að gildi allra þeirra fyrirvara sem voru samdir og settir inn en það kom líka fram í máli hv. þm. Björns Vals Gíslasonar í morgun að þeir hefðu ekkert gildi og væru tilgangslausir og skiptu engu máli. Ekki veit ég hvort það er almennur skilningur fjármálaráðherra, sem er formaður þess flokks sem varaformaður fjárlaganefndar er í, en ef það er svo er það náttúrlega mjög alvarlegt mál. Þá þarf einfaldlega að taka þetta mál til gagngerrar endurskoðunar í fjárlaganefnd. Þetta hefur líka verið rætt óformlega á göngunum hér í dag en ekki fengist niðurstaða í það með hvaða hætti ætti að ganga frá því.

Þess vegna tel ég rétt að hnykkja á því úr þessum stól að í svona gríðarlega stóru og alvarlegu máli sem skiptir miklu fyrir framtíðarhagsmuni allra Íslendinga að þessum óvissuþáttum verði eytt. Það verði skýrt tekið fram að þeir fyrirvarar sem fjárlaganefnd hefur sett við þessar skuldbindingar haldi. Það er hægt að gera með því að setja inn ákvæði í breytingartillögurnar sem liggja fyrir um að ríkisábyrgðin taki einfaldlega ekki gildi fyrr en bresk og hollensk yfirvöld hafi samþykkt fyrirvarana eins og þeir liggja fyrir og eins að það komi skýrt inn ákvæði sem snýr að sólarlaginu í þessum samningum eða í ríkisábyrgðinni, þ.e. að árið 2024 falli ríkisábyrgðin niður og þar með er punktur settur fyrir aftan dæmið. Það yrði svo hugsanlega bara á valdsviði þess Alþingis eða þeirrar ríkisstjórnar sem þá situr með hvaða móti, ef einhverju, yrði tekið á þeim afgangi sem hugsanlega út af stæði.

Eins og ég hef áður tæpt á og allir þingmenn sem hafa talað hér er þetta eitthvert stærsta mál sem komið hefur inn fyrir veggi þingsins og óásættanlegt að afgreiða það í einhverri óvissu, það er algjörlega óásættanlegt. Því legg ég áherslu á að viðunandi niðurstaða náist í þessa óvissuþætti. Ég er sjálfur sannfærður um það eftir samtöl mín við þingmenn í dag að ef þessum tveimur meginóvissuþáttum yrði eytt með nýjum ákvæðum í breytingartillögunum mundi nást mjög breið samstaða um afgreiðslu þessa máls á þinginu. (Gripið fram í.) Ég hef jafnvel hugmyndir um að Al-

þingi mundi hugsanlega í eitt af örfáum skiptum sögunnar afgreiða hér mál út úr þinginu 63:0. Það held ég að sé þess virði að skoða málið betur ef slíkt gæti orðið raunin og fyllilega ástæða til að menn taki þessar hugmyndir mjög alvarlega og skoði þær með opnum huga. Þetta eru mjög einföld ákvæði og þau eru ekki mikil viðbót við það sem fyrir er í breytingartillögunum og þau eru ekki þess eðlis að þau mundu hafa afgerandi áhrif á bresk og hollensk stjórnvöld. Þau mundu fyrst og fremst eyða þeirri óvissu sem við stöndum frammi fyrir og sem er óþolandi, og þau mundu líka eyða þessum — það er kannski ekki rétt að kallað það misskilning — heldur þessum mismunandi skilningi sem annars vegar varaformaður fjárlaganefndar hefur á málinu og hins vegar flestallir aðrir þingmenn, því að það hefur enginn talað með þeim hætti sem hann gerði hér í morgun nema hann sjálfur. Hann hefur að vísu verið úti á sjó þann tíma sem unnið hefur verið við málið og það er full vinna að vera skipstjóri á togara, það er alveg á hreinu. Það getur því verið að honum sé algerlega óljóst hvað var hér í gangi. Ef svo er tel ég einfaldlega rétt að hann komi hér og segi það og dragi þá orð sín til baka og viðurkenni að hér hafi verið um reginmisskilning af hans hálfu að ræða.

Hér er í gangi lýðræði, frú forseti, hér reyna menn að komast að samkomulagi. Þetta er ekki brú á skipi, þessi ræðustóll, þar sem menn tala hér í tilskipunum niður til annarra þingmanna. Það eru menn sem þurfa að gera sér grein fyrir því líka í þessu máli. Þetta er mjög alvarlegt mál. Það er mjög góður möguleiki á því að lenda því með afgerandi meiri hluta Alþingis sem hefði gríðarlega mikið að segja fyrir stöðu þingsins og stjórnvalda út á við til útlanda. Ég held að það sé alveg fyllilega þess virði að við notum þetta tækifæri og reynum að afgreiða þetta mál eins sómasamlega og hægt er.

[19:56]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ágætisræðu, en mig langar að spyrja hann að dálitlu umfjöllunarefni sem ég fór yfir í ræðu minni fyrr í dag. Það er að nú er Alþingi búið að ganga í gegnum þessa málsmeðferð sem hefur tekið langan tíma og hefur verið vönduð í ýmsa staði en það hafa verið ýmsar blikur á lofti. Ég vildi halda því fram að við þingmenn ættum að draga ákveðinn lærdóm af þessu öllu saman.

Nú hefur hv. þingmaður tjáð sig mikið og oft hér í þingsölum um það hvernig störfum þingsins er háttað. Mig langar að fá það fram hjá hv. þingmanni hvað hann vill læra af þessari málsmeðferð og hvað það er helst sem hann telur að hafi áunnist varðandi það samstarf sem hér hefur ríkt um þetta mál.

[19:57]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur fyrir spurninguna og athugasemdina. Ég er nýbyrjaður á þingi, fyrir mér er þetta skóli og ég er að læra mikið. Ég hef séð hér í þessu einstaka máli fyrirmyndarvinnubrögð viðhöfð. Það náðist að mynda hóp þingmanna sem var þverpólitískur til að vinna að þessum efnahagslegu fyrirvörum. Það sýndi mér eitthvað sem ég var alltaf sannfærður um að væri hægt að gera, að hægt væri að vinna málin á þennan hátt.

Þessi vinnubrögð hafa hins vegar farið ansi þversum í marga stjórnarliða og sumir í flokki t.d. Vinstri grænna hafa átalið samflokksmenn sína harkalega fyrir að taka þátt í þessu starfi með stjórnarandstöðunni. Samfylkingin hefur verið alveg þversum út af þessu máli og litið það mjög einkennilegum augum. En við skulum ekki gleyma því að Alþingi hefur náttúrlega starfað frá upphafi niðurnjörvað í flokkspólitísk hjólför sem löngu er orðið tímabært að ná því upp úr ef hægt er.

Það hefur tekist í fleiri málum á þessu þingi, það tókst í máli sem efnahags- og skattanefnd fjallaði um varðandi eignaumsýslufélagið, það náði að vinna það mál mjög faglega. Það hefur tekist að hluta með þetta mál og það er vel og hefur einfaldlega verið gaman að vinna í því þannig. Það sem ég hef lært og aðrir þingmenn hafa lært er að það er ekkert mjög hættulegt að teygja sig yfir borðið og taka í höndina á hinum og segja: Gerum þetta saman. Það getur verið að það gangi bara betur þannig.

[19:59]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég vil þakka hv. þm. Þór Saari fyrir þetta svar. Við deilum þeirri lífsreynslu að vera hér í þessum skóla, að hafa tekið sæti, við tvö ásamt 25 öðrum nýjum þingmönnum. Það hafa að sjálfsögðu komið upp stundir hér á þinginu þar sem nýjum vinnubrögðum hefur verið beitt. Ég tel að þetta sé Alþingi til sóma og ég hvet alla unga og nýja þingmenn — unga þá í starfsaldri, sama á hvaða aldri þeir eru — til þess að halda áfram að leita leiða til að ná betri árangri í störfum þingsins.

Vissulega var þetta ekki leiðin sem átti að fara með þetta mál, við vitum það öll sem hér sitjum að þetta mál átti að keyra inn í gegn á skömmum tíma án þess að sýna þau gögn sem ljóst er að þingmenn og þjóðin öll áttu skilið að fá að sjá. Þessi samstaða og þessi nýju vinnubrögð og sá hópur, sá nýi meiri hluti á þingi sem myndaðist gerði þó alla vega það að verkum að þingmenn eru að taka upplýstari ákvörðun um þetta mál en þeir hefðu að öðrum kosti átt kost á að fá hefðu forustumenn ríkisstjórnarflokkanna náð sínu fram.

En ég vil einfaldlega hvetja hv. þingmann til dáða og hvetja hann til þess ásamt öðrum nýjum þingmönnum að viðhafa ný, betri, lýðræðislegri, gagnsæ, fjölskylduvæn vinnubrögð hér á Alþingi. (Gripið fram í.)

[20:00]

Þór Saari (Bhr) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur að ný vinnubrögð hafa verið tekin upp og ég vil taka undir það sem hún sagði að á þingi er mjög margt nýrra þingmanna. Sumir þeirra hafa eindregið lagt til að þessum nýju vinnubrögðum verði beitt en ég hef jafnframt tekið eftir því að fjölmargir fóru beinustu leið á fyrsta degi ofan í flokkspólitísku hjólförin sem hafa alltaf verið viðhöfð hér. Ég upplifði það sjálfur að horfa á fólk koma inn með skærlogandi kerti og glampa í augum sem slokkn-

aði á fyrsta degi. Það var svolítið sorglegt að horfa á það en ég horfði beinlínis á það.

Það er okkar þingmanna að breyta þessum vinnubrögðum og við getum það ef við einbeitum okkur að því og tökum einfaldlega sénsinn á því að við stefnum sennilega flestöll að einhvers konar sameiginlegu markmiði bara eftir mismunandi leiðum. Það er oftar en ekki frekar lítið því til fyrirstöðu að fólk geti ferðast saman á þeirri leið.

[20:02]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Í dag og í gær hefur farið fram mjög ítarleg umræða um Icesave-samninginn, kosti hans og galla. Það sem menn hafa rætt mjög mikið um er þessi lögfræðilega afmörkun, hvenær gildir þessi samningur og halda þessi viðmið? Ég verð að segja eins og er, frú forseti, að ég hef dálitlar áhyggjur af því, ég er ekki löglærður og síst af öllu er ég löglærður í enskum rétti sem á að gilda fyrir báða samningana; við hollensku ríkisstjórnina og við þá bresku. Þess vegna legg ég mikla og ríka áherslu á það að hv. nefnd sem fær þetta milli 2. og 3. umr., hv. fjárlaganefnd fái þá bestu sérfræðinga á því sviði, í enskum rétti. Og ekki bara einn, a.m.k. tvo eða þrjá, menn sem hafa kennt þetta, menn sem hafa unnið eftir þessu og vita nákvæmlega hvað um er að ræða þegar kemur að því að túlka lög og reglur milli landa o.s.frv. Það liggur svo mikið við, frú forseti, að það má ekki bregðast. Við þurfum að hafa þetta nákvæmlega rétt. Ég er hins vegar mjög sannfærður, bara út frá einfaldri rökhyggju, að ef ég lít í stjórnarskrána sem við þingmenn höfum svarið eið að og gildir ofar öllum lögum, þá stendur þar í 40. gr., með leyfi frú forseta:

„Engan skatt má leggja né breyta né af taka nema með lögum“. Síðan stendur: „Ekki má heldur taka lán er skuldbinda ríkið né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.“

Þetta segir mér að ekki má taka lán, það má ekki skuldbinda ríkissjóð nema með lögum frá Alþingi. Það þýðir að þó að eitthvert fólk úti í bæ, frú forseti, ég vil kalla það það, geri samning þar sem stendur að ríkið ábyrgist eitthvað — og það skiptir ekki máli hvaða embætti það fólk gegnir — þá hefur það ekkert gildi nema á Alþingi verði sett lög sem heimila ríkisábyrgð á þeim gerningi. Ef Alþingi í þessu tilfelli samþykkir samninginn þá er komin á hann ríkisábyrgð eftir öllum ákvæðum þess samnings, sem ég hef reyndar margoft farið í gegnum að geta verið mjög hættuleg með ákveðnum líkum, geta líka verið hættulaus eða svo nánast með öðrum líkum. Ég ætla að fara í gegnum það aftur. Ég fór reyndar í gegnum það í morgun en ég hef dálítið orðið var við að menn hafa ekki alveg skilið hvað áhætta er. En Alþingi getur líka hafnað og það getur samþykkt og þar af leiðandi hlýtur það að geta eitthvað þar á milli, sem sagt samþykkt með skilyrðum. Ef Alþingi samþykkir ríkisábyrgð með skilyrðum, t.d. gæti Alþingi sett sem skilyrði að það borgar allt að einni milljón í þessum samningi og ekki krónu meir, þá yrði það bara þannig, þá mundi Alþingi greiða allt að 1 millj. kr. og ekki meir. Það þætti eflaust einhverjum lítið, þeir sem eiga í þessum samningi. En þannig vinnur ríkisábyrgðin.

Nú skulum við gefa okkur það eins og menn hafa talað um að menn vilji aðskilja ríkisábyrgðina og skilyrðin, sem er reyndar dálítið skrýtið vegna þess að í 2. mgr. 1. gr. breytingartillagnanna stendur, með leyfi frú forseta: „Ríkisábyrgðin afmarkast að öðru leyti af ákvæðum samninganna [þ.e. samninganna við Breta og Hollendinga] og fyrirvörum þeim sem koma fram í lögum þessum. Fyrirvararnir eru óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar.“ Mér sýnist að með þessu, frú forseti, sé nákvæmlega sagt að ríkisábyrgðin gildi samkvæmt þessum lögum og það er ekki hægt að aðskilja hana einhvern veginn frá þessum lögum því að ríkisábyrgð, samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar, skal setja með lögum og hún er með sett með þessum lögum, með efnahagslegu fyrirvörunum, með lagalegu fyrirvörunum o.s.frv.

Nú skulum við hugsa okkur að einhver breskur dómstóll, af því að ég þekki það ekki nákvæmlega, komist að þeirri niðurstöðu að það sé ríkisábyrgð á þessu. Hann gefi ekkert fyrir íslenska stjórnarskrá og segi bara: Ríkissjóður Íslands á að borga þetta. Hvað gerir hann? Hann sendir þá væntanlega reikning til Íslands eða sá sem vinnur það mál í Bretlandi sendir reikning yfir til Íslands. Hér á Íslandi munum við segja: Nei, það er engin ríkisábyrgð á þessu. Við borgum þetta ekki. Hvað gerir maðurinn þá, viðkomandi kröfuhafi? Hann fer væntanlega fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og kærir, vill fá greitt og segir: Það er ríkisábyrgð á þessu samkvæmt þessum samningi. Héraðsdómur fellir einhvern úrskurð og það fer örugglega fyrir Hæstarétt og Hæstiréttur dæmir samkvæmt stjórnarskrá í vafaatriðum. Hann mun segja: Það verður ekkert greitt út úr ríkissjóði nema það sem er í lögum. Síðan mun Hæstiréttur fletta upp þeim lögum sem við erum hér að ræða frumvarp að, ef það verður að lögum mun hann fletta upp í þeim lögum og sjá að þar stendur að það eru ákveðin skilyrði. Hann mun spyrja: Eru þau skilyrði uppfyllt? Svo er ekki því að annars hefði ekki komið til málssóknar úti í heimi. Hann mun segja: Nei, úr ríkissjóði Íslands verður ekki greidd króna umfram það sem stendur í þessum lögum. Þá þætti mér athyglisvert hvernig breskur réttur ætti að gilda umfram dóm Hæstaréttar á Íslandi.

Þetta er eins og hér hefur verið nefnt í umræðunni, þetta er nefnilega spurning um fullveldi Íslands, hvort menn viðurkenni það eða ekki. Það að reikna með því að breskur dómstóll geti sagt að ríkisábyrgðin gildi en ekki fyrirvararnir er þar af leiðandi í mínum huga ekki rökrétt og fær ekki staðist. En ég vil fá mjög nákvæma útlistun á þessu í hv. fjárlaganefnd. Hún þarf að fá til sín a.m.k. tvo, helst þrjá sérfræðinga í enskum rétti. Og þó að það kosti verður það þannig að vera vegna þess að hagsmunirnir eru svo gífurlegir. Þetta má ekki klikka. Ég get ekki staðið að þessum tillögum ef það er einhver minnsti vafi á að þær klikki. Það er bara þannig en ég vona að þetta haldi alveg skothelt og ég vona líka að allir alþingismenn geti sameinast um að styðja frumvarpið þannig að þetta verði 63:0 helst því að þannig er það auðvitað sterkast.

Þetta mál allt saman hefur verið mikið rætt úti í þjóðfélaginu og á Facebook eru 37 þúsund manns sem segja: Við greiðum ekki. 37 þúsund manns. Þjóðin vill almennt ekki greiða. Ég vildi heldur ekki greiða, svo því sé haldið til

haga. En nú erum við komin í þá stöðu sem við höfum í dag og staðan er sú að fjármálaráðherra landsins er búinn að skrifa undir samning í umboði ríkisstjórnarinnar og við þurfum að vinna út frá þeirri stöðu. Við getum ekki hafnað því, ég hef fært rök fyrir því áður, við þurfum að vinna út frá þeirri stöðu. Ég tel að sá samningur sem við erum að ræða og þær hugmyndir sem hér hafa verið ræddar séu besta lausnin út úr þeirri stöðu sem búið er að koma okkur í. Hér hefur verið gerður fjöldinn allur af mistökum, bæði löngu fyrir hrun, rétt fyrir hrun, eftir hrun, sérstaklega. Þá var mikið óðagot, mikil pressa, mikill þrýstingur og mikil kúgun í gangi og maður á kannski að sýna því ákveðinn skilning að þarna hafi verið gerð mistök. Núna eru gerð mistök í ákveðnum hraða og það er eitthvað sem við hv. þingmenn búum við. En við þurfum að vinna út frá þessari stöðu og ég tel að þær efnahagslegu hugmyndir sem hér hafa komið fram, þeir lagalegu fyrirvarar sem eru í þessari tillögu séu eiginlega mjög góð lausn til að verja þjóðina fyrir þeim áföllum sem samningurinn gat hugsanlega haft í för með sér fyrir þjóðina og hefði í vissum tilfellum getað varpað henni í áratugafátækt.

[Fundarhlé. — 20:15]

[20:21]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegur forseti. Ég ætla að byrja ræðu mína, með leyfi forseta, á að lesa upp örstuttan og mjög fróðlegan pistil eftir hv. fyrrverandi þingmann Kristin H. Gunnarsson. Hann skrifar 1. júlí 2009 pistil á heimasíðu sína, kristinn.is, með fyrirsögninni „400 milljarða kr. skuld afstýrt“. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ef Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson hefðu fengið að ráða fyrir tæpum 10 árum væri skuld Íslendinga vegna Icesave líklega um 400 milljörðum krónum hærri en hún þó er samkvæmt samkomulaginu við Breta og Hollendinga. Þau eru örugglega fegin því núna að tillaga þeirra var felld á Alþingi.

Lögin um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta voru samþykkt á Alþingi í desember 1999. Með þeim voru lögleidd hér á landi ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Í lögunum er kveðið skýrt á um ábyrgð innstæðutryggingarsjóðsins, en að ábyrgðin takmarkist við 20.887 evrur.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð á Icesave, sem dreift var á Alþingi í gær, er vitnað til lagasetningarinnar árið 1999. Lögð er sérstök áhersla á að Finnur Ingólfsson hafi þá verið viðskiptaráðherra og að hann hafi sérstaklega hnykkt á því í framsöguræðu fyrir málinu að sjóðnum bæri að bæta tjón sparifjáreigenda að þessu lágmarki hvort sem eignir hans dygðu til þess eða ekki.

Fjármálaráðherra og forsætisráðherra vilja með þessu gera Finn Ingólfsson ábyrgan fyrir því að Icesave-skuldin falli á þjóðina. Hann svarar fyrir sig, ef honum þykir ástæða til. En það er þörf ábending að rifja upp málflutning og tillöguflutning fleiri þingmanna við þessa afdrifaríku lagasetningu.

Stjórnarandstöðunni þáverandi undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingríms J. Sigfússonar og Ögmundar Jónassonar þótti frumvarpið ekki ganga nógu langt. Þau flutti breytingartillögu og lögðu þar til að einstaklingar skyldu fá allar innstæður sínar bættar úr tryggingarsjóðunum en ekki bara lágmarkið.

Jóhanna rökstuddi tillöguna m.a. svona:

„Hér er sem sagt lagt til að full tryggingavernd sé hjá þeim sem eiga innstæður sínar í innlánsstofnunum og bönkum, þannig að þeir geti verið rólegir hvað sem á dynur, hvaða skakkaföll sem verða í bankakerfinu, þá munu þeir að fullu og öllu fá sínar innstæður greiddar.“

Tillagan var felld með 34 atkvæðum gegn 16. En hefði hún fengist samþykkt sé ég ekki betur en að Íslendingar hefðu orðið að bæta innstæður einstaklinga í Icesavereikningum að fullu í stað lágmarksupphæðarinnar. Samþykktin hefði engu breytt hér á landi þar sem stjórnvöld ábyrgðust innstæður umfram lögboðið lágmark hvort sem er.

En í útibúum Landsbankans erlendis hefði tillagan skipt miklu máli. Engin von er til þess að stjórnvöld í Hollandi og Bretlandi, hvað þá innstæðueigendur þar, hefðu fallist á að Íslendingar ábyrgðust ekki innstæður einstaklinga að fullu eins og lög hefði kveðið á um, ef tillaga ráðherranna þriggja hefði verið samþykkt í desembermánuði 1999 og aðeins lágmarksfjárhæðin látin duga.

Icesave-skuldin er um 705 milljarðar króna. Ekki er alveg ljóst af greinargerð frumvarpsins um ríkisábyrgðina hvað hún hefði orðið há ef tillaga Jóhönnu og fleiri hefði verið samþykkt en ráða má að skuldin hefði hækkað um liðlega 400 milljarða króna og þá ríkisábyrgðin að sama skapi. Ef það er nálægt lagi má segja að hvert atkvæði gegn tillögunni hafi sparað þjóðarbúinu um 12 milljarða króna. Það er örugglega verðmætasta atkvæðið mitt fyrr og síðar.

Rétt er að enda þennan pistil með atkvæðaskýringu Jóhönnu Sigurðardóttur í atkvæðagreiðslunni afdrifaríku þann 17. desember 1999:

„Herra forseti. Þessi grein frv., 10. gr., fjallar um tryggingarvernd innstæðueigenda. Breytingartillagan sem hér eru greidd atkvæði um kveður á um að einstaklingar skuli fá kröfur sínar vegna tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum greiddar að fullu, en það er eins og gerist í Finnlandi og Noregi, en ekki bara að hluta til eins og lagt er til í þessu stjórnarfrumvarpi.“

Svo segja þau oddvitar ríkisstjórnarinnar nú að þeim hafi verið nauðugur einn kostur að semja um Icesave!“

Það má kannski segja í þessu erfiða máli öllu saman að þetta séu góðu fréttirnar, að þessi tillaga núverandi hæstv. forsætisráðherra og núverandi hæstv. fjármálaráðherra hafi ekki verið samþykkt á sínum tíma. Menn eru nú að fara yfir hvað hefði mátt fara betur, sem er sjálfsagt, hvað menn áttu að sjá fyrir og hvað menn hefðu átt að gera og það er kannski ágætt vegna þess að í það minnsta höfðu alþingismenn vit á því að fella þessa tillögu núverandi forustumanna ríkisstjórnarinnar. Og við það að fella hana spörum við samkvæmt útreikningum Kristins H. Gunnarssonar sem er tryggingastærðfræðingur 400 milljarða eða svo.

Í þessum stutta pistli rekur hv. fyrrverandi þingmaður ágætlega það sem hefur einhverra hluta vegna verið lítið í umræðunni sem er alveg sérkennilegt að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafi ekki minnst á, að allt þetta er tilkomið

vegna þessarar innstæðutryggingartilskipunar sem við þurftum að innleiða. Sem betur fer bættum við ekki í eins og var hugmynd núverandi forustumanna ríkisstjórnarinnar, en það að við skyldum taka upp þetta Evrópuregluverk gerði það að verkum að við stöndum í þessum sporum í dag.

Hvað sem menn geta sagt um framkvæmd einkavæðingar og annars slíks er hún ekki ástæðan fyrir Icesave. Og ég held að þegar menn skoði hrunið komist þeir líka að því að það varð því miður í fleiri fjármálastofnunum en bara þeim sem voru einkavæddar, þ.e. þeim sem eru mest í umræðunni, Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Það varð líka í bönkum sem voru stofnaðir sem einkabankar og bönkum sem voru einkavæddir með öðrum hætti eins og FBA sem var einkavæddur með dreifðri eignaraðild. Einkavæðing Búnaðarbankans var líka þannig að hluta til, til að byrja með var mjög dreifð eignaraðild. Því miður kunnu menn heldur ekki fótum sínum forráð í fjármálafyrirtækjum sem er talað um að séu í félagslegri eigu, eins og sparisjóðunum.

Reyndar er það þannig að meira að segja í eina ríkisbankanum, eða kannski er hægt að tala um tvo ríkisbanka, Seðlabankann og Íbúðalánasjóð, erum við því miður ekki án vandræða. Í rauninni kom það fram í umræðum í félags- og tryggingamálanefnd í vikunni að í þeim sjóði sem ætti að vera með lágmarksáhættu erum við komin með vanskil einstaklinga, meira en þriggja mánaða vanskil upp á nærri 5%, og þau munu aukast mjög á næstunni. Í ofanálag erum við þar með frystingu lána upp á 7%. Þetta er vandi sem við munum þurfa að takast á við og hefðum þurft að takast á við strax í byrjun þessa árs en það að við frestuðum því að taka á honum gerir það að verkum að hann verður enn stærri.

Virðulegi forseti. Við erum að taka á þessu máli. Eins og aðrir þingmenn veit ég ekki nákvæmlega hvað næsti klukkutími ber í skauti sér. Það sem ég veit hins vegar er að það er verkefni okkar að ganga þannig frá málum að þeir fyrirvarar sem hafa verið í undirbúningi í fjárlaganefnd verði geirnegldir og að það verði enginn vafi á því að þeir standist. Ég lít svo á að það sé verkefni okkar hér.

Við höfum því miður ekki nýtt tímann vel hér í sumar. Það að við höfum ekki nýtt tímann vel mun koma mjög niður á fjölskyldum og fyrirtækjum þessa lands. Sú er staðreynd málsins.

Við breytum því ekki en ég vona hins vegar að við lærum af reynslunni. Það væri æskilegt að menn tækju kannski mið af því strax og höguðu störfum þingsins þannig að við ynnum skipulega þá vinnu sem við þurfum núna að vinna. Það má færa rök fyrir því að með því að ræða hér fram eftir nóttu séum við ekki að gera (Forseti hringir.) nákvæmlega það. Þetta er háttur ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans (Forseti hringir.) og við það verður að una.

[20:31]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Með misráðinni og misheppnaðri einkavæðingu bankanna í upphafi aldarinnar voru lögð drög að efnahagshruni Íslands. Það var kallað að leysa úr læðingi krafta einkaframtaksins, afhenda hinum útvöldu ævintýramönnum bankana og gera þeim kleift að hreiðra um sig sem kjölfesta íslensks fjármálalífs. Séríslensk fjármálasnilld var uppgötvuð og hafin til skýja með byr undir vængjum. Lánið lék við bankamanninn og bankamaðurinn lék við lánið. Gata hans var greidd og allir vegir voru honum færir. Út í tómarúmið fengu bankarnir að þenjast, af velgengninni leiddi vöxturinn. Hugmyndafræði auðvalds var blindandi leiðarljós, og langt út fyrir strendur landsins lagðist Íslendingurinn í víking á ný. Útsjónarsemi og snarræði voru hans helstu dyggðir, gríðarleg arðsemin réttlætti alla áhættusækni. Allt varð þeim að gulli og peningurinn streymdi til landsins. Með hendur í skauti dásömuðu stjórnarherrarnir afrek sín og spegluðu sig í tærri snilldinni.

Til voru þeir sem á góðæristímum höfðu uppi varnaðarorð. En gagnrýni átti ekki heima á Íslandi þess tíma, hún var tímaskekkja, misskilningur, uppgjafarkvein sigraðrar hugmyndafræði. Til hvers félagslegt réttlæti? Voru ekki allir að græða? Efi um skynsemi stefnunnar, arðsemi útþenslunnar, uppruna, áfangastað, eðli og inntak auðsins var kveðinn niður með háði og skömm ef ráð og dáð dugðu ekki til.

Nú þegar horft er yfir rjúkandi rústir íslensks fjármála- og efnahagslífs verður ekki annað sagt en að þeir hafi svo sannarlega staðið undir nafni, umbreytingafjárfestarnir. Ísland er ekki lengur það sem það var og verður ekki aftur í bráð. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvort uppskera útrásarinnar og ofurtrúar á einkaframtakið hafi fært okkur nær heimsyfirráðum eða hnignun.

Icesave-málið sem hér er til umfjöllunar er sennilega eitt það stærsta og ósanngjarnasta sem Alþingi Íslendinga hefur þurft að takast á við. „Tær snilld“ eins banka hefur breyst í martröð heillar þjóðar. Sú saga öll er samfelld sorgarsaga, saga margfaldra mistaka sem engan farsælan endi getur átt.

Val milli vondra kosta er heiti þess kafla sem við skrifum nú. Það er við þessar hörmulegu aðstæður sem þjóðþing Íslands fær það verkefni að reyna að breyta rétt, að tefla úr þröngri stöðu þar sem þeir örfáu þvinguðu leikir sem bjóðast leiða allir til erfiðra fórna. Hámörkun ávinnings er ekki í boði, í besta falli takmörkun umfangsmikils skaða til langs tíma. Úr því sem komið er getur niðurstaðan ekki orðið betri en útúrsnúningur á frægum orðum Winstons Churchills, sjaldan hefur jafnmikið verið skuldað af jafnfáum til jafnmargra.

Það gagnrýnisleysi sem markaði aðdraganda hrunsins má ekki einkenna eftirmálin. Um það getum við öll sameinast. Við sem þjóð og þing, jafnvel undir tímapressu, verðum að geta staldrað við, efast, spurt og rýnt í álitamálin til gagns með lýðræðislegum og opnum hætti. Það er hin rétta og sanna leið að endurreisn og þjóðarsátt, að allt sé uppi á borðum, að sem breiðust samstaða ríki um úrlausnir. Og að lágmarki sé tryggður víðtækur skilningur almennings á eðli og umfangi þeirra vandasömu viðfangsefna sem við er að fást, hvaða afstöðu sem einstaklingar kunna svo að taka til einstakra mála. Án skilnings er engin samstaða og án samstöðu verður engin endurreisn. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Hvernig má það vera að skuldir fjárglæframanna lendi á herðum almennings sem stofnaði ekki til þeirra, sem ber ekki ábyrgðina á því hvernig fyrir okkur er komið? Hvað var íslensk stjórnsýsla að hugsa og gera á meðan ábyrgðarlausir fjárglæframenn létu greipar sópa? Hvað hefur farið

úrskeiðis, hjá hverjum, hvernig og hvers vegna? Hvað höfum við gert til að verðskulda okkar örlög, til að skapa þau — eða til að afstýra þeim? Hefur meira hrunið í kringum okkur en eigið efnahagslíf? Fór traust og trúverðugleiki okkar hið innra jafnt sem út á við, á alþjóðavettvangi, með í fallinu? Féll líka geta og vilji alþjóðasamfélagsins og bandalagsþjóða okkar til að leysa úr ágreiningsmálum með siðmenntuðum og lögformlegum hætti? Hvað í ósköpunum varð til þess að hryðjuverkalögum var beitt gegn Íslandi, friðsælli og fámennri þjóð? Hvernig voru eiginlega samskiptin? Og samskiptaleysið? Og var þá ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fenginn til að hjálpa? Eða var hann fenginn til að hjálpa okkur — eða e.t.v. bara einhverjum allt öðrum? Er neyð okkar leyst með nauðasamningi? Eigum við einhverja valkosti?

Svona mætti lengi áfram telja.

Svo sannarlega á margt eftir að koma í ljós um aðdraganda hrunsins og eftirmála. Ég vísa þar ekki síst til starfa rannsóknarnefndar Alþingis og styrkingar á embætti sérstaks saksóknara, alþjóðlegrar sérfræðiráðgjafar og þess pólitíska vilja sem er og verður að vera til staðar til að gera hlutina upp og halda áfram.

Eitt er ófrávíkjanleg sannindi, við nálgumst hvorki skilning né samstöðu um álitamál nema með því að vinna á opinn og heiðarlegan hátt með lýðræðisleg gildi að leiðarljósi. Stjórnsýsla nýrra tíma þarf að draga sinn lærdóm af sögunni. Lykillinn að endurreisninni, lykillinn að því að ná meiri sátt í samfélaginu, snýst ekki endilega um það, og jafnvel alls ekki, að allir verði jafnríkir að efnislegum gæðum og þeir hafa verið í góðærinu. Við getum vel orðið dálítið fátækari og samt verið sátt. Sáttin snýst núna miklu fremur um það að öll kurl komi til grafar, að spillingin verði gerð brottræk, vinnubrögð breytist, leyndarmál ljúkist upp, sanngirni vísi veginn og að samfélagssáttmáli sé byggður á nýjum og heiðarlegri grunni. Hluti af þeim grunni er að ganga svo frá Icesave að þjóð og þing geti gengið í takt með sanngirni að leiðarljósi, bæði gagnvart okkar eigin samfélagi og þeim samfélögum erlendis sem við eigum við.

Engum á að hafa dulist að ég hef talist til mikilla efasemdarmanna í Icesave-málinu.

Afstaða mín mótast ekki af því að ég telji að Ísland eigi ekki að standa við skuldbindingar sínar, það er nokkuð sem við hljótum ávallt sem þjóð að leitast við að gera. Ég tel hins vegar ekki ásættanlegt að Íslandi sé meinuð réttlát og sanngjörn málsmeðferð í samræmi við alþjóðlega samninga og reglur um samskipti ríkja, hvað þá að við skulum beitt fordæmislausu harðræði svonefndra vinaþjóða í formi laga um hryðjuverk og glæpi. Því síður að þessi sömu ríki og bandalagsþjóðir skuli beita áhrifum sínum innan alþjóðlegra stofnana til að neyða okkur í átt að þeirra ýtrustu hagsmunum og burt frá okkar eigin. Eftir stendur spurningin stóra: Er það alltaf þannig — og af hverju er það þá þannig — að gróðinn sé einkavæddur en tapið samfélagsvætt?

Við þessar erfiðu aðstæður tel ég ekki viðunandi að Ísland undirgangist afarkosti. Lán sem þannig er fengið er ólán. Ekki fer á milli mála að hvað sem betur hefði mátt fara í íslenskri útrás, íslenskri hagstjórn og íslensku eftirliti — og þar var sannarlega mörgu átakanlega ábótavant — er vegferð okkar mótuð af stórgölluðu samevrópsku regluverki. Íslendingar geta ekki og eiga ekki einir að bera kostnaðinn af því að halda uppi ásýnd um óskeikulleika viskunnar frá Brussel. Við þá borg eru þó kennd viðmið sem er til farsældar að halda til haga í endanlegri afgreiðslu Icesave-málsins.

Ég tel það ógna framtíð okkar að axla meiri byrðar en við höfum lögbundna skyldu, styrk og getu til að bera. Það hljóta að vera gagnkvæmir hagsmunir allra málsaðila að Íslandi sé örugglega og ótvírætt gert kleift að rísa undir skuldbindingum sínum á hverjum gefnum tíma, hverjar svo sem þær kunna að vera. Komið hefur í ljós að skuldastaða þjóðarbúsins hefur verið vanmetin og fullkomin óvissa ríkir í raun um endurheimtur úr þrotabúi hins fallna Landsbanka. Á meðan er þó nokkuð óráðið um ábyrgð og endanlegt hlutskipti hins íslenska skattgreiðanda. Þarna ber okkur öllum skylda til að spyrna við fótum og sjá til þess að byrðin verði bærileg og standi ekki í vegi fyrir endurreisn íslensks fjármála- og efnahagslífs. Hversu veik sem staða okkar kann að vera verðum við þó að halda í það sem við þó höfum. Álitamál um túlkun og framkvæmd íslenskra laga verða að vera leidd til lykta fyrir íslenskum dómstólum og eðlilega hljótum við að leitast við að setja íslenska hagsmuni í forgrunn. Allir aðrir setja sína hagsmuni í forgrunn og okkur ber að vernda okkar samfélag.

Það blasir við að samninganefnd Íslands var í þessum efnum frá upphafi sett í nær ómögulega stöðu, einmitt vegna þess að taflið hafði verið teflt svo lengi. Sá samningur sem nú liggur fyrir, og okkur þykir svo þungbær, afurð af stöðu Íslands í þeim gríðarlegu þrengingum sem við höfum verið í, nú mánuðum saman, út á við sem inn á við. Við megum ekki falla í þá gryfju að gera svo stórpólitískt mál á heimsmælikvarða að einhvers konar persónulegum gjörningum. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að einnig fyrri ríkisstjórn frá því í haust, einnig fyrri ráðherrar, einnig fyrri þingmenn, voru vel flestir ef ekki allir að gera sitt besta við erfiðar aðstæður. Vegferðin öll er þakin mistökum, en þau voru tæplega gerð af illum hug. Staðreyndin er einfaldlega sú að staða Íslands er átakanlega erfið og það þarf gríðarlega mikið til, þá ekki síst mátt samstöðunnar, svo að hún megi batna.

Icesave-málið hefur sannarlega tekið á, enda hið erfiðasta hvort sem litið er til pólitískra, lagalegra, efnahagslegra eða siðferðilegra þátta. Ég virði þann skoðanamun sem hefur verið uppi, jafnt innan flokka sem milli þeirra, og ég tel hann eðlilegan en ég tel okkur nú sem þjóðþing standa þéttar saman en áður. Ég tel gríðarlega margt hafa áunnist á þeim vikum sem Alþingi hefur haft málið til meðferðar, bæði í átt að útbreiddari og víðtækari skilningi um efnisatriði málsins og samstöðu um úrlausn þess. Gögn hafa litið dagsins ljós, óvissuþættir hafa verið opinberaðir, álitamál hlotið lýðræðislega umræðu, annmarkar verið greindir. Og málið eins og það stendur nú er ekki það sama og lagt var af stað með. Þjóðþingið hefur gegnt skyldu sinni og hlutverki. Eins og allir vita taldi ég málið í upphafi óásættanlegt og lýsti því yfir að óbreytt nyti málið ekki míns stuðnings. Ég tel þá fyrirvara sem breytingartillögur fjárlaganefndar bera með sér, og breið samstaða hefur náðst um,

vera til mikilla bóta.

Ljóst er að Icesave-samningarnir öðlast ekki gildi nema Alþingi Íslendinga samþykki þá ríkisábyrgð sem samningarnir gera ráð fyrir. Eins og málum er háttað er sú ríkisábyrgð ekki sjálfgefið formsatriði. Í breytingartillögunum er kveðið á um forsendur ríkisábyrgðarinnar og vísað í þeim efnum m.a. til fyrrnefndra Brussel-viðmiða. Jafnframt eru settir lagalegir og efnahagslegir fyrirvarar sem ég tel til þess fallna að leiðrétta það sem mest hallar á okkur í samningunum sjálfum.

Fyrirvarar Alþingis verða að vera órjúfanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar verði frumvarpið samþykkt í breyttri mynd.

Eitt er það leiðarljós sem Ísland hlýtur að vilja hafa til hliðsjónar við úrlausn þessa máls, hugtakið reisn. Eins og ég sagði áður tel ég það ekki mestu skipta hvort við Íslendingar verðum eitthvað efnislega fátækari nú og á næstu árum en við höfum verið í gróðærinu. Ef minna magn af flatskjám og jeppum og ofurlaunum flæðir til landsins græt ég það ekki og þá borga ég fúslega þann hluta Icesave sem okkur ber. Miklu þungbærari eru þrengingar í velferðarkerfi okkar og svo hitt, að glata sjálfsvirðingu sinni og reisn, glata trausti og efast um eigin rétt til sanngjarnrar málsmeðferðar, efast jafnvel um eigin rödd í samfélagi þjóða.

Og hvernig göngum við fram af reisn, nú við svo erfiðar aðstæður? Við gerum það ekki með því að leggjast kylliflöt fyrir valdi kapítalsins, ofríki hinna stóru eða grímulausri misbeitingu alþjóðlegra stofnana. Við gerum það ekki með því að ljúga því að okkur sjálfum og öðrum að börn okkar og barnabörn beri beina ábyrgð á fjárglæfrum einkaaðila úti um heim, að íslensku velferðarsamfélagi sé fórnandi til að halda siðspilltu alþjóðlegu fjármálakerfi gangandi og breiða yfir grundvallargalla samevrópsks jafnt og innlends regluverks. Það eiga ekki alltaf að vera öreigar allra landa, alþýða fólks um heim, sem sitja uppi með byrðar arðránsins. Við vorum ekki spurð og þetta var ekki í okkar nafni.

Það fylgir því reisn að beygja sig ekki í duftið, heldur mótmæla ofríki hvar sem það birtist og hvernig sem það birtist og taka afleiðingunum. En það fylgir því líka reisn að koma fram af sanngirni, að standa við orð sín og skuldbindingar, sýna sáttavilja og gangast við samábyrgð þegar margir deila og allir hafa nokkuð til síns máls. Staðreyndin er sú að við komum því miður ekki að þessu Icesave-máli í tómarúmi. Þetta mál á sér langa og flókna og nokkuð tragíska sögu og ítrekað, aftur og aftur, lýstu íslensk stjórnvöld því yfir að allt væri í fínasta lagi með íslensku bankana, að ekkert væri að óttast, ríkið stæði á bak við þetta, Ísland mundi ekki fara dómstólaleiðina heldur semja um málið, Ísland tæki á sig byrðarnar o.s.frv. Staðan á skákborðinu er með öðrum orðum fyrir löngu komin út í þröngt og þvingað endatafl. En, enn og aftur, með samstilltu átaki getum við gert það besta sem hægt er úr því sem komið er. Með samstilltu átaki getum við komið fram af reisn. Alþingi Íslendinga getur komið fram af reisn og sanngirni, bæði gagnvart sinni eigin þjóð, sínum eigin umbjóðendum, sínu eigin samfélagi, og um leið gagnvart viðsemjendum okkar og mótaðilum erlendis. Það er nákvæmlega það sem ég tel að við séum í sameiningu að leitast við að gera.

Ég er stolt af því að þingmenn allir í stjórn jafnt og stjórnarandstöðu hafi af mætti reynt að sameinast um sem ásættanlegasta lausn í málinu. Slíkt hlýtur eðli málsins samkvæmt alltaf að vera erfitt og reyna á, enda ótal mörg bil að brúa, en ég tel það vera Alþingi til sóma að þingmenn leggi sig svo fram sem raun ber vitni um að ná samstöðu þvert á oft erfiðar flokkspólitískar línur og gamalgróin gífuryrði. Eitt er víst og það er það að með samtakamættinum í þessu sorglega máli þjónum við hagsmunum Íslands best.

Ég þakka þingmönnum, og fjárlaganefnd sérstaklega, fyrir þá góðu vinnu sem þau hafa lagt í málið á undanförnum vikum. Sú vinna hefur skilað árangri þótt hún hafi ekki fæðst átakalaust og þótt hún hafi fundið á vegi sínum margar ófyrirséðar hindranir. En hún fæddist og hún hefur þegar skilað árangri, og á þessum árangri verðum við áfram að byggja. Ég fagna þeim breytingum sem lagðar eru til á frumvarpinu. Ég treysti því að áfram sé unnið á grundvelli þeirrar þverpólitísku samstöðu sem byggð hefur verið upp, ég treysti því að ólíkar og misvísandi túlkanir og þau bil sem enn eru til staðar í málinu verði brúuð með farsælum hætti og ég treysti því einnig að sem breiðust samstaða megi áfram ríkja um endanlega afgreiðslu málsins, íslenskri þjóð til heilla.

[20:50]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ræða hv. þm. Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur var æði kaflaskipt og tilfinningaþrungin. Mig langar að spyrja hana þriggja spurninga í ljósi fyrri hluta ræðunnar því að í seinni hluta ræðunnar ræddi hún eingöngu um samstöðu þingmanna á Alþingi Íslendinga í þá veru að leysa þann vanda sem við blasir í Icesave-deilunni. Við getum verið sammála um að þar þurfi samstöðu til að leysa málið og vonandi tekst það þó að ýmsar blikur séu á lofti um að sú samstaða kunni að vera að rofna.

Í ljósi ræðu hv. þingmanns spyr ég hana þriggja spurninga: Hver er skoðun hv. þingmanns á framgöngu og yfirlýsingum forsvarsmanna ríkisstjórnarflokkanna vegna Icesave?

Í öðru lagi: Telur hv. þingmaður að skipunarbréf samninganefndarinnar hafi ekki verið sett með hagsmuni íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi?

Í þriðja lagi langar mig að spyrja hv. þingmann í ljósi umræðu hennar um kapítalisma og arðrán: Telur hv. þingmaður að Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, sé fulltrúi kapítalismans og arðráns?

[20:52]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni tel ég að allir sem hafa komið að þessu erfiða máli hafi verið að gera sitt allra besta með hagsmuni Íslands að leiðarljósi. Það á svo sannarlega við um forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar og þá samninganefnd sem leiddi þessar erfiðu viðræður. Ég skildi þingmanninn svo að hún væri að spyrja mig að þessu. Ég ítreka það að ég tel að allir hafi verið að gera sitt allra besta og ég held að núna séum við hér sem þingmenn þvert á flokka að gera okkar besta við að vernda og verja hagsmuni Íslands.

Spurningin um Gordon Brown sérstaklega, hvort hann sé fulltrúi kapítals og arðráns þá vill þannig til að pólitískt

séð er ég honum afar ósammála um margt. Ég tel hann allt of langt til hægri eins og ég hygg að hv. þingmaður skilji hvað mig varðar. Hins vegar er þetta ekki þannig að það sé vondi kallinn og góði kallinn í þessu máli. Við berum öll, allir sem koma að þessu máli, bæði Ísland, Bretar, Hollendingar, Evrópusambandið og aðrir, sameiginlega ábyrgð. Þannig verður að leysa þetta mál og ganga endanlega frá því og ég tel að með þeim breytingartillögum sem við erum að leggja fram og munu verða unnar áfram séum við einmitt að segja: Við ætlum að bera okkar ábyrgð, við ætlum að vera sanngjörn en við krefjumst þess líka að það sé komið fram af sanngirni gagnvart okkur á Íslandi.

[20:54]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni svör hennar. Þau eru einlæg og í takti við það sem hún sagði í seinni hluta ræðu sinnar og ég tek undir með henni þegar sagt er að vonandi tekst þingheimi og Alþingi Íslendinga að afgreiða þetta mál þannig að það verði íslensk þjóð sem geti staðið upprétt eftir á en ekki beygð í duftið.

[20:54]

Gunnar Bragi Sveinsson (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir góða ræðu. Ég heyrði reyndar bara seinni hlutann af henni en hann var mjög góður og vil ég þakka henni fyrir það. Ég vil líka þakka henni og þeim sem stóðu með henni í því að koma í veg fyrir að þetta frumvarp færi óbreytt í gegnum þingið. Ég tek ofan fyrir því hugrakka fólki.

Ég tek undir þau orð sem féllu hjá henni um að verið væri kúga íslenska þjóð. Það er verið að beygja okkur til að gera eitthvað sem okkur ber ekki að gera, eða alla vega skildi ég orð þingmannsins þannig að alþjóðastofnanir og erlend ríki eru að beita okkur slíku.

Á vefnum Amx.is er grein í dag þar sem vitnað er í fjármálaráðherra Hollands 3. mars sl. þar sem hann segir að það innstæðukerfi sem nú hefur bognað og við erum látin taka skellinn af var ekki hugsað til þess að verja bankana í kerfishruni heldur eingöngu til að verja hvern og einn banka. Þetta eru orð fjármálaráðherra Hollands. Ég ætla að vona að hvert orð á þessu þingi verði þýtt fyrir þessa ágætu menn þannig að þeir viti hvernig Íslendingum er innan brjósts. Fjármálaráðherra Hollands hefur viðurkennt að þetta kerfi sem er verið að pína okkur til að verja var ekki byggt upp með þetta í huga.

Mig langar að spyrja hv. þingmann í ljósi orða hennar og þess sem hefur farið fram á Alþingi, ekki síst í dag — og ég ítreka þakkir mínar til hennar og þeirra sem hafa staðið með henni í þessari baráttu — hvort hún taki undir það með mér að nauðsynlegt sé að skýra markmið og tilgang þeirra fyrirvara settir hafa verið, skýra þá enn frekar og kveða skýrt á um það til hvers þeir eru og hvaða áhrif þeir munu hugsanlega hafa, í það minnsta að það komi skýrt fram hver meining Alþingis er með þessum fyrirvörum.

[20:57]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að svara þessu skýrt og skorinort eins og mér er tamt. Já, ég held að það sé mjög gott að skýra þessi mál enn frekar þannig að allir geti túlkað þau á sem samræmdastan hátt og skilið þau á þann hátt sem við viljum að þau skiljist. Það hlýtur auðvitað að vera viðfangsefni fjárlaganefndar núna í framhaldinu. Og eins og ég segi, ég held að það sé óumdeilanlegur akkur fyrir þjóðarhag að halda áfram í farvegi þeirrar breiðu samstöðu sem hefur náðst og náð sem flestum inn og ég trúi því að það muni áfram takast þannig að við getum náð ásættanlegri lendingu og það sem fyrst í þessu erfiða máli og þannig haldið áfram af reisn og sanngirni, borið okkar byrðar en krafist þess að þær íþyngi okkur ekki þannig að við kiknum undan þeim.

[20:58]

Útbýting:

Brottflutningur af landinu, 146. mál, svar forsrh., þskj. 344.

[20:58]

Tryggvi Þór Herbertsson (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Guðfríði Lilju Grétarsdóttur fyrir góða ræðu. Það sem mig langar til að gera í þessari ræðu minni er að leggja svolítið út af því sem hv. þingmaður talaði um, þ.e. um þá hugmyndafræði sem er að baki falli íslenska bankakerfisins í október sl.

Við höfum heyrt marga lýsa ástæðunum héðan úr stóli Alþingis og yfirleitt hafa allir verið sammála um að þetta hafi verið stjórnvöldum að kenna, þetta hafi verið græðgi kapítalistanna að kenna og eftir sitji öreigarnir með bagga. Oft tala menn um annað hugmyndakerfi sem muni leiða okkur til betri vegar. Mig langar til að segja þrjár sögur, með leyfi forseta.

Sú fyrsta hófst 3. febrúar árið 1637 þegar verð á túlípönum í Hollandi fór að falla. Þann dag kostaði einn laukur 2.500 flórínur sem var ígildi árslauna 16 iðnaðarmanna. Þetta er ein frægasta bóla sem orðið hefur í heiminum. Þegar eftirspurn eftir túlípönum skrapp skyndilega saman vegna þess að verðið var komið langt út fyrir alla þjófabálka urðu gríðarlega margir Hollendingar gjaldþrota. Í kjölfarið komu fram ásakanir um óheiðarlega viðskiptahætti og svindl, spákaupmenn leituðu til stjórnvalda um hjálp við að koma markaðnum aftur af stað til að lágmarka tapið og túlípanakaupmenn voru sakaðir um spillingu og græðgi.

Tæpum 100 árum eftir þetta hófst mikil spákaupmennska með bréf í félagi sem hét The South Sea Company og eftir því er bóla nefnd sem kölluð er South Sea Bubble. Fyrirtækið lánaði almenningi peninga til að fjárfesta í hlutafé þess og fyrirtækið var fjármagnað með því að skipta á lánum og hlutafé. Það var sáralítill hagnaður í félaginu sem byggðist á einokun og þrælasölu í Mið- og Suður-Ameríku. Að lokum hrundi hlutabréfaverðið, bólan sprakk og í kjölfarið varð fjöldi fólks gjaldþrota þar sem skuldirnar stóðu í stað en hlutabréfin urðu verðlaus. Kunnugleg saga ekki satt? Eignir stjórnenda félagsins voru gerðar upptækar og

þeim dreift til hluthafa sem lokkaðir höfðu verið til viðskiptanna. Í breska þinginu kom fram tillaga um að bankamenn yrðu settir í poka fulla af snákum og þeim yrði fleygt í ána Thames.

Víkur nú sögunni fram á þessa öld. Árið 2007 seldist fermetri af íbúðarhúsnæði í Pudong í Sjanghæ fyrir 13 þús. renminbi sem var þrettánföldun á verði 10. áratugarins. Verðið var drifið áfram af miklu lausafé og spákaupmennsku og þegar það þvarr í upphafi fjármálakreppunnar sem við lifum nú kolféll fasteignamarkaðurinn í Sjanghæ og margir töpuðu miklum peningum. Í kjölfarið voru um 50 kínverskir embættismenn handteknir og margir þeirra voru líflátnir.

Engin þessara bóla og engin þessara fjármálakreppa sem spanna 400 ár gerðist í markaðshagkerfi. Tilgangurinn með þessum dæmum er að sýna fram á það að bólur geta gerst við alls konar hagskipulag, það er ekki bundið við kapítalískt hagskipulag. Seinasta dæmið var úr kommúnísku hagskipulagi.

Hvað um það. Þessar litlu sögur voru til að beina sjónum að því að í hagskipulaginu er sprengjan ekki fólgin heldur er hún miklu fremur fólgin jafnvel í trúfræði. Það sem kemur þessu af stað er einfaldlega hægt að finna í dauðasyndunum sjö sem eru græðgi, hégómi, losti, reiði, öfund o.s.frv. Þar er skýringanna að leita. Þeirra er að leita í veikleika okkar mannanna. Það er þess vegna sem hægt er að rekja tugi fjármálakreppa í heiminum. Þær eru ekki einhverjum einstökum stjórnmálaflokki að kenna eða einhverri einstakri hugmyndafræði, þær er alltaf að finna og þær gerast væntanlega vegna dauðasyndanna sjö.

Mig langar til að víkja aðeins að þeirri umræðu sem hefur verið undanfarna tvo daga um breytingartillögur og um frumvarpið um ríkisábyrgðina sem við ræðum hér vegna Icesave. Það virðist vera sem mikils misskilnings gæti í umræðu þingmanna um ýmis mál. Steininn tók úr í morgun þegar hv. varaformaður fjárlaganefndar lýsti túlkun sinni á þeim fyrirvörum sem hópur þingmanna og fjárlaganefnd hefur unnið að baki brotnu undanfarna daga. Túlkunin var þannig að það olli miklu uppnámi í þinginu vegna þess að það var fullt tilefni til að ætla að mikils misskilnings gætti um hvað væri í gangi. Eitt af því sem mikill misskilningur virðist ríkja um er hvernig verður með eftirstöðvarnar af því sem ekki verður greitt ef hagvöxtur verður lægri en spár gera ráð fyrir. Til að girða algerlega fyrir það væri e.t.v. ráð að breyta greininni sem fjallar um hvað mun gerast í eitthvað sem gæti verið í þessa áttina, með leyfi forseta: „Lánasamningarnir sjálfir skulu taka breytingum þannig að skuldbinding tryggingarsjóðs verði ekki víðtækari en sem nemur ríkisábyrgðinni samkvæmt lögum þessum.“ Þetta mundi væntanlega girða endanlega fyrir einhvern misskilning hvað verður um eftirstöðvarnar og hvað er átt við með viðræðum og öðru slíku.

Jafnframt held ég að það sé mikilvægt að sá skilningur sem bæði fjárlaganefnd og sá hópur sem kom að þessari vinnu lagði í efnahagstillögurnar eða efnahagsfyrirvarana. Hugsunin er sú að ríkisábyrgðin falli úr gildi árið 2024. Þessi skilningur hefur verið staðfestur af hæstv. forsætisráðherra í umræðum fyrr í dag auk þess sem fulltrúar úr hv. fjárlaganefnd hafa undirstrikað það. En til að þessi skilningur sé algerlega á hreinu held ég að sé rétt að setja beint inn í samninginn eða inn í fyrirvarana að ríkisábyrgðin falli úr gildi 2024.

[21:08]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Tryggva Þór Herbertssyni kærlega fyrir ræðu hans. Nú er mér kunnugt um að þingmaðurinn kom m.a. að því að smíða þessa efnahagslegu fyrirvara og tengdist þeim hópi sem kom saman til þess. Þingmaðurinn situr í efnahags- og skattanefnd sem fastafulltrúi þar. Ég hefði mikinn áhuga á að heyra aðeins frá honum hvort hann telji þau vinnubrögð sem voru viðhöfð í efnahags- og skattanefnd í öllu þessu ferli þessa máls í gegnum þingið hafa verið ítarleg og vönduð.

Nú er það þannig að ég hef upplýsingar um að ýmsir fulltrúar fyrir utan hv. þingmann sem unnu þessi efnahagslegu viðmið eða fyrirvara sitja sem fastafulltrúar í efnahags- og skattanefnd. Fjárlaganefnd fól einmitt efnahags- og skattanefnd að gera úttekt á greiðslugetu þjóðarbúsins til að standa undir Icesave-skuldbindingunni en þegar meirihlutaálitið lá loksins fyrir er samt sem áður tekin ákvörðun um það í fjárlaganefnd að óska eftir að Hagfræðistofnun gerði úttekt á m.a. greinargerð Seðlabankans og greinargerðum frá fjármálaráðuneytinu sem fylgdu þessu frumvarpi. Ég hefði því gjarnan áhuga að heyra skoðanir hans á því hvernig honum fannst vinnan í efnahags- og skattanefnd hafa verið varðandi þetta mál og hvort hann gæti skilgreint hana sem ítarlega og vandaða.

[21:10]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að ég er fastafulltrúi í efnahags- og skattanefnd og það er einnig rétt hjá henni að ég kom að þeirri vinnu að búa til þessa efnahagslegu fyrirvara. Ég held að það sé vægt til orða tekið að ég hafi tengst því, varla búinn að gera annað síðasta hálfa mánuðinn kannski eða svo.

Hvað varðar vinnubrögðin í efnahags- og skattanefnd þá voru þau vítaverð. Málið var rifið út úr …

(**Forseti** (ÁI)**:** Forseti hvetur þingmanninn til að gæta orða sinna í ræðustól Alþingis.)

Virðulegi forseti. Hvað sagði ég sem kallar á þessi ummæli?

(**Forseti** (ÁI)**:** Hv. þingmaður notar orðið „vítaverð“ og forseti áminnir þingmanninn í fullri vinsemd um að gæta orða sinna.)

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta orð sé síst ofmælt miðað við þá málsmeðferð sem málið fékk.

(**Forseti** (ÁI)**:** Þá er þingheimi kunnugt um afstöðu þingmannsins.)

Vinnubrögðin í efnahags- og skattanefnd voru vítaverð að mínu mati. Málið var rifið út í algerri óþökk við …

(**Forseti** (ÁI)**:** Forseti hvetur á ný þingmanninn til að gæta hófs í orðbragði.)

Virðulegi forseti. Ég notaði einfaldlega sama orðið sem ég rökstuddi að ég teldi síst vera ofmælt.

(**Forseti** (ÁI)**:** Já. Það hafði verið notað og forseti biður þingmanninn í fullri vinsemd um að gæta hófs í orðavali.)

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir að ég notaði orðið aftur var að ég var stoppaður í miðri setningu og þá er gott að byrja setninguna aftur þegar maður hefur máls á ný. En af tillitssemi við virðulegan forseta skal ég ekki nota orðið aftur.

[21:12]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að hafa þetta mjög stutt. Ég mundi gjarnan vilja að hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson fengi að klára setningu sína og svari.

[21:13]

Tryggvi Þór Herbertsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og ég byrjaði á áðan voru vinnubrögðin í efnahags- og skattanefnd vítaverð. Þau vinnubrögð að rífa málið út úr nefnd í algerri óþökk við minni hlutann án þess að málið væri klárað, löngu áður en hv. fjárlaganefnd þurfti á álitinu að halda, tel ég að hafi verið afar slæm vinnubrögð. Þetta setti mjög mikið — hvernig skal orða það, þetta setti raunverulega hörku í málið. Minni hluti í hv. efnahags- og skattanefnd skilaði séráliti. Ég tel að minni hlutinn hafi framkvæmt þar góða vinnu. Úttekt Hagfræðistofnunar studdi þá vinnu mjög vel fyrir fjárlaganefnd og m.a. held ég að niðurstaðan af því að þingheimi var ljóst að það þyrfti að koma með fyrirvara hafi byggst á þeirri vinnu.

Vegna þess hvernig vinnubrögðin voru í efnahags- og skattanefnd klauf hópur sig út úr efnahags- og skattanefnd og fór að vinna með fjárlaganefnd. Hann vann allan tímann með fjárlaganefnd að því að skapa þá fyrirvara sem hér eru í breytingartillögum.

[21:15]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að öllum hafi komið á óvart sem heyrðu orðaskipti áðan að verið væri að gera athugasemdir við orðaval ræðumanns. Ég vildi spyrja virðulegan forseta hvað það var nákvæmlega í orðavali hv. þingmanns sem gerði það að verkum að virðulegur forseti ákvað að gera athugasemdir. Það orðaval sem hv. þingmaður notaði er eitthvað sem við hlustum á á hverjum degi, oft á dag og búnir að hlusta þannig á að undanfarin ár og jafnvel áratugi ef menn eru áhugamenn um stjórnmál, ég tala ekki um ef menn eru þaulsætnir eins og sumir sem eru nýklipptir.

Virðulegi forseti. Ég held að það væri mikilvægt að forseti mundi upplýsa hvað var hér á ferðinni.

[21:16]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Mig langar að taka undir þær athugasemdir sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson fór með á undan mér í ræðustól vegna þess að orðin sem hv. þm. Tryggvi Þór Herbertsson notaði áðan er eitthvað sem maður heyrir iðulega í sölum þingsins. Nú ætla ég að leyfa mér að vitna í orð hv. þingmanns sem notaði orðin „vítaverð vinnubrögð“ í ákveðinni nefnd í þingsölum. Það er einfaldlega lýsingarorð sem er ekki svo sterkt miðað við þau vinnubrögð sem hafa tíðkast hjá meiri hlutanum á Alþingi. Þegar náttúruverndaráætlun var þröngvað út úr umhverfisnefnd, ég nefni sem dæmi, og þegar þessu máli var þröngvað út úr efnahags- og skattanefnd. (**Gripið fram í:** Allt vítavert.) Þetta er allt vítavert og það er einfaldlega ekki of djúpt í árinni tekið með það. Ég óska eftir því að hæstv. forseti upplýsi okkur þingmenn um það hvaða fleiri orð það eru að mati hæstv. forseta sem við megum ekki nota hér í kvöld.

[21:17]

Forseti (Álfheiður Ingadóttir):

Forseti vill upplýsa að forseti hvatti í fullri vinsemd hv. þingmann til að gæta hófs í orðavali.

[21:18]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Mikið hefur verið rætt við Icesave-samninginn bæði í dag og í gær í 2. umr. Ég komst ekki yfir ákveðin atriði í ræðu minni í gær sem ég verð að fylgja eftir núna í kvöld þó að farið sé að rökkva en það skiptir ekki máli því þetta er eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar sem liggur fyrir Alþingi.

Margt hefur verið sagt, margt hefur verið fullyrt, margt hefur verið bent á en sérstaklega gengur þetta mál fyrst og fremst út á það að leiðrétta mistök sitjandi ríkisstjórnar og reyna að krafsa yfir þau mistök sem samninganefndin gerði við Breta og Hollendinga þegar samið var. Það er alveg augljóst að þegar íslenska samninganefndin hitti samninganefnd Breta og Hollendinga voru Bretar og Hollendingar búnir að undirbúa sig vel eins og sönnum samningamönnum sæmir og þar voru engar refjar í þeim samningum. Þar voru að sjálfsögðu ýtrustu kröfur og þannig gengur maður líka til samninga. Tíminn á kannski eftir að leiða það í ljós hvernig íslenska samninganefndin gekk til þessara samninga en það er engu líkara en að íslenska nefndin hafi gengið beint til nefndarinnar og skrifað undir því svo herfilega er hagsmunum þjóðarinnar komið fyrir í þessum samningi að þeim má líkja við nauðasamninga. Þetta hef ég sagt áður í þessari umræðu.

Fólk hefur verið mismunandi duglegt í umræðunni við að benda á fortíðina, benda á einkavæðingu bankanna, benda á þennan og hinn stjórnmálamanninn og benda á ýmsa. Mig langar til að koma því inn í þingræðu sem ég kom með í andsvari í gær. Fyrst verið er að tala um fortíðina í þessu máli skulum við fara alla leið aftur til ársins 1993 þegar lög um Evrópska efnahagssvæðið voru sett, lög nr. 2/1993. Þau tóku gildi 1. janúar 1994. Þá voru, til að rifja það upp með þjóðinni og þingmönnum, Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur í ríkisstjórn. Það voru forverar kratanna sem sitja nú í Samfylkingunni sem komu lögunum um Evrópska efnahagssvæðið. Við sitjum núna uppi með það og ég ætla að rifja upp með ykkur hvers vegna við sitjum í þessari súpu. Það var vegna gallaðrar reglugerðar sem við þurftum að taka upp frá Evrópusambandinu. Í 2. lið í athugasemdum við lagafrumvarpið sem við ræðum núna segir, og hef ég lesturinn, með leyfi forseta:

„Ísland er á grundvelli EES-samningsins skuldbundið til að innleiða í landsrétt tilskipanir 94/19/EB um innlánstryggingar og 97/7/EB um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.“

Þarna er þetta alveg skýrt. EES-samningurinn hafði tekið gildi og í kjölfarið helltist yfir þjóðina eins og skæðadrífa og gerir enn tilskipanir, reglugerðir og annað sem við þurfum að leiða í lög, taka beint upp úr Evrópurétti, sama hvort það passi á Íslandi eða ekki. Það hafa verið settar reglugerðir sem hafa engu máli skipt og ég nefni í dæmaskyni einn dóm Evrópudómstólsins þannig að við sjáum hvað Evrópusambandið er að sýsla við. Einn daginn komst Evrópudómstóllinn að því að rusl væri vara og mætti því flæða frjálst yfir landamæri.

Þetta er fortíðin úr því að fólk er svona áfjátt í að tala um fortíðina í þessu máli og þetta kemur fyrst og fremst í gegnum þessa reglugerð. Nú kem ég að kjarna málsins sem átti að vera uppistaðan í þessari ræðu, þ.e. ríkisábyrgð vegna þeirrar tilskipunar sem ég talaði um áðan sem við þurftum að taka upp í íslenskan rétt. Á grundvelli hennar innleiddi Alþingi í lok desember 1999 efni hennar í íslenskan rétt með lögum nr. 98/1999, og á grundvelli þeirra laga varð til tryggingarsjóður, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, og sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Hvergi nokkurs staðar í lögunum er talað um eða hefur sá skilningur komið fram í greinargerð að þessi tryggingarsjóður hafi ríkisábyrgð, enda er það alveg ljóst að sjálfseignarstofnun getur aldrei fengið sjálfkrafa ríkisábyrgð.

Ég hef verið að spyrja nefndarmenn í fjárlaganefnd að því í dag hvernig staðið var að vinnunni þar og hef spurt hvort því atriði hafi verið velt upp í fjárlaganefnd sem ég kem nú að. Þannig vill til að þegar mál lendir í ágreiningi þá endar það stundum fyrir dómstólum og þannig er það varðandi þessa tilskipun og það vafaatriði hvort ríkisábyrgð hvíli á þessum innstæðutryggingarsjóði. Frakkar úrskurðuðu um það árið 2000 að innstæðutryggingarsjóður þeirra hefði ekki ríkisábyrgð. Það var komið skýrt fram í Frakklandi á þeim tíma. Gleymum því ekki að lög Evrópusambandsins og þessi tilskipun sem var innleidd í sama rétti er sprottin af sömu rót og á sér upphaf í sama skjalinu í Brussel því að þegar lög eru innleidd í Evrópusambandinu þá gengur það að sjálfsögðu yfir allt sambandið. Hingað kemur þetta í gegnum fjórfrelsið, í gegnum EES-samninginn því að þetta fellur undir þann þátt fjórfrelsisins sem snýr að frjálsu flæði fjármagns.

Nokkur ágreiningur varð um þetta því á sama tímabili kemur upp sama spurning í Þýskalandi og það mál ratar fyrir dómstóla, þ.e. hvort ríkisábyrgð sé á innstæðutryggingarsjóðum sem eru stofnsettir á grundvelli þessarar reglugerðar. Það fer fyrir Evrópudómstólinn sem er æðsta dómstig Evrópusambandsins. Lengra getur það ekki farið. Þá er það búið að fara í gegnum undirrétt í heimalandinu, ígildi hæstaréttar í heimalandinu, og svo er því vísað til Evrópudómstólsins. Svona er þetta, þar er endanlegur úrskurður og honum er eðlilega ekki hægt að áfrýja. Þessi dómur er nr. C/222/2002, ef fólk vill fletta þessu upp. Evrópudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ríkisábyrgð á innstæðutryggingarsjóðum því það mundi brjóta samkeppnislög sambandsins. Þarna er þetta alveg skýrt. Þarna höfum við úrskurð frá seðlabanka Frakklands og þarna höfum við dóm frá Evrópudómstólnum.

Hér á Íslandi var litið fram hjá þessu þegar allt hrundi. Þetta er svo mikil linkind og eins og ég hef bent á í andsvörum, þarna erum við komin með grunninn að þessu máli, þarna eigum við að byrja. Mér duga ekki fyrirvarar við Icesave-samninginn um að þetta ákvæði sé þarna inni. Af hverju gildir það ekki hér á landi? Það kemur í gegnum EES-samninginn að þetta sé frjálst flæði fjármagns og þá erum við bundin og það eru dómafordæmi fyrir því að við erum bundin úrlausnum Evrópudómstólsins af því að við höfum aðild að þessu kerfi og svo í gegnum EFTA-dómstólinn. Út af hverju var litið fram hjá þessu atriði?

Þá spyr ég líka: Hvernig stendur á því að Bretar og Hollendingar leyfa sér það þegar þeim hentar, þessi klúbbur þegar þeim hentar að beita sér? Þetta er sá klúbbur sem Samfylkingin vill komast í lið með og eyða tíma sínum með sem er þannig að þegar þeim hentar breyta þeir reglum sínum. Það hentaði þeim í þessu tilfelli þegar heilt bankakerfi hrundi, ég átti eftir að minnast á það að svo er líka náttúrlega vafamál með innstæðutryggingarsjóð hvort hann nái yfir bankahrun heils lands eða nokkra banka. Ég spyr aftur: Hvernig í ósköpunum kom það til að Bretar og Hollendingar láta sig hafa það að ráðast á smáþjóð með samkeppnislög Evrópusambandsins að vopni og krefjast þess að við brjótum þau á Íslandi með því að heimta ríkisábyrgð á innstæðutryggingarsjóðnum?

Þessi samningur og þetta mál verður verra og verra í hvert sinn sem ég grip niður í frumvarpið, samningana, nefndarálitin. Þetta er hreint með ólíkindum og ég minni á það enn á ný: Þetta er samningurinn sem enginn mátti sjá. Þið sjáið hvað stjórnarandstaðan er búin að vera þrautseig í málinu. Þetta er komið upp á borðið, þetta er sá versti samningur sem nokkur einasta þjóð hefur gert. Þetta eru slæmar fréttir fyrir þjóðina. Þessu verður að hafna.

[21:28]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir skörulega ræðu. Þetta var góð yfirferð hjá henni en mig langar að beina spurningu til hv. þingmanns þar sem við eigum það báðar sameiginlegt að vera nýir þingmenn á Alþingi. Við höfum upplifað ýmislegt varðandi vinnubrögð þingsins á þessu sumarþingi. Eftir alla þessa lífsreynslu og sérstaklega varðandi þetta mál hljótum við að ætla okkur að draga einhvern lærdóm af því sem hér hefur farið fram.

Svo ég rifji það í örstuttu máli upp kom fyrir þingið mál sem var þannig vaxið að það byggði á samningi, einum stærsta samningi sem gerður hefur verið fyrir hönd íslenskrar þjóðar. Við alþingismenn áttum að samþykkja ríkisábyrgð án þess að fá að sjá þessa samninga. Síðan hófst mikið þref og við þingmenn náðum að kría út fleiri og fleiri gögn eftir því sem vikurnar liðu. Það endaði þannig að ríkisstjórnarflokkarnir sáu að þeir voru ekki með meiri hluta í málinu og létu því undan þeim þrýstingi sem hafði skapast hjá hinum nýja meiri hluta á Alþingi. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við lærum af þessu máli og ég tel að mikilvægasta lexían sé sú að það sé vert á tímum sem þessum að sýna samstöðu áður en hafist er handa í svona stórum málum. Jafnvel gæti ríkisstjórnin lært það af þessu máli að undirrita ekki samninga sem hún hefur ekki meiri hluta fyrir á Alþingi. Þetta er það sem ég tel að við eigum að læra af reynslunni. En við nýir þingmenn höfum orðastað í þessari

umræðu og m.a. um það hvernig við sjáum að hægt sé að bæta starfshættina. Hér gerðust miklir hlutir í fjárlaganefnd þar sem nýr meiri hluti myndaðist. Ég óska eftir því að hinn nýi þingmaður deili með mér og þingheimi öllum og þjóðinni hvaða lærdóm hún dregur af þessu öllu saman.

[21:30]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að koma upp í andsvar við mig. Auðvitað eru vinnubrögðin hér með hreinum ólíkindum, það skrifast ekkert á löggjafarvaldið, það skrifast á framkvæmdarvaldið. Við teljum okkur trú um að hér ríki þrígreining ríkisvaldsins þar sem löggjafarvaldið á að vera sjálfstætt, framkvæmdarvaldið sjálfstætt og dómsvaldið sjálfstætt. Það er bara ekki þannig, samanber það að það er alveg forkastanlegt, og því þyrfti að breyta hið snarasta, þannig að forseti Alþingis kæmi frá stjórnarandstöðunni, þá væri kannski hægt að beisla eitthvað og tempra það vald sem framkvæmdarvaldið hefur: Það er hreint með ólíkindum hvað við þingmenn höfum mátt líða mikið ofbeldi af hálfu framkvæmdarvaldsins varðandi það að hylja og fela gögn. Það hefur verið reynt að slá um þau gögn trúnaði, samanber landbúnaðarskýrsluna í EES-málinu. Hún var opinber fyrir hádegi, svo berast þær fréttir klukkan tólf að hæstv. utanríkisráðherra hefði allt í einu smellt á hana trúnaði eins og ekkert væri. Þetta er náttúrlega alveg hreint með ólíkindum og ég vil meina að þetta sé valdagræðgi núverandi stjórnarflokka að kenna og þá sérstaklega Samfylkingarinnar. Þetta eru engir nýgræðingar. Samfylkingin er búin að vera í næstum tvö og hálft ár í ríkisstjórn, þeir vita alveg hvað þeir eru gera.

Það sem er kannski óhuggulegast að upplifa hér inni á þingi og í þingsölum eru þær hótanir sem bæði einstakir þingmenn verða fyrir og svo þessar endalausu hótanir í fjölmiðlum. Ég vann á sínum tíma með R-listanum og ég get sagt þingheimi það að það voru alveg sömu vinnubrögðin. Það voru þessar hótanir, ef fólk mundi ekki hlýða mundi eitthvað hræðilegt gerast og þetta heldur áfram þannig að fyrst og fremst er þetta valdasýki og Samfylkingin byggir strúktúr sinn mikið upp á þessum hótunum.

[21:33]

Unnur Brá Konráðsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir greinargóð svör. Ég held að hv. þingmaður hafi einmitt komist að kjarna málsins þarna sem hún talaði um þrígreiningu ríkisvaldsins, hún væri í rauninni ekki það sterk og það væri í rauninni framkvæmdarvaldið sem hér réði lögum og lofum. Ég held að það sé einfaldlega kjarni málsins.

Jafnframt er mjög athyglisvert hvernig þingheimur hefur haldið á þessu máli hér, og ég vonast til að menn sjái sóma sinn í því það sem eftir lifir af þessu sumarþingi, sem við vitum ekki enn hvað stendur lengi, og þá jafnframt í framtíðinni að menn sýni þó alla vega þá kurteisi að vera ekki að rífa mál hér út úr nefndum eins og gerðist varðandi náttúruverndaráætlun og líkt og gerðist varðandi þetta mál í efnahags- og skattanefnd, í rífandi óþökk minni hlutans og í miklum ágreiningi. Við búum hér í landi þar sem er mikil óvissa og við megum síst við því að vera að skapa einhvern ágreining um einhver mál sem hreinlega er algjör óþarfi að sé ágreiningur um (Forseti hringir.) líkt og ríkisstjórnin virðist vera að gera.

[21:34]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er alveg hárrétt sem hv. þingmaður bendir á, það er þessi endalausi ágreiningur sem er algjörlega óþarfur í flestum tilfellum. Ég var stödd á þessum umhverfisnefndarfundi og þar fór allt í bál og brand. Allt í einu kemur upp úr dúrnum að rífa þurfti órætt mál, náttúruverndaráætlun, út úr umhverfisnefnd. Við í stjórnarandstöðunni vissum ekki hvaðan á okkur stóð veðrið. Það var tekið út í mikilli óþökk okkar í minni hlutanum og meira að segja var það svo að við skiluðum sérnefndaráliti því að við höfðum ekki forsendur til að skila efnislegu nefndaráliti, það var að forminu til. Svo kom náttúrlega í ljós að ríkisstjórnin setti sér háleit markmið og örugglega metnaðarfull. Ég fór að rýna í þessa 100 daga áætlun. Jú, það var þá það, það þurfti að rífa þetta út úr umhverfisnefnd út af því að náttúruverndaráætlunin var á 100 daga áætlun-inni.

Svona er lýðskrumið, svona er þetta búið að vera, (Forseti hringir.) það er ekki nokkur einasti vilji til að starfa með öðrum þingmönnum, (Forseti hringir.) framkvæmdarvaldið ræður hér, það er alveg ljóst.

[21:35]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góða ræðu, það er alltaf jafngaman að hlusta á hana í ræðustólnum.

Mig langar aðeins til þess að ræða við hv. þingmann um ræðu sem var flutt einmitt hérna fyrr í dag og má segja að hafi hleypt öllu í bál og brand. Það er ræða hv. þm. Björns Vals Gíslasonar, svokallaðs varaformanns fjárlaganefndar, sem er núna búinn að innleiða má segja nýtt hugtak inn í íslenskuna. Í staðinn fyrir að tala um að menn séu úti að aka getum við sagt núna að einhver sé úti á sjó. Þar sagði hann og fullyrti: Samningunum hefur ekki verið breytt með nokkrum einasta hætti. Klykkti síðan út líka með því að tala um hversu góðir þessir samningar séu.

Mig langar svolítið til þess að heyra túlkun þingmannsins á því, eins og staðan er núna og þeir fyrirvarar sem liggja fyrir, hvort sé rétthærra þá fyrir breskum dómstólum, fyrirvarar við samninginn, eins og þeir liggja fyrir í breytingartillögum meiri hlutans, eða samningurinn sjálfur. Það virðist nefnilega vera að þingið, þrátt fyrir þessa miklu samstöðu sem við höfum verið að heyra bæði í gær og í dag, í fjölmiðlum og hérna í ræðustólnum, þá virðumst við vera alla vega þrí- ef ekki fjórklofin. Menn tala jafnvel um að fyrirvararnir hafi ekkert að segja, eins og hv. þm. Björn Valur. Sumir tala eins og samningurinn standi óbreyttur en fyrirvarar muni hafa áhrif á túlkun Breta og Hollendinga. Síðan verð ég að segja að sjálfstæðismenn hafa trúað því hingað til að þetta væri einhvers konar gagntilboð meðan aftur á móti við höfum hins vegar verið meira og minna þeirrar skoðunar, framsóknarmenn, að það sé lítið gagn að þessu.

Það væri mjög áhugavert einmitt að heyra frá hv. þm.

Vigdísi Hauksdóttur því að hún er lögfræðingur og ég mundi gjarnan vilja heyra hennar túlkun á þessu.

[21:37]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir innlegg hennar. Það er alveg klárt hvernig ég lít á málin. Hv. þm. Björn Valur Gíslason talaði raunverulega á þann hátt eins og málið stendur. Hann sagði að ekki hefði neitt nýtt komið inn í samninginn síðan 18. júní og að samningurinn stæði eins og hann er og honum yrði ekki breytt. Að þessu leyti er ég sammála hv. þm. Birni Vali Gíslasyni vegna þess að það ríkir svo mikil lagaleg óvissa um það hvort fyrirvararnir hafi eitthvað að segja. Eins og ég hef margbent á í grein 13.1.1 í breska samningnum og 12.1 í hollenska samningnum er einungis heimilt að gera breytingar á Icesave-samningunum, bæta við þá eða falla frá efnislegum atriðum með skriflegu samkomulagi milli samningsaðila.

Eins og staðan er núna eru fyrirvararnir ekki gildir því að við höfum ekki skrifað undir fyrirvarana eins og er búið að skrifa undir samningana. Það er því alveg skýrt að það er staðan núna. Ég veit ekki hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að gera, hvort hún láti sér nægja að vera í einhverju skriflegu sambandi við Breta og Hollendinga.

Af hverju er þetta fólk ekki einhvers staðar úti, af hverju er þetta fólk ekki að ræða við hagsmunaaðila okkar? Af hverju hanga þessir hæstv. ráðherrar hér heima á þessu skeri og eru að reyna að snúa okkur? Þeir eiga að vera úti í heimi, tala máli okkar og gera þetta bara.

Varðandi það sem hv. þm. Eygló Harðardóttir var að tala um forgangsröðunina, það er alveg klárt að Icesave-samningarnir ryðja fyrirvörunum fyrirvaralaust (Forseti hringir.) burtu.

[21:39]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þá liggur það fyrir samkvæmt skoðun hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur að það þarf undirritað á blað frá Bretum og Hollendingum að þeir skilji fyrirvarana eins og við gerum. Ég veit ekki til þess að búið sé að fá neina undirritun frá Bretum og Hollendingum og raunar hefur komið fram í fjölmiðlum þegar haft hefur verið samband við fulltrúa þessara ríkisstjórna að þá segjast þeir ætla að bíða eftir því að við samþykkjum ríkisábyrgðina. En þá erum við búin að samþykkja hana. Þó að ég hafi talið að hv. þm. Björn Valur Gíslason hafi verið úti á sjó í þessu máli þá er hann kannski eins og lítið barn og hefur bara álpast til þess að segja bara satt og rétt frá.

Hins vegar eru aðrir hlutir sem ég geri miklar athugasemdir við og ég fullyrði það að þingmaðurinn sé algjörlega að misskilja þegar hann talar um efnahagslegu fyrirvarana (Forseti hringir.) að þar sé um að ræða dýrari leið (Forseti hringir.) en þá leið sem fjármálaráðherra lagði upp með í upphafi.

[21:41]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta verður líklega aldrei of oft kveðið hér úr þessum ræðustól í þessum umræðum, forgangsröðunin og ríkisábyrgðin. Að sjálfsögðu vilja Bretar og Hollendingar að Alþingi veiti ríkisábyrgð á þennan samning því að annars tekur hann ekki gildi, það er alveg skýrt. Það stendur í Icesave-samningunum að til þess að þeir taki gildi þurfi Alþingi að samþykkja ríkisábyrgð. Þetta er samtvinnað, það er ekki hægt að skilja þetta í sundur af því að Icesave-samningarnir eru svo íþyngjandi fyrir okkur sem þjóð.

Auðvitað vilja þeir að Alþingi afgreiði málið og þeir fái ríkisábyrgðina því að um leið og Alþingi er búið að afgreiða Icesave-samningana detta þeir í breska lögsögu og um þá dæma breskir dómstólar eftir breskum lögum. Þá skipta fyrirvararnir engu máli því að þá segja Bretar og Hollendingar: Þið verðið að afsaka en við erum komin með ríkisábyrgðina, samningurinn stendur hér. Við dæmum eftir „common law“ sem er allt annað en réttarkerfið ykkar. Þar er samningsréttur svo sterkur að það er ekkert einasta ákvæði sem er fyrir utan samninginn sem er hægt að hengja sig á, (Forseti hringir.) hvað þá fleiri blaðsíður af fyrirvörum.

[21:42]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni skelegga og ágæta ræðu. Það mál sem við hér ræðum hefur verið mikið rætt og málefnalega, vil ég segja, og mjög margt hefur komið fram sem hefur bætt málið í meðförum þingsins verulega mikið. Ég er mjög ánægður með það að fólk skuli hafa svona efasemdir um t.d. gildi þeirra breytingartillagna sem hér eru lagðar fram.

Ég fæ reyndar ekki alveg séð hvernig breskur dómstóll geti breytt íslenskri stjórnarskrá, ég fæ ekki séð hvernig það gerist að hann geti búið til einhverja kröfu á ríkissjóð Íslands sem stjórnarskráin leyfir ekki því að í þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir stendur, með leyfi frú forseta:

„Ríkisábyrgðin afmarkast að öðru leyti af ákvæðum samninganna og fyrirvörum þeim sem koma fram í lögum þessum. Fyrirvararnir eru óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar.“

Þess vegna skil ég ekki alveg hvernig þetta má gerast og væri ágætt ef hv. þingmaður getur sagt mér hvernig breskur dómstóll geti breytt bæði íslenskum lögum og íslenskri stjórnarskrá, sem segir að ekki megi greiða úr ríkissjóði eða veita ríkisábyrgð nema með lögum frá Alþingi.

Síðan er það spurningin um samkeppnisstöðuna og ESA-dómstólinn. Væri ekki rétt að fjárlaganefnd tæki afstöðu til þess og tillit til þess að ef ESA-dómstóllinn skyldi dæma okkur í sektir út af þessum samningi félli ríkisábyrgðin niður því að þá er ESA komið í mótsögn við sjálft sig með því að láta okkur borga eitthvað samkvæmt ESA-reglunum, Evrópusambandsreglunum, og þær segja svo að það megi ekki? Það hlýtur náttúrlega að vera lagaleg mótsögn.

[21:44]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir innlegg hans. Þingmaðurinn segir að hann skilji ekki hvern-

ig Bretar geti kippt stjórnarskrá Íslendinga úr sambandi. Þetta er svo einfalt, þegar maður útskýrir þetta. Hér er samningurinn eins og hann leggur sig og frumvarp til staðfestingar á honum og hér eru breytingartillögurnar. Fyrstu línur breytingartillagnanna ganga vissulega út á það að samningurinn taki ekki gildi nema ríkisábyrgð sé og þetta séu þeir fyrirvarar sem settir eru. Þetta hér er annað skjal. Þau aðfaraorð sem hv. þingmaður las hér upp eru aðfaraorð fyrirvaranna.

Það væri alveg sama þótt þetta væri heil bók, hún rúmast ekki innan samningsins og um það snýst málið. Í breska samningnum og hollenska stendur að fara skuli með ágreining fyrir breska dómstóla. Um leið og málið er samþykkt á Alþingi gilda um það bresk lög og breskir dómstólar. Þetta eru ein af þeim réttindum og rétti þjóðarinnar sem samninganefndin gaf bara eftir sisvona ásamt friðhelgisréttindum og öðru, enda er þetta nauðasamningur.

Í venjulegum samningum á milli landa er það þannig að ef viðkomandi land er aðili að þeim dómstóli, aðili að þessu common law-kerfi, þá er í New York og London gjarnan nefnt sem millistig á milli landa. Auðvitað átti að fá óháðan dómstól, ekki að Bretar væru með málið á heimavelli eftir þessa kúgun og þennan nauðasamning sem þeir hafa beitt okkur. Ég kom inn á það í gær að það er m.a.s. vitnað í þennan samning og það eru lög í Bretlandi frá 1978 um afnám friðhelgisréttinda þjóða og auðvitað er það ákvæði inni í samningnum. Það er búið að afsala okkur friðhelgi og eftir því verður dæmt eftir breskum lögum (Forseti hringir.) komist þessi samningur á.

[21:46]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta eru mjög alvarlegar athugasemdir. Ég ræddi fyrr í kvöld um að hv. nefnd fengi á sinn fund tvo eða þrjá sérfræðinga í breskum rétti til að fá úr því skorið hvort það gæti gerst að breskur dómstóll gæti tekið úr sambandi fullveldi Íslands um það að stjórnarskrá okkar gildi á Íslandi. Ég undirstrika það aftur að þetta verði gert.

Ég vil spyrja hv. þingmann hverju þyrfti að breyta í þessu samkomulagi til að Framsókn yrði með í samstöðunni. Sér hv. þingmaður einhverja leið til þess að reglurnar séu þannig að þær haldi og komi í veg fyrir þær efasemdir sem hv. þingmaður hefur þannig að Framsókn geti verið með öðrum þingmönnum á þinginu sem örugglega vilja ekki hafa einhvern misskilning í gangi?

[21:47]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Auðvitað erum við sammála um að sérfræðingar sem eru vel að sér í breskum lögum þurfi að koma fyrir fjárlaganefnd þar sem þingmenn geti spurt þegar eru vafaatriði. Við erum örfáir lögfræðingar í þinginu og okkur greinir meira að segja á um túlkun þessa samnings. Það er alveg orðið tímabært að hér verði kallaðir til færir sérfræðingar sem hafa reynslu bæði af samningsrétti og ekki síst reynslu af því að vinna í því lagakerfi sem er í hinum engilsaxnesku löndum.

Hv. þm. Pétur Blöndal spyr mig í seinni spurningu hverju þurfi að breyta til að Framsókn verði með. Það er mjög einfalt. Fyrir þinginu liggur breytingartillaga sem gengur út á það að þessu máli verði vísað frá um stundarsakir, það verði lagt til hliðar og það verði farið að semja upp á nýtt við Breta og Hollendinga og það verði gert á forsendum nauðungar, að okkur sé nauðugur sá kostur að semja upp á nýtt.

[21:49]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við höfum rætt þetta mál í 2. umr. núna í tvo heila daga og ég held að segja megi um umræðuna í lok þessa síðari dags umræðunnar að kominn sé fram fjöldinn allur af athugasemdum sem mikilvægt er að fjárlaganefnd hafi góðan tíma til að fara yfir, gaumgæfa, kalla til sín sérfræðinga og umsagnaraðila hvort sem eru lögfræðingar eða aðrir innan úr stjórnkerfinu til að gefa skýringar á þeim atriðum sem um er að ræða. Ég lít á það sem eitt helsta vandamál okkar í þeirri stöðu sem er búið að tefla þessu máli í að við erum annars vegar með tiltölulega bólginn lánasamning eða reyndar lánasamninga, þ.e. lánasamninga sem kveða á um gríðarlega háar fjárhæðir og miklar endurgreiðslur innstæðutryggingarsjóðsins til Breta og Hollendinga. Í þessum lánasamningum er ekki gert ráð fyrir því að efnahagsþróunin á Íslandi, endurheimtur vegna lánasafns Landsbankans eða einhverjar aðrar aðstæður, einhver óvænt ytri atvik, geti með nokkru móti haggað þeirri greiðsluskyldu sem hvílir á innstæðutryggingarsjóðnum. Það er af þeirri ástæðu þegar samningarnir komu hingað fyrir þingið og óskað var eftir ríkisábyrgð fyrir samningum sem eru þessa efnis sem þingið segir: Hér er of mikil áhætta á ferðum. Við erum ekki tilbúin til þess að setja þá áhættu á íslenska ríkið, skattgreiðendur í þessu landi sem felst í lánasamningunum. Þess vegna hefur málið þróast þannig í þinginu að í stað þess að þingið veiti fyrirvaralausa ríkisábyrgð þá hlaðast upp fyrirvararnir sem þingmenn hafa komið sér saman um. Það liggur fyrir breytingartillaga frá fulltrúum Vinstri grænna, Borgarahreyfingarinnar og Samfylkingarinnar frá meiri hluta fjárlaganefndar um að setja ýmiss konar fyrirvara á ríkisábyrgðina. Ef þetta kemur upp á gildir ríkisábyrgðin ekki. Ef okkur gengur illa að koma hagkerfinu í gang þá gildir ríkisábyrgðin bara fyrir því sem við teljum okkur hafa efni á. Ef það stendur mikið út af lánasamningunum í lok lánstímans þá er engin ríkisábyrgð fyrir þeirri fjárhæð.

Það er þetta samhengi málsins sem ég vil undir lok umræðunnar gera að sérstöku umtalsefni vegna þess að þetta er auðvitað mjög óheilbrigt, að vera með lánasamning sem ríkisábyrgðin stendur fyrir sem endurspeglar ekki það samkomulag sem tókst með aðilunum. Samningurinn sjálfur, lánasamningurinn sem ríkisábyrgðin á að standa að baki, á auðvitað að endurspegla samkomulagið. Það er samningurinn sem aðilarnir koma sér saman um. En við erum að þvælast með aðstæður í málinu sem eru allt öðruvísi, sem eru þannig að samningurinn er eins og hann er, sem eru í reynd einhliða kröfur Hollendinga og Breta sem ríkisstjórnin á endanum gafst upp fyrir, og svo ríkisábyrgðin sem á að vera einhvern veginn allt öðruvísi, full af fyrirvörum og takmörkuð að ýmsu leyti. Við höfum verið þeirrar skoðunar í Sjálfstæðisflokknum að við þyrftum að gera allt það sem hægt væri í þessu máli til að koma í veg fyrir það stórslys

sem hefði orðið ef fallist hefði verið á ríkisábyrgðina án allra fyrirvara.

Við höfum barist fyrir því í meðferð þingsins á málinu að því yrði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar einfaldlega til þess að semja upp á nýtt. Í meðförum þingsins hefur komið í ljós að það stefndi ekki í neinn meiri hluta fyrir þeirri málsmeðferð. Sú tillaga mun koma fram eins og boðað hefur verið af framsóknarmönnum, en það liggur fyrir, það er fullreynt að mínu áliti að það mun ekki takast meiri hluti fyrir því að fella málið í þann farveg. Við þær aðstæður töldum við betra að leggja okkar af mörkum eins og ég vék að áðan til að betrumbæta málið. Við töldum það vera skyldu okkar og ábyrgðarfyllstu nálgunina í málinu að reyna að benda á ágallana og vinna að samstöðu um að lagfæra það sem þyrfti í málinu. Efnahagslegu fyrirvararnir sem svo eru nefndir í umræðunni snúast um það að við setjum þak á greiðslurnar, við segjum að við höfum, eftir því hvernig hagkerfið fer af stað í framtíðinni næstu árin, úr svo og svo miklu að spila til að standa í skilum með lánasamninga af þessum toga. Við ætlum bara að ráðstafa að hámarki 6% af vexti landsframleiðslunnar til að standa í skilum með samning af þessum toga. Það kemur ekki til greina að lofa greiðslum sem eru umfram þetta.

Það er stórmerkilegt að heyra hvernig umheimurinn hefur tekið þessum skilaboðum frá Alþingi. Fram á ritvöllinn hafa ruðst prófessorar í hagfræði og ritað greinar í erlend dagblöð og sagt: Þessi lausn sem Alþingi Íslendinga er að hugsa um er auðvitað eina skynsemin þegar þjóðir eru að semja sín á milli um skuldaskil. En það er ólíklegt að þetta verði samþykkt af Bretum og Hollendingum vegna þess að þetta gæti gefið svo slæmt fordæmi, sagði prófessorinn. En við skulum sjá hvað setur í því efni.

Það er auðvitað síðan þannig í umræðu um Icesave-deiluna við Breta og Hollendinga að yfir henni vofir alltaf stóra spurningin: Hvers vegna greiða eitthvað yfir höfuð ef engin er ríkisábyrgðin fyrir Icesave-skuldbindingum? Við höfum átt við þessa spurningu alveg frá því að þingsályktunartillagan kom fram á fyrra þingi af fyrri ríkisstjórn. Þingið tók afstöðu til þeirrar spurningar í desembermánuði í fyrra. Þá komst þingið að þeirri niðurstöðu að það þjónaði hagsmunum okkar Íslendinga best að leita leiða til að komast að samkomulagi við þessar tvær þjóðir sem í hlut eiga. Það var engu lofað um niðurstöðuna. Það var ekki fallið frá lagalegri stöðu okkar í málinu en sagt sem svo að þar sem kominn væri skynsamlegur viðræðugrundvöllur væri best að leita leiða til að leysa deiluna. Það var ýmislegt sem hékk á spýtunni. Við þekkjum þau mál eins og t.d. lánin hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og margt fleira. Hvort sem við vorum sátt við það eða ekki að slík mál væru tekin inn í þetta samhengi þá var það engu að síður þannig.

Síðan koma þessir slæmu samningar og Sjálfstæðisflokkurinn sagði á fyrsta degi eftir að meginatriði samninganna voru kynnt fyrir okkur: Þetta er ekki það sem við vorum að meina. Þetta eru samningar sem við munum aldrei geta stutt. Og við höfum frá fyrsta degi barist gegn því að þingið mundi staðfesta samningana eins og ríkisstjórnin kláraði þá. Athugasemdum okkar hefur allt fram á síðustu daga markvisst verið vísað á burt, ýmist sem einhvers konar misskilningi, ýmist sem slæmri lögfræði eða bara einhverjum pólitískum athugasemdum sem hafa ekkert með efnisatriði samninganna að gera. En eftir því sem málinu vatt fram og fleiri fræðimenn komu inn í umræðuna, blönduðu sér inn í þau atriði sem um var að ræða rann það upp fyrir meiri hluta þingsins að ekki var hægt að veita ríkisábyrgð eins og ríkisstjórnin fór fram á.

Fyrir mér voru það að sjálfsögðu stór tíðindi sem síðar kom í ljós eftir að málið var lagt fram að það hafði verið tekið í gegnum ríkisstjórnina í ágreiningi. Ríkisstjórnin stóð ekki einu sinni heil að baki málinu. Síðan kom, eftir því sem umræðan þroskaðist á þinginu, líka í ljós að það var ekki full samstaða meðal stjórnarflokkanna tveggja þannig að málið í heild sinni virtist vera í algeru uppnámi. En það fór í þennan farveg sem það fór að nýr meiri hluti í þinginu tók málin í sínar hendur og setti þessi ströngu skilyrði sem í upphafi var svarað sem algerum óþarfa og misskilningi en er núna að verða staðreynd vegna þeirrar samstöðu sem myndaðist um þessa hluti.

Á þessum tímapunkti vil ég segja það að jafnvel þó meiri hluti fjárlaganefndar hafi verið á réttri leið og hafi t.d. fallist á tillögur um efnahagslega fyrirvara sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd börðust fyrir þá er enn mikil vinna eftir óunnin. Það þarf að koma til móts við það vandamál sem ég var að lýsa áðan að samningarnir verða auðvitað að taka breytingum til samræmis við takmörk ríkisábyrgðarinnar. Innstæðutryggingarsjóðurinn má ekki lenda í því að vera í vanskilum, að á hann standi skuldbindingar sem hann getur ekki risið undir. Það dugar okkur ekki að horfa til hlutar ríkisins og þess hvernig við getum takmarkað áhættuna fyrir ríkið. Það er óásættanlegt fyrir innstæðutryggingarsjóðinn að skrifa upp á lán sem fyrirsjáanlegt er að hann geti ekki risið undir. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf að skoða.

Við þurfum líka að skoða það hvort við getum styrkt betur lögfræðilegu fyrirvarana, hvernig við getum knúið á um það að stjórnvöld leiti allra leiða til að láta reyna á þá réttarstöðu sem uppi er í málinu og fáist skorið úr þeim réttarágreiningi sem uppi hefur verið um skylduna til að veita ríkisábyrgð þá njótum við góðs af þeirri niðurstöðu í samræmi við hana.

Til sögunnar hafa verið nefnd enn fleiri atriði svo sem það að tryggja þurfi að breytingar á ríkisábyrgðinni verði órjúfanlegur hluti af samningnum sjálfum og að sök breskra stjórnvalda sem kynni að koma í ljós … Er ekki rangt farið með tímann hérna, er ég ekki með tvöfaldan ræðutíma? (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÁI)**:** Samkvæmt klukkunni og forritinu er svo ekki.)

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég sé búinn að tala í tíu mínútur en hafi …

(**Forseti** (ÁI)**:** Já, það er rétt.)

Þá er það þannig að ef í ljós kemur að bresk stjórnvöld hafi með gáleysi sínu, vanrækslu á eftirlitsskyldu í Bretlandi, valdið tjóni fyrir innstæðueigendur þar í landi, skapað sér bótaskyldu, þá hlýtur sú sök, það tjón sem þeir hafa sjálfir valdið og er verið að gera upp í þessu máli að koma til frádráttar í því uppgjöri milli aðilanna sem við erum hér að ræða um. Við þurfum að tryggja að þetta sé haft með í reikningunum.

Við hljótum líka að gera kröfu til þess að leiðir til að tryggja mögulegar bætur vegna beitingar hryðjuverkalaganna og þess gríðarlega tjóns sem varð vegna þeirra fáist tekið með í reikninginn í þessu uppgjöri. Þetta hlýtur að kosta einhvern tíma og við höfum fengið fyrir því vilyrði hér á meðan á umræðunni hefur staðið að málið verði skoðað á milli umræðna af gaumgæfni í fjárlaganefnd og menn flýti sér ekki hraðar en efni málsins leyfir.

Það er þannig með þessa lögfræðilegu fyrirvara að erfitt er að ganga svo langt á sama tíma og verið er að reyna að vinna að samkomulagi í málinu að gera það að skýrri forsendu fyrir gildi ríkisábyrgðarinnar að skorið hafi verið úr um þetta atriði. Það verður í reynd að fara aðra hvora leiðina, og ég tel að við höfum nú þegar valið samningaleiðina. Ég lít þannig á að enn sé ekki kominn á sá samningur sem við hér á þinginu sættum okkur við, sem meiri hluti þingsins getur sætt sig við. En með því gagntilboði sem er verið að vinna að núna kann að vera að slíkur samningur geti tekist. Takist hins vegar ekki samningur á grundvelli gagntilboðs frá þinginu er ég þeirrar skoðunar að við eigum enga aðra valkosti eftir í þessu máli en að segja við Breta og Hollendinga og aðra þá sem fylgjast með framvindu málsins að við förum einfaldlega fram á það að fá skorið úr um þann mikla og djúpa réttarágreining sem er til staðar. Við höfum ekki enn gefið það frá okkur og við eigum aldrei í þessu máli að sætta okkur við einhverja pólitíska afarkosti. Við látum ekki stilla okkur upp við vegg, við látum ekki bjóða okkur það sem allir sjá að er ósanngjarnt, óeðlilegt að fara fram á við okkur að við föllumst á að taka á okkur sem byrðar. (Gripið fram í.) Við höfum nefnilega ekki enn þá veitt ríkisábyrgðina fyrir þessum skuldbindingum og ég hef alla tíð sagt að ég neiti að trúa því að Evrópuþjóðirnar, Evrópusambandsþjóðirnar allar 27, eða þeir vinir okkar á Norðurlöndunum sem hér eiga í hlut, og þar erum við t.d. með Norðmenn sem eru enn þá utan, að þær ætli að halda þannig á málinu gagnvart okkur að horft verði fram hjá þessari sjálfsögðu kröfu ef allar leiðir hafa verið reyndar til þess að ná samkomulagi.

Það er mikilvægt að hafa í huga að íslensk stjórnvöld hafa í fyrsta lagi frá upphafi sagt að við ætlum að virða allar okkar alþjóðlegu skuldbindingar. Það var í reynd það sem viðskiptaráðuneytið var að segja í bréfaskrifunum fyrir hrunið. Það var í reynd ekki verið að segja annað en að við könnumst við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem hér er verið að fjalla um og við munum virða þær. Það var aldrei sagt nokkurn tíma að lofað yrði ríkisábyrgð umfram lagaskyldur eða ríkisábyrgð á allri þeirri fjárhæð sem um er að ræða, þ.e. þessum 20 þúsund evrum á reikning. Þar sem við höfum aldrei fallist á þetta og ávallt haldið til haga okkar lagalega rétti eigum við enn þá þann kost í bakhöndinni — ef málið þróast með þeim hætti að Bretar og Hollendingar sætta sig ekki við þá þrengingu á ríkisábyrgðinni sem við erum að vinna að hérna á þinginu — að segja einfaldlega: Ja, þá er það þannig að það er fullreynt með samningaleiðina og við viljum að skorið verði úr þessu fyrir hlutlausum dómstólum.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég hef sagt í fyrri ræðum mínum í þessu máli um dómstólaleiðina. Menn segja að ekki sé hægt að leggja málið undir dómstól en auðvitað er það þannig að hann er hérna hinum megin við Austurvöll, það er Héraðsdómur Reykjavíkur sem málið ratar til ef menn gera ágreining um skylduna til þess að greiða, það er bara hinn eðlilegi farvegur. Sá sem heldur á kröfunni gerir kröfu á Landsbankann. Landsbankinn segist ekki geta gert upp, málið fer til innstæðutryggingarsjóðsins, hann á ekki peninga til að greiða og þess vegna er honum stefnt og það mál fer inn í Héraðsdóm Reykjavíkur. Þannig mun verða leyst úr þessu á endanum. Við höfum hins vegar boðist til þess að finna annan hlutlausan dómstól.

Mér finnst mikilvægt að þetta komi fram áður en 2. umr. lýkur. Það er skoðun mín að þingið sé á réttri leið. Það er enn mikil vinna eftir fyrir fjárlaganefnd til þess að klára. Við munum í þeirri vinnu sem þar er fram undan leggja áherslu á helstu atriði sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa í umræðunni í gær og í dag haldið á lofti. Það þarf að þétta efnahagslegu fyrirvarana, það þarf að skoða leiðir til þess að þétta líka þessa lagalegu fyrirvara og við þurfum að taka tillit til þeirra athugasemda sem hafa verið að berast, t.d. um að málið sé ekki þannig afgreitt héðan af þinginu að einhver vafi leiki á því hvort fyrirvararnir haldi þegar upp er staðið. Síðan þarf að taka tillit til innstæðutryggingarsjóðsins eins og ég vék að áðan, hann getur auðvitað ekki sætt sig við það að sitja uppi með skuldbindingar ef ríkisábyrgðin er mjög takmörkuð. Að mínu áliti væri heppilegast að þannig væri gengið frá málinu að lánasamningarnir tækju breytingum í samræmi við ríkisábyrgðina.

Heilt yfir er ég jafnframt þeirrar skoðunar eins og ég vék að í fyrri ræðu minni í málinu að eðlilegast væri fyrir samningsaðilana að setjast að nýju niður, endurgera lánasamningana sjálfa þannig að þeir endurspegli samkomulagið og ekki séu allir þessir fyrirvarar og takmarkanir úti um allt á ríkisábyrgðinni sem við erum að tala um að gera núna. Það er kominn tími til þess fyrir Breta og Hollendinga að sætta sig við að Íslendingar muni ekki láta troða ofan í kokið á sér skuldbindingum sem þeir geta ekki kyngt og séu ekki tilbúnir til þess að leggja á komandi kynslóðir í landinu. Stærðargráðurnar í þessu máli eru sem betur fer að renna upp fyrir kollegum okkar á öðrum þjóðþingum, þetta eru miklu, miklu stærri tölur en svo að ein þjóð geti krafist þess af annarri að hún samþykki þær umyrðalaust og önnur mál séu jafnvel tekin í gíslingu til þess að þvinga þá niðurstöðu fram. Þetta er miklu stærra mál en svo.

Ég ætla að ljúka máli mínu á því að óska fjárlaganefnd góðs gengis í þeirri vinnu sem er fram undan. Ég vonast til þess að þar geti tekist áframhaldandi gott samstarf og ég legg mikla áherslu á að við tökum okkur þann tíma sem þarf til þess að vinna að betrumbótum á málinu. Jafnvel þó að allir á þingi séu orðnir þreyttir eftir að hafa verið hér fram undir miðnætti dag eftir dag og marga næturlanga fundi megum við aldrei gleyma því að við erum að fjalla hér um ráðstafanir sem munu fylgja okkur til áratuga og fjárhæðirnar eru stjarnfræðilegar og réttlæta alla vinnu, hverja einustu mínútu sem við erum tilbúin til þess að leggja í þetta verk. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[22:09]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Það liggur nú ljóst fyrir að við munum vænt-

anlega greiða atkvæði um þetta mál eftir 2. umr. á eftir, klukkan hálfellefu, og hefur í rauninni náðst samkomulag um það. Það er hins vegar ljóst að verkefnið er og var ærið þegar þingið fékk það í sínar hendur eftir mikla handvömm af hálfu ríkisstjórnarinnar. Við erum búin að fara yfir það bæði í fyrri ræðum við þessa umræðu en ekki síður við 1. umr. þessa máls. Ég held að allir átti sig á því að ábyrgð ríkisstjórnarinnar í þessu máli er mikil, burtséð frá forsögunni er það ríkisstjórnin sem hefur haldið algjörlega utan um þetta mál og komið heim með þennan vonda samning sem þingið er núna að reyna að bjarga.

Við sjálfstæðismenn stóðum frammi fyrir þeim valkosti að fella samninginn og láta bara ríkisstjórnina um allt þetta bix, freistandi mjög fyrir flokk í stjórnarandstöðu, freistandi að hleypa öllu málinu í bál og brand innan ríkisstjórnar, í samfélaginu, ekkert að reyna að ná þeirri sátt sem við þurfum á að halda í samfélaginu, ekki taka eitt skref í átt að auknum sáttartóni bæði hér inni á þingi og utan við þingið. Síðan var hinn valkosturinn sem við sjálfstæðismenn stóðum frammi fyrir og hann var sá að breyta þessum vonda samningi í rauninni á þann veg eins og talað hefur verið um og formaður okkar sjálfstæðismanna, hv. þm. Bjarni Benediktsson, hefur talað um að er í rauninni gagntilboð.

Við fórum í þann leiðangur að breyta samningnum, að reyna að stuðla að breiðri pólitískri samstöðu sem hefði mikla þýðingu fyrir okkur hér inni á þingi, úti í samfélaginu en líka ákveðin skilaboð til þjóða heimsins hvernig við værum að vinna þetta mikilvæga mál. Að mínu mati sýndum við mikla ábyrgð þegar að þessum þætti kom og okkar fólk í fjárlaganefnd og aðrir þingmenn hafa staðið sig með eindæmum vel.

Það verður hins vegar að koma fram og við verðum að tryggja það að um leið og við höfum sýnt þessa ábyrgð gerum við þá kröfu að þingmenn í stjórnarliðinu sýni líka þá ábyrgð að veita fjárlaganefnd þann tíma sem nefndin þarf á að halda, því að það liggur alveg ljóst fyrir að það þarf að tala skýrar um þessa fyrirvara. Það má engin óvissa vera eftir um það að þessir fyrirvarar haldi hugsanlega ekki. Gott og vel, þá verðum við einfaldlega að horfast í augu við það að ef Hollendingar og Bretar segja: Þessir fyrirvarar halda ekki, samningurinn er of breyttur, þá gengur þetta ekki. Ég segi líka: Þá það. Ef Hollendingar og Bretar segja: Þetta eru það miklar breytingar á samningnum og ríkisábyrgðinni að við verðum að semja upp á nýtt, og þá segjum við einfaldlega: Þá það, og þá semjum við upp á nýtt og byrjum með hreint borð.

Ég vil undirstrika það líka að við höfum aldrei gefið frá okkur þann möguleika að fara með málið fyrir dómstóla ef svo ber undir en við viljum fyrst reyna að leysa þetta á pólitískum forsendum því að við teljum það þjóna hagsmunum þjóðarinnar. Við segjum sem sagt: Það þarf að styrkja fyrirvarana eftir þessa umræðu núna, bæði í dag og á undanförnum dögum, og það þarf að tryggja að þeir standi undir því að við séum að efla og styrkja íslenska hagsmuni og hagsmunagæslu. Til þess þarf fjárlaganefnd tíma.

Ég gat um það í dag að það þýðir ekki að koma til okkar og segja: Við erum búin að funda, fínt, hvað hafið þið fram að færa? Ókei, við ætlum ekki að hlusta á ykkur neitt frekar. Og þar með er fundurinn búinn. Við treystum á það að sú góða samstaða og samvinna sem hefur náðst í fjárlaganefnd á milli okkar fólks og m.a. forustumanna innan fjárlaganefndar að það traust haldi áfram og menn nái að vinna málið þannig að eftir standi þingheimur frammi fyrir því að geta sagt þá já við fyrirvörum sem eru þess eðlis að þeir haldi utan um okkar hagsmuni. Ef fjárlaganefnd þarf tvo, þrjá, fjóra, fimm daga eða viku þá fær hún þann tíma af því að markmiðið er, okkar sameiginlega markmið, að tryggja íslenska hagsmuni.

Það er eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði hér áðan: Við ætlum ekki að láta troða hverju sem er ofan í kokið á okkur, það kemur ekki til greina. Íslenska þingið, elsta þjóðþing í heimi, talar skýrt og það vissu Hollendingar og Bretar. Þeir áttuðu sig alveg á því þegar þeir gerðu ráð fyrir því að samningurinn og ríkisábyrgðin þyrfti að fara fyrir þingið að það þýddi að þeir væru líka að taka þá áhættu að þingið mundi gjörbreyta samningnum. Ég trúi því ekki að Hollendingar og Bretar líti á eigin löggjafarþing sem þau séu bara einhverjar stimpilstofnanir, það er ekki og má ekki verða með íslenska þingið. Við þurfum að breyta vinnubrögðum hér, innan ríkisstjórnar, innan stjórnkerfis og við verðum að fara að horfast í augu við það. Það er fullkomlega eðlilegt að við förum fram á það að fjárlaganefnd fái þann tíma sem þarf til þess að styrkja fyrirvarana.

Það er svolítið gaman að fylgjast með því hvernig umheimurinn sér okkur bregðast við. Allt þetta tal hjá forustumönnum í ríkisstjórninni, hjá hæstv. forsætisráðherra, að ekki mætti hrófla við neinu og reyna að senda út þau skilaboð að þetta sé bara allt innan ramma samningsins. Það hefur sýnt sig að það voru orðin tóm þegar bent var á að við fengjum allan umheiminn á móti okkur. Skilningur í okkar garð hefur vaxið og hann hefur aukist og þess vegna þurfum við að halda uppi okkar máli, okkar forsendum hvernig og af hverju við nálgumst málið eins og við erum að gera.

Menn hafa líka verið að ræða um þann leiðara sem m.a. birtist í *Financial Times* um að það væri kannski litla Ísland, litla, stóra, fallega landið okkar, sem væri að stuðla að því að sú rangláta regla í rauninni sem hefur verið við lýði í alþjóðaheiminum gagnvart fátækari löndum, þegar þeim hefur verið lánað, Ísland væri að stuðla að breytingu í þá veru að þau ríki sem tækju lán greiddu bara í samræmi við það sem þau gætu. Að við getum bara greitt í samræmi við greiðslugetu okkar. Það væri í rauninni stórkostlegur árangur ef það mundi nást. Það væri líka stórkostlegur árangur ef þessi leið okkar hér í þinginu — ekki ríkisstjórnarinnar, þetta er ekki leið ríkisstjórnarinnar heldur þingsins, það er þingið sem er að umbreyta þessu — að þessi leið okkar, sem hefur vakið alþjóðaathygli, að við ætlum bara að greiða í samræmi við það sem við getum til 2024 og ekki lengur, mundi stuðla að breytingu í umheiminum. Það voru ekki forustumenn í ríkisstjórninni sem stuðluðu að þessari hugarfarsbreytingu. Þau höfðu ekki kjark eða þor til þess að standa í lappirnar gegn Hollendingum og Bretum, allt af ótta við að við fengjum þennan samning í hausinn. Þau voru ekki að hugsa um reisn þingsins, þau voru ekki að hugsa um reisn þjóðarinnar til lengri tíma litið.

Menn eiga að taka því fagnandi hvernig þingið er búið að taka á þessu og veita þinginu þann tíma sem þingið þarf á að halda til að gæta að íslenskum hagsmunum. Menn eiga

að taka þessu fagnandi og ekki að vera að reyna að setjast á menn í bakherbergjum til þess að klára málið eins og upp var lagt með í morgun, að klára málið bara á morgun, bingó, búið á morgun. Það gengur ekki. Til þess erum við búin að fá allt of miklar og sterkar ábendingar að þingið getur ekki unnið með þeim hætti.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áður að fjárlaganefnd verður að hnykkja á því sem m.a. forsætisráðherra hefur sagt, að ríkisábyrgðin gildi þá eingöngu til ársins 2024, það er ekki nægilega skýrt tekið á því eins og staðan er í dag. Þá ætti mönnum að vera það að meinalausu að setja það algjörlega hreint og klárt inn í fyrirvarana að þetta gilti til 2024. Það sama er varðandi fyrirvarana sem slíka, við verðum að fá alla hugsanlega ráðgjöf, hvort sem hún er erlend eða innlend, til að tryggja að þessir fyrirvarar haldi. Ég sagði það í dag og ég held að ég tali fyrir hönd okkar allra sjálfstæðismanna: Ef við fáum ekki vissu fyrir því að þessir fyrirvarar haldi munum við ekki ljá þeim atkvæði okkar við 3. umr.

Á þessum forsendum erum við núna að fara eftir korter í atkvæðagreiðslu. Við treystum því og trúum að þessi samstaða um vinnubrögð, ný og betri vinnubrögð hér inni á þingi haldi, að fjárlaganefnd fái það svigrúm og þann tíma sem þarf til þess að taka enn betur á þeim fyrirvörum sem við höfum verið að gera, þá þeim breytingum til að þjóna fyrst og fremst íslenskum hagsmunum og íslenskri þjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 22:19]

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (Icesave-samningar). — Þskj. 346, frhnál. 348, 350 og 351, brtt. 349 og 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[22:32]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Komið er að lokum 2. umr. um hið gríðarlega stóra mál sem er ríkisábyrgð varðandi þetta fræga Icesave-mál. Þetta mál hefur tekið mikinn tíma í umfjöllun í nefnd og kom inn í þingið í vikunni, hefur hlotið ítarlega og góða umræðu og ýmsar ábendingar hafa komið fram þar sem fólk hefur óskað eftir því að málið verði skoðað betur. Það hefur náðst breið sátt um það í allri vinnunni og þingið á heiður skilinn fyrir þá vinnu. Ég mun óska eftir því að málið fari aftur í fjárlaganefnd til frekari umfjöllunar og við munum taka þann tíma sem þar þarf til að vinna úr þeim atriðum sem hér hafa komið fram í umræðunni sem þarf að skoða betur og taka þann tíma sem til þarf til að viðhalda þeirri breiðu sátt sem hér hefur náðst.

Ég fagna því að þetta er komið til afgreiðslu og óska þinginu til hamingju með að hafa komið þessu máli svona langt.

[22:34]

Bjarni Benediktsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við lok 2. umr. erum við með frumvarpið um ríkisábyrgðina í þeim búningi að þó nokkur vinna er fram undan fyrir fjárlaganefnd til að betrumbæta málið enn frekar.

Vinnunni við þetta mál er hvergi nærri lokið. Nú liggja fyrir þinginu breytingartillögur sem við göngum til atkvæða um. Sjálfstæðisflokkurinn hyggst styðja þær breytingartillögur sem stafa frá meiri hluta fjárlaganefndar en þær duga þó engu að síður ekki til að afla stuðnings við málið í heild sinni þannig breytt. Það þarf að ganga lengra, það þarf að taka bæði lagalegu og efnahagslegu fyrirvarana og þétta þá og koma til móts við þær athugasemdir sem fram hafa komið í umræðunni. Sjálfstæðisflokkurinn teflir ekki fram breytingartillögum á þessu stigi málsins heldur hefur kosið að vinna að þeim athugasemdum sem við höfum haft fram að færa í nefndinni. Það þarf að halda því áfram. Við teljum ekki rétt að vísa málinu til ríkisstjórnar meðan það er enn í vinnslu þingsins.

[22:35]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Ef það er eitthvað sem liggur ljóst fyrir eftir 2. umr. er það að sú breiða sátt sem menn vonuðust eftir reyndist tálsýn. Eftir að hafa hlustað á marga þingmenn tjá sig um málið er ljóst að menn líta það mjög mismunandi augum og engin samstaða er um hvernig eigi að túlka fyrirvarana.

Ég tek undir það að mikil vinna er fram undan. Við framsóknarmenn höfum lagt fram frávísunartillögu okkar sem greidd verða atkvæði um á eftir og við vonumst til þess að hún verði samþykkt. Varðandi breytingartillögurnar þá eru þær skref í rétta átt en það liggur fyrir, það er staðreynd að þær verður að skýra betur og ganga skrefinu lengra til þess að þær dugi og til þess að þær þjóni hagsmunum landsins.

Till. 339 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 48:10 atkv. og sögðu

já: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH, ÞrB.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

2 þm. (BirgJ, MT) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:37]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði rétt áðan er óvissan það eina sem liggur fyrir í málinu. Menn átta sig engan veginn á því hvernig Bretar og Hollendingar munu bregðast við og má í rauninni segja að menn séu að kasta Icesave-málinu, einhverju stærsta hagsmunamáli Íslands, út í óvissuna. Þannig vinna ekki ábyrgir þingmenn. Mér þykir miður,

mér sýnist að frávísunartillagan sé felld. Það hefði verið hreinlegast og skynsamlegast að vísa málinu frá og semja upp á nýtt við Breta og Hollendinga.

[22:38]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Að frávísunartillögu okkar framsóknarmanna felldri köllum við allar breytingartillögur okkar aftur.

Brtt. 340 kölluð aftur.

Brtt. 336,1 (ný 1. gr.) samþ. með 51:9 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

nei: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH.

3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:39]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Hér var í rauninni verið að greiða atkvæði með ríkisábyrgðinni á Icesave-samningunum. Við höfum talið eðlilegast að það yrði skoðað í þaula hvort við gætum sett sterkari fyrirvara og við hörmum að þetta sé lendingin, að það eigi að samþykkja Icesave-fyrirvarana eftir alla þá miklu vinnu sem hefur verið unnin og allt það slæma sem hefur komið upp á yfirborðið með Icesave-samningana. Við munum samt sem áður vinna að því að styrkja þá fyrirvara sem liggja fyrir og vonandi verður vel tekið í tillögur okkar vegna þess að þær styrkja þessa ríkisábyrgð.

Brtt. 336,2.a (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.

Brtt. 336,2.b (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:41]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Með þessari breytingartillögu voru stigin jákvæð skref. Í meðförum fjárlaganefndar, sérstaklega undir lokin, má segja í rauninni að allt bit hafi verið tekið úr þessum efnahagslegu fyrirvörum. Til að mynda höfum við talið eðlilegt að ef eftirstöðvar væru árið 2024 þá félli ríkisábyrgðin niður. Einnig voru viðmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um skuldastöðu Íslands sett inn í greinargerð. Breytingartillaga okkar gengur út á að þau komi skýrt fram í frumvarpinu sjálfu til að þau hafi eitthvert gildi. Við greiðum ekki atkvæði með þessari breytingartillögu.

Brtt. 336,2.c (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:42]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Það er sama með þennan fyrirvara og þann síðasta, þetta er skref í rétta átt, svo sannarlega. En hann er einfaldlega þannig úr garði gerður að orðalagið er það óljóst að harla ósennilegt má telja að það sem hér er lagt til verði að veruleika. Við leggjum til að þessi fyrirvari verði styrktur til mikilla muna þannig að það verði mun líklegra að hann muni þjóna hagsmunum Íslendinga að endingu.

Brtt. 336,2.d (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.

Brtt. 336,2.e (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:44]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Ef eitthvað er mikilvægt þá er það að eftirlit Alþingis sé algerlega skýrt og það liggi fyrir hvernig Alþingi ætlar að haga eftirliti með samningunum. Það er einfaldlega of mikið í húfi til að við vöndum okkur ekki eins og okkur ber að gera. Framsóknarmenn greiða því ekki atkvæði með þessari breytingartillögu.

Brtt. 336,2.f (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.
3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.

Brtt. 336,2.g (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GÞÞ, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:46]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:

Frú forseti. Þessi grein eða breyting ætti í rauninni að vera óþörf með öllu, enda er það hlutverk þeirra sem fara með þrotabú Landsbankans að hámarka endurheimtur og endurheimta allt það fé sem hægt er þar. Og einnig er það hlutverk ríkisstjórnarinnar eða stjórnvalda hverju sinni að tryggja að þeir sem raunverulega bera ábyrgð sæti þeirri ábyrgð. En það er full ástæða í ljósi aðstæðna til að skerpa á þessu og ástæðulaust að leggjast gegn því að það sé gert í frumvarpinu. Við segjum því já.

[22:46]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina því til fjárlaganefndar sem fær málið svona breytt til sín að taka þessa grein aftur til skoðunar vegna þess að ég tek undir með þeim sem hér mælti síðast, það er alveg á mörkunum að þetta atriði eigi heima inni í frumvarpi um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Það væri nær að fjalla um þá efnisþætti sem hér er um að ræða í sérstakri þingsályktunartillögu eða einfaldlega að kalla fram yfirlýsingu frá ríkisstjórninni um að hún ætli að beita sér fyrir því sem þarna er verið að fjalla um. En það er alveg á mörkunum að þetta eigi heima í frumvarpi um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna.

2. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 49:10 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

nei: BirgJ, BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH.

1 þm. (MT) greiddi ekki atkv.
3 þm. (BÁ, EKG, IllG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:48]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Icesave-samningarnir ganga út á það að íslensku þjóðinni er gert að taka á sig skyldu sem ríkir alger óvissa um hvort eigi að setja á íslenskt þjóðfélag. Ekki nóg með það heldur segja samningarnir einnig að íslenskur almenningur þurfi að þola það á næstu árum að borga kannski um 350 milljarða umfram það sem þjóðin er hugsanlega skyldug til að borga — 350 milljarða. Í því dæmi verðum við að átta okkur á því að áðan var samþykkt aukning á skuldabyrði þjóðarinnar (Forseti hringir.) um 3 milljarða. Það var verið að skera niður um 3 milljarða til aldraðra og öryrkja. Hvernig á þjóðin að þola 350 milljarða greiðslu umfram ábyrgð?

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.
Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til fjárln.

Fundi slitið kl. 22:50.

---

57. FUNDUR

miðvikudaginn 26. ágúst,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[16:00]

Útbýting:

Gengistryggðar og verðtryggðar eignir og skuldir bankanna, 59. mál, svar fjmrh., þskj. 347.

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 136. mál, þskj. 346; frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 348; brtt. GuðbH o.fl., þskj. 349.

Fundi slitið kl. 16:01.

---

58. FUNDUR

fimmtudaginn 27. ágúst,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, stjfrv., 136. mál, þskj. 346, frhnál. 348 og 351, brtt. 349 og 352. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:
Atli Gíslason, 4. þm. Suðurk.
Árni Johnsen, 9. þm. Suðurk.
Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):
Forseti vill geta þess að gert er ráð fyrir klukkutímamatarhléi um klukkan eitt vegna þingflokksfunda.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfunda, er það tillaga forseta að þingfundir geti staðið lengur í dag en til kl. 8 í kvöld.

[10:32]

Útbýting:
Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 136. mál, frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 351; brtt. 2. minni hluta fjárln., þskj. 352.

Tilkynning frá þingmanni.

Afsökunarbeiðni.

[10:33]

Sigmundur Ernir Rúnarsson (Sf):
Frú forseti. Vegna veru minnar hér í pontu sl. fimmtudagskvöld vil ég árétta að þar urðu mér á mistök sem ber að biðjast afsökunar á. Það er hér með góðfúslega gert.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 352. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÞS, ÁsbÓ, ÁRJ, BÁ, BjG, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, HHj, HöskÞ, JRG, KaJúl, KÞJ, LRM, LMós, MSch, OH, REÁ, RM, SDG, SER, SIJ, SkH, UBK, VBj, VigH, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

3 þm. (BirgJ, MT, ÞSa) greiddu ekki atkv.

28 þm. (AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁsmD, BJJ, BjarnB, GÞÞ, GStein, GBS, IllG, JóhS, JBjarn, JónG, KJak, KLM, ÓÞ, ÓN, PHB, RR, SII, SF, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, ÞKG, ÞrB) fjarstaddir.

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 3. umr.

Stjfrv., 136. mál (Icesave-samningar). — Þskj. 346, frhnál. 348, 350 og 351, brtt. 349 og 352.

[10:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):
Hæstv. forseti. Ég tala fyrir framhaldsnefndaráliti frá meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umr. Þar fjallaði nefndin um málið á nokkrum fundum og fékk til sín fulltrúa frá Indefence-hópnum, frá fjármálaráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu og frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og að auki nokkra lögfræðinga.

Það var verkefni nefndarinnar að reyna að styrkja enn frekar þá fyrirvara sem eru í frumvarpinu. Nefndin fjallaði um þá fyrirvara sem bætt var við frumvarpið við 2. umr. og fékk meðal annarra fulltrúa frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta á sinn fund. Þeir töldu mikilvægt að ríkisábyrgðin tæki ekki gildi nema ljóst væri að staða sjóðsins yrði tryggð. Af þessu leiðir að komi til þess að Alþingi takmarki ríkisábyrgðina á grundvelli fyrirvaranna verður greiðsluskylda tryggingarsjóðsins takmörkuð með sama hætti.

Þá var óskað eftir að nefndin skýrði betur með hvaða hætti skyldi farið með hugsanlegar eftirstöðvar á greiðslum í lok samningstímans 2024.

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar taka á þessum atriðum, samanber. eftirfarandi skýringar við þær breytingar. Lagt er til að í 1. gr. verði áréttað að gildistími ríkisábyrgðarinnar sé til 5. júní 2024 þegar inna á af hendi lokagreiðslu lánanna samkvæmt ákvæðum samninganna. Einnig er vísað til þeirra fyrirvara sem kveðið er á um varðandi ríkisábyrgðina. Þar skipta líkast til mestu máli efnahagslegu viðmiðin í 3. gr. Samkvæmt fyrirliggjandi spám um endurheimtur úr búi Landsbanka Íslands hf. og útreikningum

Seðlabanka Íslands munu lánin greiðast upp að fullu á lánstímanum en líklegt verður að teljast að greiðsluferill verði nokkuð annar en samkvæmt ákvæðum lánasamninganna eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Allt að einu er gert ráð fyrir að lokagreiðsla eigi sér stað 5. júní 2024 miðað við fyrirliggjandi áætlun um 75% úthlutun upp í forgangskröfur úr þrotabúi Landsbankans og fyrirliggjandi spár um þróun hagvaxtar. Í breytingartillögu við 3. gr. er tekið á því hvernig fer ef þessar forsendur bresta.

Þá er lagt til að sérstaklega verði tekið fram í 1. gr. að skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar sé að lánveitendum verði kynntir fyrirvarar við ríkisábyrgðina samkvæmt lögunum og að þeir fallist á þá. Tilgangurinn er að tryggt verði að lánveitendur séu í raun bundnir af fyrirvörunum ef ágreiningur rís um túlkun samninganna. Enn fremur er lagt til að tekið verði fram að lánveitendur viðurkenni að skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta séu háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgð samkvæmt lögunum. Þetta atriði er mikilvægt til að tryggja að tryggingarsjóðurinn sitji ekki einn eftir með skuldir samkvæmt lánasamningunum ef á fyrirvarana reynir. Ákvæðið á að gera stjórn tryggingarsjóðsins kleift að staðfesta lánasamningana fyrir sitt leyti.

Lögð er til sú breyting á 3. gr. að tekið verði af skarið um að greiðsluskylda ríkissjóðs vegna lánasamninganna verði aldrei meiri en sem nemur hámarki ríkisábyrgðar á hverju ári samkvæmt viðmiðum 3. mgr. greinarinnar. Stefni í að lánsfjárhæðin ásamt vöxtum verði ekki að fullu greidd í lok lánstímans skuli aðilar lánasamninganna eiga með sér viðræður um meðferð málsins og áhrif þess á samningana og skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Samkvæmt fyrirliggjandi spám um endurheimtur úr búi Landsbanka Íslands hf. og útreikningum Seðlabanka Íslands munu lánin verða greidd upp á lánstímanum. Ef svo ólíklega færi að það gengi ekki eftir mundu aðilar eiga viðræður um hvernig taka bæri á þeirri stöðu. Mikilvægt er að slíkar viðræður fari fram eins fljótt og við verður komið eftir að tilefni skapast. Þannig aukast líkur á hagfelldu samkomulagi fyrir alla aðila málsins. Í texta breytingartillögunnar er vísað til þeirrar stöðu þegar líkur standa til að lán verði ekki að fullu greidd árið 2024. Ljóst er að einnig þarf að ræða við samningsaðila vegna hámarks á greiðslum einstakra ára þótt það sé ekki líklegt til að hafa áhrif á lokagreiðslu.

Lagt er til að í 4. gr. verði áréttað að í viðræðum milli aðila í kjölfar þess að á fyrirvara reyni samkvæmt 2. mgr. 4. gr. verði m.a. fjallað um hvernig farið skuli með eignir úr búi Landsbanka Íslands hf. Ekki þarf að taka fram að þær viðræður munu taka mið af gildandi lögum hér á landi um slit fjármálafyrirtækja.

Nefndin ræddi einnig hvort tilefni væri til að styrkja enn frekar hina lagalegu fyrirvara, einkum þann er lýtur að því hvernig megi fá úr því álitaefni skorið hvort aðildarríki EES-samningsins beri ábyrgð gagnvart innstæðueigendum vegna lágmarkstryggingar. Í áliti meiri hlutans við 2. umr. um málið var vikið að þessu sérstaklega og tekið fram að íslensk stjórnvöld mundu leita leiða í þessu sambandi. Meiri hlutinn telur að sá fyrirvari sem samþykktur var við 2. umr. sé fullnægjandi og ekki sé tilefni til frekari breytinga á ákvæðinu en ítrekar þó réttmæti þess að íslensk stjórnvöld kanni hvort og þá hvernig megi fá úr þessari óvissu skorið á viðhlítandi hátt.

Nefndin tók til umfjöllunar ábendingar eða hugmyndir um möguleikann á að nýta hugsanlegan rétt til skuldajöfnunar í Icesave-málinu.

Fram hefur komið sú gagnrýni að með Icesave-samningunum væri íslenska ríkið að afsala sér mögulegum bótarétti sem til hefði stofnast þegar bresk yfirvöld nýttu heimildir í hryðjuverkalögum og kyrrsettu íslenskar eignir þar í landi. Sérstaklega hefur verið vísað til ákvæðis 9.4 í samningnum við breska ríkið.

Bent var á að íslensk yfirvöld hefðu fengið mat sérfræðinga á réttarstöðu sinni í kjölfar hinna harkalegu aðgerða Breta þar sem dregið hefði verið í efa að íslenska ríkið gæti höfðað mál til viðurkenningar á bótarétti sínum. Íslenska ríkið hefði hins vegar áskilið sér rétt til að styðja við málshöfðanir íslenskra lögaðila, þ.e. Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings hf., að gættum skilyrðum sem fram koma í 2. gr. laga nr. 172/2008, um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008. Það er því álit meiri hlutans að skilanefnd og slitastjórn Landsbanka Íslands hf. séu þeir aðilar sem ættu að láta reyna á skaðabótaskyldu vegna hryðjuverkalaganna fremur en íslenska ríkið og hefur afgreiðsla Icesave-lánasamninganna engin áhrif á þann rétt slitastjórnar og skilanefndar.

Á fundi í nefndinni var óskað upplýsinga um hvernig íslensk stjórnvöld hefðu staðið að því að kynna þá fyrirvara sem samþykktir voru fyrir breskum og hollenskum yfirvöldum. Fulltrúar fjármálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis gerðu nefndinni grein fyrir samskiptum stjórnvalda við erlendu samningsaðilana. Nefndinni bárust einnig afrit af tölvupóstum fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands við samningsaðila í Bretlandi og Hollandi auk þess sem lögð var fram greinargerð á ensku um hina efnahagslegu fyrirvara í frumvarpinu. Sú greinargerð var unnin af Seðlabankanum og síðan var fundur þar sem erlendu aðilarnir gátu hlýtt yfir varðandi þessa efnahagslegu fyrirvara.

Í nefndarálitinu er síðan leiðrétting á töflu varðandi efnahagslegu fyrirvarana. Seðlabankinn óskaði eftir því að töflunni yrði breytt lítillega vegna þess að í þeirri upphaflegu hafði ekki verið tekið mið af því að greiðslur árið 2016 og 2024 eru aðeins tvær, þ.e. aðeins greitt hálft árið. Töflunni er breytt í samræmi við nýja útreikninga út frá áður gefnum forsendum þannig að í sjálfu sér er ekkert nýtt í þessu máli.

Að lesnu þessu nefndaráliti meiri hlutans leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Tekið skal fram að í útbýtingu í gær fór rangt skjal í dreifingu. Það átti eftir að gera minni háttar textabreytingar sem þó skipta máli, bæði við 1. mgr. og eins í 3. gr. þar sem átti að standa greiðsluskylda en ekki greiðslubyrði. Ég vona að menn tryggi sér nýtt eintak af breytingartillögunum sem dreift hefur verið á fundinum.

Undir samþykkt meiri hlutans skrifa undirritaður, Björn

Valur Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Árni Þór Sigurðsson, Oddný G. Harðardóttir, og Þór Saari, með fyrirvara.

Þær breytingartillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur fram við 3. umr. eru studdar af 10 þingmönnum í nefndinni, öllum fulltrúum Samfylkingarinnar, fulltrúum VG, Borgarahreyfingar og Sjálfstæðisflokksins. Mikil og góð samvinna náðist með þessum aðilum við alla umfjöllun og afgreiðslu málsins, málefnaleg, gagnrýnin en jafnframt lausnamiðuð umræða sem leiddi okkur til sameiginlegrar niðurstöðu. Það má geta þess að allt frá upphafi, þegar málið barst til fjárlaganefndar, var lögð á það áhersla að ná samstöðu um málið og kalla eftir öllum þeim gögnum sem óskað var eftir, fá fram allt það sem mátti verða málinu til framdráttar og kallaðir voru til þeir aðilar sem höfðu haldið uppi gagnrýni, hvort sem var í blaðagreinum, tölvupóstum eða með sérstökum erindum til fjárlaganefndar.

Ég þakka þingmönnum í fjárlaganefnd sérstaklega fyrir vönduð og fagleg vinnubrögð, gott samstarf og heilindi í allri umfjöllun í þessu umfangsmikla og erfiða máli. Þá þakka ég einnig starfsmönnum fjárlaganefndar og nefndasviðsins fyrir mikla og vandaða vinnu.

Ég ítreka þær þakkir sem ég flutti við 2. umr. um frumvarpið til þeirra fjölmörgu aðila sem hafa rýnt það til gagns, komið skoðunum sínum á framfæri í ræðu eða riti fyrir þeirra mikilvæga framlag.

Hér er að fást niðurstaða í máli sem hefur tekið mikinn tíma og orku frá ráðuneytum, Alþingi og fjárlaganefnd, máli sem allir þingmenn hefðu viljað vera lausir við að fjalla um eða afgreiða, máli sem ég tel engu að síður að skipti miklu máli að ljúka farsællega.

Fjárlaganefnd hefur við afgreiðslu þess fetað þann vandratað veg að samhliða því sem við sendum út þau skilaboð að Íslendingar standi við þær skuldbindingar sem þeim eru ætlaðar drögum við um leið í efa lagalega skyldu okkar til að ábyrgjast þessar greiðslur. Jafnframt hefur meiri hluti fjárlaganefndar sett þá fyrirvara sem við teljum þurfa til að tryggja sem best hagsmuni íslensku þjóðarinnar við afgreiðslu málsins. Ég vona að lokaafgreiðsla þess leiði til sáttar á milli samningsaðila um viðurkenningu á þeim öflugu fyrirvörum sem settir eru og þannig verði eytt þeirri efnahagslegu óvissu sem uppi hefur verið og tafið efnahagslega endurreisn og lánafyrirgreiðslur til íslenska ríkisins og einkaaðila.

Íslendingar eiga skilið að Alþingi, þingmenn allra flokka, vinni hörðum höndum að endurreisn íslensks samfélags eftir það hrun sem hér varð fyrir ári. Gríðarlega stór verkefni bíða okkar næstu ár og þá kemur sér vel að samningarnir eru að baki og að afborganir Icesave-samninganna bíða næstu sjö árin.

Þrátt fyrir allt eru Icesave-samningarnir aðeins fjórðungur af þeirri skuldsetningu sem ríkið verður að taka á sig vegna taps Seðlabankans, endurreisnar bankanna, halla á fjárlögum ríkissjóðs á yfirstandandi ári og styrkingar gjaldeyrisvarasjóðsins. Icesave-samningarnir eru stór biti, en réttlæta ekki að við horfumst ekki í augu við viðfangsefni dagsins í dag og næstu vikna og mánaða, aðlögun íslensks samfélags og útgjöld ríkissjóðs af raunverulegum tekjum þjóðarbúsins. Tryggja þarf hag heimila og fyrirtækja eins og kostur er í því efnahagslega umróti sem hér er og stuðla að aukinni atvinnu.

Ég vil í lokin ítreka þakkir til allra sem unnu heilt að því að breyta og bæta frumvarpið um ríkisábyrgðina og styrkja það með þeirri fyrirvaraleið sem farin var. Megum við eiga málefnalega lokaumræðu um málið og ljúka því með atkvæðagreiðslu í dag eða kvöld.

[10:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni og formanni fjárlaganefndar fyrir ræðu hans. Það þarf ekki að rekja þetta mál en eins og hv. þingmaður nefndi hafa menn unnið að þessu lengi og mikið og náð eins góðri sátt eins og mögulegt er. Í *Morgunblaðinu* í dag segir, með leyfi forseta, í viðtali við Ragnar H. Hall:

„Mér finnst Alþingi hafa sýnt styrk sinn í þessu máli. Nefndarvinnan í fjárlaganefnd hefur gjörbreytt málinu og skapað betri sátt um það," segir lögmaðurinn.

Og ég held að allir sem að þessu máli koma komist að þeirri niðurstöðu að við séum að tala um algera byltingu á málinu, gerbreytingu frá því sem lagt var upp með. Ýmsar túlkanir stjórnarliða hafa hins vegar gert það að verkum að málið er orðið erfiðara og er ekki ástæða til að rekja hér. Ég vildi þess vegna, virðulegi forseti, fá að heyra það beint frá formanni fjárlaganefndar hvernig hann túlkar það. Túlkar hann það ekki sem svo eins og aðrir sem þetta mál skoða að hér sé um gerbreytingu á málinu að ræða?

[10:49]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er hægt að velja svo mörg orð um það hvort um er að ræða gerbreytingu á máli eða ekki en ég tel auðvitað að þeir fyrirvarar sem settir eru séu gríðarlega mikilvægir og hafi veruleg áhrif á samninginn sem slíkan, annars hefðum við ekki verið að setja þá. Allt frá því að við hófum vinnuna í fjárlaganefnd reyndum við að kortleggja það sem við töldum vera veikleikann við samningsgerðina, bæði vegna þess að samninganefnd tók ekki á ákveðnum atriðum vegna þess sem lagt var fram með en einnig vegna þess að við vildum viðhalda ákveðnum þáttum í þessu máli. Þetta var allt saman sett inn í fyrirvara og það er ekki gert bara að gamni, það er gert vegna þess að það skiptir máli og vegna þess að það eru breytingar og fyrirvarar sem skipta gríðarlega miklu í þessu máli. Ég vil taka undir það að hér hafa orðið verulegar breytingar á málinu og það styrkt í umfjöllun nefndarinnar. Enda er það hlutverk Alþingis að taka svona mál og vinna það til enda og gera þær breytingar sem Alþingi telur réttar og þannig höfum við unnið að málinu.

[10:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég spyr hv. þingmann, og ég held að þjóðin muni fylgjast vel með því hvernig stjórnarliðar tala í dag í þessu máli, er sú að ef menn ætla að ná sátt í málinu er leiðin til þess ekki sú að gera lítið úr þessum breytingum sem svo sannarlega, eins

og lögmaðurinn sem ég vitnaði til sagði, hafa gerbreytt málinu. Í rauninni finnst mér það vera afskaplega veikt orðalag. Ef við berum saman það sem lá fyrir þinginu og átti að keyra í gegnum þingið á nokkrum dögum án þess að þingmenn fengju að sjá samninginn, sem við munum öll gera sem komum að honum, hefur sem betur fer orðið gríðarlega mikil breyting. En ef menn ætla að reyna að túlka þetta með öðrum hætti eru þeir í það minnsta ekki að reyna að vinna að sátt í málinu eða sjá til þess að við séum að gæta hagsmuna okkar Íslendinga.

[10:52]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að orðið hafa verulegar breytingar og er engin ástæða til að draga úr því. Aftur á móti gerist það gjarnan þegar fjallað er um svona mál að menn koma með mismunandi söguskýringar á því hvernig aðdragandinn hefur verið og hvernig hlutirnir hafa verið unnir. Þannig hafa t.d. sumir hafa lagt á það áherslu að hér hafi átt að keyra málið í gegn án umræðu o.s.frv. Ég hef aldrei upplifað það þannig. Ég hafði alltaf reiknað með því að þegar ég fengi verkefnið inn í fjárlaganefnd ætti að vinna það og gefa því þann tíma sem við þyrftum. En mér finnst þetta vera aukaatriði.

Niðurstaðan er komin. Það náðist mjög breið sátt, það voru öflugir talsmenn frá öllum flokkum í nefndinni, ekki síst frá Sjálfstæðisflokknum sem töluðu um það ásamt okkur frá upphafi að það ætti að reyna að ná sátt í þessu máli, þetta væri of stórt mál til að hleypa út í samfélagið með bullandi ágreiningi. Þeir hafa unnið heilt að þessu og hafi þeir innilegar þakkir fyrir það eins og aðrir þeir sem unnu að sameiginlegri lausn.

[10:53]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson nefndi áðan að það hefði verið markmið að viðhalda ákveðnum þáttum í málinu. Ef ég ber saman frumvarpið sem lagt var fram í byrjun júlí og það frumvarp sem hér stendur miðað við þær breytingartillögur sem lagðar hafa verið fram spyr ég hv. þingmann: Hvað stendur eftir af upphaflegu frumvarpi? Hvað stendur eftir annað en fyrirsögnin?

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þingmann varðandi umfjöllun í nefndaráliti um skuldajöfnunarrétt. Mér finnst nefndarálitið ekki svara því hvernig afstaða meiri hlutans er gagnvart skuldajöfnunarrétti. Það er mikið fjallað um skaðabótaréttinn en það er ekki sami hluturinn þannig að ég velti fyrir mér hvaða afstöðu meiri hlutinn hefur gagnvart því hvort Íslendingar hafi skuldajöfnunarrétt miðað við samningana sem fyrir liggja.

Í þriðja lagi mundi ég vilja biðja hv. þingmann að segja okkur hvað hann telji að breytingartillaga 1.b (Forseti hringir.) kalli á af hálfu ríkisstjórnarinnar ef málið verður samþykkt í þessari mynd.

[10:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla hverjum og einum þingmanni að skoða hvað stendur eftir. Samningurinn stendur í sjálfu sér skrifaður. Fyrirvararnir eru skýrir. Það er það sem Alþingi var að fjalla um. Þeir eru bæði lagalegir og efnahagslegir og veigamiklir og það er rétt sem komið hefur fram í umræðunni að þeir eru mjög þungir varðandi ákveðin atriði sem menn töldu að hefðu týnst í samningunum. Þá á ég við það að viðhalda ákveðnum lagalegum rétti til að halda óvissunni.

Því hefur raunar verið haldið við í gegnum allt málið og hvergi í samningunum neitt sem hindrar að þessu sé viðhaldið. En það er skerpt á því og það skiptir mjög miklu máli og eins að íslensk lög varðandi skiptingu bús gildi um málið. Allt eru þetta hlutir sem styrkt hafa málið mjög mikið og sama gildir um efnahagslegu fyrirvarana.

Varðandi skuldajöfnunarréttinn er einmitt stærst í því máli skaðabótakrafan. Það er mál sem menn eyddu verulegum upphæðum í að rannsaka af fyrri ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni þar sem niðurstaðan var að ríkið væri ekki aðili í því máli þannig að það borgaði sig að sækja það fyrir breskum dómstólunum. (Forseti hringir.)

Varðandi aðra þætti verð ég að svara í seinna andsvari.

[10:55]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Varðandi skuldajöfnunarréttinn er spurningin sú annars vegar um hvort skaðabótaskylda geti komið til og hins vegar hvort heimilt sé að skuldajafna á móti greiðslum í þessu samkomulagi. Ég velti fyrir mér hvort meiri hlutinn hefur afstöðu til skuldajöfnunarréttarins sem slíks.

Varðandi það hvernig málið hefur breyst er auðvitað öllum það ljóst og það var eiginlega það sem ég kallaði eftir að hv. þingmaður segði, að ekkert standi eftir af því frumvarpi sem lagt var fram nema fyrirsögnin. Hér var lagt fram frumvarp sem fól í sér að Alþingi heimilaði fjármálaráðherra án allra skilyrða og án allra fyrirvara að veita ótakmarkaða ríkisábyrgð vegna Icesave-samkomulagsins en það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að málið hefur tekið gríðarlega miklum framförum og inn eru komnir margvíslegir mjög gildir fyrirvarar. (Forseti hringir.) Það skiptir ekki síst máli það sem ég nefndi varðandi b-lið 1. breytingartillögu sem ég vona að hv. þingmaður gefi sér tíma til að svara í seinna andsvari.

[10:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég ætla að taka undir með hv. þingmanni. Það er alveg rétt hjá honum að frumvarpið um ríkisábyrgð hefur tekið gríðarlegum breytingum og fátt stendur eftir nema nokkrar línur úr því frumvarpi en þar hefur miklu verið bætt við. Ég svaraði óvart varðandi samninginn sem slíkan.

Varðandi þessa 1. mgr. og að við þurfum að fá staðfestingu frá Hollendingum og Bretum áður en gengið er frá samningum, það hefur svo sem alltaf legið fyrir en er skerpt í lokaumræðunni einfaldlega vegna þess að menn höfðu einhverjar efasemdir um að breytt lög mundu taka á þessu

atriði. En það er klárlega töluvert umdeilanlegt hversu bratt á að fara í þetta ákvæði vegna þess að er eingöngu um að ræða einkaréttarlegan samning eða er þetta þjóðréttarlegur samningur? Að hve miklu leyti ætlum við að krefjast þess að hér verði gerðar einhverjar ítarlegar skýrslur eða pappírar? Við höfum valið að það þurfi að liggja fyrir staðfestingin á því að þessir fyrirvarar haldi frá þessum aðilum. Við gerum það viljandi að láta það vera afgreitt af öðrum aðilum einfaldlega vegna þess að þingið tekur um það afstöðu. Þingið er ekki í samningum við neinn (Forseti hringir.) og þess vegna er það fjármálaráðherra sem verður að fylgja þessu eftir og mun þá velja þá leið sem dugar og það er það sem skiptir okkur máli.

[10:58]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég fagnaði orðum hv. þingmanns þegar hann svaraði í andsvari að í hans huga hefði þetta frumvarp veruleg áhrif á samninginn. Það opinberaði veikleika við samningagerðina og hann staðfesti að þarna væri um verulegar breytingar á málinu að ræða. Þarna var ég mjög ánægð með hv. þingmann og heyrði að hann hafði sama skilning á þessu og ég. Þess vegna brá mér aðeins við þegar hann svaraði svo í andsvari við seinni þingmanninn að samningurinn standi eftir skrifaður.

Ég vil hnykkja á spurningunni sem varpað hefur verið til hv. þingmanns: Er þetta sami samningurinn sem stendur eftir skrifaður eða erum við með þessu frumvarpi og þeim breytingartillögum og þeirri takmörkuðu ríkisábyrgð sem við erum að staðfesta hér, að gera Bretum og Hollendingum gagntilboð. Í annan stað (Forseti hringir.) vil ég spyrja þingmanninn: Hvernig hefur þetta verið kynnt fyrir Bretum og Hollendingum? Er þetta sami samningurinn sem verið er að kynna eða er verið að tala um þetta sem gagntilboð?

[11:00]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það má auðvitað túlka það þannig að þessir fyrirvarar taki klárlega á veikleikum samninganna. Það sagði ég í ræðu minni áðan. Allt það sem við töldum að betur hefði mátt fara var kortlagt, það sem við þyrftum að taka á, og síðan fórum við skipulega í að reyna að taka á þeim atriðum til að styrkja stöðu málsins í þágu þjóðarinnar með valdi Alþingis. Síðan geta menn rætt um hvort um sé að ræða gagntilboð eða ekki. Viðkomandi aðilar, þ.e. Hollendingar og Bretar, verða að fallast á að þessir fyrirvarar séu forsenda ríkisábyrgðarinnar. Og það verður þá hver og einn að meta hversu langt þeir ganga, hvort þeir blessa þetta sem slíkt eða hvort þeir óska eftir að ræða við fjármálaráðherra um málið. Ég tel að þeir eigi ekkert val, þeir verði að ganga að þessum samningum. Hann er unninn með sanngirni að leiðarljósi og alls staðar er notuð sú leið, það er Alþingi sem setur ríkisábyrgðina, það er alls staðar efnt til (Forseti hringir.) viðræðna ef menn vilja fara í breytingar. Og síðan er það Alþingi sem tekur ákvörðun um hvort ríkisábyrgðin heldur eða ekki og frá því getur enginn vikið í framhaldinu.

[11:01]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem ég kalla eftir í andsvari við hv. þingmann, og ég er þokkalega ánægð með svörin sem ég fékk, er að þegar breytingartillögur voru kynntar við 2. umr. Þegar sú umræða fór fram um frumvarpið komu fram sjónarmið, bæði frá ríkisstjórninni og einstökum þingmönnum, m.a. varaformanni fjárlaganefndar, um að þetta væri sami samningurinn, honum hefði ekki verið breytt í neinum grundvallaratriðum. Við sjálfstæðismenn erum því ósammála og teljum að með því að takmarka ríkisábyrgðina með þessum hætti sé samningurinn frá 5. júní í raun og veru ekki sá sami og Bretar og Hollendingar skrifuðu undir með okkur. Þess vegna spyr ég: Rúmast þessir fyrirvarar með sömu skapandi hugsuninni og hæstv. utanríkisráðherra boðaði á fyrri stigum í samningunum? Stendur undirliggjandi samningurinn enn með skapandi hugsun (Forseti hringir.) eða erum við í raun að fella hann með þessum fyrirvörum?

[11:02]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Í fjárlaganefnd var í upphafi lagt upp með að við ætluðum ekki að fella samninginn. Annars hefðum við bókstaflega gert samþykkt um að óska eftir að teknar yrðu upp nýjar samningaviðræður. Við völdum aðra leið sem er þessi fyrirvaraleið og það er alveg klárt að þessir fyrirvarar hafa áhrif á gildi samningsins með mjög afgerandi og sterkum hætti. Ég tel þó engu að síður að það séu hagsmunir bæði Breta og Hollendinga jafnt sem okkar að þessir fyrirvarar hljóti brautargengi og verði samþykktir. Þeir hafa veruleg áhrif á stöðu okkar sem ríkis varðandi greiðslurnar, bæði lagalega gagnvart skiptingu búsins og ekki hvað síst varðandi hámarksgreiðslur þar sem við getum tryggt okkur fyrir því að ef við eigum í efnahagslegum örðugleikum munum við ekki greiða með sama hætti og ákveðið er í þessum samningi. Það eru klárlega höfð áhrif á samninginn, það er klárlega reiknað með því að Bretar og Hollendingar verði að staðfesta það því að öðruvísi getur tryggingarsjóðurinn ekki tekið lánið.

Það þýðir ekki að við séum að hafna samningnum sem slíkum. Það yrði þá bara gert beint. Þetta eru orðaleikir fyrir mér, (Forseti hringir.) það liggur alveg fyrir hvernig vinnan var unnin og við hvað við vorum að glíma, eins og ég kom að í ræðu minni. Við erum að styrkja málið verulega og breyta samningum en það var ekki ætlunin að senda þau skilaboð (Forseti hringir.) að við værum að fella hann.

[11:04]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er nú ekki þannig að ég ætli að gera athugasemdir við málflutning formanns fjárlaganefndar heldur þvert á móti að þakka honum, nefndarmönnum öllum, bæði í meiri hluta og minni hluta, sem og nefndarmönnum í efnahags- og viðskiptanefnd og utanríkismálanefnd og öllum öðrum sem lagt hafa mikla vinnu á sig í þessu máli endilangt sumarið. Því verður varla á móti mælt að þetta er eitthvert stærsta og erfiðasta mál sem nokkur þingnefnd

hefur nokkru sinni fengið á sitt forræði og ég tel að nefndin hafi leyst starf sitt af hendi með miklum sóma og eigi þakkir skilið. Í mínum huga verður það nú ekki það sem mestu máli skiptir þegar upp er staðið hvernig við reynum að túlka þetta til eða frá, heldur hitt hvort hér sé að verða til efniviður í farsæla lausn þessa vandræðamáls. Það hljótum við öll að vona, að hér hafi tekist þannig til að búið hafi verið eins vel um lendingu í þessu erfiða máli hvað okkar hagsmuni snertir eins og erfiðar aðstæður Íslands buðu upp á.

[11:05]

Útbýting:

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 136. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 350.

[11:05]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar um frumvarp ríkisstjórnar um ríkisábyrgð á skuldum gegnum Tryggingarsjóð innstæðueiganda og fjárfesta. Í nefndaráliti við 2. umr. málsins á Alþingi var færður fram ítarlegur rökstuðningur fyrir þeirri afstöðu 1. minni hluta að ríkisstjórnin hafi ekki farið að fyrirmælum Alþingis við úrvinnslu málsins. Til frekari rökstuðnings þessari skoðun er í framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta gerð grein fyrir því hvernig fyrirmæli Alþingis voru virt að vettugi við samningsgerðina um Icesave-reikninga Landsbanka Íslands.

Enn fremur er gerð grein fyrir þeim breytingum sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði höfuðáherslu á að næðu fram að ganga við meðferð málsins. Einnig tekur álitið á mögulegri skaðabótaábyrgð Evrópusambandsins vegna ágalla í evrópskri löggjöf um innstæðutryggingar. Og að lokum er fjallað um tengsl lánasamninga og ríkisábyrgðarinnar og hagsmuni íslenska ríkisins og afsal réttinda. Afstaða 1. minni hluta fjárlaganefndar til málsins í heild er svo dregin fram í lok framhaldsnefndarálitsins.

Icesave-samningarnir bera þess glöggt merki að íslenska samninganefndin hafi verið ofurliði borin af hálfu Hollendinga og Breta þvert á það sem hin umsömdu viðmið gáfu fyrirheit um. Á því ber ríkisstjórnin alla ábyrgð.

Órói innan lands, alþjóðlegur þrýstingur, flækjustig málsins og gríðarmiklir hagsmunir áttu að gefa ríkisstjórninni tilefni til að vanda betur til samningagerðarinnar til að ná fram ásættanlegri niðurstöðu. Fjármálaráðherra kaus til að mynda að láta pólitíska samherja leiða samningaviðræðurnar fyrir Íslands hönd í stað þess að fá aðila með viðamikla þekkingu á alþjóðlegri samningagerð til að gegna því starfi.

Staðfesting þess að niðurstaða viðræðnanna hafi verið óásættanleg birtist m.a. í ósamkomulagi innan ríkisstjórnarinnar eftir að samningar voru undirritaðir og mikilli tregðu við að kynna samningana með viðhlítandi hætti fyrir utanríkismálanefnd og þingflokkunum.

Þessa sást einnig stað í ófullnægjandi aðgangi sem stjórnvöld veittu alþingismönnum að gögnum málsins við upphaf þinglegrar meðferðar.

Þær breytingar á frumvarpinu sem unnar hafa verið í fjárlaganefnd varpa ljósi á það hversu forkastanleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið í þessu máli.

Í meðförum nefndarinnar hefur frumvarp ríkisstjórnarinnar tekið gríðarlegum breytingum og að því gefnu að breytingartillögur nefndarinnar hljóti staðfestingu má segja að við endanlega afgreiðslu Alþingis byggi afgreiðsla málsins á allt öðrum forsendum en þeim sem ríkisstjórnin lagði upp með. En þær voru, eins og alþjóð er kunnugt, að Alþingi samþykkti ríkisábyrgð án nokkurra takmarkana á þeim skuldbindingum sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta hafði gert, með staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

Allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar í aðdraganda framlagningar frumvarpsins þann 2. júlí 2009 ber vott um fljótræði og litla sem enga yfirsýn um innihald þeirra samninga sem ríkisstjórnin staðfesti að kvöldi 5. júní sl.

Þannig hélt forsætisráðherra því fram í fréttum sama dag og samningarnir voru undirritaðir að eignir Landsbanka Íslands mundu standa undir a.m.k. 95% þeirra skulda sem á Ísland kynni að falla vegna Icesave-reikninga bankans.

Tveim dögum áður sagði fjármálaráðherra að það væru algerar sögusagnir að til stæði að taka eitt risavaxið lán með himinháum vöxtum og að í sjónmáli væri mun hagstæðari samningur en áður hefði verið rætt um. Einnig gaf hann í skyn að samninganefndin, undir forustu Svavars Gestssonar, næði „glæsilegri niðurstöðu“ innan skamms. Þau orð voru síðan dregin til baka að nokkru leyti. Einnig lét formaður samninganefndarinnar hafa það eftir sér í fjölmiðlum að hann hefði ekki nennt að hafa málið lengur hangandi yfir sér.

Öll þau ummæli sem hér er vitnað til eru afar óviðeigandi svo ekki sé meira sagt. Því miður eru framangreindar tilvitnanir ásamt öðrum þeim upplýsingum sem fyrir liggja í gögnum málsins hjá fjárlaganefnd óræk staðfesting þess að höndum hafi verið kastað til við framlagningu frumvarpsins þar sem farið var fram á ríkisábyrgðina.

Það liggur fyrir, í ljósi þess sem síðar hefur verið upplýst, að þegar frumvarp ríkisstjórnarinnar var lagt fram hafi verið afar takmörkuð vitneskja innan stjórnarflokkanna um þær gríðarlegu skuldbindingar sem það fól í sér. Enda kom á daginn við vinnu fjárlaganefndar að gögn málsins voru gríðarleg að vöxtum og yfirferð þeirra krafðist mikillar vinnu, jafnt alþingismanna, sérfræðinga sem og hins almenna borgara landsins. Sífellt komu fram nýjar upplýsingar sem nauðsynlegt reyndist að vinna betur úr.

Ég þakka sérstaklega forustu fjárlaganefndarinnar, þeim hv. þm. Guðbjarti Hannessyni og Árna Þór Sigurðssyni gagngera og vandaða yfirferð yfir það afleita frumvarp sem til meðferðar var. Sú vinna og sú verkstjórn hefur skilað miklum árangri.

Eins og áður segir liggja fyrir mjög viðamiklar tillögur til breytinga á því frumvarpi sem fjármálaráðherra mælti fyrir á Alþingi 2. júlí. Í stað þeirrar galopnu og fáorðu heimildar sem frumvarpið mælti fyrir um hafa verið settir inn í það gildir fyrirvarar til að tryggja hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Þessum fyrirvörum er ætlað að styrkja rétt Íslendinga í samskiptum við Breta og Hollendinga og sníða

af ýmsar verstu afleiðingar þeirra samninga sem gerðir voru í umboði ríkisstjórnarinnar við þessar þjóðir. Breytingarnar munu m.a. stemma stigu við íþyngjandi fjárhagslegum afleiðingum samninganna, treysta aðkomu Alþingis að málinu við framkvæmd þess og setja sólarlagsákvæði á gildistöku ríkisábyrgðar vegna láns til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Það er því ljóst mál að Alþingi fjallar nú um gjörbreytt frumvarp frá því að það var fyrst lagt fram. Í rauninni hefur ríkisstjórnin verið gerð afturreka með það frumvarp sem hún lagði upp með. Í ljós hefur komið að ríkisstjórnin gekk til samninga við Hollendinga og Breta þar sem forsendan var ríkisábyrgð til handa tryggingarsjóðnum, vitandi vits að hvorki samningarnir né ríkisábyrgðin nytu stuðnings meiri hluta Alþingis eða allra ráðherra ríkisstjórnarinnar.

Eðlilegast hefði verið, líkt og bent var á í nefndaráliti 1. minni hluta við 2. umr. málsins, að ríkisstjórnin hefði gengið að nýju til samningaviðræðna við Breta og Hollendinga til að reyna til þrautar að ná samningum þar sem aðilar tækju meira mið af hagsmunum Íslands en fyrirliggjandi samningar gera. Því miður var ríkisstjórnin ófáanleg til þess.

Það var við þessar aðstæður sem Alþingi gerði grundvallarbreytingar á málinu og lagaði það að vilja þingsins. Ef þessi málsmeðferð getur ekki orðið grundvöllur sáttar er það mat 1. minni hluta að rétt sé að láta á málið reyna fyrir dómstólum. Þær breytingar sem gerðar hafa verið og liggja fyrir við 3. umr. eru þessar helstar:

1. Verða lánasamningarnir nú túlkaðir í samræmi við hin umsömdu viðmið frá 14. nóvember, þar sem m.a. er gert ráð fyrir að tekið sé sérstakt tillit til erfiðra og fordæmislausra aðstæðna á Íslandi. Ljóst er af erindisbréfi að verkefni samninganefndar ríkisstjórnarinnar um Icesave var ekki skilgreint í samræmi við þessa ályktun.

2. Tryggt er nú að ekki verði hægt að gera aðför að eigum Íslands sem fullvalda ríkis. Í Icesave-samningunum eru ákvæði þar sem fallið er frá þessum friðhelgisrétti. Í þeim efnum var gengið miklu lengra en gerist og gengur í öðrum lánasamningum ríkisins. Því er snúið við í meðförum Alþingis.

3. Sett hefur verið inn nýtt ákvæði í frumvarpið sem tryggir með skýrum hætti, gagnstætt því sem var í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar, óskoruð yfirráð yfir náttúruauðlindum landsins og jafnframt rétt íslenskra stjórnvalda til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhaldsins.

4. Áhrifum hinna efnahagslegu fyrirvara eru gerð ítarleg og góð skil í töflu sem fylgir nefndarálitinu. Þar kemur vel fram hve gríðarlega mikilvægu hlutverki þeir gegna við að lágmarka þann skaða sem af upphaflegu frumvarpi hefði að óbreyttu getað hlotist.

Þar kemur m.a. fram að miðað við óbreytt frumvarp hefði greiðslan á tímabilinu 2016–2024 getað orðið tæpir 868 milljarðar en miðað við fyrirvarana og miðað við gefnar forsendur Seðlabanka Íslands yrðu þessar greiðslur rétt tæpum 600 milljörðum lægri, þ.e. rúmir 280 milljarðar. Í versta tilfelli hins vegar sést ágætlega í töflunni hvernig þessir efnahagslegu fyrirvarar geta varið þjóðina mjög vel gegn þessum gríðarlega háu skuldbindingum ef svo ólíklega færi að við lentum í efnahagslegri ófæru.

Hafa ber í huga þegar við ræðum þetta að hagvöxtur hefur verið um 4% að meðaltali á Íslandi síðustu 10 árin, en einungis 1,98% 10 árin þar á undan.

Með frumvarpinu lagði ríkisstjórnin til að Alþingi samþykkti að Íslendingar mundu ábyrgjast án nokkurra takmarkana allar þær fjárhagslegu skuldbindingar sem af Icesave-samningunum leiddu. Með öðrum orðum fór fjármálaráðherrann fram á ríkisábyrgð á gríðarlega háum greiðslum tryggingarsjóðsins til Breta og Hollendinga án þess að fyrir lægi hvaða áhrif það kynni að hafa á íslenskt þjóðfélag.

Í meðförum Alþingis hafa að forgöngu sjálfstæðismanna verið gerðar grundvallarbreytingar í þessu efni. Reistar eru stífar skorður gegn því að fjárhagsleg byrði af ríkisábyrgðinni verði utan viðráðanlegra marka. Því verður hún miðuð við tiltekna hámarksgreiðslu úr ríkissjóði. Verður ríkisábyrgðin aldrei meiri en sem nemur 6% af vexti landsframleiðslunnar. Ekkert slíkt hámark var í upphaflegu frumvarpi.

5. Sett er inn sólarlagsákvæði á ríkisábyrgðina. Kveðið er á um að ríkisábyrgðin standi ekki lengur en til 5. júní 2024 án tillits til þess hvort fjárhæðin vegna Icesave hafi verið greidd að fullu. Alþingi eitt getur breytt þeirri ákvörðun. Engar slíkar takmarkanir var að finna í frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

6. Ítrekað er að Ísland hafi ekki fallið frá rétti til málsóknar svo úr því fáist skorið hvort Íslendingum beri að greiða lágmarkstryggingu vegna Icesave-innstæðnanna. Komi í ljós að slík ábyrgð sé ekki fyrir hendi verður til fyrirvari um greiðslur sem er háður því að viðræður fari fram á milli Íslands, Hollands og Bretlands um áhrifin á lánasamningana og skuldbindingar ríkissjóðs. Leiði viðræðurnar ekki til niðurstöðu er unnt að takmarka ríkisábyrgðina.

7. Í samningi ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir því að greiðslur vegna eigna úr búi Landsbankans gengju að jöfnu til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hér á landi, Bretlandi og Hollandi. Því hefur nú verið breytt til samræmis við íslensk lög. Þannig hafa verið leiðrétt einhver afdrifaríkustu mistök íslenskra stjórnvalda við samningagerðina sem fyrirsjáanlega hefðu getað kostað íslenska skattgreiðendur mörg hundruð milljarða króna.

8. Með þeim breytingum sem samþykktar voru við 2. umr. málsins er tryggingarsjóðnum gert skylt að láta á það reyna fyrir þar til bærum úrlausnaraðilum hvort kröfur hans gangi við úthlutun framar öðrum vegna sömu innstæðu. Verði niðurstaðan á þann veg skal taka upp viðræður við viðsemjendur okkar. Leiði þær ekki til niðurstöðu getur Alþingi takmarkað ríkisábyrgðina. Þannig geta íslensk stjórnvöld einhliða takmarkað ábyrgðina á greiðslum og skuldbindingum tryggingarsjóðsins.

9. Fyrirvarar þeir og skilyrði sem sett hafa verið inn í frumvarpið um ríkisábyrgðina verða styrkt til muna við lokaafgreiðslu málsins og þannig tryggt að þau nái þeim tilætlaða árangri að reisa skorður við þeirri ríkisábyrgð sem veitt er vegna Icesave-lánasamninganna. Það er gert þannig að áður en ríkisábyrgðin verður veitt er gert að skilyrði að hollenskum og breskum stjórnvöldum verði kynntir fyrirvararnir og þeir fallist á þá með formlegum hætti. Jafnframt er það skilyrði sett að lánveitendur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta viðurkenni að skuldbindingar

sjóðsins verði háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgðin.

Með þessum hætti eru sett inn ákvæði í frumvarpið sem tryggja afdráttarlaust að skilyrði sem Alþingi setur fyrir ríkisábyrgðinni haldi gagnvart viðsemjendum okkar.

10. Alþingi getur ákveðið hvenær sem er að fram fari endurskoðun á lánasamningunum við Breta og Hollendinga. Alþingi hefur eftirlit með framkvæmdinni og fjármálaráðherra ber að veita þinginu árlegt yfirlit um hana.

Nefndin hefur á milli 2. og 3. umr. rætt hvort fyrirvararnir sem bætt hefur verið við frumvarpið rúmist innan samninganna. Það er óbreytt skoðun sjálfstæðismanna að niðurstaða um það komi til með að ráðast af viðbrögðum Breta og Hollendinga. Fyrirvararnir eru óaðskiljanlegur hluti af samþykkt Alþingis á ríkisábyrgðinni og því er breytingartillaga um að stjórnvöld leiti samþykkis breskra og hollenskra yfirvalda á fyrirvörunum áður en ríkisábyrgðin er veitt til verulegra bóta.

Um fyrirvarana er fjallað í áliti 1. minni hluta sem lagt var fram við 2. umr. Þar kemur fram að rekja má tilurð þeirra til óljósra en jafnframt verulega íþyngjandi ákvæða í samningunum sem lúta jafnt að efnahagslegum sem lagalegum atriðum. Samkvæmt orðanna hljóðan ríkir um það meiri háttar óvissa hvort íslenska ríkið geti staðið undir kröfum Breta og Hollendinga um samningsefndir án þess að það verði þjóðarbúinu ofviða og ógni fullveldi þjóðarinnar. Í þessum efnum gegna þeir þættir sem ég nefndi áðan um efnahagslegu viðmiðin lykilhlutverki og meiri hluti fjárlaganefndar hefur lagt til að verði óaðskiljanlegir ríkisábyrgðinni. Þeir hafa í för með sér að greiðsluferill lánanna verður annar en ef greitt væri eftir samningunum eins og ríkisstjórnin ætlaði sér upphaflega að gera. En jafnframt felst í þeim ákveðin öryggisregla sem breytir greiðsluferlunum einungis ef forsendur Seðlabankans bresta. Ég nefni enn og aftur þá töflu sem fylgir framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta sem dregur mjög vel fram áhrif þess ef forsendur ríkisábyrgðarinnar og efnahagslegra viðmiða breytast.

Vinna fjárlaganefndar beindist að því að draga úr áhættu þjóðarbúsins sem gagnrýnendur benda á að sé samfara ríkisábyrgð vegna samninganna. Hefur nefndin við yfirferð sína tekið sérstakt mið, eins og áður sagði, af þingsályktunartillögunni sem liggur samningsumboði ríkisstjórnarinnar til grundvallar og þeim viðmiðum sem þar er vísað til frá 14. nóvember 2008.

Umrædd viðmið voru samþykkt á vettvangi Evrópusambandsins og því vekur það sérstaka undrun að aðkoma sambandsins að samningunum var engin. Rauði þráðurinn í samningunum er að ábyrgð íslenska ríkisins grundvallist á gölluðu regluverki Evrópusambandsins. Að mati 1. minni hluta fjárlaganefndar er það algjörlega óviðeigandi að íslenskur almenningur verði gerður ábyrgur fyrir vanbúnaði og ágöllum á evrópsku löggjöfinni um innstæðutryggingar. Eðlilegra væri að þeir sem á þeirri löggjöf bera ábyrgð beri hallann af þeirri réttaróvissu sem ríkir um gildi og inntak hennar.

Því telur 1. minni hluti fjárlaganefndar að verði frumvarp ríkisstjórnarinnar samþykkt sem lög frá Alþingi kunni þeir ágallar sem finna má á evrópskri löggjöf um innstæðutryggingar, og leitt hafa til tjóns fyrir íslenska ríkið, að leiða til þess að stofnast hafi skaðabótaréttur þess á hendur Evrópusambandinu. Vísar 1. minni hluti fjárlaganefndar í því sambandi til þeirra sjónarmiða sem fram koma í grein þeirra Lárusar Blöndals hæstaréttarlögmanns og Stefáns Más Stefánssonar lagaprófessors sem birtist í *Morgunblaðinu* 8. janúar 2009. Greinin fylgir framhaldsnefndaráliti okkar sem fylgiskjal og menn geta kynnt sér þau sjónarmið sem þar voru reifuð.

Þó svo að það frumvarp ríkisstjórnarinnar sem hér er til umfjöllunar fjalli fyrst og fremst um að heimila fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að veita ríkisábyrgð vegna lána Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu telur 1. minni hluti fjárlaganefndar engu að síður ástæðu til að benda á og fjalla um nokkur ákvæði í lánasamningunum sjálfum. Það er nauðsynlegt í ljósi þeirra órjúfanlegu tengsla ríkisábyrgðarinnar sem frumvarpið mælir fyrir um annars vegar og lánasamninganna við Bretland og Holland hins vegar. Augljóst er að lánasamningarnir, sem ríkisstjórn Íslands og samninganefnd hennar gerði við Bretland og Holland, voru forsenda þess að frumvarp ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgðina var lagt fram.

Jafnljóst er að efni frumvarpsins og þær skuldbindingar sem það felur í sér fyrir íslenska ríkið markast af ákvæðum lánasamninganna sjálfra. Af þeirri ástæðu er ómögulegt að taka afstöðu til ríkisábyrgðarfrumvarpsins einangrað og án þess að ákvæði lánasamninganna sem hún byggist á séu tekin til athugunar.

Við blasir sú alvarlega staðreynd að ríkisstjórn Íslands og samninganefnd hennar féllust fyrirvaralaust á það í lánasamningunum, einkum við Bretland, að Ísland afsalaði sér að fullu öllum hugsanlegum rétti sem á kann að reyna í komandi framtíð í samskiptum þjóðanna tveggja vegna Icesave-samninganna. Á hinn bóginn kveða samningarnir á um algert ábyrgðar- og skaðleysi Bretlands gagnvart íslenska ríkinu vegna kostnaðar eða tjóns sem það kann að hafa orðið fyrir eða verður síðar fyrir vegna aðgerða breskra stjórnvalda. Það réttarafsal sem samningurinn kveður á um er svo víðtækt og alvarlegt að draga má í efa að ríkisstjórnin hafi að íslenskum lögum haft heimildir til að ganga svo langt í svipta íslenska ríkið réttindum sínum gagnvart Bretlandi. Í dæmaskyni nefni ég tvö ákvæði úr lánasamningnum milli Íslands og Bretlands.

Í fyrsta lagi staldra ég við 8. gr. lánasamningsins við Bretland, en þar segir, með leyfi forseta:

„Hvorki lánveitandi né breski tryggingarsjóðurinn munu verða ábyrgir fyrir neinum kostnaði, tapi eða skaða sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda eða íslenska ríkið verða fyrir í tengslum við samning þennan eða uppgjörssamninginn eða á annan hátt í tengslum við Landsbankann fyrir undirritunardag þessa samnings.“

Eins og lesa má er í ákvæðinu að öllu leyti girt fyrir að breska ríkið eða breski tryggingarsjóðurinn verði gerður ábyrgur fyrir nokkrum kostnaði, tapi eða skaða sem íslenski tryggingarsjóðurinn eða íslenska ríkið kunna að verða fyrir vegna samningsins og uppgjörssamningsins sem honum fylgir. Með öðrum orðum samþykkti ríkisstjórn Íslands að íslenska ríkið og íslenski tryggingarsjóðurinn skyldu í framtíðinni vera réttlaus vegna alls skaða sem breska ríkið

eða breski tryggingarsjóðurinn kynni að valda Íslendingum með aðgerðum sínum samkvæmt samningnum.

Það sem vekur þó sérstaka athygli er að í ákvæðinu er skýrt kveðið á um að hvorki breska ríkið né breski tryggingarsjóðurinn verði gerðir ábyrgir fyrir neinum kostnaði, tapi eða skaða sem íslenski tryggingarsjóðurinn eða íslenska ríkið verður fyrir „á annan hátt í tengslum við Landsbankann fyrir undirritunardag þessa samnings“.

Samkvæmt þessu ákvæði er m.a. ljóst að ríkisstjórn Íslands og samninganefnd hennar féllst fyrir sitt leyti í samningaviðræðum við Breta á að afsala rétti íslenska ríkisins til að halda uppi og sækja rétt sinn gagnvart breskum stjórnvöldum vegna þess tjóns sem þau ollu Íslendingum með beitingu hryðjuverkalaganna í októberbyrjun árið 2008.

Öllum má ljóst vera hversu gróflega ákvæðið gengur gegn hagsmunum íslenska ríkisins og er með öllu óviðunandi.

Í annan stað vil ég nefna grein 9 í lánasamningnum við Bretlandi. Í ákvæði 9.4.1. sem fjallar um skuldajöfnun og frádrátt segir, með leyfi forseta:

„Allar greiðslur, sem Tryggingarsjóði innstæðueigenda eða íslenska ríkinu ber að greiða samkvæmt þessum samningi, skulu reiknaðar út og inntar af hendi:

(a) án, og lausar undan frádrætti vegna, hvers konar takmarkana, gagnkrafna eða skuldajöfnunar, og

(b) án nokkurs frádráttar eða án þess að einhverju sé haldið eftir vegna skatta, álagningar, álaga (e. impost), tolla eða annarra gjalda af svipuðu tagi nema þess sé krafist að lögum.“

Á sama hátt stríðir þetta ákvæði samningsins milli Íslands og Bretlands að öllu leyti gegn hagsmunum Íslands. Það kveður á um að íslenska ríkinu og íslenska tryggingarsjóðnum sé skylt að greiða kröfur Breta að fullu og sé með öllu óheimilt að nýta hugsanlega gagnkröfur sem það kann að eiga á hendur Bretum við uppgjör. Verður ekki betur séð en að ákvæði samningsins fari þvert gegn meginreglu lokamálsliðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, um skuldajafnaðar- og gagnkröfurétt íslenska tryggingarsjóðsins.

Í því lagaákvæði er kveðið skýrt á um að íslenska tryggingarsjóðnum sé heimilt að nýta sér kröfur viðkomandi fjármálafyrirtækis á hendur viðskiptamanni til skuldajafnaðar gegn kröfu viðskiptamanns á greiðslu andvirðis innstæðu.

Í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar er því hins vegar haldið fram að afgreiðsla Icesave-lánasamninganna hefði engin áhrif á rétt íslenskra aðila til þess að hafa uppi gagnkröfur á hendur breskum stjórnvöldum vegna þeirrar eignarýrnunar sem beiting hryðjuverkalaganna hafði í för með sér á eignasafn Landsbanka Íslands. Sú fullyrðing meiri hluta fjárlaganefndar er miklum vafa undirorpin. Því má halda fram að slíkur skuldajafnaðar- og gagnkröfuréttur sé útilokaður í lánasamningi Íslands og Bretlands, eins og sjá má í tilvitnuðu samningsákvæði. Í öllu falli má ljóst vera hversu mjög ákvæðið gengur gegn hagsmunum íslenska ríkisins.

Nefna má mörg önnur dæmi um ákvæði í lánasamningunum við Bretland og Holland sem stríða alvarlega gegn hagsmunum íslenska ríkisins og skaða samnings- og réttarstöðu þjóðarinnar til framtíðar. Þau dæmi sem þegar er getið um nægja hins vegar til að varpa ljósi á hversu andstæðir þessir samningar eru hagsmunum landsins.

Lánasamningarnir sjálfir og efni þeirra eru gerðir af núverandi ríkisstjórn og eru alfarið á hennar ábyrgð. Þeir eru jafnframt forsenda og grundvöllur þess frumvarps sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og mælir fyrir um að fjármálaráðherra verði heimilað að veita ríkisábyrgð vegna þeirra skuldbindinga sem lánasamningarnir fela í sér fyrir íslenska ríkið. Af þeirri ástæðu er augljóst að efnisleg afstaða til ríkisábyrgðarfrumvarpsins verður ekki einungis byggð á efni þess heldur einnig á efni þeirra lánasamninga sem frumvarpið byggir á vegna þeirra augljósu og órjúfanlegu tengsla sem á milli þeirra eru.

Fulltrúar 1. minni hluta fjárlaganefndar hafa allt frá því að málið kom til meðferðar í nefndinni lagt sig alla fram um að gera tillögur til breytinga á því frumvarpi sem ríkisstjórnin lagði fram í upphafi. Sú viðleitni og tillöguflutningur höfðu fyrst og fremst það að markmiði að reyna að takmarka það tjón sem upphaflegt frumvarp ríkisstjórnarinnar hefði valdið íslenska ríkinu og íslensku þjóðinni. Það markmið hefur að mati 1. minni hluta fjárlaganefndar að miklu leyti náðst.

Í lánasamningunum eru þó ýmis ákvæði sem fela í sér skuldbindingar án þess að þær hafi stuðning í lögum. Á þetta t.d. við um afsal bótaréttar, gildandi lög o.fl. mætti telja til. Við viljum því af því tilefni árétta þann skilning okkar að skuldbindingar íslenska ríkisins takmarkist við ábyrgð á greiðslum tryggingarsjóðsins eins og að er stefnt og kemur fram í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar. Að öðru leyti muni samningarnir ekki skuldbinda íslenska ríkið beint.

Með þeim breytingartillögum sem samþykktar hafa verið á frumvarpi ríkisstjórnarinnar telja fulltrúar 1. minni hluta fjárlaganefndar sig hafa átt verulegan þátt í því að forða Íslandi frá þeim gríðarlega skaða sem hlotist hefði af óbreyttu upphaflegu frumvarpi.

Eftir standa engu að síður ákvæði þeirra lánasamninga sem rakin hafa verið. Ríkisábyrgð vegna gildistöku þeirra mun með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar verða sett ströng og ítarleg skilyrði. Jafnljóst er að efni frumvarpsins og þær skuldbindingar sem það felur í sér fyrir íslenska ríkið markast af ákvæðum lánasamninganna við Holland og Bretland. Ákvæði þeirra stríða svo augljóslega gegn hagsmunum Íslands að á þau verður ekki fallist að mati 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Virðulegi forseti. Ég hef þá lokið máli mínu og vil að endingu þakka gott samstarf við fjárlaganefndarmenn alla og ekki síður við starfsfólk nefndarinnar sem hefur unnið frábært starf. Að því framhaldsnefndaráliti sem hér með hefur verið gerð grein fyrir standa auk mín þeir Ásbjörn Óttarsson og Einar Kristinn Guðfinnsson.

[11:33]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni fyrir yfirferð hans. Vissulega er það svo að maður staldrar við því að frumvarpið hefur tekið miklum breytingum í meðförum þingsins og er það ekki síst að þakka þrautseigju framsóknarmanna í þessu máli. Hér eru komin inn í

framhaldsnefndarálit 1. minni hluta þau rök sem framsóknarmenn settu inn í nefndarálit sitt milli 1. og 2. umr. undir forustu hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar, svo sem fullveldisákvæðið, friðhelgisréttur inn, yfirráð yfir náttúruauðlindum, efnahagsleg viðmið og svo mætti áfram telja.

Nú hefur það komið í ljós að ríkisstjórnarflokkarnir og Sjálfstæðisflokkurinn eru ekki alveg sammála um hvernig túlka beri þessa fyrirvara og hefur ekki komið nægilega vel í ljós að mínu mati í þinginu hvernig sjálfstæðismenn túlka það. Því vil ég spyrja hv. þingmann: Það kemur fram í b-lið í breytingartillögu við 1. gr. að það sé, með leyfi forseta, „skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá.“

Hvaða möguleika telur þingmaðurinn á því að Bretar og Hollendingar hafni fyrirvörunum alfarið og þá í því ljósi að þá falli þessi ríkisábyrgð úr gildi og þar með Icesave-samningarnir? Hver er afstaða sjálfstæðismanna til þessa atriðis? Ríkisstjórnarflokkarnir telja það vera svo að fyrirvararnir rúmist innan samningsins.

[11:35]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Varðandi spurningu hv. þingmanns um mat mitt á því hverjir séu möguleikarnir á því að Bretar og Hollendingar samþykki þessa fyrirvara, upplýsi ég það hér og nú að ég hef ekki hugmynd um það. Ég get alveg fullyrt að hér á hv. Alþingi gætu verið 63 ólíkar skoðanir uppi um það álitamál. Við 2. umr. málsins undirstrikaði ég og gerði það einnig í ræðu minni áðan að það er einungis á færi Breta og Hollendinga að svara því. Það er ekki hægt að ætlast til þess að við getum svarað þessu með einhverjum afdráttarlausum hætti. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þau skilyrði og þeir fyrirvarar sem breytingartillögur fjárlaganefndar gera ráð fyrir að gildi um ríkisábyrgðina séu þess eðlis að það hljóti að þurfa að virkja ákvæði greinar 13.1.1 í breska samningnum og greinar 12.1 í hollenska samningnum þar sem kveðið er á um að allar breytingar á þeim samningum sem gerðar voru skuli gerast skriflega. Það er augljóst í mínum huga einfaldlega vegna þess, eins og hér hefur komið fram bæði í ræðu hv. formanns fjárlaganefndar Guðbjarts Hannessonar og í ræðu minni áðan, að þetta eru það umfangsmiklar breytingar að við erum að ræða allt annað mál en lagt var upp með þann 2. júlí.

[11:37]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni mjög hreinskilið svar þar sem hann svarar þessari spurningu minni á þann veg að hann hafi ekki hugmynd um það. Svo er um þá aðila sem hafa tjáð sig um þessi mál að þeir hafa ekki hugmynd um hvort Bretar og Hollendingar samþykki þessar breytingar. Það er mikil ábyrgð sem ríkisstjórn Íslands er nú að leggja á íslensku þjóðina að hafa ekki gengið úr skugga um þessi atriði fyrr því að eins og hv. þingmaður benti á og margoft hefur komið fram í ræðum mínum og annarra framsóknarmanna má ekki breyta samningunum samkvæmt grein 13.1.1. í breska samningnum og 12.1 í hollenska samningnum. Þess vegna er málið komið til 3. umr. og til afgreiðslu. Svör stjórnvalda eru þau að þau vita ekki hvort þetta frumvarp taki gildi samkvæmt breskum og hollenskum rétti. Við höfum margoft bent á að taki þessi ríkissamningur gildi án þess að Bretar og Hollendingar taki fyrirvarana gilda dettur samningurinn um leið í breska lögsögu og munu þá um hann gilda bresk lög. Og komi upp ágreiningur um málið dæma breskir dómstólar í málinu.

Ég vil því spyrja hv. þingmann Kristján Þór Júlíusson: Af hverju stóðu sjálfstæðismenn ekki með framsóknarmönnum í því í fjárlaganefnd þegar við óskuðum eftir því að hér kæmi aðili til ráðgjafar við nefndina sem hefði reynslu af breskum lögum og af störfum við breska dómstóla og hefði þekkingu á sviði alþjóðasamningaréttar og alþjóðarétti? Það var hugsað til þess að fjárlaganefnd gæti með einhverjum hætti þreifað á því hvort samningurinn hefði gildi eða hvort honum mætti breyta eins og allir þessir veigamiklu fyrirvarar kveða á um. Um málið ríkir enn fullkomin óvissa. Hér er verið að skuldbinda þjóðina upp að 1.000 milljörðum og óvissan er slík að hér skelfur allt.

[11:39]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ekki nema von og vekur í sjálfu sér enga furðu að það skjálfi allt ef hv. þingmenn standa í þeirri trú að bresk og hollensk stjórnvöld hafi eitthvað með það að gera hvort frumvarp sem Alþingi Íslendinga samþykkir sem lög taki gildi í Bretlandi eða Hollandi. Ég er þeirrar skoðunar, burt séð frá öllu og innihaldi þessa máls, að þau lög sem Alþingi setur gildi og ég þarf ekki að fá álit annarra þjóða á því. Ég tel alveg afdráttarlaust að þau lög sem sett verða um þessi skilyrði sé afdráttarlaus afstaða Alþingis Íslendinga og hún er ekkert undir Bretum og Hollendingum komin.

Ég bendi hv. þingmanni á að einn fulltrúi okkar í fjárlaganefnd kallaði eftir formlegum samskiptum íslenskra og breskra stjórnvalda varðandi álit þeirra á þessu máli. Þau svör sem við fengum voru ekki fullnægjandi og ég vænti þess að þeir ráðherrar sem eru viðstaddir þessa umræðu í dag upplýsi Alþingi um það hver afstaða Breta og Hollendinga til málsins er.

Varðandi þá athugasemd sem hv. þingmaður kom með svo snyrtilega að sjálfstæðismenn hefðu ekki stutt framsóknarmenn í að biðja um frekari gögn og upplýsingar, er hún röng. Sjálfstæðismenn hafa komið því rækilega á framfæri og gerðu það við umræðu í nefndinni að við mæltumst til þess að allar slíkar óskir yrðu virtar. Forræði málsins er hins vegar á hendi stjórnarmeirihlutans þannig að ábyrgðin liggur þar en ekki hjá sjálfstæðismönnum. Þessu vildi ég koma mjög skýrt á framfæri vegna þess að ég tel enga ástæðu til þess, ekki nokkra, að stjórnarandstöðuflokkar fari að efna til ófriðar sín á milli um það hvor hafi betur í þeirri pissukeppni sem mér virtist hv. þingmaður vera að efna til.

[11:41]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Kristján Þór Júlíusson hefur gert

grein fyrir framhaldsnefndaráliti fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd. Hann fór þar vítt og breitt yfir sviðið og ég þakka honum fyrir ágæta framsögu og greinargerð fyrir þeim sjónarmiðum sem þar koma fram. Það er margt í þeirri ræðu og því nefndaráliti sem vekur upp spurningar en eitt ætla ég sérstaklega að staldra við í þessu andsvari. Það er þar sem segir og hv. þingmaður gat um í sinni ræðu að það sé að mati 1. minni hluta, með leyfi forseta: „algjörlega óviðeigandi að íslenskur almenningur verði gerður ábyrgur fyrir vanbúnaði og ágöllum á evrópsku löggjöfinni um innstæðutryggingar. Eðlilegra væri að þeir sem á þeirri löggjöf bera ábyrgð beri hallann af þeirri réttaróvissu sem ríkir um gildi og inntak hennar.“

Nú vil ég spyrja hv. þingmann hvort það sé ekki þannig að það hafi verið Alþingi Íslendinga sem samþykkti lög í innstæðutryggingakerfið í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og það séu því þeir sem bera ábyrgð á þeirri réttaróvissu sem kann að vera fyrir hendi með samþykkt þeirrar löggjafar. (**GÞÞ:** Sem betur fer samþykktum við ekki tillögu Vinstri grænna og Samfylkingarinnar.)

[11:43]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir viðbrögðin við nefndaráliti og þeirri ræðu sem flutt var fyrir því áðan. Það er alveg hárrétt sem kemur fram í máli hans að þar var og er farið vítt og breitt um þetta gríðarlega mikla mál og sömuleiðis í nefndaráliti við 2. umr.

Það er alveg rétt að lögin um tryggingakerfi innstæðueigenda voru innleidd í stjórnartíð þessara flokka á sínum tíma og auðvitað bera þeir ábyrgð á því. Ég hef aldrei vikið mér sem sjálfstæðismaður undan í þeim efnum. En ég minni hv. þingmann líka á þau gögn sem við höfum fengið í fjárlaganefndinni, upplýsingar úr meðferð þingsins á því máli þar sem voru uppi tillögur m.a. frá hæstv. forsætisráðherra sem gegndi þá starfi alþingismanns um að kveða skýrar á um ábyrgð íslenska ríkisins varðandi tryggingar á innstæðum innstæðueigenda. Sem betur fer var ekki farið að þeim tilmælum. Og sömuleiðis flutti, ef ég man rétt, hæstv. núverandi ráðherra, Ögmundur Jónasson, mál sitt með sömu áherslu. Ef vilji er til þess að tengja þetta fortíð stjórnmálaflokkanna með þeim hætti sem hér er boðið upp í væri ég alveg til í þá umræðu. Ég held að það þjóni bara engum tilgangi við afgreiðslu þessa máls að horfa sýknt og heilagt aftur í sætið og reyna að vekja þar upp einhverja gamla drauga. Við erum að reyna að horfa fram á veginn við úrlausn þessa máls og þannig höfum við unnið í fjárlaganefndinni og ég heiti á hv. þingmann að vinna með þeim ágæta hætti áfram sem hann hefur gert í fjárlaganefnd.

[11:45]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um að það á að líta fram á veginn. Að vísu finnst mér þá framtíðarsýn vanta býsna mikið í framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar því miður, en það er önnur saga.

Það sem ég vakti athygli á og er ástæðan fyrir því að ég fer hér aftur í tímann er það sem Sjálfstæðisflokkurinn segir sjálfur í framhaldsnefndaráliti sínu, hann varpar ábyrgðinni á þá sem bera ábyrgð á þessari löggjöf og löggjöfin var sett 1999 að frumkvæði þáverandi viðskiptaráðherra, Finns Ingólfssonar, það er óumdeilt. Og ef það er eins og segir í nefndaráliti Sjálfstæðisflokksins að þeir sem bera ábyrgð á þeirri löggjöf eigi að bera hallann á þeirri réttaróvissu sem ríkir um gildi inntaks hennar, hljóta það að vera þeir sem samþykktu lögin. Þá koma breytingartillögur frá einhverjum öðrum þáverandi þingmönnum sem ekki hlutu brautargengi og skipta engu máli í því efni, það er löggjöfin sjálf sem skiptir máli. Það er það sem ég vek athygli á og spyr þingmanninn hvort ábyrgðin sé þá ekki örugglega hjá þeim sem stóðu að þessari lagasetningu.

[11:46]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Kristján Þór Júlíusson) (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef við ætlum að ræða um þetta mál eins og við séum í réttarsal er ég alveg tilbúinn til þess og nefni að sú tillaga sem Vinstri græn og Samfylking fluttu við afgreiðslu þessa máls á sínum tíma hefði þýtt að öllu óbreyttu, ef hún hefði náð fram að ganga, um 400 milljarða hærri skuldbindingu en við ræðum um í dag. Sem betur fer náði hún ekki fram að ganga en ég bendi á að við drögum það fram í áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar, sem hér hefur verið lagt fram, að íslensk stjórnvöld á þessum tíma urðu að innleiða gallaða tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar og undan því varð ekki vikist. (**Gripið fram í:** Rétt.) Á þeirri löggjöf eru þeir gallar sem við höfum verið að velta okkur upp úr í fjárlaganefndinni og í umræðunni á Alþingi. Við viljum kanna allar leiðir og sjá hvort við eigum möguleika á því — og þar er ég að horfa fram á veginn — að sækja réttarbót handa íslenskum skattgreiðendum m.a. vegna þess sem hefst af því að samþykkja það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Því öllu skulum við halda saman og leita leiða svo unnt sé að mæta þessu frumvarpi og áhrifum þess með betri og viðunandi hætti fyrir íslenska skattgreiðendur en ekki síst til þess að standa öflugri vörð um réttindi og hagsmuni íslenskrar þjóðar en var gert við smíði þess gallaða frumvarps sem lagt var fram á Alþingi 2. júlí sl.

[11:48]

Útbýting:

Launaálag formanna stjórnarandstöðuflokka, 171. mál, fsp. JónG, þskj. 354.

Mótmælaaðgerðir og mál lögreglu, 170. mál, fsp. JónG, þskj. 353.

[11:48]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F):

Virðulegi forseti. Áður en ég fer efnislega í það framhaldsnefndarálit sem 2. minni hluti hefur lagt fram vil ég þakka ágætt samstarf í fjárlaganefnd við alla þá aðila sem þar sitja. Ég vil taka fram að þó að ég sé ekki alveg sáttur hefur umræðan verið málefnaleg og aldrei leiðst út í persónulegan ágreining. Enn fremur vil ég þakka þeim riturum

sem unnið hafa fyrir nefndina fyrir mikið og óeigingjarnt starf og tel nefndina vera afar vel setta að hafa það fólk innan borðs.

Það sem ég held að hafi komið fram í umræðunni áður en ég tók til máls er að enn á ný ríkir óvissa um það hvernig þeir flokkar sem standa að meiri hlutanum í þessu máli túlka þá fyrirvara sem hér eru lagðir fram. Ég bendi á ágreining sem er á milli þingmanna Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar, hvort samningarnir standi enn þá óhreyfðir. Það er mitt mat að þó að við séum búin að setja fyrirvara við ríkisábyrgðina standi samningarnir enn þá óhreyfðir og öll þau ósanngjörnu ákvæði sem þar eru innan borðs sem á engan hátt gæta hagsmuna Íslendinga.

Afstaða 2. minni hluta helgast í þessu máli af eftirfarandi röksemdum: Í fyrsta lagi leikur mikill vafi á hvort íslenska ríkinu beri yfir höfuð að greiða Icesave-skuldbindingarnar. Má í rauninni segja að engin haldbær rök hafi komið fram sem segja að það sé ríkisábyrgð á bak við innstæðutryggingarsjóð. Að því leyti fannst mér ósanngjörn sú umræða sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hóf hér rétt áðan og vísaði til þess að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hefðu innleitt tilskipunina árið 1999 eins og þeim bar að gera samkvæmt reglum EES. Er það skilningur framsóknarmanna, með stoð í álitum færustu sérfræðinga, að það eigi að túlka hana öðruvísi en hér er gert. Um það hefur meiri hlutinn sett fyrirvara þó að Framsóknarflokkurinn og sá sem hér stendur telji að ekki hafi nógu langt verið gengið í þá átt.

Í öðru lagi ríkir mikil óvissa um hversu háar fjárhæðir Íslendingum beri að borga yfir höfuð. Skal bent á að jafnvel þó að menn kæmust að því að Íslendingum bæri að greiða 20.887 þús. evrur samkvæmt tilskipuninni er með þessu frumvarpi í rauninni verið að samþykkja að Íslendingar borgi um 300–400 milljarða umfram þessar 20.887 þús. evrur. Það er hluti af þeirri gagnrýni sem 2. minni hluti hefur haldið uppi í þessari umræðu.

Í þriðja lagi hefur þeirri spurningu á engan hátt verið svarað hvort þeir fyrirvarar sem til stendur að bæta við lagafrumvarpið haldi þegar á reynir og hvort þeir gæti hagsmuna íslensks almennings nægilega vel. Það endurspeglaðist í þeirri stuttu umræðu sem átti sér stað fyrir ræðu mína. Annar minni hluti leggur mikla áherslu á að til umfjöllunar eru samningar sem eru óaðgengilegir fyrir Íslendinga. Taldi hann skynsamlegast að allt kapp væri lagt á að samningarnir yrðu lagðir til hliðar og að samið yrði upp á nýtt við Hollendinga og Breta. Því miður reyndist ekki meiri hluti fyrir þeirri skoðun á Alþingi og var frávísunartillaga 2. minni hluta felld í atkvæðagreiðslu um málið eftir 2. umr. Eftir að búið var að fella þann kost að vísa málinu frá vildi 2. minni hluti a.m.k. standa að því að gerðir yrðu fyrirvarar við ríkisábyrgðina sem gæta mundu hagsmuna þjóðarinnar til lengri tíma litið. Sú afstaða er byggð á því sjónarmiði að fyrirvararnir séu skýrir og að hafið sé yfir vafa hvort þeir muni halda. Í því ljósi lagði 2. minni hluti fram breytingartillögur sínar og um tíma var meiri hluti á Alþingi fyrir því að þeir yrðu samþykktir. Stóðu einungis þingmenn Samfylkingarinnar í veginum og hluti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Er einboðið að ef þær breytingartillögur yrðu samþykktar væri hagsmunum almennings enn betur borgið en reynt er að gera með fyrirvörum meiri hlutans. Eftir að frávísunartillagan hafði verið felld ákvað 2. minni hluti að draga breytingartillögur sínar til 3. umræðu með þá von í brjósti að þær fengju sanngjarna meðferð í fjárlaganefnd Alþingis. Því miður varð ekki sú raunin. Þrátt fyrir tilburði í rétta átt telur 2. minni hluti enn ekki nægilega langt gengið í breytingartillögum meiri hlutans og telur að breytingartillögur þær sem hann lagði fram hafi ekki fengið fullnægjandi umfjöllun í nefndinni.

Frá því að málið var lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur 2. minni hluti háð harða baráttu til að upplýsa hversu ósanngjarnir samningarnir eru fyrir hönd Íslands. Má segja að vegna þessarar baráttu séu nú gerðir fyrirvarar við ríkisábyrgðina á Icesave-samningunum. Það er röng söguskýring að staðið hafi til af hálfu meiri hlutans, frá því að frumvarpið var lagt fram, að gerðir yrðu fyrirvarar við það. Það þarf ekki annað en að rifja upp þær umræður sem fóru fram við 1. umr. þessa máls og ummæli, þar á meðal varaformanns fjárlaganefndar, þess efnis að mönnum væri nær að samþykkja samningana óbreytta og hætta þessari vitleysu, orð hans voru eitthvað á þá leið.

Annar minni hluti lýsir ánægju með þann árangur að til skuli standa að setja fyrirvara og bendir enn á ný á að staðið hafi til að samþykkja samningana óbreytta, jafnvel óséða, svo undarlega sem það hljómar. Skal tekið undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að löggjafarvaldið hefur borið sigur úr býtum gagnvart framkvæmdarvaldinu að þessu leyti. Engu að síður verður að benda á þá staðreynd að Alþingi hefur sett niður í meðförum málsins. Gögnum hefur verið leynt, umræðan hefur verið afvegaleidd og beiðnum um aðkomu sérfræðinga sem og framlagningu gagna hefur einfaldlega verið hafnað. Má segja að skýr stefna annars ríkisstjórnarflokksins og hluta hins, að samþykkja samningana óbreytta, hafi ráðið miklu þar um. Að mati 2. minni hluta er þetta til marks um að ekkert hefur unnist í tíð núverandi ríkisstjórnar við að auka virðingu þingsins. Þvert á móti liggur það fyrir eftir 2. umr. málsins að hún hefur minnkað töluvert.

Annar minni hluti lagði fram breytingartillögu þess efnis að ekki yrði troðið á þeim sjálfsagða fullveldisrétti sjálfstæðrar þjóðar að fá skorið úr ágreiningsmálum sínum fyrir óháðum dómstóli eða þar til bærum úrlausnaraðila. Lagði hann til að áréttað yrði að sá réttur yrði mun víðtækari en kemur fram í breytingartillögum meiri hlutans og um leið yrði gert mun líklegra að Íslendingar fengju notið þess ef það reynist rétt að ekki ríkisábyrgð sé á bak við innstæðukerfi Evrópusambandsins. Með því vildi 2. minni hluti ekki aðeins gera fyrirvarann skýrari heldur jafnframt auka líkur þess að Ísland yrði ekki eitt látið bera ábyrgð á þeim göllum sem eru á evrópska innstæðutryggingarkerfinu.

Annar minni hluti harmar að meiri hluti fjárlaganefndar hafi ekki séð sérstaka ástæðu til að fjalla um málið á milli 2. og 3. umræðu, breytingartillögu sem eingöngu er til þess fallin að styrkja réttarstöðu Íslands og um leið að gæta betur að hag almennings.

Varðandi útgreiðslur á kröfum úr þrotabúi Landsbankans lagði 2. minni hluti í fyrsta lagi fram breytingartillögu þess efnis að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta léti reyna á það fyrir slita- og skiptastjórn þrotabús

Landsbankans hvort kröfur hans gengju við úthlutun framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu og hagaði kröfulýsingunni þannig að reynt gæti á þennan rétt með málskoti til héraðsdóms eða Hæstaréttar. Annar minni hluti telur nauðsynlegt að það komi skýrt fram í lagafrumvarpinu þar sem rétturinn til að höfða dómsmál stofnast ekki að þessari aðgerð undangenginni.

Í annan stað telur 2. minni hluti afar ósanngjarnt að ef dómstólar úrskurða íslenska innstæðutryggingarsjóðnum í hag fái Íslendingar ekki notið þess beint heldur skuli einungis viðræður hefjast á ný við Breta og Hollendinga, eins og meiri hlutinn leggur til. Annar minni hluti tekur fram að Ragnar H. Hall hrl., sem hvað harðast hefur gengið fram um að þetta ákvæði verði sett, benti sjálfur á á fundi fjárlaganefndar milli 2. og 3. umræðu að eðlilegra hefði verið að hafa fyrirvara með þeim hætti sem 2. minni hluti lagði til. Er með eindæmum furðulegt hvers vegna þessar tillögur hafa ekki náð fram að ganga þar sem verið er að setja fyrirvara eftir ábendingum hans.

Varðandi þá orðalagsbreytingu sem meiri hlutinn leggur til gerir 2. minni hluti ekki athugasemd við hana en bendir á að hún staðfesti ábendingar 2. minni hluta um óskýrleika þeirra breytingartillagna sem meiri hlutinn lagði til við 2. umræðu.

Í ræðu sinni kom hv. þm. Kristján Þór Júlíusson inn á þá staðreynd að Íslendingar fái ekki notið þess í frumvarpinu ef reynt verður á hryðjuverkalögin svokölluðu fyrir breskum dómstólum. Hann benti líka á að ákvæði séu í samningnum sem kveði á um skuldajöfnunarrétt og að þau ákvæði skerði mjög hagsmuni Íslendinga. Þess vegna má velta fyrir sér að ef hluti þeirra sem standa að áliti meiri hlutans hefur þessa skoðun af hverju ekki var lagt meira kapp á að kanna hvort ábendingar Þorsteins Einarssonar hrl. og Þórhalls Þorvaldssonar hdl. hafi átt við rök að styðjast. Það eru engar tillögur um fyrirvara í samningunum þannig að við fáum notið þessa sjálfsagða réttar.

Annar minni hluti bendir á að Landsbanki Íslands hefur hugsanlega orðið fyrir tjóni sem skiptir tugum ef ekki hundruðum milljarða króna vegna beitingar breska ríkisins á svonefndum hryðjuverkalögum. Þorsteinn og Þórhallur bentu á að enn sé hægt að fá tjón metið með réttum hætti bæði samkvæmt íslenskum og enskum rétti. Hægt væri að lýsa einhliða yfir skuldajöfnuði í samræmi við ákvæði 9. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og þyrfti ekki einu sinni málsókn til. Þegar íslensk stjórnvöld létu hjá líða að höfða mál á hendur Bretum 7. janúar féll rétturinn til að sækja um skaðabætur ekki niður. Annar minni hluti er sammála þeim um að kanna hefði þurft að þessi mál miklu betur og bendir á að ef þetta er rétt hefðu verið miklu meiri líkur á að eignir þrotabús Landsbanka Íslands hefðu dugað fyrir Icesave-skuldinni. Jafnvel þyrfti ekki að reyna á ríkisábyrgðina að lokinni skuldajöfnun ef endurheimtuáætlun meiri hlutans mundi ganga eftir. Um svo mikla hagsmuni er að ræða, en meiri hlutinn — allir flokkar — hafnaði því að það yrði kannað nánar.

Við 2. umr. benti 2. minni hluti á að enn ríki mikil óvissa um það hvenær ríkisábyrgðin muni falla niður. Það er eitt að við leggjum á komandi kynslóðir að þurfa að greiða fyrir skuldir annarra, skuldir einkafyrirtækis, en það er með öllu ólíðandi að sú ábyrgð gildi lengur en til ársins 2024. Má segja að meiri hlutinn hafi á vissan hátt tekið undir þá tillögu með því að setja inn breytingartillögur um að ríkisábyrgðin falli úr gildi 5. júní 2024, en það skal áréttað að það er gert með fyrirvörum. Í stað þess að kveða skýrt á um það er niðurfelling ríkisábyrgðarinnar gerð með fyrirvörum. Annar minni hluti telur að í því felist mikil blekking að gefa í skyn að ríkisábyrgðin falli niður 5. júní 2024 þar sem eftirfarandi kemur skýrt fram í breytingartillögu meiri hlutans, með leyfi forseta:

„Nú virðist á einhverjum tíma stefna í að lánsfjárhæðin ásamt vöxtum verði ekki að fullu greidd í lok lánstímans vegna hinna efnahagslegu viðmiða og skulu aðilar lánasamninganna þá tímanlega eiga með sér viðræður um meðferð málsins og áhrif þess á samningana og skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.“

Má af þessu orðalagi draga þá skýru ályktun að ríkisábyrgðin falli í raun ekki niður heldur verði að semja á ný við Hollendinga og Breta. Þessi blekking er af sama meiði og meiri hlutinn setti í nefndarálit, þ.e. ef skuldahlutfall íslenska ríkisins eða opinberra aðila fer yfir sömu viðmið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti, 250%, 240%, hefur það eitthvert gildi. Það hefur gildi þó að það standi í áliti meiri hlutans. Það þarf að koma skýrt fram í frumvarpinu sjálfu til þess að það gildi. Þannig hljóða öll lögskýringargögn, hinn skrifaði texti gildir fyrst og fremst.

Það ríkir enn á ný mikil óvissa um gildi fyrirvaranna. Hér hefur verið rakið, og kannski óþarfi að rekja nánar, að í grein 13.1 í breska samningnum og grein 12.1 í hollenska samningnum kemur skýrt fram að aðeins sé heimilt að gera breytingar á samningunum, bæta við þá eða falla frá þeim, með skriflegu samkomulagi milli samningsaðila. Svipuð sjónarmið koma fram í grein 6.5 í breska samningnum.

Þingmenn lögðu mismunandi skilning í hvort um nýtt tilboð væri að ræða með setningu fyrirvaranna eða hvort þeir rúmuðust innan skilmálanna. Hér er um grundvallaratriði að ræða og umræður meiri hlutans, sjálfstæðismanna, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna áðan sýna að enn á ný ríkir sama óvissan og meiri hlutinn, sem stærir sig af því að vera samstiga í þessu máli, er það kannski ekki þegar virkilega reynir á.

Virðulegi forseti. Í ljósi þess sem hér hefur komið fram og með vísan í framhaldsálit 2. minni hluta er eitt staðreynd: Óvissunni hefur síður en svo verið eytt. Þvert á móti hefur hún aukist í mörgum mikilvægustu þáttum málsins. Annar minni hluti gagnrýnir hve mikla áherslu meiri hluti nefndarinnar hefur lagt á að afgreiða málið úr nefndinni þó svo að mikilvægum spurningum sé enn ósvarað og að nefndin hafi ekki gætt þess að fullrannsaka atriði sem varða brýna þjóðarhagsmuni. Annar minni hluti gagnrýnir einnig að ekki hafi verið komið á fót faglegu rannsóknarteymi sérfræðinga sem falið hafi verið að kanna alla þætti málsins á hverju sérsviði fyrir sig. Með því hefði mátt koma að ýmsum þeim ábendingum sem nefndinni hafa borist fyrr í umræðunni. Það er algjörlega óviðunandi að það sé háð tilviljunum hvort einstaklingar úti í bæ hafi tíma til að skoða einstaka þætti þessa flókna máls í sjálfboðavinnu og skrifa um það viðamiklar greinar til að koma sjónarmiðum sínum á

framfæri. Má nefna, að öðru ólöstuðu, þá miklu vinnu sem sérfræðingar á vegum Indefence-hópsins hafa lagt fram og þau mörgu álitaefni sú vinna hefur skilað á borð nefndarinnar.

Hér skal skýrt tekið fram að að mati 2. minni hluta er óviðeigandi að tefla fram þeim rökum að Íslendingum beri siðferðisleg skylda til að borga Icesave-skuldbindingarnar án þess að látið verði reyna á lagalega skyldu þess því að í reynd eru það afkomendur okkar sem munu að verulegu leyti burðast með afleiðingar hennar í formi verri lífskjara. Getur 2. minni hluti á engan hátt fallist á að komandi kynslóðum sé gert að bera ábyrgð á mistökum einkafyrirtækis, íslenskra ráðamanna og galla í regluverki Evrópusambandsins. Í því ljósi leggur 2. minni hluti áherslu á að umræðan um Icesave falli ekki niður heldur verði ríkisstjórninni, stofnunum, skilanefndum og þeim aðilum sem fara með þessa miklu hagsmuni veitt strangt aðhald þannig að tryggt verði að hagsmunir þjóðarinnar verði aldrei fyrir borð bornir.

Meiri hlutinn hefur gert tvær breytingartillögur. Önnur barst frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Þar er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein, sem meiri hlutinn hefur gert, þess efnis að skilyrði fyrir því að ríkisábyrgðin sé veitt samkvæmt lögum sé að lánveitendur hafi samþykkt að skuldbindingar tryggingarsjóðsins séu háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgðin. Í þeim tilvikum þar sem Alþingi getur takmarkað ríkisábyrgðina á grundvelli fyrirvaranna yrði greiðsluskylda tryggingarsjóðsins takmörkuð með sama hætti. Annar minni hluti telur eðlilegt að slíkt ákvæði sé sett inn. Jafnframt skal bent á að þótt eðlilegt sé að setja slíkt ákvæði í lagafrumvarp hafa þessir fyrirvarar ekki verið lesnir gaumgæfilega yfir af íslenskum og erlendum sérfræðingum. Gætu því enn leynst fjölmörg önnur ákvæði sem þarf að breyta og skýra. Telur 2. minni hlutinn það til marks um að enn eru fjölmörg atriði óljós og ókönnuð.

Meiri hluti fjárlaganefndar hefur lagt til að nýtt ákvæði komi inn í frumvarpið þar sem sett er það skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir fyrirvarar ríkisábyrgðarinnar samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá. Annar minni hluti telur eðlilegt að ákvæðið sé sett í ljósi þeirrar miklu óvissu sem fyrirvararnir skapa en óneitanlega vaknar upp sú spurning: Hefði þá ekki verið eðlilegra að setja samningana til hliðar og semja upp á nýtt við Hollendinga og Breta? Það eru fjölmörg ósanngjörn ákvæði enn í Icesave-samningunum sem ganga í berhögg við hagsmuni Íslendinga og þá hefði verið hægt að láta reyna á hvort Hollendingar og Bretar hefðu ekki a.m.k. fallist á að Íslendingar, Hollendingar og Bretar hefðu jafna stöðu. Það er sá réttur sem Íslendingar eiga sem sjálfstæð og fullvalda þjóð. Niðurstaða 2. minni hluta er að þegar litið er á málið í heild sinni er ljóst að hagsmunum Íslendinga hefði verið betur borgið ef staðið hefði verið á þeim rétti sem þeir eiga að njóta sem fullvalda þjóð. Það hefði verið skynsamlegra að leggja samningana til hliðar og freista þess að ná fram sanngjörnum samningum við Breta og Hollendinga þar sem réttarstaða Íslands væri ekki fyrir borð borin. Sú tillaga var hins vegar felld af meiri hluta Alþingis.

Að þeirri tillögu felldri og að því gefnu — þó að ég beri enn þá von í brjósti um að fallist verði á breytingartillögur 2. minni hluta — að ekki verði tekið tillit til þeirra liggur fyrir að hagsmunum þjóðarinnar er ekki nægilega vel borgið með samþykkt þessa frumvarps og leggur 2. minni hluti því til að frumvarpið verði fellt. Menn eiga að hafa í huga að Icesave-samningarnir eru og verða algjörlega óaðgengilegir fyrir íslenska þjóð. Ég vonast enn til að meiri hlutinn samþykki ekki að færa ábyrgðina yfir á almenning, á komandi kynslóðir, á börn sem ekkert hafa sér til saka unnið en þurfa að þola mikinn niðurskurð, verri lífskjör á komandi árum eingöngu vegna þess að stór hluti þess hagvaxtar, sem vonandi verður á Íslandi, mun fara í að borga Icesave-skuldirnar. Þá erum við m.a. að tala um þá 24 milljarða (Forseti hringir.) — hvorki meira né minna — sem Íslendingar og meiri hlutinn ætla að fallast á að greiddir verði umfram skyldu.

[12:19]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Við erum hér komin með í 3. og síðustu umræðu það mál sem hefur tekið hvað mestan tíma í störfum þingsins nú í sumar og fjallar um heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hjá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands.

Hv. þm. Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, hefur gert ítarlega grein fyrir framhaldsnefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar og þeim breytingartillögum sem fluttar eru sameiginlega af tíu af ellefu þingmönnum í fjárlaganefnd. Ég ætla ekki að fara í þær því að þeim hafa verið gerð skil hér nú þegar.

Mig langar að fjalla aðeins um þetta mál almennum orðum og vil byrja á því að segja að ég tel að sú vinna sem fram hefur farið á vettvangi fjárlaganefndar frá því að málið kom þar inn og alveg til þessa dags hafi verið til fyrirmyndar. Ég tel að fjárlaganefndin hafi öll lagt sig fram um að gera þetta mál þannig úr garði að það tryggi sem allra best hagsmuni Íslands að teknu tilliti til allra aðstæðna málsins. Vitaskuld er enginn ánægður með að sitja uppi með þær skuldbindingar sem fylgja þessum Icesave-samningi og það gerir það enginn að gamni sínu. Orsakirnar til þess verður að rekja til hruns efnahagslífsins, bankakerfisins í haust, það er orsök vandans, um það getur varla verið deilt. Síðan geta menn að sjálfsögðu haft ýmsar skoðanir á því hvort sú lausn sem hér er verið að leggja fram í formi samninga og frumvarps sé nægilega góð og ég virði skoðanir manna á því að þær eru misjafnar og um það getur verið tekist.

Ég vil leyfa mér að þakka samstarfsmönnum mínum í fjárlaganefnd öllum fyrir prýðilega gott samstarf og gott innlegg í þá umræðu og þá vinnu og þær breytingartillögur og þau álit sem liggja fyrir í þessu máli. Ég vil þakka hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, þeim Kristjáni Þór Júlíussyni, Ásbirni Óttarssyni og Ólöfu Nordal og nú síðast Einari K. Guðfinnssyni, sem hljóp í skarðið fyrir Ólöfu Nordal, og þingmanni Borgarahreyfingarinnar, hv. þm. Þór Saari, fyrir sérstaklega gott samstarf við að betrumbæta það

frumvarp sem hér er með sameiginlegum breytingartillögum sem fluttar voru við 2. umr. og eins þær sem fluttar eru hér við 3. umr. Ég vil líka þakka hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni, fulltrúa Framsóknarflokksins í fjárlaganefnd, fyrir gott samstarf og verð að segja það honum til hróss að hann hefur staðið sig ákaflega vel og sýnt mikla elju við að halda fram málstað síns flokks og sínum í þessu máli enda þótt leiðir okkar málefnalega hafi ekki legið saman í öllum atriðum málsins. Hann á að sjálfsögðu hrós skilið fyrir það.

Mér hefur að vísu, og mér þykir það miður, fundist of mikið bera á því á stundum í umræðum um þetta mál hér á þingi og líka úti í samfélaginu að okkur sem viljum styðja það í þeim búningi sem það er núna sé borið á brýn að hafa ekki ætlað að vinna þjóðinni gagn, að hafa ekki viljað þjóðinni hið besta í þessu máli. Og að það sé jafnvel gengið svo langt að halda því fram að við séum beinlínis að skaða hagsmuni Íslands. Það geri það enginn alþingismaður með vilja, ekki nokkur. Ég er sannfærður um að þegar allt málið er skoðað heildstætt, svo að ég haldi því til haga, að mér þykir upphaf þessa máls allt vera hið versta. Ég tel að þegar allt er skoðað og þær skuldbindingar sem við berum samkvæmt regluverkinu sem hér liggur að baki, þegar horft er til þeirra hagsmuna okkar sem við sannarlega eigum í alþjóðlegu samstarfi, í efnahagslegu og viðskiptalegu samstarfi, ekki síst innan Evrópu og þeim hagsmunum sem við höfum af góðu samstarfi við félaga okkar á Norðurlöndum sem hafa komið eða viljað koma Íslendingum til aðstoðar við að byggja upp slíkt efnahags- og atvinnulíf, að það sé heillavænlegast fyrir okkur að ganga til samninga við Breta og Hollendinga um uppgjör þessara skuldbindinga.

Ég tek undir að það eru að sjálfsögðu margar spurningar um hinar lagalegu forsendur í þessu máli. Það er mjög miður að ekki hafi tekist að fá úr því skorið enn sem komið er og þess vegna tel ég að það sé málinu mjög til bóta hvernig um það er búið í þeim breytingartillögum sem voru samþykktar hér við 2. umr.

Ég vil segja að ég tel að fulltrúar allra flokka sem starfað hafa að þessu máli hér á Alþingi hafi lagt sig fram. Ég vil ítreka þakkir mínar til þeirra sem standa að þeim breytingartillögum sem liggja fyrir núna fyrir gott samstarf og fyrir heiðarleika og hreinskilni í þeim samskiptum sem við höfum átt um þetta mál. Það er vissulega svo að við höfum ekki verið sammála um alla hluti en okkur hefur tekist að vinna málin þannig að það hefur tekið á sig miklu betri búning og er það mjög vel.

Í nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins er býsna mikið farið yfir vinnuna í aðdraganda þessa máls, þ.e. samningavinnuna og það hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum og þar er að finna mjög mikla gagnrýni á framgöngu ríkisstjórnarinnar. Ég hef ekki tíma, virðulegur forseti, til að fara ítarlega í þau mál öll en ég tel að þar taki menn býsna stórt og mikið upp í sig á köflum og að gagnrýnin á framgöngu ríkisstjórnarinnar sé ekki réttmæt af hálfu Sjálfstæðisflokksins í þessu efni. Ég skil mætavel að stjórnarandstöðuflokkur telji mikilvægt við þessar aðstæður að halda þeim sjónarmiðum fram sem þar koma fram. En á sama hátt væri freistandi fyrir okkur sem vorum í stjórnarandstöðu þegar efnahagshrunið dundi yfir, þegar bankarnir voru einkavæddir, þegar útrásin var sem mest mærð, þegar hér var allt yfirkeyrt í efnahags- og atvinnulífinu með mikilli þenslu, með neyslu sem var að miklu leyti tekin að láni, að eyða miklu púðri í þessari umræðu til þess að rekja það allt og benda á hvernig undirstöðurnar voru raunverulega þegar fjármálakreppan reið yfir heiminn og að hún skall af meiri þunga á Íslandi en öðrum vegna þess að stoðirnar voru feysknar.

Ég tel samt, frú forseti, ekki málinu til framdráttar að fara yfir þá sögu alla hér og nú. Hún verður skrifuð síðar, hún verður dregin fram í dagsljósið þegar rannsóknarvinnunni verður lokið sem nú stendur yfir og kemur til umfjöllunar á Alþingi í haust eða í byrjun vetrar. Það verður að sjálfsögðu gert og það verða aðrir en bara þingmenn sem taka þátt í þeirri umræðu. Þess vegna verð ég að segja algjörlega heiðarlega og hreinskilið við félaga mína í Sjálfstæðisflokknum að mér sárnar pínulítið sú framsetning sem kemur fram í nefndaráliti þeirra á aðdragandann að þessu máli, þó að ég skilji að það kunni að vera pólitísk nauðsyn að halda slíkum hlutum fram, vegna þess að saga þessa máls er einfaldlega miklu lengri en sem nemur því sem er rakið í framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta. Sem sagt, frú forseti, ég ætla ekki að gera athugasemdir við það hvernig Sjálfstæðisflokkurinn teflir fram eða rökstyður afstöðu sína í þessu máli og hvaða atriði hann dregur fram sérstaklega, það er auðvitað á hans ábyrgð og hans val að gera það með þeim hætti sem hann vill. Og eins og ég segi, við í stjórnarflokkunum hefðum getað farið lengra aftur í tímann og rakið söguna og dregið fram þætti sem við teljum að séu þess valdandi að við stöndum í þeim sporum sem við gerum í dag en ég tel að það þjóni ekki tilgangi þessa máls núna.

Ég er þakklátur fyrir það góða samstarf sem við höfum átt í fjárlaganefnd og öðrum nefndum um að finna þessu máli farsælan farveg fyrir íslenska þjóð. Ég vil sérstaklega við þessa umræðu halda því fram að það eiga allir þakkir skildar fyrir að hafa lagt mikið á sig, mikla vinnu, mikinn tíma og miklar og góðar hugmyndir um það hvernig við gætum greitt úr þessu máli þannig að endirinn á því verði farsæll fyrir Íslendinga.

Ég er þeirrar skoðunar, þvert á það sem ýmsir aðrir hafa haldið fram í þessari umræðu, m.a. eins og kemur fram í nefndaráliti Framsóknarflokksins, að það séu ekki margir góðir valkostir aðrir fyrir okkur en sá að ganga til samninga við Breta og Hollendinga um þessi mál og búa þannig um hnútana að við stöndum sem best vörð um íslenska hagsmuni, um efnahagslega hagsmuni, um lagalegan rétt okkar o.s.frv. Ég tel að það hafi verið gert með breytingartillögunum sem fyrir liggja. Ég tel sem sagt að ef við hefðum valið þann kost að hafna þessum samningi alfarið hefði stefnt hér í mikla óvissu og við hefðum ekki hugmynd um hvernig því máli mundi reiða af. Hér er mikið talað um að efna til nýrra samningaviðræðna við Breta og Hollendinga, við höfum ekki hugmynd um hvort staða okkar yrði betri við þær aðstæður. Raunar má alveg eins halda því fram að hún yrði lakari fyrir vikið þótt erfitt sé að spá, sérstaklega um framtíðina, eins og sagt er. Það sé rétt sem fram kom í vinnu fjárlaganefndar, í umsögn frá Siðfræðistofnun hygg ég, að það eina sem væri öruggt í þessu máli væri óvissan. Hún blífur, hún verður áfram til staðar.

Það er óvíst hvernig Bretar og Hollendingar bregðast

við þeirri afgreiðslu Alþingis að setja fyrirvara við þessa ríkisábyrgð, það er óvíst. Það er gagnrýnt hér að ekki hafi verið aflað upplýsinga um það til hlítar. Ég tel að það hefði verið óeðlilegt, Alþingi er að fjalla um þetta mál á sínum forsendum og ætlar sér að setja íslensk lög um þá ríkisábyrgð sem gildir hér. Við eigum ekki að óska eftir viðbrögðum fyrir fram frá erlendum aðilum um það hvernig þeir hyggist þá bregðast við þessum lögum. Ég er þeirrar skoðunar að ef samningsaðilar okkar vilja ekki fallast á þessa skilmála, þessi skilyrði, tilkynna þeir íslenskum stjórnvöldum um það og þá verður ekki neinn samningur úr þessu öllu saman, þá verður ekki ríkisábyrgðin veitt og þá verður ekki þessi samningur. Þá er komin upp ný staða sem íslensk stjórnvöld og Alþingi þurfa að horfast í augu við og takast á við ef það gerist.

Ég ber hins vegar þá von í brjósti að viðsemjendur okkar fallist á þau skilyrði sem við erum að leggja til að verði sett. Ég tel að þau séu málefnaleg, þau séu sanngjörn og þau séu nauðsynleg til að tryggja hagsmuni okkar. Þau breyta auðvitað innihaldi samningsins heilmikið, það er rétt, og ég er ekki sammála því sem sumir hafa haldið fram, að samningurinn verði óbreyttur í sjálfu sér. Þetta eru efnislegir þættir sem breyta umgerð þessa máls, en þetta er ekki að mínu viti gagntilboð til Breta og Hollendinga vegna þess að Alþingi er ekki í samningaviðræðum við Breta og Hollendinga, það er framkvæmdarvaldið. Framkvæmdarvaldið gæti gert Bretum og Hollendingum gagntilboð, það gerir Alþingi ekki. Alþingi setur lög um ríkisábyrgðina og þess vegna held ég að þeir sem fara hvað yst í túlkunum sínum í þessu efni á báða bóga hafi rangt fyrir sér og við séum sennilega einhvers staðar þarna miðja vegu á milli eins og oft vill nú verða.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál frekar. Við höfum fjallað um það ítarlega hér við 2. umr., við höfum fjallað um það ítarlega á vettvangi fjárlaganefndar og gerð hefur verið góð grein fyrir breytingartillögunum og áliti meiri hlutans af formanni fjárlaganefndar. Ég vil ítreka þakkir mínar til allra fjárlaganefndarmanna sem ég hef áður nafngreint fyrir gott samstarf. Ég vil þakka starfsfólki fjárlaganefndar fyrir mikla vinnu og mikla aðstoð og öllu því starfsfólki sem komið hefur að þessu máli í ráðuneytum, m.a. sérfræðingum og fagfólki sem hafa veitt okkur ráðgjöf og þeim sem unnið hafa að þessu máli fyrir Íslands hönd, samninganefnd Íslands, sem ég tel að hafi orðið fyrir ómaklegri gagnrýni, en hún vann sitt verk við afar erfiðar aðstæður og út frá afar þröngri stöðu. Að sjálfsögðu er það svo í þessu máli eins og öllu að menn vilja alltaf reyna að gera betur og búa þannig um hnútana að hagsmunum Íslands sé vel borgið. Það tel ég að hafi verið leiðarljós okkar allra í þessari vinnu, að gera málið betra, tryggja betur íslenska hagsmuni. Þeir eru mjög miklir og ríkir í þessu máli og við viljum öll horfa fram á veginn, við viljum öll stuðla að því að við getum byggt upp atvinnu- og efnahagslíf okkar til framtíðar á traustum grunni. Ég tel að gott samstarf okkar við nágrannaþjóðir, sem við eigum í miklum viðskiptum og samskiptum við, sé mikilvægur liður í því efni. Þess vegna mæli ég með því að það frumvarp sem hér liggur fyrir og með þeim breytingartillögum sem því fylgja verði samþykkt.

[12:34]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Ég tel að hann hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði áðan að það færi ekkert á milli mála að þær breytingar sem verið er að gera við þetta frumvarp, sem er frumvarp um ríkisábyrgðina en er auðvitað eins og allir vita ekki frumvarp um samninginn sjálfan þótt öllum sé það ljóst og við höfum áréttað það í 1. minni hluta að það eru mjög sterk tengsl þarna á milli, breyti samningnum. Þetta tel ég að sé mjög þýðingarmikil yfirlýsing og í raun og veru sjálfsagður hlutur að mínu mati að komast að þessari niðurstöðu. Svo augljóslega blasir þetta við en það hefur hins vegar gengið illa að fá suma til að fallast á að þær efnisbreytingar sem verið er að gera með fyrirvörunum og skilyrðunum hafi áhrif á samninginn sjálfan. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þingmann að því hvernig hann sjái fyrir sér framhald þessa máls.

Nú liggur það fyrir, gerum við ráð fyrir, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem verið er að gera á því. Hv. þingmaður hefur lýst því yfir að þetta leiði til þess að samningurinn sjálfur við Breta og Hollendinga breytist. Telur hann þá ekki óhjákvæmilegt að fara til nýrrar samningagerðar við bresk og hollensk stjórnvöld og gera nýjan samning, viðauka við samning eða eitthvað í þeim dúrnum, sem felur það í sér að við höfnum samningnum í þeirri mynd sem hann er núna eins og hann hefur verið lagður fyrir okkur, sem fylgiskjöl með þessu frumvarpi?

[12:36]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel að það sé skrifað býsna vel í þá breytingartillögu sem við fulltrúar Vinstri grænna, Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks og Borgarahreyfingar stöndum að við þessa umræðu þar sem segir að það sé skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem settir eru við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og þau fallist á þá. Þetta hlýtur að þýða það að áður en fjármálaráðherra beitir þeirri heimild sem honum er ætlað að fá með þessari lagasetningu verður hann að ganga úr skugga um að samningsaðilarnir hafi fallist á þessa fyrirvara. Hvernig það er nákvæmlega í framkvæmd getur auðvitað verið þannig að þeir fallist einfaldlega á þá skriflega, með yfirlýsingu, viðauka eða einhverjum þeim hætti sem verður að teljast fullnægjandi þannig að það liggi ljóst fyrir að þeir hafi fallist á þá fyrirvara sem hér eru settir. Ég tel í sjálfu sér aukaatriði nákvæmlega hvernig það er gert og hvernig það gengur fyrir sig.

Aðalatriðið í þessu er að mínu viti það sem stendur í breytingartillögunni, að fjármálaráðherra má ekki veita þessa heimild samkvæmt lögunum, ef þau verða samþykkt, öðruvísi en viðsemjendurnir hafi fallist á þá fyrirvara sem settir eru í lögin. Það verður hann að gera samkvæmt þessu á fullnægjandi hátt og ég tel einboðið að það verði gert með einhvers konar samkomulagi, yfirlýsingu, viðauka eða einhverju þvílíku sem telst vera lögformlegt.

[12:38]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að aðalatriði þessa máls er að verði það niðurstaða Alþingis, sem allt bendir til, að þessar breytingartillögur verði samþykktar hafi það þau áhrif að við erum í raun og veru að hafna óbreyttum samningnum sem hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórnin gerði. Við erum með þessum hætti að fara inn í samninginn einhvers konar Krýsuvíkurleið með því að hafna ríkisábyrgðinni eins og lagt var upp með og setja þess í stað mjög ströng skilyrði. Það er líka alveg rétt sem hv. þingmaður sagði að það sem gerist að samþykktum þeim breytingartillögum sem fyrir okkur liggja núna er að það er í raun og veru búið að skilyrða málið á þann veg að ríkisábyrgðin verður ekki veitt fyrr en samningsaðilar okkar hafa fallist á þau skilyrði, þá fyrirvara sem Alþingi ræðir hér um. Það er gríðarlega mikilvægt. Það bindur hendur viðsemjenda okkar og gerir það að verkum að fyrirvararnir sem við erum búin að samþykkja við 2. umr. og þeir fyrirvarar sem við munum samþykkja væntanlega við 3. umr., verða bindandi. Þeir hafa áhrif gagnstætt því sem ýmsir óttuðust þegar málið var komið í gegnum 2. umr. og breytingartillögurnar höfðu verið samþykktar.

Kjarni málsins er þó það sem hv. þingmaður benti á: Það mál sem hér er verið að fjalla um og við erum að ganga til ákvörðunar um von bráðar, mun hafa þau áhrif að samningnum sem slíkum, þótt hann sé ekki á borðum þingmanna til ákvörðunar eða afgreiðslu, verður að breyta með einhverjum hætti. Það er út af fyrir sig rétt að það er ekki aðalatriðið hvort það verður gert með viðauka að nýjum samningum eða öðru. Aðalatriðið er að við erum að hafna samningnum eins og hann liggur fyrir.

[12:40]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson erum sammála um margt í þessu en ég er þó ekki sammála því sem hann segir í lokin, að verið sé að hafna samningnum sem slíkum, einfaldlega vegna þess að samningurinn fjallar um fjölmarga aðra þætti sem ekki er tekið á í þeim breytingartillögum sem við höfum fjallað um, svo sem um vexti, greiðslukjör og aðra slíka hluti sem halda að sjálfsögðu gildi sínu. En það er hins vegar ljóst, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, að ég tel að verið sé að breyta umgerð þessa samnings og það þurfi að fullnusta með einhvers konar fullnægjandi gjörningi sem gæti verið viðauki, yfirlýsing eða samkomulag sem tekur á þeim atriðum sem Alþingi vill að séu skilmálar fyrir þessari ríkisábyrgð.

[12:41]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Við erum í lokaumræðu máls sem er sennilega eitthvert hið umdeildasta og erfiðasta sem Alþingi hefur tekið fyrir. Getur hæstv. forseti gert ráðstafanir til að a.m.k. einhverjir ráðherrar séu viðstaddir þessa umræðu svo þeir geti tekið þátt í henni og veitt þau svör sem ég held að margir þingmenn kalli eftir, a.m.k. þeir ráðherrar sem hafa haft hvað mest um þetta mál að segja, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. ráðherrar fjármála, viðskipta og utanríkismála?

Einnig er það athyglisvert að ekki einn einasti stjórnarþingmaður hefur sett sig á mælendaskrá í lokaumræðu þessa máls. Hér hafa að vísu tveir stjórnarþingmenn talað en í báðum tilvikum voru það fulltrúar úr fjárlaganefnd sem þurftu að gera grein fyrir nefndaráliti. Það er mjög sérkennilegt að í svona máli sem eru svo skiptar skoðanir um og mjög ólíkar túlkanir á, túlkanir sem munu skipta miklu máli um framhaldið, skuli enginn stjórnarþingmaður ætla að tjá sig.

[12:42]

Forseti (Ragnheiður Ríkharðsdóttir):

Forseti getur upplýst hv. þingmann um að í Alþingishúsinu eru hæstv. forsætisráðherra, fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra.

[12:42]

Þór Saari (Bhr):

Frú forseti. Hér erum við í 3. umr. Icesave-málsins og eins og hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson benti á rétt áðan þorir ríkisstjórnin ekki að láta sjá sig í salnum, enginn stjórnarliða, og það er, eins og fram hefur komið fyrr í dag í gagnrýni á ríkisstjórnina, ekkert undarlegt. Ríkisstjórnin og ábyrgð hennar í þessu máli er mikil og ég tek að mjög mörgu leyti undir gagnrýni hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar og 1. minni hluta fjárlaganefndar, á ríkisstjórnina um það hvernig hún hefur gengið fram í þessu máli.

Hér er aftur á móti um að ræða mál sem núverandi ríkisstjórn fékk í fangið, það má ekki gleyma því. Og hér er um að ræða mál sem er á ábyrgð allra flokka sem nú eru á þingi nema Borgarahreyfingarinnar. Það hófst, eins og ég hef áður sagt, með einkavinavæðingu bankanna á sínum tíma þegar Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur voru í ríkisstjórn. Það hélt áfram í þeirri græðgisfirringu sem stanslaust var kynt undir af hugmyndafræðingum á hægri væng stjórnmálanna á Íslandi. Það hélt áfram í þeirri græðgisvæðingu sem fylgdi yfirlýsingum sumra um fé án hirðis sem lægi hingað og þangað um landið og þyrfti að koma í vinnu einhvers staðar til að menn gætu grætt meira. Við sitjum í dag uppi með allan þann gróða og hann er enginn, hann er minni en enginn. Hann er orðinn að skuld sem á að varpa yfir á almenning í landinu vegna þess að það er ekki hægt að gera neitt annað.

Þetta Icesave-mál er mjög vont mál og það er vont með hvaða hætti ríkisstjórnin kom með það inn í þingið. Það er vont hvernig átti að afgreiða það í upphafi. Það var hins vegar tekið af framkvæmdarvaldinu af Alþingi og lagað mjög mikið vegna þess að almennir þingmenn sáu að hér þurfti að leggja á sig mikla vinnu til að bæta þetta mál. Það átti við um þingmenn stjórnarandstöðunnar og þingmenn stjórnarinnar að menn náðu að rétta höndina yfir borðið og vinna málið að mjög miklu leyti sameiginlega og er það mjög gott.

Þetta mál og þessir samningar voru það vond að það tók nærri átta vikur fyrir Alþingi, fyrir fjárlaganefnd og fyrir tugi, ef ekki á annað hundrað, sérfræðinga sem komu fyrir nefndina, það tók nærri átta vikur að vinda ofan af því máli

og gera það skaplegt til að þingið gæti sent það frá sér og gengið frá lögum sem þurfa að fylgja því. Það tók þetta langan tíma vegna þess að þessir samningar voru það vondir, við skulum ekki gleyma því. Þetta voru ekki glæsilegir samningar og ábyrgð fjármálaráðherra að hafa skrifað undir þá jafnvel þótt hann vissi að samflokksmenn hans væru ekki allir sammála því, er mikil. Hún hefur kostað þingið tvo mánuði af starfstímanum í sumar sem betur hefðu farið í að fjalla um vanda heimilanna, vanda almennings og vanda fyrirtækjanna. En það fór sem fór og hér eru við að reyna að klára þetta mál. Mér finnst líka athyglisvert að vita að aðkoma Alþingis að þessu máli, þó að hún hafi að mestu leyti verið góð, var ekki að öllu leyti til sóma. Ég leyfi mér að benda á eitt ákveðið mál í því sambandi sem kom upp mjög fljótlega en það er álit dósents í alþjóðarétti við Háskóla Íslands, Elviru Méndez, sem leit dagsins ljós á upphafsstigi málsins þar sem hún benti einfaldlega á að þessir samningar væru með þeim hætti að Evrópusambandið mundi sennilega hafna þeim sem lögmætum samningum vegna þess hversu mikið hallaði á annan samningsaðilann í þeim. Þeir eru ólöglegir vegna þessa að það hallar svo mikið á Ísland.

Elvira vann álitið upp á sitt einsdæmi, 26 blaðsíðna álit einhvers færasta sérfræðings landsins í Evrópurétti, en fær ekki greitt fyrir það. Nefndasvið Alþingis hafnar því að greiða henni fyrir þetta álit þrátt fyrir að það hafi verið eitt af grunnplöggum málsins í fjárlaganefnd og eitt af grunnplöggum málsins í utanríkismálanefnd. Alþingi setur niður við þetta og það er í rauninni með ólíkindum að smávægileg formsatriði skuli verða til þess.

Hinu má samt ekki gleyma að þó að fjárlaganefnd og Alþingi hafi náð einhvers konar þverpólitískri samstöðu um flesta þætti þessa máls hefði það aldrei náðst fram ef ekki hefði komið til hugrakkir VG-liðar sem settu hausa sína á höggstokkinn, gengu fram fyrir skjöldu í sínum flokki og sögðu við forustu sína: Hingað og ekki lengra, við samþykkjum þetta mál ekki óbreytt. Sumir þeirra urðu fyrir aðkasti frá eigin flokksmönnum, miklu aðkasti frá samstarfsþingmönnum í ríkisstjórnarmeirihlutanum. Þeir buguðust hvergi og stóðu sig vel og það er fyrst og fremst þeim að þakka, hv. þm. Ásmundi Einari Daðasyni, Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, Lilju Mósesdóttur og Ögmundi Jónassyni, að þó náðust fram breytingar á þessu frumvarpi sem í upphafi var svo vont. Framganga hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, sem nú er að labba út, og Guðbjarts Hannessonar, formanns fjárlaganefndar, var til mikils sóma. Þeir voru sanngjarnir og lögðu sig fram um að fjárlaganefnd afgreiddi málið með vönduðum hætti. Ber að halda því til haga líka. Mér er til efs að nokkurn tíma hafi nokkur þingnefnd á vegum þingsins unnið mál með þessum hætti og jafnnákvæmlega og hv. fjárlaganefnd gerði og þó að ekki hafi alveg allir verið sáttir við niðurstöðuna þá er hún ágæt.

Að gera fyrirvara við mál sem þetta var í upphafi álitið ómögulegt en eins og ég sagði áðan tók það átta vikur og það var gert. Settir voru fyrirvarar við málið sem eru skýrir, sem eru skilmerkilegir og sem eru sanngjarnir og það voru settir fyrirvarar við málið sem eftir 2. umr. á þinginu eru þess eðlis að þeir munu halda. Í viðbótum við 1. gr. breytingartillagnanna segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá.“

Það er líka tekið fram í nýrri breytingu við 3. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Greiðsluskylda lánasamninganna skal aldrei vera meiri en hámark ríkisábyrgðar, sbr. 3. mgr.“

Hér er um að ræða þá efnahagslegu fyrirvara sem settir voru við þetta frumvarp sem eiga upptök sín hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal með aðstoð hv. þm. Tryggva Þórs Herbertssonar. Og í framhaldinu náði þverpólitískur þingmannahópur að pússa til þessar tillögur og gera þær að því sem þær eru í dag, efnahagslegir fyrirvarar við lánasamninga, sem eru fordæmalausir að mínu viti í heiminum og munu örugglega, þegar þeir ná fram að ganga, verða leiðarljós annarra þjóða í svona samningum. Þeir eru það merkilegir.

Síðast en ekki síst þarf að minnast á 8. gr. breytingartillagnanna um endurheimtur og innstæður en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin skal þegar í stað grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana sem þarf til að endurheimta það fé sem safnaðist inn á Icesave-reikningana. Í þeim tilgangi skal ríkisstjórnin fyrir 15. október 2009 hafa frumkvæði að samstarfi við þar til bæra aðila, m.a. yfirvöld í Bretlandi, Hollandi og Evrópusambandinu, og óska aðstoðar þeirra við að rekja hvert innstæðurnar af Icesave-reikningunum voru fluttar. Ríkisstjórnin skal fyrir árslok 2009 semja áætlun um hvernig reynt verður að endurheimta það fé sem kann að finnast. Í því skyni að lágmarka ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum skal ríkisstjórnin einnig gera ráðstafanir, í samráði við þar til bæra aðila, til þess að þeir sem kunna að bera fjárhagsábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast hafa vegna Icesave-reikninganna verði látnir bera það tjón.“

Það er sem sagt skilyrði að ríkisstjórnin finni hvað varð um þessa peninga, hvort hægt sé að endurheimta þá, semja áætlun um hvernig það verði gert. Sé það ekki hægt verði skaðvaldarnir látnir borga skaðann með einum eða öðrum hætti. Það er gríðarlega mikilvægt skref í að brúa þá gjá sem myndast hefur milli þings og þjóðar í þessu máli, til að gera þjóðina að einhverju leyti sáttari við að sem gerst hefur.

Það væri óskandi að mínu mati að meiri hluti og minni hluti á þinginu í dag og á þinginu sem verður í framtíðinni að nái saman um fleiri mál. Það hefur sýnt sig að það eru rök fyrir málum báðum megin borðsins og ef hægt er að ná samkomulagi um þau verði niðurstaðan einfaldlega betri. Ég ætla mönnum ekki að fara að berja sér hér á brjóst og básúna það út hvað menn eru miklir og góðir vinir. Það er einfaldlega spurning um að fá betri niðurstöðu í mál fyrir þjóðina í heild. Það skiptir máli.

Frú forseti. Við erum núna að stíga fyrstu skrefin þar sem verið er að gera upp vont og spillt viðskiptalíf, vont og spillt stjórnkerfi, við stjórnsýslu sem er afspyrnuléleg og við stjórnmál sem hafa verið afspyrnuléleg. Hér þarf að endurskipuleggja mikið, það þarf að taka stjórnsýsluna og hrista upp í henni, það þarf að fara í hana og endurraða í

þrjár æðstu stöður í allri stjórnsýslunni. Það þarf að fara inn og breyta með hvaða hætti skipað er í embætti héraðsdómara, það þarf að breyta með hvaða hætti skipað er í stöðu hæstaréttardómara. Ég lít svo á að breytingarnar við ríkisábyrgð í Icesave-málinu séu fyrsta skrefið í þeirri endurskipulagningu sem fram undan er. Hún mun taka langan tíma. Hún mun taka jafnvel einar eða tvennar kosningar í viðbót en hún mun fara fram. Alla vega munum við í Borgarahreyfingunni sjá til þess eftir mætti að sú endurskipulagning muni fara fram. Við erum á þingi til að ná fram gagngerum skipulagsbreytingum á stjórnsýslu, stjórnkerfi og stjórnmálum. Við erum á þingi til að knýja fram þessar breytingar eins skjótt og auðið er og við erum á þingi til að hætta svo á þingi þegar því er lokið. Við höfum ekki áhuga á að vera í stjórnmálum til framtíðar. Við höfum áhuga á því að gera umhverfi stjórnmálanna á Íslandi lýðræðislegra og bærilegra fyrir almenning og gera stjórnsýsluna þannig að hún vinni fyrir almenning á landinu en ekki fyrir framkvæmdarvaldið og gegn almenningi. Það, frú forseti, er fólgið í þessum breytingartillögum, þeirri vinnu og þeim aðferðum sem notaðar hafa verið í þessu máli.

Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við allar þessar breytingartillögur. Ég er stoltur af því að hafa getað tekið þátt í að vinna þær. Ég er ánægður með hvað Sjálfstæðisflokkurinn lagði sig fram um að ná fram ábyrgum og skynsamlegum breytingartillögum í þessu máli. Að mínu viti er það líka fyrsta skref þess stóra og mikilvæga stjórnmálaflokks sem hann stígur í átt inn í breyttan heim og það er ekki síst mikilvægt vegna þess að það er einmitt til hans sem rekja má svo mikið af þeim vandræðum sem við stöndum frammi fyrir núna þannig að það er vel við hæfi og ég fagna því með hvaða hætti Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið að þessu máli.

Ég hef ekki meira um þetta mál að segja, frú forseti, á þessu stigi. Ég vona að þessar breytingartillögur fari í gegn með miklum meiri hluta. Þingið og þjóðin eiga það skilið.

[Fundarhlé. — 12:57]

[14:03]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Í þessari 3. og síðustu umræðu um frumvarp ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð vegna lána til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta liggja að nýju fyrir þinginu breytingartillögur frá fjárlaganefnd. Það er þegar orðið ljóst að þingið mun kollvarpa hugmyndum ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð fyrir þessum lánum. Þingið hefur hafnað því að það yrði gert án strangra skilyrða og þannig gert ríkisstjórnina afturreka með sínar hugmyndir.

Það er fróðlegt nú við 3. umr. málsins að taka sér aftur í hönd frumvarpið eins og það var lagt fram fyrr í sumar og lesa í gegn greinargerðina sem fylgdi málinu, atburðarásina eins og henni var þar lýst, á hvað var lögð áhersla í viðræðum við Breta og Hollendinga, hvaða meginsjónarmið voru höfð að leiðarljósi í viðræðunum og ekki síst það mat sem birtist í greinargerð með frumvarpinu á möguleikum okkar Íslendinga til að fá aðra og sanngjarnari og betri niðurstöðu.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar byggði á því að nokkur meginatriði væru höfð að leiðarljósi við lúkningu þessa máls. Í fyrsta lagi vil ég nefna það að málið var falið samninganefndinni til að leiða niðurstöðu fram í málinu en eins og margoft hefur komið fram kaus ríkisstjórnin að fara þá leið varðandi samninganefndina að skipta út þeim sem áður höfðu þar setið og setja inn sína eigin menn. Ég ætla að endurtaka það sem ég tók fram við 1. umr., það dylst auðvitað engum sem skoðar þessa atburðarás að það var markmið ríkisstjórnarinnar að gera niðurstöðu samninganefndarinnar að sinni. Ríkisstjórnin valdi það að láta samninganefndina eiga þessar viðræður og ljúka þeim þrátt fyrir að löngu hafi verið orðið ljóst að það var himinn og haf á milli væntinga Alþingis Íslendinga og væntinga viðsemjenda okkar um það sem gæti talist ásættanleg niðurstaða fyrir báða aðila í málinu. Þannig má segja að strax á fyrri stigum þessa máls, áður en lánasamningarnir voru undirritaðir, hafi ríkisstjórnin meðvitað tekið þá röngu ákvörðun að beita sér ekki í samskiptum við æðstu leiðtoga þeirra þjóða sem áttu í hlut. Og hverjir áttu þar í hlut? Það voru annars vegar Bretar og Hollendingar sem viðmælendur okkar vegna lánasamninganna, en þar átti auðvitað líka að horfa til Evrópusambandsins, forustunnar þar sem hafði haft milligöngu í málinu, og ekki síður að kynna málstað okkar og sjónarmið fyrir Norðurlöndunum, sem tengjast þessu máli með óbeinum hætti og fylgdust með framvindu þess í gegnum fjármögnun lánanna frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hann er kannski sá aðili sem við áttum að kynna málstað okkar betur fyrir og þá sérstaklega gagnvart þeim ríkjum sem eiga þar fulltrúa í stjórn. Ríkisstjórnin tók ákvörðun um að láta undir höfuð leggjast að vinna þessa mikilvægu kynningarvinnu gagnvart þessum þjóðum. Ekki var farið fram á aðkomu frá Evrópusambandinu þótt lausn málsins væri í ákveðnu uppnámi.

Tekin var ákvörðun um það snemma í júní að ljúka lánasamningum þrátt fyrir að sú staða væri uppi þar að Bretar og Hollendingar höfnuðu því að taka tillit til fordæmislausra efnahagserfiðleika á Íslandi og brýnnar nauðsynjar á að endurreisa hagkerfi okkar og koma fjármálakerfinu aftur á fót.

Til viðbótar við þetta tók ríkisstjórnin ákvörðun um að ganga frá samkomulagi þar sem byggt var á sjónarmiðum viðsemjenda okkar og veita fyrir því ríkisábyrgð. Ég ætla ekki að fara út í gagnrýni á einstök ákvæði lánasamninganna sem er búið að ræða svo margoft í fyrri umræðum um þetta mál og ég hef komið mínum sjónarmiðum að varðandi flest þau atriði. Það er líka gert ágætlega í áliti 1. minni hluta í fjárlaganefnd. En mér finnst mikilvægt að við horfum til þess sem segir í greinargerðinni um þetta mál eins og það var lagt fram á þinginu, um möguleika okkar Íslendinga til að fá aðra og betri niðurstöðu. Það er meira að segja alveg sérstakur kafli í greinargerðinni með þessu frumvarpi sem fjallar um það hverjir valkostirnir væru. Í 1. umr. um þetta mál stóð hæstv. fjármálaráðherra upp og sagði að valkosturinn að veita þá ríkisábyrgð sem hann mælti fyrir væri að fara aftur til októbermánaðar árið 2008. Þannig var þetta mál kynnt fyrir þingheimi. Öllum gagnrýnisröddum í málinu var vísað á bug. Þar var ýmist um að ræða einhvers konar misskilning, slaka lögfræði, óraunhæfar væntingar, pólitískar árásir sem höfðu ekkert með efnisatriði málsins að gera, einhvers konar óraunsæi vegna þeirr-

ar stöðu sem við vorum búin að koma okkur í. Þetta er allt nauðsynlegt að rifja upp núna þegar við, við 3. umr. þessa máls, erum með í höndunum þingmál sem er alls óskylt því sem ríkisstjórnin tefldi fram fyrr í sumar. Ég held að það megi segja að það standi nánast ekki einn einasti stafur eftir af frumvarpinu sem kynnt var með þessum afdráttarlausa hætti fyrr í sumar. Og það stendur heldur ekkert eftir af öllum stóru orðunum sem fylgdu greinargerðinni í þessu máli, um alla þá samningatækni sem beitt var, um möguleika okkar til að fá aðra og betri niðurstöðu. Í millitíðinni hefur jafnframt komið í ljós að þeir sem stóðu að þessu máli höfðu ekki einu sinni tryggt meiri hluta fyrir því í þinginu, hvað þá heldur samstöðu í ríkisstjórninni. Það hefur markað meðferð þingsins á málinu þær 10–12 vikur sem það hefur verið til umfjöllunar og í meðförum fjárlaganefndar.

Mig langar til að gera að umtalsefni þá breiðu samstöðu sem mjög hefur verið rætt um í þessu máli. Hvernig er hún til komin? Jú, stjórnarliðar stíga upp og fagna hinni breiðu samstöðu og hún byggir m.a. á góðu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. En hvernig er þessi breiða samstaða til komin? Er hún til komin vegna þess að stjórnarflokkarnir ákváðu að vinna þetta mál í einhvers konar samstöðu með stjórnarandstöðunni? Saga málsins sýnir auðvitað að það stóð aldrei til að vinna málið með stjórnarandstöðunni á nokkurn hátt. Og frá því að fyrstu drög að samningsniðurstöðu voru kynnt fyrir þingflokkum og utanríkismálanefnd kom skýrt fram hjá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins að það stefndi í samninga sem fyrir okkar leyti væru fullkomlega óásættanlegir. Það er einungis vegna þess að stjórnarflokkarnir sjálfir höfðu ekki nægjanlegan fjölda þingmanna innan sinna raða til að tryggja framgang þessa máls sem svona var kynnt í 1. umr. að leita þurfti eftir stuðningi frá stjórnarandstöðunni en hann var að sjálfsögðu ekki að finna. Hann var ekki að finna hjá stjórnarandstöðunni fyrir óbreyttu máli. Það var ekki fyrr en þessi óvænta staða var komin upp sem farið var að ræða um það sem kallaðir hafa verið fyrirvarar við þetta mál, alls konar skilyrði fyrir ríkisábyrgðinni og möguleikana á því að það væri hugsanlega einhver önnur lausn sem væri skynsamlegri en sú sem ríkisstjórnin hafði kynnt fyrir þinginu með frumvarpinu. Það er jafnframt nauðsynlegt að hafa í huga þegar rætt er um hina breiðu samstöðu. Hún skapaðist ekki vegna einhvers sérstaks áhuga stjórnarinnar á því að leita til stjórnarandstöðu um gott og mikið samstarf í þessu máli. Nei, hún varð til vegna þess að á þinginu myndaðist nýr meiri hluti sem tók völdin af ríkisstjórninni, breytti frumvarpinu og setti upp girðingar, öryggisnet í þetta mál sem breyta öllum grundvallarforsendum þess og koma til móts við hagsmuni Íslendinga eins og hægt er til lengri tíma.

Sannarlega voru þinginu sett þröng skilyrði til að vinna þessa vinnu vegna þess að gengið hafði verið frá lánasamningunum þegar frumvarpið var lagt fyrir þingið og í reynd er þingið einungis að ræða um ríkisábyrgð vegna lánasamninga sem ekki eru til umfjöllunar. En engu að síður hefur þingið unnið gríðarlega mikilvægt verk og það var sjálfsagt og eðlilegt af stjórnarandstöðunni að taka virkan þátt í þeirri endurskoðun sem nauðsynlega þurfti að eiga sér stað því að tjónið af því að samþykkja þetta mál óbreytt með því að fara í hefðbundnar fylkingar stjórnar og stjórnarandstöðu hefði bitnað á allt öðrum en þeim sem eru í þessum þingsal. Tjónið hefði bitnað á framtíðarkynslóðum þjóðarinnar, þannig að það kom að sjálfsögðu ekki til greina.

Ég vil lýsa ánægju með það verk sem unnið hefur verið í fjárlaganefndinni. Miðað við þær aðstæður sem þinginu hafa verið skapaðar í þessu máli held ég að fjárlaganefndin hafi unnið býsna gott verk. Ég vil jafnframt halda því á lofti að við í Sjálfstæðisflokknum sem stóðum að því að samþykkja þingsályktunartillögu um að ganga til viðræðna til lausnar á þessu máli í upphafi höfum alltaf haft sama málflutninginn uppi frá upphafi, að það væri til einhver lausn á þessu máli. Hún þyrfti einfaldlega að taka tillit til þeirra aðstæðna sem við búum við og getu okkar til að rísa undir þeirri ábyrgð sem verið væri að semja um við okkur. Við höfum jafnframt alltaf viljað halda til haga okkar lagalega rétti og það er rakið í áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar nánar hvaða atriði það eru sem við höfum viljað leggja sérstaka áherslu á í meðförum þingsins.

Mig langar til að minnast stuttlega á það að fyrr í sumar ruddust fram á sjónarsviðið alls konar hagsmunaaðilar í samfélaginu vegna þessa máls, löngu áður en umræðan hófst um að hér væri möguleiki á því að setja girðingar og öryggisventla inn í frumvarpið. Þeir lýstu þeirri afdráttarlausu skoðun sinni að málið eins og það lá fyrir þinginu þyrfti að samþykkja, ella færi allt í uppnám. Og það mátti skilja viðkomandi hagsmunaaðila þannig að þetta væri dagaspursmál vegna þess að hér gæti allt að öðrum kosti farið á hliðina. Við í stjórnarandstöðunni létum ekki undan þessum þrýstingi. Við héldum áfram á lofti sjónarmiðum um að það væri ósanngjarnt og óeðlilegt að fara fram á ríkisábyrgð í þessu máli sem tæki ekkert tillit til efnahagsframvindunnar á Íslandi og það er í reynd algerlega ótrúlegt að jafnmargir skyldu hafa stigið fram og gerðist í sumar, bæði SA, ASÍ og fleiri hagsmunasamtök, án allra fyrirvara við málið í heild sinni og hvöttu þingið til að ganga frá því eins og það þá lá fyrir. Því stórkostlega tjóni sem af því hefði hlotist hefur nú verið forðað. Við erum með allt annað mál í höndunum en lagt var upp með. Ég vil í því sambandi t.d. benda á þá töflu sem er að finna í nefndaráliti 1. minni hluta sem skýrir það út hversu miklu það munar fyrir skuldbindingar okkar á grundvelli ríkisábyrgðarinnar ef efnahagsþróunin verður ekki jafnhagfelld og Seðlabankinn spáir í bjartsýnisspá sinni. Ef hagvöxturinn verður eitthvað í líkingu við það sem sagan sýnir okkur, eitthvað í líkingu við það sem reynsla annarra þjóða kennir okkur, eitthvað í líkingu við það sem vænta má þegar horft er yfir svona langt tímabil eins og er verið að gera hér, undir 3%, kannski nær 2%, 2,5% á tímabilinu, muna þær breytingar sem við erum að vinna með við þessa umræðu málsins jafnvel hundruðum milljarða fyrir íslenska ríkið, þegnana í þessu landi, (Forseti hringir.) þá sem munu að þurfa að standa undir ríkisábyrgðinni í heild sinni. Þetta er allt annað mál (Forseti hringir.) en ríkisstjórnin lagði upp með og ég fagna því að okkur í stjórnarandstöðunni hafi tekist (Forseti hringir.) að snúa málinu til betri vegar.

[14:18]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég ætla að geyma mér til betri tíma að fjalla um túlkanir og söguskýringar sem hér hafa verið fluttar en ég vil aðeins gera eina athugasemd, staðreynda vegna. Hv. þingmaður komst svo að orði, ef ég tók rétt eftir, að samninganefndinni hefði verið skipt út eftir stjórnarskiptin 1. febrúar. Það er ekki rétt. Samninganefndin var skipuð fulltrúum ráðuneyta og stofnana á nákvæmlega sama grunni og sú fyrri var, þegar fyrri viðræður fóru fram, og a.m.k. helmingur sömu fulltrúa sömu ráðuneyta og stofnana hélt áfram í samningaferlinu. Það urðu tilteknar mannabreytingar sem helguðust aðallega af mannabreytingum sem orðið höfðu í viðkomandi ráðuneytum þar sem ráðuneytisstjórar höfðu horfið frá störfum og aðrir verið skipaðir í þeirra stað. Þannig skýrast að mestu leyti þær breytingar sem urðu á samninganefndinni. Hún byggði á nákvæmlega sama grunni og var nákvæmlega eins hugsuð, hún var skipuð fulltrúum þeirra ráðuneyta, stofnana og sjóða sem málið varðaði mest.

Að öðru leyti er rétt að fram komi, vegna þess að menn hafa kvartað undan skorti á samráði og upplýsingagjöf í þessum efnum, að ég held að ég hafi a.m.k. þrisvar sinnum og sennilega frekar fjórum sinnum á tímabilinu frá febrúar til maíloka fundað með utanríkismálanefnd og upplýst hana um framvindu málsins, og a.m.k. einu sinni með fjárlaganefnd. Ég held að ekki sé hægt að kvarta undan því sérstaklega að framkvæmdarvaldið hafi að þessu leyti ekki sinnt skyldu sinni um samráð við utanríkismálanefnd um mikilvæg mál af þessu tagi.

[14:21]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað hæstv. ráðherra á við varðandi samninganefndina. Ég hélt að menn myndu hvernig hlutirnir gerðust hér eftir að ný ríkisstjórn tók við, allnokkrir embættismenn í Stjórnarráðinu voru teknir og settir í kæli. Þeir hafa síðan komið til nýrra starfa annars staðar. Þetta voru menn sem höfðu starfað með forsætisráðherrum úr fjölmörgum flokkum í áratugi en voru allt í einu ekki nógu góðir og ríkisstjórnin vildi setja sína eigin menn í þeirra stað. Einhverjir þeirra rötuðu inn í Icesave-samninganefndina, við munum líka eftir því að t.d. Indriði H. Þorlákssson kom þangað inn. Er virkilega verið að reyna að halda því fram hér að ekki hafi verið vilji hjá ríkisstjórninni til að gera mannabreytingar á nefndinni? Hvers vegna voru ekki þeir einstaklingar sem teknir voru úr Stjórnarráðinu og þar með úr samninganefndinni einfaldlega látnir sitja þar áfram? Ég hef þá algerlega misskilið áherslur ríkisstjórnarinnar í þessu máli og ég kannast ekki við að einhver sendiherra á vegum ríkisins hafi verið að vinna í samninganefndinni og að honum hafi verið skipt út fyrir þann sem síðan tók við og leiddi nefndarstarfið.

Menn geta ekki komist hjá þeirri staðreynd með svona söguskýringum að sú ríkisstjórn sem þá var nýtekin við, í byrjun febrúar — og Vinstri grænir sem komu inn í ríkisstjórn höfðu haft uppi gríðarlega stór orð um hvernig farið hefði verið með hagsmuni Íslendinga í þessu máli — ætlaði að eigna sér niðurstöðuna með því að gera breytingar á samninganefndinni. Það fer ekki fram hjá nokkrum einasta manni sem skoðar atburðarásina og hvaða orð féllu á þessum tíma.

[14:23]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Sínum augum lítur hver á silfrið. Það er trúlegt að einhver stjórnmálamaður hafi verið svo skyni skroppinn að hann reiknaði með því að það yrði vel til vinsælda fallið að bera ábyrgð á því að reyna að leiða þetta erfiða mál til lykta. Ég held að hv. þingmaður ætti aðeins að endurskoða hug sinn og velta þessari kenningu sinni fyrir sér, að menn hafi ætlað að verða svo vinsælir og slá svo miklar pólitískar keilur á því (Gripið fram í.) að reyna að greiða úr þeim ofboðslegu ógöngum sem Ísland var komið í vegna þessa skelfilega máls. Mér finnst það satt best að segja merkilegt að menn skuli ræða þetta á öðrum nótum en þeim sem í mínum huga liggja ljóst fyrir, að vandamálið er vandamálið sjálft en ekki tilraunir til þess að leysa það. Það má að sjálfsögðu deila um hversu vel þar hafi tekist til og gagnrýna það sem menn telja gagnrýnisvert í þeim efnum, en að reyna að snúa hlutunum svoleiðis algerlega á haus að vandi okkar allur saman í sambandi við þetta Icesave-mál séu tilraunirnar til að leysa það en ekki vandamálið sjálft finnst mér ekki uppbyggilegur málflutningur. Ég svara að sjálfsögðu fyrir gagnrýni á það hvernig með þetta mál hefur verið farið ef menn telja niðurstöðurnar og lausnirnar ekki nógu góðar. Kannski var aldrei von til þess að neitt annað kæmi á borð Alþingis í framhaldi af samningaviðræðum en erfið niðurstaða því að það er ekki hægt að koma heim með lítinn og sætan samning þegar verið er að reyna að leysa stórt og vont mál. (Gripið fram í.) En það er hægt að reyna að gera það besta í þessum efnum og það tel ég að allir hafi gert og þar á meðal, og ekki síst, þingið nú í sumar. Ég hef hrósað mönnum fyrir það mikla og góða starf en það á ekki að þýða að menn þurfi að reyna að gera einhverja aðra að sökudólgum í þessu máli en þá sem eru það raunverulega. Það eru þeir sem bjuggu þetta vandamál til sem bera ábyrgð á því hvernig það gat orðið til og að það skyldi verða til og að það skyldi fara eins og það fór. Þar varð vandamálið til. Og það er við það að sakast en ekki tilraunir til að leysa úr því.

[14:25]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér heyrist hæstv. ráðherra fjármála ekki hafa náð meginatriði máls míns áðan. Ég rifjaði það upp hvernig ríkisstjórnin hagaði sér á fyrstu stigum þessa máls og hvað sagt hafi verið áður en mannabreytingar voru gerðar í samninganefndinni. Ég setti hlutina í það samhengi sem mjög hefur verið til umfjöllunar hér undanfarnar vikur og daga, menn rísa í dag upp og fagna hinni breiðu samstöðu sem tókst um málið. Bíddu, hvenær kom það til tals í einhverri alvöru að fara að vinna þetta mál í breiðri sátt og samstöðu? Er ekki staðreyndin sú þegar menn skoða söguna að ríkisstjórnin vann það á sínum eigin forsendum? Allt er það satt og rétt sem sagt er að málið hafi verið kynnt fyrir utanríkismálanefnd en eins og ég hef látið koma fram í

umræðum um þetta mál var utanríkismálanefndinni ljóst að það þokaðist ekki í samkomulagsátt í þeim viðræðum sem nefndin stóð í. Og það komu skýr skilaboð frá þinginu, bæði í gegnum þingsályktunartillöguna og í utanríkismálanefnd, um þær áherslur sem menn töldu skynsamlegt að leggja í þessum viðræðum. Þrátt fyrir þau skilaboð tók ríkisstjórnin ákvörðun um að binda enda á viðræðurnar og ljúka þeim með samningum sem tóku ekkert tillit til sjónarmiða sem fram komu í nefndinni eða í umræðum á þinginu, eða yfir höfuð þingsályktunartillöguna sjálfa.

Þess vegna er það ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á endanlegum samningi þrátt fyrir að hún hafi verið með erfitt mál í höndunum og þrátt fyrir að aðrir beri ábyrgð á þeirri stöðu sem komin var upp og við stóðum frammi fyrir. Allt er það rétt, það er ríkisstjórnarinnar að leysa úr því máli þó að hún hafi ekki búið það til en hún verður að bera ábyrgð á samningunum eins og þeir voru undirritaðir, eins og gengið var frá þeim, með kostum og göllum. Og þegar við komum síðan saman og reynum að betrumbæta þá, er það ekki vegna vilja ríkisstjórnarinnar til að hér verði breið samstaða um málið. Það er komið til vegna innanmeina í stjórnarliðinu, (Forseti hringir.) vegna veikleika ríkisstjórnarinnar, vegna getuleysis hennar til að tryggja málinu meiri hluta og (Forseti hringir.) vegna þeirra gríðarlegu mistaka sem í reynd voru gerð með því að undirrita samninga sem voru svo mikið á skjön við þingviljann og eru (Forseti hringir.) að koma í ljós núna í þeim breytingartillögum sem við erum u.þ.b. að fara að ganga frá.

[14:27]

Þráinn Bertelsson (U):

Virðulegi forseti. Nú er það svo að fáeinir fjárglæframenn, gersneyddir samkennd, mennsku og menningu, gefandi dauða og djöful í allra manna hagsmuni nema sína eigin, ákváðu einn góðan veðurdag að það væri „tær snilld“ að setja upp viðskiptalegar spilaborgir erlendis — ekki bara á hinu fámenna Íslandi — og narra erlenda ríkisborgara til að afhenda sér sparifé sitt til ávöxtunar.

Geðvillingar, siðblindingjar og samviskulausir glæpamenn — sem mjög varlega áætlað eru um 2% af íbúafjölda hvers lands — líta á það sem „tæra snilld“ að naga stöðugt innviði allra þjóðfélaga. Þetta á við hér á Íslandi eins og í öðrum löndum.

Engin lög sem enn þá hafa verið fundin upp duga til þess að koma í veg fyrir að samviskulausir einstaklingar vegi að rótum þeirra samfélaga sem þeir sjálfir lifa á sem hættuleg sníkjudýr. Venjulegt fólk getur bara vonað að það komist aldrei í kast við þessar afætur þótt það sé raunar borin von tölfræðilega að hægt sé að lifa heilu lífi án þess að verða fyrir barðinu á þessum myrkraverkaher.

Ég hafna því algjörlega að íslenska þjóðin eða ég sjálfur beri nokkra einustu ábyrgð á voðaverkum geðvillinga eða aðila sem hegða sér í einu og öllu eins og geðvillingar, óreiðumanna sem koma óorði á allt sem tengist viðskiptum, auk þess að valda sorglegri en því miður nauðsynlegri tortryggni í mannlegum samskiptum.

Hins vegar er það augljós staðreynd að hvað svo sem ábyrgðinni líður sitjum við uppi með geðvillingana, verk þeirra og afleiðingar þeirra vondu verka.

Ég mundi taka það óstinnt upp ef breskur sendimaður, 007 eða 8, bankaði upp á hjá mér og segði mér að vegna framferðis Landsbankaskrílsins hefði nafn mitt og allra Íslendinga verið sett á lista yfir hryðjuverkamenn sem væru taldir ógna öryggi Bretaveldis.

Ég mundi taka því fálega ef þessi sendifulltrúi gripi aukinheldur til hótana um að gera mér allt til bölvunar í framtíðinni, skíta mig út hjá Evrópusambandinu og hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum og sem víðast á alþjóðavettvangi og beita áhrifum sínum til þess að ég fengi ekki fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, nema ég sjálfur léti undan fjárkúgun og keypti mér gott veður fyrir til að mynda rúmar 2 milljónir af framfærslupeningum heimilisins sem skaðabætur fyrir framferði mér óviðkomandi geðvillinga. Og ekki nóg með það, 2 milljónir fyrir mig sjálfan, aðrar 2 fyrir konu mína og svo 2 í viðbót fyrir hvern afkomanda. 12 milljónir fyrir okkur sex í stórfjölskyldunni og enginn magnafsláttur. Skaðabætur fyrir skaða sem ég olli ekki, þaðan af síður kona mín og allra síst börn og barnabörn.

Af stimamýkt sinni og umhyggju til að auðvelda mér þetta væru Bretar og Hollendingar til í að lána mér peninga með rúmlega 5% vöxtum, afborganalaust í sjö ár, og greiðist upp fyrir árslok 2024.

Kostaboð. „Take it or leave it.“ Núna strax og það áður en sumarþingi lýkur — eða þú skalt hafa verra af, „vinur“.

Með vini eins og þetta þarf maður ekki á óvinum að halda. Þetta eru einkavinir okkar úr kaldastríðsklúbbnum NATO.

Vinátta okkar við Breta stendur að vísu ekki sérlega föstum fótum eftir nokkur þorskastríð um lífsbjörg okkar við þennan freka og ósvífna yfirgangsaðila sem taldi það lengi vel í sínum verkahring að útrýma hverjum einasta þorski á Íslandsmiðum og gott ef ekki láta togara sína draga botnvörpur um kartöflugarða bænda við sjávarsíðuna.

Það hefur því miður mistekist að leysa hið svonefnda Icesave-mál, mistekist gersamlega og nú bendir margt til þess að við eigum eftir að súpa af því seyðið um langan aldur.

Það hefur mistekist að gera um þetta viðunandi samninga.

Það hefur mistekist hrapallega að halda sanngjörnum málstað íslensku þjóðarinnar til haga. Við höfum orðið að þola — og gert okkur að góðu að þola — ofbeldi, þvinganir og þá smán og búsifjar að vera sem þjóð flokkuð með hryðjuverkamanna- og geðvillingafélaginu al Kaída sem fer um löndin með morðum og manndrápum.

En jafnvel sú útreið sem við höfum fengið hjá breskum og hollenskum yfirvöldum, jafnvel sá smánarlegi nauðungarsamningur sem haldið hefur Alþingi í gíslingu vikum saman þarf alls ekki að koma í veg fyrir að við viljum leysa málið.

Jafnvel þótt við sem þjóð berum ekki ábyrgð á gerðum geðvillinga, eða manna sem hegða sér sem slíkir, viðurkennum við að atferli þeirra hefur afleiðingar sem eru hverjum manni augljósar — nema geðvillingunum sjálfum. Þeir móast við og skilja jafnvel ekki að þeir hafi gert neitt rangt. Þeir sjúkustu meðal þeirra eru nógu veruleikafirrtir til að impra á því opinberlega að þeir aðilar sem mest hafa lagt sig í líma við að þrífa upp eftir þá skítinn biðji þjóðina

afsökunar. En þeir sjálfir, nei, þeir þurfa engrar afsökunar að biðja þar sem þeir hafa ekkert rangt gert — utan það eitt að kæra sig kollótta um muninn á réttu og röngu og finnast ævinlega það ranga meira freistandi en það rétta.

Frá því að fjárglæfraspilaborgin hrundi hafa allir Íslendingar sem komið hafa að Icesave-málinu án efa verið allir af vilja gerðir til að finna viðunandi lausn á málinu og lágmarka skaðann. En góður vilji gerir enga stoð. Lausnin er ófundin enn þá og e.t.v. erum við fjær viðunandi lausn núna en áður en Alþingi Íslendinga fyrir vel meinta þrákelkni framkvæmdarvaldsins og einlægan vilja til að kyssa á vöndinn lét loka sig inni í sjö vikur yfir þeim nauðungarsamningum sem nú hanga eins og sverð Damóklesar yfir þjóðinni.

Lausnin er ófundin enn þá og sennilega væri skynsamlegt að leita til hlutlausra aðila, svo sem Frakka, Þjóðverja, nú eða Svía, til að hjálpa okkur að miðla málum og forða okkur undan hótunum, ofríki og ofbeldi hinna fornu nýlenduherra og þrælakaupmanna sem við eigum nú í höggi við, og virðast enn vera tiltæk fantabrögð forfeðranna í samskiptum við vopnlausar smáþjóðir.

Á Alþingi bendir margt til þess að hvorki sé kjarkur, áræði, úthald né andleg orka til að halda áfram að leita að viðunandi lausn. Eftir sjö vikna setu yfir nauðungarsamningnum virðist nú vera meiri hluti fyrir því í fjárlaganefnd og jafnvel á þinginu að láta ranglætið yfir sig ganga en milda það með fyrirvörum sem eiga að tryggja að við getum áfram haldið hér uppi vísi að heilbrigðisþjónustu og menntakerfi þótt það fari í forgang hjá íslenskum almenningi að borga breskum og hollenskum innstæðueigendum skaðabætur fyrir tjónið sem hlaust af því að þeir, eins og við, skyldu verða fyrir barðinu á íslenskum geðvillingum.

Ég vil hafna Icesave-samningnum og vísa honum út í hafsauga og finna aðra lausn — á jafnréttisgrundvelli — til að græða upp þá sviðnu jörð sem hinir íslensku græðgisdólgar hafa skilið eftir sig hér heima og erlendis. Ég vara við þessum samningi — með eða án fyrirvara.

Ég sé sömuleiðis fram á að mitt sjónarmið muni að líkindum verða undir við atkvæðagreiðslu um málið.

Ég reyni að hugga mig við að þegar þetta skelfilega mál verður úr sögunni verði aftur hægt að snúa sér að því sem máli skiptir, því að hjálpa venjulegu fólki, fjölskyldunum í landinu og almennri atvinnustarfsemi í stað þess að hjúkra dag og nótt með ærnum tilkostnaði fjármálafyrirtækjum sem hafa undanfarin ár riðið hér húsum með „tærum snilldarverkum“ sínum eins og drepsótt í boði þeirra stjórnmálaflokka sem þá fóru með landstjórnina og hafa nú steingleymt ábyrgð sinni. Eitthvert menningarsnauðasta og dapurlegasta tímabil í sögu þjóðarinnar, tímabil græðgi og ómennsku, er vonandi að baki.

Von mín er sú að við getum snúið okkur að því að endurreisa hér mannsæmandi þjóðfélag þegar Alþingi losnar úr herfjötri Icesave-málsins, þjóðfélag miðað við þarfir og drauma heiðarlegs fólks en ekki græðgi og dramb geðvillinga og gróðadólga.

Ég vona að við þurfum ekki að horfa upp á það fleiri haust að efnalitlar fjölskyldur hafi ekki ráð á því að kaupa pappír og ritföng handa ungum börnum sínum við upphaf skólagöngu.

Ég vona að við þurfum ekki að horfa upp á það framar að Alþingi Íslendinga sé lamað vikum og mánuðum saman vegna sligandi nauðungarsamninga við ellimóð og snakill stórveldi sem eiga harma að hefna á útsmognum íslenskum gróðadólgum en kjósa frekar að ráðast á saklausa þjóð.

„Hvað er þá orðið okkart starf í sex hundruð sumur?“ spurði þjóðskáld okkar, Jónas Hallgrímsson, í kvæði sem ég er hræddur um að of margir, bæði meðal þings og þjóðar, séu búnir að gleyma.

[14:40]

Forseti (Siv Friðleifsdóttir):

Forseti vill í allri vinsemd biðja þingmenn almennt um að gæta orða sinna.

[14:40]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góða ræðu. Ástæðan fyrir veru minni í pontu er ekki sú að veita andsvar, heldur kannski meira meðsvar ef því finnst staður í þingsköpum. Hann nefndi að það væri gríðarlega mikilvægt að halda áfram að finna viðunandi lausn og ég tek heils hugar undir þau orð, einnig þegar hann sagði að það væri svolítið sérstakt að í rauninni væri með fyrirvörunum verið að milda ranglætið. Það er einmitt ranglætið sem er svo yfirgnæfandi í þessu máli, að við skulum ekki fá notið þess sem sjálfstæð þjóð á meðal þjóða að láta reyna á réttindi okkar, fá skorið úr deilumálum okkar fyrir óvilhöllum dómstólum.

Mér heyrðist á þingmanninum að hann ætlaði að greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Mig langar þá að spyrja hann hvaða skoðun hann hafi á þeim orðum sem hafa fallið hér í dag þar sem menn í meiri hlutanum strjúka hver öðrum á bakið og mæra samstöðuna eins og hún sé einhver lykill að málinu, bara vegna þess að einhverjir flokkar, 3–4 flokkar, sem reynast svo ansi ósammála þegar þeir hefja upp raust sína, eru sammála í þessu máli. Er hv. þingmaður mér sammála um að slík samstaða skipti engu máli? Ég bendi á orð Lees Buchheits sem er sérfræðingur á þessu sviði, hann sagði að það væri einmitt þeim mun mikilvægara að fram kæmi hversu vondir samningarnir væru og að andstaða væri við þá á Alþingi.

[14:42]

Þráinn Bertelsson (U) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þetta andsvar, eða meðsvar frá hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni. Áður en ég svara spurningu hans langar mig til að tjá forseta þakkir mínar fyrir áminningu um að gæta orða minna. Ég hef unnið við það og haft af því lifibrauð síðustu 40 ár að gæta orða minna. Íslensk tunga hefur verið atvinnutæki mitt og ég þakka allar ábendingar varðandi notkun tungumálsins og mun hér eftir sem hingað til reyna að gæta þessa máls sem mér var gefið og vanda mig við meðferð þess.

Varðandi spurningu hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar um hvað mér finnist um þá margrómuðu samstöðu sem menn telja sig hafa náð í þinginu hef ég svo sem ekki mikið að segja um hana utan sjálfsagða hluti. Samstaða er í sjálfu

sér af hinu góða svo lengi sem sú samstaða er um réttan og góðan málstað. Ég gef hins vegar lítið fyrir samstöðu um að láta í minni pokann fyrir kúgunum og ofbeldi og samstöðu um að reyna að gera það skásta úr vondu máli í stað þess að berjast fyrir því að taka málið fyrir upp á nýtt og leiða það fram til sigurs.

[14:45]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Hún var nokkuð stóryrt, og kannski er verst að þeir sem veist var að hafa ekki tækifæri til að svara fyrir sig hér á sama stað en þeir gera það væntanlega annars staðar. (**ÞrB:** Þeir eiga nóg af fjölmiðlum.) Það sem mig langaði til að spyrja hv. þingmann um er Evrópusambandið. Hann greiddi atkvæði með því að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu og nú vill svo til að þetta Icesave-vandamál er vegna galla í tilskipunum Evrópusambandsins um innlánstryggingar. Þegar á reyndi og menn óttuðust um alla Evrópu að það yrði áhlaup á banka beitti Evrópusambandið ýmsum brögðum gagnvart Íslendingum, ekki beint góðum brögðum, og ég spyr hv. þingmann: Hvernig líst honum á Evrópusambandið eftir að það hefur staðið núna, ásamt með Bretum og Hollendingum, í því að kúga Íslendinga? Vill hann enn þá ganga inn í þetta ágæta bandalag? Er ekki ósamræmi í því að ætla sér að sameinast þessum klúbbi sem hann gagnrýnir hér svo fyrir að fara illa með Íslendinga?

Það er líka athyglisverður punktur að Bretar og Hollendingar, báðar þjóðirnar, þurfa að samþykkja aðildarbeiðni hv. þingmanns að Evrópusambandinu — því að hann greiddi atkvæði með því — og ég spyr hann: Getur verið að það sé afstaða margra þingmanna á þingi sem greiddu atkvæði með Evrópusambandinu að styggja ekki þessa væntanlegu atkvæðagreiðendur um aðild Íslands að Evrópusambandinu? Hvernig fer þetta yfirleitt saman í huga hv. þingmanns?

[14:47]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Icesave-málið sem komið er til lokaumræðu er ekki aðeins eitt stærsta mál sem Alþingi Íslendinga hefur þurft að ræða heldur um leið eitt mesta hneykslismál, hugsanlega mesta hneykslið sem við höfum horft upp á í íslenskum stjórnmálum. Ástæðan er sú að í þessu máli brugðust stjórnvöld þeirri grundvallarskyldu stjórnvalda í hvaða landi sem er í heiminum að verja þjóð sína. Íslensk stjórnvöld hafa í þessu máli ekki varið íslensku þjóðina. Þvert á móti hafa þau varið mjög hart málstað andstæðinga okkar í þessu máli og beitt til þess brögðum sem ég held að sagan muni dæma sem algerlega óásættanleg.

Saga þessa máls í þinginu er saga blekkinga og undanbragða. Þingmenn hafa þurft að hafa gríðarlega mikið fyrir því að fá grundvallarupplýsingar um málið. Það stóð ekki einu sinni til að þingmenn fengju að sjá þá samninga sem þetta snýst allt saman um. Reyndar var opnað á þann möguleika að þingmenn gætu fengið að skoða samningana í lokuðu herbergi einir og sér en það var þá ljóst að aldrei ætti að birta þá opinberlega. Það var ekki fyrr en samningunum var lekið í fjölmiðla að stjórnvöld sáu ekki annan kost en birta þá og síðan þá hefur þurft að margbiðja um að fá grundvallarupplýsingar í málinu. Þegar upplýsingar hafa verið veittar hafa þær oft ekki staðist og raunar hefur ekkert staðist af því sem sagt var um þetta mál í upphafi. Ekki eitt einasta af þeim atriðum sem stjórnvöld nefndu sem rökstuðning fyrir því að þetta væri ásættanlegur samningur í upphafi hefur staðist þegar á hólminn var komið.

Ástæðurnar fyrir því eru líklega fyrst og fremst tvær: Annars vegar sú að ríkisstjórnin lagði strax sjálfa sig undir í þessu máli og var þannig komin í skotgrafirnar, gat ekki léð máls á neinu öðru en upphaflegu uppleggi í þessu máli. Hitt er það að stjórnvöld, ríkisstjórnin virtist einfaldlega ekki vita hvað hún var með í höndunum, hafði ekki kynnt sér málið, eins og kom í ljós aftur og aftur, m.a. kom í ljós að ráðherrar í ríkisstjórninni gerðu sér ekki grein fyrir hvernig greitt yrði út úr þrotabúi Landsbankans og munaði þar hundruðum milljarða kr. Menn höfðu ekki hugmynd um hvort það skeikaði 300 milljörðum til eða frá.

Þrátt fyrir að hafa ekki séð samninginn voru margir stjórnarliðar og raunar ríkisstjórnin sjálf tilbúin að tala fyrir honum, tilbúin til að segja að þetta væri það eina í stöðunni. Við ættum í raun ekkert val annað en að samþykkja þennan samning sem var sagður góður en menn hafa svo ekki treyst sér lengur til að reyna að segja góðan, telja nú nauðsynlegan.

Það er búið að reyna mikið að gera endurbætur á þessum samningi. Það er í sjálfu sér mjög undarleg nálgun þegar menn fá í hendur plögg eins og þessir Icesave-samningar eru, að menn skuli fá í stað þess að segja einfaldlega: Þetta er ekki hægt fyrir þingið. Þetta er ekki í samræmi við það umboð sem Alþingi veitti og raunar eru þegar búin að virkjast endurskoðunarákvæði samninganna sjálfra. Í stað þess að segja þetta, vísa málinu til baka, er reynt að stagbæta samningana. Það var vissulega betra en ekki neitt, það var vissulega betra en að samningarnir færu í gegn óbreyttir og þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn tekið mikinn þátt í þeirri vinnu og sú barátta hefur þrátt fyrir allt orðið til þess að málið lítur miklu skár út en stefndi í. En hins vegar var lagt í þá baráttu af hálfu þeirra sem tóku þátt í henni sem voru fulltrúar úr öllum flokkum, nema Samfylkingu, lagt upp með að fyrirvararnir væru í rauninni leið til að segja: Þetta er ekki ásættanlegt og þetta er það sem er að. Nú er allt í einu umræðan orðin sú að þessir fyrirvarar eigi að vera ásættanlegir. Við viljum fá staðfestingu á því að þeir séu ásættanlegir, segir ríkisstjórnin. Túlkanirnar er engu að síður alveg í hvor í sína áttina. Fulltrúar úr Sjálfstæðisflokki hafa lýst því að fyrirvararnir felli í raun samninginn, eða gerðu það a.m.k. á tímabili. Fulltrúar frá ríkisstjórninni, ráðherrar, segja að þetta rúmist innan samningsins. Ljóst má vera að hvort tveggja getur ekki verið rétt. En ef nú er ljóst að við viljum fá samþykki, við viljum að Bretar og Hollendingar segi: Þetta er í lagi, erum við í raun að leggja fram nýtt tilboð. Það er í eðli málsins, þá verðum við að spyrja okkur: Er þetta gagntilboð ásættanlegt af okkar hálfu? Er gengið nógu langt? Er það sem við leggjum fram sem tilboð, það sem við ætlumst til að fá samþykki við, jákvætt svar frá Bretum og Hollendingum, er það það sem við viljum eða erum við að gefast upp? Er þetta það sem við teljum okkur geta náð og ekki meira? Þetta eru spurn-

ingar sem ég hefði viljað fá svör við í dag en ráðherrar í ríkisstjórninni gefa sér lítinn tíma til að taka þátt í umræðu um þetta stærsta mál hugsanlega í sögu Alþingis og ég held að það sé ekki einn einasti stjórnarþingmaður á mælendaskrá. En þetta er grundvallaratriðið.

Ef ríkisstjórnin er að falast eftir því að Bretar og Hollendingar fallist á tillöguna er verið að gera tilboð. Þá er spurningin þessi: Er þetta tilboð ásættanlegt? Það er það ekki að mínu mati. Það er það ekki að mati fulltrúa Framsóknarflokksins í fjárlaganefnd, hv. þm. Höskuldar Þórhallssonar og ég tel að óhætt sé að segja að framsóknarmenn almennt og ég geri ráð fyrir stærstur hluti þjóðarinnar telji þetta ekki ásættanlegt tilboð, sérstaklega í ljósi þess að okkur Íslendingum ber raunverulega ekki skylda til að greiða þessar gríðarlega háu upphæðir. Okkur ber ekki skylda til að skrifa upp á nærri 800 milljarða kr. skuldabréf í erlendri mynt. Ef við erum sammála um það, sem ég held reyndar að flestir séu að verða, hvers vegna gerum við þá tilboð á móti sem við teljum í raun ekki ásættanlegt? Hvernig stendur á því að þrátt fyrir að í ljós hafi komið aftur og aftur að í hvert skipti sem unnið er meira í málinu og það skoðað betur finnast nýir gallar og hlutir sem allir verða síðan sammála um að þurfi að leiðrétta, að málið er iðulega rifið út úr nefndinni án þess að fá þar fullnægjandi umræðu? Ég taldi að samið hefði verið um það fyrir nokkrum dögum að þegar málið færi inn í nefnd fyrir síðustu umræðu fengi það allan tíma sem á þyrfti að halda. En hvað er svo gert? Eina ferðina enn er málið rifið út án þess að einn einasti maður með menntun í enskum lögum hafi lesið það yfir. Það er ekki einn einasti — ég er ekki bara að tala um sérfræðinga, ég er bara að tala um einhvern sem er með menntun í enskum lögum, þeim lögum sem gilda um samninginn, þeim lögum sem verður stuðst við, rísi ágreiningur. Það hefur ekki einn einasti maður með menntun í enskum lögum lesið þetta yfir fyrir Alþingi þrátt fyrir að komið hafi ábendingar héðan og þaðan aftur og aftur frá framtakssömum borgurum úti í bæ, jafnvel í útlöndum, um að það sé kannski ekki allt með felldu. Þá ætlar þingið að setja þetta mál í gegn án þess að hafa fengið ekki bara bestu sérfræðinga heims, sem svo að sjálfsögðu ættu að fá sér til aðstoðar í þessu máli, heldur neinn með nægilega þekkingu til að geta yfir höfuð prófarkalesið málið.

Sú hefur reyndar verið raunin allt frá upphafi. Það er óskiljanlegt að í samningaviðræðum þar sem svona miklir hagsmunir eru undir skuli ekki hafa verið leitað til einhverra þeirra fjölmörgu sérfræðinga víða um heim sem boðist hafa til að aðstoða Íslendinga í þeim kröggum sem þjóðin er nú í. Meira að segja Nóbelsverðlaunahafar í hagfræði hafa boðið Íslendingum aðstoð sína. Það eru allir tilbúnir og áhugasamir um að hjálpa Íslandi í þeirri sérstöku stöðu sem landið er í. Nei, ríkisstjórnin vildi hafa þetta mál út af fyrir sig, láta sína einkavini sjá um þetta, ekki leita eftir utanaðkomandi áliti nema að einhverju óverulegu leyti og að því leyti sem það var gert var því stungið undir stól.

Hvernig þetta mál hefur verið unnið er ríkisstjórninni til háborinnar skammar en þó er rétt að geta þess að einn ráðherra, hæstv. heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson, og nokkrir Íslandsvinir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði skera sig þar úr og hafa haft töluvert um þetta að segja ásamt Framsóknarflokknum og öðrum sem hafa tekið fast á móti. Það hefur þurft töluverða baráttu til því að það er mikið búið að reyna til að keyra þetta mál í gegn og þar hefur ýmsum brögðum verið beitt eins og ég held að sé fullt tilefni til að fjalla nánar um síðar. Samningsstaða Íslendinga í þessu máli var nefnilega sterk. En fulltrúar Íslands, málsvarar Íslands, hafa skipulega kastað frá sér öllum vörnum. Fjármálaráðherra Frakklands og núna fyrir ekki svo löngu síðan fjármálaráðherra Hollands hafa lýst því yfir að ríkisábyrgð eigi ekki við í kerfishruni eins og Íslendingar hafa upplifað. Þessu til viðbótar er margbúið að sýna fram á hina ýmsu lagalegu galla á málatilbúnaðinum en hversu oft sem bent er á ágallana hefur það engu breytt um það að ríkisstjórnin forherðist í því að þessa samninga verði að keyra í gegn. Hún vill enga hjálp. Hún vill auðvitað allra síst hjálp frá stjórnarandstöðunni en hún vill ekki heldur heyra í málsvörum Íslendinga í útlöndum því að þeim hefur smátt og smátt farið fjölgandi eftir því sem málstaður Íslendinga hefur verið kynntur en það hefur ríkisstjórn Íslands algerlega látið undir höfuð leggjast. Reynslan er sögð sú að þegar menn hafa byrjað að kynna málstaðinn kviknar ljós, þá átta menn sig á því um allan heim að þetta er allt öðruvísi en leit út í upphafi. Það er mikil synd og mikill skaði að íslensk stjórnvöld skuli ekki fyrr og raunar ekki yfir höfuð hafa gripið til varna. Sérstaklega á það við núna einmitt þessa dagana þegar andrúmsloftið er að breytast mjög mikið, sérstaklega í Evrópu, varðandi það hvernig menn meta þá efnahagskrísu sem heimurinn hefur gengið í gegnum en ekki síst hvernig þeir meta stöðu Íslands og þetta mál. Nú eru leiðarahöfundar erlendra blaða farnir að koma okkur til varnar, erlendir sérfræðingar taka upp á því hjá sjálfum sér að skrifa Íslendingum til varnar en þessa hjálp vilja íslensk stjórnvöld helst ekki sjá vegna þess að fyrir þeim snýst þetta eingöngu um það að hafa rétt fyrir sér varðandi að samningurinn eigi að fara í gegn. Ríkisstjórnin er tilbúin til að leggja þessar gríðarlegu byrðar á íslensku þjóðina til þess eins að geta sagt: Við náðum okkar í gegn. Svona eiga stjórnvöld ekki að starfa, allra síst á tímum eins og við upplifum núna.

Hverjar verða svo afleiðingarnar af þessu ef þetta næst allt saman í gegn? Þá þarf ríkisstjórnin væntanlega að finna sér nýtt mál, nýja gulrót til þess að benda á að nauðsynlegt sé að ná til að hægt sé að gera alla hlutina sem hún vill svo gjarnan. Nokkur mál hafa komið til sögunnar, Evrópusambandið, seðlabankastjórinn og fleira. Alltaf er einhver hindrun sem kemur í veg fyrir að ríkisstjórnin geti gert það sem hún er kjörin til svo nú mun hún væntanlega þurfa að finna sér nýja fyrirstöðu, nýja afsökun fyrir því að hún sinni ekki hlutverki sínu sem skyldi. En það sem verra er, með þessu kann að vera að af stað fari ferli sem er ekki endilega gæfuríkt, verður ekki gæfuríkt fyrir þjóðina, þ.e. aukin lántaka án þess að menn hafi almennilega gert sér grein fyrir því hvernig nota eigi lánin. Aukin lántaka þýðir aukin skuldsetning. Við erum stödd í miðri skuldakreppu. Það er reyndar langt síðan hún hófst. Bankarnir töldu að skuldakreppuna mætti leysa með aukinni skuldsetningu. Sú tilraun var gerð. Afleiðingarnar eru öllum ljósar. Nú er ríkisstjórn Íslands að reyna slíkt hið sama. Það er sögð vera meginástæðan fyrir því að við verðum að samþykkja Icesave-

samningana fyrir utan einhverja vinsældakeppni, það er að við verðum að fá meiri lán. Við verðum að skuldsetja okkur aðeins meira, aðeins lengur, vegna þess að ef við fáum aðeins meiri frest þótt við skuldsetjum okkur miklu meira reddast þetta kannski.

Nei, ég held að það sé nóg komið af þessu viðhorfi, því viðhorfi að skuldaaukning geti bjargað okkur. Ég held að við þurfum að fara að hugsa hlutina upp á nýtt, breyta um kúrs og vinna að því að ekki aðeins ríkissjóður og þar með skattgreiðendur, þjóðin í heild, taki ekki á sig óbærilega skuldaklafa heldur líka að snúa þróuninni við hjá heimilunum og fyrirtækjunum í landinu sem ríkisstjórnin gerir sér sem betur fer grein fyrir að standa ekki undir skuldabyrðinni. Nú ætti að vera nýtt upphaf með nýrri hugsun, ekki um aukna skuldabyrði, ekki um gömlu aðferðir bankanna við að skuldsetja sig út úr vandanum, heldur þvert á móti að við gerum okkur grein fyrir því að skuldsetning landsins, heimilanna, fyrirtækjanna og ríkissjóðs er orðin meiri en við stöndum undir. Við þurfum að snúa þeirri þróun við, við þurfum að lækka skuldirnar því að þannig getur framtíð Íslands orðið björt.

[15:02]

Ásbjörn Óttarsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum heimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Icesave-samningarnir bera þess glöggt merki að íslenska samninganefndin hefur verið ofurliði borin af hálfu Hollendinga og Breta þvert á það sem hin umsömdu viðmið gáfu fyrirheit um. Á því ber ríkisstjórnin alla ábyrgð. Órói innan lands, alþjóðlegur þrýstingur, flækjustig málsins og gríðarstórir hagsmunir áttu að gefa ríkisstjórninni tilefni til að vanda betur til samningagerðarinnar til að ná fram ásættanlegri niðurstöðu.

Hæstv. fjármálaráðherra kaus að láta pólitíska samherja leiða samningaviðræðurnar fyrir Íslands hönd í stað þess að láta einhvern með viðamikla þekkingu á alþjóðlegri samningagerð gegna því starfi. Staðfesting þess að niðurstaða viðræðnanna hafi verið óásættanleg birtist í ósamkomulagi innan ríkisstjórnarinnar áður en samningarnir voru undirritaðir og mikilli tregðu við að kynna samningana með viðhlítandi hætti fyrir utanríkismálanefnd og þingflokkum. Þessa sást einnig stað í ófullnægjandi aðgangi sem stjórnvöld settu alþingismönnum að gögnum málsins við upphaf þinglegrar meðferðar.

Þær breytingar á frumvarpinu sem unnar hafa verið í fjárlaganefnd varpa ljósi á hversu forkastanleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið í þessu máli. Í meðförum fjárlaganefndar hefur frumvarp ríkisstjórnarinnar tekið gríðarlegum breytingum og að því gefnu að breytingartillögur innan nefndarinnar hljóti staðfestingu má segja við endanlega afgreiðslu Alþingis byggi afgreiðsla málsins á allt öðrum forsendum en þeim sem ríkisstjórnin lagði upp með. Þær voru að Alþingi samþykkti ríkisábyrgð án nokkurra takmarkana á þeim skuldbindingum sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta hafði gert með staðfestingu fjármálaráðuneytisins við bresk og hollensk stjórnvöld. Allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar í aðdraganda framlagningar frumvarpsins þann 2. júlí ber vott um fljótræði og litla sem enga yfirsýn yfir innihald þeirra samninga sem ríkisstjórnin staðfesti að kvöldi 5. júní.

Þannig hélt hæstv. forsætisráðherra því fram í fréttum þennan sama dag að eignir Landsbanka Íslands mundu standa undir a.m.k. 95% þeirra skulda sem á Ísland kynnu að falla vegna Icesave-reikninga bankans. Tveimur dögum áður sagði hæstv. fjármálaráðherra að það væru algerar sögusagnir að til stæði að taka eitt risavaxið lán með himinháum vöxtum og í sjónmáli væri mun hagstæðari samningur en áður hefði verið rætt um. Einnig gaf hann í skyn að samninganefndin undir forustu Svavars Gestssonar væri að ná glæsilegri niðurstöðu innan skamms. Þau orð voru síðan dregin að nokkru leyti til baka.

Einnig lét formaður samninganefndarinnar hafa það eftir sér í fjölmiðlum að hann hefði ekki nennt að hafa málið lengur hangandi yfir sér. Þau ummæli sem vitnað er til eru afar óviðeigandi, svo ekki sé meira sagt. Því miður eru framangreindar tilvitnanir ásamt öðrum þeim upplýsingum sem fyrir liggja í gögnum málsins í fjárlaganefnd óræk staðfesting þess að kastað hefur verið til höndunum við framlagningu frumvarpsins þar sem farið var fram á ríkisábyrgðina. Það liggur fyrir í ljósi þess sem síðan hefur verið upplýst að innan stjórnarflokkanna hafi verið takmörkuð vitneskja um þær gríðarlegu skuldbindingar sem frumvarp ríkisstjórnarinnar fólu í sér. Enda kom á daginn við vinnu fjárlaganefndar að gögn málsins voru gríðarleg að vöxtum og yfirferð þeirra krafðist mikillar vinnu, jafnt alþingismanna, sérfræðinga sem og almennra borgara landsins. Sífellt koma fram nýjar upplýsingar sem nauðsynlegt reyndist að vinna betur úr.

Frú forseti. Eins og áður segir liggja fyrir viðamiklar tillögur til breytinga á því frumvarpi sem fjármálaráðherra mælti fyrir á Alþingi 2. júlí sl. Í stað þeirra galopnu og fáorðu heimilda sem frumvarpið mælti fyrir um hafa verið settir inn í það gildir fyrirvarar til að tryggja hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Þessum fyrirvörum er ætlað að styrkja rétt Íslendinga í samskiptum við Breta og Hollendinga og sníða af ýmsar og verstu afleiðingar þeirra samninga sem gerðir voru í umboði ríkisstjórnarinnar við þessar þjóðir. Breytingarnar munu m.a. stemma stigu við íþyngjandi fjárhagslegum afleiðingum samninganna, treysta aðkomu Alþingis að málinu og setja sólarlagsákvæði á ríkisábyrgðina vegna láns til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Það er því ljóst að Alþingi fjallar nú um gjörbreytt mál frá því sem fyrst var lagt fram. Í rauninni hefur ríkisstjórnin verið gerð afturreka með það mál sem hún lagði upp með. Í ljós hefur komið að ríkisstjórnin gekk til samninga við Hollendinga og Breta þar sem forsenda var ríkisábyrgð til handa Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta vitandi vits um að hvorki samningarnir né ríkisábyrgðin nyti stuðnings meiri hluta Alþingis eða allra ráðherra ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin gekk þannig frá skuldbindingum við aðrar þjóðir þrátt fyrir fulla vitneskju um að meiri hluti Alþingis væri þeim andsnúinn. Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál líkt og umfjöllun Alþingis á vinnu fjárlaganefndar við frumvarpið ber vitni um. Eðlilegast hefði verið, líkt og bent var í nefndaráliti fulltrúa sjálfstæðismanna í fjárlaganefnd við 2. umr. málsins, að ríkisstjórnin hefði gengið að nýju til samningaviðræðna við

Breta og Hollendinga til að reyna til þrautar að ná samningum þar sem aðilar tækju meira mið af hagsmunum Íslands en fyrirliggjandi samningar gera. Því miður var ríkisstjórnin ófáanleg til þess. Það var við þessar aðstæður sem fjárlaganefnd gerði grundvallarbreytingar á málinu og lagaði það að vilja þingsins.

Frú forseti. Ég ætla að fara yfir helstu breytingar fjárlaganefndar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

1. Brussel-viðmiðin. Lánasamningarnir verða túlkaðir í samræmi við hin umsömdu viðmið frá 14. nóvember, Brussel-viðmiðin, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að tekið sé sérstakt tillit til erfiðra og fordæmislausra aðstæðna á Íslandi. Kveðið var á um þetta í ályktun Alþingis frá 5. desember sl. en ljóst er af erindisbréfi samninganefndar ríkisstjórnarinnar um Icesave að verkefni hennar var ekki skilgreint í samræmi við þessa ályktun Alþingis. Er það vægast sagt mjög alvarlegt að hvorki erindisbréf samninganefndarinnar né niðurstaða samninganna skuli hafa verið í samræmi við vilja Alþingis.

2. Fullveldisákvæðið. Tryggt er nú að ekki verði hægt að gera aðför að eigum Íslands sem fullvalda ríkis. Í Icesave-samningunum eru ákvæði þar sem fallið er frá þessum friðhelgisrétti. Í þeim efnum var gengið miklu lengra en gerist og gengur í öðrum lánasamningum ríkisins. Þessu er snúið við í meðförum Alþingis.

3. Sett hefur verið inn nýtt ákvæði í frumvarpið sem tryggir með skýrum hætti, gagnstætt því sem var í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar, yfirráð yfir náttúruauðlindum landsins og jafnframt rétt íslenskra stjórnvalda til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhaldsins.

4. Efnahagsleg viðmið. Í upphaflegu frumvarpi lagði ríkisstjórnin til að Alþingi samþykkti að Íslendingar ábyrgðust án nokkurra takmarkana allar þær fjárhagslegu skuldbindingar sem af Icesave-samningunum leiddu. Þá fór fjármálaráðherra fram á ríkisábyrgð á gríðarlega háum greiðslum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til Breta og Hollendinga án þess að fyrir lægi hvaða áhrif það kynni að hafa á íslenskt þjóðfélag.

Í meðförum Alþingis hafa að forgöngu sjálfstæðismanna verið gerðar grundvallarbreytingar í þessu efni. Reistar eru stífar skorður til þess að tryggja að fjárhagsleg byrði af ríkisábyrgðinni verði innan viðráðanlegra marka. Því verður hún miðuð við tiltekna hámarksgreiðslu úr ríkissjóði. Verður ríkisábyrgðin aldrei meiri en sem nemur 6% af vexti landsframleiðslunnar. Ekkert slíkt hámark var í upphaflegu frumvarpi. Heimildin til ríkisábyrgðar var galopin og án tillits til fjárhagslegrar getu þjóðarbúsins til þess að standa undir greiðslunum.

5. Sett er inn sólarlagsákvæði á ríkisábyrgðina. Kveðið er á um að ríkisábyrgðin standi ekki lengur en til 5. júní 2024 án tillits til þess hvort fjárhæðin vegna Icesave hafi verið greidd að fullu. Alþingi eitt getur breytt þeirri ákvörðun. Engar slíkar takmarkanir var að finna í frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

6. Ítrekað er að Ísland hafi ekki fallið frá rétti til málssóknar svo að úr því fáist skorið hvort Íslendingum beri að greiða lágmarkstryggingu vegna Icesave-innstæðnanna. Komi í ljós að slík ábyrgð sé ekki fyrir hendi verður til fyrirvari um greiðslur sem er háður því að viðræður fari fram á milli Íslands, Hollands og Bretlands um áhrifin á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins. Leiði viðræðurnar ekki til niðurstöðu er unnt að takmarka ríkisábyrgðina.

7. Í samningi ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir því að greiðslur vegna eigna úr búi Landsbankans gengju að jöfnu til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hér á landi og í Bretlandi og Hollandi. Þessu hefur nú verið breytt til samræmis við íslensk lög. Þannig hafa verið leiðrétt einhver afdrifaríkustu mistök íslenskra stjórnvalda við samningagerðina sem fyrirsjáanlega hefðu getað kostað íslenska skattgreiðendur mörg hundruð milljarða króna.

8. Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta er gert skylt að láta á það reyna fyrir þar til bærum úrlausnaraðilum hvort kröfur hans gangi við úthlutun framar öðrum vegna sömu innstæðu. Verði niðurstaðan á þann veg skal taka upp viðræður við viðsemjendur okkar og leiði þær ekki til niðurstöðu getur Alþingi takmarkað ríkisábyrgðina. Þar með geta íslensk stjórnvöld einhliða takmarkað ríkisábyrgðina við aðstæður eins og hér er lýst.

9. Fyrirvarar þeir og skilyrði sem nú hafa verið settir inn í frumvarpið um ríkisábyrgðina verða styrkt til muna við lokaafgreiðslu málsins og þannig tryggt að þau nái þeim tilætlaða árangri að reisa skorður við þeirri ríkisábyrgð sem veitt er vegna Icesave-innlánanna. Þetta er gert þannig að áður en ríkisábyrgðin verður veitt er gert að skilyrði að hollenskum og breskum stjórnvöldum verði kynntir fyrirvararnir og þau fallist á þá með formlegum hætti. Jafnframt er það skilyrði sett að lánveitendur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta viðurkenni að skuldbindingar sjóðsins verði háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgðin.

Með framangreindum hætti eru sett inn ákvæði í frumvarpið sem tryggja afdráttarlaust að skilyrði Alþingis fyrir ríkisábyrgðinni haldi gagnvart viðsemjendum okkar.

Frú forseti. Fjárlaganefnd hefur á milli 2. og 3. umr. rætt hvort fyrirvarar sem bætt hefur verið við frumvarpið rúmist innan samninganna og er það enn óbreytt skoðun sjálfstæðismanna að niðurstaða um þetta ráðist af viðbrögðum Breta og Hollendinga. Fyrirvararnir eru óaðskiljanlegur hluti af samþykkt Alþingis á ríkisábyrgðinni og því er breytingartillaga um að stjórnvöld leiti samþykkis breskra og hollenskra yfirvalda á fyrirvörunum áður en ríkisábyrgðin er veitt til verulegra bóta.

Frú forseti. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd hafa allt frá því að málið kom til meðferðar í nefndinni lagt sig fram um að gera tillögur til breytinga á því frumvarpi sem ríkisstjórnin lagði fram í upphafi. Sú viðleitni og tillöguflutningur fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd byggði fyrst og fremst á því markmiði að reyna að takmarka það tjón sem upphaflegt frumvarp ríkisstjórnarinnar hefur valdið íslenska ríkinu og íslensku þjóðinni. Það markmið hefur að miklu leyti náðst.

Með þeim breytingartillögum sem samþykktar hafa verið á frumvarpi ríkisstjórnarinnar tel ég fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd hafa átt verulegan þátt í því að forða Íslandi frá þeim gríðarlega skaða sem hlotist hefði af upphaflegu frumvarpi.

Frú forseti. Í upphafi settu fjárlaganefndarmenn sér það takmark að ná breiðri pólitískri sátt um breytingartillögu nefndarinnar. Það takmark náðist vegna þess að fulltrúar

nefndarinnar unnu af heilindum og báru virðingu fyrir skoðun hvers annars. Er það fordæmi sem ég vona að verði okkur hvatning í störfum þingsins í mörgum erfiðum málum sem fram undan eru.

Þá vil ég þakka hv. þm. Guðbjarti Hannessyni, formanni fjárlaganefndar, og starfandi varaformanni fjárlaganefndar, hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni, og nefndinni allri fyrir gott og heiðarlegt samstarf. Jafnframt þakka ég starfsfólki nefndasviðs fyrir vönduð vinnubrögð við erfiðar aðstæður og að lokum vil ég þakka öllum sérfræðingum og almennum borgurum fyrir framlag þeirra til málsins sem var ómetanlegt við úrlausn þess.

[15:14]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágætisræðu og samstarfið í nefndinni sem var með miklum ágætum, það skal tekið fram.

Okkur greinir aðeins á um hvort þeir fyrirvarar sem flokkur hans stendur að, og að frumvarpinu í heild sinni, séu gildir af því að þingmaðurinn nefndi að um gilda fyrirvara væri að ræða. Ég vil benda á að það var meiri hluti allra flokka fyrir utan Samfylkinguna um að hafa fyrirvarana sterka. Sjálfstæðismenn voru á þeirri línu. Í rauninni má segja að það eina sem gerst hafi var að Sjálfstæðisflokkur og Borgarahreyfing ákváðu að fara í skjól Samfylkingarinnar og veikja fyrirvarana. Þess vegna langar mig að spyrja hvort hann muni fallast á fyrirvara þá sem 2. minni hluti, þ.e. sá sem hér stendur, hefur lagt fram og voru í samræmi við það sem þingmaðurinn var eitt sinn sammála.

Nú ræddi hv. þm. Kristján Þór Júlíusson mjög um hryðjuverkalögin og að það væri ósanngjarnt að Íslendingar fengju ekki notið þess ef einhver mundi láta reyna á þau, einnig varðandi mjög gild sjónarmið sem komu fram hjá lögmönnunum Þorsteini Einarssyni og Þórhalli Þorvaldssyni um möguleika á skuldajöfnun. Hann eyddi mörgum orðum í að fara yfir þetta en samt eru engir fyrirvarar sem lúta að þessum atriðum. Ég spyr: Mundi þingmaðurinn samþykkja fyrirvara Framsóknarflokksins sem snerta einmitt þetta atriði?

[15:17]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Höskuldi Þór Þórhallssyni fyrir spurningarnar. Hann spyr mig hvort ég telji þetta gilda fyrirvara eða þær breytingartillögur sem lögð eru hér við frumvarpið. Ég fór mjög vel yfir það í ræðu minni áðan að ég tel að þeir fyrirvarar sem eru settir inn í frumvarpið gjörbreyti öllu málinu. Ef við tökum t.d. bara efnahagslegu fyrirvarana eru þeir gríðarlega mikilvægir til þess að verja okkur. Bara til þess að varpa ljósi á það er í nefndaráliti 1. minni hluta gefin mynd af því hvað muni gerast við ýmsar aðstæður.

Til að mynda, ef það yrði hálfs prósent hagvöxtur á þessu tímabili yrði lokagreiðslan eða heildargreiðslan vegna Icesave-skuldbindinga 41,5 milljarðar, þ.e. ef eitthvað kemur upp á. Það er því gríðarlega mikilvægt að hafa þessa fyrirvara en menn voru áður með hugmyndir um að hafa þetta prósentu af vergri landsframleiðslu. Þá gátu menn að sjálfsögðu ekki greitt nema skera niður eða hækka skatta og við þekkjum afleiðingarnar af því.

Eins og hv. þingmaður þekkir mjög vel er því snúið á hvolf að tryggingarsjóðurinn samdi frá sér bótakröfuna, þ.e. að hann gerði samkomulag um að skipta kröfunni. Það er tekið til baka og ekki bara það heldur er tryggingarsjóðnum skylt að fara í mál til þess að leita réttar síns og ef hann gerir það ekki er hægt að takmarka ríkisábyrgðina. Þessir fyrirvarar sem eru komnir inn í málið — þeir eru reyndar 10 og ég fór yfir hér flestalla áðan — breyta því málinu algjörlega og hv. þm. Höskuldur Þórhallsson veit það jafn vel og ég að þeir eru þeir varnaglar sem eru þar. Það stendur nánast ekkert eftir af upphaflega frumvarpinu enda var það allt galopið.

Það er gríðarlega mikilvægt að þessir fyrirvarar komist inn.

[15:19]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við erum sammála um að það skiptir miklu máli úr því sem komið er að settir séu fyrirvarar við þetta afar slæma frumvarp, svo ekki sé sterkar til orða tekið.

Það sem mig langar að spyrja um og ítreka er: Eitt sinn voru þingmaðurinn og flokkur hans í fjárlaganefnd á þeirri skoðun að hafa fyrirvarana sterkari, skýrari, og það myndaðist í rauninni meiri hluti um það án Samfylkingarinnar. Ég held að það liggi alveg fyrir að þeir fyrirvarar sem meiri hlutinn setur hér eru ekki nægilega skýrir vegna þess að þó að þingmaðurinn hv. Ásbjörn Óttarsson telji þá í rauninni bera með sér nýtt gagntilboð hefur komið fram hér í umræðunni að samfylkingarmenn telji einmitt hið gagnstæða.

Þess vegna spyr ég aftur: Er þingmaðurinn til í að styrkja fyrirvarana enn frekar? Við erum ekki að tala um neinar stórkostlegar breytingar, við erum bara að tala í þá átt að þingmaðurinn ásamt meðlimum Sjálfstæðisflokksins og Borgaraheyfingarinnar og hluta af Vinstri grænum voru eitt sinn til í að samþykkja bæði efnahagslegu og lagalegu fyrirvarana.

Ég ítreka aftur spurningu mína: Hefði þingmaðurinn ekki viljað sjá einhvers konar fyrirvara sem tryggðu það að einhver léti reyna á hryðjuverkalögin, hugsanlega með skuldajöfnun, eins og bent hefur verið á? Hefði hann ekki verið til í að styðja þannig fyrirvara eða ætlar þingmaðurinn einungis að samþykkja þá veiku fyrirvara sem meiri hlutinn hefur lagt fram?

[15:21]

Ásbjörn Óttarsson (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þar sem hv. þingmaður kemur inn á sterkari fyrirvara er það alveg skýrt af okkar hálfu og við sögðum það í fjárlaganefnd að þó svo að við styddum þessa breytingartillögu áskildum við okkur allan rétt til að styðja frekari breytingartillögur eða flytja frekari breytingartillögur við málið, þannig að það komi alveg skýrt fram og hv. þingmaður veit um það.

Hann kemur líka inn á skuldajöfnunarleiðina, það kemur

mjög skýrt fram í nefndaráliti okkar nokkuð sem okkur finnst merkilegt. Hv. þingmaður vitnaði hér í tvo hæstaréttarlögmenn, Þorstein og Þórhall, sem komu á fund fjárlaganefndar og bentu okkur á að samið er frá því í 8. gr. frumvarpsins, í raun og veru er fallið frá því að íslenska ríkið geti sótt skaðabætur fyrir dagsetningu undirritunar samningsins. Það kemur ítarlega fram í nefndaráliti okkar hvað okkur finnst það vera forkastanleg vinnubrögð að gera það með þeim hætti, að menn semji það frá sér. Eins og hv. þingmaður bendir á er í raun og veru verið að semja það frá sér að menn geti hugsanlega sótt einhverjar skaðabætur vegna beitingar hryðjuverkalaganna. Þá, eins og líka er bent á gagnvart 9. gr. í samningnum kemur fram að menn hafa þá fyrirgert rétti sínum til þess að nota það til skuldajöfnunar. Við deilum þeirri skoðun, ég og hv. þingmaður, að hryðjuverkalögin hljóti að hafa haft skaðleg áhrif á eignasafn Landsbankans og alla þá starfsemi sem þar var þannig að það er ekki æskilegt að það verði gert með þessum hætti. Það kemur skýrt fram í nefndaráliti okkar þar sem við lýsum yfir miklum vonbrigðum með þessi vinnubrögðum samninganefndarinnar og að stjórn tryggingarsjóðsins skuli samþykkja það.

[15:23]

Útbýting:

Frestun á fundum Alþingis, 172. mál, stjtill. forsrh., þskj. 356.

Heimild ríkissjóðs Íslands til viðbótarlántöku á árinu 2009, 133. mál, nál. meiri hluta efh.- og skattn., þskj. 355.

[15:23]

Einar K. Guðfinnsson (S):

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu í dag hefur mjög mikið verið talað á þeim nótum, sem satt er og gott, að það sé mikilvægt að gott samstarf sé á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, ekki síst í máli eins og þessu. Vakin hefur verið athygli á því að á margan hátt hafi tekist mikið samstarf um þetta mál þrátt fyrir að það sé erfitt og mjög umdeilt. Það er kannski í samræmi við það að ég ætlaði að hefja mál mitt á því að taka til varna fyrir hæstv. ríkisstjórn, það urðu hér dálítil orðaskipti í upphafi þessarar umræðu í morgun um hvort eitthvað stæði eftir af því upphaflega frumvarpi sem hæstv. ríkisstjórn lagði fram varðandi þetta Icesave-mál.

Ég ætla að segja að það er ekki þannig eins og sumir létu í veðri vaka að ekkert standi eftir af þessu frumvarpi. Ég hef skoðað frumvarpið nákvæmlega með gleraugum setningafræðinnar og ég ætla að fullyrða það að það stendur ýmislegt eftir frá upphaflegu frumvarpi, þ.e. við sjáum þarna strjálar samtengingar, svo ég noti málfræðilegt hugtak, orð eins og „en“ og „og“, „eða“ eru til staðar í því breytta frumvarpi sem hér liggur fyrir. Ég vil bara segja að það er ekki alveg sanngjarnt að segja það um mál ríkisstjórnarinnar að ekkert standi eftir af því, það eru þó alla vega þessar málfræðilegu samtengingar sem finna má bæði í upprunalegu frumvarpi og líka í því máli sem við ræðum nú um.

Það sem blasir hins vegar við eftir þessa umræðu í dag og hefur raunar komið fram hjá spunameisturum ríkisstjórnarinnar er að þeir eru strax farnir að reyna að endurrita söguna. Sumir eru auðvitað vel færir til slíkra hluta, þeir eiga sér pólitíska fortíð í hugmyndakerfi þar sem allt kapp var lagt á að endurrita söguna. Og núna er það allt í einu orðið þannig að þeir stjórnmálamenn sem lögðu fram frumvarp í lok júnímánaðar sem fól í sér galopna heimild til ríkisábyrgðar, eru skyndilega orðnir miklir talsmenn þess og áhugamenn um það að setja inn í það frumvarp að eigin sögn sterka fyrirvara og sterk skilyrði.

Við vitum hins vegar betur sem höfum fylgst með þessu máli hérna. Það var aldrei ætlunin, hvorki að reyna að ná pólitískri sátt um málið né heldur að setja inn í það einhverja fyrirvara eða skilyrði. Þvert á móti var frumvarpið eins og það var lagt fram vel pæld og úthugsuð ákvörðun um að setja málið fram og vinna það eingöngu á forsendum ríkisstjórnarinnar. Það var ætlunin að þetta mál yrði ekki þverpólitískt. Við sjáum það einfaldlega á vinnubrögðunum og þrátt fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hafi verið að reyna að búa til einhverjar pólitískar slaufur í kringum samninganefndina í umræðum hér áðan blasir það við hverjum einasta manni að málið átti að vera verk ríkisstjórnarinnar. Eins og málið var undirbúið, eins og skipað var í samninganefndina, eins og hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir málinu hér við 1. umr. og eins og þau mál hafa síðan verið lögð fram og þau mál voru síðan keyrð áfram af stuðningsmönnum hans og ríkisstjórnarinnar hér á Alþingi, var það aldrei ætlunin að um það mál yrði einhver þverpólitísk vinna, ætlunin var að það væri einmitt verk ríkisstjórnarinnar.

Við skulum ekkert vera að taka heiðurinn af ríkisstjórninni í þessu máli. Hún á alveg skuldlausan og þinglýstan heiður af frumvarpinu sem var lagt fram í upphafi, það var ekki nein þverpólitísk samstaða um það. Við munum líka úr þeirri umræðu að þá voru menn ekkert að tala um að setja inn einhverja fyrirvara eða skilmála.

Muna menn eftir ræðum hæstv. fjármálaráðherra um að þegar málið færi inn í þingið ætti að setja inn í það fyrirvara og skilmála á ríkisábyrgðina? Ég hlustaði gjörla á þessa ræðu og hef farið yfir hana síðan og það var ekki stafkrókur um það. Það frumvarp sem við fengum í hendurnar var galopin, skilmálalaus heimild til þess að íslenska ríkið ábyrgðist þessar greiðslur. Þó vissu það allir að það var fullkomin óvissa í þessu máli og spurningin var einfaldlega þessi: Ráðum við við að greiða þetta? Auðvitað getur eða gat enginn svarað því. Við erum hér að tala um tímamörk fram til ársins 2024, 15 ár, og hvaða menn hafa þannig kristalskúlu að þeir geti séð fram í tímann 15 ár? Gat t.d. einhver sagt um árið 1994 hvert efnahagslegt ástand yrði hér á landi 2009? Hverju halda menn að menn hefðu spáð árið 1994 um efnahagslega framvindu til ársins 2009? Það hefði auðvitað verið tóm vitleysa og það vita allir. Þess vegna var það algjörlega galið og algjörlega ábyrgðarlaust af hæstv. ríkisstjórn að setja fram frumvarp og gera samning sem fól í sér opna, almenna heimild um ríkisábyrgð sem enginn vissi hvað mundi fela í sér háar upphæðir, ekki reiknilíkanamennirnir okkar í efnahagsstofnunum, þeir hafa ekki gert sér grein fyrir þessu. Og auðvitað vissi ríkisstjórnin að hún var að leggja fram algjörlega galopinn tékka, óútfylltan víxil sem við mundum ekkert vita hver yrði upphæðin á á lokadegi.

Hæstv. forsætisráðherra sagði t.d. í upphafi þessa máls í

byrjun júlí að endurheimtur á eignum Landsbankans yrðu ekki minni en 95%, ekki minni, kannski meiri, og var farinn að tala með álíka bjartsýnum hætti og talsmenn Landsbankans gerðu í lok síðasta árs. Auðvitað vildi hæstv. forsætisráðherra geta tekið aftur þessi orð en töluð orð verða bara aldrei aftur tekin, það er gallinn.

Þess vegna var stórhættulegt að skilja við málið eins og hæstv. ríkisstjórn vildi gera, að hafa það svona opið og óvissan og áhættan væri öll okkar megin. Þess vegna er mjög mikilvægt að búið sé að setja inn í þetta mál efnahagslega fyrirvara sem virka. Það er ekki bara þannig, eins og við gerðum við 2. umr. málsins, að setja inn ákvæði sem felur í sér að við greiðum bara tiltekið hlutfall af vexti þjóðarframleiðslunnar sem á að tryggja að við getum ráðið við þessar greiðslur, heldur líka hitt sem við erum núna að fara að lögfesta við lok þessarar umræðu, ákvæði sem felur það í sér að það verður sólarlagsákvæði á þessari ríkisábyrgð. Henni lýkur 5. júní 2024. Hún hefði hins vegar verið út í hið óendanlega í rauninni eins og frumvarpið var lagt fram.

Við sjáum af þeirri töflu sem hér hefur stundum verið nefnd í þessari umræðu í dag sem fylgir nefndaráliti okkar í 1. minni hluta fjárlaganefndar hvaða áhrif þetta hefur. Þetta hefur gífurlega mikil og jákvæð áhrif fyrir greiðsluflæðið, fyrir skuldbindinguna, og það er alveg ljóst að þetta er varnagli sem skiptir mjög miklu máli og er í raun og veru grundvallandi fyrir þetta mál. Við vitum hvað ríkisstjórnin vildi og við vitum hvað fylgismenn hennar ætluðu sér að gera, það var aldrei ætlunin að semja um neitt annað en það frumvarp sem fyrir var lagt.

Það sem hefur hins vegar gerst núna er að ríkisstjórnin og fylgilið hennar hafa verið neydd til þeirrar niðurstöðu sem er núna á borðum þingmanna. Stjórnarliðar, þ.e. sá hluti ríkisstjórnarliðsins sem á annað borð studdi málið, voru dregnir emjandi og sparkandi að þessari niðurstöðu alveg eins og ég hef áður sagt. Það var ekki ætlun þeirra að þetta yrði niðurstaðan, það var ætlun þeirra að samþykkja hér frumvarp og gáfu heimild til þess að samþykkja það án þess að hafa séð samninginn sem fól í sér galopna og ótakmarkaða heimild til ríkisábyrgðar upp á upphæð sem enginn vissi hver yrði.

Nú er allt í einu talað um að þetta séu veigamiklar breytingar sem búið er að gera. Að vísu urðu þau þáttaskil í umræðunni rétt fyrir hádegisverðarhlé að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson viðurkenndi í fyrsta sinn að niðurstaðan sem núna væri að verða borðleggjandi mundi hafa áhrif á samninginn sjálfan. Mér er ekki kunnugt um að stjórnarliðar eða ábyrgir aðilar úr stjórnarflokkunum sem komið hafa að þessu máli með sama hætti og hv. þingmaður, hafi viðurkennt það fyrr en núna.

Þetta eru nokkur pólitísk tíðindi enda blasir það við hverjum einasta manni og það þarf enga sérstaka snilligáfu til þess að átta sig á því að þær grundvallarbreytingar sem gerðar hafa verið á þessu máli — í raun og veru má segja að ríkisstjórnin hafi verið send í skammarkrókinn með sitt upphaflega mál vegna þess að hún var gerð afturreka. Það var ekki pólitískur vilji til þess að samþykkja málið og þess vegna varð niðurstaðan í þessari vinnu sú að breyta málinu — ekki vegna þess, eins og sumir stjórnarliðar eru núna farnir að segja og reyna endurskrifa söguna, að það hafi verið svo ríkur vilji til þverpólitísks samstarfs eða mikill áhugi á því að þingræðið tæki völdin af framkvæmdarvaldinu. Það var einfaldlega vegna þess að ríkisstjórnin réði ekki við málið. Hún var flatreka í þessu máli og hana hafði borið upp á sker, það er ekki flóknara en það.

Við erum að tala um gjörbreytt mál, mál sem var breytt þrátt fyrir harða andstöðu þeirra sem fluttu það. Þegar menn reyna að gera sem minnst úr því að breytingarnar hafi áhrif á samningana sjálfa er eins og þeir séu að tala um að þessir samningar séu teygjanlegir, þeir hafi ekki verið skrifaðir á löggiltan skjalapappír heldur á eitthvert teygjanlegt efni. Mér dettur í hug hvort menn ímyndi sér að þegar þessir samningar voru undirritaðir úti í Evrópu hafi þeir verið skrifaðir á tyggjóplötu sem megi teygja eins og menn vilja eða séu einhvers konar blaðra sem menn geti blásið út og breytt síðan eins og þeir hafa orku til að láta hana breytast.

Við skulum bara segja þessa sögu eins og hún er. Það sjá það allir sem ekki eru núna í óðaönn við að reyna að endurrita söguna sér í hag að þetta mál hefur tekið mjög miklum breytingum vegna þess að ríkisstjórnin hafði ekki afl til þess að fylgja eftir sínum upphaflegu áformum.

Nú við 3. umr. málsins er einnig verið að styrkja fyrirvarana í þessum samningum og það er mjög þýðingarmikið. Það væri auðvitað til lítils að gera fyrirvara ef þeir hefðu ekkert eiginlegt gildi. Alveg eins og Ragnar H. Hall benti á í *Morgunblaðinu* í morgun er ljóst mál að skiptir mjög miklu máli hvernig þeir fyrirvarar eru, þeir skilmálar sem verið er að skrifa inn í þetta frumvarp, þetta gjörbreytta nýja frumvarp í rauninni, fyrir utan auðvitað hinar málfræðilegu samtengingar, og með hvaða hætti þessir fyrirvarar eru tryggðir.

Tryggingin felst í því að áður en ríkisábyrgðin verður veitt verða þeir virðulegu herramenn Gordon Brown og Peter Balkenende í Hollandi að fallast á að samþykkja þessa fyrirvara. Þeir verða að fallast á að þessir fyrirvarar séu óaðskiljanlegur hluti af þessu máli. Þar með er auðvitað verið að renna stoðum undir það og styrkja þetta mál allt saman eins og það er.

Virðulegi forseti. Það er hægt að hafa ansi mörg orð um þetta mál og væri fróðlegt og áhugavert að fara yfir ýmsa þætti samningsins sjálfs. Það hefur þegar verið gert af ýmsum öðrum hv. þingmönnum, hv. þm. Ásbirni Óttarssyni, hv. þm. Kristjáni Þór Júlíussyni og fleirum sem hér hafa talað, bæði af hálfu Sjálfstæðisflokksins og annarra, þannig að ég ætla í sjálfu sér ekki að ræða það. Ég vildi þess vegna frekar tala um þetta mál út frá þeim pólitíska veruleika sem mér finnst málið vera statt í og þeim vinnubrögðum og þeirri stöðu sem málið er í að öðru leyti.

Það er mjög undarlegt að hugsa til þess, þegar við erum að tala um eitt stærsta milliríkjamál sem rekið hefur á okkar fjörur, ef ég get orðað það svo, þetta Icesave-mál, að það skuli hafa verið unnið — ja, mér liggur við að segja af því kæruleysi sem mér hefur fundist hafa einkennt málið. Hér er ég ekki síst að vísa til þess að ríkisstjórnin ákvað það í byrjun júlímánaðar, eftir einn formlegan samningafund, að ganga frá samningi, vitandi vits um að ekki væri pólitískur meiri hluti á bak við málið. Ég tel að þetta sé mjög alvarlegt mál, það dregur að sjálfsögðu úr trúverðugleika okkar gagnvart öðrum þjóðum. Gleymum því ekki að einn yfir-

lýstur tilgangur þess að reyna að ná niðurstöðu í málinu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar var einmitt sá að reyna að auka hróður ríkisstjórnarinnar en umfram allt þjóðarinnar gagnvart umheiminum.

Hvaða trúverðugleiki er í því þegar ein ríkisstjórn gengur frá samningi af þessari stærðargráðu sem hefur svona miklar afleiðingar og gerir það með þeim hætti að hún veit að óbreyttur samningur verður ekki staðfestur af Alþingi? Það er ekki þannig að þetta hafi slysast einhvern veginn svona. Bent hefur verið á í þessari umræðu áður að a.m.k. þrír hv. þingmenn VG lýstu því yfir að ríkisstjórnin fengi ekki umboð þeirra til að undirrita þennan samning. Þetta er mjög alvarlegt mál og er til marks um þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í þessu máli. Þess vegna var það gríðarlega mikilvægt þegar það tókst að lemja ríkisstjórnarmeirihlutann að samningaborðinu hér innan lands og ná viðunandi niðurstöðu hvað varðar þetta tiltekna frumvarp þó að (Forseti hringir.) Icesave-samningurinn sjálfur sé jafnómögulegur og áður.

[15:39]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég mundi vilja spyrja hv. þm. Einar K. Guðfinnsson þriggja spurninga, ágætt að hann byrji að punkta hjá sér: Er ljóst núna hvort er rétthærra fyrir breskum dómstólum samningurinn eða fyrirvararnir? Leikur einhver vafi á því enn þá að mati hv. þingmanns hvort íslenska ríkið eigi að ábyrgjast Icesave og er einhver vafi á því hversu háar fjárhæðir íslenska ríkið á að greiða?

Ég hefði þá í framhaldi af því líka mikinn áhuga á að heyra, af því að það var formaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarni Benediktsson, sem talaði fyrstur í ræðu sinni um mikilvægi þess að tillit yrði tekið til skuldajöfnunar. Nú er ég búin að renna í gegnum þær breytingartillögur sem liggja frammi og undirritaðar eru af m.a. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd. Þar sé ég ekki orð um eitthvað sem varðar skuldajöfnun.

Það er hins vegar í breytingartillögum sem við framsóknarmenn leggjum fram hér, með leyfi forseta:

„Ef í ljós kemur að skaði hafi hlotist af aðgerðum breskra og hollenskra stjórnvalda fyrir þrotabú Landsbanka Íslands hf. á íslenska ríkið að njóta þess þegar kemur til útgreiðslu úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf.“

Hvernig stendur á því að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd hunsuðu algjörlega ábendingar formannsins varðandi skuldajöfnun? Og þá í framhaldinu, er í huga þessara þingmanna kannski enginn vafi á því hversu háar fjárhæðir við eigum að borga?

[15:40]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi fyrstu spurninguna, um hvort sé rétthærra, samningurinn eða fyrirvararnir. Það er alveg ljóst mál í mínum huga að eins og gengið hefur verið frá málinu í þinginu eru fyrirvararnir af þeim toga að þeir hafa bein áhrif á samninginn. Þess vegna verður samningurinn í raun og veru ekki fullnustaður nema með ríkisábyrgð og sú ríkisábyrgð verður ekki veitt nema fyrirvararnir séu samþykktir. Ég lít því þannig á að fyrirvararnir hafi með þessum hætti bein áhrif á samninginn sjálfan.

Er það svo, spurði hv. þingmaður, að ég telji að við eigum fortakslaust að ábyrgjast Icesave-skuldbindingarnar. Nei, ég er ekki þeirrar skoðunar. Við vorum hins vegar í ákveðinni stöðu varðandi þetta mál á sínum tíma sl. haust. Þá voru hafðar uppi við okkur alvarlegar hótanir, eins og fram kom á þeim tíma, og með hliðsjón af því og eftir mat Alþingis á hagsmunum okkar varð niðurstaðan sú að við mundum reyna að freista þess að leita eftir pólitískri lausn á málinu út frá tilteknum viðmiðunum sem síðar hafa verið kölluð Brussel-viðmið.

Það sem er hins vegar mjög ámælisvert er að hæstv. ríkisstjórn nestaði má segja samninganefndina með þannig bréfi að þar var ekki gengið frá því að menn væru bundnir af þessum fyrirvörum.

Hversu háar fjárhæðir er hér um að ræða? Við erum að setja hámark í þetta með þeim efnahagslegu fyrirvörum sem búið er að setja inn í málið og verða settir inn í málið eins og ég gerði grein fyrir áðan. Varðandi skuldajöfnun er ég sammála því að það hafi verið einn af göllum þessa samnings að klippa á möguleika okkar varðandi skuldajöfnunina. Við sjálfstæðismenn höfum lýst því yfir að við áskiljum okkur allan rétt til þess að fylgja eða flytja breytingartillögur í þá veru sem við teljum að geti orðið til þess að styrkja þennan samning frekar.

[15:42]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það kom greinilega fram í svörum hv. þingmanns að hann virðist hafa mjög miklar efasemdir almennt um allar forsendur þessa samnings og þess vegna verð ég að segja að mér finnst mjög einkennilegt að hann skuli almennt hafa staðið að þessum breytingartillögum ásamt stjórnarflokkunum.

Ég verð líka að segja að svar hans varðandi skuldajöfnunina og að Sjálfstæðisflokkurinn hafi áskilið rétt til þess að flytja breytingartillögur, að það væri mjög áhugavert, af því að það fer að líða að atkvæðagreiðslu um málið, að fá að sjá eitthvað af þessum blessuðum breytingartillögum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur áskilið sér rétt til að leggja fram. Ég verð að segja fyrir mína parta að mér finnst mjög sláandi þegar það er formaður flokksins sem bendir sérstaklega á þetta, og síðan er málinu fylgt eftir á mjög vandaðan og faglegan máta með mjög ítarlegri grein í *Morgunblaðinu* um forsenduna fyrir skuldajöfnuninni, að sjálfstæðismenn í fjárlaganefnd skuli algjörlega hafa hunsað þetta, ekki komið fram með breytingartillögur sínar um leið og málið fór inn í 3. umr. ef þeir voru svona innilega sammála þessu.

Síðan verð ég að spyrja í lokin, (Forseti hringir.) og þetta er nú spurning sem var velt upp í *Viðskiptablaðinu:* Gætum við lent í þeirri stöðu að Bretar og Hollendingar muni einfaldlega setja fyrirvara (Forseti hringir.) við fyrirvarana okkar?

[15:44]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var dálítið sérkennilegt að hv. þingmaður skyldi segja að það væri einkennilegt að Sjálfstæðisflokkurinn stæði að þeim breytingartillögum sem hér

liggja fyrir, þó að það liggi fyrir að talsmaður flokksins í fjárlaganefnd hafi m.a. sagt að þessar breytingartillögur væru allar til bóta sem og þessi fyrirvari og skilmálar sem væri verið að setja. Stjórnmálaflokkur sem tekur sig alvarlega og vill vinna málin faglega og efnislega stendur að breytingartillögum sem hann telur til bóta og það á við um okkur.

Varðandi það hvort Bretar og Hollendingar setji fyrirvara við þetta mál, það er eitthvað sem ég ætla mér ekkert að tjá mig um. Kjarni málsins er þessi: Alþingi hefur talað, Alþingi er að tala, Alþingi er að láta skoðun sína í ljósi og er að segja við umheiminn, við Hollendinga og Breta: Við samþykkjum ekki þá afarkosti sem samningurinn og ríkisábyrgðin sem af henni leiddi höfðu í för með sér og þess vegna erum við núna að setja fyrirvara og skilmála til þess að bæta stöðu okkar sem þjóðar og sem þjóðfélags.

[15:45]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er sammála hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni um að þeir fyrirvarar sem festir eru við samningana bæti vissulega stöðu okkar og þess vegna var nú lagt af stað í þessa fyrirvaravinnu. Ég er líka sammála hv. þingmanni um það að fyrirvararnir eru algjörlega ósamrýmanlegir samningnum sjálfum, þetta tvennt getur ekki gilt samtímis. Nú liggur fyrir að það á að falast eftir því að Bretar og Hollendingar staðfesti fyrirvarana. Þeir öðlast þá væntanlega gildi og það hlýtur þá að fela í sér að samningunum verði breytt til samræmis við það því að eins og ég segi, hvort tveggja getur ekki staðið samtímis.

Er hv. þingmaður þeirrar skoðunar að þessir fyrirvarar og sá samningur sem kæmi út úr því, ef fyrirliggjandi samningum væri breytt í samræmi við fyrirvarana, sé ásættanlegur og þar af leiðandi að fyrirvararnir gangi nógu langt, leiði til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Íslendinga?

Í öðru lagi, og leiðir kannski dálítið af svarinu við fyrri spurningunni: Vonast þingmaðurinn eftir því að Bretar og Hollendingar staðfesti þessa fyrirvara og þar með væntanlega breytist samningarnir? Eða vonar þingmaðurinn að þeir hafni fyrirvörunum og þar af leiðandi sé ekki um annað að ræða en að fara í samningaviðræður að nýju?

[15:47]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við erum alveg þá sammála um það, við hv. þingmaður, að þessir fyrirvarar og skilmálar sem við erum að setja inn í málið með þeim breytingartillögum sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur kynnt og reyndar þeim breytingartillögum sem þegar hafa verið samþykktar muni styrkja þetta mál.

Hv. þingmaður spurði mig að því hvort ég telji að samningurinn verði með því viðunandi. Ég ætla svo sem ekkert að svara því afdráttarlaust að öðru leyti en því að segja að ég tel með þessum hætti verði samningurinn betri en sá samningur sem fyrir okkur var lagður og það frumvarp sem fyrir okkur var lagt. Auðvitað hefði ég kosið að málsmeðferðin hefði orðið önnur og er sannfærður um að niðurstaðan hefði líka orðið önnur ef annarri málsmeðferð hefði verið fylgt. Þetta er hins vegar hinn pólitíski veruleiki sem við stöndum frammi fyrir núna varðandi þetta mál. Ríkisstjórnin lagði fram þetta mál, vildi knýja það til niðurstöðu, og ég er alveg sannfærður um að ef ekki hefði náðst samstarf milli stjórnarandstöðunnar og hluta stjórnarliðsins hefðum við ekki fengið þá niðurstöðu sem hér er um að ræða.

Ég er einfaldlega að segja að ég tel að við getum ekki með góðu móti stillt málinu upp þannig að annaðhvort sé það þetta eða eitthvað allt annað miklu betra heldur verðum við líka að velta því fyrir okkur hvort sá möguleiki geti ekki verið í stöðunni að það sé annaðhvort þetta eða eitthvað allt annað miklu verra, vegna þess að það er alveg ljóst mál að ríkisstjórnarhópurinn hefði þá fengið ný tök á málinu til þess að leiða það mál áfram.

[15:48]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel raunar að ekki hafi verið fyrir hendi meiri hluti fyrir samningunum, þ.e. að þeir hefðu einfaldlega fallið ef ekki hefðu verið gerðir þeir fyrirvarar sem andstæðingar þeirra gátu fallist á. Þar af leiðandi tel ég að gera hefði þurft sterkari fyrirvara og reyndar taldi ég að lagt væri upp í þessa fyrirvaraleið með það fyrir augum að sýna Bretum og Hollendingum að þetta væru í raun óásættanlegir samningar, þ.e. að setja fram fyrirvara sem felldu samningana á kurteisislegan hátt.

Fari nú svo að Bretar og Hollendingar fallist ekki á þessa fyrirvara fyrirvaralaust, er hv. þingmaður þá þeirrar skoðunar að þar með öðlist samningarnir ekki gildi og af því leiði þá væntanlega að hefja þurfi viðræður að nýju?

[15:49]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst mál að ef fyrirvararnir ekki öðlast gildi verður ríkisábyrgðin ekki veitt og ríkisábyrgðin er auðvitað forsendan fyrir því að þessir samningar geti gengið fram. Það er því alveg ljóst mál að þó að þetta séu tvö aðskilin mál, má segja í sjálfu sér, eru þessi sterku tengsl á milli sem gera það að verkum að án annars er ekki hitt til.

Það er þessi spurning: Hvenær getur þetta mál orðið viðunandi? Sjálfsagt verður það aldrei viðunandi vegna þess að það er ekki viðunandi í sjálfu sér að þurfa að axla þessa ábyrgð. En með nákvæmlega sama hætti og hv. þingmaður spurði mig vakir sú spurning líka núna í þessari umræðu hvort þeir fyrirvarar sem þingmenn Framsóknarflokksins flytja við þetta mál mundu gera það mál og samningana þar með viðunandi að þeirra mati.

[15:50]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir ágætisræðu og einnig fyrir samstarfið í fjárlaganefnd þó að það hafi verið með stysta móti.

Ég get þess í framhaldsáliti 2. minni hluta, sem ég skrifa undir, að ég hafi tekið undir óskir eins þingmanns, sem er sá maður sem ég er að spyrja núna, um að fá fram upplýsingar um hvaða hætti ríkisstjórnin hafi verið í samskiptum við Hollendinga og Breta. Þingmaðurinn spurði hvort hægt

væri að fá afrit af þeim samskiptum, með hvaða hætti þau hefðu farið fram, eða þá minnisblöð um þá fundi sem haldnir hefðu verið, og ef minnisblöðin væru ekki til hvort það væri möguleiki að gera þau.

Ég tók undir þessa beiðni og síðan kom eitthvað til baka sem svaraði á engan hátt spurningum þingmannsins. En mér leikur forvitni á að spyrja þingmanninn: Þegar sá sem hér stendur óskaði eftir því að Stefán Már Stefánsson lagaprófessor og fleiri aðilar kæmu á fundi nefndarinnar til þess að upplýsa það nánar, vegna þess að þingmaðurinn nefndi hér í ræðunni að nefndin hefði gefið sér hlægilega lítinn tíma, af hverju tók Sjálfstæðisflokkurinn ekki undir þessar beiðnir Framsóknarflokksins, af hverju hann þagði þunnu hljóði? Til er bókun þar sem kemur skýrt fram að allir í fjárlaganefnd, þar með taldir sjálfstæðismenn, höfnuðu þessari (Forseti hringir.) beiðni Framsóknarflokksins.

[15:52]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði. Ég fór fram á að ýmis gögn sem ég taldi ástæðu til að ætla að lægju fyrir í a.m.k. utanríkisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Seðlabanka um samskipti við Hollendinga og Breta yrðu lögð fram. Það var auðvitað snautlegt sem kom síðan út úr þessu. Það voru tölvupóstssamskipti sem fólu ekki í sér nokkur einustu efnisatriði og ef marka má af þeim tölvupóstum hafa þau samskipti ekki verið uppbyggileg, fróðleg og jákvæð — ég man ekki hvaða orð það voru sem Indriði Þorláksson, aðstoðarmaður hæstv. fjármálaráðherra, notaði um þessi samskipti. Það hafa þá bókstaflega ekki verið nokkur einustu samskipti nema að segja frá því að „nú væri ég búinn að senda tölvupóst og þakka fyrir síðasta tölvupóst og þakka sömuleiðis fyrir að hafa fengið tölvupóst að utan“.

Þetta voru svona efnislegu atriðin úr þessum tölvupóstssamskiptum sem virðast hafa gengið á milli Hollendinga, Breta og Íslendinga út af þessu mikla Icesave-máli og má kannski draga ýmsar ályktanir um það hversu alvarlega menn hafa tekið þetta mál af hálfu íslensku stjórnsýslunnar.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hv. þingmanni að ég tel að það eigi að vera þannig við stjórn nefnda að menn eigi að vera ákaflega liprir og verða við óskum þingmanna, eins og að kalla sérfræðinga fyrir nefndir. Auðvitað geta menn sagt sem svo, og það hef ég oft upplifað sem nefndarformaður, að stundum ganga einhverjir á lagið og reyna að misnota gæsku manns í þeim efnum. En almennt talað ræður meiri hluti nefndarinnar í þessum efnum og við sjálfstæðismenn lögðumst ekki gegn því að Stefán Már Stefánsson kæmi að nýju fyrir nefndina. Ég sjálfur nefndi tiltekna aðila sem ég óskaði eftir að kæmu fyrir nefndina. Við því var orðið. En ég kann ekki skýringar á því og hv. þingmaður verður að rukka formann og forustu nefndarinnar varðandi það af hverju ekki var orðið við því að fá Stefán Má Stefánsson. Við sjálfstæðismenn lögðumst ekki gegn því.

[15:54]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka svörin. Ég vil engu að síður benda á að í bókun minni kemur einmitt fram að það var enginn sem tók undir þessa beiðni mína. Ég óskaði eftir því að um greidd yrðu atkvæði og lagði svo fram bókun um að meiri hlutinn allur hefði hafnað beiðni minni um að fá Stefán Má Stefánsson lagaprófessor, sem er kannski sá aðili sem á síst skilið að vera hunsaður á þennan hátt.

Nú er það þannig að meiri hluti á Alþingi ætlar að samþykkja samninga sem brjóta í rauninni gegn öllum þeim réttindum sem við Íslendingar eigum sem fullvalda þjóð, þar á meðal sjálfstæðið. Við eigum rétt sem sjálfstæð þjóð að láta reyna á ágreiningsmál fyrir hlutlausum dómstólum. Við eigum líka rétt á því að við séum ekki (Forseti hringir.) fótumtroðin. Mig langar til þess að spyrja þingmanninn: Fer þetta ekki gegn meginsjónarmiðum hans (Forseti hringir.) sem alþingismanns?

[15:56]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Út af því sem hv. þingmaður sagði um aðkomu sérfræðinga og prófessorsins Stefáns Más Stefánssonar vil ég ítreka það að við sjálfstæðismenn lögðumst ekki gegn því og það var algjörlega á ábyrgð og forustu meiri hlutans í fjárlaganefnd að ekki var orðið við því.

Varðandi það hvort við hefðum átt og ættum ekki að leita dómsniðurstöðu í þessu máli hef ég þegar rakið að það varð um það niðurstaða hér á Alþingi í desember sl. að leita eftir pólitískri niðurstöðu í málið og fyrir því voru flutt ýmis rök sem ég hef þegar endurtekið að nokkru leyti. Sú leið var farin. Að vísu tókst illa til vegna þess að illa var staðið að málinu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Við höfum m.a. í þeim breytingartillögum sem fyrir liggja haldið því til haga að við höfum ekki gefið þann rétt frá okkur að fara dómstólaleiðina og það væri auðvitað fráleitt af hálfu okkar sem fullvalda þjóðar og stjórnvalda fullvalda þjóðar að gefa slíkan rétt frá sér.

[15:57]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér í þingsalnum er enginn þingmaður meiri hlutans, ekki einn einasti. Síðast þegar ég leit á var enginn á mælendaskrá. Hér er heldur enginn ráðherra að fylgjast með umræðunni í einhverju mesta hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar fyrr og síðar.

Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að þeir ráðherrar sem hvað mesta ábyrgð bera á málinu verði kallaðir hér í salinn.

[15:57]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti mun leita eftir því að ráðherrar verði viðstaddir umræðuna.

[15:58]

Einar K. Guðfinnsson (S) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil nú koma ríkisstjórninni og ráðherrunum nokkuð til varnar. Ég hef alveg á því skilning að hæstv. ráðherrar eins og hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra skuli ekki vera viðstaddir þessa umræðu hérna. Þeir finna ekki mikinn skyldleika við þetta mál sem við ræðum hérna. Þetta er auðvitað gjörbreytt mál frá því þegar þeir lögðu það fram.

Ég vil að vísu halda því til haga sem ég nefndi í ræðu minni áðan að það eru ákveðnar málfræðilegar samtengingar sem enn þá vottar fyrir úr upphaflegu frumvarpi en að öðru leyti er þetta mál svo gjörólíkt því sem þeir sjálfir fluttu. Það er því alveg augljóst að hæstv. ráðherrar og stjórnarliðarnir í heild telja auðvitað að málið sé þeim svo gjörsamlega óskylt að þeim komi það ekki við og sýna síðan þinginu þá lítilsvirðingu sem við sjáum hér í dag að taka lítinn þátt í þessari umræðu, helst engan, og hlusta ekki á þær umræður sem hér fara fram.

[15:59]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég sýni þessum hæstv. ráðherrum ekki sama skilning og hv. þingmaður gerði hér áðan. Ég tel afar miður að þeir séu ekki hér í dag og það er óvirðing við þingið og í rauninni almenning í landinu sem ég veit að fylgist mjög með þessu máli, hér úti á Austurvelli var gríðarlega fjölmennur hópur að mótmæla.

Ég held að það sé einfaldlega ekki rétt hjá sjálfstæðismönnum að hér sé um algjörlega nýtt mál að ræða vegna þess að það kom mjög skýrt fram í umræðunni áðan að ekki er verið að breyta Icesave-samningunum á nokkurn hátt þó að nokkrir fyrirvarar hafi verið settir við ríkisábyrgðina. Þetta sýnir kannski þá holu samstöðu sem í rauninni ríkir hjá meiri hlutanum, að þingmenn leyfi sér að koma hér og tjá sig út og suður um hvernig þeir túlka þá fyrirvara sem til stendur að (Forseti hringir.) setja.

[16:00]

Eygló Harðardóttir (F) *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Ég vil ítreka beiðni okkar þingmanna sem sitjum hérna og erum að tala um þetta stærsta mál Íslandssögunnar, að alla vega sé kallað eftir þeim ráðherra sem flytur þetta mál þó að hann vilji kannski ekki kannast við krógann.

Um leið vil ég lýsa yfir smááhyggjum af þeim skilningi og þeirri samstöðu sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er farinn að sýna stjórnarflokkunum og ég held að hann eigi bara að hætta því strax.

[16:00]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hafa furðað sig á fjarveru hæstv. ráðherra og hv. stjórnarliða í þessari umræðu. Ég hef vakið máls á því held ég í hvert og eitt einasta sinn sem ég hef staðið hér upp í umræðum um þetta ágæta mál að það er alveg merkilegt að ákveðnir stjórnarliðar skuli ekki sjá sér fært að vera við umræðuna, hvað þá að taka þátt í henni, vegna þess að ég tel að margt mundi skýrast ef þeir gerðu svo.

Varðandi ráðherrana hæstv. tel ég að það sé einsýnt að þeir verði kallaðir til og mér láðist nú að hlusta eftir því hvort það væri einhver von á þeim, forseti gæti kannski upplýst um það. Það er mjög mikilvægt í mínum huga að hæstv. ráðherrar taki þátt í 3. umr. vegna þess að eins og Framsóknarflokkurinn hefur verið iðinn við að benda á í þessari umræðu hefur verið ákveðinn túlkunarmunur í gegnum málið allt saman á því hvort hér sé um gjörbreytt mál að ræða eða ekki. Ég, eins og flestir sjálfstæðismenn, stend í þeirri meiningu. Og ég trúi því statt og stöðugt að ef þessir fyrirvarar fara í gegn hjá Bretum og Hollendingum — vegna þess að með þeim breytingum sem við erum að gera núna við 3. umr. gerum við það að skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskir og hollenskir ráðamenn verði ekki bara kynntir þessum fyrirvörum heldur líka að þeir fallist á þá.

Þá er mjög mikilvægt fyrir okkur áður en við greiðum atkvæði um ríkisábyrgð að vita hvernig málstað okkar verður komið á framfæri við bresk og hollensk stjórnvöld. Rætt var hér í fyrri ræðu um það hvernig þessi samskipti hafa átt sér stað og var með ólíkindum að hlusta á hv. þm. Einar Guðfinnsson lýsa tölvupóstssamskiptunum sem hann átti í. Ég kallaði eftir því við 2. umr. þessa máls að öll samskipti yrðu gerð opinber sem orðið hafa milli Breta og Hollendinga og okkar og þá ekki síst hvernig málstað okkar og þeim breytingartillögum og breytingum sem við erum búin að gera í þessu máli er komið á framfæri við viðsemjendurna. Er ríkisstjórnin enn þá að kynna þetta sem þess lags breytingar, eins og hæstv. utanríkisráðherra sagði hér í fjölmiðlum, að það þyrfti að beita skapandi hugsun en samningurinn héldi. Það hefur truflað mig, virðulegur forseti, og heldur áfram að trufla mig. Þess vegna finnst mér með ólíkindum þegar ég horfi hér á mælendaskrána að enginn hæstv. ráðherra hefur tekið til máls í þessari umræðu fyrir utan hæstv. fjármálaráðherra í stuttu andsvari. Formaður og starfandi varaformaður fjárlaganefndar — og starfandi varaformaðurinn hv. gengur hér í salinn — hafa báðir talað.

Eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vakti athygli á urðu nokkur tímamót þegar hv. þm. Árni Þór Sigurðsson talaði hér fyrr í morgun og viðurkenndi þar í fyrsta sinn af hálfu stjórnarliða að þessar breytingartillögur mundu hafa áhrif á samninginn. Það tel ég vera mjög gott að komi fram frá hv. þingmanni (Gripið fram í.) en betur má ef duga skal. Ég vildi gjarnan fá að heyra hæstv. forsætisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra segja það úr þessum ræðustól áður en við göngum til atkvæða um þetta mál, vegna þess að þau eru þeir aðilar sem munu á endanum kynna sjónarmið okkar. Og ég verð að segja alveg eins og er að miðað við hvernig þau hafa gert það hingað til og hafa haldið á málum, vantreysti ég þessu hæstv. tríói nokkuð, virðulegur forseti.

Það var nefnilega mjög ankannalegt þegar hæstv. fjármálaráðherra fór í andsvar áðan við formann Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Bjarna Benediktsson, þegar hann fór nú að draga það atriði líka til baka að hér hafi verið skipuð ný samninganefnd. Ég man ekki betur, eins og kom líka fram í svari formanns Sjálfstæðisflokksins, en að hæstv. ráðherr-

ann hafi gumað mjög af því fyrr í vetur að nú væri búið að skipa nýja samninganefnd, nú ætti að gera hlutina allt öðruvísi og þegar leið á ferlið átti að fara að koma glæsileg niðurstaða sem var einmitt byggð á nýrri aðferðafræði. Núna tveimur, þremur mánuðum síðar er ekki bara glæsilega niðurstaðan orðin bærileg og sú eina mögulega og ég veit ekki hvað, núna er samninganefndin líka orðin eitthvað sem ráðherrann hæstv. vill ekki kannast við.

Orðin hitta mann fyrir og ef maður skoðar bara hvað ríkisstjórnin hefur verið að segja um þetta mál alveg frá upphafi hefur það verið á þann veg að það er ömurlegt, við getum öll tekið undir það. Við höfum ekkert val um hvort við samþykkjum þessa samninga eða ekki, þetta eru bestu samningarnir sem við getum fengið. Ef við samþykkjum þá ekki, ef við fellum þá, förum við til baka til októbermánaðar, ef við fellum þá verðum við Kúba norðursins, eins og hæstv. viðskiptaráðherra — sem ekki hefur sést hér í marga daga — tók til orða.

Það var aldrei viðurkennt, eins og komið hefur fram í máli okkar í stjórnarandstöðunni, að eitthvað væri að þessum samningi. Núna erum við loksins komin á þann stað að við erum búin að kollvarpa samningnum, við erum búin að gerbreyta honum, við erum í rauninni búin að senda samninginn aftur til föðurhúsanna og gera viðsemjendum okkar gagntilboð. Við erum að segja með þessu, Alþingi Íslendinga talar hér mjög skýrt: Þessi samningur sem hæstv. fjármálaráðherra ber ábyrgð á er ekki boðlegur Alþingi Íslendinga og við viljum ekki samþykkja hann svona.

Menn geta talað út og suður og talað um túlkanir og söguskýringar eins og hæstv. ráðherra gerði hérna, en það breytir ekki því að þetta er staða málsins og þá eigum við að segja það. Þess vegna ítreka ég að ég vil heyra frá forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar um það hvernig þessum breytingum verður fylgt eftir og hvaða skilning þau leggja í það.

Ég ætla ekki að rekja efnislega þær breytingar sem við erum að gera, aðrir hafa gert það á undan mér og það mjög vel. Ég vísa í ágæta töflu í framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar, fskj. I á bls 11, þar sem samanburður er gerður á frumvarpinu og breytingartillögum og þar tel ég öll meginefnisatriðin koma fram og skýrir og sýnir vel breytinguna sem verið er að gera á frumvarpinu.

Ég vil aðeins ítreka að þessar breytingar kollvarpa frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Er það minn skilningur að fallist Bretar og Hollendingar á fyrirvarana, séu þeir í raun og veru að fallast á nýjan samning. Ég vona svo sannarlega að þeir muni gera það vegna þess að ég tel að ef það verður niðurstaðan og Bretar og Hollendingar fallast á hana, verði þetta mál til lykta leitt með bærilegri hætti en stefndi í. Ef þeir gera það ekki tel ég einsýnt að við verðum að byrja á málinu upp á nýtt og semja upp á nýtt og þá vona ég að það verði gert af meiri alvöru og af meiri metnaði en hæstv. fjármálaráðherra lagði í þennan samning.

[16:10]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur fyrir framsögu hennar hér og ræðu. Hér er ágreiningur um fyrirvarana, hvort þeir taki gildi eða ekki, og er búið að leggja fram margar breytingartillögur til að skerpa á þeim fyrirvörum sem um ræðir.

Nú vill svo til að í fyrirvörunum er einungis tekið til þess að ríkisábyrgðin taki gildi frá 5. júní 2016, eftir þetta sjö ára skjóltímabil sem hæstv. fjármálaráðherra ræddi svo mikið um við 1. umr., að við værum í sjö ára skjóli þar sem við þyrftum ekki að byrja að greiða samninginn fyrr en eftir sjö ár. Þessir fyrirvarar og frumvarpið ganga í raun og veru út á að ábyrgðin taki einungis gildi frá og með sama degi, frá greiðsludegi. Mig langar að spyrja þingmanninn: Í 12. gr. breska samningsins og 11. gr. hollenska samningsins eru ítarleg vanefndaákvæði í ellefu liðum og eru þau mjög íþyngjandi fyrir Íslendinga og íslenska ríkið og má þar lítið út af bera svo að þau verði virk. Þegar einhver af þessum ellefu vanefndaákvæðum verða virk má tafarlaust gjaldfella samninginn í heilu lagi.

Því vil ég spyrja þingmanninn í framhaldi af þessu: Hvernig lítur hún á það ef Bretar og Hollendingar gjaldfella samninginn innan sjö ára? Fellur ríkisábyrgðin þá niður jafnframt og gætu Hollendingar og Bretar ekki séð sér hag í því að gjaldfella samninginn tafarlaust þar sem fyrirvararnir eru þá ekki gildir fyrr en að sjö árum liðnum?

[16:12]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að með því að Bretar og Hollendingar samþykki fyrirvarana eins og breytingartillagan sem við leggjum fram núna gerir ráð fyrir að þeir verði að gera, sé þetta eitthvað sem við þurfum ekki að hafa miklar áhyggjur af. Með því eru þeir í raun og veru búnir að samþykkja fyrirvarana og þar með nýjan samning, vil ég meina. Nú er hv. þingmaður og fyrirspyrjandi lögfræðingur þannig að hún veit þetta eflaust betur en ég.

Það sem ég hef hins vegar alltaf haft áhyggjur af varðandi þessa fyrirvaraleið, og get að því leyti tekið undir með þingmanninum og hef sérstakar áhyggjur af vegna þess að Bretar og Hollendingar hafa ekki viljað tjá sig um þetta, er að af einhverjum ástæðum, hvort sem það eru lagatæknilegar ástæður, lagaklækir, forherðing eða eitthvað annað, verði eitthvað til þess að fyrirvararnir virki ekki, þrátt fyrir alla þá vinnu sem við á Alþingi erum búin að leggja á okkur í sumar við að reyna að gera þennan skaða sem minnstan. Þar deili ég áhyggjum með þingmanninum, en ég vona svo sannarlega að það komi ekki til þess, vegna þess að ef breytingartillaga okkar gengur eftir eins og henni er ætlað þarf ekki að koma til þessa atriðis.

[16:14]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef kannski ekki verið nógu skýr í fyrirspurn minni. Þetta snýst allt um fyrirvarana og hvort Bretar og Hollendingar taki þá gilda. Spurningin var raunverulega þessi: Nú hefur ekki verið gerð nein breytingartillaga eða fyrirvari um að gjaldfellingarákvæðunum verði kippt úr sambandi í þessu frumvarpi og þeim fyrirvörum sem lagðir eru fyrir. Skapast þá ekki mikil hætta næstu sjö árin á því að Bretar og Hollendingar sjái sér hag í því að gjaldfella samninginn í heilu lagi og þar með að íslenska ríkið sitji uppi með að greiða þann samning, vegna þess að

hvergi er að finna aftengingu í fyrirvörunum við þessi íþyngjandi gjaldfellingarákvæði sem finna má í 12. gr. breska samningsins og 11. gr. hollenska samningsins?

Að öðru leyti deili ég áhyggjum með þingmanninum og erum við sammála um að þetta er mjög flókið og erfitt mál.

[16:15]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég get bara endurtekið það sem ég sagði áðan, ég vona svo sannarlega að til þess komi ekki að við stöndum frammi fyrir þeim raunveruleika sem þingmaðurinn lýsti. Ég held að ef breytingartillögur okkar ganga eftir, ef Bretar og Hollendingar — sem er gert að skilyrði — fallast á fyrirvarana sé ólíklegt að þeir mundu síðan snúa sér við og byrja að gjaldfella þetta allt á okkur. Það þætti mér í það minnsta mjög ómaklegt.

[16:16]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti vill upplýsa að hæstv. fjármálaráðherra er mættur hér í þinginu.

[16:16]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur áhugaverða ræðu. Ég var um margt sammála hv. þingmanni eins og oft er, en hjó eftir því að hv. þingmaður sagðist vonast til þess að Bretar og Hollendingar staðfestu fyrirvara þingsins, fyrirvara sem svo sannarlega eru ósamrýmanlegir samningunum sjálfum.

Ber að skilja það svo að þingmaðurinn hv. verði þá sáttur við samningana með fyrirvörunum vegna þess að ef vonir standa til þess að þetta verði allt saman samþykkt og fari inn í samninginn eða að gerður verði nýr samningur í samræmi við fyrirvarana sitjum við uppi með það? Það er svo ótal margt annað í þessum samningum, annað en það sem fyrirvararnir taka á sem að mínu mati er óásættanlegt að ég er ekki frá því að það væri best ef Bretar og Hollendingar segðu „nei, þetta er óásættanlegt, þessir fyrirvarar ganga ekki“, og það leiddi þá til þess að farið væri í viðræður um sómasamlega samninga. Eins og þetta er, jafnvel með fyrirvörunum, þykir mér óásættanlegt fyrir Íslendinga að búa við þetta a.m.k. í 15 ár og hugsanlega miklu lengur.

[16:18]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég benti á í lok ræðu minnar að ef Bretar og Hollendingar mundu ekki fallast á fyrirvarana þyrftum við að semja upp á nýtt og ég tel það ekki það versta sem komið gæti fyrir. Ég vil hins vegar ítreka það sem ég sagði í lok ræðu minnar, að ég vonast til að sú samninganefnd vinni vel og þeir samningar verði gerðir af meiri metnaði en samningurinn sem hér liggur fyrir. Til þess að taka af allan vafa vil ég svara spurningu þingmannsins um hvort ég sé sátt við samninginn. Því er fljótsvarað: Ég er aldeilis ekki sátt við þennan samning sem fjármálaráðherra skrifaði undir eða var skrifað undir í hans umboði vegna þess að því oftar og því meira sem maður les hann verður maður meira hissa, meira reiður og meira furðu lostinn yfir því að nokkur hafi getað hugsað sér að skrifa undir slíkan samning.

Það sem er hins vegar að gerast hérna er að þeir fyrirvarar sem við gerum hérna bæta og minnka tjónið sem ríkisstjórnin hefur valdið með þessari undirritun. En það er, eins og hefur margoft komið fram í umræðunum í dag, hreint með ólíkindum að nokkur ríkisstjórn hafi farið fram og skrifað undir samning sem er svo stór, sem skuldbindur þjóðina svo mikið án þess í fyrsta lagi að hafa fyrir því þingmeirihluta og í öðru lagi að hafa ekki fengið ríkisstjórnarsamþykkt fyrir því, það er náttúrlega með ólíkindum. Þeirri sögu munum við alltaf halda til haga og ítreka hversu mikið við höfum lagt á okkur við að takmarka þann skaða sem íslenska þjóðin verður fyrir af þeirra völdum.

[16:20]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Já, við urðum sammála á endanum eins og við var að búast. Þetta er handónýtur samningur og hið furðulegasta mál allt saman og verður verra og verra, eins og hv. þingmaður benti á, þeim mun betur sem maður kynnir sér það. Þess vegna óttast ég að enn fleiri vankantar á þessu máli eigi eftir að koma í ljós á næstu árum ef við sitjum uppi með þennan samning og vonast ég því til að hv. þingmaður verði tilbúinn til þess einfaldlega að fella hann eða a.m.k. að gera viðbótarbreytingartillögur til þess að ganga enn lengra í þá átt sem hv. þingmaður útskýrði, að reyna þó að lágmarka það tjón sem af samningnum leiðir.

[16:21]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttir kærlega fyrir ræðu hennar. Ég verð að segja það, líkt og fyrri þingmenn hér í andsvörum, að ég er sammála þingmanninum. Ég verð samt að viðurkenna að ég er ekki alveg viss um hver verður hennar endanlega afstaða í þessu máli, af því að nú hefur komið fram m.a. í þessu nefndaráliti og hjá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í nefndinni að þeir telji að með þeim fyrirvörum sem þegar er búið að leggja fram af meiri hlutanum, sé búið að gjörbreyta eðli málsins og gera það að verkum að það sé vel þess virði að styðja málið.

Mér fyndist því mjög áhugavert að heyra frá þingmanninum hvort hún sé sammála þessu eða hvort hún telji nauðsynlegt að gera enn meiri breytingar hvað varðar fyrirvarana og þá samþykkja hugsanlega breytingartillögur okkar framsóknarmanna. Ég mundi sérstaklega vilja vekja athygli á þeim fyrirvörum sem við leggjum fram sem varða hugsanlegan skaða sem kemur í ljós af aðgerðum breskra og hollenskra stjórnvalda eða hina svokölluðu skuldajöfnun.

Síðan hefði ég mikinn áhuga á að heyra hvort þingmaðurinn er tilbúin til þess að samþykkja ríkisábyrgðina, að greiða atkvæði með samningnum í endanlegri afgreiðslu málsins. Eins og ég skildi ræðu hennar og síðan svör hennar í andsvörunum hljómar það meira eins og hún líti svo á að þetta sé einhvers konar samningstilboð til Breta og Hollendinga. En þetta er náttúrlega endanleg afgreiðsla frá þinginu og það eru komnir varnaglar við þá fyrirvara sem við leggjum upp með. Ég sé heldur ekki að það sé neitt bú-

ið að svara því hvort við getum síðan í framhaldinu, ef þetta er einhvers konar samningstilboð, staðið þá frammi fyrir því að Bretar og Hollendingar mundu fara að setja fyrirvara við sína afgreiðslu, fyrirvara við okkar fyrirvara um fyrirvara. (Forseti hringir.) Það væri mjög áhugavert að heyra svör þingmannsins við þessu.

[16:23]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessi lokaorð hv. þingmanns minna mig á — ég held að það hafi verið í andsvari við 2. umr. þegar við vorum að tala um athugasemdir og athugasemdir líka við varnagla við fyrirvara, þetta verður stundum svolítið flókið.

Bara til að afstaða mín liggi algjörlega ljós fyrir: Ríkisstjórnin ber ábyrgð á samningnum. Við erum búin að vinna þessar breytingartillögur og eins og komið hefur fram í umræðunum eru allar þær breytingartillögur sem við sjálfstæðismenn höfum stutt í rauninni komnar frá okkur og unnar í góðu samstarfi innan nefndarinnar. Allt það sem gert hefur að verkum að málið hefur batnað hefur verið unnið í góðu samstarfi en mikið til er það að frumkvæði okkar sjálfstæðismanna, þannig að þær breytingartillögur mun ég að sjálfsögðu styðja.

Afstaða mín til málsins sjálfs kemur hins vegar í ljós við atkvæðagreiðsluna á morgun, en það er rétt sem hv. þingmaður sagði, að ég lít á þetta sem gagntilboð. Ég lít þannig á að með þessari litlu ríkisábyrgð á stórum samningi séum við að gera Bretum og Hollendingum gagntilboð. Og vegna þess að við höfum gert þá breytingartillögu núna að Bretar og Hollendingar verða að samþykkja þessa fyrirvara áður en ríkisábyrgðin verður virk erum við svo sannarlega að gera þeim þetta gagntilboð. Muni þeir fella það, muni þeir ekki samþykkja það, erum við komin í aðra stöðu og þurfum að semja upp á nýtt.

Varðandi það hvort þeir geti gert fyrirvara við okkar fyrirvara mundi ég líta á það sem annað gagntilboð og þá yrði ríkisábyrgðin okkar ekki virk samkvæmt þeim fyrirvörum sem við höfum sett. Ég ætla að vona að einhver geti fylgst með.

[16:25]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég held að við séum einfaldlega komin að kjarna málsins hérna, það er einfaldlega heiðarlegast og bara hreinlegast gagnvart samningsaðilunum í þessu máli, Íslendingum, Bretum og Hollendingum, að við setjum þennan samning til hliðar og setjumst að nýju við samningaborðið í staðinn fyrir að við séum að ræða hérna fram og til baka einhliða um hvort fyrirvararnir okkar haldi. Og síðan eins og nú er verið að benda á, ef við teljum að fyrirvarar okkar haldi getur verið að Bretar og Hollendingar telji sig líka þurfa að breyta einhverju einhliða í þessum samningum, einhverju sem þeir eru ósáttir við.

Þetta sýnir okkur að þó að við séum að fara að afgreiða málið hérna í kvöld eða á morgun er því alls ekki lokið. Það er alveg ofboðsleg óvissa enn þá í þessu og það kemur svo sem líka ítrekað fram í þessum blessuðu breytingartillögum sem koma frá meiri hluta fjárlaganefndar að málið mun koma (Forseti hringir.) aftur og aftur inn á borð þingsins miðað við þá fyrirvara sem við leggjum fram. (Forseti hringir.) Hvað munu Bretar og Hollendingar síðan gera?

[16:26]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég vona nú að einhverjir séu einhverju meira nær um það hvað mér finnst um þetta mál eftir lokaorðin í mínu fyrra andsvari.

Ég held að það hafi verið formaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sem sagði að fyrirvararnir væru leið til þess að fella samninginn á kurteislegan hátt og ég tek undir það með þingmanninum. Ég held að við séum að gera það eða að koma með gagntilboð, vegna þess að þetta er ekki sami samningur. Ég ítreka það.

Við erum að ræða hér einhliða, sagði þingmaðurinn, hvort fyrirvararnir haldi, en með seinustu breytingartillögunni um að Bretar og Hollendingar verði samþykkja þá, erum við ekki bara að ræða málið einhliða heldur verðum við að fá niðurstöðu frá þeim um það. Það tel ég vera algjöra nauðsyn og tek undir með þeim í Indefence-hópnum, sem hafa beitt sér mikið í þessu máli, að það er alger (Forseti hringir.) forsenda fyrir því að þessir fyrirvarar hafi eitthvert gildi.

[16:28]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að hafa mörg orð um aðdraganda þessa máls og hvernig það hefur verið unnið hér í þinginu. Við erum ekki bara væntanlega að klára það mál sem hér liggur fyrir heldur erum við líka að klára þetta sumarþing sem er búið að vera núna lengur að störfum en nokkurt annað sumarþing frá árinu 1991. Nú verð ég að viðurkenna það að ég var ekki á sumarþinginu þá og hef ekki kynnt mér sérstaklega hvað menn voru að fjalla um á þeim tíma, en hitt veit ég að þetta sumarþing hefur staðið í svipað langan tíma og hefðbundið þing.

Síðast þegar ég skoðaði, og það var bara áðan, vorum við búin að klára 26 mál. Við klárum væntanlega einhver mál á morgun fyrir utan þetta og er skemmst frá því að segja að alveg sama hvaða mælikvarða við leggjum á það, tími okkar hefur verið nýttur mjög illa. Það er í rauninni ömurlegt að við séum að fara í þinghlé núna, það er algjörlega ömurlegt. Núverandi ríkisstjórnarflokkar lögðu af stað í vegferð í febrúar á þessu ári með það að markmiði að fara í bráðaaðgerðir fyrir heimili og fyrirtæki og í kosningar í kjölfarið. Það var ekki farið í þessar bráðaaðgerðir í febrúar eða mars eða apríl eða maí og það hefur ekki verið gert í júní, júlí og ágúst. Og núna þegar við förum í þinghlé er fólk í jafnmikilli óvissu og það var í byrjun árs með skuldbindingar sínar, skuldir sínar, og það er sama óvissan í efnahagsmálunum. Það er algjörlega óásættanlegt.

Þingið í sumar hefur verið nokkurn veginn stjórnlaust. Fyrir okkur þingmenn hefur það verið þannig að við höfum í rauninni ekki vitað hvað dagurinn bæri í skauti sér, ég tala nú ekki um vikan eða hvað við ættum að gera á þeim dögum sem þingið átti að starfa en það átti að klárast fyrir 17. júní, ef ég man rétt, það voru svona fyrstu yfirlýsingar. Það á ekki að kenna forustu eða forsetum þingsins um þetta,

það er ekki á þeirra ábyrgð, það er alveg ljóst að stýringin hefur komið frá ríkisstjórninni og stjórnleysið hefur þar verið algjört.

Nú kynni einhver að segja: Þetta voru svo stór mál, Evrópusambandið og Icesave, að þau tóku allan tíma þingsins. Það er ekki rétt. Þess vegna erum við með margar nefndir í þinginu, svo að við getum tekið á mörgum málum í einu, og engin mál eru brýnni en þessar svokölluðu bráðaaðgerðir fyrir heimilin, fyrir fjölskyldurnar og fyrir efnahagslífið. Það hafa allir stjórnarandstöðuflokkar komið fram með hugmyndir, góðar hugmyndir sem vert hefur verið að skoða, ég tala nú ekki um að framkvæma, en verkefni ríkisstjórnarinnar hefur verið það að blása þær af án þess að koma með neitt í staðinn. Síðast í dag vorum við að lesa — og á hverjum degi að lesum við fréttir um alvarlega stöðu en samt sem áður er það þannig, og það veit ég vegna þess að ég er búinn að skoða það, að það er ekki einu sinni búið að teikna upp skuldavanda heimilanna, við vitum t.d. ekki hver staðan er hann. Af hverju? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki enn þá náð að kortleggja vandann, hvað þá að taka á honum eða koma fram með hugmyndir um lausn á honum.

Þá víkjum við að þessu máli sem hér er til umræðu, en ég gat ekki annað en farið yfir þennan þátt máls vegna þess að þetta er mjög slæmt og í raun ömurlegt að við skulum ekki vera búin að nýta þennan tíma betur en raun ber vitni. Ég vonast til þess að við getum komið saman sem allra fyrst til þess að taka á þessum málum því að oft var þörf en nú er algjör nauðsyn.

Það sem við fjöllum um hér er í grunninn ein birtingarmynd kerfishrunsins, bankahrunsins eins og við þekkjum það. Án nokkurs vafa er þetta bein afleiðing af tilskipun Evrópusambandsins. Það var nú hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sem dró athygli að því í þingræðu í dag og hann er, held ég, fyrsti stjórnarliðinn sem gerir það í allri þessari umræðu. Það sem við getum lært er að við ættum að hugsa betur um það þegar við tökum slíkar tilskipanir upp, en sem betur fer var hún samt afgreidd þannig hér í þinginu að ekki var fallist á breytingartillögu frá VG og Samfylkingunni á þeim tíma, sem voru þá í stjórnarandstöðu. Ef við hefðum gert það, virðulegi forseti, hefði skuldbindingin verið 400 milljörðum meiri, hvorki meira né minna.

Við erum í þeirri sérstöku stöðu að við fjöllum einungis um og deilum við Evrópusambandsríkin Bretland og Holland og síðan Evrópusambandið um innstæður eins banka, Landsbankans. En það voru fleiri bankar sem fóru í sambærilega vegferð og Landsbankinn en gengið er frá þeim skuldbindingum og innstæðum sem þar eru með öðrum hætti vegna þess að þar var um útibú að ræða í viðkomandi löndum, þar var ekki sami háttur á og hjá Landsbankanum.

Það er mjög slæmt að menn skyldu ekki aðeins leiða hugann að þessu á stjórnarheimilinu vegna þess að þetta er ein af okkar málsvörnum og kannski sterkasta málsvörnin, þessi gallaða tilskipun Evrópusambandsins. Það er ekkert réttlæti í því að koma fram við eitt minnsta landið á Evrópska efnahagssvæðinu eins og þessi lönd hafa gert. Ég hef reynt það sjálfur, ég hef kannað það með því að tala við þá félaga mína sem ég þekkir á öðrum þjóðþingum að þessum upplýsingum, í rauninni vörn Íslands, hefur ekki verið haldið á lofti. Við erum í þeirri kaldhæðnislegu stöðu — við höfum í rauninni líka verið í henni í sumar hér á þinginu og það kemur fram í því að ríkisstjórnin nýtir t.d. ekki utanríkisþjónustuna til þess að halda þessum sjónarmiðum okkar á lofti. Og þegar maður tekur upp hjá sjálfum sér að upplýsa þingmenn um þessa hluti kemur þetta þeim mjög á óvart. Það er slæmt að við höfum verið með þetta vinnulag og þessa stefnu ríkisstjórnarinnar sem felur það í sér að menn eru ekki einbeittir í því að gæta hagsmuna Íslendinga í þessu máli og það er mjög slæmt. Ég fullyrði að sjónarmiðum okkar varðandi þessa gölluðu tilskipun hefur ekki verið haldið á lofti þar sem það átti að gera, svo einfalt er það mál. Það er mjög dýrt fyrir þjóðina.

Það hefur allt of mikil áhersla verið lögð á samninganefndina, að mörgu leyti af góðri ástæðu vegna þess að ríkisstjórnin ákvað að setja aðila, sem var mjög framarlega í pólitík hér á landi á sínum tíma, sem formann samninganefndar. Mörgum þótti það skrýtið og fannst það líka vera sönnun þess að hér væri ekki um skynsamlega skipun að ræða þegar menn sjá niðurstöðu samningsins. En samninganefndin og meira að segja formaður samninganefndar bera ekki ábyrgð á þessu. Þeir sem bera ábyrgð á Icesave-samningnum er ríkisstjórnin og ég hvet fólk til þess að skoða hvað forustumenn ríkisstjórnarinnar, hvað hæstv. forsætisráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra sögðu þegar þau kynntu samninginn.

Ég ætla ekki að lesa það upp á þessum stutta ræðutíma sem hæstv. forsætisráðherra sagði. Í örstuttu máli gekk það út á það að hafa ekki neinar áhyggjur, það hefði náðst svo góður samningur að hér væri ekkert um það að ræða að íslensk þjóð þyrfti að greiða nokkurn skapaðan hlut. Þannig var lagt af stað í þessa vegferð. Eins og kom fram hjá þingmönnum, m.a. hv. þm. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, stóðst ekkert af því sem forustumenn ríkisstjórnarinnar sögðu um samninginn þegar hann var skoðaður. Það átti ekki að leyfa þingmönnum að sjá samninginn. Mér þykir mjög miður að forustumenn ríkisstjórnarinnar, þar á meðal hæstv. fjármálaráðherra, hafi haldið öðru fram. Ég var sjálfur í þingnefnd sem bað um að við fengjum kynningu á því og okkur var sagt það mjög skýrt að það væri ekki hægt en hugsanlega gæti Ríkisendurskoðun túlkað þetta ofan í okkur af því að hún fengi að sjá samninginn.

Það er kaldhæðnislegt að samningurinn kom fyrst fyrir sjónir þingmanna í gegnum fjölmiðla, ef ég man rétt var það visir.is sem birti samninginn fyrst, í kjölfarið fengu þingmenn að sjá þann samning sem þeir áttu að fjalla um. En það átti að afgreiða þetta mál á nokkrum dögum án þess að þingmenn fengju að sjá samninginn.

Það sem hefur gerst einfaldlega er það að ríkisstjórnin hefur verið gerð afturreka með þetta mál. Við allar eðlilegar aðstæður hefði ríkisstjórn sem hefði komið með samning sem þennan þurft að segja af sér, þannig er það. Stjórnarandstaðan hefur hins vegar ekki farið fram á það, hún hefur ekki verið að ýta á það, menn hafa meira að segja nálgast málið með þeim hætti og þannig hefur verið afstaða okkar sjálfstæðismanna að við höfum reynt að gera hvað við getum til að bjarga þessu máli. Það er ekkert leyndarmál að við höfum reynt að gera þetta eins pólitískt auðvelt fyrir ríkisstjórnarflokkana og mögulegt er.

Prófessor í stjórnmálafræði sagði að það gerðist mjög sjaldan. Ég man ekki hvort hann orðaði það þannig að hann myndi ekki eftir því að stjórnarandstaðan reyndi ekki að gera ríkisstjórn erfitt fyrir í máli, en það var það sem var gert hér. Menn lögðust allir á árarnar og reyndu að breyta þessu skelfilega máli. Af hverju? Menn mátu það sem svo að hagsmunirnir væru það stórir að það væri það rétta í stöðunni.

Það liggur alveg fyrir að búið er að gjörbreyta ríkisábyrgðinni sem við erum að fjalla um sem tengist þessum skelfilega samningi. Ég vek athygli áhugasamra, sem eru fjölmargir, enda hér um gríðarlegt hagsmunamál að ræða, að skoða framhaldsnefndarálit 1. minni hluta fjárlaganefndar og skoða sérstaklega á bls. 6. Þar er fyrirsögnin: Ef forsendur bresta. Þar er tafla sem sýnir hvernig staðan gæti verið, þ.e. hvað Íslendingar þyrftu að borga. Munurinn á þeim opna tékka sem samningurinn og frumvarp ríkisstjórnarinnar voru í þessu máli, eftir að fyrirvararnir eru komnir inn, liggja einfaldlega í því að komið er mjög greinilegt þak og menn munu aldrei borga nema sem nemur ákveðnu hlutfalli, nánar tiltekið 6%, af hagvexti á hverju ári. Síðan kemur það skýrt fram að ríkisábyrgðin fellur niður 5. júní 2024. Það eru stóru málin. Með öðrum orðum, ef enginn hagvöxtur er á Íslandi greiðir Ísland ekki neitt.

Þegar þetta kom fram tók alþjóðlega pressan það upp og sagði að þetta gæti verið fyrirmynd í lánasamningum á milli ríkja, það væri mun eðlilegra að ríki mundu greiða í samræmi við það sem þau gætu frekar en, eins og staðan er núna, að menn væru með mjög óraunhæfa lánasamninga sem ganga ekki upp og hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér. Það er því í raun og veru það eina sem gildir núna þegar kemur að greiðslum í þessu, hversu mikill hagvöxtur verður, það er það sem allt mun velta á ef málið nær fram að ganga með þessum fyrirvörum. Það er hagvöxturinn en í rauninni ekki þær upphæðir eða það upplegg sem er í þeim samningi sem fyrir er. Það hefur ekkert með endurheimtur af lánasafni Landsbanka að gera, það hefur fyrst og fremst með hagvöxtinn að gera.

Virðulegi forseti. Þetta er erfitt mál og snúið. Ég tel að við sjálfstæðismenn höfum gert hárrétt í því að haga okkur ekki eins og hefðbundinn stjórnarandstöðuflokkur heldur reynt að hjálpa ríkisstjórninni úr þessu skelfilega öngstræti sem hún var búin að koma ekki sjálfri sér í heldur þjóðinni í. En á meðan við vorum að reyna að bjarga því sem bjargað verður áttum við ekki við þessa samningsaðila okkar, við áttum fyrst og fremst við stjórnarliða og þá sérstaklega Samfylkinguna, virðulegur forseti, eins og hæstv. utanríkisráðherra, sem nú gengur í salinn. Því miður er þetta mál, eins og á því er haldið, er ein afleiðing af Evrópusambandsglýju Samfylkingarinnar og barnslegri trú á að ef Ísland gengur í Evrópusambandið muni allir hlutir lagast.

Nú eru málefnaleg rök fyrir því og mikið af mætu fólki sem vill að Ísland gangi í Evrópusambandið en það er almennt ekki þeirrar skoðunar að það leysi allan vanda og hér verði ávallt gott veður og hér gerist ekkert slæmt ef það verður. Í þeim hópi sem þannig hugsar er Samfylkingin og þess vegna sátum við uppi með þetta skelfilega frumvarp sem við höfum sem betur fer náð að breyta umtalsvert, virðulegur forseti.

[16:43]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir ræðu hans hér. Mig langar til að beina til hans sömu spurningu og ég beindi til hv. þm. Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Ég ætla ekki að ræða um hvort fyrirvararnir haldi eða ekki því að ég hef efasemdir um það, eins og hefur komið fram í ræðum mínum.

Segjum sem svo að fyrirvararnir haldi og Bretar og Hollendingar samþykki þessa fyrirvara með þeim skilyrðum sem þingið hefur sett og má segja að fyrirvararnir séu svo strangir að það má eiginlega segja að á góðum degi þurfi Íslendingar nánast ekkert að borga. Svo er kominn fyrirvari um að fella eigi niður skuldirnar árið 2024 ef ekki vill betur til.

Samþykki Bretar og Hollendingar þessa fyrirvara og með þeim þrengingum sem þeir leiða af sér, telur þá ekki þingmaðurinn stórkostlega hættu felast í því að Bretar sjái sér leik á borði og (Forseti hringir.) gjaldfelli samningana innan sjö ára áður en ríkisábyrgðin tekur gildi?

[16:44]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Auðvitað geta Bretar og Hollendingar gert ýmislegt, það er bara sú staða sem við erum í, hvernig sem við afgreiðum þetta mál, það liggur fyrir. Það sem menn hafa gert hér, til þess að vera bæði með belti og axlabönd, er að þeir hafa gengið þannig frá málum að lögin taka ekki gildi nema Bretar og Hollendingar samþykki fyrirvarana, þeir verða að samþykkja fyrirvarana til þess að ríkisábyrgðin taki gildi.

Ef Bretar og Hollendingar ætla að gera eitthvað allt annað, sem getur vel verið, það getur vel verið að þeir líti svo á að afgreiðslan á þessu máli sé þannig að allar forsendur séu brostnar og þeir muni leita meints réttar síns með allri þeirri hörku sem þeir mögulega geta, (Forseti hringir.) þurfum við að takast á við það og munum gera það.

[16:46]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum svarið. Það er hvorki hægt að komast aftur á bak né áfram í þessu máli því að í samningnum stendur að ríkisábyrgð þurfi að koma til, annars gjaldfelli Bretar og Hollendingar samninginn. Það sem ég óttast svo mjög er að það er enginn fyrirvari sem tekur á því að aftengja gjaldfellingarákvæðin því að þau eru mjög íþyngjandi, þau eru í 12. gr. í hollenska samningnum og 11. gr. í breska samningnum, ef ég hef ekki snúið þessu við. Gjaldfellingarákvæðið er það að ef íslenska ríkið getur ekki greitt skuldir sínar, þar með talið Landsvirkjun, af því að það er ríkisábyrgð á henni, verður samningurinn tafarlaust gjaldfelldur.

Ég treysti Bretum og Hollendingum ekki betur en svo eftir beitingu hryðjuverkalaganna hér í vetur en að þeir sjái sér leik á borði og segi að það sé allt í fína lagi með bæði fyrirvarana og samningana, þeir taka gildi eftir sjö ár, svo sjái þeir sér fyrsta leik á borði við það að gjaldfella samningana á okkur á þessu sjö ára tímabili þar til þessi ríkisábyrgð með fyrirvörum tekur gildi.

[16:47]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef sú staða kæmi upp að Bretar og Hollendingar mundu gera þetta eða eitthvað annað sem þeim gæti dottið í hug erum við komin með allt aðra stöðu, það liggur alveg fyrir. Það er svo margt í þessu máli sem getur gerst og við höfum bara tök á ákveðnum hlutum, þingið hefur bara tök á þessu frumvarpi. Við höfum ekki tök á því hvernig ríkisstjórnin hélt á málinu. Ríkisstjórnin hélt þannig á málinu að hún gerði þinginu og þjóðinni mjög erfitt fyrir, það er bara staðreynd og þetta er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og við erum hér að reyna að bjarga því sem bjargað verður. Eins og ég rakti hefur mér fundist ríkisstjórnin hafa getað haldið betur á málinu og gætt betur hagsmuna Íslendinga, t.d. útskýrt stöðu okkar, þessa gölluðu tilskipun o.s.frv.

Við þingmenn, þingið, (Forseti hringir.) getum bara nýtt þau tæki sem við höfum og ég tel að menn hafi gert það eins vel og hægt er.

[16:48]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans. Ég held að við séum einmitt komin í þá stöðu nú þegar sem Lee Buchheit varðaði við, að við gætum í raun og veru aldrei með þetta slæman samning, versta samning sem hann sagðist nokkurn tíma hafa séð í skuldaskilum á milli þjóðríkja, sett fyrirvara við öllu sem við þurfum að setja fyrirvara við. Þess vegna finnst mér mjög skrýtið það sem ég hlustaði á í andsvörum við hv. þm. Ragnheiði Elínu Árnadóttur eftir fyrri ræðu hennar þar sem hún talaði um að hér væri um nýjan samning að ræða sem byggðist á tillögum sjálfstæðismanna.

Nú talaði hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson um að ríkisstjórnin bæri ábyrgð á samningnum en ef þetta eru tillögur sjálfstæðismanna, má ekki segja að þar með sé þetta orðinn samningur sjálfstæðismanna og sjálfstæðismenn muni þá væntanlega bera ábyrgð á þeim samningi sem getur hugsanlega reynst handónýtur?

[16:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál verður aldrei á ábyrgð sjálfstæðismanna. Það sem við gerðum, og við höfðum valkosti sem stjórnarandstaða, var annars vegar að reyna, ásamt skynsemisöflum innan ríkisstjórnarflokkanna og öðrum í stjórnarandstöðunni var að breyta málinu eða þá bara að láta þetta algjörlega eiga sig.

Ef við hefðum ekki farið í þessa vegferð sætum við uppi með frumvarp sem verið væri að samþykkja vegna þess að ríkisstjórnin hefur þingmeirihluta. Það er alveg ljóst að límið í ríkisstjórnarflokkunum er þó það sterkt, þó að þeir séu ekki sammála um nein málefnaleg atriði einu sinni hvað þetta varðar tel ég að það sé samt einhvers konar guðsblessun fyrir þjóðina að þeir séu við völd og þeir muni gera allt til þess að halda völdum. Það hefði því verið mikill ábyrgðarhluti að breyta þessu ekki.

En við berum ekki ábyrgð á þeim samningi sem ríkisstjórnin gerði, það gerum við ekki og (Forseti hringir.) munum aldrei gera.

[16:50]

Eygló Harðardóttir (F) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef bara eftir það sem er talað um í nefndaráliti sjálfstæðismanna að hér með sé búið að gjörbreyta eðli málsins og það hafi gert það vert að styðja málið. Þess vegna finnst mér mjög einkennilegt að hlusta á að menn séu annars vegar að segja hérna að þetta sé algjörlega nýr samningur, nýtt samningstilboð sem byggi á tillögum sjálfstæðismanna en hins vegar að þetta sé enn þá handónýtur samningur og sjálfstæðismenn ætli ekki að bera neina ábyrgð á samningnum.

Ég mundi gjarnan vilja fá á hreint hver afstaða Sjálfstæðisflokksins er í þessu máli og hvort Sjálfstæðisflokkurinn geti tekið undir ábendingar frá sérfræðingnum sem ég nefndi, Lee Buchheit, að þegar verið er að fást við svona erfitt og stórt mál sé raunar nánast ómögulegt fyrir okkur að setja upp fyrirvara við öllum þeim tilfellum sem upp geta komið, eins og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir benti á. Í þeim fyrirvörum sem liggja núna fyrir er ekkert verið að fjalla um gjaldfellingarákvæði samninganna, þau standa bara.

Ég veit ekki betur en að menn hafi haft töluverðar áhyggjur af t.d. Landsvirkjun — (Forseti hringir.) hvað gerist ef Landsvirkjun lendir í vandræðum?

[16:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nákvæmlega svona: Ríkisstjórnin skrifar undir samning og kemur með hann í þingið. Valkostirnir eru þessir: Ætlar stjórnarandstaðan að reyna að hafa áhrif á ríkisábyrgðina til þess að bjarga því sem bjargað verður eða ætlar hún ekki að gera það?

Sjálfstæðisflokkurinn er ekki í meiri hluta hér á þingi, ef það hefur farið fram hjá einhverjum. Sjálfstæðisflokkurinn stýrir ekki þessu þingi, hann stýrir ekki þessari ríkisstjórn. (**EyH:** En þið styðjið frumvarpið.) Það sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert er að koma með breytingar m.a. eftir að vera búinn að hlusta á þá sérfræðinga sem hv. þingmaður vitnaði í. (Gripið fram í.) Það er kjarni málsins, hv. þingmaður. (Gripið fram í.)

Samningurinn er hins vegar algjörlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og því verður aldrei breytt. Þingið gat breytt ríkisábyrgðinni, því frumvarpi, það gerðum við. (Forseti hringir.) Ég tel að enginn geti haldið öðru fram en að það hafi verið afskaplega skynsamlegt (Forseti hringir.) og stórslys ef það hefði ekki verið gert.

[16:53]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni ræðu hans. Það var eitt sem vakti athygli mína og það var að hann minntist á að ef tillögur Vinstri grænna og Samfylkingarinnar hefðu verið samþykktar værum við núna í Icesavemálinu að borga um 400 milljörðum meira. Ég set nú fyrirvara við þessa fjárhæð vegna þess að ef ég man það rétt gengu þessar tillögur einfaldlega út á það að það væri ríkisábyrgð og meiri hlutinn er einmitt að samþykkja Icesave eins og það sé ríkisábyrgð fyrir samningnum.

Ég held því að þetta sé kannski ekki alveg rétt en mig

langaði til þess að fá viðbrögð við þessu. Erum við að tala um 400 milljarða, hvorki meira né minna?

[16:54]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem þetta gengur út á í örstuttu máli er að okkur var gert að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar. Gert var ráð fyrir að það væru að lágmarki 20.000 evrur á hvern reikning. Stjórnarandstaðan á þeim tíma, hæstv. utanríkisráðherra — þó að hann sé ekki í forustu fyrir þessu máli heldur hæstv. núverandi forsætisráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra — sagði: Þetta er ekki nóg, við eigum að ábyrgjast allt saman, og flutti tillögu um það. Sú tillaga var felld með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða, sem betur fer, 34 atkvæðum gegn 16. Miðað við útreikninga tryggingastærðfræðings hefði þetta þýtt að við værum hér að véla um 400 milljörðum meira ef tillaga Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hefði verið samþykkt.

[16:55]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Höskuldur Þórhallsson) (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er óneitanlega athyglisvert, verð ég að segja, 400 milljarðar er gríðarleg há fjárhæð. Það sem ég vildi hins vegar benda á er að samkvæmt tilskipuninni, ef hún er túlkuð eins og Stefán Már Stefánsson lagaprófessor og Lárus Blöndal hæstaréttardómari gerðu, værum við í rauninni bara að borga 16 milljarða, ekki um 800 milljarða eins og nú er gert.

Vegna þess að það kom fram í máli þingmannsins að þeir fyrirvarar sem nú ætti að setja ættu í rauninni að spara Íslendingum stórar fjárhæðir, (Gripið fram í.) skal á margan hátt tekið undir það. Við erum engu að síður að borga langt umfram það sem 20.887 þús. evrurnar segja til um. Til að mynda erum við að taka á okkur vexti upp á 24 milljarða, hvorki meira né minna, umfram skyldu.

[16:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Mér tekst ekki að fara yfir allt málið á einni mínútu þó að ég geti talað þokkalega hratt. Í örstuttu máli er það þannig að menn deila hér um túlkun á þessari tilskipun, það liggur alveg fyrir. Ég vakti athygli á því í ræðu minni hér áðan að menn halda ekki sjónarmiðum Íslands frammi, og hæstv. utanríkisráðherra ætti að hlusta á það, það er ekki verið að nýta utanríkisþjónustuna okkar til þess að koma þessum sjónarmiðum áleiðis til t.d. þingmanna þeirra þjóða sem við teljum vera vinaþjóðir okkar. Það er einn þáttur málsins.

Það væri æskilegt ef við gætum breytt mörgu í þessu máli öllu. Staðan er bara sú að við erum hér, þingheimur, að fást við þetta frumvarp. Það er það sem við erum að vinna með. Ég hef mjög sterka sannfæringu fyrir því að það sé afskaplega skynsamlegt hvernig frumvarpinu hefur verið breytt (Forseti hringir.) og hefðu menn ekki gert það hefði það verið stórslys.

[16:57]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S):

Frú forseti. Við erum á lokasprettinum í þessu stóra og mikla máli sem margir hafa dregið fram að sé, og ég tek undir það, er ein nöturlegasta birtingarmynd bankahrunsins frá síðasta hausti. En það verður líka að segja að hún er hálfnöturleg, birtingarmynd verklags ríkisstjórnarinnar eins og hún hefur birst okkur í þinginu í allt sumar. Við skulum muna að þó að það hafi verið ákveðin viðkvæmni af hálfu til að mynda hæstv. fjármálaráðherra fyrr í dag er það engu að síður þannig að upphaflega átti ekki að sýna þingheimi samninginn. Við áttum ekki að fá að vita neitt um innihald samningsins, það var bara „suss, suss“ og þingið átti að verða þessi hefðbundni stimpilpúði sem það hefur því miður of oft verið. Við áttum ekki að fá að fara gaumgæfilega yfir samninginn. Það voru líka orð höfð uppi um að það ætti að vera glæsileg niðurstaða fyrir hönd þjóðarinnar og við þekkjum öll þessa sögu. Talsmenn Sjálfstæðisflokksins hafa farið mjög gaumgæfilega yfir hana alla í ræðum sínum og gert það vel.

Ég vil undirstrika það og tek undir með félögum mínum í Sjálfstæðisflokknum að við stóðum frammi fyrir því að fara þá leið að sýna þá stjórnarandstöðu sem hefur verið og við þekkjum allt of oft í gegnum tíðina, stjórnarandstöðu sem týndi sér í að segja nei, nei og aftur nei og vera á móti endalaust, oft án gildra raka. Það var sú stjórnarandstaða sem við þekktum þegar Steingrímur J. Sigfússon réði ríkjum og var oft og tíðum eftirtektarverð, oft og tíðum skondin á að hlusta en ég veit ekki hversu skilvirk hún var. Við stóðum annars vegar frammi fyrir því að segja einfaldlega nei og leggja ekkert til málanna í þessu stóra og mikla máli og hins vegar reyna að breyta málinu þannig að við værum að gæta íslenskra hagsmuna og við sjálfstæðismenn fórum í þann leiðangur. Sumir hafa deilt á okkur af því að við fórum í þann leiðangur að breyta málinu en við ákváðum að gera það. En ég, eins og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins hér inni, spáði því að ellegar mundu verða gerðar einhverjar málamyndabreytingar á þessum ömurlega samningi sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á en vill ekki kannast við, og honum væntanlega þröngvað í gegnum þingið með hugsanlega eins atkvæðismeirihluta. Þannig blasti veruleikinn við og þess vegna ákváðum við sjálfstæðismenn að fara í þann leiðangur að breyta samningnum. Og það má með réttu segja að náðist hafi ákveðin samstaða, það var ákveðin andspyrnuhreyfing innan Vinstri grænna sem fór í þennan leiðangur með okkur, stóð vaktina með okkur, og ég tel að við höfum í rauninni gerbreytt málinu öllu þannig að við stöndum frammi fyrir því að Hollendingar og Bretar verða að taka á móti gerbreyttum samningi. Sumir hafa talað um gagntilboð eða í rauninni nýjan samning. Hvað gerist þá? Hvað gerist í framhaldinu þegar og ef þingið fer þá leið að samþykkja alla fyrirvarana og koma málinu í gegn?

Það gerist tvennt: Annars vegar munu Hollendingar og Bretar samþykkja þessa fyrirvara og ég vil undirstrika að þar hafa komið menn að málum eins og hv. þm. Pétur Blöndal, sem frá upphafi var algerlega andsnúinn Icesavesamningnum öllum, alveg frá því sl. haust, einnig hagfræðingar og þingmenn eins og Tryggvi Þór Herbertsson. Ég ætla mér ekki að setja mig í hagfræðisporin hér, þeir full-

vissa bæði mig og þingheim um að þessir fyrirvarar eru mikilsverðir fyrir íslenska þjóð og íslenska hagsmuni og þess vegna sé rétt að styðja þá fyrirvara sem lagðir eru fram og settir fram af meiri hluta fjárlaganefndar.

Það er mikilvægt að halda því til haga að við erum búin að gerbreyta þessu máli. Ef Hollendingar og Bretar samþykkja ekki þennan samning eða ríkisábyrgðina eins og hún mun koma frá þinginu er ljóst að það þarf að semja upp á nýtt. Þeir tveir kostir sem við stöndum frammi fyrir eru mun betri kostir en ríkisstjórnin lagði upp með í upphafi þessa sumars þar sem ekki mátti tala um að breyta samningnum því að ríkisstjórnin tók málið í sínar hendur. Þegar menn eru í ríkisstjórn þurfa þeir að sýna ábyrgð, ekki ábyrgðarleysi, á eigin athöfnum og eigin verkum. Það er eins og ríkisstjórnin vilji ekki kannast við að hafa skipt um samninganefnd. Það er óskapleg viðkvæmni fyrir þessum punkti. Það er eins og ríkisstjórnin vilji ekki kannast við að hafa lagt fyrir þingið samning sem naut ekki stuðning ríkisstjórnarinnar sjálfrar og það er umhugsunarefni að fjármálaráðherrann skuli hafa skrifað undir samning í byrjun júní vitandi það að hann hefði ekki stuðning allrar ríkisstjórnarinnar og líklega alls þingsins. En það mun koma í hlut seinni tíma söguskýringa af hverju það var gert og hvort hann hafi í rauninni haft heimild til þess vitandi það að hann hafði ekki þingmeirihluta á bak við ríkisábyrgðina. En gott og vel. Málið er gerbreytt. Það skiptir miklu máli og ég tel stöðu Íslands mun betri eftir að þingið var búið að fara höndum um þennan óskapnað ríkisstjórnarinnar.

Það er hægt að tala um marga og segja að margir hafi lagt hönd á plóg. Stjórnarandstaðan hefur gert það, allir hafa reynt að koma að þessum breytingum þótt menn hafi síðan mismunandi viðhorf til fyrirvaranna sem slíkra. Andspyrnuhreyfingin innan Vinstri grænna hefur staðið sína plikt en ekki síður þau frjálsu félagasamtök sem hafa á málefnalegan hátt, ég undirstrika — á málefnalegan hátt komið fram með röksemdir sínar og þingmenn og þingið hafa hlustað. Indefence-hópurinn kom með mjög mikilsverðar athugasemdir á milli 2. og 3. umr. og ég sagði það við 2. umr. að ég gæti ekki samþykkt fyrirvara nema það væri víst að þeir munu halda og ég tel víst að svo sé og ég hlusta á vísra manna ráð hvað það varðar. Indefence-hópurinn telur það, lögfræðingar sem komið hafa að málinu telja að svo verði, enda verða Hollendingar og Bretar að samþykkja þá, ellegar taka þeir ekki gildi, ellegar verður að semja upp á nýtt og það er heldur ekkert verra.

Þá hafa menn komið að málum eins Stefán Már Stefánsson prófessor og Lárus Blöndal og komið með mjög mikilsverðar ábendingar sem á hefur verið hlustað, og ekki síður Ragnar H. Hall. Hægt væri að telja áfram þá einstaklinga og þau samtök sem segja að málið sé allt mun betra og íslenskra hagsmuna betur gætt.

Rætt hefur verið um að ýmislegt sé að breytast í þinginu. Ég vona það en ég er ansi hrædd um að svo sé ekki því að ríkisstjórnin sýndi mikla óbilgirni í þessu máli, hún ætlaði ekki að leyfa þinginu að sjá það og þetta er ekki fyrsta málið sem sýnir okkur ríkisstjórnin vill ekki ná samstöðu meðal þings og þjóðar í stórum málum. Hægt er að nefna þetta mál, hægt er að nefna ESB-málið, hægt er að nefna fiskveiðistjórnina. Það á ekki að nást sátt í neinum merkilegum og mikilvægum málum. Það er hægt að nefna stjórnarskrárbreytingar o.s.frv. Ég ber því miður enn þann ugg í brjósti að þetta sé „einsskiptismál“ af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans, að stórmál verði unnið með sama hætti og þetta mál hefur verið unnið. Eftir sumarið fer ríkisstjórnin enn og aftur með dagskrárvald þingsins. Við höfum til að mynda ekki fengið að ræða önnur mál. Við fengum ekki að ræða tillögur varðandi efnahagsmálin þrátt fyrir að hæstv. utanríkisráðherra hafi tekið mjög vel tillögum okkar sjálfstæðismanna strax í byrjun sumars, þær skipta máli varðandi uppbyggingu heimilanna. Ríkisstjórnin skilur eftir heimilin, fyrirtækin, atvinnuuppbyggingu í orkugeiranum, í atvinnumálum almennt, í bankamálum o.s.frv. í óvissu eftir sumarið. Atvinnustig hefur ekki hækkað heldur hefur það frekar aukist heldur en hitt, vextir hafa ekki lækkað, eins og menn hafa verið með væntingar um o.s.frv. Ríkisstjórnin hefur í rauninni ekki skilið neitt eftir hjá þjóðinni eftir sumarið nema óvissu. Þingið hefur hins vegar skorið hana að vissu leyti úr snörunni varðandi þetta mikilvæga mál. Ég tel að í ljósi alls skipti miklu máli að við höfum náð fram mikilvægum fyrirvörum. Það er greinilegt að menn hafa kunnað að meta það.

Ég nefndi Ragnar Hall fyrr í ræðu minni. Það er hægt að nefna fleiri sem hafa sagt að það skipti máli að við gerbreytum málunum. Staða okkar er betri. Verkstjórn ríkisstjórnarinnar var þannig að hún lá kylliflöt fyrir framan Hollendinga og Breta. Við Íslendingar erum þó komin með vopn í okkar hendur og það er fyrir tilstuðlan þingsins en ekki ríkisstjórnarinnar. Íslenskra hagsmuna er betur gætt en áður og það er vegna þess að við þingmenn allir lögðum okkur fram um það þrátt fyrir getuleysi, ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar í þessu verkferli öllu. Það er þingið sem hefur staðið sína plikt og sína vakt, ríkisstjórnin hefur ekki gert það.

[17:07]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Margt af því sem hv. þingmaður sagði í ræðu sinni var rétt, sumu er ég ekki alveg algerlega sammála. Mér finnst t.d. að hv. þingmaður hafi gert fullmikið úr hlut þess sem hann kallar andspyrnuhreyfingu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og of lítið úr sínu eigin framlagi. Ég er þeirrar skoðunar að það sé alveg rétt sem hv. þingmaður sagði, að ríkisstjórnin hafði ekki meiri hluta fyrir málinu eins og það var lagt fram og ég tel að stjórnarandstaðan eða sá hluti hennar sem stendur að þessum breytingartillögum hafi sýnt mikla ábyrgð og komið með mjög málefnalegum hætti að þessu máli. Ég tel að sú samstaða sem náðst hefur í þinginu geri það að verkum að staða Íslendinga í þessu máli er fyrir vikið töluvert miklu sterkari en hún hefði getað verið.

Ég tel raunar líka að það skipti máli þeir flokkar sem eru hér og styðja þetta ekki. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að Framsóknarflokkurinn hafi líka með sínum hætti lagt þungt lóð á vogarskálina. Ég tel að hlustað hafi verið á ýmislegt sem Framsóknarflokkurinn hefur sett fram í þinginu alveg eins og þingið komst sameiginlega að ákveðinni niðurstöðu eftir að hafa hlýtt bæði á það sem hv. þingmaður kallar and-

spyrnuhreyfingu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en sömuleiðis þau ágætu ráð sem komu úr ranni hv. þingmanns.

Ég hef sömuleiðis sagt það áður að ég tel að það skipti máli að félagasamtök eins og Indefence hafa beitt sér í þessu máli og á síðustu dögum, fyrir utan það sem er að gerast hér, hugsa ég að ekkert hafi skipt jafnmiklu máli og útifundurinn sem Indefence-hópurinn stóð fyrir á sínum tíma fyrir utan Alþingishúsið vegna þess að það sýnir þeim sem við eigum í höggi við að það er mikil ólga meðal íslensku þjóðarinnar út af þessu máli. Þetta er vont mál, það hefur enginn dregið dul á það. Ég vil bara segja það hér til að hafa sagt það, (Gripið fram í.) ég tel að stjórnarandstaðan hafi sýnt ábyrgð og málefnalega festu í málflutningi sínum þótt ég sé ekki sammála öllu.

[17:09]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég er alveg sammála því að stjórnarandstaðan hafi sýnt málefnalega andstöðu. Þetta mál er líka allt of stórt til að við förum í þessi flokkspólitísku hjólför, eins og sumir hafa kallað þau. Til þess er ábyrgð okkar þingmanna allt of mikil að við getum verið í slíkum tiktúrum. Fyrst vil ég þakka sérstaklega fyrir að hæstv. ráðherra skuli vera í andsvörum því að aðrir þingmenn og ráðherrar, fyrir utan framsögumann og formann fjárlaganefndar frá Samfylkingunni, Guðbjart Hannesson, hafa ekki sýnt sig hér í dag og það er eins og ríkisstjórnin öll, alla vega af hálfu Samfylkingarinnar, hafi einhvern huliðshjálm yfir sér núna, en gott og vel. Við skulum ekki að fást um það.

Mér finnst hæstv. ráðherra gera lítið úr hæstv. ráðherra Ögmundi Jónassyni og félögum hans í Vinstri grænum sem voru að móast við, sögðu að þetta gengi ekki lengur, það yrði að fara í þennan samning og reyna að breyta honum. En það er líka alveg hárrétt sem hæstv. ráðherra segir, þau gátu ekki farið í þann leiðangur að reyna að gæta enn frekar íslenskra hagsmuna nema vegna þess að við sjálfstæðismenn lögðum okkar lóð á vogarskálina til að breyta þessum ömurlega samningi sem í upphafi átti ekki að sýna þingheimi. Ég vil því taka undir það, ef ég hef gleymt því í ræðu minni, og þakka sérstaklega okkar fólki, sjálfstæðismönnum í fjárlaganefnd, fyrir að hafa staðið vaktina, vaktina sem ríkisstjórnin stóð ekki í þessu máli.

[17:11]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmanni má þakka hverjum sem hún vill. Ef hún vill þakka sínu eigin fólki þá má hún gera það, ég gerði það líka áðan.

Ástæðan fyrir því að ég kem upp í andsvar við hana og kem þessum viðhorfum á framfæri er sú að ég átti þess ekki kost sökum annarra starfa í dag að koma hér og tjá sömu viðhorf eins og ég hafði hugsað mér að gera gagnvart formanni Sjálfstæðisflokksins. Hún er varaformaður Sjálfstæðisflokksins og þess vegna vil ég koma þessu á framfæri við hana. Ég tel að það séu margir samverkandi þættir sem hafa gert það að verkum að mjög erfið og þröng staða er hugsanlega svolítið betri núna í lok sumars. Við áttum í erfiðri deilu við Hollendinga og Breta og á þeim tíma var ekki hægt að koma með betri niðurstöðu en menn gerðu.

Hv. þingmaður hefur sagt að menn vilji skjóta sér undan ábyrgð á því. Ég geri það ekki. Ég ber mína ábyrgð á því og stend fyllilega undir henni en í þeirri stöðu sem málið var komið í tel ég að þingið hafi brugðist við af mikilli ábyrgð og festu. Auðvitað hafa komið skiptar skoðanir fram og það eru ekki allir sammála þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir. Það hefur t.d. komið fram að einn flokkur, Framsóknarflokkurinn, stendur ekki að henni en ég tel samt sem áður að málflutningur Framsóknarflokksins hafi líka skipt máli í þeirri niðurstöðu sem hér er að lokum. (**ÞKG:** ... öllu máli.) Það skiptir öllu máli í stjórnmálum að hafa skapandi hugsun og hafa tilfinningu fyrir tímasetningum. Það er einmitt framvindan eins og hún ræðst af afstöðu manna, málflutningi þeirra, framvindu tímans og þroska hvers máls sem ræður niðurstöðu.

Ég vil bara segja að ég tel sem sagt og tek undir það sem hv. þingmaður sagði — við erum alla vega sammála um það, við höfum ekki verið það síðustu 17 árin þannig lagað — að þingið eigi með miklu öflugri hætti að koma að málum. Ég er sem sagt, svo ég segi það enn einu sinni, þeirrar skoðunar að það ráðherraræði sem hér hefur verið síðustu árin, svo ég segi það alveg hreint og opið, ekki síst undir stjórn Sjálfstæðisflokksins, er kannski ekki á enda komið. (Forseti hringir.) En ég er þeirrar skoðunar að það eigi að komast á enda, (Forseti hringir.) ég er þeirrar skoðunar að þingið eigi að vera virkara og öflugra (Forseti hringir.) og ég tel að þingið hafi miklu ráðið um niðurstöðu ESB-málsins, ég tel það.

[17:13]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir (S) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er ósköp mikil huggulegheit og allir eru vinir og allt það. Ég skil þennan tón hjá hæstv. utanríkisráðherra og ég vil að mörgu leyti taka undir hann. (Gripið fram í.) Ég tek líka undir það að ráðherraræðið mætti minnka. Maður hefði haldið að það mundi gera það þegar allir þessir ráðherrar eru í ríkisstjórn sem hafa sérstaklega talað um að það ætti að gera. (Gripið fram í.) En ég spyr: Af hverju beitti hæstv. utanríkisráðherra sér ekki fyrir þverpólitískri samstöðu varðandi breytingar á stjórnarskránni? Þverpólitískri samstöðu varðandi t.d. að ná enn frekari sátt í umræðu um fiskveiðistjórnarkerfið eða varðandi ESB? Það er ekki þannig. Við vitum það alveg að menn voru teknir inn í hin ýmsu herbergi, Vinstri grænir og Samfylkingin, til að reyna að möndla því máli öllu í gegnum þingið. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til að fylgja eftir þeim orðum sem hann talaði úr ræðustól áðan og hvetja til þess að náð verði meiri samstöðu um þessi stóru og mikilvægu mál því að næg eru verkefnin fram undan.

Ég vil ítreka að nú er heilt sumar liðið í tvö mál — tvö stór mál. Það dregur enginn úr því. En á móti kemur að það voru önnur stór mál sem hafa beðið og þau bíða enn. Við sjáum ekki neina vonarglætu hjá ríkisstjórninni, það kemur ekkert frá ríkisstjórninni sem varðar stöðu heimilanna, stöðu fyrirtækjanna. Þar verðum við að fá umræðu og þar verðum við að fá svör frá ríkisstjórninni. Enn er alltaf þetta sama svarleysi, frú forseti.

[17:15]

Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Hæstv. utanríkisráðherra, sem hér er staddur einn ráðherra, nefndi það í andsvari sínu að ríkisstjórnin hefði ekki haft meiri hluta fyrir þessu máli. Það sem hann sagði hins vegar ekki var að ef ríkisstjórnin hefði talið sig hafa meiri hluta í þessu máli á fyrri stigum þess hefði það verið keyrt í gegn án þeirra breytinga sem náðust fram einmitt vegna þess að ríkisstjórnin hafði ekki meiri hluta, þannig að það er mikilvægt að halda því til haga. Ríkisstjórnin gekk með öðrum orðum ekki til þessa verks vegna lýðræðisástar eða vilja til þess að auka og efla samstöðu innan þingsins heldur einfaldlega vegna þess að hún var nauðbeygð til þess að samþykkja kröfur sem komu fram á vettvangi fjárlaganefndar frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar og frá fulltrúum þess sem við getum kallað óróleguu deildina í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þetta er mikilvægt að hafa í huga nú þegar stjórnarliðar margir hverjir, eins og ráða mátti af ræðu hæstv. utanríkisráðherra, halda því fram að hér hafi allt verið í sátt og samlyndi og málið afgreitt í fullkomnu samkomulagi.

Auðvitað var það þannig, eins og við vitum öll sem hér erum inni, að ríkisstjórnin var nauðbeygð til þess að fallast á þessa fyrirvara vegna þess að hún hafði ekki meiri hluta fyrir málinu fyrirvaralausu eins og hún lagði það fram. Hún lagði málið þannig fram, fyrirvaralaust. Frumvarpið sem hæstv. fjármálaráðherra lagði fram í byrjun júlí gerði ekki ráð fyrir neinum skilyrðum eða neinum fyrirvörum vegna þeirrar ríkisábyrgðar sem við erum hér að fjalla um, ekki neinum. Eins og ég sagði í andsvari fyrr í dag stendur ekkert eftir af frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra nema fyrirsögnin, ekki neitt, (**VigH:** Rétt.) ekki nokkur skapaður hlutur. Það er ekki vegna þess að ríkisstjórnin hafi haft einhvern sérstakan sáttavilja, hún fór ekki með málið lengra í því formi sem hún vildi vegna þess að hún hafði ekki meiri hluta til þess.

Við minnumst þess á fyrri stigum málsins, allan júlímánuð og langt fram eftir ágústmánuði þegar sífellt var verið að reyna að beita þingið hótunum um það að hitt og þetta héngi á Icesave-samkomulaginu og það yrði að afgreiða Icesave-málið fyrir þessar eða hinar dagsetningar vegna einhverra tiltekinna hagsmuna. Það var stöðugt verið að hóta því. Hótað var stjórnarslitum og ég veit ekki hvað og hvað, þannig gekk þetta fyrir sig.

Þegar ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir því, bæði í meðförum fjárlaganefndar milli 1. og 2. umr. og síðan milli 2. og 3. umr., að hún hefði ekki meiri hluta, hvorki í fjárlaganefnd né í þinginu til þess að klára málið í því formi sem hún ætlaði sér, gekk hún nauðbeygð til samkomulags. Það var auðvitað jákvætt að það gerðist, en það er ástæðulaust að þakka ríkisstjórninni eitthvað sérstaklega fyrir það.

Það eru nokkur atriði sem ég þarf að koma inn á hér í stuttri ræðu. Ég ætla ekki að fara í útfærsluatriði þeirra breytingartillagna sem hér hafa verið lagðar fram eða tæknileg atriði málsins, það hefur verið gert vel af hálfu talsmanna Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd. Þeir hafa farið mjög ítarlega yfir það, m.a. um þær viðamiklu, efnislegu breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu, þessi tíu atriði sem tilgreind eru í nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar sýna það ljóslega að málinu hefur verið breytt í grundvallaratriðum. Ég ætla hins vegar að staldra örlítið við þá spurningu sem nokkuð hefur verið til umræðu í dag hvort þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpi fjármálaráðherra séu í samræmi við samningana sem gerðir voru 5. júní.

Það er augljóst að svo er ekki. Það er augljóst samningarnir frá 5. júní gera ráð fyrir skilyrðislausri ríkisábyrgð. Það segir berum orðum í samningunum frá 5. júní að gert er ráð fyrir að ríkissjóður veiti tryggingarsjóði óafturkallanlega og skilyrðislausa ábyrgð, það er alveg skýrt. Samningarnir við Hollendinga og Breta frá 5. júní gera ráð fyrir skilyrðislausri ríkisábyrgð. Það sem Alþingi segir hér er: Ríkisábyrgðin er háð mjög miklum fyrirvörum sem varða efnahagslega þætti, sem varða lagalega óvissu og fleira þess háttar og það í sjálfu sér kallar á að hæstv. ríkisstjórn taki upp viðræður við Hollendinga og Breta að nýju. Þannig er það auðvitað nýtt samningstilboð af hálfu Íslendinga vegna þess að Alþingi leggur í hendur ríkisstjórnarinnar lagasetningu sem beinlínis kallar á að ríkisstjórnin fari til Hollendinga og Breta og breyti þeim samningum sem gerðir voru 5. júní. Það er augljóst og þarf ekki að vísa lengi í samningana sjálfa annars vegar og hins vegar í þær breytingar sem gerðar hafa verið til þess að sjá þetta.

Samningarnir gera ráð fyrir því að Alþingi samþykki að íslenska ríkið taki á sig ábyrgð í samræmi við ákvæði samningsins, þetta segir í b-lið 3. gr. samningsins. Það segir að samningarnir taki ekki gildi fyrr en Alþingi hefur samþykkt að íslenska ríkið taki á sig ábyrgð samkvæmt þessum samningi. Hver er sú ábyrgð samkvæmt þessum samningi? Um það er fjallað 6. gr., gr. 6.2. Þar segir:

„Íslenska ríkið: (a) ábyrgist óafturkallanlega og skilyrðislaust gagnvart lánveitanda að Tryggingarsjóður innstæðueigenda muni standa á tilhlýðilegan hátt og á réttum tíma við allar skuldbindingar sínar samkvæmt þeim fjármálaskjölum sem hann er aðili að ...“

Það er alveg augljóst að með því að setja þessa fyrirvara vegna ríkisábyrgðarinnar er verið að fara inn í samninginn, það er verið að breyta grundvallaratriði í honum og það kallar á viðbrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar sem þarf að setjast að nýju niður með Hollendingum og Bretum og leita í raun og veru nýrra samninga. Það var í mínum huga alveg ljóst eftir þær breytingar sem gerðar voru eftir 2. umr., en með þeim breytingum eða breytingartillögum sem gerðar hafa verið af hálfu fjárlaganefndar milli 2. og 3. umr. er þetta sagt berum orðum. Það er sagt berum orðum að ríkisábyrgðin taki ekki gildi fyrr en Bretar og Hollendingar hafi samþykkt alla þá fyrirvara sem Alþingi setur vegna ríkisábyrgðarinnar.

Þetta gerbreytir auðvitað málinu, það er öllum ljóst. Þetta gerbreytir samningnum og það eru tóm látalæti og fyrirsláttur ef menn halda því fram að svo sé ekki. Við skulum rifja það upp að samningarnir, lánasamningarnir og samningarnir við Hollendinga og Breta taka ekki gildi fyrr en Alþingi hefur samþykkt að íslenska ríkið taki á sig ábyrgð og að samningurinn gerir ráð fyrir óafturkallanlegri og skilyrðislausri ábyrgð gagnvart lánveitendum, þ.e. Bretum og Hollendingum. Það er alveg ljóst þannig að verði þetta frumvarp samþykkt og afgreitt með þeim hætti sem

gera má ráð fyrir eftir niðurstöðu meiri hluta fjárlaganefndar er boltinn hjá ríkisstjórninni. Þess vegna er í rauninni alveg furðulegt að ráðherrar ríkisstjórnarinnar, ekki síst þeir ráðherrar sem mesta ábyrgð bera á málinu, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, skuli ekki taka þátt í umræðum hér í dag, að þeir skuli ekki kveðja sér hljóðs og útskýra hvernig þeir ætli að fylgja eftir samþykkt Alþingis ef frumvarpið verður að lögum með þessum breytingum.

Ég kalla eftir því og spyr hæstv. forseta hvort það sé von á hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra til þessarar umræðu. Ég vænti því að hæstv. forseti svari því á eftir. Það er alla vega fáheyrt að í jafnmikilvægu máli skuli þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á framkvæmdinni þegar Alþingi hefur lokið afgreiðslu sinni skuli ekki einu sinni taka þátt í þessari umræðu, skuli ekki láta sjá sig. Hæstv. fjármálaráðherra var hér reyndar fyrr í dag, bara svo því sé haldið til haga, en hefur ekki haldið ræðu við þessa umræðu heldur skotið sér inn í andsvar einu sinni, ef ég man rétt. Og þrátt fyrir að hæstv. utanríkisráðherra hafi mælt hlý orð í garð sjálfstæðismanna í fjárlaganefnd og stjórnarandstöðunnar var ekki mikið á andsvari hans að græða efnislega.

Ég tel að það sé í rauninni algerlega ófært að þessari umræðu ljúki án þess að þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á málinu, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, láti sjá sig. Það verður veigamikið hlutverk sem þeim verður falið að leiða þetta mál til lykta gagnvart viðsemjendum okkar, gagnvart þessum þjóðum í framhaldi af þessu máli ef frumvarpið verður samþykkt, eins og líkur má leiða að. En það er ófært að þeir taki ekki þátt í þessari umræðu og fjarvera stjórnarliða frá þessari umræðu, þátttökuleysi þeirra í þessari umræðu, vekur auðvitað spurningar um það hvað fyrir þeim vakir. Eru þeir að reyna að þegja sig í gegnum þessa umræðu, vonast þeir til þess að með því að taka ekki þátt í umræðunni verði þetta með einhverjum hætti sársaukaminna fyrir þá? Eru þeir að reyna að koma í veg fyrir að málið fái fjölmiðlaumfjöllun eða hvað gengur þeim til?

Það eru allir sammála um að þetta er gríðarlega mikilvægt mál. Ég minnist þess að hæstv. ráðherrar, fjármála- og forsætisráðherrar, hafa lýst því yfir að um væri að ræða eitthvert mesta hagsmunamál þjóðarinnar á þessum tímapunkti að koma þessu máli í gegn, en þeir láta ekki sjá sig hér í þessari umræðu. Hæstv. fjármálaráðherra skýtur sér í andsvar einu sinni og sést svo ekki meir. Hvað gengur mönnum til? Ég átta mig ekki á þessu. Eru menn að reyna að þegja sig í gegnum þessa umræðu, eru menn að vonast til þess að þjóðin sé orðin svo þreytt á þessu máli að lokaafgreiðslan fái ekki mikla athygli? Ég veit það ekki. Eru þeir að reyna að breiða yfir að það er gríðarlegur ágreiningur um marga þætti þó að niðurstaða meiri hluta fjárlaganefndar leiði til þess að málið batnar til muna frá því sem áður lá fyrir? Það á eftir að koma í ljós en mér finnst þetta allt hið undarlegasta mál.

Áður en ég lýk máli mínu verð ég að segja að þrátt fyrir að ég standi við það sem ég hef sagt, að þær breytingartillögur sem afgreiddar hafa verið af hálfu fjárlaganefndar gera það að verkum að hagsmunir Íslands eru mun betur tryggðir en ella væri og málið hefur því batnað til muna, breytir það því ekki að eftir standa grundvallarspurningar um hvort Alþingi á að ábyrgjast þessar skuldir, hvort Alþingi á að samþykkja ríkisábyrgð vegna þeirra vondu samninga sem samþykktir voru af hálfu ríkisstjórnarinnar 5. júní.

[17:28]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessa ræðu, sem að mörgu leyti var málefnaleg en þó ekki að einu leyti. Mér þótti það nokkuð ósanngjarnt hjá hv. þingmanni að vera að kvarta undan því að ráðherrar væru ekki hér við umræðuna. Hér er utanríkisráðherra sem kemur líka að þessu máli. Þarna er hæstv. fjármálaráðherra.

Það er ekki hægt að halda því fram að þeir ráðherrar sem hv. þingmaður telur að beri mesta ábyrgð á málinu hafi ekki tekið þátt í umræðunni. Við erum núna stödd í 3. umr. Meginbreytingarnar á frumvarpinu voru samþykktar í lok 2. umr. Í þeirri umræðu tóku þátt bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra. Við þá umræðu komu fram skoðanir beggja þeirra ráðherra, og reyndar fleiri ráðherra, á þeim meginbreytingum sem gerðar voru við þá umræðu þannig að ég tel að þetta sé ekki sanngjarnt hjá hv. þingmanni.

Að því er víkur síðan að Samfylkingunni liggur það alveg ljóst fyrir að við styðjum þann málflutning sem kom fram hjá talsmanni Samfylkingarinnar í þessu máli, sem er hv. þm. Guðbjartur Hannesson, nú þegar það er komið í hendur þingsins. Sömuleiðis styðjum við þær breytingar sem fram hafa komið, það liggur alveg ljóst fyrir og ég þarf ekki að orðlengja neitt frekar um það. Það er töluverður munur á því ef ráðherrar koma ekki í umræðu um meginbreytingar eins og fóru fram við 2. umr., eða núna. Það liggur fyrir hvernig breyta á frumvarpinu, það var rætt að mestu leyti þá. Síðan hefur verið hert á ýmsum fyrirvörum. Ég tel ekki að það séu róttækar eðlisbreytingar á því sem núna liggur fyrir efnislega í formi tillagna miðað við 2. umr., þannig að að því leyti til þótti mér hv. þingmaður taka ómálefnalega til máls. Að öðru leyti var hans ræða hin prýðilegasta.

[17:30]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er ósammála hæstv. utanríkisráðherra sem hefur útnefnt sjálfan sig talsmann ríkisstjórnarinnar í 3. umr. um að ekki hafi orðið gríðarlegar breytingar milli 2. og 3. umr. Ég vísa þar til breytingartillagna, liðar 1.b þar sem segir:

„Það er skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá.“

Þetta er gríðarleg breyting, sérstaklega í ljósi þess að málflutningur ráðherra í ríkisstjórninni í 2. umr. og eftir 2. umr. gekk allur út á það að þær breytingar eða þeir fyrirvarar sem verið var að gera rúmuðust alveg innan samkomulagsins frá 5. júní. Því var ítrekað haldið fram að breytingarnar milli 1. og 2. umr. rúmuðust innan þess ramma. En hér er sagt berum orðum að kynna eigi fyrirvarana fyrir Bretum og Hollendingum og þeir fallist á þá. Annars sé

engin ríkisábyrgð í málinu. Það er gríðarlega mikil breyting og það sést að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa hvorki tjáð sig opinberlega né í þinginu um þetta atriði. Ég hef ekki heyrt þá gera það. En kannski getur hæstv. utanríkisráðherra upplýst okkur um það hvernig ríkisstjórnin ætlar að fylgja þessu eftir vegna þess að það gat hv. þm. Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, auðvitað ekki gert þegar málið var borið undir hann fyrr í þessari umræðu. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að fylgja þessu eftir? Segjum ef málið verður afgreitt og staðfest á morgun, hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í framhaldinu? Ætlar hún að fara til Breta og Hollendinga og segja: Hér eru fyrirvarar okkar. Ætlið þið að skrifa undir? Eða hefur ríkisstjórnin einhverjar aðrar hugmyndir um viðbrögð við þessu máli?

[17:32]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að framkvæmdarvaldið framkvæmir það sem löggjafinn fyrirskipaði, svo einfalt er það. Varðandi þá breytingu sem hv. þingmaður telur að sé meginbreyting frá því sem var við 2. umr. er ég honum ósammála og segi um það einungis eftirfarandi: Af sjálfu leiðir.

[17:33]

Birgir Ármannsson (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður að halda því til haga að það var ekki ljóst á fyrri stigum málsins að svo væri eða það leiddi af sjálfu sér vegna þess að því var ítrekað haldið fram á opinberum vettvangi af hálfu ríkisstjórnarinnar að þeir fyrirvarar sem verið væri að gera milli 1. og 2. umr. rúmuðust innan samningsins. Hér er einfaldlega verið að tala um að samþykkja þurfi breytingu eða viðauka við samninginn.

Eins og ég rakti í ræðu minni áðan er alveg augljóst að samningarnir frá 5. júní gera ráð fyrir skilyrðislausri ríkisábyrgð en við í þinginu höfum hlaðið fyrirvörum og skilyrðum á þessa ríkisábyrgð. Meiri hluti fjárlaganefndar segir núna að það sé engin ríkisábyrgð nema Bretar og Hollendinga skrifi upp á alla þessa fyrirvara. Það er gerbreyting í mínum huga. Það er gerbreyting vegna þess að það er sett fram með skýrum og skilmerkilegum hætti að það þarf að tala aftur við Breta og Hollendinga, það þarf að fá samþykki þeirra fyrir þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram, annars er engin ríkisábyrgð, þá leiðir af sjálfu sér að það eru engir samningar.

[17:34]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Á nú tæpu ári hafa Íslendingar upplifað hvern ósigurinn á fætur öðrum. Eftir að hafa verið sú þjóð sem bjó við hvað bestu lífsskilyrði í heiminum hrundi í einu vetfangi allt fjármálakerfi landsins með gífurlega alvarlegum afleiðingum fyrir land og þjóð. Nú erum við að ljúka afgreiðslu þess máls sem hvað erfiðast hefur verið fyrir íslensku þjóðina að kyngja, ríkisábyrgð fyrir Icesave-skuldbindingarnar. Af því tilefni vil ég gjarnan þakka fjárlaganefnd fyrir alla vinnu nefndarmanna og þá sérstaklega hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni fyrir hans miklu vinnu í nefndinni en ekki hvað síst þakka ég formanni Framsóknarflokksins fyrir alla baráttu hans, þrautseigju og forustu í þessu máli.

Þetta er eitt stærsta mál Íslandssögunnar þar sem verið er að samþykkja að skuldbinda íslenskan almenning til að greiða gífurlegar skuldir óreiðumanna með eða án fyrirvara. Framsóknarmenn hafa barist gegn þessu máli af kappi frá upphafi. Fyrrum formaður Framsóknarflokksins, Guðni Ágústsson, var einn örfárra stjórnmálamanna sem mótmælti strax harðlega árás breskra stjórnvalda á fullveldi íslensku þjóðarinnar með beitingu hryðjuverkalaganna og frystingu eigna Landsbankans, íslenska ríkisins og fjölda annarra íslenskra fyrirtækja. Það tók einn til tvo sólarhringa að fá á hreint frá breskum yfirvöldum hvort frystingin næði aðeins yfir Landsbankann eða öll íslensk fyrirtæki með starfsemi í Bretlandi. Á meðan höfðu forustumenn íslenskra fyrirtækja ekki aðgang að eignum sínum. Skaðinn sem þessi árás olli verður væntanlega aldrei fyllilega metinn til fjár. Nánast samhliða kærðu Bretar okkur til ESA vegna mismununar á innstæðueigendum og héldu því fram að íslensk stjórnvöld ætluðu aðeins að ábyrgjast innistæður íslenskra ríkisborgara, þar á meðal innstæður í útibúum erlendis, og hvöttu til að ESB og ESA gripu til sambærilegra aðgerða og þeir. Þessi kæra hefur ekki verið dregin til baka þrátt fyrir að við séum búin að undirrita þennan samning, þrátt fyrir að hafa komið oft upp í samtölum milli breskra og íslenskra embættismanna, þrátt fyrir að Bretar hafi nú tekið Landsbankann af hryðjuverkalistanum og aflétt frystingunni og þrátt fyrir, eins og ég nefndi áðan, að hér gangast stjórnvöld nú við ýtrustu kröfum Breta og Hollendinga með samþykkt ríkisábyrgðarinnar. Hún hefur ekki enn þá verið dregin til baka. Mér þætti mjög áhugavert að heyra frá hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra hvað þeir hafa gert til að fá Breta til að draga þessa kæru til baka frá ESA.

Hvað gerðu íslensk stjórnvöld vegna þessara árása Breta á fullveldi og fjárhagslegt sjálfstæði landsins? Kærðu þau Breta til framkvæmdastjórnar ESB? Beittu þeir sér í NATO? Kölluðu þeir t.d. heim sendiherrann í Bretlandi? Fór forsætisráðherrann í heimsókn til breska forsætisráðherrans og talaði við hann eða tók hann bara upp símann og hringdi í hann? Nei, það þurfti Indefence-hópinn, hóp einstaklinga sem gersamlega blöskraði framferði Breta og aðgerðaleysi íslenskra stjórnvalda til að taka upp varnir fyrir íslensku þjóðina. Nei, það var ekki fyrr en bresk þingnefnd tók undir sjónarmið okkar að eitthvað heyrðist frá stjórnarliðum, og þó. Utanríkisráðherra refsaði svo sem Bretum grimmilega og neitaði að láta taka mynd af sér með Gordon Brown. Í kjölfarið klúðruðu íslensk stjórnvöld viljandi eða óviljandi öllum sínum vörnum í Icesave-málinu. Afleiðingin er þessi hörmulegi samningur sem við sitjum uppi með.

Afstaða okkar framsóknarmanna kristallast í eftirfarandi röksemdum:

Í fyrsta lagi leikur mikill vafi á hvort íslenska ríkinu beri yfir höfuð að greiða allar innstæður upp á rúmlega 20 þús. evrur. Samningurinn kemur í veg fyrir að úr þessari óvissu verði skorið. Að mínu mati breyta lagalegu fyrirvararnir engu þar um. Um þetta segir í breytingartillögu meiri hlutans, sem nú er búið að samþykkja, með leyfi forseta:

„Ekki hefur fengist leyst úr því álitaefni hvort aðildar-

ríki EES-samningsins beri ábyrgð gagnvart innstæðueigendum vegna lágmarkstryggingar, þar á meðal við kerfishrun á fjármálamarkaði. Allt að einu hefur Ísland gengið til samninga við Bretland og Holland þótt það hafi ekki fallið frá rétti sínum til að fá úr þessu álitaefni skorið. Fáist síðar úr því skorið, fyrir þar til bærum úrlausnaraðila, að slík ábyrgð hvíli ekki á Íslandi eða öðrum aðildarríkjum EES-samningsins skal ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum bundin þeim fyrirvara að fram fari viðræður milli Íslands og viðsemjenda þess um áhrif þeirrar niðurstöðu á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins.“

Sem sagt, ef það kemur einhvern tíma í ljós að við eigum ekki að borga og áttum aldrei að borga ætlum við að setjast niður og spjalla við þá sem eru að þvinga okkur til að borga. Framsóknarmenn hafa því lagt fram breytingartillögu til að reyna að bæta þessa handónýtu tillögu meiri hlutans sem segir að ef í ljós kemur að ríkisábyrgðin gildi ekki skuli tryggingarsjóðurinn aldrei greiða hærri upphæð en var í sjóðnum við upphaf bankahrunsins. Hvorki meira né minna.

Sami fyrirvari á einnig að gilda ef það skapast betri réttur á sviði Evrópulöggjafar. Það skýrist ef lagaleg skylda til að ábyrgjast innstæður minnkar eða á annan hátt liggur fyrir að ríkisábyrgð er ekki til staðar. Samningurinn og þær breytingartillögur sem meiri hluti þingsins hefur samþykkt kemur í veg fyrir að úr þessari óvissu verði skorið að frumkvæði ríkisins og kemur í veg fyrir að við njótum góðs af því að einhver annar reyni að fá úr því skorið. Ekki nóg með að fallist sé á greiðsluskylduna vegna gífurlegs pólitísks skilnings hjá vinaþjóðum okkar í ESB heldur felur samningurinn í sér að íslenskur almenningur greiðir langt umfram þá skyldu.

Þau mistök voru gerð að Bretar og Hollendingar stæðu jafnfætis íslenska tryggingarsjóðnum þegar til greiðslu úr þrotabúi Landsbankans kæmi. Bæði fremstu sérfræðingar landsins á þessu sviði sem og erlendir sérfræðingar hafa sett fram rökstutt álit um að það fyrirkomulag standist ekki. Við framsóknarmenn viljum því að það sé algerlega tryggt að tryggingarsjóðurinn láti á þetta reyna og teljum að breytingartillögur meiri hlutans tryggi það ekki þar sem enn á ný á að setjast niður og tala við lánveitendur. Því leggjum við til að ábyrgðin sé bundin því að stjórn sjóðsins láti á þetta reyna með málskotsrétti til héraðsdóms og Hæstaréttar og niðurstaðan gildi hvað varðar ríkisábyrgðina. Einnig leggjum við mikla áherslu á að ljóst sé að eftirstöðvar samningsins, ef þær verða einhverjar, falli niður árið 2024, en ekki að setjast niður og tala við lánveitendur líkt og meiri hlutinn leggur enn á ný til í breytingartillögum sínum.

Hins vegar verð ég að viðurkenna að þrátt fyrir að hafa eytt meiri hluta af mínum ræðutíma í að tala um þessa fyrirvara finnst mér nánast eins og ég sé í heimspekilegum vangaveltum. Það er nánast þannig að mér fallist hendur þegar ég skoða málið betur. Það er nefnilega svo mikil óvissa, eins og hefur komið fram í umræðunni, um hvort fyrirvarinn haldi þegar fram í sækir. Á því leikur alveg geysilega mikill vafi, enda réttur Breta og Hollendinga mjög sterkur í samningnum. Á þetta var bent í 2. umr. og er ljóst að meiri hlutinn hefur viðurkennt að mikil óvissa sé um hvort fyrirvarinn haldi jafnvel þótt Alþingi Íslendinga, æðsta stofnun íslenska lýðveldisins, sé búið að samþykkja þá. Því leggur meiri hlutinn til að inn í lögin komi nýtt ákvæði svo svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það er skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá. Enn fremur að lánveitendur samkvæmt þeim lánasamningum sem greinir í 1. mgr. viðurkenni að skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta séu háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum.“

Ástæðan fyrir þessu er einfaldlega að of mikill vafi leikur á hvort við getum á einhvern hátt verndað okkur gegn áhrifum samningsins hvað sem líður öllum fyrirvörum. Hér hefur einnig komið fram í umræðunni að þó að þeir fyrirvarar sem þegar er búið að setja hér fram dekka alls ekki þá óvissu og áhættu sem fylgja þessum samningum. Einn helsti sérfræðingurinn í skuldaskilum þjóðríkja, sem hefur samið fyrir mjög mörg lönd sem hafa lent í greiðsluerfiðleikum, benti okkur á það. Hann benti fjárlaganefnd á að það væri mjög erfitt, ef ekki nánast ómögulegt, að setja fyrirvara við samning sem væri að hans mati sé versti sem hann hefði nokkurn tíma séð. Einhliða skilyrði eru ekki gild þegar um er að ræða tvíhliða samning sem fellur auk þess undir breska lögsögu þegar kemur að túlkun.

Ef spá Seðlabankans um hagvöxt gengur ekki eftir og við greiðum minna en margir telja miklar líkur á eru Íslendingar þannig samkvæmt samningnum búnir að skapa sér skaðabótaskyldu gagnvart Bretum og Hollendingum vegna vanefnda. Taka þessir fyrirvarar á því? Er það alveg skýrt? Erum búin að setja fyrirvara við vanefndum? Ég tel að svarið við því sé nei. Vegna þessarar miklu óvissu og efasemda sem komið hafa upp um málið allt tel ég einfaldlega hreinlegast og heiðarlegast að semja upp á nýtt, að setja samninginn til hliðar og kalla Breta og Hollendinga aftur að samningaborðinu. Að lágmarki þarf að fá fram sjónarmið þeirra gagnvart fyrirvörunum þannig að ljóst sé að sami skilningur sé til staðar hjá öllum aðilum málsins. Það er að vísu gert með þeim fyrirvörum sem koma fram í breytingartillögum meiri hlutans en það er gert eftir að þingið er búið að samþykkja ríkisábyrgðina.

Við gengum til samninga með hin svokölluðu Brusselviðmið að leiðarljósi og þar segir að tillit ætti að taka til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í. Þessir einhliða samningar þar sem hagsmunir Íslendinga eru að engu hafðir uppfylla einfaldlega ekki þau skilyrði. Því verðum við að hafna honum og semja upp á nýtt.

[17:45]

Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég tala á ný í þessu mesta hagsmunamáli sem komið hefur upp og fyrir Alþingi. Hér er um fordæmalausa ríkisvæðingu á einkaskuld að ræða og er í raun og veru alveg hreint með ólíkindum að við, löggjafarvaldið, skulum standa í þeim sporum að þurfa að uppfylla þá skyldu að tala fyrir því og samþykkja að setja ríkisábyrgð á einkaskuldir einkaaðila.

Framsóknarflokkurinn hefur talað þannig og er sannfærður um að vísa beri samningnum til hliðar og semja upp

á nýtt. Úr því hvernig málið er komið — og þessi tillaga var felld í 2. umr. — munum við útskýra skoðanir okkar fyrst og fremst í atkvæðagreiðslunni á morgun.

Þetta alvarlega mál hefur verið haft mikið í flimtingum og er ég alveg undrandi á hæstv. utanríkisráðherra hvernig hann getur verið að grínast utan og innan þingsalar með það að það þurfi skapandi túlkun og skapandi hugsun til að sjá vilja Breta og Hollendinga og hvernig þeir líta á þennan samning. Hér er um háalvarlegt mál að ræða, hér er búið að stagbæta þennan vonlausa samning sem sjálfur hæstv. fjármálaráðherra lagði höfuð sitt verði fyrir og taldi að þetta væri þannig mál að það skipti einhverju máli að hann væri fjármálaráðherra. En nú hefur komið í ljós að ekkert er eftir af frumvarpinu sem lagt var fram nema fyrirsögnin eins og fram hefur komið því að samningurinn stendur, þessi hryllilegi samningur, þessi nauðasamningur sem meira að segja leiddi það af sér að friðhelgisréttindi Íslendinga voru fyrir borð borin. Það hefur aldrei annar eins samningur sést á byggðu bóli. Bretar komu vel undirbúnir og gerðu að sjálfsögðu ýtrustu kröfur. Íslenska samninganefndin hefði átt að hafa þá fyrirvara sem nú eru komnir við þennan samning í höndunum er hún gekk á fund Breta og Hollendinga, þá hefði henni kannski orðið eitthvað ágengt.

Nú erum við stödd í þeim sporum að það liggur fyrir samningur sem meiri hluti fjárlaganefndar er búinn að gera ótal fyrirvara við og það hefur enginn getað sagt mér eða svarað mér því hvort Bretar og Hollendingar taki þá gilda. Því erum við komin inn í 3. umr. Það á að vera atkvæðagreiðsla um þetta mikilvæga mál á morgun og það hefur enginn getað svarað því hvað Bretar og Hollendingar ætla að gera. Ég hef farið yfir það bæði í andsvörum og ræðum að grein 13.1.1. í breska samningnum og 12.1 í þeim hollenska leiði það af sér að ekki megi breyta samningunum eða bæta við þá þannig að hér er um fullkomna óvissu að ræða.

Eftir því sem ég les samningana betur finnst mér grein 6 í þeim, um ábyrgð og skaðleysi, alveg með ólíkindum og nú skil ég hvers vegna gert var svona lítið úr áliti tveggja lögmanna varðandi skuldajöfnun. Það kemur skýrt fram í samningunum sjálfum í grein 6.7 að íslenska ríkið skuldbatt sig til að gera upp alla Icesave-skuldbindingarnar áður en lánveitandi gæti gefið fyrirmæli um að við gætum nýtt rétt okkar til skaðabóta eða kröfuhafaskipta. Það er sama hvar borið er niður í þessum samningum. Það er allt sem vinnur á móti íslensku þjóðinni. Ég hef ekki fundið eitt einasta jákvætt atriði í þar.

Mig langar aðeins til að tæpa á því, því að ég var minnt á að ég skrifaði blaðagrein varðandi það að samkvæmt stjórnarskrá mætti ekki ríkisvæða einkaskuldir. Það er farið að styttast í þessu öllu saman en mig langar aðeins til að það komist inn í þingræðu að í 77. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram eftirfarandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“

Hér erum við komin að algeru grundvallaratriði. Hér er verið að veita ríkisábyrgð á löngu orðnum hlut og það er ekki heimilt samkvæmt stjórnarskrá. Það er allt annað þegar ríkið tekur þá ákvörðun að veita ríkisábyrgð eins og t.d. gerðist eftir 11. september þegar var veitt ríkisábyrgð á Flugleiðum á sínum tíma en hér gekk ríkið raunverulega á móti stjórnarskránni. Ég minni á að stjórnarskráin er til þess gerð að verja réttindi þegnanna sem búa í því landi og því ríki sem viðkomandi stjórnarskrá gildir um. Hér er verið að leggja á afturvirkan skatt og það atvik sem ræður þessari ríkisábyrgð átti sér stað í október sl. Það er bráðum ár síðan. Svona hefur þetta mál allt saman verið unnið. Framsóknarmenn hafa komist mjög sterkir á þrautseigju sinni í gegnum þetta mál. Við bentum á friðhelgisafsalið við fullveldisákvæðið, yfirráðin yfir náttúruauðlindunum, og ég verð að segja að ég undraðist mjög viðbrögð hæstv. fjármálaráðherra þegar þetta mál kom til 1. umr. Hann taldi það af og frá að um nokkurt afsal fyrir íslenska ríkið væri að ræða og má eiginlega segja að eftir á að hyggja virðist líta út fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hafi ekki verið búinn að lesa samninginn.

Nú er komið að tímamótum á Alþingi. Nú er þessu máli að ljúka. Það verður greitt um það atkvæði kl. 10 í fyrramálið. Við framsóknarmenn höfum reynt að standa í lappirnar í þessu máli og getum þakkað okkur margar þær breytingartillögur sem komið hafa hingað inn því að eins og oft hefur komið fram átti að þröngva þessum samningum í gegnum þingið án þess að nokkur fengi að sjá þá, sem er hreint með ólíkindum. Nú skulum við sjá þegar ESB-málinu er lokið, þegar Icesave-samningunum er lokið, hvers þessi slaka vinstri ríkisstjórn er megnug, við skulum sjá hvað hún fer að sýsla við þegar þessi mál eru í höfn, við skulum sjá hvað þessi ríkisstjórn ætlar að gera í jafnri skuldaniðurfellingu fyrir heimilin. Við skulum sjá hvort stjórnarliðar hafa þrek til að takast á við það vandamál sem hefur verið síðan í bankahruninu, að gera eitthvað fyrir íslensk heimili og fjölskyldur sem hafa beðið og beðið og alltaf versnar staðan og það er komið ár síðan bankahrunið varð. Við skulum sjá hvað ríkisstjórnin ætlar sér að gera. Ég bíð alla vega spennt eftir því.

[17:52]

Utanríkisráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég hlýddi með andakt á mál hv. þingmanns. Um leið og hún byrjaði að tala gerðist það reyndar að Norðmenn skoruðu 1:0 gegn Íslandi, en það er önnur saga.

Ég tók eftir því að hv. þingmaður mælti nokkur frýjunarorð til ríkisstjórnarinnar og sagði: Við skulum sjá hvað ríkisstjórnin gerir í hinum ýmsu málum sem hún tiltók þegar þetta mál er í höfn. Má ég álykta af þessum orðum hv. þingmanns að hún telji að þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir og hv. þingmaður sagði að Framsóknarflokkurinn ætti frumburðarrétt að, að nokkrum þeirra a.m.k., má ég álykta sem svo að hún telji að þessar breytingartillögur rúmist innan ramma samningsins?

[17:53]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þótt ég hafi tekið svo til orða að málið væri í höfn átti ég við að því væri að ljúka á Alþingi. Ef hæstv. utanríkisráðherra hefði látið svo lítið að eyða einhverjum tíma með okkur í þingsal á meðan á umræðum um

þetta mikilvæga mál stóð, hefði hann ekki þurft að bera fram þessa spurningu því að hann hefði þá vitað að ég tel að þessir fyrirvarar rúmast engan veginn innan samningsins, enda hef ég bent á að um leið og samningurinn yrði samþykktur fellur hann í breska lögsögu og þar með gætu Bretar litið svo á að fyrirvararnir væru einskis verðir. Þess vegna lít ég svo á að um nýjan samning sé að ræða. Þess vegna skil ég ekki þá þrjósku sem ríkisstjórnin hefur sýnt í þessu máli. Auðvitað á að víkja þessum samningi til hliðar og semja upp á nýtt því að raunverulega eru fyrirvararnir ekkert annað en nýtt samningstilboð, nýr samningur og það er raunverulega þá eingöngu í höndum Breta hvað þeir gera.

[17:54]

Útbýting:

Skilanefndir, 163. mál, svar viðskrh., þskj. 357.

[17:54]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við stöndum frammi fyrir þeim pólitíska veruleika að búið er að skrifa undir samning sem flestir eru sammála um að sé mjög hættulegur. Í honum eru miklar áhættur, bæði lagalegar og efnahagslegar og mér fannst, eftir að búið var að skrifa undir þennan samning og sérstaklega eftir að kom fram frumvarp um ríkisábyrgð, sem er annar hlutur, við hv. þingmenn yrðum að vinna með öllum ráðum að því að minnka þá áhættu sem fylgir þessum samningi. Það er hinn pólitíski veruleiki.

Ef ekkert hefði verið gert hefði samningurinn væntanlega flotið í gegn með einhverjum veikum breytingum sem hefðu skilið eftir þessa miklu áhættu fyrir íslensku þjóðina og það fannst mér ekki fært. Það voru fleiri þingmenn sem voru hræddir við þessa áhættu, þar á meðal voru nokkrir hugrakkir þingmenn Vinstri grænna. Og þeir ásamt með Framsókn, Sjálfstæðisflokki og Borgarahreyfingunni mynduðu nýjan meiri hluta á Alþingi, nýjan, viðkvæman og óvenjulegan meiri hluta sem tók ekki tillit til flokkapólitíkur. Það var ekki markmið að fella ríkisstjórnina, eingöngu að finna lausnir sem minnkuðu þessa áhættu og að koma í veg fyrir að hún dyndi yfir íslenska þjóð.

Það tókst en það var mjög erfitt, ég viðurkenni það, vegna þess að við vorum að berjast við fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Aftur og aftur um hvert einasta orð, um hverja setningu var barist. Hvers vegna skyldi það vera? Vegna þess að Bretar og Hollendingar þurfa að samþykkja aðildarbeiðni Íslands að Evrópusambandinu. Það er þannig. Þess vegna mátti ekki styggja þá of mikið, það mátti ekki breyta samningnum of mikið. Þannig kom upp þessi sérkennilega staða að meiri hluti Alþingis var að berjast við minni hluta ríkisstjórnarinnar. Sú barátta hafðist. Það tókst að ná inn lagalegum fyrirvörum sem eru mjög mikilvægir, sérstaklega sá sem er í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar um að Bretar og Hollendingar eigi að samþykkja ríkisábyrgðina.

Síðan náðust líka inn efnahagslegir fyrirvarar sem urðu ofan á þannig að ég tel að með þessum breytingum sé ríkisábyrgðin orðin þokkaleg, hún á ekki að koma í bakið á þjóðinni. Samkvæmt þessum fyrirvörum er litið á getu þjóðarinnar en ekki það sem henni er ætlað að greiða. Þess vegna skipta vextir og lélegar innheimtur á eignum Landsbankans minna máli en ella því að ef hagvöxtur væri mjög myndarlegur borguðum við alltaf 6% af hagvextinum og þá munar okkur lítið um það. En ef hagvöxtur er lítill borgum við líka 6% af mjög litlu og þá munar okkur heldur ekki eins mikið um það.

Menn hafa rætt um gjaldfellingu, gjaldfelling fyrir ríkisábyrgðina mundi verða galin af hendi Breta og Hollendinga því að þá er engin ríkisábyrgð, þá verður hún ekki greidd. Og gjaldfelling á tímanum sem ríkisábyrgðin stendur mundi þá skerðast með því hámarki sem er það árið þannig að það er líka galið af hendi bæði Breta og Hollendinga að gjaldfella yfirleitt. Og eftir tímann er ekkert lengur til að gjaldfella þannig að þá verður ekki greitt, ríkisábyrgðin er því takmörkuð.

Það skiptir ekki máli þó að lítið greiðist af eignum Landsbankans vegna þess að við greiðum eins og getan leyfir. Háir vextir og hátt gengi pundsins skipta heldur ekki máli. Síðan hefur komið í ljós að þetta gæti hugsanlega nýst við skuldaskil fátækra þjóða úti í heimi því að það sem gerist með svona fyrirkomulagi er að hagsmunir kröfuhafa og skuldara fara saman. Það eru hagsmunir Breta og Hollendinga með þessu fyrirkomulag að hagvöxtur verði mikill á Íslandi, þá fá þeir almennilega greitt. Ég tel að þær breytingar sem gerðar hafa verið séu mjög góðar og sá pólitíski meiri hluti sem náðist kom í veg fyrir að hér yrði samþykkt eitthvert frumvarp frá ríkisstjórninni sem hefði getað haft mjög slæmar afleiðingar. Ég mun því styðja breytingartillögurnar sem hér hafa verið lagðar fram heils hugar. Það er mín afstaða.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 18:00.

---

59. FUNDUR

föstudaginn 28. ágúst,
kl. 9 árdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, stjfrv., 136. mál, þskj. 346, frhnál. 348, 350 og 351, brtt. 349 og 352. — Frh. 3. umr.

2. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 172. mál, þskj. 356. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

3. Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna

innan Stjórnarráðsins, stjfrv., 89. mál, þskj. 323, brtt. 326. — Frh. 3. umr.

4. Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 160. mál, þskj. 281, nál. 341. — 2. umr.

5. Heimild ríkissjóðs Íslands til viðbótarlántöku á árinu 2009, frv., 133. mál, þskj. 186, nál. 355. — 2. umr.

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 136. mál (Icesave-samningar). — Þskj. 346, frhnál. 348, 350 og 351, brtt. 349 og 352.

[09:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Samkomulag er um lok þessarar umræðu. Einn ræðumaður frá hverjum þingflokki talar og hefur allt að 10 mínútur til umráða. Andsvör eru ekki leyfð.

[09:02]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ríkisábyrgðin vegna lána Breta og Hollendinga til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda vegna Icesave-reikninga Landsbankans er stærsta einstaka fjárhagslega skuldbindingin sem íslenska ríkið hefur tekið á sig. Icesave-deilan er eitt erfiðasta mál sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á við á síðari tímum, ekki síst vegna þess að skuldbindingin á rætur sínar í óábyrgri starfsemi einkarekinnar íslenskrar bankastofnunar á erlendri grund.

Í Icesave-málinu eru miklir hagsmunir í húfi fyrir Íslendinga. Það hefur lagst þungt á þing og þjóð og reynt á þolrifin í okkur öllum. Eins og vænta mátti hafa kostir samninganna við Breta og Hollendinga lítt verið ræddir og meira verið dvalið við meinta galla þeirra og oft verið málað í sterkum litum. Fjölmörg atriði hafa þó verið skýrð og rædd þannig að enginn ágreiningur er lengur um þau og vissulega veita lánasamningarnir Íslendingum ráðrúm til að ná kröftum sínum á ný áður en til endurgreiðslu kemur.

Það er afar mikilvægt að Icesave-samningarnir hafa verið lagðir fram sem opin bók fyrir þingmenn og almenning í landinu og ég fullyrði að aldrei áður hefur verið slíkt gagnsæi í alþjóðlegum samningum á vegum ríkisins. Icesave-málið hefur verið prófsteinn á opna og lýðræðislega umræðu í landinu og ég tel að við höfum þegar á heildina er litið staðist þá áraun.

Þeir fyrirvarar sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að bætt verði við frumvarp ríkisstjórnarinnar gera það að verkum líkt og ég benti á þegar í upphafi að við þurfum í kjölfarið að ræða við Breta og Hollendinga um framhald málsins. Ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu virða niðurstöðu Alþingis og gera allt sem í hennar valdi stendur til að ljúka málinu farsællega. Íslensk stjórnvöld munu freista þess að sannfæra Breta og Hollendinga um að skynsamlegt sé að þeir fallist á forsendur Alþingis fyrir ríkisábyrgðinni eins og þeir koma fram í lögunum. Þetta verður verkefni ríkisstjórnarinnar í kjölfar samþykktar laganna, samanber breytingartillögu við 1. gr. laganna þar sem segir nú, með leyfi forseta:

„Það er skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá.“

Ég er allvongóð um að þetta takist. Hvorki ég né aðrir ráðherrar höfum þó fullvissu í því efni enda höfum við ekki talið rétt að standa í formlegum viðræðum á meðan Alþingi hefur verið að fjalla um málið. Samskiptin undanfarið hafa því fyrst og fremst takmarkast við upplýsingamiðlun. Ég dreg þó enga dul á að við munum þurfa á öllum okkar sannfæringarkrafti að halda en þar búum við að hinni gríðarlega ítarlegu yfirferð sem málið hefur fengið í fjárlaganefnd og öðrum þingnefndum. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þingmönnum, starfsmönnum þingsins og Stjórnarráðsins og öllum þeim fjölmörgu sem koma að þessu máli fyrir þrotlaust starf á þessu sumri.

Eftir 10 vikna umfjöllun er nú komið að því að Alþingi afgreiði málið fyrir sitt leyti. Allt hefur sinn tíma og það er von mín að þegar upp er staðið eftir þessa löngu sumarsetu snúi alþingismenn bökum saman og tryggi málstað Íslands framgang sem einn maður. Sú breiða pólitíska samstaða sem náðst hefur á Alþingi um málið er okkur ákaflega dýrmæt og hún er það veganesti sem við reiðum okkur á í framhaldinu.

Virðulegi forseti. Frá mínum bæjardyrum eru fyrirvarar frumvarpsins þríþættir. Í fyrsta lagi eru ákveðnar forsendur fyrir veitingu ríkisábyrgðar þar sem orðaðir eru hlutir sem fullyrða má að hafi verið óskrifuð forsenda við samningagerðina og hafa að sumu leyti verið staðfestir af hálfu allra aðila eftir að henni lauk. Þessar forsendur lúta meðal annars að óskoruðu forræði yfir náttúruauðlindum og því að tilteknar nauðsynlegar eignir ríkisins verði út frá fullveldissjónarmiðum undanþegnar aðför. Þá er því einnig slegið föstu að lánasamningarnir verði túlkaðir í samræmi við Brussel-viðmiðin svokölluðu og að samningsaðilar verði við rökstuddri og málefnalegri beiðni Íslands um endurskoðun samninganna samkvæmt ákvæðum þeirra.

Í öðru lagi er um hin svokölluðu efnahagslegu viðmið að ræða þar sem sett er tiltekið þak á greiðslur á hverju ári vegna ríkisábyrgðarinnar er tekur mið af hagvexti. Það er lánveitendum í hag að við höfum bolmagn til að rísa undir skuldinni og því ætti þetta að vera vel ásættanlegt. Það ætti ekki að skipta þá sköpum þótt þetta kunni að leiða til þess að greiðslur verði lægri í byrjun en aukist svo þegar líður á seinni hluta lánstímans. Komi til þess að við náum ekki að greiða upp skuldina á 15 árum er lögð áhersla á að viðræður muni fara fram tímanlega milli aðila. Eins og fram kom í máli framsögumanna meiri hluta fjárlaganefndar og 1. minni hluta fjárlaganefndar í gær yrði það svo ákvörðun Alþingis eftir slíkar viðræður hvort ríkisábyrgðin verði framlengd. Með samþykkt þessarar breytingartillögu er Alþingi að lýsa því yfir að ríkisábyrgðin verði á þessu stigi ekki veitt lengur en til 15 ára. Allar líkur eru á að lánið verði að fullu uppgreitt á þeim tíma. Ef svo ólíklega fer að það takist ekki verður það verkefni Alþingis þegar þar að kemur að taka sérstaka ákvörðun um framlengingu ríkisábyrgðar vegna þess sem út af stendur. Á þeim tímapunkti mun liggja ljósar fyrir en nú hvort forsendur samninganna hafi haldið og ýmiss konar óvissu um lagalegar skuldbindingar Íslands verði eytt.

Í þriðja lagi er um hin svokölluðu lagalegu viðmið að ræða. Annars vegar er þar fjallað um hvort Ísland hafi yfir höfuð verið lagalega skylt að veita ríkisábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins og afleiðingar þess ef annað kemur í ljós. Aðrar Evrópuþjóðir féllust ekki á að það væri neinn lagalegur vafi á ferð en mætir lögfræðingar íslenskir hafa verið á öðru máli. Hins vegar lýtur fyrirvarinn að því eftir hvaða reglum verður úthlutað úr búi Landsbanka Íslands. Viðsemjendur okkar lögðu þunga áherslu á að gætt yrði jafnræðis milli tryggingarsjóðsins og sjóða Bretlands og Hollands. Okkar sérfræðingar á þeim tíma töldu þetta vera í góðu samræmi við íslenskan rétt. Síðar var það dregið í efa og því taldi fjárlaganefnd rétt að setja fyrirvara um þetta efni enda kunna að vera miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi.

Virðulegi forseti. Ég hef áður sagt og ítrekað að þessir fyrirvarar eru í stórum dráttum þess eðlis að hvert þjóðþing mundi telja sér fært að setja sambærileg öryggisákvæði til að leggja áherslu á að ekki megi skerða fullveldi þjóðar sinnar og tiltekna grundvallarhagsmuni eins og framtíðarefnahag þjóðarinnar. Þess vegna leyfi ég mér að vera vongóð um að Bretar og Hollendingar sýni málinu í þeim búningi sem það fer nú fulla sanngirni og skilning. Það er það sem við förum fram á við þessar þjóðir nú í kjölfar samþykktar þessara laga.

Það er alþekkt úr sögu evrópskrar samvinnu að þjóðþing eða dómstólar setji fyrirvara þegar verið er að afgreiða mikilvæga milliríkjasamninga. Eins og áður segir er verkefnið nú að sannfæra viðsemjendur okkar um að við séum ekki að hlaupast undan ábyrgð heldur þvert á móti að axla ábyrgð en með þeim hætti að við fáum örugglega undir henni risið.

Virðulegi forseti. Að endingu þetta. Fáum blandast lengur hugur um að lausn Icesave-málsins er forsenda fyrir því að Íslendingar komist áfram með áætlanir um endurreisn efnahagslífsins eftir banka- og gjaldeyrishrun. Hlutverk okkar stjórnmálamanna er að velja þá leið sem við teljum farsælasta fyrir íslenska þjóð jafnvel þótt allir kostir sem úr er að velja séu slæmir og þungbærir. Niðurstaða Alþingis er í sínum kjarna eins og að var stefnt af hálfu ríkisstjórnarinnar, Ísland mun standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar og Alþingi mun ábyrgjast Icesave-lánin að uppfylltum ákveðnum skilmálum.

„Að bera eitthvað þungt — það er að vera“, sagði skáldið. Við skulum snúa okkur að því að hleypa krafti í íslenskt efnahagslíf þannig að engar byrðar verði svo þungar að þær sligi okkur á næstu 15 árum.

[09:10]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Senn líður að atkvæðagreiðslu um frumvarp ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð vegna Icesave-lánasamninganna með þeim breytingum sem þingið hefur gert á málinu. Það dylst væntanlega engum lengur sem í upphafi vildi kannski hafna því að horfast í augu við það. En eftir þá umræðu sem farið hefur fram dylst vonandi engum lengur að hér er ekki á ferðinni sama málið og ríkisstjórnin lagði upp með.

Ég held að það sé rétt hjá hæstv. forsætisráðherra að eflaust erum við að fjalla um eitt stærsta mál sem þingið hefur þurft að fást við, a.m.k. er það rétt ef horft er til þeirrar skuldbindingar sem verið er að binda ríkissjóð í í krónum talið. Það er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu í þessu máli en að ríkisstjórnin féll á þessu prófi. Með því að leggja það fyrir þingið að við féllumst á ríkisábyrgð án fyrirvara fyrir þeim gríðarlegu skuldbindingum sem um var að ræða féll ríkisstjórnin á prófinu. Hún tryggði ekki einu sinni meiri hluta innan sinna eigin raða. Hvorki var einhugur í ríkisstjórninni né heldur hjá stjórnarflokkunum. En það er kannski ekki ástæða til að staldra sérstaklega við það vegna þess að þingið tók völdin í málinu og er við það núna að leiða málið til lykta í miklu betri farvegi en upphaflega stóð til.

Ég get ekki tekið undir með hæstv. forsætisráðherra þegar sagt er að gallar málsins hafi verið málaðir allt of sterkum litum. Það er ekki hægt að taka þá galla sem við erum að ræða um og mála þá of sterkum litum. Staðreyndin er sú að gallarnir eru þess eðlis að það þurfti meira og minna að snúa öllu málinu á hvolf. Málið fer út úr þinginu á eftir á röngunni þegar það er borið saman við upphaflegt frumvarp.

Var þetta mál prófsteinn á lýðræðið eins og hæstv. forsætisráðherra talaði um? Ég held að við eigum að láta þetta mál og önnur mál sem minnihlutaríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar og ríkisstjórn sömu flokka frá því eftir kosningar hefur haft á dagskránni verða okkur einmitt umhugsunarefni hvað lýðræðið snertir. Hvernig var þetta aftur með stjórnarskrárfrumvarpið sem kom frá minnihlutaríkisstjórninni? Var einhver tilraun gerð þar til að ná breiðri sátt og samstöðu áður en málið var lagt fram í jafnrisavöxnu máli og þar var á ferðinni? Nei, það átti að þvinga fram niðurstöðu án breiðrar sáttar og samstöðu sem alltaf hefur verið leiðarljósið við breytingar á stjórnarskránni.

Hvernig er með stór mál eins og t.d. orkumálin sem við Íslendingar munum þurfa að taka stórar ákvarðanir um á komandi missirum? Voru stjórnarflokkarnir tveir sammála fyrir kosningarnar um grundvallarákvarðanir í þeim málaflokki? Nei, þeir greiddu atkvæði í sitt hvora áttina í jafnstóru máli og þar var á ferðinni. Hvernig var það með Evrópusambandsmálið sem kom inn á þingið frá sömu ríkisstjórn? Það var engin samstaða innan stjórnarflokkanna tveggja um það hvernig halda ætti á því máli og aldrei leitað eftir breiðri samstöðu heldur kylfa látin ráða kasti á þinginu. Og þvert á hin fögru orð sem virðast vera notuð helst á tyllidögum um að við þurfum á þessum erfiðu tímum að efna til mikillar samstöðu um stórar ákvarðanir, var vaðið áfram af krafti og yfirgangi af þessari sömu ríkisstjórn. Þannig var það líka með Icesave-samningana að án þess að nokkur samstaða væri um þá í þinginu ætlaði ríkisstjórnin að ná sínu fram. Þetta eru auðvitað gríðarlega mikil hættumerki vegna þeirra stóru mála sem bíða okkar á vetri komandi, t.d. við fjárlagagerðina. Ef þetta eru vinnubrögðin sem ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar ætlar að viðhafa við gerð fjárlaganna fyrir komandi ár, þá stefnir í enn frekara óefni á þinginu. Ef þetta eru vinnubrögðin og verklagið sem á að beita við að leysa úr skuldavanda heimila og fyrirtækja, þá stefnir ríkisstjórnin í enn dýpra fen og meiri vandræði en hún hefur séð á þeim fáu vikum sem hún

hefur starfað frá kosningum. Ríkisstjórn sem hagar sér svona rís auðvitað aldrei undir því að vera ríkisstjórn Íslands. Hún verður aldrei annað en valdabandalag Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Það verður ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar í ólíkum munstrum eftir því hvaða mál eru á dagskrá hverju sinni og svo verður treyst á skynsemi stjórnarandstöðunnar við að leysa úr erfiðustu vandamálunum. Ég held að íslenska þjóðin eigi annað og miklu betra skilið á þeim erfiðu tímum sem við lifum núna. Ég ætla að óska þess að ríkisstjórnin láti þennan leiðangur jafnilla og hann hefur farið af stað og þau stóru mál sem ég hef snert á verða áminningu um það hvernig best væri að halda á þeim málum sem fram undan eru, hvernig skynsamlegra væri að nálgast lausn á stórum, erfiðum viðfangsefnum á jafnviðkvæmum tímum og við lifum núna.

Ég ætla við lok þessarar umræðu ekki að fara nákvæmlega yfir allar þær efnislegu breytingar á frumvarpinu sem eru í farvatninu og við förum að staðfesta í atkvæðagreiðslu á eftir. Ég ætla einungis að vekja athygli á því að þingið er að setja öryggisnet í mál þar sem ríkisstjórnin var tilbúin til að taka áhættu. Það kom ekki aðeins fram í frumvarpinu sjálfu að þær skuldbindingar sem verið var að fara fram á við þingið að veitt yrði ríkisábyrgð fyrir væru háðar gríðarlega mikilli óvissu í framtíðinni heldur lá það efnislega í tillögunni sem ríkisstjórnin kom með í þingið að hún var tilbúin til að taka þá áhættu. Meðvitað var horft fram á það að þrátt fyrir þá gríðarlegu áhættu sem var verið að setja þjóðina í lagði ríkisstjórnin það til að sú áhætta yrði tekin, það átti að gambla með þetta mál. Þingið sagði nei. Þingið sagði: Það kemur ekki til greina. Og það sjónarmið sem þingið hefur komið inn í málið, t.d. um það að við fáum efnahagslegt öryggisnet í þetta mál, eru auðvitað sjónarmiðin sem ríkisstjórnin átti að halda uppi í viðræðunum við Breta og Hollendinga og ef ekki náðust samningar á skynsamlegum nótum sem taka tillit til þarfar okkar til að endurreisa efnahagskerfi okkar átti að sjálfsögðu aldrei að gera neinn samning. Ég held að það sé meginniðurstaðan eftir þessa umræðu að það er eðlilegt að samningarnir verði endurgerðir. Það er hárrétt hjá hæstv. forsætisráðherra að þessi niðurstaða hlýtur að leiða til þess að viðræður verði teknar upp við Breta og Hollendinga og að mínu áliti væri eðlilegt að þær viðræður mundu leiða til þess að samningarnir yrðu aðlagaðir að þeim skilaboðum sem eru að koma héðan, þannig að samningurinn endurspegli samkomulag á milli aðila um efnisatriði en séu ekki í reynd einhliða kröfur viðsemjenda okkar sem við höfum fallist á en veitt síðan stórkostlega takmarkaða ríkisábyrgð fyrir. Það er ekki þannig sem menn eiga að komast að niðurstöðu í jafnstóru máli og þessu.

Ég ætla líka að leyfa mér að taka undir með hæstv. forsætisráðherra þegar hún segir: Bretar og Hollendingar eiga að horfast í augu við það að kröfurnar sem Alþingi er að gera eru sanngjarnar og eðlilegar og þeim beri að fallast á þær. Það er með engu móti hægt að réttlæta það að taka að nýju upp kröfu um að Íslendingar fallist á ábyrgð á þessum lánasamningum án tillits til þess hvernig efnahagslífið þróast næsta áratuginn eða svo. Það er með engu móti hægt að gera það. Ef það verður krafa Breta og Hollendinga eftir það sem á undan er gengið, þá segi ég skýrt og skorinort: Þá verðum við að fá úr því skorið fyrir hlutlausum dómstólum hverjar skuldbindingar okkar eru á grundvelli Evróputilskipunarinnar eins og hún er rétt túlkuð. Ekki eins og Evrópuþjóðirnar vilja túlka tilskipunina þegar mest ríður á að þeirra sjónarmið verði ofan á.

Við munum styðja breytingartillögur sem liggja fyrir í málinu en ábyrgðin á þessu máli eins og það er vaxið og vegna órjúfanlegra tengsla ríkisábyrgðarinnar og samninganna sjálfra mun ríkisstjórnin sjálf og stjórnarflokkarnir þurfa að bera málið uppi.

[09:21]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (F):

Frú forseti. Fyrirvararnir við Icesave-samningana sem nú eru til umræðu styrkja vissulega stöðu okkar og breyta málinu til mikilla muna en þeir eru afleiðing tíu mánaða þrotlausrar baráttu gegn þeirri niðurstöðu sem lengst af stefndi í. Það er ekki langt síðan ríkisstjórnin féllst yfir höfuð á að gera nokkra fyrirvara við þessa samninga. Upprunalega, á meðan þúsundir mana mættu á Austurvöll til að gera verulegar athugasemdir við allt í þessu máli, var lögð fram tillaga að fyrirvörum sem ekkert hald var í. Það var brugðist hart við því og fyrirvararnir smátt og smátt löguðust og reynslan hefur verið sú að í hvert skipti sem málið er skoðað betur, ef menn gefa sér bara tíma til þess að fara aðeins betur yfir það, finna þeir nýja og nýja galla.

Eftir 2. umr. benti Framsóknarflokkurinn á að það væri mjög óljóst hvort lagalegir fyrirvarar mundu yfir höfuð halda. Flokkurinn fékk úr sumum áttum gagnrýni fyrir að vera ekki með í samstöðunni. Það er ekki hægt að mynda samstöðu um óásættanlega niðurstöðu og nú hefur komið á daginn að sú niðurstaða sem þá stefndi í var algjörlega óásættanleg. Og enn berast ábendingar um gallana á þessum samningum. Síðast í nótt var ég að ræða við menn sem voru búnir að finna enn fleiri galla og enn fleiri hættur, m.a. mann sem vinnur hjá stórum bandarískum banka. Hann tók upp á því hjá sjálfum sér, eins og svo margir í samfélaginu, að skoða samningana vegna þess að hann treysti ekki stjórnvöldum fyrir verkefninu. Hann fann á þeim verulega galla og telur þá svo stóra að við ættum að fresta umræðunni í dag.

Hér er ekki svigrúm til þess að fara yfir þær ábendingar, hér ekki svigrúm til þess að fara yfir neinar af þeim fjölmörgu ábendingum sem komið hafa á síðustu dögum og það svigrúm var ekki einu sinni gefið í nefndinni þrátt fyrir fyrirheit þar um. Þess í stað hefur þetta mál verið keyrt í gegn af svo miklum ákafa að það er ekki einu sinni einn einasti maður með menntun í enskum lögum búinn að lesa samningana yfir eða fyrirvarana sem Alþingi er að gera. Það er ekki einn einasti maður með menntun í þeim lögum sem eiga að gilda um samningana búinn að skoða þá fyrir Alþingi og það er ætlast til þess að við göngum frá samningunum við þessar aðstæður.

Ég veit fyrir víst að það unnu margir í alla nótt við að leita leiða til þess að laga samninginn nú á lokastundinni. Það er ekki víst að gefið verði færi á því hér og þar af leiðandi tel ég að eina raunhæfa lausnin sé sú að fella þessa tillögu að ríkisábyrgð svo taka megi upp þráðinn að nýju, gera nýjan, bærilegan samning, því að allt í þessu máli hef-

ur verið rangt, vinnan í upphafi, kynningin, fullyrðingarnar síðan þá og hugarfarið og nú stefnir í að niðurstaðan verði röng líka.

Strax er byrjað á því að reyna að endurskrifa söguna þó að öllum sé enn í fersku minni hvernig þetta mál kom inn í þingið og allir viti af því og muni eftir umræðunni um að þingmenn áttu ekki einu sinni að fá sjá samningana, hvað þá almenningur. Nei, nú er reynt af alveg ótrúlegri óskammfeilni að halda því fram að alltaf hafi staðið til að gera lagfæringar á þessum afleitu samningum. Það stóð svo sannarlega ekki til og það þurfti mikla baráttu, m.a. innan úr ríkisstjórninni, til að það tækist.

Þessir samningar standa engu að síður áfram ef þetta verður niðurstaðan og þeir hafa verulegar afleiðingar. Tölur eins og þær sem við erum að tala um hér hafa miklar félagslegar afleiðingar og jafnrisavaxnar tölur og birtast í Icesave-samningunum munu hafa miklar félagslegar afleiðingar á Íslandi. Þess vegna er lagt í þessa miklu baráttu og þess vegna höfum við talað um þetta mál svona lengi þó að margir séu eflaust orðnir leiðir á því.

Ég hef nefnt til samanburðar niðurskurðinn í lögreglunni þar sem einungis 13 klukkutíma vextir af Icesave-samningunum í niðurskurði í lögreglunni hafa sett þar allt á annan endann. Það leiðir hugann líka að því að afleiðingarnar ná miklu lengra því að hér er um að ræða útgjöld í erlendri mynt sem margfaldast í áhrifum á hagkerfið. Lögreglumaður sem ekki fær launin sín þarf að fara á atvinnuleysisbætur. Hann getur þá kannski ekki keypt skólabækur og því er hætta á því að einhver sem seldi skólabækurnar, skrifaði þær eða prentaði þær missi vinnuna. Afleiðingarnar af því að útdeila hundruðum milljarða kr. fyrir ekki neitt eru verulegar og miklu hærri en upphæðin gefur til kynna. Þetta er eitt af því sem hefur ósköp lítið verið skoðað í þessari umræðu.

Annað sem lítið hefur verið skoðað er möguleikinn á skuldajöfnun, sem kom reyndar aðeins til umræðu á síðustu stigum málsins. Bent var á að að sjálfsögðu ættu Íslendingar að halda á lofti þeim rétti sínum að skuldajafna við Breta, því að við skulum hafa það í huga að hér er ekki um það að ræða að Íslendingar séu að fara að endurgreiða innstæðueigendum í Bretlandi og Hollandi. Það er búið að endurgreiða allar þær upphæðir sem stendur til að greiða þar. Hér stendur til að borga breska og hollenska ríkinu, borga sama breska ríki og beitti Íslendinga hryðjuverkalögum sem höfðu óumdeilanlega í för með sér tjón upp á hundruð milljarða kr. Íslendingar hafa ekki reynt að verja sig hvað það tjón varðar. Nú er tækifæri til þess, það tækifæri virðist eiga að fara forgörðum eins og svo mörg önnur tækifæri í þessu máli og til hvers? Til þess að fá einhver viðbótarlán, halda áfram skuldsetningunni, þeirri skuldsetningu sem búin er að koma þjóðinni í þann vanda sem hún er í nú.

Það er mikill misskilningur ef menn halda að þeir geti endurheimt traust með því að játa á sig sakir umfram tilefni. Menn fá ekki klapp á bakið með því að lúta í gras, ekki frekar en barn á skólalóð, sem niðurlægir sig til þess að reyna að ganga í augun á eldri nemendum, kemst nokkurn tíma í þeirra hóp. Íslendingar ættu að þora að standa á rétti sínum, einungis þannig getum við verið upprétt í margumtöluðu alþjóðasamfélagi og einungis þannig verðum við tekin alvarlega.

Það sem við höfum séð í þessu máli eru ekki bara vinnubrögð sem eru algjörlega óásættanleg af hálfu löggjafarþings, við höfum líka séð hættulega þróun í hugarfari. Dyggðum er snúið á hvolf. Það má ekki lengur tala um stolt, það er frekar reynt að gera lítið úr fyrri afrekum þjóðarinnar til þess að gera aumingjaskapinn nú bærilegri. Sagan er endurskrifuð, sagt að aðstæður hafi verið allt aðrar hér áður fyrr. Í sjálfstæðisbaráttunni hafi þetta ekki verið svona erfitt vegna þess að þá voru utanaðkomandi aðstæður öðruvísi, jafnvel þorskastríðin hafi verið miklu auðveldari en þetta vegna þess að utanaðkomandi aðstæður hafi verið öðruvísi. Þetta er sögufölsun og einungis til þess gerð að menn geti betur sætt sig við þann aumingjaskap sem þeir sýna í málinu núna.

Ég ætla ekki að taka þátt í að gera lítið úr afrekum þjóðarinnar í fortíðinni til að gera aumingjaskap núverandi ríkisstjórnar bærilegri. Við ættum frekar að líta til þeirra afreka sem þessi þjóð hefur við miklu erfiðari aðstæður en nú náð fram. Íslendingar voru ekki nema á bilinu 50–70 þúsund á 19. öldinni þegar þeim þótti sjálfsagt að landið yrði sjálfstætt ríki þó að í heiminum væru ekki nema u.þ.b. 20 sjálfstæð lönd, hvert þeirra milljóna stórríki. Þá þótti 50 þúsund Íslendingum ekkert sjálfsagðara en að við fengjum sjálfstæði og þeir voru tilbúnir að berjast fyrir því og taka mikla áhættu og jafnvel tilbúnir að vitna í 600 ára gamla sáttmála máli sínu til stuðnings. Ætli einhverjum þætti ekki hallærislegt núna ef farið væri að vitna í 600 ára gamla sáttmála?

Þess þarf ekki. Það nægir að vitna í núgildandi lög Íslands og Evrópusambandsins en menn eru ekki einu sinni tilbúnir til þess. Árið 1918 þegar þjóðin fékk loksins fullveldi voru hér innan við 100 þúsund manns. Margir höfðu afskaplega litla trú á því að 100 þúsund manns hefðu nokkuð við sjálfstæði að gera og áhættan sem því fylgdi væri allt of mikil. Ef það hugarfar sem hefur verið ríkjandi af hálfu meiri hluta ríkisstjórnarinnar í þessu máli hefði ráðið för væri Ísland ekki enn orðið sjálfstæð þjóð.

Ég veit að það má líklega ekki tala um þorskastríðin en ég ætla samt að nefna þau vegna þess að það hefur verið gert frekar lítið úr þeim til þess að réttlæta gjörðirnar nú, en ætli áhættan hafi ekki verið töluverð þá þegar menn fóru í stríð við eitt mesta herveldi heims og langstærsta útflutningsmarkað Íslands? Ætli efnahagsleg áhætta hafi ekki verið mikil svo ekki sé minnst á líf og limi? Menn létu sig hafa það vegna þess að þeir höfðu stolt og ætluðu ekki að lúta í gras.

Nú virðist því miður um stund úrtölufólk, sem alltaf hefur verið til í gegnum þessa sögu sem ég rakti, ætla að verða ofan á. En það er einungis þegar slíkar raddir hljóðna sem Íslandi vegnar fram á veginn. Þörfin fyrir að kveða niður slíkar raddir hefur sjaldan verið jafnmikil og nú.

[09:30]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég ætla að hefja mál mitt á því að færa þakkir þeim nefndarmönnum og þingnefndum sem sumar hafa lagt mikla vinnu á sig í þessu máli. Þar hefur mest

mætt á fjárlaganefnd og ég endurtek að sjaldan, ef nokkru sinni, hefur þingnefnd fengið stærra og umfangsmeira mál í hendur og lagt jafnmikið á sig við að reyna að vinna það vel og af samviskusemi fram til farsællar lausnar. Það eiga allir sem þar hafa lagt hönd á plóginn þakkir skildar, fulltrúar bæði meiri hluta og minni hluta, og auðvitað ekki síst formaður nefndarinnar sem og þeir nefndarmenn aðrir í utanríkismálanefnd og efnahags- og skattanefnd sem einnig lögðu mikla vinnu í þetta mál.

Þetta er vissulega stórt og erfitt mál og engu okkar gleðiefni sem að því hefur þurft að koma. Hér hafa fallið mörg stór orð, og miklar túlkanir og söguskýringar hafa verið uppi hafðar. Það er athyglisvert að þær hafa aðallega verið um lánasamninginn og tilraunir til að leysa úr málinu en minna um vandamálið sjálft. Orka manna hefur farið, að því er virðist, mjög í það á lokasprettinum að færa umræðuna, athyglina og sökina af vandamálinu sjálfu, þeim sem bjuggu það til, þeim sem bera á því ábyrgð, pólitíska, efnahagslega og með störfum sínum, sérstaklega í viðkomandi banka, yfir á þann hluta ferlisins sem hefur miðað að því að leysa málið.

Ég tel ekki að sú söguskýring muni halda lengi, að gera þá að sökudólgum í þessu máli sem hafa að því komið að reyna að leysa það. Að sjálfsögðu má deila um það og gagnrýna hvernig þar hefur tekist til, allt frá byrjun, allt frá því að hrunið varð og menn urðu við ógnarerfiðar aðstæður að bregðast við og taka ákvarðanir sem eftir á að hyggja hefðu kannski mátt vera öðruvísi, en það tökum við ekki upp. Liðið er liðið. Við færum klukkuna ekki til baka, hversu mikið sem við vildum. En það er að sínu leyti ánægjulegt að umræðan hér hefur þróast þannig eins og heyra mátti í ræðum áðan og í gær að flestir telja sig hafa náð miklum árangri, að málið hafi verið betrumbætt og að stjórnarandstaðan, jafnvel Framsóknarflokkurinn sem ekki hefur þó staðið að breytingum á málinu, telur sig hafa náð miklum árangri með málflutningi sínum og störfum. Það er gott. Þá geta væntanlega flestir verið ánægðir ef þeir telja að þeir hafi náð að leggja gott af mörkum með störfum sínum og flestir séu jafnvel orðnir einhvers konar sigurvegarar í málinu — nema náttúrlega ég, að allir séu í raun og veru sigurvegarar í þessu nema ég. Og þá skal því lýst yfir hér að ég tek það hlutskipti að mér með glöðu geði að vera eini maðurinn sem ekki er sigurvegari í þessu ferli. Og verður mér þá hugsað til Holta-Þóris og veislunnar forðum þar sem stefndi í mikið óefni með að raða mönnum eftir tignarröð til sætis, en þá var það hann gamli Holta-Þórir sem leysti vandann því að hann settist ystur virðingarmanna, eins og það var orðað í bókinni, og þótti þá öllum gott að sitja þar sem þeir voru. Ég skal vera Holta-Þórir þessa máls og setjast fjærst háborðinu ef það gleður aðra. Og eru þá allir sáttir við sitt hlutskipti.

Mér hefur aldrei gengið neitt annað til í þessu máli en eitt, að leysa það. Það verður að gera, undan þessu komumst við ekki og það hefur legið fyrir lengi að verkefnið væri að leita að skástu mögulegu lausninni á þessu vandamáli þannig að það væri úr vegi og við kæmumst áfram með okkar endurreisnarstarf. Það er eðlilegt að þetta mál sé umdeilt og erfitt og það gat aldrei orðið annað, það gat aldrei komið heim lítill og sætur samningur til að leysa stórt og vont mál. Þannig er um hnútana bundið.

Það er ástæðulaust að ætla nokkrum þeim sem að þessu hefur komið að hafa gert það á öðrum forsendum en þeim sem hann taldi best í þágu íslenskra hagsmuna. Ég kvarta undan engu sem um mig er sagt í þessum efnum, en það eitt sárnar mér þegar reynt er að gera saklausa fjarstadda embættismenn og fulltrúa Íslands í þessu erfiða máli að sökudólgum með ómaklegum hætti, fólk sem ekki er hér til að bera hönd fyrir höfuð sér úr ræðustóli á Alþingi og hefur ekkert annað gert en að vera fulltrúar stofnana sinna og ráðuneyta eða stjórnvalda í erfiðu viðfangsefni og reyna að gera þar sitt allra besta. Það er ekki uppbyggilegt og þjónar engum tilgangi að draga þessa hluti upp þannig eins og þetta væri kúrekamynd í vestrinu, að í þessari mynd séu tvenns konar leikarar, góðir menn og vondir menn, þjóðhollir menn og aðrir sem eru það þá væntanlega ekki, hetjur og aumingjar og skúrkar hinum megin. Þannig er myndin ekki og ég held að smátt og smátt muni ræðuhöld byggð á þeim grunni dæma sig sjálf.

Hér er eitt mjög mikilvægt sem við verðum auðvitað að hafa að leiðarljósi umfram aðra hluti, raunsæi. Það þýðir ekkert annað en að horfast af raunsæi í augu við aðstæður okkar og þann vanda sem okkur hefur borið að höndum og horfa af raunsæi á möguleikana til að greiða úr þeim hlutum. Óskhyggja kemur okkur ekkert áleiðis í þeim efnum, málflutningur sem byggir á því að veruleikinn sé einhvern veginn öðruvísi en hann er eða að við séum stödd einhvers staðar annars staðar en við erum. Þessu breytum við ekki. Úr okkar aðstæðum verðum við að vinna af raunsæi og í viðurkenningu þess að við erum hér og nú stödd þar sem við erum, þessum mánuðum eftir hið skelfilega hrun, og þurfum að vinna úr þeim hlutum áfram. Alþingi fól framkvæmdarvaldinu í desember að leiða þetta mál til lykta með samningum. Þá þegar höfðu menn gengist undir það að ekki var annað í boði en pólitískt samkomulag sem leið út úr þessu máli og henni er verið að landa hér á þann besta hátt, að ég tel, sem aðstæður bjóða upp á. Og það skal vera alveg skýrt af minni hálfu að ég tel að sú umgjörð sem Alþingi er hér að setja utan um þetta mál sé til bóta, hún styrki stöðu okkar, sérstaklega þegar eða ef á það reynir að virkja þurfi endurskoðunarákvæði samninganna, þá sé það styrkur að við höfum sett þessa hluti í efnahagslega og að hluta lagalega umgjörð sem er málefnaleg og sanngjörn, sem á að vera hægt að útskýra og réttlæta gagnvart viðsemjendum okkar. Það verkefni bíður og við verðum bara að vera vongóð um að menn hafi skilning á því að það er svona sem Alþingi Íslendinga og íslensk stjórnvöld telja að við getum staðið við skuldbindingar okkar í þessum efnum.

En það er auðvitað framtíðin sem öllu skiptir. Við getum rætt lengi, mörg sumur þess vegna, um liðna atburði og það sem við erum að fást við dag frá degi, en það er framtíðin sem skiptir öllu máli. Þar vonum við auðvitað að við séum að efna til farsællar lendingar í þessu máli sem og að búa okkur í haginn til að takast á við allt það annað sem við er að glíma og ég spái að muni nú fanga athygli þjóðarinnar mjög á næstum vikum, mánuðum og missirum og umfram þetta mál.

Það eru erfiðleikar yfirstandandi, við höfum orðið fyrir miklu áfalli, við höfum verk að vinna í þeim efnum, það

eru erfiðir tímar fram undan, það er erfiður vetur fram undan — en framtíðin er líka björt. Framtíðin er líka björt á Íslandi. Hún er það vegna þess að við höfum alla möguleika, alla burði og öll efni til þess að vinna okkur í gegnum erfiðleikana. Það er rétt sem hér var sagt, ef við skoðum núverandi aðstæður og erfiðleika í sögulegu samhengi og berum það saman við ýmislegt sem þjóðin á erfiðum tímum á umliðnum áratugum og öldum stóð frammi fyrir er okkur auðvitað engin vorkunn nú með öll þau efni sem við höfum, úrræði og möguleika, að vinna okkur í gegnum þetta. Engin vorkunn. Með okkar ríku auðlindir, uppbyggða samfélag, sterku innviði, góðu menntun og dugnað og þor er okkur ekkert að vanbúnaði að halda nú áfram að afloknu þessu máli og takast á við erfiðleikana af fullum krafti, vonandi í sem mestri samstöðu, að sjálfsögðu, því að hver óskar sér ekki hennar ef hún er í boði? Á hinn bóginn skulu sjálfstæðismenn og aðrir ekki hafa neinar áhyggjur af því að það er ríkisstjórn í landinu sem er fullfær um að takast á við þessi verkefni og ætlar sér það, en hún er að sjálfsögðu þakklát fyrir alla aðstoð og stuðning og skilning sem hún fær í verkum sínum.

[09:41]

Birgitta Jónsdóttir (Bhr):

Frú forseti. Er réttlætanlegt að ríkið taki að sér að axla ábyrgð á einkaskuld sem getur ef illa fer skert lífsgæði allra sem hér á landi búa? Er hæstv. forseti meðvitaður um þann skaða sem hljótast mun af þeirri ákvörðun að samþykkja samninginn?

Gámarnir bíða í hrönnum eftir búslóðum þeirra sem geta ekki réttlætt það fyrir sér að búa hér lengur ef þetta verður samþykkt. Fólkið sem er að fara er fólkið sem getur farið. Fólkið sem er að fara mun sennilega ekki koma aftur, ef fer sem fer. Fólkið sem er að fara ætlar að taka fyrirtækin sín með sér, menntun sína, starfsreynslu sína, börnin sín, framtíðarskatttekjur.

Innra með mér er uggur því að ég veit að þetta er dropinn sem fyllir mælinn, þetta er dropinn sem fær fólk til að bregðast við. Þetta snýst nefnilega ekki bara um góðan eða vondan samning, þetta snýst um grundvallarréttlæti, um grundvallarsjálfsvirðingu þjóðar sem er orðin örmagna af fréttum um spillingu og krosseignatengsl viðskipta, þingheims, fjölmiðla, þetta snýst um að nokkrum mönnum tókst með aðstoð sofandaháttar heils stjórnkerfis að hneppa þjóðina í fjötra fátæktar og bágra lífsgæða. Þetta snýst um sundraðar fjölskyldur og mannslíf. Þetta snýst um sjálfsvirðingu þjóðar.

Það að láta undan þeirri kúgun sem við erum beitt af hálfu breskra yfirvalda með því að samþykkja þó svo breyttan nauðungarsamning þar sem skuldum einkaaðila er velt yfir á alla landsmenn að þeim forspurðum er óásættanlegt. Fólk upplifir þetta sem hina algjöru niðurlægingu. Sá óttaáróður sem hefur viðgengist í kringum þetta mál hefur haft sín áhrif á marga þingmenn sem munu greiða atkvæði með málinu og samþykkja með því að það sé réttlætanlegt að almenningur taki á sig skuldir einkaaðila.

Sumir halda því fram og trúa því að þessar skuldir hverfi eins og dögg fyrir sólu eftir sjö ár. Sumir ráðherrar hafa talað um töframenn þegar þeir hæðast að þingmönnum fyrir að vilja allsherjaraðgerðir fyrir heimilin í landinu. Þessir sömu ráðherrar hafa látið það í veðri vaka að Icesave-skuldbindingin hverfi — manni verður oft hugsað til galdrakarlsins í Oz þessa dagana þegar maður horfir upp á þær sjónhverfingar sem viðgangast á þessum ágæta stað.

Frú forseti. Láttu ekki blekkjast þó að sumarið hafi verið rólegt úti á Austurvelli, réttláta reiðin vex að nýju þegar myrkrið hefur innreið sína á vetrarmánuðum. Reiðin hefur farið stigmagnandi eftir því sem það hefur orðið deginum ljósara að sumarþingið snerist fyrst og fremst um ESB og Icesave en ekki neyðaraðgerðir fyrir almenning.

Í dag hefði ég viljað spyrja ríkisstjórnina hvað hún ætlar að gera fyrir þá sem eiga ekki fyrir mjólk, fyrir þá sem geta ekki farið í skóla vegna fátæktar, fyrir þá sem sjá engan tilgang með því lengur að borga í svartholið sem engan enda virðist ætla að taka. Í dag hefði ég viljað sjá vonarneista til handa þjóðinni minni, ég vona með sanni að þegar þessi ríkisábyrgð verður samþykkt glati fólk ekki voninni, heldur muni að það er alltaf dimmast fyrir dögun. Það sem hefur fengið mig til að sjá smávon í þessu Icesave-svartnætti er að þingheimi tókst að vinna saman að því að gera vondan hlut betri. Þingmenn hófu sig ofar flokkapólitík og lögðu á sig gríðarlega mikla vinnu til að tryggja samstöðu um fyrirvara á þessum handónýta samningi sem samninganefndin færði þjóðinni. Hann er sannkallaður köttur í sekknum. En gleymum því ekki að þessir fyrirvarar eru nauðvörn, þessir fyrirvarar ættu að fella samninginn ef allt væri hér með felldu og það vona ég svo sannarlega að þessir fyrirvarar muni gera. Það þarf nefnilega að senda fólk út að semja sem getur valdið því. Ég legg svo til og mæli með, frú forseti, að næst verði Buchheit fenginn til verksins ef hann er enn fáanlegur til þess.

Frú forseti. Ég get ekki undir nokkrum kringumstæðum samþykkt þennan nauðasamning þó að ég muni heils hugar styðja þá fyrirvara sem hér verða lagðir fram. Mér finnst sú vinna sem átti sér stað við gerð fyrirvaranna mikilvægur grunnur að nýju samkomulagi. Ef við fáum bestu mögulegu samningamenn til að semja upp á nýtt held ég að við getum átt von á því að geta staðið uppi með glæsilega niðurstöðu, niðurstöðu sem tryggir að þeir sem efndu til þessarar skuldar verði einir látnir axla ábyrgð á því fjárhagslega tjóni sem þeir hafa valdið þjóðinni.

Sú vinna sem þingmenn lögðu á sig mun nýtast og er vonandi upphafið að breyttum vinnubrögðum á þinginu þar sem fólk úr öllum flokkum hefur einsett sér að nýta sér þá þekkingu, fagmennsku og yfirsýn sem má finna innan allra flokka. Gleymum því ekki að við erum alltaf fyrst og fremst að vinna að þjóðarhag þó að áherslur okkar séu oft mjög ólíkar. Með þeirri þverpólitísku vinnu sem átti sér stað í kringum Icesave-nauðvörnina höfum við sýnt að á ögurstundu er hægt að finna flöt á samvinnu sem við þurfum að viðhalda í kringum þau erfiðu mál sem eiga eftir að koma fyrir þingið á næstunni. Vinnan í kringum Icesave er fyrsti vísir að þeirri þjóðstjórn sem ætti að vera sett saman til að vinna þjóðina upp úr þeim erfiðleikum sem hún stendur frammi fyrir. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa lagt á sig mikla vinnu innan þings sem utan til að hægt væri að finna sem breiðasta sátt um fyrirvarana sem, eins og ég áður nefndi, eru mikilvægur grunnur að nýjum samningi.

Frú forseti. Mig langar að lokum að minna þjóðina okkar á að gefast ekki upp þrátt fyrir að ríkisábyrgðin verði samþykkt í dag. Við megum ekki gefast upp sama hvað er í gangi í kringum okkur. Segja má að við séum í sjálfstæðisbaráttu sem er rétt að byrja og við þurfum á ykkur að halda til að veita þinginu aðhald, til að berjast gegn þeim ofuröflum sem hafa hafið innreið sína inn fyrir landsteinana, þar verður okkur án efa AGS skeinuhættastur og hætt við, miðað við hvernig hlutirnir eru að þróast, að við glötum auðlindum okkar í hendurnar á alþjóðafyrirtækjum sem eiga sér langa sögu í arðráni hjá knésettum þjóðum. Þessi orrusta er kannski töpuð, en þær blikur eru á lofti að orrusturnar verði fleiri og því skora ég á ykkur að gefast ekki upp, heldur beita ríkisvaldið þrýstingi, að það standi við gefin loforð um lýðræðisumbætur og alvöruuppgjör á þessu hruni. Haldið á lofti kröfunni um réttlæti, að heimilin fá alvörustuðning en ekki bómullargjaldþrot og tilsjónarmenn. Það er kominn tími á að ríkisstjórnin setji heimilin á oddinn, búi til það umhverfi og þær aðstæður að fleiri fyrirtæki rúlli ekki.

Það er kominn tími á að hefja endurreisnina.

[09:49]

Þráinn Bertelsson (U):

Virðulegi forseti. Samkvæmt því sem fjármálaráðherra óskaði í upphafi þessa máls hef ég skoðað Icesave-samninginn á raunsæjan hátt og litið hann „real-pólitískum“ augum, allt eins og beðið var um. Ég hef haft ærinn tíma til að skoða þennan nauðungarsamning sem nú liggur fyrir ásamt fyrirvörum sem á síðustu vikum hefur verið klambrað saman af bestu meiningu. Mín niðurstaða er sú að Icesave-samningurinn sem lausn á vandamáli sem vissulega er til staðar sé verri lausn en vandamálið sjálft í rauninni. Því mun ég segja nei við þessum samningi ásamt öllum hinum vel meintu breytingartillögum og fyrirvörum þar að lútandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 09:50]

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 136. mál (Icesave-samningar). — Þskj. 346, frhnál. 348, 350 og 351, brtt. 349 og 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:01]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti vill geta þess að að loknum atkvæðagreiðslum um fyrsta dagskrármálið verður gert stutt fundarhlé í tíu mínútur en síðan hefst fundur að nýju með atkvæðagreiðslum.

[10:02]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Mætir menn hafa haldið því fram að íslenska þjóðin eigi að borga skuldir sínar, það vefst ekki fyrir mér eða öðrum þingmönnum Framsóknarflokksins. Okkur finnst hins vegar erfitt að kyngja því að okkur sé gert að greiða skuldir sem ekki eru okkar, hvað þá að fá ekki að njóta þess sjálfsagða réttar að láta reyna á ágreining.

Við höfum haft það að markmiði að eðlilegast og skynsamlegast væri að leggja samninginn til hliðar og semja upp á nýtt. Við komum með breytingartillögur okkar að þeirri tillögu felldri og vonumst til þess að þær verði samþykktar. Þær ganga lengra en fyrirvarar meiri hlutans. (Forseti hringir.) Við munum hins vegar sitja hjá við breytingartillögur meiri hlutans jafnvel þó að við teljum þær á margan hátt ágætar.

[10:04]

Bjarni Benediktsson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Nú við upphaf þessarar atkvæðagreiðslu finnst mér rétt að minnast stuttlega á að sá valkostur var til staðar fyrir Sjálfstæðisflokkinn og aðra stjórnarandstöðuflokka að leyfa þessu vandamáli að hvíla hjá ríkisstjórninni og flokkum hennar, segja einfaldlega nei vegna þess hversu slæmir samningarnir voru.

Við töldum að við gerðum íslensku þjóðinni meira gagn með því að eiga samstarf við alla þá sem voru okkur sammála um þá efnislegu galla sem voru í málinu. Við höfum í gegnum 2. umr. og síðan í fjárlaganefnd, fyrir 3. umr., unnið að breytingartillögum sem við munum styðja. Við munum styðja þær breytingartillögur sem eru til gagns þó að málið í heild sinni hljóti að vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

[10:05]

Guðlaugur Þór Þórðarson (S) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Við erum hér að ljúka erfiðu máli sem hófst með því að ríkisstjórnin gerði samning sem allir vita að er algjörlega óásættanlegur fyrir landsmenn. Við sjálfstæðismenn áttum nokkra valkosti. Við tókum þann kost að gera það sem hægt var að gera, þrátt fyrir að vera í stjórnarandstöðu, til að bjarga því sem bjargað verður.

Á það hefur verið bent að ekki er venjan að stjórnarandstöðuflokkur hagi sér með þeim hætti. Alla jafna reynir stjórnarandstaðan að koma höggi á stjórnina en í þessu máli er enginn vafi í mínum huga að við vorum að gera þjóðinni gott með því að vinna eins og við gerðum, það var þjóðinni til heilla.

[10:06]

Heilbrigðisráðherra (Ögmundur Jónasson) (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Hæstv. forseti. Þetta mál sem við göngum nú til atkvæðagreiðslu um hefur verið þjóðinni erfitt. Þetta mál hefur verið Alþingi erfitt, ekki bara vegna þess hve risavaxið það er heldur vegna þess að það hefur sundrað okkur sem erum í þessum sal. Ég hef verið einn talsmanna þess að við tækjum á málinu ekki sem stjórn og stjórnarandstaða heldur sem alþingismenn, sem fulltrúar íslensku þjóðarinnar. Það

hefur tekist, það hefur myndast breið samstaða í þessum sal.

Ég sannfærðist um það innra með mér að þetta mál mundi aldrei falla vegna þess að í stjórnarandstöðu er að finna marga þingmenn sem (Forseti hringir.) ætluðu ekki að láta það falla. Þá var hafist handa um að smíða fyrirvara sem mundu gagnast íslenskum hag, almannahag. Það tókst líka. Hitt tókst einnig, að opna augu okkar allra, (Forseti hringir.) Alþingis og ríkisstjórnar, að við eigum að viðhafa gagnsæ og lýðræðisleg vinnubrögð og að valdboð og ógagnsæi eiga að heyra sögunni til. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Brtt. 352,1.a felld með 34:9 atkv. og sögðu

já: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH.

nei: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, PHB, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, JónG, KÞJ, MT, ÓN, REÁ, RR, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, ÁJ, IllG, ÓÞ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:09]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Þær breytingartillögur sem 2. minni hluti framsóknarmanna leggur til eru allar þær marki brenndar að þær styrkja og skýra þá fyrirvara sem meiri hlutinn hefur og mun samþykkja hér á eftir. Ekki er gengið sérstaklega langt en það er alveg öruggt að hagsmunum Íslendinga er betur borgið ef breytingartillögur 2. minni hluta verða samþykktar.

Ég vil taka það fram að á tímabili var meiri hluti á Alþingi fyrir því að þessar breytingartillögur yrðu samþykktar. Sú samstaða rofnaði, því miður. Ég mun segja já við þessari breytingartillögu og harma að hún muni verða felld.

[10:10]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Sú breytingartillaga sem við fjöllum um í a-lið er innifalin í breytingartillögu sem hv. þingmenn Guðbjartur Hannesson, Kristján Þór Júlíusson, Björn Valur Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Ásbjörn Óttarsson og fleiri flytja, auk þess sem sú tillaga er nákvæmari og ítarlegri þannig að ég segi nei.

[10:10]

Kristján Þór Júlíusson:

Hæstv. forseti. Varðandi þá breytingartillögu sem hér liggur fyrir er það hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. Pétri Blöndal áðan varðandi a-liðinn, um gildistökuna, hún er mjög afdráttarlaus í breytingartillögum meiri hlutans. Hins vegar má halda því fram varðandi b-lið þessarar tillögu sem lýtur að vaxtagreiðslum, að við tilteknar aðstæður skipti ekki nokkru einasta máli hverjar vaxtagreiðslur af þeim skuldbindingum kunna að verða sem af þessu máli leiða. Það er einfaldlega vegna þess að virkni hinna efnahagslegu fyrirvara sem settir hafa verið í breytingartillögu meiri hlutans skuldbinda viðsemjendur og lánveitendur til þess að innheimta ekki hærri kröfur en tiltekna krónutöluupphæð á hverju ári.

Að auki má nefna að það er beinlínis gert ráð fyrir því að fara inn í samningana sjálfa og ef við ætluðum okkur þá leið væru miklu stærri atriði sem ég vildi vinna að í þeim efnum. Nægir í því sambandi að nefna skaðleysið sem Bretum er tryggt þó að ekki væri nema í 8. gr. viðkomandi lánasamnings. Ég greiði þessari tillögu ekki atkvæði mitt.

[10:12]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Það skortir á varðandi a-lið þessarar tillögu að útskýrð sé þýðing þess að fella út orðin „með þeim fyrirvörum sem fram koma í lögum þessum“ úr breytingartillögu sem kemur frá meiri hluta nefndarinnar. Ég tel mikilvægt að fram komi að ríkisábyrgðin stendur að baki höfuðstól og vöxtum lánasamninganna með þeim fyrirvörum sem fram koma í lögunum. Þess vegna tel ég skynsamlegra að tillaga meiri hluta nefndarinnar, eins og hún er í aliðnum, verði samþykkt frekar en þessi því að ég tel að þessi orð, sem setja hlutina í samhengi, séu mjög mikilvæg.

Brtt. 352,1.b felld með 34:9 atkv. og sögðu

já: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH.

nei: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, PHB, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, JónG, KÞJ, MT, ÓN, REÁ, RR, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, ÁJ, IllG, ÓÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:13]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Hér er lagt til að vaxtagreiðslur miðist við gildistöku Icesave-samninganna 27. júlí 2009 í stað dagsetningarinnar 1. janúar 2009. Þarna er Íslendingum gert að greiða vexti umfram skyldu upp á 25 milljarða. Ég vil benda á að það rúmast vel innan samninganna. Það skiptir ekki máli þó að settir hafi verið efnahagslegir fyrirvarar vegna þess að við munum alltaf greiða ákveðna upphæð af auknum hagvexti sem mun verða hér á næstu árum.

Í þessu ákvæði (Forseti hringir.) er fólgin staðfesta, að við Íslendingar stöndum á eigin fótum og látum ekki traðka yfir okkur.

[10:15]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Það mál sem við ræðum er um ríkisábyrgð og eingöngu um ríkisábyrgð. Alþingi er að veita ríkisábyrgð sem er reyndar hluti af skelfilegum samningi. Hér er verið að grípa inn í samninginn og ef menn ætla að gera það er fjöldi atriða, nánast öll atriði í samningnum, sem ég mundi vilja breyta. Ég er innilega á móti þessari breytingu þar sem verið er að grípa inn í samninginn. Ég vil halda mig við það að Alþingi sé að veita ríkisábyrgð og sem betur fer er Alþingi að veita ríkisábyrgð ef allar tillögur verða

samþykktar með verulega miklum fyrirvörum. Ég segi nei.

[10:16]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:

Frú forseti. Það er undarlegt þegar menn eru farnir að hafa áhyggjur af því að breytingartillögur grípi inn í samningana. Er það ekki einmitt það sem við erum að gera? Eru ekki allir að verða sammála? Að minnsta kosti er andstaðan í þessu máli til marks um að þetta eru fullkomlega ómögulegir samningar. Er það ekki áhyggjuefni ef breytingarnar hafa ekki áhrif á samningana? Þess vegna eigum við að samþykkja breytingartillögur sem eyðileggja þessa samninga. Til þess er leikurinn gerður. Ég segi já.

Brtt. 349,1.a samþ. með 49:1 atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

nei: ÞrB.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, ÁJ, IllG, ÓÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:17]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Við í 2. minni hluta lögðum til að ríkisábyrgðin mundi stoppa 5. júní 2024. Þá væri þjóðin búin að greiða nóg. Hins vegar leggur meiri hlutinn til að það verði gert með fyrirvörum. Ríkisábyrgðin stoppar með fyrirvörum — og hvað þýðir það? Það þýðir að enn á ný er verið að blekkja almenning til að trúa því að ríkisábyrgðin eigi að falla niður á þessum tíma. Hún gerir það ekki vegna þess að í fyrirvörunum kemur sérstaklega fram að það á, eins og í öðrum ákvæðum, einfaldlega að ræða við Hollendinga og Breta. Það er það sem þessi breytingartillaga snýst raunverulega um.

Við framsóknarmenn greiðum ekki atkvæði með þessari breytingartillögu.

[10:18]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Hér er verið að skerpa á gildistíma ríkisábyrgðarinnar, eins og stendur í þeim tillögum sem eru í gildi:

„Ábyrgðin tekur til höfuðstóls lánanna eins og hvor um sig mun standa að sjö árum liðnum frá undirritun samninganna, 5. júní 2016, auk vaxta af lánsfjárhæðinni.“

Svo er bætt við í breytingartillögu:

„með þeim fyrirvörum sem fram koma í lögum þessum og gildir til 5. júní 2024“.

Hér er komið alveg á hreint að ríkisábyrgðin gildir frá 1. júní 2016 til og með 5. júní 2024, hvorki fyrr né síðar þannig að gjaldfelling á láninu eins og menn hafa talað um getur ekki komið til greina fyrr því að þá er engin ríkisábyrgð og ekki heldur á tímanum sjálfum því að þá er hámark samkvæmt efnahagslegu fyrirvörunum. Gjaldfelling sem menn hafa talað mikið um getur því ekki átt sér stað.

Ég segi já við þessari ágætu tillögu.

[10:19]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Við erum að fjalla um býsna viðkvæmt atriði málsins sem lýtur að því hvort fyrirvararnir sem vísað er til í ákvæðinu opna á það að með viðræðum verði ríkisábyrgðin einhvern veginn framlengd eða gerð víðtækari en frumvarpið að öðru leyti segir til um. Það er alveg skýrt af hálfu þeirra sem standa að þessari breytingartillögu að svo er ekki.

Þegar vísað er í fyrirvarana sem fram komu í lögunum er ekki vísað til ákvæðisins sérstaklega sem fjallar um að menn eigi með sér viðræður ef eitthvað stendur út af í lánasamningunum vegna þess að þær viðræður geta aldrei leitt til annars en þess sem snýr að efni samninganna sjálfra. Það segir skýrt í áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar og ég veit að sú skoðun er samhljóma áliti meiri hlutans, að Alþingi eitt (Forseti hringir.) getur ákveðið framlengingu ríkisábyrgðarinnar, Alþingi eitt gerir breytingar á ríkisábyrgðinni og það er ekki verið að framselja til eins eða neins vald til að gera breytingar á henni.

Brtt. 349,1.b samþ. með 49:1 atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

nei: ÞrB.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AtlG, ÁJ, IllG, ÓÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:21]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við 2. umr., og jafnframt þá 1., kom fram mikill efi um að þeir fyrirvarar stæðust sem við værum að setja, og meira að segja í mínu hjarta greip um sig efi. Þá kom fram mjög snjöll tillaga frá Indefence-hópnum sem ég vil við þetta tækifæri þakka fyrir mjög óeigingjarnt og mjög gott starf í þágu þjóðarinnar. Það er sú tillaga sem við erum að greiða atkvæði um og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Það er skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá.“

Þetta síðasta er mjög veigamikið. Ef þau ekki fallast á þessi skilyrði er engin ríkisábyrgð. Þetta finnst mér mjög snjallt og ég segi hjartanlega já við þessu.

[10:22]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:

Frú forseti. Fyrrnefndur Indefence-hópur hefur nú sent frá sér yfirlýsingu þess efnis að í raun hefðu einu skynsamlegu málalyktirnar verið þær að þingið vísaði þessu máli frá. Ég er sammála þeirri niðurstöðu en tek þó undir að við

þær aðstæður sem upp voru komnar, óvissu um hvort fyrirvarar héldu, er þetta eðlileg viðbót. Hins vegar verðum við að hafa í huga að með þessu er verið að gera fyrirvarana að nýju samningstilboði. Það er ætlast til þess að Bretar og Hollendingar staðfesti tilboðið frá Alþingi Íslendinga og þá verðum við að spyrja okkur hvort tilboðið sem lagt er fram sé ásættanlegt. Það er það svo sannarlega ekki.

[10:23]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Með þessari breytingartillögu er í rauninni komin staðfesting á því sem framsóknarmenn óttuðust. Meirihlutatillögurnar sem voru til umræðu við 2. umr. voru ekki nægilega sterkar. Það liggur fyrir. Ef við gerum breytingu þess efnis að Hollendingar og Bretar þurfi að samþykkja það sem við gerum á Alþingi Íslendinga, eins ankannalegt og það hljómar, hlýtur að vakna spurningin: Hefði ekki verið eðlilegast og skynsamlegast að leggja samningana til hliðar og semja upp á nýtt? (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Enn þá eru í samningunum fjölmörg atriði sem eru ósanngjörn og algjörlega óaðgengileg fyrir Íslands hönd.

Brtt. 352,2.a felld með 35:11 atkv. og sögðu

já: BirgJ, BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, MT, SDG, SIJ, SF, VigH.

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BjarnB, EKG, GÞÞ, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa) greiddu ekki atkv.

1 þm. (IllG) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:25]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Þeir efnahagslegu fyrirvarar sem við erum að fjalla um ganga út á það að þjóðin greiði ákveðið hlutfall af vexti landsframleiðslu, þ.e. af hagvextinum frá 2008. Hugsunin var sú að miðað við þær forsendur sem Seðlabankinn gaf sér yrði reiknað út hvaða prósentu af þessari aukningu hagvaxtar þyrfti að greiða til að við greiddum alla skuldina — ef það yrði hagvöxtur. Niðurstaðan varð 3,85% gagnvart Bretum og 1,94% gagnvart Hollendingum. Í þeirri miklu baráttu sem hinn veiki og viðkvæmi meiri hluti Alþingis átti í við ríkisvaldið um að ná fram breytingum á þessum hræðilega samningi með því að takmarka ríkisábyrgðina var fallist á að nota 4% og 2%. Ég virði það samkomulag en get ekki greitt því atkvæði vegna þess að mér finnst skynsamlegra að nota þær tillögur sem hér eru lagðar til. Því sit ég hjá.

[10:26]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Ég á mjög erfitt með að skilja af hverju þessi tillaga er felld, mjög erfitt. Alveg eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti á eru þetta tillögur sem miðast við útreikninga Seðlabankans. Hverjum dettur í hug að auka greiðslubyrði Íslendinga um 3 milljarða? Ég bendi á að þetta er sú fjárhæð sem ríkisstjórnin skar niður til aldraðra og öryrkja fyrir nokkrum vikum.

Þessi litla prósentubreyting hafði í för með sér svo mikla aukningu á greiðslubyrði þjóðarinnar að hún nemur þeirri skerðingu sem aldraðir og öryrkjar þurfa að sæta. Ég hefði talið fyllilega eðlilegt að þetta yrði samþykkt vegna þess að það var eitt sinn meiri hluti fyrir því að hafa þessa prósentutölu 3,85 og 1,94. (Forseti hringir.)

Ég segi já við þessari tillögu.

Brtt. 352,2.b felld með 36:11 atkv. og sögðu

já: BirgJ, BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, MT, SDG, SIJ, SF, VigH.

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BjarnB, EKG, GÞÞ, JónG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa) greiddu ekki atkv.

1 þm. (IllG) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:28]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Formaður Sjálfstæðisflokksins kom upp í ræðupúlt áðan og sagði að það væri gríðarlega mikilvægt að þetta ákvæði væri skýrt. Hér er áréttting á því að ríkisábyrgðin falli niður 5. júní 2024. Ég bendi á að í næstu atkvæðagreiðslu koma einmitt fram þeir fyrirvarar sem meiri hlutinn leggur til að verði settir. Og hvað segir þar?

Þar segir: „Nú virðist á einhverjum tíma stefna í að lánsfjárhæðin ásamt vöxtum verði ekki að fullu greidd í lok lánstímans vegna hinna efnahagslegu viðmiða og skulu aðilar lánasamninganna þá tímanlega eiga með sér viðræður um meðferð málsins …“

Hvað þarf að ræða ef ríkisábyrgðin fellur raunverulega niður? Þar liggur blekkingin. Þar liggur stóra blekkingin, ef eitthvað gerist (Forseti hringir.) sem Íslendingum er í hag á enn á ný að ræða við Hollendinga og Breta. (**Heilbrrh.:** Ekki tala hagsmuni Íslendinga niður.)

[10:29]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:

Frú forseti. Hér er raunverulega verið að staðfesta skuldabréf. Þar af leiðandi hljótum við að vilja lágmarka áhættuna sem í því felst. Hvernig telja menn að brugðist verði við að þessu tímabili loknu verði ekki búið að greiða alla upphæðina sem augljóst er samkvæmt efnahagslegu fyrirvörunum að verður þá ekki að fullu greidd? Telja menn að Bretar og Hollendingar láti þá bara málið niður falla? Er ekki betra að hafa það skýrt frá upphafi svo óvissan sé ekki enn aukin sem leiðir af þessu gríðarlega stóra skuldabréfi, hafa það skýrt í upphafi að málinu verði lokið á þessum tímapunkti? Það er óskiljanlegt að menn skuli ekki vilja styðja þessa breytingartillögu en ég segi svo sannarlega já.

Brtt. 349,2 samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
nei: ÞrB.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

1 þm. (IllG) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:31]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Þegar ég gekk í sæti mitt eftir síðustu atkvæðaskýringu kallaði hæstv. heilbrigðisráðherra til mín og sagði að ég ætti ekki að tala hagsmuni Íslendinga niður. (**Heilbrrh.:** Þú átt ekki að gera það.) Síðan sagði hann í kjölfarið: „Þetta á að halda.“ Á að halda? Eigum við ekki að vera algjörlega viss um að þetta haldi? Eigum við, þó að ekki sé nema pínulítill vafi, eigum við þá ekki að gera það öruggt að það haldi? (**Heilbrrh.:** Hver er þín …?) Eigum við ekki einfaldlega að hafa það öruggt? Af hverju setja menn fyrirvara um eitthvað sem á að vera öruggt? Af hverju gera menn það ef raunverulegur vilji er til þess að ríkisábyrgðin falli niður 5. júní 2024? (**Heilbrrh.:** Vegna þess að við treystum Alþingi Íslendinga þegar þar að kemur.)

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti biður þingmenn um að vera ekki með samtöl í sal.)

[10:32]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég er sammála þeim þingmönnum sem hér koma upp og telja líklegt að það muni reyna á fyrirvarana í þessu máli. Þess vegna skiptir öllu að það sé skýrt hvað þingið á við með þeim breytingum sem verið er að gera á frumvarpinu og ég tel að það sé orðið alveg skýrt. Ég tel að þær breytingar sem urðu núna á milli 2. og 3. umr. hnykki sérstaklega á þessu mikilvæga atriði, þ.e. að ríkisábyrgðin er eitt og hún gildir bara í takmarkaðan tíma og hún er háð efnahagslegum og lagalegum fyrirvörum, samningarnir eru annað. Í þessari breytingartillögu er fjallað um þá stöðu sem er háð mikilli óvissu í dag og við eigum að afgreiða með þeim hætti að óvissuna þurfum við að viðurkenna og þess vegna er ekki loku fyrir það skotið að aðilarnir þurfi að eiga með sér viðræður en þær munu einungis snúast um samningana sjálfa, ekki ríkisábyrgðina. Hvergi í þessari grein (Forseti hringir.) er fjallað um að menn komi til með tala saman um ríkisábyrgðina. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, það er aðeins Alþingi sem getur gert breytingar á þeirri ríkisábyrgð sem verður afgreidd hér í dag.

[10:33]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Það er aðall sérhverrar lagasetningar að hún gerir ráð fyrir öllum möguleikum og spurningin er sú: Hvað á að gera við afganginn? Ef hagvöxtur verður minni en spáð var eða endurgreiðslur úr eignum Landsbankans verða minni eða gengi pundsins hækkar óeðlilega verður að gera einhverjar ráðstafanir. Þá verður forsendubrestur, brestur á þeim forsendum sem Bretar og Hollendingar hafa samþykkt því að annars gildir ekki ríkisábyrgðin. Þá setjast menn niður og benda væntanlega á Brussel-viðmiðin og á það að þeir hafi fallist á þessar forsendur. Þá er alveg í lófa lagið hvort Íslendingar greiði yfirleitt nokkuð meira. Ég geri ráð fyrir því að þá muni menn benda á bæði Brussel-viðmiðin og það að Bretar og Hollendingar hafi fallist á þessar forsendur og líka á fordæmalausa stöðu Íslands. Ég reikna með því að þá muni menn ekki greiða neitt, þetta falli bara niður. En það þarf að gera eitthvað við það og þess vegna finnst mér þetta nauðsynleg viðbót. Ég segi já.

Brtt. 352,3.a, 1.–2. málsl., felld með 48:9 atkv. og sögðu

já: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH.
nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BjG, BjörgvS, BVG, EKG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

5 þm. (BirgJ, BjarnB*, MT, ÞKG, ÞSa) greiddu ekki atkv.

1 þm. (IllG) fjarstaddur.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:35]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Hér er eingöngu um að ræða styrkingu á breytingartillögu meiri hlutans. Hún gengur einfaldlega út á það að fáist úr því skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila, þá eigi einfaldlega að ganga á ný til viðræðna við Hollendinga og Breta. Hér er áréttað að sami fyrirvari eigi við ef betri réttur skapast á sviði Evrópulöggjafar, hún skýrist, eða ef lagaleg skylda til að ábyrgjast innstæður minnkar eða á annan hátt liggur fyrir að ríkisábyrgð sé ekki til staðar.

Ég óskaði eftir því að Stefán Már Stefánsson lagaprófessor kæmi fyrir fjárlaganefnd til að skýra þennan lið. Því var hafnað. Ég hef rætt við færustu lögmenn, þar á meðal hér úr hópi þingmanna, sem segja að breytingartillögur meiri hlutans séu það rýrar (Forseti hringir.) að það þurfi í rauninni eitthvað að detta af himnum ofan til að þetta falli Íslendingum í hag. Ég segi já.

[10:37]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Þessi breytingartillaga kallast á við breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu á fyrri stigum þar sem Alþingi var tryggð sú staða að þingið gæti gert frekari takmarkanir á ríkisábyrgðinni ef þessi atvik mundu koma upp í framtíðinni.

Ég verð að segja um þá breytingartillögu sem við greiðum nú atkvæði um að hún er ekki fullkomin. Jafnvel þó að maður væri efnislega sammála henni er orðalagið þannig að það er ekki hægt að fallast á hana. Til dæmis þar sem segir: „Fáist síðar úr því skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila að ríkisábyrgð gildi ekki, …“ Að ríkisábyrgð gildi ekki?

Við erum að setja ríkisábyrgð á bak við samningana. Álitaefnið snýst ekki um það hvort ríkisábyrgðin gildi ekki, lagalegi ágreiningurinn hefur snúist um skylduna til þess að veita ríkisábyrgð. Það hefði því átt að orða þetta þannig að íslenska ríkinu bæri ekki skylda (Forseti hringir.) til að veita ríkisábyrgð en ekki um gildi ríkisábyrgðarinnar sem slíkrar. Ég tel að búið sé að girða fyrir þær hættur sem þessi breytingartillaga er sett fram til að mæta.

Brtt. 352,3.a, 3. málsl., felld með 36:9 atkv. og sögðu

já: BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH.

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BirgJ, BjarnB, EKG, GÞÞ, JónG, KÞJ, MT, ÓN, REÁ, RR, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa) greiddu ekki atkv.

1 þm. (IllG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:39]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Hér er lagt til að ef í ljós kemur að skaði hafi hlotist af aðgerðum breskra og hollenskra stjórnvalda fyrir þrotabú Landsbanka Íslands, eigi íslenska ríkið að njóta þess þegar kemur til útgreiðslu úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. Þetta ákvæði er sett með það í huga að mjög líklegt er að einhverjir kröfuhafar láti reyna á það hvort Bretar hafi beitt hryðjuverkalögunum ólöglega gagnvart Landsbankanum. Mér finnst það ankannalegt í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram í 3. umr., þar sem fyrir fjárlaganefnd komu Þorsteinn Einarsson hrl. og Þórhallur Þorvaldsson og bentu á að sambærilega við þetta ákvæði gæti hugsanlega reynt á skuldajöfnuð. Við erum að tala um hagsmuni upp á tugi ef ekki hundruð milljarða. (Forseti hringir.) Ég segi já.

Brtt. 352,3.b felld með 36:10 atkv. og sögðu

já: BirgJ, BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH.

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BjarnB, EKG, GÞÞ, JónG, KÞJ, MT, ÓN, REÁ, RR, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa) greiddu ekki atkv.

1 þm. (IllG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:41]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður benti á að það væri afar óeðlilegt ákvæði í lánasamningunum sem segði að breski innstæðutryggingarsjóðurinn stæði jafnfætis við útgreiðslu á fjármunum úr þrotabúi Landsbankans. Það er breytingartillaga þess efnis hjá meiri hlutanum ef innstæðutryggingarsjóðurinn eigi að höfða dómsmál. Við leggjum einfaldlega til að það verði látið á það reyna fyrir slita- og skiptastjórn þrotabús Landsbanka Íslands hvort kröfur hans gangi við úthlutun framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu. Þetta er lykilatriði til þess að rétturinn til að fara í dómsmál stofnist. Ég vil taka það fram vegna þess að hér komu þingmenn Sjálfstæðisflokksins áðan og sögðu að þeir vildu ekki ganga inn í samningana. Meiri hlutinn er með breytingu í svipaða veru einmitt um að ganga inn í samningana. Við erum að breyta ósanngjörnu ákvæði samninganna og það er einmitt það sem næsta atkvæðagreiðsla (Forseti hringir.) gengur út á. Ég segi já.

Brtt. 349,3 samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁÞS, ÁsbÓ, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, GuðbH, GLG, GÞÞ, HHj, JóhS, JBjarn, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, ÞKG, ÞSa, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

nei: ÞrB.

9 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, SDG, SIJ, SF, VigH) greiddu ekki atkv.

1 þm. (IllG) fjarstaddur.

Brtt. 352,4 felld með 36:11 atkv. og sögðu

já: BirgJ, BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, MT, SDG, SIJ, SF, VigH.

nei: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BjG, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÞrB, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BÁ, BjarnB, EKG, GÞÞ, JónG, KÞJ, ÓN, REÁ, RR, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa) greiddu ekki atkv.

1 þm. (IllG) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:43]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Ég nefndi áðan í ræðu að á margan hátt væri verið að blekkja almenning með þeim fyrirvörum sem meiri hlutinn er að flytja. Hér leggur Framsóknarflokkurinn til að til að fyrirbyggja greiðslufall ríkissjóðs falli ríkisábyrgðin niður ef hlutfall erlendra skulda þjóðarbúsins af vergri landsframleiðslu fer yfir 240%, hlutfall erlendra skulda opinberra aðila af skatttekjum fer yfir 250% o.s.frv.

Meiri hlutinn ákvað að setja þetta ákvæði inn í nefndarálitið. Af hverju var það gert? Jú, vegna þess að þá dregur verulega úr gildi þess. Ef raunverulegur vilji er að hafa svona ákvæði inni í fyrirvörunum ber þingmönnum að segja já við þessari tillögu okkar framsóknarmanna (Forseti hringir.) og ég vil benda á að það var meiri hluti á Alþingi fyrir því að þetta yrði haft svona. Ég segi já.

[10:44]

Kristján Þór Júlíusson:

Hæstv. forseti. Eins og komið hefur ágætlega fram í umræðu um þetta mál hafa þeir fyrirvarar og skilyrði sem Alþingi vill setja ríkisábyrgðinni verið geirnegldir inn með

þeim breytingartillögum meiri hlutans sem hér liggja fyrir. Því er rangt að halda því fram að með þeim fyrirvörum sé verið að blekkja almenning. Það stendur ekki til og hefur ekki staðið til og vonandi verður það ekki svo í framtíðinni heldur.

Hér er á ferðinni tillaga sem er í rauninni ekkert annað en skilgreining, frekari skilgreining á því hvað átt er við með viðráðanlegri fjárhagsbyrði. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni áðan er þess getið í greinargerð meiri hlutans þar sem hún liggur fyrir og þar er um að ræða túlkun á því ákvæði í lögunum sem ríkisábyrgðinni eru sett. Það er gott, en ég greiði hins vegar ekki þessari tillögu atkvæði mitt.

Frv., svo breytt, samþ. með 34:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjG, ÖJ, ÖS, AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JBjarn, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSveinb, ÁRJ.

nei: ÁJ, BÁ, BirgJ, BJJ, EyH, GStein, GBS, HöskÞ, MT, SDG, SIJ, SF, VigH, ÞrB.

14 þm. (ÁsbÓ, BjarnB, EKG, GÞÞ, JónG, KÞJ, ÓN, PHB, REÁ, RR, TÞH, UBK, ÞKG, ÞSa) greiddu ekki atkv.

1 þm. (IllG) fjarstaddur.

17 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:47]

Árni Þór Sigurðsson:

Forseti. Það er ekki ofmælt að hér sé á ferðinni eitt stærsta og erfiðasta viðfangsefni sem Alþingi hefur fengist við um langt skeið. Það er engu okkar gleðiefni að þurfa að vinna úr þeim hörmungum sem efnahagshrunið sl. haust orsakaði en það verkefni er hins vegar óhjákvæmilegt og lausn þess máls sem hér er til afgreiðslu er þýðingarmikill áfangi á þeirri vegferð. Nú er brýnt að horfa fram á veg og við sameinumst í að vinna okkur út úr erfiðleikunum og byggja upp efnahags- og atvinnulíf okkar. Við höfum alla burði til þess og við eigum að líta björtum augum til framtíðar. Ég segi já.

[10:48]

Birkir Jón Jónsson:

Frú forseti. Nú þegar við 63 alþingismenn á Alþingi Íslendinga greiðum atkvæði um eina stærstu skuldbindingu sem verið er að setja á herðar íslenskri þjóð er mikilvægt að vel hafi verið staðið að allri vinnu innan dyra. Við framsóknarmenn höfum verið sakaðir um að hafa málað okkur út í horn í þessari umræðu þrátt fyrir að eiga marga fylgismenn úti í samfélaginu sem síðast í gær bentu á að margt megi betur fara í vinnubrögðum Alþingis í þessu máli. Í samræmi við þá sannfæringu mína að ekki sé búið að vinna þetta mál nægilega vel af hálfu Íslendinga segi ég tvímælalaust nei við þessu í þessari atkvæðagreiðslu og ég hvet aðra félaga mína á þingi að gera slíkt hið sama.

[10:49]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Við lokaafgreiðslu málsins stöndum nú við frammi fyrir frumvarpi sem á ekkert skylt við það frumvarp sem ríkisstjórnin tefldi fram fyrr í sumar. Þingið hefur komið að hverri einustu grein þessa máls og breytt og aðlagað að þeim kröfum og umræðum sem verið hafa í þinginu. Nú eru greidd atkvæði um mál sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd hafa átt stóran þátt í að mynda. Þannig er málið eins og umræðan hefur sýnt, allt öðruvísi vaxið en til stóð. Það breytir því ekki að ríkisábyrgðin sem verið er að greiða atkvæði um er nátengd samningunum sem ríkisstjórnin skrifaði upp á og hún hefur, með því að láta undir höfuð leggjast að gæta hagsmuna okkar (Forseti hringir.) með samskiptum við önnur stjórnvöld, komið málinu í þennan ómögulega farveg. Ég hyggst ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu sem orðið hefur til með þessum hætti sem ég hef lýst heldur sit ég hjá og lýsi þannig ábyrgð á málinu í heild á hendur ríkisstjórninni.

[10:51]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Í þessu eina stærsta máli Íslandssögunnar byggi ég ákvörðun mína í þessari atkvæðagreiðslu á þrem þáttum: Í fyrsta lagi tel ég að óvissa sé um hvort við eigum almennt að borga eða standa undir ríkisábyrgð samkvæmt tilskipuninni. Í öðru lagi, ef við samþykkjum greiðsluskyldurnar sem pólitíska lausn tel ég að alger óvissa sé um hversu mikið við eigum í raun og veru að greiða. Í þriðja lagi tel ég, þrátt fyrir mikla umræðu á þinginu, algera óvissu um hvort þessir fyrirvarar haldi og hvort þeir séu nógu góðir og því segi ég nei.

[10:52]

Guðbjartur Hannesson:

Hæstv. forseti. Við erum að taka til lokaafgreiðslu erfitt og þungt mál sem verður vonandi leitt hér til lykta. Í meðförum þingsins hefur sú ríkisábyrgð sem verið hefur til umfjöllunar lotið miklum og öflugum fyrirvörum sem við verðum síðan að fylgja eftir. Það er Alþingi sem setur þessa fyrirvara og það er Alþingi sem mun fylgja þeim eftir. Við treystum á að þeir haldi og höfum fullvissu fyrir því.

Málið er þungt en krafðist lausnar og niðurstöðu og ég treysti á að sú niðurstaða fáist. Ég vísa öllum ummælum um að einhver blekkingaleikur hafi verið í gangi eða að hér sé einhver feluleikur á ferð út í hafsauga og segi já.

[10:53]

Gunnar Bragi Sveinsson:

Virðulegi forseti. Við erum, eins og fram hefur komið, að greiða atkvæði um eitthvert stærsta mál sem komið hefur fyrir Alþingi væntanlega fyrr og síðar varðandi skuldbindingar upp á tugi eða hundruð milljarða af íslenskri þjóð til framtíðar. Það skiptir öllu máli að við séum alveg klár á því hvað við erum að samþykkja. Ég fæ ekki séð að alþingismenn séu yfirleitt alveg klárir á því hvað þeir takast á hendur með þessum samningum. Hér þarf að skýra málið betur.

Eigum við yfirleitt að borga? Það er stór spurning. Við höfum ekki fengið því svarað. Að mínu viti er verið að kúga íslenska þjóð af öðrum þjóðum til að taka á sig skuldbindingar sem henni ber ekki að taka á sig. Hversu mikið munum við borga? Við vitum það ekki heldur. Þessir samningar eða lagafrumvarp, sem verður væntanlega samþykkt,

þarfnast miklu meiri umfjöllunar og yfirferðar og það lýsir sér best í því, svo ótrúlegt sem það er, að enginn sérfræðingur í breskum lögum hefur lesið þetta fyrir Íslands hönd. Ég segi nei.

[10:54]

Höskuldur Þórhallsson:

Virðulegi forseti. Við framsóknarmenn höfum barist fyrir því í allt sumar að upplýsa um hversu slæmir samningarnir voru. Við háðum t.d. harða baráttu fyrir því að samningarnir yrðu birtir, að leynigögn yrðu gerð opinber, við spurðum ítrekað hvort öll gögn í málinu væru komin fram. Við fengum þau svör að svo væri. Við reyndum að höfða til réttlætiskenndar alþingismanna vegna þess að Íslendingum ber ekki að greiða þessar skuldir. Við reyndum líka að höfða til skynsemi manna á Alþingi vegna þess að það er skynsamlegast og hreinlegast að leggja samningana til hliðar og semja upp á nýtt. Enn, þrátt fyrir (Forseti hringir.) fyrirvara, er mikil óvissa í málinu. Ég segi nei.

[10:57]

Margrét Tryggvadóttir:

Frú forseti. Þeir fyrirvarar sem settir hafa verið við frumvarpið teljast mjög góðir og ég vona að þeir haldist og gagnist ekki bara okkur heldur einnig að þeir geti orðið ný og sanngjarnari viðmið í samningum skuldsettra þjóða um víða veröld. Ég lít á fyrirvarana sem nýtt samningsboð. Þeir breyta því þó ekki að það er fáránlegt að skella tapi einkafyrirtækis á þjóðina og því segi ég nei við þessu frumvarpi.

[10:57]

Oddný G. Harðardóttir:

Virðulegi forseti. Samningarnir um Icesave-skuldbindingarnar eru veigamikill hluti af endurreisnarferli því sem nú er unnið að. Það markmið að afgreiða ríkisábyrgðina, sem gerir samningana gilda, í sem mestri sátt náðist í meðförum þingsins. Breytingartillögur þær sem hér hafa verið samþykktar eru afrakstur samvinnu allra stjórnmálaflokka með góðu innleggi fjölda gesta sem komu fyrir þær nefndir sem unnu með málið. Við teygðum okkur öll í átt að lausninni enda mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að slíkt mál fari ekki frá þinginu í ágreiningi eða ósætti. Ég segi já.

[10:59]

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:

Frú forseti. Fyrirvararnir eru vissulega til bóta vegna þess að þeir rýra vonandi að einhverju leyti gildi samningsins. Ég taldi að þegar lagt var af stað í þessa fyrirvaravinnu væri það fyrst og fremst til að sýna fram á að samningarnir væru óásættanlegir en ekki til að gera samningana ásættanlega fyrir Breta og Hollendinga. Þess vegna finnst mér umræðan um þetta allt saman búin að vera mjög undarleg og enn á ný í dag hefur komið í ljós að þeir sem að þessu standa skilja þetta allt hver á sinn hátt. Það er algerlega óljóst hvernig þetta verður allt saman, hvort verður ofan á á endanum samningurinn, sem enn fleiri virðast nú halda fram að eigi að halda gildi sínu, eða fyrirvararnir, sem augljóslega eru ekki samræmanlegir samningnum. Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt og er, frú forseti, orðið eitt allsherjarrugl. Það er algerlega óásættanlegt að við þessar aðstæður þar sem þessi óvissa ríkir og málið er unnið með þessum hætti, að ekki skuli einu sinni fengnir nægilega fróðir sérfræðingar til að fara yfir málið. Það verður algerlega óásættanlegt að þingið afgreiði þetta mál og samþykki. Ég segi nei, nei, nei.

[11:00]

Sigurður Ingi Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Að frávísunartillögu okkar framsóknarmanna felldri við 2. umr. höfum við áfram haldið að reyna að bæta frumvarpið, frumvarp ríkisstjórnarinnar, og þrátt fyrir mikla vinnu og talsverðan árangur en einnig allnokkra samstöðu í þinginu um að gera fyrirvara við ríkisábyrgðina við þennan vonda, vonlausa samning sem er óásættanlegur fyrir land og þjóð tel ég enn best að setja samninginn til hliðar og hefja samningaviðræður að nýju við Hollendinga og Breta. Fyrirvararnir eru sannarlega miklu betri en frumvarpið eins og það kom fram fyrst en um það gilda margir óvissuþættir eins og hér hefur komið fram, bæði í umræðum á síðustu dögum og vikum, en einnig við atkvæðaskýringar.

Ég segi því nei og legg til að við göngum að nýju til samninga við Breta og Hollendinga.

[11:01]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er ekki breið samstaða í Icesave-málinu, hér er ekki 63:0. Nú þegar hafa þingmenn úr þremur stjórnmálaflokkum greitt atkvæði gegn þessum samningi.

Framsóknarmenn telja eðlilegast og heiðarlegast að hafna því að veita ríkisábyrgðina og setjast þess í stað að samningaborðinu að nýju og freista þess að ná sanngjarnari niðurstöðu. Komið hefur í ljós að þjóðarbúið er mun skuldsettara en þegar samningurinn var undirritaður. Fyrirvararnir sem hafa verið ræddir eru til bóta en þeir ganga ekki nógu langt að okkar mati.

Fram hefur komið að hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafi sagt að samningunum verði ekki raskað með þessum fyrirvörum, þetta rúmist allt innan samninganna. Bretar og Hollendingar munu ekki fara gegn þeirri niðurstöðu sem hér er að verða því að hér er þjóðþing fámennrar þjóðar sem stendur í efnahagslegu fárviðri að taka ákvörðun í mjög óréttlátu máli.

Niðurstaðan sem hér er að verða er röng. Réttara er að vísa ríkisábyrgðinni frá (Forseti hringir.) og freista þess að ná sanngjarnari niðurstöðu. Þetta mál er allt of stórt til að við látum ekki (Forseti hringir.) á það reyna, virðulegur forseti. Ég segi nei.

[11:03]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég segi já, í fyrsta lagi vegna þess að ég treysti því að hér sé að verða til efniviður í eins farsæla lausn á þessu máli og í boði er. Ég segi já í öðru lagi vegna þess að ekki verður undan því komist að leysa þetta mál. Við eigum ekki val í þeim efnum, það hverfur ekki. Og ég segi já í þriðja lagi vegna þess að þetta mál hefur staðið og mundi óleyst standa í vegi fyrir fjölmörgum mikilvægum

verkefnum sem verður að vinna og tengjast úrvinnslu efnahagshrunsins sem hér varð og nauðsynlegrar endurreisnar í íslensku efnahagslífi og íslenskum þjóðarbúskap.

Ég segi því já með góðri samvisku vegna þess að það er ekkert annað skynsamlegt að gera. Ég segi já, jafnvel þótt fyrr hefði verið.

[11:04]

Vigdís Hauksdóttir:

Virðulegi forseti. Sú samstaða sem er búið að ræða hér um í þessum samningum og þessu frumvarpi er ekki til staðar, það sýnir nú þegar atkvæðagreiðslan hér í dag. Hér er verið að ríkisvæða einkaskuldir, hér er um dæma- og fordæmalaust mál að ræða. Um málið ríkir gríðarleg lagaóvissa og engin trygging er fyrir því að fyrirvararnir haldi fyrir breskum dómstólum. Þjóðin á að njóta vafans í þessu máli.

Það eitt að ákvæði er um það í fyrirvörunum að fullveldisréttur þjóðarinnar, friðhelgi og óskoruð yfirráð Íslands yfir náttúruauðlindum sínum sé þar inni er viðurkenning á því að þetta var ekki í samningunum og þessi réttur var fyrir borð borinn. Þetta eru neyðarsamningar sem hér liggja fyrir. Ég segi nei.

[11:05]

Þór Saari:

Virðulegur forseti. Hér er Alþingi að greiða atkvæði um mál sem kom handónýtt frá framkvæmdarvaldinu. Alþingi tók völdin. Það er því skref í rétta átt hvað þingræðið varðar á Íslandi í þessu máli. Þingið hefur unnið vel og gert margar mikilvægar breytingartillögur við þetta frumvarp og þær styð ég.

Hér er hins vegar líka verið að velta skuldum einkafyrirtækis yfir á almenning í landinu, skuldum sem stofnað var til í siðspilltu og óréttlátu viðskiptaumhverfi sem stofnað var til þar sem líka þreifst siðspillt stjórnmálaumhverfi. Því get ég ekki greitt þessari ábyrgð atkvæði mitt.

[11:06]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það hillir undir lok á afar erfiðum og löngum pólitískum vetri hér á landi. Það þing sem Íslendingar kusu 25. apríl fékk það hlutverk að reisa land og þjóð úr rústum bankahrunsins. Það krefst erfiðra, umdeildra og jafnvel þungbærra ákvarðana eins og þeirra sem hér er verið að greiða atkvæði um. Það er okkar hlutverk að reisa efnahagslíf Íslands við, það er okkar hlutverk að taka erfiðar ákvarðanir, það er okkar hlutverk að gefa fólki von um framtíðina — og þess vegna segi ég já, frú forseti.

[11:07]

Þráinn Bertelsson:

Virðulegi forseti. Þegar sú læknismeðferð sem stendur til boða er bæði hættulegri og kvalafyllri en sjúkdómurinn sjálfur er sjúklingurinn í verulegri hættu staddur. Ég segi nei.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 358).

[Fundarhlé. — 11:08]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:24]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjG, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GStein, GBS, HHj, JóhS, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SVÓ, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÖJ.

1 þm. (BirgJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BjarnB, GLG, GÞÞ, HöskÞ, IllG, JBjarn, KÞJ, ÓÞ, ÓN, SDG, SJS, SSv, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 172. mál. — Þskj. 356.

[11:24]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 27. ágúst 2009 eða síðar ef nauðsyn krefur til 1. október 2009.“

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjG, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JóhS, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, PHB, REÁ, RR, RM, SER, SII, SIJ, SF, SkH, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MT) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BjarnB, GÞÞ, IllG, JBjarn, KÞJ, ÓÞ, ÓN, SDG, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:25]

Tryggvi Þór Herbertsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að mikið hefur mætt á þinginu í sumar en það mæðir enn meira á heimilum og fyrirtækjum landsins. Það er því ekki augljóst að fresta beri þinginu. En í trausti þess að nefndir þingsins muni starfa áfram að málefnum heimila og fyrirtækja mun ég styðja þessa ályktun en geri það þó með semingi.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 361).

Breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 89. mál. — Þskj. 323, brtt. 326.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:27]

Brtt. 326 samþ. með 34:10 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjG, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞrB, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, EKG, HöskÞ, JónG, PHB, REÁ, RR, TÞH, UBK, VigH.

8 þm. (BJJ, EyH, GStein, GBS, SDG, SIJ, SF, ÞSa) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BjarnB, GÞÞ, IllG, JBjarn, KÞJ, ÓÞ, ÓN, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35:12 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BirgJ, BjG, BjörgvS, BVG, GuðbH, GLG, HHj, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, RM, SER, SII, SkH, SJS, SVÓ, SSv, VBj, ÞSa, ÞrB, ÖJ, ÖS.

nei: BÁ, EKG, EyH, HöskÞ, JónG, PHB, REÁ, RR, SF, TÞH, UBK, VigH.

5 þm. (BJJ, GStein, GBS, SDG, SIJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁsbÓ, BjarnB, GÞÞ, IllG, JBjarn, KÞJ, ÓÞ, ÓN, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 362).

Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 160. mál (upplýsingar um fjárframlög 2002–2006). — Þskj. 281, nál. 341.

[11:29]

Frsm. allshn. (Steinunn Valdís Óskarsdóttir) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ásgeir Ágústsson frá forsætisráðuneyti. Þá barst nefndinni minnisblað frá Ríkisendurskoðun. Með frumvarpinu er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem heimilar Ríkisendurskoðun að taka við og birta upplýsingar um framlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda þeirra aftur í tímann ef þeir óska eftir því. Frumvarpið er byggt á viljayfirlýsingu stjórnmálasamtaka sem fulltrúa eiga á Alþingi auk Frjálslynda flokksins en markmið þess er að endurskapa traust sem nauðsynlegt er að ríki um starfsemi stjórnmálasamtaka í landinu.

Nefndin ræddi um þá heimild sem Ríkisendurskoðun er falin til að taka við og birta upplýsingar að ósk stjórnmálasamtaka og frambjóðenda. Hún felur í sér að frumkvæði þarf að koma frá stjórnmálasamtökunum og frambjóðendunum sjálfum.

Þá ræddi nefndin nokkuð um ákvæði frumvarpsins um birtingu upplýsinga um fjárframlög en í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að allir styrkir frá lögaðilum sem ekki hafa krafist trúnaðar séu birtir en ef um einstakling er að ræða þurfi birting ætíð að byggjast á samþykki einstaklingsins. Nefndinni voru kynntar upplýsingar þess efnis að Persónuvernd teldi æskilegt, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða og ákvæða um friðhelgi einkalífs, að miðlun upplýsinga um fjárframlög einstaklinga til Ríkisendurskoðunar byggðist einnig á samþykki einstaklinganna. Af því tilefni beinir nefndin því til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda að áður en upplýsingar eru sendar Ríkisendurskoðun til birtingar verði samþykkis viðkomandi einstaklinga fyrir þeirri málsmeðferð afdráttarlaust aflað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Vigdís Hauksdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir skrifa undir þetta álit með fyrirvara. Ásmundur Einar Daðason, Birgir Ármannsson og Róbert Marshall voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en auk þeirrar sem hér stendur skrifa undir álitið Atli Gíslason, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara, Unnur Brá Konráðsdóttir, með fyrirvara, og Þráinn Bertelsson.

[11:31]

Vigdís Hauksdóttir (F) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli framsögumanns skrifaði ég undir nefndarálitið með fyrirvara. Það var fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum frekar en vegna efnis frumvarpsins. Eins og þingmenn vita er ekki hægt að setja lög sem gilda afturvirkt. Þess vegna er smálýðskrumslykt af þessu því að raunverulega er bara verið að fela það vald til þingmanna að þeir megi senda Ríkisendurskoðun bókhald sitt og að ríkisendurskoðandi megi taka við því. Þetta afturvirka ákvæði heftir mjög frumvarpið miðað við það sem farið var af stað með í byrjun og ríkisstjórnin kynnti en lagatæknileg atriði urðu til þess að ekki var hægt að fara fram með málið í þeim búningi.

Ég vildi að það kæmi fram. Á fundum nefndarinnar kom einnig fram að það væri engin skylda hjá þingmönnum að gera þetta af því að lögin eru ekki afturvirk og margir stjórnmálamenn — því að þetta á náttúrlega við um alla stjórnmálamenn, ekki bara þingmenn — væru því búnir að henda bókhaldinu. Þetta væri kannski til þess fallið að æsa fjölmiðlamenn upp í að komast í bókhald stjórnmálamanna en það verður hver og einn þingmaður að gera þetta upp við sig. Þetta frumvarp er lagt fram af öllum formönnum stjórnmálaflokkanna og ég og Framsóknarflokkurinn munum greiða þessu frumvarpi atkvæði okkar en ég vildi koma þessum tæknilegu atriðum til skila.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:34]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Heimild ríkissjóðs Íslands til viðbótarlántöku á árinu 2009, 2. umr.

Frv. efh.- og skattn., 133. mál. — Þskj. 186, nál. 355.

[11:35]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það hefur verið skoðað undanfarna daga hvort þetta mál þurfi nauðsynlega að hljóta afgreiðslu hér og nú. Það er langt liðið á sumar og styttist í að þing komi saman að nýju þar sem venju samkvæmt verður lagt fram fjáraukalagafrumvarp og leiðréttar lántökuheimildir eða aflað þeirra heimilda sem talið er þurfa innan ársins. Sú skoðun leiðir í ljós að ekki er nauðsynlegt að afgreiða þetta mál nú vegna þess hvernig áform um lántökur hafa þróast. Þá mun ekki reyna á það a.m.k. fyrr en fyrri hluta vetrar að fullnýta þær heimildir sem ætlunin var að afla með þessu frumvarpi. Sömuleiðis hefur verið kannað að Landsvirkjun sér ekki fram á að hún þurfi á þeim heimildum að halda nú í septembermánuði a.m.k. sem henni voru ætlaðar í þessu frumvarpi. Niðurstaða af þeirri skoðun er því að taka megi þetta mál af dagskrá en ekki er hægt að útiloka að í staðinn verði að afgreiða heimildir með skjótum hætti í upphafi þings í októbermánuði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:36]

Útbýting:

Beiðnir um heimild til greiðsluaðlögunar, 174. mál, fsp. UBK, þskj. 360.

Frestun á nauðungarsölum fasteigna, 173. mál, fsp. UBK, þskj. 359.

Fundi slitið kl. 11:36.

---

60. FUNDUR

föstudaginn 28. ágúst,
að loknum 59. fundi.

Dagskrá:

1. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv., 165. mál, þskj. 314. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, frv., 160. mál, þskj. 281. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Um fundarstjórn.

Svar við fyrirspurn.

[11:38]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Í gær barst mér svar frá fjármálaráðherra um gengistryggðar og verðtryggðar eignir og skuldir bankanna. Fyrirspurnin var í fjórum liðum og í svarinu er mér einfaldlega neitað um svör. Það er vísað til þess að réttur minn sem alþingismaður takmarkist við opinber málefni. Ég mótmæli því harðlega að þetta eigi við allar þær fjórar spurningar sem ég bar upp í þessari fyrirspurn til ráðherra og fullyrði raunar að hægt hefði verið að svara öllum þessum spurningum efnislega án þess að koma inn á einkarétt eða viðskiptalegar upplýsingar eins og vísað er til í svarinu.

Ég tel mjög mikilvægt að fá að heyra frá ráðherra hvernig hann hyggst koma í veg fyrir ákveðinn hagsmunaárekstur sem getur komið upp hjá ríkinu gagnvart þessum tveimur þáttum sem ég er að spyrja sérstaklega um, gjaldeyrisjöfnuð og verðtryggingajöfnuð, og til hvaða aðgerða ráðherrann hyggst grípa til að koma í veg fyrir að ríkið geti hagnast óeðlilega af aðstæðum sem núna eru á fjármálamarkaði. Því hyggst ég senda formlegt bréf til ráðherra og reyna að krefja hann svara við þessum spurningum sem ég hef (Forseti hringir.) og fer fram á það eða beini þeim tilmælum til ráðherra hér og nú að hann svari spurningum mínum eftir bestu getu og samkvæmt lögum.

[11:40]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur nokkuð til síns máls í því að hvað varðar 2. og 4. tölulið spurningarinnar hefði verið rétt að gera skýrari efnisleg svör en gert er í þessu svari. Enn varðandi 1. og 3. tölulið er það endurtekið efni og það er rækilega útskýrt í þessu svari og reyndar vitnað í svör við fyrri fyrirspurnum hvernig það mál er vaxið. Engu að síður er rétt að minna á að ríkið sem eigandi að fjármálafyrirtækjum ætlar að leggja á þau umtalsvert meiri kvaðir um upplýsingaskyldu en skylt væri að lögum og verður þeim í raun og veru gert að veita upplýsingar eins og um væri að ræða skráð fyrirtæki á markaði með ársfjórðungslegri upplýsingagjöf og árlegri skýrslugjöf.

En varðandi svör við töluliðum 2 og 4 get ég gefið þau munnlegu svör að það hafa ekki verið til skoðunar sérstakar aðgerðir enda er lítið um það, því miður, að ríkið sé að hagnast á efnahagsáföllunum sem hér hafa orðið. Svarið er í raun og veru nei, (Forseti hringir.) það hafa ekki verið í skoðun sérstakar aðgerðir vegna þess að ríkið sé að hagnast sérstaklega á núverandi aðstæðum í íslensku efnahagslífi.

[11:41]

Eygló Harðardóttir (F):

Frú forseti. Ég get sannarlega tekið undir það sem ráðherrann sagði að það er mjög skýrt varðandi spurningar 2 og 4 að þær varði ekki einkaréttarlegar upplýsingar heldur stefnumörkun ráðherrans sjálfs og þess vegna hvet ég hann til þess, að ef hann hefur ekki þegar gert það eins og kom fram í svari hans, að hann fari að skoða hvernig hægt sé að koma í veg fyrir þessa hagsmunaárekstra.

Ég tel líka að hinar spurningarnar, í lið 1 og 3, varði op-

inber málefni. Þess vegna fer ég fram á það að fá svar við þeim spurningum líka og þætti mér gott að fá þær skriflega og sem svar við því bréfi sem ég mun senda. Þó að það sé ekki staðan núna liggur a.m.k. fyrir að ríkið mun verða mjög stór aðili á bankamarkaði og fjármálamarkaði um ókominn tíma, við höfum ekki séð nein tímamörk hvað það varðar. Það skiptir miklu máli að gætt sé að hagsmunum almennings, ekki bara hagsmunum bankanna í þeim aðgerðum sem ríkisvaldið grípur til.

[11:42]

Fjármálaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Það er ljúft og skylt að reyna að svara hv. þingmanni, eins og auðvitað þingmönnum öllum, um öll þau mál sem spurt er um eftir því sem hægt er. Það skal ekki standa á mér að reyna að eiga orðastað við hv. þingmann og svara fyrirspurnum eða ræða þetta mál strax og þing kemur saman á nýjan leik.

Varðandi spurningar 1 og 3 þá er það einfaldlega þannig að það er löggjafans sjálfs, ef hann vill búa um þessa hluti með öðrum hætti en gert er að lögum í því skyni að viðskiptalegar upplýsingar úr bankakerfinu séu opnari og aðgengilegri, þá er það mál sem snýr ekki að framkvæmdarvaldinu heldur löggjafanum í raun og veru. Það er ekki hægt að krefja ráðherra um svör við spurningum sem þeim er óheimilt að veita og þegar sá sem í hlut á og yrði að reiða fram upplýsingarnar, þ.e. viðkomandi fjármálastofnun, telur sig ekki geta það og ekki vera það heimilt hlýtur það eðli málsins samkvæmt að koma aftur til kasta löggjafans að svara þeirri spurningu: Vilja menn gera breytingu á lögum? Vilja menn ganga frá þessu með einhverjum öðrum hætti? Ég mundi þá kannski senda fyrirspurn til Alþingis um það mál.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:44]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GBS, HHj, HöskÞ, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, PHB, REÁ, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB.

2 þm. (BirgJ, MT) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁPÁ, ÁJ, ÁsbÓ, GÞÞ, GStein, IllG, JBjarn, JónG, ÓN, RR, SkH, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. 3. umr.

Frv. efh.- og skattn., 165. mál (vörugjöld á matvæli). — Þskj. 314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:45]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, HHj, JóhS, JónG, JRG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, LMós, MSch, OH, ÓÞ, ÓN, REÁ, RR, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, VBj, ÞSa, ÞrB.

9 þm. (ÁJ, EKG, GBS, HöskÞ, KÞJ, MT, PHB, UBK, VigH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁPÁ, ÁsbÓ, GÞÞ, IllG, JBjarn, SkH, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 363).

Fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 3. umr.

Frv. JóhS o.fl., 160. mál (upplýsingar um fjárframlög 2002-2006). — Þskj. 281.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:46]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, ÁÞS, ÁsmD, ÁRJ, BÁ, BirgJ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BVG, EKG, EyH, GuðbH, GLG, GStein, GBS, HHj, HöskÞ, JóhS, JRG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LMós, MSch, MT, OH, ÓÞ, ÓN, PHB, REÁ, RM, SDG, SER, SII, SIJ, SF, SJS, SVÓ, SSv, TÞH, UBK, VBj, VigH, ÞSa, ÞrB.

2 þm. (ÁJ, JónG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁPÁ, ÁsbÓ, GÞÞ, IllG, JBjarn, RR, SkH, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 364).

Frestun á fundum Alþingis.

[11:46]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Háttvirtir alþingismenn. Komið er að lokum síðasta fundar þessa sumarþings. Þetta þing er um margt sérstakt. Það er lengsta sumarþing í sögu Alþingis. Það hefur staðið frá 15. maí, þ.e. á fjórða mánuð. Frá því að farið var að halda reglulegt sumarþing í kjölfar alþingiskosninga 1991 hefur það áður staðið lengst í mánuð, sumarið 1995.

Það hefur orðið hlutskipti þessa þings að taka til meðferðar mál sem líklega er það erfiðasta sem fyrir Alþingi hefur komið um langan tíma, ríkisábyrgðina á lánum samkvæmt Icesave-samningunum. Ítarleg umfjöllun Alþingis

um það mál er vitaskuld meginástæða þess hversu mjög hefur teygst úr þessu sumarþingi. Ég þakka fjárlaganefnd þingsins fyrir vandaða athugun á málinu og öllum þeim sem voru nefndinni til aðstoðar í þeim efnum. Þessa síðustu daga og vikur hefur mikið mætt á þingmönnum og starfsfólki þingsins og vinna hefur oft og tíðum staðið langt fram á nætur og jafnvel fram undir morgun.

Ég vil geta þess að auk ríkisábyrgðarinnar varð 31 frumvarp að lögum og tvær þingsályktunartillögur voru samþykktar. Þetta er mesti málafjöldi sem afgreiddur hefur verið á sumarþingi síðan á aukaþinginu sumarið 1931.

Þegar þing kom saman í vor voru nýir þingmenn fleiri en nokkru sinni áður. Það hefur auðvitað ekki verið auðvelt fyrir þennan stóra hóp nýrra þingmanna að þurfa að stíga sín fyrstu skref á Alþingi við þær aðstæður sem hér hafa ríkt í sumar. Þær aðstæður hafa reynt á marga. Ég skal ekki leyna því að ég hefði kosið meiri festu á þinghaldinu, einkum hér í þingsalnum við umræður og atkvæðagreiðslur í sumar. Þjóðin þarf að hafa trú á Alþingi og finna fyrir ábyrgð og festu á þessum vettvangi. Ásýnd þingstarfanna — sem nú á dögum er fyrir augum hvers Íslendings — er undir þingmönnum sjálfum komin. Ég heiti á þá að gæta virðingar sinnar og þar með þessarar mikilvægu stofnunar.

Þó að þingsköp geri ráð fyrir að þing- og nefndafundir séu haldnir í september hefur það orðið að samkomulagi milli forseta, forustu þingsins og ríkisstjórnarinnar í ljósi þessa langa sumarþings að fella að þessu sinni niður septemberfundi svo að tími gefist til að undirbúa næsta löggjafarþing sem hefst samkvæmt stjórnarskrá 1. október nk.

Ég ítreka að lokum þakkir mínar til þingmanna og starfsfólks fyrir gott samstarf og mikla og góða vinnu á þessu sumarþingi. Ég vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í byrjun októbermánaðar, en þá bíða okkar ný og krefjandi verkefni.

[11:49]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna flytja hæstv. forseta og varaforsetum bestu þakkir fyrir samstarfið í vetur og hlý orð í okkar garð. Fundir forseta með formönnum þingflokka hafa verið reglulegir og tíðir eins og þingmönnum er kunnugt. Þrátt fyrir að tekist hafi verið á um þinghaldið var andrúmsloftið í alla staði mjög vinsamlegt á þessum fundum og ánægjulegt að geta greint frá því.

Sumarþingið hefur verið óvenjulegt fyrir margra hluta sakir. Þó standa tvö mál upp úr eins og við öll vitum. Eðlilega eru alþingismenn misjafnlega sáttir með hvernig til hefur tekist og þannig er það vafalaust einnig meðal landsmanna. Á haustþingi tel ég mikilvægt að við treystum stöðu Alþingis með faglegri en gagnrýninni vinnu og minnum þannig á hlutverk Alþingis.

Ég vil að lokum færa forseta og fjölskyldu hans bestu kveðjur fyrir hönd okkar alþingismanna, og starfsfólki Alþingis þakka ég einnig góð störf, lipurð og fúslega veitta aðstoð og þakka því sérstaklega fyrir alla aðstoð við ekki síst okkur, þessa nýju þingmenn sem hingað komu. Bið ég þingmenn að taka undir góðar kveðjur til forseta Alþingis og fjölskyldu hans og þakkir til starfsfólks Alþingis með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[11:51]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Ég þakka hv. 4. þm. Norðvest., Gunnari Braga Sveinssyni, fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum. Ég endurtek þakkir mínar og óskir til hv. þingmanna og alls starfsfólks Alþingis.

[11:51]

Forsætisráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 137. löggjafarþings, frá 27. ágúst 2009 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. október 2009.

Gjört á Bessastöðum, 27. ágúst 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 137. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 11:52.